

TIL MERKIS MITT NAFN

*Dómabækur Markúsar Bergssonar
sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729*

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR
GEFIN ÚT Í SAMVINNU VIÐ SÖGUFÉLAG ÍSFIRÐINGA

RITSTJÓRAR

Davíð Ólafsson, Kári Bjarnason, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon

6. bindi

TIL MERKIS MITT NAFN

*Dómabækur Markúsar Bergssonar
sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729*

MÁR JÓNSSON

tók saman



REYKJAVÍK 2002
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 6

TIL MERKIS MITT NAFN

*Dómabækur Markúsar Bergssonar
sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729*

MÁR JÓNSSON

tók saman

REYKJAVÍK 2002

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Pröm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883-1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).

Meginmál bókarinnar er sett með 10.5 punkta Times, á 12,9 punkta fæti
Bókin er prentuð á 80 g Kymlux Offset pappír

Háskólaútgáfan
Reykjavík 2002

© Már Jónsson, Davíð Ólafsson, Kári Bjarnason, Sigurður Gylfi Magnússon
Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir
Umbrot: Sverrir Sveinsson
Prentumsjón: Prentsmiðjan Hjá Oss
Bókband: Bókavirkið ehf.
ISBN 9979-54-497-X

*Bókin er tileinkuð vinum mínum
Hönnu Óladóttur og Haraldi Bernharðssyni
í minningu sona þeirra Freysteins og Þórodds*

Efni

Ávarp Sögufélags Ísfirðinga	9
Formáli	11
Már Jónsson, Inngangur	15
<i>Sýslumaðurinn</i>	15
<i>Embættið</i>	25
<i>Handrit og texti</i>	30
Dómabækur Markúsar Bergssonar	39
1711	41
1712	51
1713	71
1714	85
1715	94
1716	100
1717	114
1718	121
1719	137
1720	153
1721	193
1722	212
1723	235
1724	257
1725	269
1726	283
1727	295
1728	335
1729	344
Athugasemdir við texta	387
Málaskrá	393
Myndaskrá	406
Heimildaskrá	407

Ávarp Sögufélags Ísfirðinga

Á næsta ári eru fimmtíu ár liðin frá stofnun Sögufélags Ísfirðinga. Sunnudaginn 18. janúar 1953 var haldinn á skrifstofu bæjarfógetans á Ísafirði fundur nokkurra manna, til að ræða um stofnun sögufélags fyrir Ísafjarðarsýslu og kaupstað. Eftir nokkrar umræður var samþykkt einróma að stofna félagið. Á fundinum var ákveðið, að starfssvið þess skyldi vera Ísafjarðarsýsla og kaupstaður og nafn þess vera Sögufélag Ísfirðinga. Framhaldsstofnfundur félagsins var svo haldinn í skrifstofu bæjarfógetans á Ísafirði laugardaginn 6. júní 1953. Á þann fund voru mættir 15 stofnendur, og var þar gengið frá samþykktum fyrir félagið og því kjörin stjórn. Formaður stjórnarinnar var kjörinn Jóhann Gunnar Ólafsson, bæjarfógeti, en aðrir í stjórn Kristján Jónsson frá Garðsstöðum, sr. Óli Ketilsson, Guðmundur Jónsson frá Mosdal og Björn H. Jónsson, skólastjóri. Stofnendur félagsins eru nú allir látnir. Jóhann Gunnar átti lengstan starfsdag stofnendanna og gegndi hann formennsku í félaginu allt til ársins 1979, en þá tók við núverandi formaður.

Tilgangur félagsins er skilgreindur þannig í samþykktum þess:

1. Að safna, varðveita og kynna hverskonar fróðleik um Ísafjarðarsýslu og kaupstað að fornu og nýju, héraðið og íbúa þess.
2. Að gefa út rit um Ísafjarðarsýslu og kaupstað og Ísfirðinga.
3. Að stuðla að vexti og viðgangi Héraðsskjalasafns Ísfirðinga með því að safna gömlum skjölum og bókum, er varða héraðið og íbúa þess og koma þeim til varðveislu í safnið.
4. Að efla vöxt og viðgang Byggðasafns Vestfjarða.

Stjórn félagsins hefir frá upphafi reynt að vinna að þessum markmiðum. Strax á árinu 1956 hóf félagið útgáfu *Ársrits*, sem hefir komið út nokkuð reglulega síðan. Er nú kominn út 41 árgangur af ritinu með um 7.000 lesmálssíðum. Hefir það að geyma mikinn fróðleik um vestfirzkar byggðir og mannlíf á Vestfjörðum. Einnig hefir félagið gefið út nokkur ritverk, sem hafa að geyma margvíslegan fróðleik um sögu Ísafjarðar og Vestfjarða. Má þar nefna *Sögu Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna* í fjórum bindum eftir Jón Þ. Þór og *Vestfirzka slysadaga 1880-1940* eftir Eyjólf Jónsson. Þegar félagið fagnar fimmtíu ára starfi má því segja að margt hafi áunnizt í þessum efnum, þó að vissulega megi ávallt gera betur. Það er stjórn félagsins ánægjuefni á þessum tímamótum að standa nú að útgáfu varðveittra dómabóka Markúsar Bergssonar, sýslumanns í Ísafjarðarsýslu árin 1711-1741, með ritröðinni *Sýnisbók íslenskrar*

alþýðumenningar. Dómabókin hefir að geyma margvíslegan fróðleik um aldarfar á Vestfjörðum í upphafi 18. aldar. Er það einlæg von okkar að Vestfirðingar og allir þeir, sem unna gömlum fróðleik, verði margs vísari við lestur hennar. Stjórn Sögufélags Ísfirðinga færir Má Jónssyni, sagnfræðingi, einlæg- ar þakkir fyrir þá alúð, sem hann hefir lagt í undirbúning þessa verks, svo að allir viðkomandi hafa sóma af.

Á fyrsta starfsári sínu beitti Sögufélag Ísfirðinga sér fyrir því að bæjarstjórn Ísafjarðar og sýslunefndir Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu festu kaup á 727 spólum af mikrófilmum, sem Genealogical Society í Salt Lake City í Bandaríkjunum hafði þá látið gera af skjölum og öðrum handritum í Þjóðskjalasafni og Landsbókasafni, og ennfremur tæki til þess að lesa filmurnar. Hafði félagið forgöngu um útvegum lánsfjár til kaupanna, þegar samþykktir bæjarstjórnar og sýslunefnda lágu fyrir, en filmurnar voru síðan afhentar héraðsskjalasafninu. Safnið hefir síðan keypt það sem bætzt hefir við á liðnum árum. Eru nú 973 spólur í eigu þess, og er það eina héraðsskjalasafnið auk Amtsbókasafnsins á Akureyri, sem á slíkt safn. Þar eru varðveittar allar prest-þjónustubækur, sókn-armannatöl og húsvitjunarbækur, manntölin frá 1703 til 1901, fermingaskýrslur frá 1831 til 1951, skiptabækur sýslumanna, yfirfjárráðabækur, dómabækur og manntalsgjaldabækur til 1801, auk ýmissa annarra skjala og gagna. Í því sambandi má nefna *Ævir lærðra manna* eftir dr. Hannes Þorsteinsson, 66 bindi, ættartölubækur Snókdalíns, Espólíns, Steingríms biskups, séra Einars Jónssonar og séra Guðna Jónssonar, *Prestaafr* Sighvats Grímssonar Borgfirðings á Höfða í Dýrafirði, sjálfsævisögur presta við vígslur frá 1746 til 1869, og loks Landsyfirréttar- og hæstaréttardóma frá 1801 til 1919. Bækur þessar eru úr öllum héruðum á Íslandi, ekki eingöngu frá Vestfjörðum.

Nú liggur ljóst fyrir, að héraðsskjalasafnið og bókasafnið flytji starfsemi sína í gamla sjúkrahúsið á Eyrartúni í lok þessa árs. Það kemur til með að breyta allri aðstöðu starfsmanna safnsins og gjörbreytir einnig aðstöðu allra þeirra, sem vilja nýta sér þá möguleika sem héraðsskjalasafnið býður upp á til rannsókna og fræðistarfa. Einnig liggur nú ljóst fyrir, að á þessu ári verður hafizt handa við byggingu húsnæðis fyrir Byggðasafn Vestfjarða í tengslum við sjóminjadeild safnsins í Neðstakaupstað. Má því fastlega vænta þess, að allt safnið komist í framtíðarhúsnæði innan ekki langs tíma. Það verður því ekki annað sagt, en að þeim markmiðum, sem stofnendur Sögufélags Ísfirðinga settu sér fyrir tæplega hálfri öld, hafi þokað nokkuð áleiðis, þó að stundum hafi mönnum þótt hægt ganga. Félagsmenn Sögufélags Ísfirðinga horfa því með nokkurri bjartsýni fram til nýbyrjaðrar aldar.

Jón Páll Halldórsson, formaður

Formáli ritstjórnar

Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísajjarðarsýslu 1711-1729 í samantekt Más Jónssonar er sjötta bókin í ritröðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumeningar*. Hér gefur að líta dóma um hvers kyns málefni, svo sem þjófnaði, galdra, helgidagsbrot, blóðskömm, barnsfaderni, framhjáhald, hvalreka og áflog, en jafnframt kaupbréf fyrir jörðum og lögfestur fyrir landamerkjum. Ótal svipmyndum bregður fyrir af dagfarshegðun fólks og lífsbaráttu. Ekki verður sagt að allir þættir mannlífs njóti sín sem skyldi en nær verður ekki komist alþýðu manna á þessu tímabili, því varðveitt sendibréf eru fágæt og dagbækur engar til nema úr fórum yfirstéttar.

Nokkrar breytingar hafa orðið á útgáfustefnu *Sýnisbókanna* frá því að bókin in *Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar* í samantekt þeirra Davíðs Ólafssonar og Sigurðar Gylfa Magnússonar kom út í fyrra. Mestu varðar fjölgun ritstjóra. Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi hafa stýrt ritröðinni hingað til en sagnfræðingarnir Davíð Ólafsson og Már Jónsson koma nú til liðs við þá. Útgáfan breytist fyrir vikið með ýmsum hætti. Hingað til hafa *Sýnisbækur* snúist um persónulegar heimildir eins og dagbækur, bréf og sjálfsævisögur, sem og önnur skrif sem einstaklingar hafa skilið eftir sig, mest frá 19. og 20. öld. Eftir komu þeirra Davíðs og Más að ritstjórnarborðinu verður leitast við að birta ekki síður texta frá fyrri hluta nýaldar, það er tímabilinu 1500-1800. Fjölbreytni eykst í textavali og einkum verður unnið með opinbera texta sem fjalla um einstaklinga og tengsl þeirra við ólíkar stofnanir samfélagsins, veraldlegar sem kirkjulegar. Bókin sem nú er gefin út sýnir þessar nýju áherslur, því gefin eru út opinber gögn embættismanns sem þó sýna glöggt ýmsa þætti daglegs lífs og alþýðumeningar.

Það er álit ritstjóra að miklu varði að lesendur eigi þess kost að kynnast lífi almennings á fyrri tíð á eins fjölbreyttan hátt og hugsast getur. Málaferli skildu eftir sig vitnisburði um líf fólks, kjör og hugsun sem sagnfræðingar í sívaxandi mæli hafa nýtt sér á síðustu árum. Ýmsar aðferðir hafa verið þróaðar innan fræðigreinarinnar með það í huga að endurgera stöðu fólksins sem kemur við sögu og samband þeirra við yfirvöld. Þessar heimildir hafa opnað sagnfræðingum sýn inn í veröld sem flestir töldu lokaða vegna skorts á heimildum. Ritstjórn *Sýnisbókanna* hefur hug á að beina athygli fræðimanna og almennings að þessum heimildum og jafnframt að hvetja til aukinna rannsókna á tímabilinu frá byrjun 16. aldar til loka 18. aldar, en sá tími hefur ekki notið nógu mikillar

athygli. Búast má við að fyrir bragðið höfði útgáfan til enn breiðari hóps en fyrir bækur og um leið reynir hún meira á lesendur, enda textinn ekki að öllu leyti jafn læsilegur og efni frá 19. öld þar sem hugarheimur höfunda er nær þankagangi okkar nútímamanna. Við höfum hins vegar fundið það á lesendum okkar að þeir vilja takast á við texta sem reyna á skilning þeirra og hugsun, nokkuð sem er mikið fagnaðarefni.

Davíð Ólafsson sagnfræðingur er góðkunningi ritraðarinnar, enda var hann annar höfundur *Burt – og meir en þajarleið*, eins og þegar er getið. Að auki hefur Davíð unnið mikið með Kára og Sigurði Gylfa að öðrum verkefnum vegna sérþekkingar á dagbókum hér á landi og alþýðumeningu. Davíð lauk við M.A.-ritgerð frá Háskóla Íslands árið 1999 sem fjallaði um þróun dagbókar-skrifa á Íslandi og öðlaðist fyrir bragðið óvenju gott yfirlit yfir stöðu persónulegra heimilda. Davíð hefur mörg verkefni á þróunum á næstu árum og munu einhver þeirra birtast í ritröðinni.

Már Jónsson er þrautreyndur sagnfræðingur. Doktorsritgerð sína, *Blóðskömm á Íslandi 1270-1870*, varði hann við Háskóla Íslands árið 1993. Már hefur á allra síðustu árum einkum fengist við álitamál sem tengjast sögu handrita, sem sjá má í bók hans *Árni Magnússon. Ævisaga* frá 1998. Fyrir tveimur árum gaf hann út valda dóma í dulsmálum, sem urðu þegar nýfædd börn voru borin út – sjá *Dulsmál 1600-1900: Jjörtán dómur og skrá*. Hann hefur nú á þróunum lestrarútgáfu á Jónsbók frá 1281. Már tók saman þá bók sem hér birtist og ritaði inngang.

Ijóst er að báðir þessir fræðimenn verða öflugur liðsauki *Sýnishókar íslenskrar alþýðumeningar*, enda mun ekki af veita þar sem verkefni eru óþrjótandi. Ritstjórnir eru staðráðnir í að halda útgáfunni áfram þótt á brattann sé að sækja þegar titið er til fjármögnunar. Við teljum afar mikilvægt fyrir fræðigreinar í hugvísindum að staðið sé að heimildaútgáfu í sem fjölbreyttustu formi. Við viljum leggja okkar lóð á vogarskálarnar og vonandi styrkir útgáfa okkar áhuga fræðimanna og almennings á íslenskri sögu og menningu. Þá er takmarkinu náð.

Frá árinu 1997 að telja hefur komið út ein bók á ári í ritröðinni. Gríðarleg vinna fylgir því að ritstýra hverri þeirra. Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon ýttu ritröðinni úr vör og ritstýrðu fimm fyrstu bókunum, en Már sá um þetta bindi. Það hefur ekki aðeins komið í hlut ritstjóra að vinna alla hugmyndafræði í kringum bækurnar, vinna að hönnun þeirra með frábæru fagfólki og kynna ritröðina í blöðum og fjölmiðlum, heldur hafa þeir borið texta saman við frumrit, með það fyrir augum að allt sé með sem nákvæmustum hætti. Sú vinna hefur raunar tekið nokkrum breytingum sem raktar voru í formála bók-arinnar *Burt – og meir en þajarleið*. Allt útheimtir þetta mikla og tímafreka

vinnu sem hefur verið unnin í sjálfböðavinnu. Lán ritraðarinnar hefur síðan falist í því að við höfum unnið með frábæru fagfólki sem leggur metnað sinn í að sinna ritröðinni af sem mestri kostgæfni. Jörundur Guðmundsson í Háskóla-útgáfunni hefur verið bakhjarl og velgjörðarmaður ritraðarinnar og án hans hefði þetta ævintýri aldrei orðið. Alda Lóa Leifsdóttir, Sverrir Sveinsson og nú síðast Olgeir Skúli Sverrisson hafa öll unnið óaðfinnanlega að sínum þætti verksins – Alda Lóa sem hönnuður, Sverrir sem umbrotsmaður og Olgeir Skúli sem prentumsjónarmaður. Þessi hópur hefur gert ritröðina að þeim eigulega prentgrip sem hún er og aukið á ánægju okkar við útgáfu hennar.

Ýmsir hafa lagt lið við vinnslu þessarar bókar og ber fyrst að nefna nemandur Mús í áfanganum *Verkefni í handritalestri 1550-1850* á haustmisseri 2001, sem voru Ágúst Már Ágústsson, Freyja Ómarsdóttir, Hrafnkell Lárusson, Ingibjörg Björnsdóttir, Margrét Jochumsdóttir, Silja Hrund Barkardóttir, Valgerður Johnsen og Þóra Pétursdóttir. Þau lögðu fyrstu drög að nærri helmingi textans og náðu góðum tókum á fremur hrárrí en samt vandaðri skrift Markúsar og féлага. Við frágang á íslenskum texta lagði Jóhannes Bjarni Sigtryggsson ómetanlegt lið út frá málfræðilegu sjónarhorni, en Auður Hauksdóttir gaf góð ráð um þá dönsku textabúta sem birtast hér og þar. Um úrlausn á torskildum og illa sjáanlegum orðum var leitað til Einars Gunnars Péturssonar, Kristjáns Eiríkssonar og Ólafs Halldórssonar á Stofnun Árna Magnússonar, en Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar á Þjóðskjalasafni. Björk hjálpaði einnig til við að finna aukaeintök af dómum í málum Snæbjarnar Pálssonar þar sem eru skemmdir í bókum Markúsar. Nánar segir af þessum atriðum í inngangi, sjá bls. 33-36. Gottskálf Þór Jensson sagði til um fallbeygingu fáeinna orða á latínu og Tryggvi Már Ingvarsson aðstoðaði við gerð á korti. Engum á bókinn þó meira að þakka en Gísli Baldri Róbertssyni, meistaranema í sagnfræði, sem af undraverðri fundvísi aflaði upplýsinga um menn og málefni, las textann yfir með frumritið fyrir augum og úthjó málaskrá sem fylgir í lokin. Vinna hans naut styrks úr Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands, sem vert er að þakka. Meðal þess sem Gísli Baldur fann voru slitur úr síðara bindi dómabókarinnar í einkaskjölum Páls Vídalíns og í pappírsköggli í handritadeild Landsbókasafns rakst hann á einkar markvert bréf sem tengist einu málinu og er skeytt inn í textann þar sem við á, sjá nánar á bls. 32. Þau blöð sem hér um ræðir voru illa farin og við þökkum Rannver Hannessyni á Landsbókasafni-Háskólabókasafni og Benedikt Kristþórssyni á Þjóðskjalasafni fyrir skjót viðbrögð og vandaða forvörslu sem gerði notkun þeirra mögulega.

Eitt er það sem ritröðin hefur verið gagnrýnd fyrir, nefnilega að ekki skuli fylgja skrár yfir nöfn og efnisatriði. Þetta var ákveðið í byrjun og kom til af vönnu. Í fyrsta lagi er mjög tímafrekt að vinna slíkar skrár úr handritum af því

tagi sem *Sýnisbækurnar* hafa birt. Í öðru lagi var hugmyndafræði ritraðarinnar sú að gefa lesendum sjálfum kost á að setjast í stól fræðimannsins og vinna úr efninu á sem óheftastan hátt. Ritstjórar vildu hrófla sem minnst við frumtextanum og jafnframt undirstrika að það væri undir lesandanum komið að vinna úr efninu, rétt eins og sagnfræðingar gera sem koma að textum í handrita- og skjalasöfnum um allt land. Þeirri röksemd má síðan bæta við, sem er til komin eftir að ritröðin hóf göngu sína, að ritstjórnir taka flestir þátt í starfi á vettvangi svonefndrar Heimildastofnunar, sem er samstarf ReykjavíkurAkademíu og Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. Heimildastofnun hefur það markmið að stuðla að útgáfu texta á stafrænu formi fyrir veraldarvef og er hugmyndin sú að senn hefjist samstarf hennar við *Sýnisbækur íslenskrar alþýðumeningar*. Efni bókana yrði þá komið fyrir á heimasíðu Heimildastofnunar (heimildir.is) og sem mestu bætt við af textum sem ekki komust fyrir í prentuðum bókunum eða tengjast viðfangsefninu á einhvern hátt. Þarna verður textinn leitarbær með notendavænum hætti.

Í þessari bók er reyndar farinn sá millivegur að í lokin er málaskrá sem á að nýtast þeim sem leita að einhverju sérstöku, til dæmis erfðadeilum eða þjófnaði. Hér er fylgt fyrirmynd frá *Lovsamling for Island* og *Landsyfjerréttardómum og hæstaréttardómum*, en bætt um nokkuð betur í von um aukið notagildi bókarrinnar.

Bókin er unnin í samvinnu við Sögufélag Ísfirðinga sem kostar hluta af útgáfunni. Hér förum við inn á nýjar brautir og viljum fagna þeirri góðu samvinnu sem við höfum átt við Jón Pál Halldórsson formann félagsins. Vonandi verður útgáfa þessarar bókar til þess að efla áhuga Vestfirðinga á sögu og styrkja það mikla starf sem Sögufélagið vinnur heima í héraði. Svo vill til að í *Sýnisbókunum* hafa birst margir textar af Vestfjörðum, eins og til dæmis í bókunum *Kraftbirtingarhjómur Guðdómsins* og *Bræður af Ströndum*. Ekki er útilokað að innan tíðar birtist enn fleiri bækur úr þessum landshluta, enda var þar að finna öflugan handritamenningu sem teygir sig langt aftur í aldir. Von okkar stendur jafnframt til að vinna að útgáfu heimilda með fleiri sögufélögum og við hvetjum áhugamenn á þeim vettvangi til að hafa samband við ritstjóra með samstarf í huga.

Að endingu þökkum við lesendum fyrir að halda tryggð við ritröðina og óskandi er að hún haldist í framtíðinni.

*Davíð Ólafsson, Kári Bjarnason, Már Jónsson
og Sigurður Gyfi Magnússon*

MÁR JÓNSSON

Inngangur

*... hafið þið nokkuð gaman af breffabók
Markúsar Bergssonar ef hún fengist?*

HÁKON BJARNASON 1868¹

Dómabækur sýslumanna eru óviðjafnanlegar heimildir um lifnaðarhætti og hugarheim Íslendinga fyrr á öldum. Þar birtast smáatriði hversdagsleikans, mörg hver óvenjuleg en önnur sáraeinföld. Systkini eignast barn. Kona leggst í rúmið og gengur af henni blóð dögum saman. Barn á fimmta ári drukknar í á. Þverröndóttur bakpoki sneisafullur af kjöti. Klámfengin níðvísa. Framhjáhald í verstöð að morgni dags. Hákarlalega. Karl fær aflausn fyrir barneignarbrot á dánarbeði, annar borgar í bókum. Auðmaður rífur upp kjaftinn á svörtum hundi og glennir framan í prest. Bréf lesið á dönsku sem enginn skilur. Tímaglas, þrjónabréf, járnþottar, lífrautt klæði, kvensokkar, sögubækur, vesturfarapísi, bréfpoki, háhyrningar í Hestfirði, ómagar á öllum aldri, karlægir eða sinnisveikir. Dómabækur segja líka sögur um hugsanir yfirvalda andspænis óknyttum lítilmagnans og hvernig brugðist var við yfirgangi stórbokka. Þar er efniviður í allar tegundir rannsókna í hagsögu, félagssögu, einsögu, réttarsögu og hugarfarssögu, kvennasögu og karlasögu, jafnvel þjóðarsögu.

Sýslumaðurinn

Markús Bergsson fæddist sumarið 1688, launsonur Bergs Benediktssonar lög-réttumanns á Hjalla í Ölfusi og Guðrúnar Markúsdóttur frá Stokkseyri. Bergur var þá 46 ára en Guðrún 28 ára. Barneignin varð ógurlegt hneyksli, því hér átti í hlut hefðarfólk af góðum ættum og bæði voru gift. Varla bætti úr skák að makar þeirra voru systkini, Ingveldur Jónsdóttir og Hákon Jónsson prests Daðasonar í Arnarbæli. Fæðingardagur Markúsar er ókunnur en ekki dugði minna en að sjálfur biskupinn, Þórður Þorláksson, tæki málið í sínar hendur.

1. ÞÍ. Einkaskjalasafn E 10, nr. 5. Hákon Bjarnason kaupmaður: bréf til Jóns Sigurðssonar 10. júní 1868.

Hann skipaði Guðrúnu að finna Ingveldi og Hákon og biðja þau fyrirgefningar. Það stóð hún við gagnvart eiginmanni sínum að Arnarbæli 22. ágúst með þeim hætti að hún játaði brot sitt opinberlega og bað hann fyrirgefningar í votta viðurvist. Þau höfðu handsöl og „fullkominn friðarkoss“ en hann tók fram að hann myndi ekki taka hana til hjónabands að nýju. Ingveldi hafði Guðrún þá ekki hitt en skrifaði henni frá Litla-Hrauni 18. september með almennt orðaðri og óljósri beiðni um fyrirgefningu fyrir eitt og sérhvað sem hún kynni að hafa gert henni. Ingveldur var stödd á Litla-Landi og neitaði að taka við sedlinum, en svaraði að „hefði hún nokkuð að vandtala með sig mætti hún sig finna.“ Ekki kemur fram að Bergur hafi þurft að gera nokkuð á móta og 24. september veitti biskup þeim Guðrúnu opinbera aflausn í Skálholtskirkju. Þau játuðu synd sína og lofuðu betran. Það skilyrði setti biskup að framvegis héldu þau sig ekki í sömu sókn eða héraði. Daginn eftir átti Þórður erindi við Berg um búðarstæði á Stokkseyri! Þann dag skrifaði hann líka séra Gísla Álfssyni í Kaldaðarnesi og bað hann um að aðstoða Guðrúnu við að hitta Ingveldi, sem ekki mætti neita henni um fyrirgefningu.²

Hjónaböndin voru ef til vill í molum þegar Guðrún og Bergur tóku að draga sig saman, en engin leið er svo sem að vita hversu lengi það samband varði eða með hvaða hætti samskiptum þessa fólks var háttað um þann tíma. Ljóst er hins vegar að Ingveldur og Hákon voru bæði ákveðin í að fá skilnað. Hákon skrifaði biskupi 30. september og ítrekaði yfirlýsingu sína frá 22. ágúst. Prestar héraðsins komu saman að Arnarbæli 28. nóvember. Guðrún var mætt og Hákon spurður hvort hann vildi ekki taka hana til hjónabands: „hvar til hann svo svaraði að eftir því hún óskaði þess ekki af sér þá afsagði hann það að gjöra.“ Hún var síðan spurð hvort hann hefði gefið henni orsök til brotsins og svo var ekki. Biskup lét spyrja Hákon aftur „hvar til hann þverlega nei sagði.“ Hjónabandið var því dæmt í sundur og þeim gert að halda sig eftir hjónabandsgreinum Friðriks annars frá 1588, sem einkum fólst í því að hún „víki af sókn og héraði því sem hann er heimilisfastur í og það hið fyrsta án forsómunar.“ Biskup samþykkti dóminn og óskaði þess að Christian Müller amtmaður fengi eintak sent til staðfestingar.³ Daginn eftir var dæmt um hjónaband Bergs og Ingveldar. Hann var á staðnum en Ingveldur ekki vegna sjúkdóms og veikleika. Í bréfi hennar frá Hrauni sama dag kom fram að hún vildi skilnað og vissi ekki til þess að hún hefði gefið manni sínum tilefni til framhjáhalds. Bergur lagði fram bréf sitt til amtmanns þess efnis að þau fengju skilnað en yrði ekki gert að taka aftur saman „til óeiginlegrar sambúðar.“ Hann tók líka fram að hann hefði ekkert

2. Þí. Bps. A-IV, 3. Bréfabók 1684-1689, bls. 566-70.

3. Þí. Bps. A-III, 2. Prestastefnubók 1675-1697, bls. 207-209.

saknæmt um hana að segja og hét því að hún fengi svo mikið í föstu og lausu sem hún með réttu átti hjá honum. Müller hafði skrifað biskupi og var samála. Fyrir vikið dæmdu biskup og prestar að þau væru skilin og ættu að breyta eftir hjónabandsgreinum konungs frá 1588. Ekki er þó tekið fram að Bergur megi ekki vera í sömu sókn og héraði og Ingveldur, líkt og áskilið var um Guðrúnu. Að endingu afhenti séra Þorsteinn Gunnarsson prófastur Bergi eintak af dómnum, áminnti hann og óskaði „að hann hér eftir fjarlægðist að nálægð og samvistum við Guðrúnu Markúsdóttur, svo þar af ekki framvegis nein vandræði eður hneyksli rísa kynni.“ Vorið eftir greiddu Bergur og Guðrún samantlagt 36 ríkisdali til sýslumanns fyrir „beggja fyrsta tvöfalt hórdómsbrot“ samkvæmt sakeyrisreikningi.⁴

Þannig hófst ævi Markúsar Bergssonar með nokkrum látum og til marks um dóma samfélagsins má hafa ummæli ömmubróður hans Þormóðar Torfasonar sagnaritara á Stangarlandi í Noregi. Í bréfi hans til Þórðar biskups 25. mars 1689 er raunar meira um Þórdísi systur Guðrúnar, sem vildi komast til Kaupmannahafnar, en þetta hafði hann að segja um Guðrúnu: „mér þykir nóg um systir hennar en ég gef mér aungva þanka um hana, hafi hún þá æru sem hún hefur sjálf skapað sér og hún vill hafa.“ Samdægurs skrifaði hann séra Torfa Jónssyni í Gaulverjabæ og vísar hugsanlega til eldri fréttu af samdrætti Bergs og Guðrúnar: „En hinar skammirnar sem menn gjöra sér sjálfir eru ekki nauðsynlegar, ég hefi fornumið að það er satt þér skrifuðu mér til um það margir mylgraðir meintu um Berg. Ég gef mér ekki þanka um það sem týnt er og ekki kann af mér heilast, þá ég hefi liðið nokkurn skaða, strax tel ég um fyrir mér.“ Þórdísi skrifaði hann 29. mars um andlát föður hennar og hugsanlega utanför en nefndi ekki Guðrúnu.⁵ Ári síðar, 27. mars 1690, hafði hann Guðrúnu sem víti til varnaðar í bréfi til Þórdísar: „þér sjáið hvörnin yðar systir er farin, dauð af ættinni, og þekkir hana enginn. Hún fékk slettan vitnisburð af fornemsta manni í bréfi til mín í fyrra bæði um sína atferð og betrunarleysi, og er auðséð hvað af ætlar að verða, sem mér ekki kemur á óvart.“ Í bréfi til Jóns Jónssonar sama dag hafði hann á orði um Guðrúnu: „ég fékk slæman vitnisburð um hennar forhald og litla betring í fyrra, sér styggt út ef oftur kemur, vildi Hákon deyja

4. ÞÍ. Bps. A-III, 2. Prestastefnubók 1675-1697, bls. 210-14; Rtk. Y-9. Reikningar jarðabókar-sjóðs 1687-1703. Fylgiskjöl með sakeyrisreikningum 1689: Ármessýsla. Mynd af sakeyrisreikningnum er hjá Kristjönu Kristinsdóttur og Má Jónssyni, *Skjalalestur. Sýnishorn heimilda*. Bráðabirgðaútgáfa. Reykjavík 2001, bls. 40. Sjá einnig *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 146; III, bls. 468; *Sýslumannaafir* II, bls. 233-36; Einar Bjarnason, *Lögrettumannatal*. Reykjavík 1952-1955, bls. 44-45.

5. AM 282 fol. Bréfabók Þormóðar Torfasonar 1664-1689, bl. 222r, 223r og 229r-230v; afrit Páls Eggerts Ólasonar í Lbs. 348 fol., I, bls. 75, 77 og 90-93.

þá kann ske hún fá sinn líka og giftist einhverri hræðunni.“ Ekki var Þormóður búinn að gleyma Guðrúnu þegar hann skrifaði Þórði biskupi 20. apríl 1691: „Mér er sagt séra Sigurður minn á Staðarstað muni vera við dauðann afganginn, Þórdís Markúsdóttir gift gömlum manni, syni engelsks fálkafangara, henni var ekki annars kostur, guð gefi til lukku, það er þó betra en hún api eftir systur sinni.“⁶

Guðrún lét svona nokkuð ekki á sig fá og ól Markús upp ein á Gegnishólum syðri. Hún gekk frá löggjafarbréfi honum til handa að Hólum undir Eyjafjöllum 8. janúar 1690 og lét lesa á alþingi sex árum síðar, en ekkert kemur fram um efni þess. Hún gaf honum síðan 20 hundruð í Gegnishólum með bréfi 9. nóvember 1701 en tók aftur í staðinn Krók í Garði sem hún hafði áður ánað honum, ef til vill árið 1690. Hún var þó skráð eigandi að Gegnishólum syðri, 20 hundruð, í jarðabók 30. ágúst 1708 og bjó þar.⁷ Bergur var vel efnum búinn og gaf árið 1693 „óegta syni sínum“ Markúsi tvær jarðir í Bolungarvík vestra, Ós og Gil, samanlagt 34 hundruð. Bergur gat leyft sér þetta með vísun í erfðareglur Jónsbókar frá 1281, þar sem áskilið er að maður megi gefa fjórðung af jarðeignum og lausafé sem honum hafi aflast en tíunda hluta „af jafnmiklu fé sem hann hefur að erfðum tekið, bæði í landi og lausum eyri, þó að hann spyrji ekki erfingja að.“⁸ Aftur á móti fékk Markús ekkert í arf að Bergi látnum snemma árs 1705. Á alþingi þá um sumarið, 21. júlí, báðu erfingjarnir nokkra valinkunna menn að athuga „hverjar helst hans gjafir standa skyldu að lögum er hann á ýmsum tímum gefið hefur börnum sínum, svo og hvað mikið kæmi á hvers erfingja hlut af fasta og lausa góssi eftir föður og móður.“ Aðilar málsins voru Þorgrímur Jónsson eiginmaður Margrétar Bergsdóttur og þrír synir Bergs og Ingveldar, Sigurður, Þorlákur og Magnús. Tekið var fullt mark á gjöf Bergs til Markúsar frá 1693 og við arfaskiptin fengu hálfbræður hans á bilinu 38-42 hundruð eftir föður sinn en systurnar Margrét og Halldóra 22 og 28 hundruð.⁹

Bergur hefur því hugsað hæfilega vel um Markús í fyrstu, einkum miðað við að þegar upp var staðið fékk hann litlu minna en bræður hans og nokkru meira en systurnar. Næstu árin áður en hann dó hafði Bergur þó ekki staðið sig sem skyldi. Á manntalsþingi á Stokkseyri 28. maí 1705 var skipaður sex manna

6. AM 283 fol. Bréfabók Þormóðar Torfasonar 1689-1691, bl. 32v, 33v og 151v; AM 348 fol., II, bls. 15-16, 18 og 31.

7. *Alþingisbækur* VIII, bls. 556; IX, bls. 359; *Jarðabók* II, bls. 30.

8. Lbs. 17 fol. Bréf og skjöl frá 18. öld, bl. 109v; *Jónsbók*. Útgefandi Ólafur Halldórsson. Kaupmannahöfn 1904 (ljósprentun 1970), bls. 100.

9. Lbs. 17 fol. Bréf og skjöl frá 18. öld, bl. 109r-110r. Skjalið er frumrit og þess er ekki getið í alþingisbókum.

dómur um fyrirspurn Guðrúnar þess efnis hvort rétt væri haldinn sáttargjörningur gerður að Hraungerði 24. maí 1703 um uppfóstur Markúsar. Hún bað Vigfús Hannesson sýslumann um aðstoð „svo hún mætti fyrir uppfóstur síns sonar fá svo sem vera ætti þar Bergur Benediktsson aungva forsvaranlega tilhlutan þar um haft hafi.“ Bergur hafði síðast fengið henni 10 hundruð í Skógunum undir Eyjafjöllum með bréfi við Öxará 17. júlí 1702. Þrír synir Bergs höfðu verið á manntalsþinginu en fundust hvergi þegar þetta mál var tekið fyrir. Guðrún fullyrta að hún hefði þrívegis beðið Berg um fé vegna Markúsar að vottum áheyrandi. Hann svaraði fyrst skriflega 4. október 1703 „að hann gæfi þar ekkert svar að svo stöddu“ og síðan 16. maí 1704 „að hann því neitað hafi að svo komnu“ en 20. júní sama árs svaraði hann engu. Niðurstaða dómsmanna var á þá leið að Bergur hefði ekki staðið við gerðan samning „það barnfóstrinu viðvíkur.“ Erfingjar hans áttu því að borga „barninu til forsorgunar“ frá því Bergur undirgekkst samninginn, það er um vel tveggja ára tíma, og ekki minna en átta hundruð „fyrir bæði árin með allri þornun og stórum umkostnaði Guðrúnar“, ekki seinna en um næstkomandi Jónsmessu á heimili Guðrúnar á Gegnishólum eða á Hrauni, heimili Þorláks Bergssonar.¹⁰

Vorið 1703 er Markús skráður á Gegnishólum hjá móður sinni, sagður 15 ára en hún 43 ára. Bergur bjó þá með tveimur þénum sínum í húsi nálægt dönsku búðunum á Eyrarbakka, sagður 61 árs.¹¹ Sjálfur eignaðist Markús barn síðari helming ársins 1705 frekar en fyrri hluta ársins 1706 með Guðrúnu Björnsdóttur og var það hennar þriðja frillulífisbrot. Hann borgaði hálfan dal fyrir sig en hún var „austur undir Eyjafjöllum“ og þar auglýstist brotið. Væntanlega er hér komin Guðrún dóttir Björns bónda Péturssonar á Ásólfsskála, sögð 22 ára í manntali 1703. Barnið hlaut nafnið Herdís og átti síðar Jón Guðmundsson undir Eyjafjöllum.¹² Af einhverjum ástæðum fór Markús ekki í Skálholtsskóla en lærði vafalaust heima og kunni til að mynda dönsku þegar hann tók við embætti sýslumanns. Sumarið 1712 þýddi hann fyrir bændur á Hornströndum bréf amtmanns og 13 árum síðar fyrir Þorkötu Jónsdóttur (sjá hér á bls. 65 og 361), auk þess sem bréf hans til stiftamtmanns frá og með 1720, sem getið verður hér á eftir, eru á skínandi fínni dönsku. En þótt ekki færi hann í skóla er ljóst er að snemma taldi hann sig vera mann með mönnum. Hann fékk líka tækifæri til að láta á því bera og rétt tvítugur vottaði hann jarðabók fyrir hluta úr Bæjarhreppi að Gaulverjabæ ásamt Kolbeini Snorrasynti

10. ÞÍ. Sýsl. Árnessýsla V-4. Dóma- og þingbók 1703-1705, bls. 154-58.

11. *Mannal á Íslandi* 1703. Reykjavík 1924-1947, bls. 507 og 511.

12. ÞÍ. Rtk. Y-11. Reikningar jarðabókarsjóðs 1705-1707. Fylgiskjöl með sakeyrisreikningum: Árnessýsla; *Mannal á Íslandi* 1703, bls. 471; *Sýslumannaafir* II, bls. 236.

bónda í Seljatungum og lét skammstöfun orðanna *manu propria* fylgja nafni sínu, ólíkt hinum sem lét sér nægja skammstöfun fyrir *með eigin hendi*.¹³ Markús bar sig því vel og gerði sér lítið fyrir í brúðkaupi Arngríms Bjarnasonar ráðsmanns í Skálholti og Guðrúnar Jónsdóttur árið 1710 og færði konunglegum erindreka Árna Magnússyni, einum valdamesta manni landsins, veglegt pappírshandrit með fornaldarsögum sem líklega var skrifað á vegum Magnúsar Jónssonar í Vigur.¹⁴

Ekki ber á öðru en að Markús hafi ætlað sér að staðnæmast á Suðurlandi. Þannig seldi hann á alþingi 15. júlí 1709 Páli Torfasyni á Núpi í Dýrafirði, sýslumanni Ísafjarðarsýslu, jarðirnar í Bolungarvík sem hann fékk frá föður sínum, Ós 24 hundruð og Gil 10 hundruð. Páll fékk honum á móti jarðir í nágrenni við Gegnishóla, nefnilega Traustholt 20 hundruð, Nes 10 hundruð og Sýrlæk syðri 5 hundruð. Í jarðabók Villingaholtshrepps 2. ágúst 1709 er tekið fram að Markús eigi þessar jarðir og telji menn að hann hafi keypt þær á alþingi af Páli Torfasyni. Í jarðabók Bolungarvíkurhrepps 1. ágúst 1710 var þessu öfugt farið um Gil og Ós, að Páll hafi fengið jarðirnar af Markúsi en hann „erfði eftir föður sinn Berg.“¹⁵ Markús hefur tæplega grunað að innan tveggja ára tæki hann við embætti viðskiptamanns síns æði langt frá bernskustöðvum.

Ungur hafði Markús áhuga á lögum og til er brot úr kveri sem hann tók saman á Gegnishólum árið 1710 þar sem er skrá yfir sektir í Jónsbók, með þessari áritun á forsiðu: „Þetta kver hefur inni að halda saktal lögbókar sem og nokkrar lagagreinir stuttlega samanteknar úr íslensku lögbók, sem og nokkuð lítið ágríp til minnis úr Norsku lögum, recessum, réttarbótum og kongsbréfum, dómum, alþingissamþykktum. Skrifað í Gegnishólum anno 1710 af Markúsi Bergssyni.“ Kverið endar á 11. atriði af boðuðum 16 um 13 marka sekt og má sjá af efnislýsingu Markúsar að talsvert vantar aftan við.¹⁶ Ólíklegt er að hér sé á ferðinni frumsmíð hans og talsvert af sambærilegu efni var í umferð, enda Jónsbók og ákvæði hennar grundvöllur réttarfars í landinu enn sem komið var, þótt nokkuð væri tekið að halla undan fæti. Árið eftir, þegar Markús var orðinn sýslumaður, útbjóg hann sér eintak af Jónsbók eftir útgáfu frá 1578, líkast til vegna þess að prentuð eintök lágu ekki á lausu: „Lögbók Íslendinga hverja saman hefur sett Magnús Noregskóngur Hákonarson, loflegar minningar, svo sem hans bréf og formáli vottar. Hingað í landið með Jóni lögmanni 1280.

13. *Jarðabók II*, bls. 30.

14. *Arne Magnussons i AM. 435 A-B, 4to indeholdte håndskriftfortegnelser*. Útgefandi Kristian Kålund. Kaupmannahöfn 1909, bls. 29-30; *Íslenzkar æviskrár I*, bls. 25.

15. *Alþingisbækur IX*, bls. 546; *Jarðabók II*, bls. 165-66; VII, bls. 153.

16. ÍBR 79 4to. Miscellanea frá 18. öld, bls. 77-104.

Skrifuð eftir lögbók prentaðri á Hólum, gamleri lögbók 1578, á Vigur á Ísa-fjarðardjúpi árum eftir guðs burð 1711 af Markúsi Bergssyni.“ Handritið er í „aflöngu kvartó“ (sbr. hér á bls. 167), sem ekki var algengt á þessum árum. Jónsbókartextann skrifaði Markús vinstramegin í opnur með settaskrift en síðurnar hægramegin nýtti hann til athugasemda og skýringa út frá dönskum lögum, alþingisdómum og öðru sem málið varðaði. Þær síður eru með fljótaskrift og mest af þessu skrifaði Markús sjálfur, en fáeinar blaðsíður eru með annarri hendi. Vandað er til upphafsstafa sem eru gráir, grænir, gulir og rauðir. Bókina gaf Markús vini sínum Ólafi Jónssyni í Vigur 20. maí 1713.¹⁷

Páll Torfason sagði af sér embætti fyrir alþingi 1710 og fór ekki þangað sjálfur heldur sendi tvo dóma sem gengu á Hóli 3. apríl og Dynjanda 2. maí. Oddur Sigurðsson og Páll Beyer, fulltrúar stiftamtmanns og amtmanns, tilkynntu á alþingi 19. júlí að Páll Torfason hefði „formedelst Alderdom og Svag-hed“ sagt starfinu lausu þannig að sýslan væri laus og yrði tekið hæsta boði. Eftir miðdag 21. júlí var sýslan boðin upp „og kom enginn fram sem sig til hennar gefa vildi.“¹⁸ Atburðarás eftir það er óþekkt en öruggt að bréf Markúsar fyrir sýslunni var gefið út á Bessastöðum 29. apríl 1711, með undirskrift Beyers. Markús átti að borga 55 ríkisdali í festugjald innan Jónsmessu það ár og 50 dali árlega meðan hann gegndi embætti. Oddur staðfesti bréfið á alþingi 18. júlí.¹⁹ Óskrifaða dómabók afhenti Beyer Markúsi með veitingarbréfinu og hinn nýbakaði sýslumaður, 22 ára, tróð upp á manntalsþingi að Meðaldal í Dýrafirði fjórum vikum síðar, nánar tiltekið 27. maí. Hann var á Mýrum daginn eftir, að Suðureyri 30. maí og að Hóli í Bolungarvík 1. júní. Yfirferðinni lauk á Hesteyri 15. júní. Ekki hefur þótt öruggt að láta alls óreyndan og bráðungan mann annast alla þingstaði sýslunnar á svo skömmum tíma þannig að Sigurði Jónssyni sýslumanni Borgarfjarðarsýslu var falið að taka hálfa sýsluna og gott betur. Hann var í Ögri 27. maí og Reykjarfirði degi síðar en að Nauteyri daginn eftir það, í Unaðsdal 30. maí og að Súðavík 1. júní, Tungu 2. júní og Mosvöllum 3. júní, en lauk erindagjörðum sínum að Auðkúlu 8. júní (sjá hér á bls. 41-50). Báðir voru komnir til alþingis 8. júlí og skiluðu af sér lögboðnum

17. Steph. 54. Jónsbók með hendi Markúsar Bergssonar árið 1711, sjá einkum forsíðu á bl. 1r og áritun um gjöf á bl. 322v; sbr. *Katalog over den Arnemagnæanske håndskriftsamling II*. Útgefandi Kristian Kålund. Kaupmannahöfn 1894, bls. 583.

18. *Alþingisbækur IX*, bls. 565-66 og 575-76.

19. Þf. Rtk. 3.5. Innkomin bréf 1708-1714: 29. apríl 1711. Markús sótti 1. október 1717 til konungs um staðfestingu á embættisbréfi sínu og mælti Oddur Sigurðsson með því, enda hefði hann lagt sig fram og engir aðrir sóttust eftir sýslunni; sjá Þf. Stíft. III-49b. Bréf Odds Sigurðssonar til stiftamtmanns 1711-1717: skrá yfir bænarskjöl 24. september 1717, num. 1. Konungur staðfesti bréfið 13. maí 1720, sjá *Alþingisbækur XI*, bls. 545.

tveimur þriðju hlutum konungs af sakeyri fyrir reikningsárið 1710-1711.²⁰ Annars var helsta verkefni Markúsar á því þingi að verja Þórdísi móðursystur sína gegn ákæru um að hún hefði haft undir höndum galdrakver. Tvö slík höfðu fundist nálægt fjörunni á Stokkseyri og bar annað þeirra nafn hennar og sonar hennar Markúsar Guðmundssonar. Þeim mæðginum var gert að vinna sjöttareid fyrir lok nóvember á þá leið að þau hefðu hvorki átt kverin né notað og að „ekkert sé það að sínum vilja né ráði gjört sem þessi kver innihalda af þeim heimskulegu characteribus og aldrei hafi þau sín nöfn í þau né á þau skrifað.“²¹

Af Þingvöllum hélt Markús vestur í umdæmi sitt. Aldrei hafði hann komið þangað fyrr en þá um vorið en var samt ekki algjörlega ókunnugur, eða öllu heldur ókynntur, því hann átti ættir að rekja til Vestfjarða. Föðuramma hans var Halldóra Sæmundsdóttir frá Hóli í Bolungarvík, dóttir Sæmundar Árnasonar sýslumanns, en þau Eggert Sæmundsson á Sæbóli voru systkini. Eggert var því jafnskyldur Markúsi og Þormóður Torfason, sem þegar er getið, og tók að virðist vel á móti honum. Til er bréf Eggerts, skrifað undir árslok 1711, og þakkar hann Markúsi fyrir bréf 15. ágúst sem barst þremur dögum síðar. Eggert kvartar undan því að hafa ekki hitt hann þegar hann var í Dýrafirði, hvort sem það nú var fyrir eða eftir alþingi: „hefði ég vitað yðar þarkomu mundi ég hafa fundið yður því stór hugur var mér á því.“²² Ekki var verra að um þetta leyti kvæntist Markús Elínu Hjaltadóttur Þorsteinssonar prófasts í Vatnsfirði. Þau áttu eftir að eignast sex syni og tvær dætur, Björn, Sigurð, Hjalta, Elínu, Ingibjörgu, Bjarna, Berg og Eggert.²³ Það hefur því ekki verið ýkja örðugt fyrir Markús að koma sér fyrir í sýslunni og íbúar gátu í upphafi tengt hann við nokkra máttarstólpa héraðsins.

Markús og Elín hófu búskap í Vigur í skjóli Jóns Sigurðssonar bónda þar, en eigendur jarðarinnar voru Þorbjörg og Kristín dætur Magnúsar Jónssonar, sem þar bjó lengi en lést vorið 1702. Föðurarfi þeirra systra var óskipt og umdeilt hvernig standa bæri að því verki. Sama gilti um Ögur og voru ábúendur þrír. Byggingarráð hafði Snæbjörn Pálsson, maður Kristínar, en þau bjuggu á Mýrum í Dýrafirði. Maður Þorbjargar var Páll Vídalín lögmaður.²⁴ Sennilega

20. *Alþingisbækur* X, bls. 4; Þí. Rtk. Y-14. Reikningar jarðabókarsjóðs 1709-1711. Fylgiskjöl 1710-1711: Ísafjarðarsýsla; sbr. skrá landfógeta í Rtk. Y-15. Reikningar jarðabókarsjóðs 1710-1711. Fylgiskjöl 1710-1711, nr. 1.

21. *Alþingisbækur* X, bls. 13-14.

22. JS 98 fol. Bréfasafn frá 18. öld: Eggert Sæmundsson til Markúsar Bergssonar, að því er virðist 22. desember 1711. Um ættartengslin, sjá *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 145-46; IV, bls. 379.

23. *Sýslumannaæfir* II, bls. 234-36.

24. *Jarðabók* VII, bls. 194 og 203.

fékk Markús Ögur til ábúðar vorið 1713. Til er bréf Ara Þorkelssonar sýslumanns Barðastrandarsýslu honum skrifað í Haga á Barðaströnd 21. desember 1712, einkum um kúgildi og lasleika, en utanáskriftin gerir ráð fyrir að Markús búi í Vigur.²⁵ Eins má ætla að ofangreint Jónsbókarhandrit hafi verið kveðju-gjöf til Ólafs, sonar Jóns, þegar Markús kvaddi. Markús bjó síðan í Ögri alla tíð og var því leiguliði Páls Vídalíns meðan Páll lifði. Er að sjá sem Guðrún móðir Markúsar hafi farið til hans, ekki síðar en 1722.²⁶

Markús var ekki fjáður þegar hann tók við embætti. Gjafir foreldra hans námu 54 hundruðum og fyrstu fjórtán árin í embætti lét hann það gott heita. Hann seldi jarðir fyrir aðra árin 1712, 1716 og 1718, en tók fyrst til við jarðakaup sjálfur árið 1725. Eftir það keypti hann eitthvað á hverju ári, mest við Ísafjarðardjúp en einnig í vesturhluta sýslunnar. Hann seldi sárasjaldan og þegar hann lést hefur hann átt ekki minna en 260 hundruð og var þá í hópi ríkustu manna sýslunnar.²⁷ Einkennandi er að oft er tekið fram í kaupbréfum að hann hafi borgað út í hönd eða sé búinn að borga, þannig að hann hefur ráðið yfir reiðufé. Lauslega áætlað lagði hann út um 1200 ríkisdali á 17 árum, sem gerir 70 dali á ári að meðaltali.²⁸ Til útskýringar á þessari auðsöfnun má nefna að árstekjur hans af sakeyri voru á bilinu 5-15 dalir. Ekki var mikið á þeim að byggja, en frá 1731 hafði Markús umboð konungsjarða í vesturhluta sýslunnar og numu tekjur hans af því um 40 ríkisdölum á ári.²⁹ Auður hans hefur að öðru leyti komið frá búrekstri og því sem eftir varð af skattheimtu vegna konungs að fráteknu 50 dala árlegu afgjaldi. Eyðslukló hefur hann því ekki verið eða Elín kona hans. Markús lést 24. apríl 1741. Undir gólfi Ögurkirkju er legsteinn hans ásamt hálfkláruðum legsteini yfir góðvin hans Ólaf Jónsson í Vigur og síðar á Eyri í Seyðisfirði.³⁰

25. JS 98 fol. Bréfasafn frá 18. öld: Ari Þorkelsson til Markúsar Bergssonar 21. desember 1712.


26. Nokkur bréf Páls til Markúsar frá árunum 1714–1726 eru í AM 410 fol. Bréfasafn séra Hjalta Þorsteinssonar og Markúsar Bergssonar, bl. 133, 144-47 og 149, mest um Ögur. Fyrst í bréfi til Markúsar 26. mars 1722 biður Páll Vídalín að heilsa „yðar kæru móður“, sjá Rask 57. Bréfabók Páls Vídalíns árið 1722, bls. 306; afrit Páls Eggerts Ólasonar í Lbs. 1651 4to, bls. 368.

27. *Alþingisbækur* XI, bls. 97, 269 og 396; Már Jónsson, Jarðeignir og jarðeigendur í Vestur-Ísafjarðarsýslu 1658-1805. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1980, bls. 29-32 og 40.

28. *Alþingisbækur* XI, bls. 341-42, 422 og 611; XII, bls. 36, 100, 126, 247, 306, 309, 435 og 570-72; sbr. hér í þessari bók á bls. 283-88, 295 og 343-44.

29. Már Jónsson, Jarðeignir og jarðeigendur, bls. 40.

30. *Annálar* VI, bls. 51-52 (Djáknaannálar); Fimm gamlir legsteinar. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 2 (1957), bls. 99-101.



Þingstaðir og kirkjustaðir í Ísafjardarsýslu á 18. öld.

Embættið

Ísafjarðarsýsla var ekki slæmur kostur fyrir sýslumenn, sem sjá má af því að 50 dala árlegt afgjald er svipað og greitt var af stærstu sýslum landsins. Má taka dæmi af 55 dölum af Árnessýslu og 40 af Rangárvallasýslu en 60 af Barðastrandarsýslu. Afgjald af Strandasýslu var aðeins 11 dalir.³¹ Sýslan var samt ekki stærri að flatarmáli en ýmsar aðrar góðar sýslur og samgöngur voru viðunandi mestan hluta ársins. Þegar Markús kom til starfa var nýbúið að taka saman jarðabók yfir sýsluna og höfðu Árni Magnússon og Páll Vídalín verið á ferð síðari hluta sumars árið áður ásamt fylgisveinum. Manntal hafði verið tekið árið 1703 líkt og annars staðar í landinu. Árið 1710 var byggð sem von var lítt tekin að jafna sig eftir Stórubólu árin 1707-1709 og 22 jarðir voru í eyði. Þegar Markús gerði jarðatal handa stiftamtmani sumarið 1720 voru reyndar 23 af 156 jörðum sýslunnar í eyði.³² Í töflu 1 má sjá hversu mikið áfall Stórabóla hefur verið og jafnframt koma fram stærðarhlutföll milli hreppa og umfang sýslunnar í heild.

Tafla 1. Fjöldi íbúa og ábúenda í hreppum Ísafjarðarsýslu 1703-1710.

	Íbúar 1703	Ábúendur 1703	Ábúendur 1710
Auðkúlupingsókn	309	42	39
Meðaldalspingsókn	386	52	39
Mýrapingsókn	467	73	54
Mosvallapingsókn	515	84	66
Suðureyrarþingsókn	198	24	20
Hólpingsókn	260	39	27
Tunguþingsókn	240	39	33
Súðavíkurbingsókn	258	40	25
Ögurþingsókn	185	34	22
Reykjarfjarðarþingsókn	159	22	19
Nauteyrarþingsókn	224	35	23
Unaðsdalsþingsókn	145	19	14
Hesteyrarþingsókn	202	37	23
Dynjandaþingsókn	230	29	20
Ísafjarðarsýsla	3778	569	424

Heimildir: Már Jónsson, Jarðeignir og jarðeigendur, bls. 10-11; *Manntalið 1703*. Hagskýrslur II, 21. Reykjavík 1960, bls. 36-37; *Jarðabók VII*, bls. 3-317.

31. *Alþingisbækur X*, bls. 82-83.

32. Þí. Stíft. III-176. Bréf úr Ísafjarðarsýslu 1707-1780: 16. júlí 1720.

Samfélagshættir voru svipaðir í sýslunni og á öðrum svæðum í landinu, fyrir utan meira vægi fiskveiða og útræðis. Eignarhaldi á jörðum var aftur á móti nokkuð ólíkt háttað í þeim skilningi að konungur og kirkja áttu minna en gerðist og gekk en einstaklingar meira. Þetta kemur fram í töflu 2. Jarðeignum var hins vegar misskipt milli manna og af 70-80 einstaklingum sem áttu jarðir í vesturhluta sýslunnar, frá og með Auðkúluþingsókn til og með Suðureyrarþingsókn, átti auðgasti fjórðungur þeirra yfir 60 af hundraði eignanna en fátækasti fjórðungur tæp fimm af hundraði. Aftur á móti var það að gerast á þeim árum sem Markús Bergsson hélt sýsluna að stórjarðeigendur setti niður. Þeim fækkaði og þeir áttu minna. Miðlungsjarðeigendum fjölgaði á móti. Að sama skapi rýrnuðu eignir embættismanna en hlutur bænda jókst.³³

Tafla 2. Skipting eignarhalds um 1700 í hundraðshlutum.

	Ko.	Ki.	E.	H.
Ísafjarðarsýsla	8	23	69	4.723
Vestfirðir	7	22	71	10.448
Ísland	16	32	52	88.517

Heimild: Már Jónsson, Jarðeignir og jarðeigendur, bls. 9. **Ko.** er konungseign, **Ki.** kirkjueign, **E.** einkaeign, **H.** hundruð í jörðum. Tölur yfir Ísafjarðarsýslu eru frá 1710 en Vestfirðum frá 1703-1710 og Íslandi öllu frá 1695.

Sýslumenn voru undirmenn amtmanna og landfógeta, hinir eiginlegu embættismenn þjóðarinnar. Þeir áttu að koma til alþingis á hverju sumri og völdu lögréttumenn til ferðar með sér. Þeir fóru ár hvert að vori um allt umdæmi sitt og héldu manntalsþing. Þar innheimtu þeir skatt fyrir konung og sektir fyrir siðferðisbrot, spurðust fyrir um önnur réttindi hans og kynntu tilskipanir. Þeir eltust við afbrotamenn allan ársins hring og dæmdu þá, en leituðu sátta þegar menn deildu. Refsingar fyrir minniháttar brot létu þeir framkvæma um leið og dómur var upp kveðinn, svo sem að hýða og brennimerkja þjófna, en væru brotin líflátssök eða léki vafi á úrskurði var dómurinn sendur áfram til alþingis. Loks fylgdust þeir með verslun og viðskiptum.³⁴

Nokkur breyting varð á embætti sýslumanna þegar réttarfarsákvæði Norsku laga frá 1687 voru leidd í lög hérlendis með erindisbréfi Niels Fuhrmanns amtmanns 30. maí 1718. Þriðja grein þess var lesin á alþingi 1719

33. Már Jónsson, Jarðeignir og jarðeigendur, bls. 18-26.

34. Hjálmar Vilhjálmsson, Sýslumenn á Jónsbókartímabilinu. *Tímarit lögfræðinga* 15 (1965), bls. 1-44; sbr. *Jónsbók*, bls. 6-7, 12, 31-32, 43-44, 53, 212, 234-35 og 263-65. Til er manntalsgjaldabók fyrir sýsluna árin 1701-1703 og hefur fyrir misgáning lent sem fylgiskjal við manntalið 1703, sjá PÍ. Rtk. II.2. Manntalið 1703. Snæfellsnessýsla – Þingeyjarsýsla: Ísafjarðarsýsla. Í safninu er til önnur eins úr Suður-Múlasýslu.

og var meginatriðið „at med Formaliteten og Processernis drift følgeris dend Norske Lovs Indhold.“ Fram að því höfðu sýslumenn dæmt með tilnefndum dómsmönnum. Framvegis dæmdu þeir einir og í stað meðdómsmanna komu vottar að dómum. Manntalsþing héldust óbreytt.³⁵ Um vorið og haustið 1719 lét Markús lesa þær greinar sem mestu máli skiptu úr erindisbréfi amtmanns: þá þriðju sem þegar er getið, þá fjórðu um það þegar sýslur losnuðu og tólfðu um að amtmaður ætti að taka við öllum bænarskrám til konungs.³⁶ Í framhaldi af erindisbréfi amtmanns var ákveðið að sýslumenn fengju eitthvað sambærilegt og var Fuhrmann falið að skrifa uppkast, sem hann sendi til rentukammers með bréfi 22. ágúst 1722.³⁷ Sýslumönnum voru send erindisbréf næstu árin og í þeim var lögð mest áhersla á að tryggja hagsmuni konungs, einkum í fjárhagslegu tilliti, með innheimtu á sköttum og eftirliti með öðrum réttindum. Nýjung var að sýslumenn áttu framvegis að skrifa skýrslu á hverju ári um ástand mála í sýslunni og leggja embættisbækur sínar fram til skoðunar á alþingi.³⁸

Markús tók starfið alvarlega frá fyrstu tíð og lagði sig allan fram. Strax fyrsta haustið lenti hann í rimmu við kaupmann sem neitaði að taka við vaðmáli og ull, sem stór hluti skatta hafði verið greiddur í. Markús fékk engu ráðið og kvartaði í bréfi til Árna Magnússonar frá Vigur 3. desember 1711. Þar benti hann jafnframt á að eftirliggjarar væru í öllum kaupstöðum og spurði hvort það mætti, sem og hvort kaupmenn væru undanskildir dómsvaldi sýslumanns, en það þóttust þeir víst vera. Með bréfinu sendi Markús „nokkur gömul bréf til þess þér sjáid vilja minn þar um þó ég viti þér hafið séð þaug áður og vildi ég feginn framvegis viðleitast ef mögulegt væri yður fleira að útvega, hvað ég vildi feginn geta gjört þetta sem annað yður til þénustu sem ég vissi yður geðfellt vera mætti.“³⁹ Angi af þessu máli er væntanlega tilraun Markús-

35. *Lovsamling for Island I*, bls. 740; *Alþingisbækur X*, bls. 425-26; sbr. Páll Sigurðsson, *Brot úr réttarsögu*. Reykjavík 1971, bls. 164-96; Hjálmar Vilhjálmsson, *Manntalsþing. Afmælirit helgað Ólafi Lárussyni prófessor*. Reykjavík 1965, bls. 124-25.

36. *Lovsamling for Island I*, bls. 741-42.

37. Þí. Amtm. I-3. Bréfabók 1721-1724, bls. 281, en erindisbréfið á bls. 265-81. Eintak sem Árni Magnússon fékk sent til umsagnar vorið eftir er í JS 98 fol. Bréfasafn frá 18. öld, sérstakri möppu, en hann virðist ekki hafa svarað; sbr. Árni Magnússon, *Embedsskrivelser og andre offentlige aktstykker*. Kaupmannahöfn 1916, bls. 556.

38. Harald Gustafsson, *Mellan kung och allmoge. Ämbetsmän, beslutsprocess och innflytande på 1700-talets Island*. Stokkhólmi 1985, bls. 52-53. Harald nefnir í neðanmálgrein erindisbréf þriggja sýslumanna frá því fyrir 1730 og má bæta við erindisbréfi Orms Daðasonar 16. júlí 1729, sjá Þí. Sýsl. Dalasýsla V-5. Þinglýsingabók 1729-1736, bls. 97-113. Erindisbréf Markúsar er ekki til.

39. AM 451 fol. Pappírar jarðabókarnefndarinnar XIV, bl. 190; ágrip í *Arne Magnussons private brevveksling*. Útgefandi Kristian Kålund. Kaupmannahöfn 1920, bls. 47. Um bréfin sem Markús sendi, sjá *Íslenskt fornbréfasafn XIII*, bls. 227; XIV, bls. 312.

ar á Tungu í Skutulsfirði 28. maí 1712 til að amast við eftirliggjurum í Skutulsfirði og Dýrafirði (sjá hér á bls. 59-61). Eftir það verður slíkrar viðleitni ekki vart og Markús virðist hafa játað sig sigraðan. Í öðru bréfi til Árna af alþingi þá um sumarið kvartar hann enn og kveðst ekki megna að standa gegn kaupmanni, ekki síst „þar ungur og aðkomandi er.“⁴⁰

Vorferð um sýsluna var fastur liður í lífi Markúsar í þrjú áratugi. Fyrsta ársins er þegar getið en árið 1712 hélt hann fyrst þing að Hesteyri 30. mars en sleppti Dynjanda og endaði að Auðkúlu 21. apríl. Árið eftir kom hann þangað á sama degi og endaði á Hesteyri 10. maí. Næstu árin kom hann sér upp þeirri reglu að byrja í norðanverðu Djúpinu og vinna sig inn eftir því og út aftur en taka síðan vesturhluta sýslunnar og enda á Hesteyri – sjá töflu 3 um þrjú dæmigerð ár. Athygli vekur að hann fór ekki öll ár á alla þingstaði í norðurhluta sýslunnar.

Tafla 3. Manntalsþing Markúsar Bergssonar 1715-1717.

1715	1716	1717
24. apríl að Unaðsdal	15. apríl að Unaðsdal	1. apríl að Nauteyri
25. apríl að Nauteyri	16. apríl að Nauteyri	2. apríl að Reykjarfirði
26. apríl að Reykjarfirði	18. apríl að Ögri	5. apríl að Súðavík
29. apríl að Súðavík	20. apríl að Súðavík	6. apríl að Tungu
30. apríl að Tungu	21. apríl að Tungu	7. apríl að Hóli
1. maí að Hóli	22. apríl að Hóli	8. apríl að Suðureyri
2. maí að Suðureyri	23. apríl að Suðureyri	10. apríl að Mosvöllum
15. maí að Mosvöllum	25. apríl að Mosvöllum	12. apríl að Mýrum
16. maí að Mýrum	27. apríl að Mýrum	13. apríl að Meðaldal
18. maí að Meðaldal	28. apríl að Meðaldal	14. apríl að Auðkúlu
20. maí að Auðkúlu	29. apríl að Auðkúlu	22. maí að Hesteyri
28. maí að Dynjanda	13. maí að Hesteyri	
31. maí að Hesteyri		

40. AM 451 fol. Pappírar jarðabókarnefndarinnar XIV, bl. 204v; ágríp í *Arne Magnussons private brevveksling*, bls. 47. Næst verður samskipta Markúsar og Árna vart árið 1728, að Markús sendi honum Jónsbókarhandrit frá miðri 16. öld (AM 149 4to). Árni þakkaði fyrir sig vorið 1729 og Markús svaraði um hæl; sjá *Katalog over den Arnemagnæanske håndskriftsamling I*. Kaupmannahöfn 1886, bls. 433; Bréf Árna Magnússonar til Íslands 1729 og fleiri skjöl hans í Ríkisskjalasafni Dana. Útgefandi Jón K. Margeirsson. *Opuscula* 5 (1975), bls. 129; *Arne Magnussons private brevveksling*, bls.

ANNO 1716 die 23 Aprilis ad rttu man talt fin
 ad Sudureyri auctore Johan Tomason Sigmundson
 Sigmundson. Johan Dag 1716 faki fin i vit aringvar fa
 sattu tilfallid sin. Nægt = fat hini ynni ke
 arla laust galy tilfallid. Dnu Voord uppband, til
 mætti undirskrifur uolu sama fat dag og er sin
 fin Sigmundson
 Sigmundson forloftson m. S. Johan for gjaltson m. S.
 Paall Jonsson m. S. Johan forloftson m. S.
 Atan Sigmundson. S. S. fordr. Liardarson m. S.

Undirskriftir dósmanna að Sudureyri 23. apríl 1716, sjá hér á bls. 104.

Ekki verður betur séð en að Markús hafi skilað landfógeta sakeyrisreikningum tímanlega og staðið í skilum með afgjald af sýslunni, en öðru gegndi um mætingu á alþingi. Hann skróaði fyrst árið 1714 en síðan nærri því annað hvort ár, til að mynda árin 1716, 1718, 1722, 1724, 1727 og 1729. Hann mætti þess í milli og fylgdi sínum málum eftir þegar þurfti.⁴¹ Þegar sýslumönnum var gert að skrifa árlega um sitt umdæmi sinnti hann því verki samviskusamlega en ekki verður sagt að umsagnir hans séu ítarlegar og einkum snúast þær um kaupmenn. Fyrsta bréf þessarar tegundar skrifaði hann á alþingi með Ormi Daðasyni sýslumanni Strandasýslu 20. júlí 1720. Eftir það skrifaði hann einn skömmu eftir alþingi, til dæmis um hörð ár undanfarið og fjárfelli í sýslunni frá Ögri 30. júlí 1722 en 14. ágúst 1725 að vel hefði veiðst og grasvöxtur væri lítill. Hann tilkynnir 6. ágúst 1729 að hann hafi fyrir löngu sett tvo menn í hverri þingsókn til að fylgjast með launverslun og fullyrðir að Hollendingar valdi sýslubúum miklu tjóni með því að kasta fiskibeinum í sjóinn, en það geri

41. Ég þakka Ragnhildi Sigurðardóttur sem athugaði þetta í námskeiðinu Íslands- og Norðurlandasaga 1550-1830 við sagnfræðiskor Háskóla Íslands á haustmisseri 2001.

að verkum að fiskurinn komi ekki undir landið. Auk þess ræni þeir iðulega kúm og öðru góssi. Ári síðar voru sex karlar horfnir með Hollendingum vegna harðinda, þar af tveir kvæntir sem skildu eftir sig sex börn. Þá var og í hámarki málarekstur sem upphöfst sumarið 1728 þegar Markús krafðist þess að fá að vigta nokkra fiskibagga hjá Birch kaupmanni á Skutulstjardareyri sem síðan drekkti sér og fannst „skammt frá kaupstaðnum undir sjóarklettum.“⁴²

Viðfangsefnin voru margbreytileg og óþrjótandi. Miðað við þann texta sem hér birtist á prenti virðist sem Markús Bergsson hafi verið farsælt yfirvald og nokkuð mildur í afstöðu sinni til afbrota, ef frá eru skildir dauðadómar hans samkvæmt Stóradómi. Hann virðist hafa gert sér far um að reyna að sætta menn og hafði oft erindi sem erfiði. Hann var samt strangur líka, átti frumkvæði að málum og fylgdist vel með. Hann gaf sig heldur aldrei í stöðugu málaþrasi Snæbjarnar Pálssonar um og eftir 1720, sem óvinnandi vegur er að gera nokkur skil nema í heilli bók og raunar væri Snæbjörn efni í heila kvikmynd fyrir sakir uppátækja og skapofsa. Í bréfi til stiftamtmanns frá Ögri 22. september 1729 gætir örmögnunar vegna Snæbjarnar þegar Markús sendir dóm sinn frá 15. september í máli séra Bjarna Jónssonar (sjá hér á bls. 305-20), en Snæbjörn var þá farinn úr landi: „Denne Snæbjorn Paulssen haver i nær tyve år som jeg haver allerunderdanigst tjent for sysselmands embede i Isefjords syssel opspundet ene trette efter anden, så vel ved høje som lave.“ Markús nefnir nýlega árás Snæbjarnar og sona hans á Guðbrand Sigurðsson (sjá bls. 368-77) og vill að stiftamtmaður losi sýsluna við þennan órólega mann: „forbemeldte urolige menneske som oss i mange år haver plaget med trætter á trætter over.“⁴³

Handrit og texti

Dómabækur Markúsar eru í tveimur bindum í Þjóðskjalasafni: Ísafjarðarsýsla IV-1. Dóma- og þingbók 1711-1719 og Ísafjarðarsýsla IV-2. Dóma- og þingbók 1720-1729. Fyrri bindið, 141 blað, var afhent Landskjalasafni 18. maí 1900 úr Landsbókasafni. Þar hafði hún áður haft aðsetur sem Lbs. 250 4to. Gulur miði er neðst á kili með bókstafnum B og númerinu 250 en grænleitur fyrir miðju þar sem segir: Þingabók Ísafjarðarsýslu 1711-1719. Þetta er svipaður

42. Þí. Stíft. III-178. Bréf úr Strandasýslu 1720-1787: 20. júlí 1720; Stíft. III-176. Bréf úr Ísafjarðarsýslu 1707-1780: 30. júlí 1722, 14. ágúst 1725, 6. ágúst 1729, 5. ágúst 1730 (tvö bréf). Um drukkun kaupmanns, sjá *Annála* II, bls. 620 (Hítardalsannáll); IV, bls. 666 (Hrafnagilsannáll). Hugsanlega varð þetta mál til þess að Markús ákvað að endurnýja kynni sín af Árna Magnússyni, sjá neðanmálgrein 40.

43. Þí. Stíft. III-176. Bréf úr Ísafjarðarsýslu 1707-1780: 22. september 1729.

frágangur og á mörgum handritum í handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafni, líklega frá síðari hluta 19. aldar. Bókin er frumrit og Markús skrifaði mestallt sjálfur jafnóðum, en stundum fékk hann málsmetandi menn á staðnum sér til aðstoðar. Til dæmis færði Jón Hannesson bóndi á Reykjarfirði til bókar þing sem þar voru haldin 6. apríl 1712, 26. apríl 1715 og 22. apríl 1718, en Sigfús Jónsson lögréttumaður á Súðavík á heimili sínu 1. maí 1713, 29. apríl 1715, 20. apríl 1716, 24. apríl 1718 og 19. maí 1719. Snæbjörn Pálsson annaðist færslur 27. og 28. maí 1711 að Mýrum og 24. apríl 1713, en jafnframt 7. júní 1713 að Auðkúlu og aftur á Mýrum 16. maí 1714, 16. maí 1715 og 12. apríl 1717. Markús merkti hvorki blaðsíður né blöð. Ekkert vantar í bókina en víða eru komnar skellur í pappírinn sem vonandi eiga ekki eftir að eyða honum. Engin merki eru um að æðri embættismaður hafi farið höndum um bókina eða nokkru sinni skoðað hana. Beyer landfógeti virðist skrifa fyrstu síðuna (sjá bls. 39) og bókin hefur verið gegnumdregin.

Síðara bindið, 274 blöð, er hreinrit Markúsar af eigin dómum og ekki tæmandi. Að minnsta kosti eru manntalsþing ekki færð til bókar og hugsanlega vantar fleira. Nokkuð er aftur á móti um kaupbréf, sem engin eru í fyrra bindinu. Blaðatöl skrifaði Markús í bókina, sem er bundin með brúnum kili. Bind-ið er mun verr farið en hitt. Því lýkur í miðri setningu og óvíst hversu mikið vantar, en varla mjög mikið miðað við umtalsverða þykkt. Nokkur blöð vantar fremst í bókina, það er 3-7, 10, 12-13 og 19-25. Flest þeirra reyndust hafa ratað í einkaskjöl Páls Vídalíns í Þjóðskjalasafni, nefnilega 3-7, 12-13 og 20-25, þannig að einungis vantar 10 og 19. Ekki er hins vegar rétt sem segir á inn-skotnu blaði merktu 249 með rithönd frá um 1900 að þar vanti í bókina, því ágæt samfella er í texta blaðanna 248 og 250. Hér hefur Markús einfaldlega misst eina tölu úr. Aftast eru mörg blöð illa farin á jöðrum og þar að auki hefur röð ruglast við bókband sem hér greinir: 221, 222, 231, 223, 224, 225, 228, 229, 230, 238, 226, 232, 233, 234, 235, 236, 237, 227, 239, 240, 241 osfrv. Ókennilegur eignarmiði er límdur fremst í bókina sem segir „Henningus Friccus iure me possidet“ með meiru og ekki verður reynt að útskýra það hér. Annað blað er fremst með hendi Jóns Sigurðssonar og segir að „bréfabók“ Markúsar sé komin frá Jóhönnu Bjarnason á Bíldudal með Hjálvari Jónssyni: „Sá sem sendir vill hafa fyrir hana 10 kr., er líklega úr bókum Hákonar Bjarna-sonar á Bíldudal.“ Þetta átti sér þann aðdraganda að Jón bað Hákon um að athuga fyrir sig „gamla skrúddur“ og fékk það svar frá Þingeyri 10. júní 1869 að lítið væri að hafa. Þó sendi Hákon Laxdælu, kristinrétt og úr Samúelssálm-um eftir séra Hallgrím Pétursson, en spyr síðan: „hafið þið nokkuð gaman af bréfabók Markúsar Bergssonar ef hún fengist?“ Þetta hefur Jóni litist vel á og 29. október 1871 skrifar Hákon aftur: „Ég hefi loks fengið hendir á bréfabók

Markúsar Bergssonar og gefst félaginu kostur á að kaupa hana fyrir eða móti hinum stærri uppdrætti Íslands gangi félagið að kaupinu, ábyrgist ég því bókina, annars liggur hún sínum herra.“ Sex árum síðar, 10. ágúst 1877, höfðu Jóhönnu ekkju Hákonar boðist tíu krónur „fyrir gömlu bókina stóru“ og það verð vildi hún fá, og hefur það orðið úr þótt ekki væri Jón búinn að borga tæpu ári síðar.⁴⁴ Bókinni var komið fyrir í safni Bókmenntafélagsins sem ÍB 323 4to en afhent Landskjalasafni síðar, líkast til um sama leyti og fyrra bindið.

Bækur Markúsar hafa verið notaðar áður af Jóhanni Gunnari Ólafssyni, Kjartani Ólafssyni og sjálfum mér, en hugsanlega fleirum.⁴⁵ Og víkur þá að útgáfunni. Fyrst er þess að geta að til eru dómur dæmdir að Mýrum þar sem Markús vék sæti vegna aðildar að málum. Báðir varða Snæbjörn Pálsson og dæmdi Ormur Daðason þann fyrri 26. ágúst 1723 um töluð orð Snæbjarnar til Péturs Arvidssonar kaupmanns og Sigurður Sigurðsson þann síðari 4.-8. desember 1724 um óhróður sama manns um Orm. Það hefði vissulega verið ánægjulegt að skjóta þeim inn í réttri tímaröð í þessari bók en þeir eru óralangir og fyrir vikið varð ekki hjá því komist að sleppa þeim.⁴⁶ Næst er að geta viðbóta við eiginlegan texta dómabókanna sem hlutu að fá að fljóta með vegna upplýsingagildis og hóflegar lengdar. Hér er þeim skotið inn án misfelli. Annars vegar eru áður nefnd manntalsþing Sigurðar Jónssonar árið 1711 (sjá bls. 47-50) sem eru varðveitt í afriti sem hann skrifaði við Öxará 18. júlí sama ár. Vottorðin tvö um legorðssektir eru á stökum blöðum en hér eru þau sett strax á eftir færslu um manntalsþing á báðum stöðum, en áritun sýslumanns sleppt. Hins vegar er dásamlegt bréf Jóns Guðmundssonar gegn Sigmundi Sæmunds-

44. Þí. Einkaskjalasafn E 10, nr. 5. Hákon Bjarnason kaupmaður á Bíldudal: bréf til Jóns Sigurðssonar 10. júní 1868 og 29. október 1871; E 10, nr. 6. Jóhanna Kr. Bjarnason: bréf til Jóns Sigurðssonar 10. ágúst 1877 og 1. mars 1878. Ég þakka Gísla Baldri Róbertssyni fyrir þessa athugun.

45. Jóhann Gunnar Ólafsson, Frá Ólafi á Eyri og Mála-Snæbimi. *Ársrit Sögufélags Ísfróðinga* 5 (1960), bls. 70-91; Kjartan Ólafsson, *Firðir og fólk 900-1900. Vestur-Ísajjardarsýsla*. Án útgáfustaðar 1999, bls. 142-43 og 272-73, sbr. 137 og 275; Már Jónsson, Jarðeignir og jarðeigendur, bls. 30, 33 og 37; sami, *Blóðskömm á Íslandi 1270-1870*. Reykjavík 1993, bls. 150, 167, 188-89 og 275; *Dulsmál 1600-1900: fjórtán dómur og skrá*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2000, bls. 250.

46. Þí. Skjalasafn yfirréttarins. Dómur og skjöl í málum Snæbjarnar Pálssonar 1720-1735, bls. 39-68 og 99-162; sbr. *Alþingisbækur* XI, bls. 313-15 og 361-72. Þessi mál og aðrar deilur Snæbjarnar ræðir Páll Vídalín í bréfum til hans og annarra, sjá Rask 57. Bréfabók Páls Vídalíns árið 1722 og afrit Páls Eggerts Ólasonar í Lbs. 1651 4to. Björk Ingimundardóttir á Þjóðskjalasafni vinnur að útgáfu á dómum yfirréttar þar sem miklu fleira kemur fram um Snæbjörn en í þessari bók.

47. Þí. Rtk. Y-14. Reikningar jarðabókarsjóðs 1709-1711. Fylgiskjöl með reikningum 1710-1711: Sakeynisreikningur Ísafjardarsýslu; JS 98 fol. Bréfasafn frá 18. öld: Jón Guðmundsson til Markúsar Bergssonar 5. nóvember 1727. Ekki er óhugsandi að bréfaslitrin í JS 98 fol. hafi

syni og seðill um þjófnað Jóns, sem vísað er til í dómi 13. apríl 1728 og hafa varðveist í samtíma afriti dálítið skemmdu í lokin (sjá bls. 337-39).⁴⁷

Á nokkrum stöðum þar sem síðara bindið er skemmt tókst að fylla upp í textann eftir öðrum eintökum og er það gert án athugasemda í texta:

– bls. 153-83. Tveir dómur í erfðadeilu Páls Vídalíns og Snæbjarnar Páls-sonar eru lagfærðir eftir uppskriftum sem Markús Bergsson vottaði með eigin hendi og innsigli að Ögri 22. júní 1722.⁴⁸

– bls. 297. Þriðja erindi niðvísu er lítillaga lagfært eftir útgáfu Jóns Þorkelssonar á vísu Páls Vídalíns. Jón Ólafsson frá Grunnavík eignar Páli fóstura sínum nokkrar hjónavísur en ekki með öruggum hætti þá sem skaut upp í Dýrafirði vorið 1727. Skal ekki skorið úr því hér. Á bls. 35 er mynd af vísunni eins og hún lítur út í dómabókinni.⁴⁹

– bls. 351. Yfirréttardómur í máli Snæbjarnar 23. júlí 1728 er lagfærður eftir eintaki úr fórum yfirréttarins sjálfs.⁵⁰

– bls. 368-77. Dómur í máli Guðbrands Sigurðssonar gegn Snæbirni er lagfærður eftir sömu bók og erfðadómarnir.⁵¹

– bls. 385-86. Bréf um Stapahlíð 11. ágúst 1537 er borið saman við prentaða útgáfu bréfsins þar sem notast er við þetta eintak og uppskrift frumbréfsins með hendi séra Markúsar Snæbjarnarsonar um miðja 18. öld.⁵²

Dómur um eignir Snæbjarnar (sjá bls. 348-68) fannst aftur á móti ekki í öðru eintaki og það á við um nokkra staði aðra sem lesendur munu rekast á. Þá er gripið til þess ráðs að setja hornklofa [] utan um bókstafi eða orð sem ekki verða lesin vegna skemmda. Líkleg eða hugsanleg lausn er sett innan klofans, en [0000] ef engin leið er að ráða í gloppuna og svipað mörg núll höfð og bókstafir og orðabil munu hafa verið.

Ekki kemur annað til greina en að Markús hafi fært dóma- og þingbækur eftir 1729. Þær eru glataðar en til fáein slitur úr gögnum og má nefna bréf séra Arnfinns Magnússonar um eigin embættisfærslu sem var lesið á Súðavík 10.

í upphafi verið notuð í band á síðara bindi dómabókarinnar en tekin úr þegar bókin var bundin að nýju seint á 19. öld. Ég þakka Gísla Baldri fyrir ábendinguna.⁴⁸ ÞÍ. Skjalasafn yfirréttarins. Dómur og skjöl í málu Snæbjarnar Pálssonar 1720-1735, bls. 1-32.

49. *Vísnaðver Páls lögmanns Vídalíns (1667-1727)*. Útgefandi Jón Þorkelsson. Kaupmannahöfn 1897, bls. 147. Um hjónavísur Páls og annarra almennt, sjá Stefán Ólafsson, *Kvæði II*. Útgefandi Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1886, bls. 14-17. Ég þakka Kristjáni Eiríkssyni fyrir ómetanlega ábendingu á síðustu stundu.

50. ÞÍ. Stift. III-222. Dómsskjöl yfirréttar 1722-1735. Dómur og skjöl í málu Snæbjarnar Páls-sonar 1724-1729: yfirréttur 1728, bls. 200 (ný merking).

51. ÞÍ. Skjalasafn yfirréttar. Dómur og skjöl í málu Snæbjarnar Pálssonar 1720-1735, bls. 173-84.


52. *Íslenskt fornbréfasafn X*, bls. 114-15.

Ólæsilegt orð í texta í byrjun Jjórðu neðstu línu um launagreiðslur prófasts til vinnumanns í rannsókn að Mosvöllum 5. september 1718, sjá hér á bls. 134 og 389.

júní 1730 og kæra séra Þorleifs Þorlákssonar um hungurdaða tveggja bræðra sem lesin var á þingi að Nauteyri í nóvember 1738. Umsvifa Markúsar gætir líka á alþingi um ýmis mál sem gaman hefði verið að hafa hans eigin dóma um.⁵³

Um frágang er það að segja að vandasamt er að samræma texta til útgáfu svo að vel fari og hörmung að ekki skuli vera til á einum stað einhvers konar ráðleggingar þar að lútandi fyrir fræðimenn að styðjast við. Hér er stafsetning færð til nútímaháttar þannig að haldið er ýmsum sérkennum skrifara að fyrirmynd Ólafs Halldórssonar í útgáfu hans á Jómsvíkingasögu: „Textinn er prentaður með nútímastafsetningu að því undanskildu, að ýmsum beygingarmynd-

53. JS 98 fol. Bréfasafn frá 18. öld: Arnfinnur Magnússon til Markúsar Bergssonar 9. júní 1730 og Þorleifur Þorláksson til Markúsar Bergssonar 26. júní 1738; *Alþingisbækur* XII, bls. 14-20, 120-21, 209, 236, 273-77, 282-83, 375, 401, 404, 411-12, 530-32, 539, 543 og 567. Til gamans má geta dóms frá því fyrir tíð Markúsar um deilu Snæbjarnar Pálssonar og föður hans Páls Torfasonar sýslumanns við hreppstjóra í Önundarfirði að Mýrum 20. nóvember 1708, sjá Lbs. 3920 4to. Skjöl úr Ísafjarðarsýslu að hluta með hendi Eggerts Sæmundssonar, bl. 49r-50r.



Afbökuð nívísa sem Jón Ketilsson sendi Eiríki Guðmundssyni vorið 1727, sjá hér á bls. 296-99 og 391.

um og orðmyndum handritsins er haldið. Ég skal fúslega viðurkenna að ég hafi haldið fullmiklu til haga af orðmyndum handritsins og að af því stafar mikið ósamræmi. Í því efni hef ég ekki fylgt annarri reglu en þeirri, að ég lét orðmyndir halda sér ef mér fannst stíllinn verða bragðminni við að breyta þeim.⁵⁴ Þarna eru óljós og umdeilanleg endimörk sem ördukt er að skilgreina og lítil von að útbúa algjöra reglufestu, enda tungumálið duttlungafull skepna sem ekki gengst undir hvað sem er. Stafsetning er hér í flestum tilvikum samræmd til þess háttar sem er algengastur nú til dags og með þá viðmiðun að trufla ekki lestur. Má sem dæmi taka *so* → *svo*, *eirn* → *einn*, *hæðst* → *hæst*, *yðst* og *ytt* → *yst*, *pressins* → *prestsins*, *agta* og *achta* → *akta*, *egtamaður* → *ektamaður* og þar fram eftir götum. Svo að textinn glati samt ekki öllum keim eigin tíðar er í nokkrum atriðum haldið í stafsetningu og ósamræmi skrifara. Má sem dæmi nefna *vær* – *vér*, *aungvir* – *öngvir*, *þau* – *þaug*, *þessara* – *þessra*, *karldyr* – *kalldyr*, *úrskurður* – *útskurður*, *sótti* – *sókti*, *þeir vissi* – *þeir vissu* og *hefi* – *hef*, en síðast en ekki síst *hvörki* – *hvorki* – *hverki* og *hver* – *hvor* – *hvör*. Á köfl-

54. *Jómsvíkinga saga*. Útgefandi Ólafur Halldórsson. Reykjavík 1969, bls. 57.

um er þetta síðasta vandkvæðum háð þegar skrifari, til dæmis Markús Bergsson sjálfur, ekki alltaf notar bókstafinn *ö*. Orðmyndin *hvörju* hefur aldrei verið til og því einsætt að hafa *hvörju*. Hins vegar getur *hvör* átt að vera *hvör* eða *hvör*! Hér er haft *hvör* nema augljóst sé af sambengi að orðið *hvör* vísi til annars tveggja einstaklinga.

Haldið er orðmyndum staðarnafna og mannanafna, til dæmis haft *Sogundarfjörður*, *Buðlungavík*, *Bolungarvík* og *Bolungavík*, *Rafnseyri* og *Hrafnseyri*, en aftur á móti samræmt *Auxará* → *Öxará* og *Augur* → *Ögur* af tillitssemi við lesendur svo að þeir gefi ekki frá sér vitlaust hljóð í huganum. *Girður* prentast þegar við á og *Tumas* – *Tómas*, en *Jósep* er hafður fyrir *Jósep* og *Jóseph* og ávallt *Eysteinn* þótt fyrir komi *Eysteirn*. Eins er sérkennilegum orðmyndum haldið, svo sem *rekkjóð* og *upplesniri*, en raðtölur samræmdar og ekki haft 23ja heldur ávallt 23. Mánaðanöfn eru höfð á íslensku þótt þau séu nærri alltaf á latínu í handriti, nema þar sem forsetningin *in* er fyrir framan, svo sem *in octobri*.

Endalaust væri hægt að ræða samræmingu á einu orði og tveimur. Hér er í grundvallaratriðum miðað við það sem myndi vera skrifað núna, til dæmis *Mýrakirkjusókn* þótt handrit hafi *Mýra kirkjusókn*, *fullnaðarhandsöl* þar sem skrifað er *fullnaðar handsöl* og *barngetnaðarverknaði* fyrir *barngetnaðar verknaði*. Samræmi er þó ekki algjört eða öllu heldur er hljómfall látið ráða stundum, til dæmis þegar *vitnisburða áheyrsla* er höfð í tveimur orðum. Orð mega ekki verða óþægilega löng.⁵⁵ Þar sem nú væri skrifað í tveimur orðum, til dæmis *upp á*, er farið eftir handriti þegar regla er algjör: *uppá*. Aftur á móti eru tvö orð höfð þegar sagnir hafa atviksorð fyrir framan: *til muna* og *til segja*, en vitaskuld ekki *til heyra*. Eðlilegast er að skilja slíkar samsetningar að, til dæmis *frá fría* og *til man*, en það er reyndar ekki alltaf gert hér og gerð undantekning ef nokkuð algild regla er í handriti að hafa eitt orð, svo sem í *ásegjast*, *tilfalla* og *uppbera*.⁵⁶ Greinaskil eru sett víða til að létta fyrir og tvípunktum bætt við þar sem vísað er til texta sem fylgir eða í beina ræðu. Semikomma er á nokkrum stöðum sett inn í upptalningar á lagastöðum sem vísað er til. Smávægileg pennaglöp eru lagfærð án athugasemda en þegar ástæða þótti til var sett stjarna * aftan við orð eða setningarhluta sem eitthvað þurfti að laga og vísar hún til útskýringa eða athugasemda aftanmáls, sjá bls. 387-92. Þar sem nýtt ár byrjar í texta er skotið inn ártölum, sem þá virka eins og kaflaheiti.

Styttingar og skammstafanir koma víða fyrir í handriti. Hér er *kongl. mayts*.

55. Um þetta má endalaust deila og vísast í Magnús Snædal, Hve langt má orðið vera? *Íslenskt mál og almenn málfræði* 14 (1992), bls. 173-207.

56. Sbr. Jón Þorkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla*. Útgefendur Gunnar Kristjánsson og Mörður Árnason. Reykjavík 1995, bls. ciii.

haft *kónglegrar majestatis* í eignarfalli, sem er algengust birtingarmynd og sést skrifað út á fáeinum stöðum, en *kónglegt majestat* í nefnifalli og þolfalli. *RBEK* er skrifað sem *réttarbót Eiríks konungs*, þótt í handriti sé orðmyndin *kóngur* nær einráð, en skammstöfunin *d.* er skrifuð *dag* í samræmi við fulla útskrift víða, en *den* í dönskum texta. Skammstöfunin *dat.* er af sömu ástæðu sett sem *dateraður* í hentugu falli nema þegar augljóst er að átt er við *datum*. Eins er *cap.* leyst upp sem *capituli* í tilvísunum til lagagreina og *art.* sem *articuli* en *b.* er *bók* og *lib.* er *liber*, en *libro* þar sem þágufall á betur við. Skammstöfunin *C5* er haft *Christians 5*. Ekki er alltaf á hreinu hvort vísanir í Norsku lög þess ágæta konungs eiga að vera í þágufalli eða eignarfalli og sé ósamræmi í úrlausnum er það vonandi engum til ama.


Öll afbrigði skammstöfunar fyrir yfirlýsingu manna um undirskrift með *eigin hendi* eru hér samræmd sem *meh* og öll afbrigði *handsals* sem *hs*. Allvíða kemur fyrir skammstöfunin *mev* eða *ev*, sem er samræmd sem *mev* og þýðir svo mikið sem með *eigin vilja* ef marka má eina staðinn í bókunum tveimur þar sem þetta er skrifað út, sjá hér á bls. 296. Fyrir allar tegundir latínuafbrigðis eiginhandarundirskriftar, nefnilega *manu propria*, er skammstafað *mpp* og þar sem getið er innsigla í síðara bindinu með *LS* (*locus sigilli*) og hring utan um, yfirleitt fyrir neðan nöfnin, eru bókstafirnir tveir einfaldlega látnir koma beint á eftir undirskrift. Meðferð undirskrifta olli hins vegar sérstökum heilabrotum og varð sú lausn ofan á að setja þær með smærra letri neðan við eiginlegar vottanir dóma og þinga. Reynt er að hafa uppsetningu sem líkasta frumriti, sem þó er ekki alltaf hægt (sjá mynd á bls. 29). Þegar fylgiskjöl eiga í hlut og vottun upp-lestrar á skjali á þingum eru undirskriftir settar í halarófu beint á eftir texta.

Að endingu er rétt að boða nauðsyn þess að gefa út fleiri dómabækur, hvort heldur er með stafrænum hætti eða á prenti. Mjög margar eru til frá og með síðari hluta 18. aldar: undraverðar heimildir en of lítið notaðar og engin leið raunar að sjá fyrir sér útgáfu á þeim öllum. Aftur á móti mætti reyna slíkt við það sem þó er til frá 17. öld og upphafi 18. aldar, en líkt og Guðrún Ása Grímsdóttir hefur bent á eru þær bækur: „allar óútgefna í handritum.“⁵⁷ Hér er hafist handa um betrubót í von um að einhverjir svari spurningu Hákonar Bjarnasonar í upphafsorðum þessa inngangs játandi í örlítið annarri merkingu en Jón forseti á sínum tíma.

57. Guðrún Ása Grímsdóttir, Sýslumaðurinn í Ási. *Líndæla. Sigurður Líndal sjötugur*. Reykjavík 2001, bls. 195-96.

I SEFJORDS SYSSEL HERREDS PROTOCOLL
OVERLEVERET TIL MONSIEUR MARCUS BERGSSÖN
AF LANDFOGDEN PAUL BEYER

kongelig majestæts gård Bessested den 29. april anno 1711



Málverk af Markúsi Bergssyni eftir séra Hjalta Þorsteinsson, tengdaföður hans.

Í nafni drottins vors Jesú Christi

1711

Anno 1711 dag 27. maí að Meðaldal var upplesið festebréf sýslumannsins Markúsar Bergssonar fyrir Ísafjarðarsýslu samankomnum þingmönnum áheyrandi, hvað vér undirskrifaðir vottum með okkar undirskrifuðum nöfnum sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir.

Jón Pálsson meh

Guðmundur Jónsson meh

Jón Jónsson meh

Magnús Níelsson meh

Jón Jónsson meh

Jón Níelsson meh

Ólafur Þorláksson meh

Anno 1711 dag 27. maí að settu manntalsþingi að Meðaldal við Dýrafjörð aðspurði sýslumaður Markús Bergsson samankomna þingmenn hvort þeir vissi nokkur þaug mál til hafa fallið síðan Sancte Hans dag í fyrra 1710, og til þessa, sem sér kónglegrar majestatis vegna bæri eftir sökum að ganga, hvar til samankomnir þingmenn svoleiðis andsvar tilgáfu, að þeir vissu engin mál hafa í nefndri Meðaldalsþingsókn tilfallið síðan frá Sancte Hans degi í fyrra 1710 eður neina þá misklið er nein kóngrs sök kynni áfrýjast að fráteknu hvað presta attestum viðvíkur. Og til frekari sanninda skrifa undirskrifaðir sín nöfn hér fyrir neðan sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir.

Magnús Níelsson meh

Jón Jónsson meh

Bjarni Jónsson meh

Jón Pálsson meh

Ólafur Þorláksson meh

Guðmundur Jónsson meh

Jón Þorvaldsson meh

Anno 1711 þann 28. maí að Mýrum var upplesið festebréf sýslumannsins Markúsar Bergssonar fyrir allri Ísafjarðarsýslu þingsókn áheyrandi. Að því búnu setti hann manntalsþingið. Til vitnis ár og dag sem upphaflega greinir.

Snæbjörn Pálsson meh

Jón Jóstsson meh

Sigmundur Guðmundsson meh

Eggert Sæmundsson mpp

Páll Þorgilsson meh

Einar Jónsson meh

Jón Jónsson meh

Anno 1711 dag 28. maí á settu Mýraþingi spurði sýslumaðurinn Markús Bergsson nálæga þingmenn hvort þeir vissi nokkur þau mál til hafa fallið síðan næstliðna Jónsmessu hér í sókn sem sér bæri eftir að ganga eður kónglegrar majestatis sakeyrir viðlægi og sögðu þeir að þeir vissi hvorugt þetta hér tilfallið. Til merkis sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Snæbjörn Pálsson meh	Eggert Sæmundsson mpp
Jón Jóstsson meh	Páll Þorgilsson meh
Sigmundur Guðmundsson meh	Einar Jónsson meh
	Jón Jónsson meh

Anno 1711 þann 28. maí á Mýrum settu manntalsþingi eftirspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson nálæga þingsóknarmenn hvörmin farið hafi með þær álnir sem fallið hafi til kónglegrar majestatis eftir Guðmund heitinn Magnússon er sjálfum sér hafi að dauða orðið það ár 1704 eður hvörsu miklar þær verið hafi. Og framlagði fyrri sýslumaður Páll Torfason þá virðing og uppskriftir á þeim fémunum gjörð var anno 1705 dag 14. júní og reiknast kóngsins partur alls og alls 1 hundrað 100 álnir, hvað komið hafi í umsjón sína. Segja kunnugir þingsóknarmenn að ei viti þeir meiri peninga þar auglýsta verið hafa en þar inni getur, en Páll Torfason segist ei betur minnst en hann herra landfógetanum þar fyrir reikning gjört hafi sama sumar og biður að hann vilji þar eftir sjá í þess árs reikningskap af Ísafjarðarsýslu anno 1706. Til merkis sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Jón Jóstsson meh	Eggert Sæmundsson mpp
Þorleifur Hannesson meh	Páll Þorgilsson meh
Einar Jónsson meh	Jón Jónsson meh
	Þorleifur Þorláksson meh

Anno 1711 dag 30. maí að Suðureyri við Sogundarfjörð var upplesið bréf sýslumannsins Markúsar Bergssonar fyrir Ísafjarðarsýslu þingmönnum áheyrandi. Til merkis er vor undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir.

Þorsteinn Jónsson meh	Jón Sigmundsson
Árni Sigmundsson mev	Jón Jónsson meh
Páll Jónsson meh	Jón Þorgilsson meh
	Sigurður Þorleifsson meh

Anno 1711 dag 30. maí að Suðureyri við Sogundarfjörð að settu manntalsþingi aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingmenn hvort þeir vissu nokkur þaug mál tilfallið hafa síðan 1711 Sancte Hans dag hér í þingsókn

sem sér bæri eftir að ganga eður kónglegrar majestatis sakeyrir viðlægi, og sögðu samankomnir þingmenn að þeir hvorugt þetta vissu tilfallið. Til merkis sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir.

Þorsteinn Jónsson meh	Jón Þorgilsson meh
Grímur Steinsson meh	Sigurður Þorleifsson meh
Páll Jónsson meh	Jón Sigmundsson meh
Árni Sigmundsson mev	

Anno 1711 dag 1. júní að settu manntalsþingi að Hóli í Bolungarvík* vorum vér eftirskrifaðir menn í dóm nefndir, Sigmundur Sæmundsson, Magnús Steinsson, Brynjólfur Bjarnason, Snæbjörn Kolbeinsson, Jón Jónsson og Jón Jónsson eldri, af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um það málefni sem Bjarni Nikulásson dóms á beiddist, hvort hann mætti ekki eftirkomandi ár 1711 njóta sinnar ábýlisjarðar Meiribakka að svo miklu sem honum hefði fyrirfarandi ár 1710 sér til brúknar verið léð og heimilað af heiðurlegum kennimanninum séra Teiti Pálssyni og nefndur Bjarni Nikulásson segist af prestinum nefnda jörð í vetur hafa heima falað sér til ábýlis og ekki fengið, hvörju presturinn séra Teitur ei móttsegir. Óskar nú nefndur Bjarni Nikulásson opinberlega á þinginu að presturinn séra Teitur Pálsson (hafi hann þar löglegt umboð til) sér nú jörðina byggi og lofar á henni í skilum standa næstkomandi ár og láta nefnda sína ábýlisjörð Meiribakka í aungvu níðast það frekast hann kann og má, ellegar að presturinn láti sig vita nú á þessu þingi ef hann má eður hafi orðsök til eftir lögum það að auglýsa sem sér megi hrinda frá jarðarinnar ábýli næstkomandi ár 1711, þar hann hafi ei hingað til dags neinar orðsakir fengið, en nú væri komið mánudagurinn fyrstur í fardögum og kynni hann ei að skaðlausu lengur í óvissu um sitt ábýli vera.

Er nú andsvar prestsins séra Teits Pálssonar að hann afsegir oftnefndum Bjarna Nikulássyni ábýlis að njóta næstkomandi ár 1711 á fyrrgreindri jörðu Meiribakka eður neitt gagn af honum hafa, en býður honum aðra jörðu þar nálæga Breiðaból 4 hundruð að dýrleika næstkomandi ár 1711 til ábýlis, því presturinn segist þurfa jarðarinnar Meiribakka undir bú sitt svo mikið sem Bjarni Nikulásson haft hefur fyrirfarandi ár 1710*, til þess að halda kúgildum staðarins við magt. Óskaði nú fyrrnefndur Bjarni Nikulásson af samankomnum þingmönnum vitnisburðar, hvort presturinn mundi mjög þurfa þessar jarðar, hvar til þingmenn svoleiðis svara, að þeir kynni ei vita að presturinn þessar nefndrar jarðar undir bú stórlega með þurfi, þar presturinn byggi nokkuð af staðnum. En þessi jörð Meiribakki sé frá Eyri, þar presturinn er nú ábúandi, undir þingmannaleið til vegalengdar, þó mjög örðugrar*. Og kom nú presturinn séra Teitur fram með aungvar fleiri orðsakir en áðurskrifaðar eru nú fyrir

vorn dóm áðurskrifaðri sinni útbyggingu til styrkingar að hann hefði fleiri orðsakeri eður sakir til oftnefnds Bjarna Nikulássonar* að kæra þó þess væri af honum óskað. Kom ekki heldur fram fyrir vorn dóm að eigandi jarðarinnar Meiribakka hefði prestinum séra Teiti nú í ár umboð gefið eður leyft á nefndri jörðu að hafa sitt bú, ei heldur að maðurinn hafi jörðina nítt eður nein óskil sýnt um jarðarinnar eftirgjald.

Athuguðum vér þaug kónglegrar majestatis lög sem hér að hníga og vorum dómi má til bata koma, stendur svo víða í landslögnum að enginn skal öðrum skaða gjöra, item landsleigubálki 28. capitula: Umboðsmaður má öðrum jarðir byggja en ei sjálfum sér. Einnin kónglegrar majestatis bréf vors allranáðugasta herra Friderichs 4. umgetur að aungvum jarðarábýlismanni skuli frá sinni leigujörðu án vissra orðsaka útvísast. Því í herrans nafni og að heilags anda náð með oss tilkallaðri, fyrir áðurskrifaðar laganna greinir og þær fleiri sem í lögnum hér að hníga, dæmum vér fyrrnefndir dómsmenn með fullu dómsatkvæði að fyrrnefndur Bjarni Nikulásson njóti að frjálsu og heimilu ábýlis á oftnefndri jörðunni Meiribakka 1711 að svo miklu sem honum* hefði fyrirfarandi ár af nefndum Meiribakka byggt verið og á jörðunni verið með þeim skilmálum sem hann fyrirfarandi ár 1710 jörðina tekið hefur, og hana ei skemmast láta það hann frekast kann að gjöra. Samþykkti þennan dóm með oss dómsmönnum áðurskrifaður sýslumann og skrifar sitt nafn með vorum hér fyrir neðan sama stað, ár og dag sem í öndverðu greinir.

Magnús Steinsson meh
Brynjólfur Bjarnason meh
Jón Jónsson meh

Markús Bergsson mpp
Sigmundur Sæmundsson meh
Jón Jónsson meh
Snæbjörn Kolbeinsson meh

Anno 1711 dag 1. júní* að settu Hólsþingi spurði sýslumaðurinn Markús Bergsson nálæga þingmenn hvort þeir vissi nokkur þaug mál til hafa fallið síðan næstliðna Jónsmessu 1710 hér í sókn sem sér bæri eftir að ganga eður kónglegrar majestatis sakeyrir viðlægi, og sögðu þeir að þeir vissu hvorugt þetta tilfallið. Til merkis sama stað, ár og dag sem áður segir.

Jón Jónsson meh
Björn Ketilsson meh
Brynjólfur Bjarnason meh

Sigmundur Sæmundsson meh
Snæbjörn Kolbeinsson meh
Oddur Einarsson meh
Jón Jónsson meh

Anno 1711 þann 15. júní að settu manntalsþingi á Hesteyri upplás virðuglegur sýslumaðurinn Markús Bergsson bréf eðla herra landfógetans Páls Beyers þess innihalds, að nefndur eðla herra landfógetinn lýsir eftir að resterað hafi hjá

fyrirverandi sýslumanni í Ísafjarðarsýslu nyrðra parti, Þorláki sáluga Guðbrandssyni Vídalín, af vanalegri afgift 1706 og 1707, 35 rixdalir in specie til samans, hvörri skuld eðla landfógetinn hafði lýst opinberlega í lögréttu í fyrra 1710 og tilsegir nú sýslumanninum nefnda skuld útheimta, og nær sýslumaðurinn aðspurði samankoma þingmenn eftir fémunum Þorláks sáluga Guðbrandssonar Vídalín framgaf sig fyrirverandi lögréttumaður Ólafur Árnason og lýsti opinberlega að þeir fémunir sem hann hefði uppskrifað eftir sáluga Þorlák Guðbrandsson væri til sín komnir og þeirra andvirði enn hjá sér inni stæði, hvað vera muni 35 rixdalir in specie, og þar að auki nokkrir fémunir, hvörja hann afsegir úti að láta nema við forsvarsmann erfingja sáluga Þorláks Guðbrandssonar eður hans löglegan umboðsmann. Aðspurði sýslumaðurinn samankomna þingmenn hvört þeir vissi nokkurn mann hér í Ísafjarðarsýslu sem lagasvörum skyldugleika eður tengda vegna bæri uppi að halda fyrir hönd barna Þorláks sáluga Guðbrandssonar, hvar til þingsóknarmenn svoleiðis andsvöruðu að þeir öngvan vissu nærskyldari en föðurföður barnanna Guðbrand Arngrímsson og Arngrím Bjarnason barnanna móðurbróður, hvör bréflaga lögréttumaðurinn Ólafur Árnason segir sig bedið hafa tilsjón að hafa um eftirlátið góss margnefnds Þorláks sáluga Guðbrandssonar, það að virða og fyrir haganlega peninga burt að selja og forvara. Að þetta allt framan- og ofanskrifað svo framfarið hafi vottum vér undirskrifaðir sem til þingsvitnis nefndir vorum af sýslumanninum Markúsi Bergssyni á sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir.

Magnús Bjarnason meh

Bjarni Jónsson meh

Bjarni Jónsson meh

Jón Svarthöfðason meh

Jón Steinsson meh

Jón Björnsson mev

Sigmundur Sæmundsson meh

Anno 1711 þann 15. júní að settu manntalsþingi að Hesteyri kom virðuglegur sýslumaðurinn monsieur Sigurður Jónsson og frambar opinberlega að Einar Guðmundsson, sem búandi var á eignarjörðu hans elskulegrar ektakvinnu Ólöfar Jónsdóttur, hefði í burtu fengið innstæðukú sem hjá honum í leiguburði verið hefði, hvörki með sinni vitund eður heimild, né erugöfugar tengdamóður sinnar, Ingibjargar Pálsdóttur, og gaf nefndum Einari Guðmundssyni fyrir réttinum fullar sakir á leigukúgildisins órélegri meðhöndlun sem hann mætti að lögum gjöra. Einnin frambar sýslumaðurinn Sigurður Jónsson fyrir réttinn að fyrrnefndur Einar hefði fargað fyrir sér fimm ám af innstæðu sem hjá honum í byggingu verið hefði, sér óvitandi og í öngri heimild, og játaði Einar Guðmundsson óneyddur og viljuglega fyrir réttinum sig sekan vera í framanskrifuðum framburði sýslumannsins Sigurðar Jónssonar um óheimild og leynilega

meðferð á fyrrgreindri innstæðukú, sem og nefndum fimm leiguám, og lofaði greindur Einar Guðmundsson að virðuglegur sýslumaðurinn Sigurður Jónsson skyldi uppbera fullkomið andvirði fyrir nefnda innstæðukú, sem og áðurgreindar fimm ær, og að því betöluðu gaf sýslumaðurinn nefndum Einari upp þá sök sem sér eður eruverðugri Ingibjörgu Pálsdóttur kynni hér ásegjast, að kónglegrar majestatis rétti óforkrenktum. Og að þetta allt framan- og ofanskrifað svo framfarið hafi vottum vér undirskrifaðir á sama stað, ári og degi sem hér næst greinir.

Magnús Bjarnason meh
Bjarni Jónsson meh
Jón Svarthöfðason meh
Jón Björnsson meh

Ólafur Árnason meh
Bjarni Jónsson eldri meh
Jósep Jónsson meh

Á sama stað og degi vorum vér eftirskrifaðir menn, Ólafur Árnason fyrrverandi lögréttumaður, Magnús Bjarnason, Jón Björnsson, Jón Svarthöfðason, Bjarni Jónsson og Jón Steinsson hreppstjórar, til dóms nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni, hvört Einar Guðmundsson, sem áður er áminnst, skuli við kóngdóminn sekur vera, hvörsu lítið eður mikið, fyrir áður áminnsta hans meðhöndlun á innstæðukú, sem og leiguám fimm sem hann fargað hefur fyrir sýslumanninum Sigurði Jónssyni og áðurskrifað umgetur. Var nú nefndur Einar til staðar og gaf sig velviljuglega undir dómsatkvæði fyrrnefndra dómsmanna og sagðist öngvar afbatanir fyrir sig bera kunna. Stendur svo í kaupabálki 16. capitula: Nú drepur maður viljahendi leigufé utan orðlofs þess er á, bæti hálfmörk fyrir kúgildi hvört eftir réttri tiltölu, hvört sem er meira eða minna, hafi kóngur hálf en hálf sá er leigufé átti. Því í herrans nafni fyrir þessa grein laganna dæmum vér fyrrnefndir dómsmenn með fullu dómsatkvæði fyrrnefndan Einar Guðmundsson sekan kóngdóminum hálfa mörk fyrir förgun á títtnefndum kúgildum, og gjaldi sem vitafé. Samþykkti þennan vorn dóm áðurnefndur valdsmann og skrifar sitt nafn með vorum hér fyrir neðan að sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Magnús Bjarnason meh
Bjarni Jónsson meh
Jón Svarthöfðason meh
Jón Steinsson meh

Markús Bergsson mpp
Ólafur Árnason meh
Jón Björnsson meh

Anno 1711 þann 27. maí að settu manntalsþingi að Ögri í Ögurssveit af sýslumanninum Sigurði Jónssyni (hvör þar þing hélt eftir tilsögn veðla herra vicelögmansins Odds Sigurðssonar) voru þingsóknarmenn opinberlega aðspurðir hvört þeir vissu kóngdóminum nokkrar sakir tilfallið eður dæmdar verið hafa síðan Sancte Hans dag 1710 og til þessa, eður nokkur vogrek upp-

borið í þessari þingsókn um áður tiltekinn tíma, hvar til þeir samþykkilega svöruðu að þeir hefði þess ekki áskynja orðið, hvörju til merkis eru undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Jón Þórðarson meh
Bjarni Jónsson meh
Ívar Jónsson hs

Jón Sigurðsson meh
Guðmundur Þorkelsson meh
Ívar Þorvarðsson meh
Jón Jónsson hs

Anno 1711 þann 28. maí að settu manntalsþingi að Reykjarfirði í Vatnsfjarðar- sveit af virðuglegum sýslumanninum monsieur Sigurði Jónssyni (sem þar hélt þing eftir tilsögn veðla herra vicelögmansins Odds Sigurðssonar) eftirspurði velnefndur sýslumaðurinn nærverandi þingsóknarmenn hvört þeir vissi kóng- dóminum nokkrar sektir tilfallið eður dæmdar verið hafa frá Sancte Hans dag 1710 og til þessa, sömuleiðis hvört þeir vissi nokkur vogrek uppborið hafa um áðurnefndan tíma í téðri þingsókn, hvar til þeir svöruðu allir sameiginlega að þeir vissi hvörugt tilfallið hafa, hvörju til merkis eru undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Jón Hannesson
Gísli Pálsson
Ólafur Þorgrímsson meh
Gísli Magnússon

Torfi Þorgeirsson meh
Þórður Þorgrímsson
Jón Gíslason meh

Anno 1711 þann 28. maí að settu manntalsþingi að Reykjarfirði í Vatnsfjarðar- sveit framkom Jón Jónsson heimilismaður að Vatnsfjarðarstað og uppbaud þessa eftirskrifaða fémuni þeirra réttum meðtökumanni, hvörjum helst sem vera kynni, vegna sinnar ektakvinnu Hallgrímu Lífjarnsdóttur, hvör að fyrsta einföldu hórdómsbroti með Þorvarði Pálssyni að Ögri í fyrravetur á þorra aug- ljós varð.

1. 1 rixdalur specie, 2 cronur og 2 hálfcronur. Item einn pening, meinast rixört.

2. Litla tinkönnu, vegur hálf annað pund.

3. Járnþott, vegur með hrími og höldu 12 pund.

4. Einn fjórðung til vigtar í sauðskinnum.

5. 3 pör sokka og þrjú pör vettlinga.

6. Í bókum Kristilegrar trúar höfuðgreinir, Mysterium magnum, gamalt, Genesis sálmar, Andleg féhirðsla rétttrúaðra, Hugvekjúsálmar skrifaðir gaml- ir.

7. Hálf annað pund í látúni og kopar aðskiljanlegum.

Vísar nú sýslumaðurinn Sigurður Jónsson og alvarlega áminnir áður skrif-
aðan Jón Jónsson að hann hið fyrsta er viðkomið getur með þetta, eður hvað
annað gjaldgenget hann hafa kann sinnar konu vegna, fari* til fyrrverandi sýslu-
manns monsieur Páls Torfasonar, sem fyrirfarandi árs sakafall uppbera átti, og
þar reikningsskap af að standa. Þessu til merkis er mitt nafn ásamt undirskrif-
aðra hér við sett sama stað, ári og degi er fyrir segir.

Sigfús Jónsson meh
Torfi Þorgeirsson meh
Gísli Pálsson meh

Sigurður Jónsson
Ólafur Þorgrímsson
Þórður Þorgrímsson
Gísli Magnússon

Anno 1711 þann 29. maí að settu manntalsþingi að Nauteyri á Langadalströnd
af virðuglegum valdsmanninum monsieur Sigurði Jónssyni (sem þar þingaði
eftir tilsögn veðla herra vicelögmansins Odds Sigurðssonar) eftirspurði vel-
nefndur sýslumaðurinn nærverandi þingsóknarmenn hvört þeir vissi kóngdóm-
inum nokkrar sakir tilfallnar eður dæmdar vera síðan Sancte Hans dag 1710 og
til þessa tíma. Og einninn hvört þeir nokkur vogrek uppborin vissi um fyrir til-
tekinn tíma í téðri þingsókn, og lét sig enginn í ljósi sem vita þóttist nokkuð af
áður nefndu tilfallið hafa, hvörju til merkis eru undirskrifuð nöfn á sama stað,
ár og dag sem áður greinir.

Þórður Jónsson meh
Ari Jónsson meh
Hafliði Árnason hs

Eggert Snæbjörnsson meh
Bjarni Gunnlaugsson meh
Páll Þorsteinsson meh
Árni Jónsson meh

Anno 1711 þann 30. maí að settu manntalsþingi að Unaðsdal á Snjófjallaströnd
af virðuglegum sýslumanninum monsieur Sigurði Jónssyni (sem þar hélt
þing eftir befalning veðla herra vicelögmansins Odds Sigurðssonar)
eftirleitaðist velnefndur valdsmaðurinn af oss undirskrifuðum og nærverandi
þingsóknarfólki hvört nokkur af oss vissi kónglegri majestat nokkrar sektir
tilfallið eða dæmdar verið hafa síðan Sancte Hans dag 1710 og til þessa dags,
og sömuleiðis hvört nokkur vogrek uppborið hefði að vorri vitund um fyrir
ákveðinn tíma í nefndri þingsókn, hvar til vér svörum sameiginlega að það er
ekki það framast vér höfum áskynja orðið og formerkt, hvörju til merkis eru
vor undirskrifuð nöfn á sama stað, ár og degi sem fyrir segir.

Jón Brandsson hs
Bjarni Erlendsson meh
Páll Þormóðsson hs
Eysteinn Jónsson mpp

Bjarni Jónsson hs
Jón Jónsson meh
Þórarinn Gíslason

Anno 1711 þann 1. júní að settu manntalsþingi að Súðavík við Álftafjörð af virðuglegum sýslumanninum monsieur Sigurði Jónssyni, eftir tilsögn veðla herra vicelögmansins Odds Sigurðssonar, eftirspurði velnefndur sýslumaðurinn nærverandi þingsóknarmenn hvört nokkur þeirra vissi kóngdóminum nokkrar sakir tilfallið eður dæmdar verið hafa síðan Sancte Hans dag 1710 og til þessa tíma. Eður hvört þeir vissi nokkur vogrek uppborið hafa um áðurnefndan tíma í téðri þingsókn, og gáfu þeir allir það sameiginlegt svar að það væri hvörugt að sinni vitund, hvörju til merkis eru undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrir segir.

Ólafur Hannesson	Sigfús Jónsson meh
Bjarni Jónsson meh	Markús Guðmundsson
Eyjólfur Jónsson meh	Tómas Einarsson meh
	Bjarni Gunnarsson meh

Anno 1711 þann 2. júní að settu manntalsþingi að Tungu við Skutulsfjörð af virðuglegum valdsmanninum monsieur Sigurði Jónssyni, eftir tilsögn veðla herra vicelögmansins Odds Sigurðssonar, eftirspurði velnefndur valdsmaðurinn nærverandi þingsóknarmenn hvört nokkrum þeirra væri kunnugt að kóngdóminum hefði nokkrar sakir tilfallið eða dæmdar verið síðan Sancte Hans dag 1710 og til þessa tíma. Og í sama máta aðspurði velnefndur sýslumaðurinn hvört nokkur vissi af nærverandi þingsókn nokkur vogrek uppborið hafa um fyrir ánefndan tíma í þessari þingsókn eður nokkurslags raritet sem kóngdóminum tilheyrði, hvar til þeir svoleiðis svöruðu að þeir ekkert af áðursögðu vissu um tiltekinn tíma það sýslumanninum kóngdómsins vegna bæri eftir að grennslast, hvörju til merkis eru undirskrifuð nöfn á sama stað, ári og degi sem fyrir segir.

Bjarni Eyjólfsson meh	Jón Jónsson meh
Ásmundur Ketilsson meh	Bjarni Ketilsson meh
Jón Arason meh	Þórður Pálsson meh
Jón Örnúlfsson meh	

Anno 1711 þann 3. júní að settu manntalsþingi á Mosvöllum við Önundarfjörð af virðuglegum sýslumanninum monsieur Sigurði Jónssyni, eftir skikkun veðla herra vicelögmansins Odds Sigurðssonar, eftirspurði velnefndur sýslumaðurinn nærverandi þingsókn hvört nokkur vissi kóngdóminum sakir tilfallið hafa eða dæmdar verið frá Sancte Hans dag fyrirfarandi árs 1710 og til þessa dags. Sömuleiðis eftirspurði áðurnefndur valdsmaðurinn hvört nokkur vogrek uppborið hefði í nefndri þingsókn um fyrirtéðan tíma að vitund nærverandi þingsóknarmanna, hvar til þeir þannin andsvöruðu að þeir það ekki vissi, hvörju til merkis eru undirskrifaðir að sama stað, ári og degi sem áður segir.

Magnús Jónsson meh
Guðlaugur Jónsson meh
Gils Þorleifsson meh
Gissur Tumasson meh

Sigurður Björnsson meh
Lífgjarn Jónsson meh
Jón Jónsson meh

Anno 1711 þann 8. júní að settu manntalsþingi að Auðkúlu við Arnarfjörð af virðuglegum sýslumanninum monsieur Sigurði Jónssyni, eftir tilsögn veleðla herra vicelögmansins Odds Sigurðssonar, aðspurði velnefndur valdsmaðurinn viðstadda þingsóknarmenn hvört þeir vissi kónglegri majestat nokkrar sektir tilfallið eður dæmdar verið hafa frá Sancte Hans dag næstliðins árs 1710 og til þessa, svo og líka spurði áðurnefndur valdsmaðurinn hvört nokkur vogrek hefði uppborið í téðri þingsókn um fyrrnefndan tíma, svo þeim væri kunnugt um sem úr þessari þingsókn hér nærverandi eru, eður hvört nokkurslags raritet tilfallið hefði kónglegri majestat um fyrrnefndan tíma í greindri þingsókn sem honum bæri eftir að grennslast, hvörju þeir svöruðu allir sameiginlega að þeir vissi ekkert af áðurnefndu tilfallið hafa um tiltekinn tíma í nefndri þingsókn. Og þessu til merkis eru undirskrifuð nöfn að sama stað, ár og dag sem næst fyrir framan greinir.

Þorleifur Magnússon meh
Úlfur Pálsson meh
Jón Jónsson meh
Sigurður Guðmundsson meh

Jón Ísleifsson meh
Eyjólfur Jónsson meh
Sigurður Bjarnason meh

Anno 1711 þann 8. júní að settu manntalsþingi að Auðkúlu við Arnarfjörð óskaði og eftirspurði virðuglegur valdsmaðurinn monsieur Sigurður Jónsson sannleiksins meðkenningar af nærverandi þingsóknarmönnum um þá fémuni sem eftir væri eftir Ólaf Guðmundsson sem á næstliðnum vortíma sálaðist á Borg við Arnarfjörð* eður hvört nokkur vissi hann þá átt hafa þá hann brotlegur varð með Hallbjörgu Magnúsdóttur að fyrsta frillulífis barneignarbroti í Barðastrandarsýslu anno 1710 og eftir það brot auglýst hingað í sókn veikur færðist, hvar uppá samankomnir þingsóknarmenn svoleiðis svara að þeir vissi öngva fémuni eftirlátna vera af Ólafi sáluga Guðmundssyni og eigi heldur hann eiganda að vissu þá heiðarlegur kennimaðurinn séra Sigurður Hallsson hann aflesti við tvo erlega votta í vetur á sinni sóttarsæng að Borg, á hvörri hann þar eftir sálaðist. Til merkis undirskrifuð nöfn að sama stað, ári og degi sem fyrir segir.

Þorleifur Magnússon meh
Jón Ísleifsson meh
Eyjólfur Jónsson meh
Guðmundur Þorbjörnsson hs

Jón Jónsson meh
Úlfur Pálsson meh
Sigurður Bjarnason meh

1712

Anno 1712 dag 30. mars að settu manntalsþingi að Hesteyri við Jökulfjörður vorum vér eftirskrifaðir menn, Ólafur Árnason lögréttumaður, Sigmundur Sæmundsson, Jón Björnsson, Jón Svarthöfðason, Magnús Bjarnason, Einar Jónsson og Ólafur Jónsson, til þingvitnis nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni til að heyra og minnast hvað hér fyrir réttinum nú í dag kynni viðbera, þó einkanlega framburð þeirra manna sem fyrrnefndur sýslumaðurinn hefur hingað stefnt til vitnisburðar útgefningar og sanninda auglýsingar viðvíkjandi þeim orðum eður atvikum sem Einar Guðmundsson hefur sig um bréflaga klagað fyrir sýslumanninum Markúsi Bergssyni, svo sem það bréf nú upplesið sér líkast hermir, daterað að Skálholti þann 6. september anno 1711, hvörs sérlegasta inntak er sem eftir fylgir, að hann þykist vanhaldinn mjög af sínum sóknarpresti séra Einari Ólafssyni þá verandi í þeim orðum og atvikum (segir hann) er hann við sig í frammi hafði á þessu ári 1711 þann 10. dag maí, sem var 5. sunnudagur eftir páska, að Staðarkirkju við Aðalvík, og hefur beðið* þess vegna velnefndan sýslumanninn Markús Bergsson þing halda á Hesteyri við Jökulfjörður innan veturnátta fyrirfaranda ár 1711 og óskar af honum að kalla þessa menn, Bjarna tvo Jónssyni á Hesteyri, Bjarna Jónsson á Görðum, Jósep Jónsson á Sléttu, Jón Jónsson á Látrum, Bjarna Jónsson á Sæbóli, Tómas Einarsson á Miðvík, til að bera vitni undir sinn svarinn eið um öll þaug orð og atvik er áðurgreindur presturinn séra Einar Ólafsson í frammi hafði við sig á áðurnefndum stað og degi. Undir þetta bréf er skrifað Einar Guðmundsson með eigin hendi. Uppá þetta bréf er skrifað að séð og yfirlesið hafi að Skálholti þann 8. október anno 1711, Markús Bergsson mpp.

Framvegis auglýsti sýslumaðurinn Markús Bergsson meðkenning Einars Guðmundssonar að hann játar að hann hafi sér boðið það fljótasta að fullnægja sinni bón eftir fyrrgreindum seðli þing að halda á Hesteyri og vottunum þangað að stefna, hvað Einar hafi þá ei viljað þiggja, heldur sagt valla mögulegt um háveturinn þing að halda á nefndum þingstað eður það eindaga, svo sem sá seðill sér líkast hermir dateraður að Vigur 4. desember anno 1711 með undirskrifuðu nafni, Einar Guðmundsson meh. Hvörn framburð fyrrnefnds Einars Guðmundssonar um þings óhentugleikann samankomnir þingmenn játuðu sannan vera.

Og var nú upplesin opinberlega sú stefna sem nefndur sýslumaðurinn Markús Bergsson hafði með fyrirhallað til þessa þings þá menn sem oftnefndur Einar Guðmundsson hafi í fyrr áminnstu bréfi af honum óskað, hvörrar stefnu var

sérlegasta inntak, sem eftir fylgir, að hann stefnir öllum áðurskrifuðum mönnum til Hesteyrar við Jökulfjörður á þingstað venjulegan frá Aðalvík á þann 30. dag marsmánaðar þessa árs 1712, sem er miðvikudagurinn næstur eftir páska, til að bera sannleikans vitnisburð undir sinn svarinn eið um öll þaug orð og atvik sem þeir framast vita og heyrt hafa að presturinn séra Einar Ólafsson hafi í frammi haft við Einar Guðmundsson að Staðarkirkju í Aðalvík þann 10. dag maí fyrirfarandi ár 1711, sem var fimmta sunnudag eftir páska, er stefnan dateruð þann 14. mars anno 1712 með undirskrifuðu nafni, Markús Bergsson.

Hvörjir allir áðurskrifaðir menn hér voru nú til staðar og viðurmælis og játuðu stefnufyrirkallið sér auglýst verið hafa, ásamt presturinn séra Einar Ólafsson sem citeraður og viðvaraður hefur verið til vitnisburða áheyrslu á þenna stað og dag sem nú upplesin citatia sér líkast hermir, hvörrar sérlegasta inntak svo er látandi sem eftir fylgir, að sýslumaðurinn Markús Bergsson citerar og aðvarar prestinn séra Einar Ólafsson til að vera viðstaddan á fyrr tilteknum stað og degi, og heyra á meðan vitnisburðir eru útgefnir og staðfestir um öll orð og atvik sín við Einar Guðmundsson ef nokkur ósæmileg verið hafa að Staðarkirkju í Aðalvík 5. sunnudag eftir páska fyrirfarandi ár 1711. Stefnan er dateruð að Stað í Aðalvík þann 14. mars anno 1712, með undirskrifuðu nafni, Markús Bergsson. Uppá hvörja citatiu presturinn séra Einar Ólafsson hefur svolátandi orð áskrifað að hana yfirlesið hafi og hennar copiu samhljóðandi meðtekið hafi þann 14. mars anno 1712.

Og var nú presturinn séra Einar Ólafsson hér nú viðstaddur velviljuglega og sagðist ánægður með fyrrnefnda citatiu og vilji nú (þó vegna aldurdómsins mjög þjáður sé) áheyrandi vera meðan fyrrnefndir menn gefa sinn vitnisburð út honum viðvíkjandi. En Einar Guðmundsson er nú ei viðstaddur og segjast ei þingmenn vita að hann sé nú nærri þó sýslumaðurinn oftsinnis eftir honum spurt hafi. Óskaði nú sýslumaðurinn af samankomnum þingmönnum vitnisburðar hvort þeir vissu nokkuð það í fari áðurnefndra manna sem þá hindraði frá vitnisburðar útgefningu um sagt efni og óskaði að þingmenn léti það í ljósi ef til vissu. En áminnti þó menn það eina að bera vottunum til hindrunar sem satt og rétt væri og þeir vissu skilvíslega af og gæti bevísað nú á þinginu. Kom nú fram fyrst af vottunum Bjarni Jónsson eldri og tjaist sannferðuglega af þingsókninni að presturinn séra Einar og hann séu að skyldugleika systrasynir, í sama máta Bjarni Jónsson í Görðum manni firmari að skyldugleika við prestinn en fyrrnefndur Bjarni, í þriðja máta Bjarni Jónsson yngri á Hesteyri öðrum og þriðja að mægðum, sem og einnin þremmeningsmægðir við fyrrnefndan prestinn. Og óskuðu nú fyrrnefndir þrír menn af tilnefndum þingheyrurum álits hvort þeir væri skyldugir prestinum mótvitni bera þar svo tengdir væri og er áðurnefndra þingheyrara álit að þeir kunni ei sjá þá tilskyldast fyrrnefndum

prestinum mótvitni bera eftir kaupabálki 2. capitula, item mannhelgi 3., 7., 16. capitulum.

Framvegis það viðvíkur hinum 4 mönnum, Jósep Jónssyni á Sléttu sem lét upplesa sinn vitnisburð dateraðan að Hesteyri 17. febrúar anno 1711, sem og vitnisburð séra Einars Ólafssonar dateraðan að Stað í Aðalvík 11. febrúar anno 1711, hvörjir báðir hljóða um hans erlega kynning, og kom nú enginn sem henni mótsagði. Sama máta um Tumas Einarsson, hvörjum hans vitnisburðum enginn af þingsóknarmönnum þá mótsagði. Einnin kom sá enginn fram sem í ljósi léti annað en frómt og erlegt um Bjarna Jónsson á Sæbóli eður Jón Jónsson á Látrum þó sýslumaður oftlega eftirspurði og krafðist í ljós væri látinn ef nokkur vissi opinberlega af þingsóknarmönnum, og krafðist nú sýslumaðurinn í náveru prestsins af fyrrnefndum mönnum sannleikann að auglýsa og opinbera í fyrr áminnstu efni, og lofaði hvör þeirra með handsölum* að segja það og staðfesta sem satt er og þeir framsegði. Óskaði nú sýslumaðurinn af fyrrnefndum þingheyrurum álits og löglegrar úrlausnar hvort fyrrnefndum mönnum beri ekki eiður og sýslumaðurinn tilskyldugur sé eið af fyrrnefndum mönnum taka uppá framburð þeirra manna sem áður er áminnst og er því úrskurður vor áðurnefndra þingheyrara að sýslumaðurinn sé tilskyldugur framburð fyrrnefndra þriggja manna að innfæra og þá sverja láta það þeir velviljugir vitna vilja, og ekki kemur neitt fram sem þessa menn hindri uppá þeirra gott mannorð eður rykti eður neina óskilsemi, ellegar fáfræði, byggjandi þennan vorn útskurð uppá Norsku laga 1. bók, 13. capitula, articulum 2, 7, 23, 24.

Og voru nú fyrrnefndir menn, Jósep Jónsson, Tómas Einarsson og Bjarni Jónsson, sér í lagi hvör fyrir sig inn fyrir oss kallaðir, rannsakaðir og yfirheyrðir í prestsins séra Einars Ólafssonar náveru, og sóru með uppréttum fingrum eftir það eiðsútþýðingin var af sýslumanninum þeim auglýst, með þessum eiðstaf sem eftir fylgir: Til þess legg ég, Jósep Jónsson, Tómas Einarsson, Bjarni Jónsson, hönd á helga bók og það segi ég guði almáttugum að ég skal bera sannleikans vitnisburð og framsegja nú fyrir réttinum öll þaug orð og atvik sem ég minnst að séra Einar Ólafsson hafi talað og frammi haft við Einar Guðmundsson að Staðarkirkju fyrirfarandi ár 1711, þann fimmta sunnudag eftir páska, og af nefndum orðum og atvikum skal ég aungvu leyna, það minnst, og ekki neinu viðbæta, og þetta gjöri ég hvorki fyrir vild né vináttu eður óvináttu, heldur sannleikanum til styrkingar og að svo stöfuðum eiði sé mér guð svo hollur sem ég satt segi, gramur ef ég lýg, sagði hvor um sig.

Og bar Jósep Jónsson þetta eftirskrifað uppá þennan sinn aflagðan eið: Það heyrði ég prestinn séra Einar Ólafsson tala við Einar Guðmundsson fyrir kirkjudyrnum á Stað í Aðalvík þann 10. maí anno 1711: Þú skalt hvorki fá lög né rétt þinn hundur. Þú ert hundur kristilegrar kirkju, farðu nú til prófasts og

biskups, láttu prófast koma og hans presta, hvar er nú prófastur og biskup, ég akta þá eins og þig en ei meira. Þú ert útflæmdur lygari, þú ert ærulaus þjófur og aldrei skal ég við þér taka, heldur en fjandinn, utan með áminningu eður opinberri aflausn eður með bannfæringu, því ég afsegi þér himnaríki og herrans forþénustu og fyrir mér skaltu verða að krjúpa, ég er guð. Segist Jósep nú ei minnast réttilega frammar orðrétt að herma það presturinn hafi kunnað að tala til Einars Guðmundssonar en nú hefur hann framsagt.

Í annan máta segir Tómas Einarsson og hermir (uppá sinn aflagðan eið) að presturinn séra Einar Ólafsson hafi talað við Einar Guðmundsson við kirkjudyrdur á Stað í Aðalvík þann 10. dag maí anno 1711 þessi eftirskrifuð orð: Þú skalt hvorki fá lög né rétt þinn hundur, þú ert hundur kristilegrar kirkju, þú ert útflæmdur lygari, þú ert ærulaus þjófur, skelmir og ódádaskáلكur. Ég afsegi þér himnaríki og alla náð og miskunn guðs og herrans forþénustu, tilsegi þér og boða helvíti og fyrirdæmingu, og afhendi þig djöflinum, því þú skalt héðan úr sveit rekast og flæmdur verða af mér og til helvítis burtsmánast. Segist nú áðurnefndur Tómas ei frekara orðrétt muna af prestsins orðum en hann hefur nú framsagt.

Kom nú fram Bjarni Jónsson og hermir (uppá sinn aflagðan eið) að presturinn séra Einar Ólafsson hafi talað við Einar Guðmundsson við kirkjudyrdur á Stað í Aðalvík þann 10. dag maí anno 1711 þessi eftirskrifuð orð: Þú ert hundur kristilegrar kirkju, þú ert útflæmdur lygari, þú ert ærulaus þjófur. Þú ert skelmir og ódádaskáلكur, þú skalt aungu vott á fá né hafa, farðu nú til biskups og prófasts, láttu nú prófast koma og hans presta, ég akta þá eins og þig en ei meira, og aldrei skal ég við þér taka, ég er guð, fyrir mér skaltu verða að krjúpa. Segist nú áðurnefndur Bjarni Jónsson ei orðrétt muna að herma fleira af prestsins orðum við Einar Guðmundsson en hann hafi nú framsagt.

Jón Jónsson á Látrum segist ei kunna nein orð uppá prestinn að bera að hann á tilteknum stað og degi hafi talað við Einar Guðmundsson, því hann segist ei svo nærri hafa verið að nein orð hafi heyrt eður heyra kunnað, hvörn sinn framburð hann vill með eiði staðfesta ef þörf sýnist til vera. Setjum svo þetta málefni til andlegra, og til styrkingar að þetta allt framan- og ofanskrifað hafi svo framfarið í prestsins séra Einars Ólafssonar náveru vottum við tilnefndir þingheyrarar sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Magnús Bjarnason meh
Jón Svarthöfðason meh
Ólafur Jónsson meh

Ólafur Árnason meh
Sigmundur Sæmundsson meh
Einar Jónsson
Jón Björnsson meh

Á sama stað og degi aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingmenn hvort þeir vissu nokkur þaug mál hafa tilfallið síðan fyrirfarandi Sancte Hans dag 1711 sem kónglegrar majestatis sekt kynni á að segjast, eður nokkur vogrek hér í sveit hafi uppborið, eður arfalaust góss tilfallið, eður nokkurt raritet svo sem er rosmartender, hvítabjörnshúðir, hvalrafir eður annað þvílíkt kunni hér að fást, og segjast þingmenn ekkert af þessu vita hér hafi tilfallið eður sé hér að fá sem fyrir segir. Til merkis sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Magnús Bjarnason meh	Jón Svarthöfðason
Bjarni Jónsson meh	Bjarni Jónsson meh
Gísli Andrésson meh	Jón Björnsson meh
Einar Jónsson	

Anno 1712 dag 4. apríl að settu manntalsþingi að Unaðardal á Snæfjallaströnd aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingmenn hvort þeir vissu nokkur þaug mál hafa tilfallið síðan Sancte Hans dag fyrirfarandi ár 1711 sem kónglegrar majestatis sekt kynni ásegjast eður nokkur vogrek hér í sveit uppborið eður arfalaust góss tilfallið, eður nokkurt annað kónglegrar majestatis raritet svo sem er rosmartender, hvítabjörnshúðir, hvalrafir eður annað þvílíkt kunni hér að fást, og segjast þingmenn ekkert vita af þessu hér tilfallið eður sé hér að fá sem fyrir segir. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Bjarni Jónsson hs	Bjarni Erlendsson meh
Jón Brandsson meh	Eysteinn Jónsson meh
Þórarinn Gíslason hs	Sæmundur Helgason meh
Einar Guðmundsson hs	

Anno 1712 dag 5. apríl að settu manntalsþingi að Nauteyri aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingmenn hvort þeir vissu nokkur mál hafa tilfallið síðan Sancte Hans dag fyrirfarandi ár 1711 sem kónglegrar majestatis sekt kynni ásegjast eður nokkur vogrek hér í sveit uppborið eður arfalaust góss tilfallið, eður nokkurt annað kónglegrar majestatis raritet svo sem er rosmartender, hvítabjörnshúðir, hvalrafir eður annað þvílíkt kunni hér að fást, og segjast þingmenn ekkert vita af þessu hér tilfallið eður sé hér að fá sem fyrir segir. Til merkis undirskrifað nafn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Þórður Jónsson meh	Eggert Snæbjörnsson
Hafliði Árnason hs	Ari Jónsson meh
Andrés Skúlason hs	Páll Þorsteinsson
Þorsteinn Jónsson hs	

Anno 1712 dag 6. apríl að settu manntalsþingi að Reykjarfirði aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingsóknarmenn hvort þeir vissu nokkur mál hafa tilfallið síðan Sancte Hans dag fyrirfarandi ár 1711 sem kónglegrar majestatis sekt kynni ásegjast eður nokkur vogrek hér í sveit uppborið eður arfalaust góss tilfallið, eður nokkurt annað kónglegrar majestatis raritet svo sem er rosmartender, hvítabjörnshúðir, hvalrafir eður annað þvílíkt kunni hér að fást og segjast þingmenn ekkert vita af þessu hér tilfallið eður sé hér að fá sem fyrir segir. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Jón Hannesson
Jón Jónsson
Teitur Teitsson hs
Arnór Torfason hs

Gísli Pálsson
Jón Gíslason hs
Gísli Magnússon hs

Anno 1712 dag 7. apríl að settu manntalsþingi að Ögri við Ísafjörð aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingsóknarmenn hvort þeir vissu nokkur mál hafa tilfallið síðan fyrirfarandi Sancte Hans dag 1711 sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast eður nokkur vogrek hér í sveit uppborið eður arfalaust góss tilfallið, eður nokkurt annað kónglegrar majestatis raritet svo sem er rosmartender, hvítabjörnshúðir, hvalrafir eður annað þvílíkt kunni hér að fást, og segjast þingmenn ekkert vita af þessu hér tilfallið eður hér sé að fá sem fyrir segir. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Hjalti Bjarnason
Ívar Þórðarson
Þorvarður Sigurðsson
Jón Þórðarson meh

Bjarni Jónsson
Ólafur Jónsson
Narfi Jónsson

Anno 1712 dag 12. apríl að settu manntalsþingi að Tungu við Skutulsfjörð aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingsóknarmenn hvort þeir vissu nokkur mál hafa tilfallið síðan fyrirfarandi Sancte Hans dag 1711 sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast eður nokkur vogrek hér í sveit uppborið eður arfalaust góss tilfallið, eður nokkurt annað kónglegrar majestatis raritet svo sem er rosmartender, hvítabjörnshúðir, hvalrafir eður annað þvílíkt kunni hér að fást, og segjast þingmenn ekkert vita af þessu hér tilfallið eður hér sé að fá sem fyrir segir. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Bjarni Ketilsson meh
Nikulás Ásmundsson meh
Guðmundur Bjarnason meh
Jón Jónsson meh

Jón Örnúlfsson meh
Ólafur Jónsson meh
Jón Arason meh

Anno 1712 dag 13. apríl að settu manntalsþingi að Hóli í Bolungavík aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingsóknarmenn hvort þeir vissu nokkur mál hafa tilfallið síðan fyrirfarandi Sancte Hans dag 1711 sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast eður nokkur vogrek hér í sveit uppborið eður arfalaust góss tilfallið* eður nokkurt annað kónglegrar majestatis raritet svo sem rosmartender, hvítabjörnshúðir, hvalrafir eður annað þvílíkt kunni hér að fást, og segjast þingmenn ekkert vita af þessu hér tilfallið eður hér sé að fá sem fyrir segir. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir greinir.

Kolbeinn Snæbjörnsson meh	Jón Jónsson meh
Björn Ketilsson meh	Guðmundur Jónsson meh
Oddur Einarsson meh	Brynjólfur Bjarnason meh
Magnús Steinsson	

Anno 1712 dag 14. apríl að settu manntalsþingi að Suðureyri aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingmenn hvort þeir vissu nokkur mál hafa tilfallið síðan fyrirfarandi Sancte Hans dag 1711 sem kónglegrar majestatis sök kynni ásegjast eður vogrek hér í sveit uppborið eður arfalaust góss tilfallið, eður nokkurt annað kónglegrar majestatis raritet svo sem er rosmartender, hvítabjörnshúðir, hvalrafir eður annað þvílíkt kunni hér að fást, og segjast þingmenn ekkert vita hér tilfallið eður hér sé að fá sem fyrir segir. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir greinir.

Jón Jónsson meh	Sigurður Þorleifsson meh
Þorsteinn Jónsson meh	Árni Sigmundsson meh
Páll Jónsson meh	Jón Jónsson meh
Jón Þorgilsson meh	

Anno 1712 dag 15. apríl að settu manntalsþingi að Mosvöllum aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingmenn hvort þeir vissu nokkur mál hafa tilfallið síðan fyrirfarandi Sancte Hans dag 1711 sem kónglegrar majestatis sök kynni ásegjast eður vogrek hér í sveit uppborið eður arfalaust góss tilfallið, eður nokkurt annað kónglegrar majestatis raritet svo sem er rosmartender, hvítabjörnshúðir, hvalrafir eður annað þvílíkt kunni hér að fást og segjast þingmenn ekkert vita hér tilfallið eður sé hér að fá sem fyrir segir. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir greinir.

Lífjarn Jónsson meh	Magnús Jónsson meh
Jón Jónsson meh	Guðlaugur Jónsson meh
Eiríkur Ásmundsson meh	Einar Jónsson meh
	Sigmundur Guðmundsson meh

Anno 1712 dag 16. apríl að settu manntalsþingi að Mýrum við Dýrafjörð aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingmenn hvort þeir vissu nokkur mál hafa tilfallið síðan fyrirfarandi Sancte Hans dag 1711 sem kónglegrar majestatis sök kynni ásegjast eður vogrek hér í sveit uppborið eður arfalaust góss tilfallið, eður nokkurt annað kónglegrar majestatis raritet svo sem rosmartender, hvítabjörnshúðir, hvalrafir eður annað þvílíkt og segja þingmenn það kunnir hér ei að fá sem fyrr segir, nema grenitré sem upp hafi borið á Gerðhamrareka nú í vetur að lengd nær 4 álnir sem mannaverk kann á sjást. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Snæbjörn Pálsson meh
Einar Jónsson meh
Jón Guðmundsson meh

Nikulás Bjarnason meh
Þorleifur Hannesson meh
Páll Þorgilsson meh
Jón Jóstsson meh

Anno 1712 dag 16. apríl vorum vér eftirskrifaðir menn, Páll Þorgilsson, Einar Jónsson, Jón Jóstsson, Nikulás Bjarnason, Sigmundur Guðmundsson, Jón Jónsson og Þormóður Magnússon, tilnefndir að settu manntalsþingi á Mýrum af monsieur Markúsi Bergssyni til þingvitnis að heyra á og vitna um þaug forföll sem lögréttumaðurinn Snæbjörn Pálsson framleggur og bauð að auglýsa, hvar fyrir hann kynni ei lengur lögréttumannsembætti þéna, hvar um hann upplás svolátandi bréf þess innihalds sem eftir fylgir:

1. Að herranum hafi þóknast að heimvitja sinnar kvinnu með hættilegum sjúkdómi sem hún borið hefur næsta svo þetta undanfarið ár, hvör að nú svo eflist að hún nokkra næstliðna tíð hafi við sængina haldið, og leiddi nú lögréttumaðurinn Snæbjörn Pálsson fram heimiliskviðarvitni sín fimm sem játuðu satt vera um veikleika hans konu Kristínar Magnúsdóttur, hvörn sinn framburð þeir lofuðu með eiði að staðfesta ef þörf sýndist til vera.

2. Frambar nefndur lögréttumann að hann ætti 3 börn í ómegð en fáa verkamenn, þó síst forverksmenn sem búinu kynni forstöðu veita ef hann um alþingistímam frá sínu heimili með annan mann reisa yrði, hvar af orðsakast kynni að sitt höfuðból yrði nær í eyði að leggja, sem það upplesið bréf sér líkast hermir sem áður er umgetið og hér var birt. Og báru nú samankomnir þingmenn að þeir vissu aungvan kallmann eftirkomandi ár vistaðan fyrir verkmann hjá áðurnefndum lögréttumanni Snæbirni Pálssyni svo þeir viti en vinnukonur ei nema 2 fengnar til þessa tíma.

Fyrir þessar orðsakir segist hann afsegja lögréttumannsembætti lengur þéna úr Ísafjarðarsýslu án æðra yfirvalds skikkunar. Er svo þetta rannsak og þingvitni sett af sýslumanni áðurnefndum Markúsi Bergssyni og tilnefndum þingheyrum til eðla herra lögmanna, herra Lárusar Christianssonar

Gottrup og herra Páls Jónssonar Vídalín ásamt lögréttunnar álits á næstkomandi Öxarárþingi* 1712, hvort áðurnefndur lögréttumaðurinn Snæbjörn Pálsson skuli við lögréttumannsembætti frí og laus vera vegna áðurnefndra orðsaka, og að þetta allt svo framfarið hafi á sama stað, dag og ári sem fyrr segir votta undirskrifaðir.

Einar Jónsson meh
Nikulás Bjarnason meh
Jón Jóstsson meh

Páll Þorgilsson meh
Jón Jónsson meh
Þormóður Magnússon hs
Sigmundur Guðmundsson meh

Anno 1712 dag 18. apríl að settu manntalsþingi að Meðaldal við Dýrafjörð aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingmenn hvort þeir vissu nokkur mál hafa tilfallið síðan fyrirfarandi Sancte Hans dag 1711 sem kónglegrar majestatis sök kynni ásegjast eður vogrek hér í sveit uppborið eður arfalaust góss tilfallið, eður nokkurt annað kónglegrar majestatis raritet svo sem er rosmartender, hvítabjörnshúðir, hvalrafir eður annað þvílíkt kunní hér að fást, og segjast þingmenn ekkert vita hér tilfallið eður hér sé að fá sem fyrr segir. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ólafur Þorláksson
Jón Níelsson meh
Magnús Níelsson meh

Páll Grímsson meh
Jón Pálsson meh
Magnús Sigurðsson meh
Bjarni Jónsson meh

Anno 1712 dag 21. apríl að settu manntalsþingi að Auðkúlu við Arnarfjörð aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingmenn hvort þeir vissu nokkur mál hafa tilfallið síðan fyrirfarandi Sancte Hans dag 1711 sem kónglegrar majestatis sök kynni ásegjast eður vogrek hér í sveit uppborið eður arfalaust góss tilfallið, eður nokkurt annað kónglegrar majestatis raritet svo sem er rosmartender, hvítabjörnshúðir, hvalrafir eður annað þvílíkt kunní hér að fást, og segjast þingmenn ekkert vita hér tilfallið eður hér sé að fá sem fyrr segir. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Helgi Úlfsson meh
Eyjólfur Jónsson meh
Jón Ísleifsson meh

Úlfur Pálsson meh
Jón Jónsson meh
Bjarni Sigurðsson meh
Jón Þorbjörnsson meh

Anno 1712 dag 28. maí að settu þriggja hreppa þingi að Tungu við Skutulsfjörð vorum vér eftirskriafaðir menn til þingvitnis nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni, Snæbjörn Pálsson lögréttumaður, Sigmundur Sæmundsson, Jón

Jónsson, Þorsteinn Björnsson, Gunnlaugur Jónsson, Ásmundur Ketilsson og Ólafur Jónsson, til að vitna um sérhvað sem hér kynni í dag fyrir réttinum framfara, einkánlega að eftirtaka og minnast hvað þingsöfnuðurinn bæri um það efni sem fyrrnefndur sýslumaðurinn Markús Bergsson hann aðspurði, sem var í fyrstu hvort þeir menn sem hér voru nú nálægir vissu nokkra stórlega þörf eður orsök hafi tilborið að eftirliggjari hafi hér í vetur nú afliðinn þurft að vera á Skutulstjardareyri. Svo og aðspurði sýslumaðurinn samankomna þingmenn hvort þeir hefðu heyrt eður orðið áskynja um að eftirliggjarinn monsieur Jens Hansson hafi hér á afliðnum vetri 1712 nokkra kauphöndlun brúkað móti kónglegrar majestatis allra náðugustu octroiu útgefinni 1706, hvar um sýslumaðurinn Markús Bergsson segist hann viðvarað hafa í haust nú næstliðið að hann skyldi ei um veturinn kaupskap brúka ólöglega móti áðurskrifaðri kónglegrar majestatis octroiu, hvað velaktaður undirkaupmaðurinn monsieur Jens játar satt vera sem hér nú á þessu þingi nálægur var. Og andsvöruðu samankomnir þingmenn svoleiðis uppá sýslumannsins áður áminnsta spurn sem eftir fylgir, að orðsök og tilefni að eftirliggjari verið hefði á Skutulstjardareyri eftir í fyrra 1711 hefði helst og stærst verið af mjög seinni skipsins komu fyrirfarandi ár, þar skipið hefði ei hér til landsins komið fyrr en í ágúst og hefðu margir bændur og búfastir menn litlum, sumir aungvum sínum nauðsynjum náð í kaupstaðnum, hvorki til skipa sem þeir til sjóarins nauðsynja og fiskerís þurft hafa eður sér til lífsuppheldis.

Hvar fyrir samankomnir þingmenn úr þremur sveitum játa að svo stór og há nauðsyn hafi áriðið að eftirliggjari hefði hér eftir verið að sýslu innbyggjendurnir hefðu hans ei mátt án að vera í nokkurn máta. Annars hefði hér enginn eftirliggjari verið og innbyggjendurnir sem í fyrra sumar aungvum sínum nauðsynjum náðu (sem voru flestallir úr Aðalvík, Grunnavík, margir úr Bolungarvík og annars staðar) hefðu ei nú í vor í kaupstaðnum hvorki fengið það þeir hafa með þurft til skipa útgjörðanna eður sinnar lífsnæringar. Þá hefðu mörg skip í sýslunni mátt og orðið uppistanda, innbyggjendurnir stórkostlega bagast, skaðast og útarmast, einninn miklar skemmdir líða á þeim fiski sem þeir ei í fyrra sumar til kaupstaðarins komu, væri nú enginn í vor hann að meðtaka fyrr en einhvörntíma í sumar seint nær skipið kynni að koma. En um fyrrnefnds kaupmanns sölu eður kaupskap um afliðinn vetrartíma er sameiginlegt þingmanna andsvar að þeir vissu hvorki né spurt hefðu að oftnefndur eftirliggjarinn monsieur Jens Hansson hafi á yfirstöðnum nú afliðnum vetri neina kauphöndlun brúkað við nokkra menn, það framast þeim vitanlegt væri, heldur varnaðarsamlega þar úti farið sem forsvaranlegast vera mætti og innbyggjurunum skaðaminnst með sómasamlegri umgengni við meiri menn og minni, með þeim pilti sem hjá honum hefur í vetur verið. Eftirliggjarinn monsieur Sofren Jensson, sem á Þing-

eyri í haust eftir varð, segja þingmenn að hér á Skutulsfjarðareyri hafi í vetur dvalist og aungva kauphöndlun brúkað, til þess nú þann 21. maí hafi vestur að Þingeyri reist. Og að þetta allt framan- og ofanskrifað svo framfarið hafi votta undirskrifaðir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Snæbjörn Pálsson meh
Þorsteinn Björnsson meh
Ólafur Jónsson meh

Sigmundur Sæmundsson meh
Jón Jónsson meh
Ásmundur Ketilsson meh
Gunnlaugur Jónsson hs

Anno 1712 dag 8. júní að settu héraðsþingi af sýslumanninum Markúsi Bergssyni að Hesteyri við Jökulfjörður vorum vér eftirskrifaðir menn, Ólafur Árnason lögréttumaður, Jón Steinsson, Gísli Andrésson, Jón Svarthöfðason hreppstjórar, Ólafur Jónsson, Guðmundur Jónsson og Bjarni Guðmundsson, til þingvitis nefndir af fyrrnefndum sýslumanninum til að heyra, eftirtaka og vitni um bera um það sem hér í dag kynni fyrir réttinum passera og samankomnir þingmenn auglýsti sem hér nú voru nærstaddir úr tveimur sveitum, Aðalvík og Grunnavík, um það efni sem fyrrnefndur sýslumaðurinn Markús Bergsson óskaði af þeim sannleikann úti að auglýsa, sem var um eftirleit eftir þeim manni Magnúsi Benediktssyni sem til Brimarhólms bæði eftir kónglegrar majestatis bréfi og hæstaréttardómi skikkaður var 1709, hvörnin henni hefði verið varið og hvort þennan mann hafi eður sé hér að finna í þessari sýslu, sem og hvort sýslumaðurinn hafi ei kapp á lagt þennan mann finna, bæði við bæi og í óbyggðum.

Og báru samankomnir þingmenn úr Grunnavík svoleiðis, að þann 5. maí um kvöldið hafi sýslumaðurinn Markús Bergsson komið í Grunnavík og auglýst þar skikkun skriflega sem hann segist meðtekið hafa að Kirkjubóli í Langadal þann 3. maí innverandi árs 1712 frá hans höjexcellences herra stiftbefalningsmannsins fullmegtugum á Íslandi, eðla vicelögmanninum herra Oddi Sigurðssyni, þess innihalds meðal annars að hann skuli til fanga taka Magnús Benediktsson sem til Brimarhólms dæmdur hafi verið 1709. Og þess vegna tilsagði og skikkaði sýslumaðurinn Markús Bergsson sérhvörjum karlmanni í Grunnavíkursveit sem tilfærir væri án alls undandrátta leita fara norður um strandir og hvar sem mögulegt væri eftir þessum fyrrnefndum manni, þar bæði honum og öðrum þar innbyggjurum var kunnugt að soddan mann var ei í byggðum nærri að finna. Á sama kvöldi sendi fyrrnefndur sýslumaður tvo menn úr Grunnavík til Aðalvíkursveitarmanna með bréflega skikkun að þeir skyldu strax, sérhvor karlmaður sem tilfær væri, án tafar frá sínu heimili og norður um strandir reisa að leita eftir nefndum Magnúsi og hann til fanga að taka ef mögulegt væri.

En sýslumaðurinn reisti strax um morguninn þann 6. dag maí með 12. mann úr Grunnavík og leitaði norður um allar Grunnavíkustrandir, bæði á bæjum og í óbyggðum eftir þessum greindum Magnúsi, til þess 8. maí um kvöldið, og fengu menn bæði fjúk og þoku svo aftur urðu að snúa þá búnir voru þessa sýslu á ströndum að kanna og vissir vera þóttustum að soddan mann var ekki í þessari sýslu að finna eður neinn annan umhlaupara, fengum og ekki neitt til þessa manns fréttu. Treystum oss ei til vegna óveðurs í Strandasýslu eftir honum leita að óvissu, urðum svo jafnnærir heim aftur að reisa. Og svo að háyfirvöld þessa lands sjái þess heldur að þessi fyrrnefnd leit hafi með kostgæfni án yfirdrep-skapar framfarið og þennan mann Magnús hafi hér ei í þessari sýslu verið að finna eður til hans spurt, þá er sameiginlegt álit sýslumannsins og tilnefndra þingheyrara að 4 af þessum leitarmönnum sem frómlega og erlega kynning fengi sværi um þessa leit bókareid að skýlaus verið hefði, til hvörs strax fram-gengu velviljuglega þessir frómir menn og sóru (en hinir leitarmennirnir sönn-uðu satt að vera) með þessum eiðstaf sem eftir fylgir: Ég Eldjárn Sigurðsson, ég Jón Jónsson, ég Árni Einarsson, ég Jón Sigurðsson, vitna, játa og meðkenni að við með þeim fleirum mönnum sem eftir skikkun sýslumannsins Markús-ar Bergssonar leita fórum að Magnúsi Benediktssyni úr Grunnavíkursókn gjörðum það með mestu kostgæfni, bæði við bæi, á ströndum sem og víðar um fjöll og óbyggðir, og fundum hann ekki, og ei vissum í nokkurn máta hvar væri að finna, svo hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium, sagði sérhvör af áður-nefndum 4 mönnum sem fyrir sýslumanninum Markúsi Bergssyni eiðinn aflögðu.

Í annan máta meðkenna Aðalvíkursveitarmenn og auglýsa að þeir strax þann 6. maí eftir fyrr áminnstri skikkun sýslumannsins hafi farið að leita sér-hvör frá sínum heimilum sem tilfær var eftir fyrrnefndum manni, Magnúsi Benediktssyni, alls í fyrstu vel 20 manns, hvar af sumir hafi orðið aftur að snúa og uppgefist vegna burðaleysis, hafi þó eftir verið 16 manns sem leitað hefðu á öllum Aðalvíkurströndum og Grunnavíkur, bæði í bæjum, fjöllum og óbyggð-um, og mætt snjó og ófærð, og þar þeir segjast hafa verið fullvissir að leitinni endaðri að soddan mann eður nokkurn annan umhlaupara væri ei í Grunnavík-ur- eður Aðalvíkurströndum hvorki hjá bæjum eður í óbyggðum finna, þá segj-ast þeir jafnnærri hafa komið úr þessari leit til sinna heimkynna þann 11. maí og ekki kunnað þennan Magnús finna. Aðra leit segjast þeir byrjað hafa eftir fyrrnefnds sýslumanns skikkun þann 21. maí í því áformi að næstu sveit í Strandasýslu sem liggur við Grunnavík leita vildu, sem og víðar í samri sýslu eftir oftnefndum Magnúsi Benediktssyni ef til hans spurt hefðum, í hvörri leit vér komustum ei lengra en til Dranga í Strandasýslu og yfírfórum öll þaug fylgsn* og hvar helst sem líklegt var menn kynni í vera og fundum í aungvan

máta Magnús Benediktsson eður nokkurn þann mann ókenndan sem Magnús Benediktsson kynni vera. Urðum svo vegna ókunnugleika, þar enginn karlmaður heima var á Dröngum oss lengra í sveitina veg vísa, aftur jafnnærir að snúa og komum svo til vorra heimkynna þann 30. maí og kunnum hvorki þennan mann að finna eður uppspyrja.

Og er nú enn sem fyrri sameiginlegt álit sýslumannsins og tilnefndra þingheyrara að 4 erlegir menn sem voru í báðum þessum áðurnefndum leitum úr Aðalvík sverji að leitirnar hafi með kostgæfni af þeim gjörðar verið án yfirhilmingar, til hvörs strax framgengu velviljuglega þessir frómir menn sem sóru með uppréttum fingrum svolátandi eið sem eftir fylgir (hvörn eið allir leitar-mennirnir sönnuðu): Ég Bjarni Jónsson, ég Einar Guðmundsson, ég Árni Eiríksson, ég Jósep Jónsson, vitna, játa og meðkenni að við með þeim fleirum mönnum sem eftir skikkun sýslumannsins Markúsar Bergssonar leita fórum að Magnúsi Benediktssyni úr Aðalvíkursveit í tveimur leitum gjörðum þær með mestu kostgæfni, bæði við bæi, á ströndum, sem og víðar annars staðar um fjöll og óbyggðir, í seinni leitinni allt að Dröngum í Strandasýslu, og fundum ekki fyrrnefndan Magnús Benediktsson og ei vissum hvar hann var að finna, ei heldur nokkurn þann mann ókenndan sem Magnús Benediktsson hafi kunnað að vera, svo hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium, sagði hvor um sig af áðurnefndum mönnum.

Framar aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomna þingmenn hvort þeir treystu sér sig nú tilgefa í Strandasýslu fara að leita að oftnefndum Magnúsi ef þar kynni að finnast, hvað öll þingsóknin mótmælti og kvaðst ei tilfær vera nú um bjargræðistímam í óvissu leita fara að þessum manni í aðra sýslu, þar svo stóran skaða hingað til af leitunum fengið hafi, hvað þeir segjast vita að háyfirvöldin muni ei reikna sér til þverúðar eður óhlýðnis. Tilskikkaði því nú sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomnum þingmönnum alvarlega að þeir strax án allrar tafar skyldu taka til fanga þennan mann Magnús Benediktsson ef hér kynni að koma framvegis eður nokkur annar ókenndur maður sem ei hefði sína vitnisburði. Einnin þessum mönnum varna og hamla til framandi þjóða að komast, sérhvör eftir sínu megni, og birti þeim anstalt eðla herra vicelögmansins Odds Sigurðssonar og eðla herra landfógetans Páls Beyers dateraðan Öxará 13. júlí anno 1709, sem og þann 14. póst úr alþingisbókinni 1711 hljóðandi um Brimarhólmsfangann Magnús Benediktsson, og útlagði þetta uppá íslensku fyrir þingmönnum svo þeir vel skildu, og tilsagði þeim eftir þessum hvorutveggju bréfum í allan máta breyta, hvörju sérhvör af þingmönnum lofuðu eftir frekasta megni halda skyldu.

Þessu næst óskaði sýslumaðurinn vitnisburðar af samankomnum þingmönnum hvort þeir vissu þá menn sem hann hefði þangað citerað til vitnisburða

áheyrslu, að þeir hefði hýst nefndan Magnús Benediktsson eður honum mat gefið langa stund eður skamma síðan 1709, hvörra nöfn voru sem eftir fylgir: Tómas Ásgrímsson að Furufirði, Jón Tómasson, Lífjarn Ólafsson búandi á Steig, Jón Þorsteinsson á Marðareyri, Páll Semingsson á Steinólfsstöðum, séra Einar Ólafsson á Stað í Aðalvík, Bárður Guðmundsson í Hælarvík, Einar Björnsson á Hlöðuvík, Bjarni Jónsson á Hesteyri, Bjarni Jónsson annar á Hesteyri, Jón Ólafsson og á Hesteyri, Magnús Bjarnason á Sléttu, Jón Björnsson á Görðum, Tómas Einarsson í Miðvík, Jón Þorbjörnsson að Stakkadal, Einar Jónsson á Látrum, Bjarni Ólafsson og búandi á Látrum. Hvörjir flestallir áður nefndir menn hér voru til staðar á þinginu og játuðu citatiuna sér auglýsta. Einnin var hennar innihald að þeir skyldu auglýsa hvörja ókennda menn þeir hefðu hýst síðan 1709, sem og einnin sitt forsvar framleggja ef nokkurt hefði um hýsingu á fyrrnefndum manni ef satt reyndist.

Og nær sýslumaðurinn þingmenn eftir þessu spurði framvísaði Bjarni Jónsson eldri á Hesteyri bréf og óskaði að strax upplesið væri og þess sérlegustu atrið mætti í héraðsbókina innfæra, hvörs bréfs var sérlegasta inntak sem eftir fylgir, að eftir því þeir séu citeraðir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni að forsvara sig fyrir hýsingu á Magnúsi Benediktssyni, þá gjöri þeir svoleiðis opinbert um þetta efni sem eftir fylgir, að þeir segjast ei minnast að hér í byggðir hafi nýlega ókenndir menn komið sem menn hafi ekki deili á vitað að fráteknum einum manni sem sig nefnt hafði Jón Magnússon og sagst vera úr Hrutáfirði í Strandasýslu, hver maður hér hefði fyrst komið um haustið anno 1709 þeim fyrir sjónir. Hafi hann hér þá litla viðstöðu haft nema eina nótt sumstaðar þar fátækir bjargþrota menn fyrir voru, og því hafi hann ekki staðnæmst lengur hér í það sinn. Svo eftir jól hafi þessi maður komið aftur í byggðir og ei heldur dvalið þá lengur en áður er sagt, en um vorið þá þingað var á Hesteyri anno 1710 af fyrrverandi sýslumanninum, virðuglegum Páli Torfasyni, segja sumir af þeim að þeir auglýst hafi sýslumanninum fyrrnefndum að sá maður hafi hér um ferðast sem sig nefnt hafi Jón Magnússon, og hafi hann þeim ei bannað þann mann framvegis að hýsa eða sagt þeim neinar sektir við liggja þó hýstur væri, ei heldur hafi þeim skipað þennan mann fanga.

Sama ár um haustið eftir og þann vetur segja þeir hér komið hafi fyrrnefndur maður í byggðir oftar en þann fyrra vetur, og af því þeir hafi ei fullkomlega vitað hann ódádaman vera, segja þeir margir hafi þessum manni til góða gjört af meðaumkan og lofað honum nótt að vera þá að kvöldi dags í fjúkum að kom, þar ekki þorðu honum hús að banna, en fegnir vildu þó afvera soddan menn hýsa, atlandi sér þar af stóran skaða orðsakast mega hefði hann hýsa á milli úti dáið. En Magnúsi Benediktssyni sem nú er eftirspurt segjast þeir aldrei heyrt lýst hafa verið, hverki á þingi né annars staðar, ellegar hann bannað hýsa eður

heimila eður skipað til fanga að taka, nema á þriggja hreppa þingi að Dynjanda hafi verið upplesið bréf í dönsku tungumáli, þar inni segjast sumir minnst af þeim sem á þinginu voru að nefndur hafi verið Magnús nokkur Benediktsson, hvað um þann mann var meir eður ekki segjast þeir ei skilið hafa og ei framar frekari undirvísing fengið á því þingi hvað það bréf þýða skyldi, jafnvel þó nokkrir af þingmönnum þá óskað hafi að íslenskað væri, þar til sýslumaðurinn Markús Bergsson hefði þeim það auglýst og skipað fyrirtéðan Magnús Benediktsson, ef hér kynni koma, til fanga taka sem og aðra hlaupara, og mótsegja þeir Jóns Magnússonar hérkomu, hýsing og matgjöf síðan nú vel ár um kring sem áður er áminnst, svo og líka að nokkurn tíma hafi hér sá hlaupari í byggð-ir komið sem nefnst* hefði Magnús Benediktsson svo lengi sérhvörjir í þessum sveitum til minnst etc. Bréfið er daterað að Hesteyri anno 1712 dag 8. júní með þessum undirskrifuðum nöfnum: Einar Ólafsson, Magnús Bjarnason, Bjarni Jónsson meh, Bjarni Jónsson, Jón Björnsson, Jón Ólafsson, Einar Jónsson, Lífjarn Ólafsson, Jón Þorbjörnsson, Bárður Guðmundsson, Bjarni Ólafsson, Tómas Einarsson, Jón Þorsteinsson, Páll Semingsson.

Uppá þetta bréf var skrifað að á Hesteyri upplesið verið hafi og óskaði nú sýslumaðurinn alvarlega enn uppá ný af samankomnum þingmönnum og áminnti þá sannleikann að auglýsa hvort þeir vissu nokkuð ósatt í áðurskrifaðra manna innleggi sem upp var lesið og krafðist af sérhvörjum manni sannleikann segja það frekast vissu og andsvöruðu allir samankomnir þingmenn sem hér voru nú nærstaddir, flestir bændur úr 2 sveitum og margir búlausir menn og vinnumenn, enginn frágangandi sem á þinginu voru, að þeir vissu ei betur en allt framanskrifað innlegg þeirra manna sem citeraðir voru á þetta þing fyrir hýsingu á margnefndum Magnúsi Benediktssyni væri í öllum sínum punktum satt og sannferðugt, bæði um það að hér hefði enginn hlaupari komið í sveitir annar en þessi Jón Magnússon sem áður er umgetið og sýslumanninum Páli hafi verið til hans sagt, sem og þeim manni Magnúsi Benediktssyni hafi hér aldrei verið öðruvísi lýst en áður er umgetið, hvar uppá sérhvör af nálægum þingsóknarmönnum bjóða sinn eidd ef þörf sýnist til vera af að leggja, að þeir viti ei annað hér um en áður er sagt, hvörja eidda að taka af svo mörgum manni sýslumaðurinn segist bíða láta til þess æðri yfirvalds skikkun þar um öðlist, hvörri hann vill þá eftirlifa sem skyldugt er. Hvar fyrir sýslumaðurinn* ásamt þingheyararnir álíta að hér um kunni ei frekara í þetta sinn gjörast, og að þetta allt framan- og ofanskrifað viðvíkjandi Magnúsi Benediktssyni og þeim mönnum sem eftir honum hafa leitað, ásamt þeirra forsvari sem hans vegna voru citeraðir á þetta þing, svo framfarið hafi votta undirskrifadir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Gísli Andrésson meh
Jón Svarthöfðason
Bjarni Guðmundsson meh

Ólafur Árnason
Jón Steinsson meh
Ólafur Jónsson meh
Guðmundur Jónsson meh

Anno 1712 dag 26. október að Tungu við Skutulsfjörð var Bjarni Eyjólffsson nefndur til hreppstjóra í Tunguþingsókn af sýslumanninum Markúsi Bergssyni með hreppstjóra ráði. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Jón Jónsson meh
Bjarni Ketilsson meh

Jón Jónsson meh
Ólafur Jónsson meh
Jón Sigurðsson meh

Anno 1712 dag 26. október að Tungu við Skutulsfjörð að settu héraðsþingi vorum vér eftirskrifaðir menn, Jón Örnólfsson, Jón Jónsson, Bjarni Eyjólffsson, Jón Jónsson hreppstjórar, Bjarni Ketilsson og Jón Arason, í dóm nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni til að skoða, álíta og rannsaka þá stefnu sem presturinn séra Gísli Hannesson hefur með fyrirkallað á þennan stað og dag séra Teit Pálsson og Krístrúnu Sigfúsdóttur, sem og stefnunnar innfærðar sakargiftir og þeirra ástæður, sem og rök og bevísingar sem framlagðar vera kynni. Einnin líka verjandans séra Teits Pálssonar og Krístrúnar forsvar þar í móti ef nokkurt vera kann gaumgæfilega yfirvega, og að þessu grandvarlega yfirveguðu fullnaðardóm á leggja sérhvað sem þessari stefnu er viðvíkjandi og fyrir vorum dómi ber að trakterast, hvör stefna nú var opinberlega fyrir réttinum upplesin og var hennar sérlegasta inntak sem eftir fylgir, að presturinn séra Gísli Hannesson stefnir prestinum séra Teiti Pálssyni á þennan stað og dag undir fyrrnefnds sýslumanns dóm og dómsmanna álit, hvort hann skuli sekta- laus vera af haldi Krístrúnar Sigfúsdóttur frá vinnuhjúaskildaga 1711 og til vinnuhjúaskildaga 1712, sem séra Gísli lýsir sína vinnukonu vistráðna verið hafa og segist því fyrir séra Teiti lýst hafa þá hann nefndrar Krístrúnar í fyrra- vor vitjaði, á hverju vinnukonuhaldi séra Gísli segist gefa séra Teiti fullar sak- ir sem lög leyfa geti hann sig ei löglega fríað að hann hafi mátt hana halda.

Einnin stefnir séra Gísli séra Teiti á þennan stað og dag að framvísa ef tilfær er heimild sína fyrir því dragi sem séra Gísli segist misst hafa af sínu heimili í vor 1712 ef það af hans forlagi hafi burttekið verið, en geti ei presturinn séra Teitur sig löglega frá fríað að nefnt áttahrings drag hafi sér óvitandi ágirnst þá gefi hann honum þar á fullar sakir sem lög leyfa. Á sama stað og dag hefur séra Gísli stefnt Krístrúnu Sigfúsdóttur að framleggja forföll sín ef til hefur hvar fyrir hún hafi ei efnt sitt vistarráð við sig sem hún við sig gjört hefði að Kirkju- bóli í Skutulsfirði anno 1710, annars gefi henni þar á sakir sem lög leyfa etc.

Stefnan er dateruð að Eyri í Skutulsfirði dag 6. október anno 1712 með undirskrifuðu nafni, Gísli Hannesson.

Uppá stefnuna er svolleiðis skrifað: Þessi stefna var upplesin séra Teiti Pálssyni og Krístrúna Sigfúsdóttur áheyrandi á Eyri við Skutulsfjörð dag 6. október anno 1712 af séra Gísla Hannessyni, hver copiu af henni prestinum séra Teiti afhenti okkur undirskrifuðum ásjáandi sama stað, ár og dag sem fyrir segir, Ívar Steinson, Helgi Guðmundsson. Uppá stefnuna var skrifað að hér fyrir réttinum upplesin verið hefði.

Var nú hér til staðar presturinn séra Gísli Hannesson, einninn verjandinn Krístrún Sigfúsdóttir og játar fyrirallið sér auglýst verið hafa af séra Gísla undir eins og í sama sinn og hann stefndi séra Teiti, hvör nú ekki er til staðar á þessu þingi og enginn hans vegna þó þar væri oftlega eftirspurt. Einninn kom enginn fram hér á þinginu sem vita þættist hans forföll eður hindrun í neinn máta sem honum aftraði þetta þing sækja. Segja þingmenn séra Teitur sé fyrir nokkrum tímum reistur frá sínu heimili og hafi þeir ei til hans spurt síðan, og muni það vera eftir vana hans burtdvöl frá sókninni, þó hindrunarlítt hafi verið. Krefst því og beiðist alvarlega séra Gísli að sýslumaðurinn og dómsmenn fyrir sig taki nefnda stefnu og hennar stefnusakir að yfirvega án upphalds, svo sem séra Teitur í eigin persónu nærri væri og til staðar, án alls upphalds, því hann þættist ei kunna né voga oftsinnis sig frá sókninni gefa langan og hættusaman veg, en vildi nú ei síns réttar missa þar hann með stefnu sig ómakað hefði séra Teiti tiltala og nú kominn væri henni að framfylgja.

Er nú því í herrans nafni sameiginlegur dómsmanna endilegur úrskurður og ályktun stefnuna fyrir sig taka án upphalds og hennar kringumstæður og sakargiftir yfirvega líka sem séra Teitur til staðar væri og vilja aungvaneginn prestinn séra Gísli réttlausan láta burtfara eftir þingfarabálki 9. capitula, réttarbót Hákonar konungs þar innfærðri, landabrigðum 1. capitula, Christians 1. réttarbót þeirri löngu, Christians 5. Norsku lögum 1. bók, 4. capitula, articula 16, og er sameiginlegt dómsmanna álit að stefnuvottarnir fyrrnefndir sverji stefnulesturinn, hvörjir nú nálægir voru, Helgi Guðmundsson með skriflega erlega og ráðvanda kynning sína með margra manna undirskriftum úr sínum áttthaga, útgefnum 1712 dag 21. október. Annar stefnuvotturinn er Ívar Steinson sem samankomnir menn á Tunguþingi játa ráðvandan og óaðfínanlegan uppá sín erlegheit, hvörjir báðir menn, Ívar Steinson og Helgi Guðmundsson, aflögðu nú fyrir réttinum svolátandi eið að þeir játuðu, vitnuðu og meðkenndu að þeir hefðu verið viðstaddir að Eyri við Skutulsfjörð þá presturinn séra Gísli Hannesson stefndi séra Teiti Pálssyni í eigin persónu með þeirri stefnu sem nú í dag var fyrir réttinum upplesin, svo skýrt og skilmerkilega að hann mátti vel heyra, svo og afhenti séra Gísli prestinum séra Teiti rigtuga copiu af sömu stefnu

í sína eigin hönd, svo hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium, sagði hvor um sig.

Tókum vér oss fyrir stefnuna að yfirvega bæði að stíl og tímalengd, og virðist oss hvorutveggja ánægjanlegt, þar meir en 14 dagar virkir er frá því stefnan var auglýst og til þessa dags. Dæmum því í herrans nafni fyrirkallið löglegt og prestinn séra Teit skyldugan verið hafa á þennan stað og dag koma til stefnunnar svara eður sín forföll senda, sem hann afsakaði frá annað hvort sjálfur mæta eður sinn fullmeztugan senda þar þingmenn kunna ei bera að bágt eður óhagstætt veður hafi hann kunnað þar frá бага, hvar fyrir tilnefndir dómsmenn dæma prestinn séra Teit sekan um hálfra mörk kóngi til handa eftir þingfarabálki 9. capitula og réttarbót Hákonar konungs, hvör sekt eftir Christians 5. Norsku laga 2. bók, 11. capitula, 16. articula tilleggjast skuli fátækum presta-ekkjum eftir veðla herra biskupsins þessa stiftis tilsögn.

Var nú Krístrúnu Sigfúsdóttur settur monsieur Sigmundur Sæmundsson til talsmanns í þessari sök hennar vegna til að eftirsjá, uppleita og frambera hvað helst nefndri stúlku kann til afbötunar vera í þessu efni af sýslumanninum, þar hún sýnist fákunnug vera prestinum svara. Taka nú dómsmenn sér fyrir hendur að athuga um vistarráð stúlkunnar, hvað duganlegt verið hefur, þar sýnist að þar á ríði fyrsta stefnusökin til prestsins, og dæma að presturinn séra Gísli framleiði votta að vistarráðum við oftnefnda Krístrúnu. Og gaf sig fram fyrst hreppstjórinn Bjarni Jónsson á Sandeyri og játaði sig viðstaddan verið hafa að Kirkjubóli í Skutulsfirði og heyr á að Krístrún Sigfúsdóttir hefði lofað óneydd og velviljuglega til séra Gísla fara til vistar og vinnukonu nær hún færi frá Bjarna Ketilssyni en til aungvara manna annarra, og þetta hafi skeð um sumarið* 1710. Þessum vitnisburði Bjarna samstemmir vitnisburður hreppstjórans Halldórs Þorkelssonar í Bæjum skriflegur útgefinn að Unaðardal 1711 dag 30. maí, eins hljóðandi með hans eigin hendi á nafninu, hvör nú hefur ei vegna veikleika til þessa þings getað komist, en hefur þó endurnýjað sinn vitnisburð (áður útgefinn) í tveggja erlegra manna viðurvist nú fyrir þetta þing, nefnilega Jóns Helgasonar og Einars Jónssonar, og hvörjir báðir bera að lýsing fyrrnefnds Halldórs hafi verið samhljóða lýsingu nefnds hreppstjórans Bjarna Jónssonar, uppá hvörn sinn framburð hann hafi lofað eið vinna ef mótsagður væri, og segjast samankomnir þingmenn ei annað vita en frómt og ráðvant til allra þessra fjöggra fyrrnefndra manna, hvörjir þeir nú fyrrnefndir menn Bjarni Jónsson, Jón Helgason og Einar Jónsson bjóða nú sinn eið uppá sinn fyrrnefndan vitnisburð, hvað dómsmenn álíta ei þörf vera þar procurator stúlkunnar og stúlkan sjálf segjast ánægð vera ósvarinn fyrir gilt taka sem svarinn væri vitnisburð hreppstjóranna Halldórs Þorkelssonar og Bjarna Jónssonar, og segir Krístrún að aungvaneginn þurfi áðurnefndir menn framanskrifaðan sinn framburð sverja

uppá vistarráðin við séra Gísla*, því sér hafi það tilgengið*, fyrst vankunnátta sín, svo og hafi hún haft það í skilningi við séra Teit þá hún hjá honum vistréðst að hún mætti vera frí frá tilkalli séra Gísla og hann tæki þar út yfir svo sér ei til skaða kæmi, hvern hennar framburð játa sannan vera Bjarni Ketilsson og Guðmundur Bjarnason sem viðstaddir segjast verið hafa þá vistráðið milli hennar og séra Teits framfarið hafi á löghelgum degi löngu eftir það að vistarráð séra Gísla framfór, og lofaði presturinn séra Teitur Krístrúnu frá tilkalli séra Gísla um vistarveruna fría.

Ög þar annar þessara votta, nefnilega Bjarni Ketilsson, er hér dómssmaður, þá nefnir sýslumaðurinn nú samstundis Ólaf Jónsson í dóm í stað Bjarna Ketilssonar, hvörjir menn, Bjarni Ketilsson og Guðmundur Bjarnason, eftir dómsmanna álitu að fenginni frómri kynningu aflögðu svolátandi eið, að þeir vitnuðu og játuðu satt að vera að Krístrún Sigfúsdóttir hefði um haustið á löghelgum degi anno 1710 vistað sig eftirkomandi ár hjá séra Teiti Pálssyni með þeim skilmála að hann fríaði hana frá tilkalli sem séra Gísli hefði uppá hana eftirkomandi ár, hvað þeir fyllilega segjast eftirtekið hafa að séra Teitur Pálsson hafi henni lofað, og að svo stöfuðum eiði hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium, sagði hvor um sig af áðurnefndum mönnum. Framar þessu sagðist séra Gísli Hannesson hafa vitjað nefndrar Krístrúnar til heimilis séra Teits Pálssonar í því áformi að til sín skyldi til heimilisveru koma að útenda sitt vistarráð. Þetta hafi skeð í fyrravor 1711 og framleiddi sinni sögu til styrkingar tvo erlega ómótmælanlega menn, Jón Helgason og Einar Jónsson, sem samhljóða báðir bera framburð séra Gísla sannan vera um vitjun Krístrúnar, og sýnist dómsmönnum full þörf til vera að nefndir menn sanni sögu sína með eiði, hvað þeir nú samstundis gjörðu og sóru svolátandi eið sem eftir fylgir: Það vitna, játa og meðkenni ég Jón Helgason og ég Einar Jónsson að ég var meðfylgjandi séra Gísla Hannessyni á Snæfjöllum í fyrravor anno 1711 þá hann reisti til heimilis séra Teits Pálssonar á Eyri við Skutulsfjörð þess erindis að vitja og sækja Krístrúnu Sigfúsdóttur, sem þá hafði veru á fyrernefndri Eyri við Skutulsfjörð, og þá nefndur presturinn séra Gísli Hannesson opinberaði þetta fyrir séra Teiti Pálssyni að hann vildi Krístrúnu Sigfúsdóttir sækja, afsagði hann að séra Gísli fengi hana hvorki með sér og ekki að tala við hana, fyrirbaud þá presturinn séra Gísli prestinum séra Teiti Krístrúnu að halda og lýsti hana sína vistarráðna vinnukonu, og að svo stöfuðum eiði sé mér guð svo hollur sem ég satt segi, gramur ef ég lýg, sagði hver um sig af áðurnefndum mönnum. Aflögðu allir áðurskrifaðir sex menn sinn eið af eftir það sýslumaðurinn var búinn að áminna sérhvorn þeirra sannleikann auglýsa og tilkynna þeim hvört straff við lægi ef rangt sværi.

Segist presturinn séra Gísli ei frekara kunna framleggja í þetta sinn þessum

vistarráðum viðvíkjandi, ei heldur umboðsmaðurinn Kristrúnar Sigmundur Sæmundsson aðspurður af sýslumanninum, segist ei hafa neitt frekara að framvísa stúlkunni til afbötunar í þessu efni, en óskar fullkomlega að hennar afsökun og skilmáli í vistarráðunum sé grandvarlega athugaður sem hún haft hefur við séra Teit og áður er áminnst hvort henni skuli enn ei til afsökunar vera þó hún síns fáfræðis vegna hafi trúað séra Teiti til sér forsvar veita, þar samankomnir þingmenn játa satt að vera um fáfræði og einfaldni hennar. Og að svo komnu krefst og beiðist presturinn séra Gísli endilegs svars og dómsútskurðar nú uppá ný af sýslumanninum og dómsmönnum uppá sína stefnu hvort sér beri ekki hjá séra Teiti fyrir verkafall og þornun og vinnumissir Kristrúnar Sigfúsdóttur.

Tökum oss því í drottins nafni fyrir þetta mál að yfirvega og að ítrasta máta grandvarlega rannsókuðum öllum gögnum og vitnum séra Gísla Hannessonar, þá er það vor tilnefndra dómsmanna endilegur úrskurður og dómur með fullu dómsatkvæði að svo prófuðu og fyrir oss komnu að presturinn séra Teitur Pálsson hafi ólöglega haldið oftnefndri Kristrínu Sigfúsdóttur fyrir vinnukonu frá vinnuhjúaskildaga 1711 og til vinnuhjúaskildaga 1712 allan þann tíma sem Kristrún var hjá séra Gísla ráðin, hvar fyrir vér dæmum séra Teit skyldugan að gjalda séra Gísla fyrir verkafall og vinnumissir ár um kring og fjárfullrétti prestinum að auki, og kóngi hálfa mörk með sama skilmála og segir um þingvitið, að þessi sök leggist til fátækra prestaekna eftir Christians 5. Norsku lögum 1. bók*, 11. capitula, 16. articula. Dómurinn er byggður á landsleigubálki 36. capitula, farmannalögum 25, þjófabálki 16., 17. capitulum og réttarbót Hákonar konungs þar innfærðri; ítem Christians 5. Norsku lögum 3. bók, 21. capitula, articulum 12, 13. Ítem 6. bók, 22. capitula, 4. articula. Fyrir verkafall Kristrúnar álíta dómsmenn að presturinn séra Teitur skuli svara 2 aurum fyrir hvörjar 3 vikur frá Jónsmessu og til krossmessu á haust, hvað reiknast að vera 8 aurar, en þaðan frá og til Jónsmessu 2 aura á 6 vikur, reiknast til samans 13* aurar. Fjárfullrétti prestsins álíta og dæma dómsmenn að vera skuli 3 merkur, svo allur þessi sakeyrir reiknast til samans séra Gísla til handa sem séra Teitur á honum að gjalda 2 hundruð og 30* álnir, hvört áðurnefnt sektafé presturinn skal goldið hafa séra Gísla innan tveggja mánaða virkra daga að heyrðum þessum dómi nær séra Gíslu þess vitjar til heimilis séra Teits Pálssonar undir 4 marka dómrof, nema dóminn áður löglega áfrýi. Sektir á stúlkuna kunnum vér ekki að svo stöddu dæma vegna áðurskrifaðra orðsaka.

Sú önnur stefnusök séra Gísla Hannessonar til séra Teits Pálssonar viðvíkjandi áttahringis drags burttöku leiðir presturinn fram þessa votta, Helga Guðmundsson og Ívar Steinsson, sem sameiginlega bera að séra Teitur Pálsson hafi játað drags burttökunni, og lýsti séra Gísla sér það gefið hafa, hvörju séra Gíslu alvarlega móttsegir, og krefst bevísinga af hendi séra Teits þar um, en hann er

nú ei til svara hér um. Krefst nú séra Gísli af þeim mönnum sem sjóveg fóru með séra Teiti og nú nálægir eru að segja sannleikann hér úti hvort þeir hafi orðið varir við að hann hafi prestinum dragið gefið, hvörju þeir mótmæltu hreppstjórinn Bjarni Eyjólfsson og Páll Magnússon, og sögðust aldeilis þess ei varir orðið hafa, einninn samstemma með þeim vitnisburðir heimamanna séra Gísla, Einar Jónsson og Bjarni Jónsson, að þeir viti hvorki prestinn séra Gísla hafa gjöfum gefið né sölum selt séra Teiti fyrrnefnt drag. Einninn bera allir straxnefndir menn að séra Gísli hafi ei af séra Teiti kvaddur verið og vilja þeir allan þennan sinn framburð með eiði sanna ef þörf gjörist, hvað dómsmenn álíta ei svo nauðsynlegt að ske skuli að sinni, einkum þar séra Teiti hafi borið og beri að bevísa heimild sína fyrir nefndu dragi, hvör enn er ei framkomin, og þar dómsmönnum virðist þessi sök um dragið ei vera svo hreinleg sem önnur gjaldssök uppá prestsins síðu ef sig ei getur löglega sig frá henni hreinsað, þá skjóta dómsmenn því til andlegra þar um að segja á hentugum tíma hvað gilda skuli. Þann kostnað sem presturinn séra Gísli hefur haft fyrir þessari sókn færir hann ei prestinum séra Teiti til reikningsskapar að svo stöddu og það segist hann gjöra fyrir bón sýslumanns og dómsmanna svo prestinum séra Teiti mætti sem mest hliðrun gjörð vera þar hann væri ei viðstaddur. Samþykkti með oss fyrrskrifaður sýslumaðurinn þennan vorn dóm og setur sitt nafn ásamt okkar hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Örnúlfsson meh
Bjarni Eyjólfsson meh
Jón Jónsson meh

Markús Bergsson mpp
Ólafur Jónsson meh
Jón Arason meh
Jón Jónsson

1713

Anno 1713 dag 21. apríl að settu manntalsþingi að Auðkúlu við Arnarfjörð kom fram Sigríður Þorbjarnardóttir og lýsti opinberlega að hún á afliðnum vetri hefði misst 10 rixdali in specie úr hirslu sinni læstri innan í skemmu á hlaðinu meðan hún var í sorgum sínum eftir sinn burtkallaðan mann Helga Úlfsson, og þar Bjarni Bjarnason er heldur en aðrir (eftir þingmannaróm) ryktaður um þessa töku, þó vitnisburðir frekari þar um verði ei að svo stöddu þar um teknir þar nefndur Bjarni er hér ei til staðar í þetta sinn, þá óskar þó þessi ekkja af sýslumanninum Markúsi Bergssyni að hann vildi á hentugum tíma kalla þennan Bjarna, sem fyrirfarandi ár hefur heimilisfastur verið á Gljúftraá, til andsvara og löglegra tilsvara um þetta efni, sem lög kunna hann þá tilskylda, á næstkom-

andi Auðkúlupingstað. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Bjarni Snorrason meh	Eyjólfur Jónsson meh
Sigurður Bjarnason meh	Jón Pétursson hs
Úlfur Pálsson meh	Jón Þorleifsson meh
Jón Ísleifsson meh	

Anno 1713 dag 21. apríl að settu manntalsþingi að Auðkúlu auglýstu samankomnir þingmenn eftir aðspurn sýslumannsins Markúsar Bergssonar að hér í sveit hefðu ei neinar kónglegrar majestatis sektir verið tildæmdar eður opinberar áfallið, ei vogrek uppborið, ei heldur nein kónglegrar majestatis raritet væri hér að fá, ekki heldur hvalambur, þetta síðan fyrirfarandi manntalsþing 1712. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Bjarni Snorrason meh	Jón Ísleifsson meh
Jón Þorleifsson meh	Eyjólfur Jónsson meh
Guðmundur Þorbjörnsson	Úlfur Pálsson meh
Einar Jónsson	

Anno 1713 dag 22. apríl að settu manntalsþingi að Meðaldal vorum vér eftirskrifaðir menn, Jón Pálsson, Ólafur Þorláksson, Jón Niélsson, Magnús Niéls-son, Magnús Sigurðsson og Jón Jónsson, til dóms nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um þann þrotbjarga ómaga Guðrúnu Pálsdóttur sem heiðurlegur kennimaðurinn séra Jón Þórðarson nú dóms á beiddist, þar hún er á hans heimili karlæg af spítelskum veikleika, en hann auglýsir sig ei kunna fyrir henni hafa, þar hún tjáist sveitlæg á Langadalströnd, en þingmenn hér kunna ei auglýsa eður vita neina hennar náunga í framfærisvonum við hana. Þá dæma í herrans nafni tilnefndir menn þennan ómaga Guðrúnu Pálsdóttur til framfæris og umönnunar á sína sveit Langadalströnd, svo framt og svo lengi hreppstjórar þeirrar sveitar kunna henni ei annað löglegra framfæri að finna. Samþykkti með oss þennan dóm sýslumaðurinn sem ásamt oss hér undirskrifar sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Jón Pálsson meh	Markús Bergsson mpp
Jón Niélsson	Ólafur Þorláksson
Magnús Sigurðsson	Magnús Niélsson meh
	Jón Jónsson

Anno 1713 dag 22. apríl að settu manntalsþingi að Meðaldal auglýstu samankomnir þingmenn eftir aðspurn sýslumannsins Markúsar Bergssonar að síðan næstliðið manntalsþing 1712 hafi hér aungvar sektir tilfallið sem kónglegrar

majestatis sök kunní ásegjast, að fráteknu hvað prests attestí viðvíkur, ei heldur vogrek uppborið eður nein önnur kónglegrar majestatis raritet séu hér að fá, ekki heldur hvalambur. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Pálsson meh
Magnús Níelsson meh
Jón Björnsson

Jón Jónsson
Jón Níelsson
Páll Grímsson
Eggert Jónsson

Anno 1713 dag 22. apríl að settu manntalsþingi að Meðaldal var kosinn til hreppstjóra af prestinum, samankomnum þingmönnum og sýslumanni Jón Björnsson í stað Guðmundar sáluga Jónssonar. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Pálsson meh
Magnús Níelsson meh

Jón Jónsson
Ólafur Þorláksson
Magnús Sigurðsson

Anno 1713 þann 24. apríl að Mýrum settu manntalsþingi frambáru samankomnir þingmenn að síðan næstliðið manntalsþing hafi öngvar sektir tilfallið hér, hvörki barneignir né annað utan tíu merkur Jóns*, engin vogrek uppborið né nokkur kóngleg raritet, ei heldur hvalambur. Til merkis ár og dag sem fyrr segir.

Snæbjörn Pálsson meh
Einar Jónsson meh
Sigmundur Guðmundsson meh

Eggert Sæmundsson mpp
Páll Þorgilsson meh
Jón Jóstsson
Marteinn Guðmundsson

Anno 1713 dag 24. apríl að settu manntalsþingi að Mýrum við Dýrafjörð var upplestin alþingisbókin 1712. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Snæbjörn Pálsson meh

Eggert Sæmundsson mpp

Anno 1713 dag 24. apríl að Mýrum settu manntalsþingi óskaði Snæbjörn Pálsson almennilegs vitnisburðar af nærverandi þingsókn hvört honum fært sýndist nú sem komið væri að þjóna lögréttumannsembætti héðan úr sýslu sökum fjölda sinna barna, þeirra fjárönnunar, vinnuhjúafækkunar og þesskyns, hvar til allir þeir með einu aðkvæði nei sögðu og vildu eftir sinni hyggju það með eiði staðfesta ef nauðsyn krefði. Því framar tilbauð Snæbjörn nú ef nokkur vildi að sér taka sitt bú, börn og þeirra fé að annast um þingreiðartímann og

því afturskila með fullum greiðslum nær hann heim aftur kæmi vildi hann þeim sama í kaup gefa þingfarar kaup það gjaldast eigi þetta ár og vildi enginn sig þar til gefa. Að svo framkomnu kvaðst Snæbjörn í laganna trausti mundi heima sitja þetta sumar og svo framvegis það lengur er auðnaðist, segjandi að ei skildi hann af þingfarar bálki 2. capitula það í svo framkomnu máli væri hann tilskyldur lög-réttumannsembætti að gegna. Til merkis ár, stað og dag sem fyrr segir.

Páll Þorgilsson meh	Eggert Sæmundsson mpp
Sigmundur Guðmundsson meh	

Anno 1713 dag 25. apríl að settu manntalsþingi að Mosvöllum auglýstu sam-ankomnir þingmenn eftir aðspurn sýslumannsins Markúsar Bergssonar að síðan næstliðið manntalsþing 1712 hafi hér öngvar sektir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast. Ei heldur vogrek uppborið eður nein önnur kónglegrar majestatis raritet séu hér að fá, ekki heldur hvalambur. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Sigurður Björnsson meh	Magnús Jónsson meh
Lífjarn Jónsson meh	Gils Þorleifsson meh
Sveinn Markússon meh	Guðlaugur Jónsson meh
	Einar Jónsson meh

Að Mosvalla settu manntalsþingi voru þessir menn til hreppstjórnar nefndir af virðuglegum sýslumanninum Markúsi Bergssyni, fyrst Ólafur Jónsson og Bjarni Bessason með samþykki samankomnara þingmanna í stað Gils Þorleifssonar og Magnúsar Jónssonar sem vegna forfalla eru þar viðskildir. Til merkis undirskrifuð nöfn að Mosvöllum anno 1713 dag 25. apríl.

Gils Þorleifsson meh	Magnús Jónsson meh
Lífjarn Jónsson meh	Guðlaugur Jónsson meh
	Sigurður Björnsson meh

Anno 1713 dag 27. apríl að settu manntalsþingi að Suðureyri auglýstu sam-ankomnir þingmenn eftir aðspurn sýslumannsins Markúsar Bergssonar að síðan næstliðið manntalsþing 1712 hafi hér aungvar sektir tilfallið sem kónglegrar majestatis sektir kunni ásegjast, ei heldur vogrek uppborið eður nein önnur kónglegrar majestatis raritet séu hér að fá, ekki heldur hvalambur. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Eiríkur Þórðarson meh	Jón Jónsson meh
Ólafur Ólafsson meh	Þórður Bjarnarson meh
Páll Þolleifsson	Ólafur Ketilsson meh
Jósep Jónsson	

Anno 1713 dag 28. apríl að settu manntalsþingi á Hóli í Bolungavík var Sigmundur Sæmundsson nefndur til hreppstjóra í stað síns föðurs eruverðugs Sæmundar Magnússonar. Einnin var Jón Jónsson nefndur til hreppstjóra í Bolungarvík í stað Ketils Jónssonar af sýslumanni og samankomnum þingmönnum. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

	Sæmundur Magnússon mev
Markús Bergsson mpp	Magnús Steinsson
Guðmundur Jónsson meh	Jón Jónsson meh

Anno 1713 dag 28. apríl að settu manntalsþingi að Hóli í Bolungavík auglýstu samankomnir þingmenn eftir aðspurn sýslumannsins Markúsar Bergssonar að síðan næstliðið manntalsþing 1712 hafi hér aungvar sektir tilfallið sem kónglegar majestatis sektir kunni viðliggja af fráteknu hvað barneignarmálum hér viðvíkur. Ei heldur vogrek uppborið eður nein önnur kónglegrar majestatis raritet séu hér að fá, ekki heldur hvalambur. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

	Sigmundur Sæmundsson meh
Jón Jónsson meh	Björn Ketilsson meh
Magnús Steinsson	Brynjólfur Bjarnason meh
Guðmundur Jónsson meh	Björn Þorsteinsson meh

Anno 1713 dag 28. apríl að settu manntalsþingi að Hóli í Bolungarvík vorum vér eftirskrifaðir menn, Sigmundur Sæmundsson, Magnús Steinsson, Jón Jónsson, Brynjólfur Bjarnason hreppstjórar, Guðmundur Jónsson og Ólafur Jónsson, í dóm nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni* um það málefni sem rís af barnsfaðernislýsingu Ingveldar Magnúsdóttur á eigingiftan mann Jón Pálsson á því barni er hún í heiminn fæddi öndverðlega á aflíðnum vetri, hvar í mót Jón Pálsson þverlega gengur með fyllilegri neitun bæði á barninu og öllum barngetnaðarverknaði bæði fyrir og síðar, hvar fyrir uppá þennan sinn sannleik hann segist meðtekið hafa heilagt sacramenti af sínum sóknarpresti séra Teiti Pálssyni fyrir næst aflíðin jól, og hefur nú sýslumaðurinn bréfluga hingað* á þennan stað og dag citerað Jón Pálsson og Ingveldi Magnúsdóttir til að auglýsa hvað helst þaug hvort fyrir sig kynni sér til málsbóta að auglýsa og sinni sögu í þessu efni til styrkingar framvísa. Og er nú hér til staðar Jón Pálsson og stendur við sína neitun, en Ingveldur er hér ei til staðar heldur hennar faðir Magnús Björnsson sem sig framgefur hennar vegna til svara, og auglýsir að sín dóttir Ingveldur standi enn við sína lýsingu um barnsfaðerni á Jón, og segist hvorki Jón Pálsson né Magnús sinnar dóttur vegna kunna að auglýsa sínum sögnum til styrkingar nein líkindi hér um frekari. Eftirspurði nú sýslu-

maðurinn samankomna þingmenn hvort þeir hefði heyrt ryktisorðróm um samræði hafa á legið Jóni Pálssyni og Ingveldi Magnúsdóttir um þann tíma eður fyrir eður eftir er barngetnaður skyldi hafa átt að byrjast þeirra á milli, hvörju samankomnir þingmenn mótmæltu til þess og undir þann tíma er barngetnaðurinn opinberaðist.

Framvegis auglýsist nú af samankomnum þingmönnum sem og fyrir viljuga játtun Jóns Pálssonar að hann hafi tvisvar fyrir þjófnað undir dóm og refsing komið. En þar þessi Ingveldur fær ei svo skýlausan þingmannaróm að hún muni kunna að fá sönnunarkonur að sverja uppá Jón Pálsson vafalaust þetta sitt barn, þó hún annars uppá sína æru óskert sé, samt sem áður tilvogustum vér ei einhlýtir í vera svo æruskertum manni sem Jón Pálsson er lagaeið dæma sem erlegum manni, þó hann að öðru en þessu fái ei mjög misjafnan vitnisburð á þessu þingi, hvar fyrir tilnefndir dómsmenn dæma þetta málefni undir endilegan dómsútskurð herra lögmansins vestan og norðan á Íslandi eðla herra Lárusar Gottrups og lögréttunnar á næstkomandi alþingi, hvort Jóni Pálssyni beri lagaeiðs undanfæri eður Ingveldi beri að sanna sína barnsfaðernislýsingu á nefndan Jón. En ef Ingveldur eður Jón kunna glöggvari ávísan hér um gjöra þá dæmum vér þaug að vera til staðar til andsvara fyrir lögmanni og lögréttu hér um á næsta Öxarár alþingi 1713. Samþykkti þennan dóm sýslumaðurinn Markús Bergsson og skrifar sitt nafn hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp	Sigmundur Sæmundsson meh
Ólafur Jónsson meh	Magnús Steinsson hs
Guðmundur Jónsson meh	Jón Jónsson meh
	Brynjólfur Bjarnason meh

Anno 1713 dag 29. apríl að settu manntalsþingi á Tungu við Skutulstjörð var Bjarni Ketilsson nefndur til hreppstjóra í Tunguþingsókn í stað Þórðar Jónssonar. Til merkis vor nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Bjarni Eyjólfsson meh	Jón Örnúlfsson meh
Jón Arason meh	Jón Jónsson meh
Bjarni Ketilsson meh	

Anno 1713 dag 29. apríl að settu manntalsþingi að Tungu við Skutulstjörð auglýstu samankomnir þingmenn eftir aðspurn sýslumannsins Markúsar Bergssonar að síðan næstliðið manntalsþing 1712 hafi hér aungvar þær sektir tilfallið sem kónglegrar majestatis sektir kunni ásegjast, ei heldur sektir dæmdar til kóns að fráteknum þeim tveimur hálfmerkur sektum sem dæmdar voru á séra Teit Pálsson anno 1713 dag 26. október og leggjast átti til fátækra prestaekna, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið, ekkert kónglegrar majestatis

raritet væri hér að fá eður hvalambur. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Bjarni Eyjólfsson meh	Jón Örnúlfsson meh
Bjarni Ketilsson meh	Jón Sigurðsson meh
Bjarni Skúlason meh	Jón Arason meh
Jón Jónsson meh	

Anno 1713 dag 29. apríl að settu manntalsþingi að Tungu við Skutulsfjörð urðu hreppstjórar ásamt samankomnum þingmönnum samþykkir að Ingibjörg Jónsdóttir, sem í Arnardal hefur verið síðan áliðinn vetur 3 vetur að aldri, skuli hér til sveitar takast ævinlega upp héðan átölulaust í alla staði uppaf* Súðavíkurrepp svo framt hreppstjórar og sveitarmenn þar láti ei það barn Þuríði Jónsdóttur koma hér til neinna þyngsla á þessa sveit. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Bjarni Eyjólfsson meh	Jón Örnúlfsson meh
Bjarni Ketilsson meh	Jón Jónsson meh
Jón Jónsson hs	Jón Arason meh
Jón Sigurðsson meh	

Anno 1713 dag fyrsta maí að settu manntalsþingi að Súðavík við Álftafjörð auglýstu samankomnir þingmenn eftir aðspurn sýslumannsins Markúsar Bergssonar, að síðan næstliðið manntalsþing 1712 hafi hér öngvar þær sektir tilfallið sem kónglegrar majestatis sektir kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið, ekkert kónglegrar majestatis raritet væri hér að fá eður hvalambur. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár, sem fyrir segir.

Bjarni Jónsson meh	Sigfús Jónsson meh
Þorvaldur Jónsson meh	Bjarni Gunnarsson meh
Þórður Svartsson	Halldór Hallsson meh
Eyjólfur Jónsson meh	

Sama stað og dag og ár kosinn Guðmundur Jónsson til hreppstjóra af samankomnum þingmönnum í stað monsieur Sigfúsar Jónssonar. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Sigfús Jónsson meh	Bjarni Jónsson meh
--------------------	--------------------

Anno 1713 dag 5. maí að settu manntalsþingi að Nauteyri auglýstu samankomnir þingmenn eftir aðspurn sýslumannsins Markúsar Bergssonar að síðan næstliðið manntalsþing 1712 hafi hér öngvar þær sektir tilfallið sem kónglegr-

ar majestatis sektir kunni ásegjast eður vogrek uppborið, ei arfalaust góss tilfallið, ekkert hvalambur sé hér að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Bjarni Gunnlaugsson
Jón Eggertsson hs
Hákon Sigmundsson hs
Þorsteinn Jónsson hs

Andrés Skúlason hs
Jón Bjarnason hs
Árni Jónsson hs

Anno 1713 dag 6. maí að settu manntalsþingi að Unaðardal upplas séra Teitur Pálsson 2 bréf leyfislaust óviðvörðum sýslumanninum Markúsi Bergssyni, en nefndur sýslumann fyrirbauð séra Teiti að lesa hér upp nein bréf réttinum til hindrunar fyrr en hann viðvaraði sig hvað helst hann vildi upplesa, en séra Teitur gjörði það eins eftir sem áður. Einnin heyrðum vér sýslumanninn óska af séra Teiti að umbreyta stefnudeginum á Dynjanda sem er sá 9. júní þar hann væri búinn að tilsetja vissan þingdag að Auðkúlu við Arnarfjörð á þann 7. júní, hvar fyrir hann kynni ei þingi að ná að Dynjanda þann 9. júní næstkomandi. Einnin aðvaraði sýslumaðurinn séra Teit að fara ei burt af þessu þingi fyrr en hann væri búinn að taka vitnisburði upp á þetta framanskrifað, og að þetta allt framanskrifað svo framfarið hafi vottum við undirskrifaðir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ásmundur Ketilsson
Jósep Jónsson
Ívar Steinsson meh
Guðmundur Árnason

Bjarni Erlendsson
Jón Brandsson
Jón Tómasson meh

Anno 1713 dag 6. maí að settu manntalsþingi að Unaðsdal óskaði heiðurlegur kennimaðurinn séra Gísli Hannesson almennilegs sannleikans vitnisburðar af samankomnum þingmönnum um það hvort þeir hefði ei séð á sér á fyrirfarandi vori 1712 nokkrar ákomur, hvar til þeir svöruðu sem eftir fylgir, að þeir hefðu séð á séra Gísla fyrir ofan augað, það vinstra, hruflað af skinnið svo mikið sem blóð hefði útkomið, tveir þumlungar á lengd. Einnin hafi séra Gísli verið hruflaður á skinninu á hægri kinninni í tveim stöðum. Þetta segja heimamenn séra Gísla, Bjarni Jónsson og Einar Jónsson, að séra Gísli hafi fengið þessar hruflur á andlitíð ásamt það kjólrif sem hann hlotið hefur á þeim sama degi og tíma er séra Teitur Pálsson hefði þar verið að Snæfjöllum fyrirfarandi ár 1712 dag 21. mars. Hvörjum vitnisburði til víðari staðfestu* séra Gísla Hannesson segir kvenfólk sem þá var að Snæfjöllum lofi hér um vitna, en samankomnir þingmenn játa og auglýsa að þeir hafi ei séð nefndar ákomur á séra Gísla fyrr

en að enduðum 21. mars 1712. En þar séra Gísli hefur heldur en ekki séra Teit Pálsson hér um viðriðinn haldið að af hans völdum hafi nefndar ákomur hlotið sem og kjólrif, þá hefur hann stefnt séra Teiti á þennan stað og dag til vitnisburða áheyrslu í sögðu máli. En séra Teitur nú í dag hefur appellerað bréflaga undan sýslumannsins aðgjörðum og fyrirboðið honum að inngefa sig í nefnt vitnisburðamál etc. Einnin séra Gísli Hannessyni að taka nokkur vitni upp á sig. Einnin fyrirboðið vottunum að vitna nokkuð sér viðvíkjandi etc. Bréfið er daterað að Eyri dag 23. apríl anno 1713 með undirskrifuðu nafni, Teitur Pálsson. Nú þó þetta bréf sýnist ei á lögum byggt þá lætur séra Gísli sér lynda þó þessi vitnisburðataka til staðfestingar bíði að svo stöddu, þar ofanskrifaðir heimamenn séra Gísli sem og þingmenn lofa óstefndir þennan sinn vitnisburð fyrirskrifaðan að staðfesta, sem og að auglýsa hvað helst þeir kunna honum frekara til opinberunar og styrkingar að auglýsa hvort séra Gísli vilji fyrir andlegum eður veraldlegum rétti hér í nyrðra parti Ísafjarðarsýslu. Framan- og ofanskrifuðu til sanninda skrifa undirskrifaðir sín nöfn undir sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Bjarni Jónsson
 Ásmundur Ketilsson
 Ívar Steinsson

Guðmundur Árnason
 Jón Brandsson
 Sæmundur Helgason

Anno 1713 dag 6. maí að settu manntalsþingi auglýstu samankomnir þingmenn að Unaðardal að síðan næstliðna manntalsþing 1712 hafi hér aungvar sektir tildæmdar verið, ei arfalaust góss tilfallið, ekki vogrek uppborið, ekkert kónglegrar majestatis raritet væri hér að fá eður hvalambur. Til merkis undirskrifuðu nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Ásmundur Ketilsson
 Bjarni Jónsson
 Páll Þormóðsson
 Sæmundur Helgason meh

Jón Brandsson
 Ívar Steinsson
 Jón Helgason

Anno 1713 dag 8. maí að settu manntalsþingi að Dynjanda við Jökulfjörður auglýstu samankomnir þingmenn eftir aðspurn sýslumannsins Markúsar Bergssonar að síðan hér hafi síðast verið þingað anno 1710 hafi hér í sveit aungvar þær sektir, verk eður gjörðir orðið augljósar eður opinberar sem nokkur kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, að fráteknum barneignarbrotum, ei heldur arfalaust góss tilfallið. Ekkert kónglegrar majestatis raritet sé hér eður hafi verið að fá, ei heldur vogrek uppborið að fráteknu í Furufirði, síðan næstliðna Jónsmessu hafi uppborið álvarlangt tré af eik 3 kvartel á digurð, þar hafi í

verið 7 merkur járnþ með ryðinu. Ekki heldur sé hér hvalambur að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Tómasson með	Ólafur Árnason með
Bjarni Guðmundsson	Jón Steinsson með
Jón Brandsson	Jón Óttarsson með
	Árni Einarsson

Anno 1713 dag 10. maí að settu manntalsþingi að Hesteyri auglýstu samankomnir þingmenn að hér í þingá hafi aungvar þær sakir tilfallið síðan 1712 sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið, ekki vogrek uppborið, ekkert kónglegrar majestatis raritet væri hér að fá eður hvalambur. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Magnús Bjarnason	Jón Björnsson með
Gísli Andrésón	Halldór Bjarnason
Einar Jónsson	Bjarni Jónsson með
Lífjarn Ólafsson	

Anno 1713 dag 10. maí að settu manntalsþingi að Hesteyri auglýstu þar allir samankomnir þingmenn eftir eftirspurn Jóseps Jónssonar, að nefndur Jósep Jónsson hafi sér ærlega, frómlega og ráðvandlega til orða og gjörða hagað og hegðað það framast sérhvör af þingsóknarmönnum segist vita og til hans vitað hafa frá hans barndómi, hvar uppá til frekari staðfestu undirskrifaðir skrifa sín nöfn hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Magnús Bjarnason	Gísli Andrésón
Bjarni Jónsson með	Jón Jónsson
Árni Eiríksson	Jón Björnsson með
	Einar Jónsson

Anno 1713 dag 7. júní að settu héraðsþingi að Auðkúlu við Arnarfjörð kom til tals og mála um það fyrirkall sem sýslumaðurinn Markús Bergsson eftir begeringu Sigríðar Þorbjarnardóttur hefur gjöra látið Bjarna Bjarnasyni á þennan stað og dag, til áheyrslu og viðurmælis sem og andsvara uppá þann róm uppá þá peninga sem hún hefur lýst sig misst hafa sem uppástunginn var á næstliðnu manntalsþingi hér 1713 og nú á þessum degi ætti fyllilegar að eftirspyrja, og eru þaug hér nú bæði til staðar, Sigríður Þorbjarnardóttir og Bjarni Bjarnason, og játar stefnuna sér auglýsta verið hafa sem og copiu þar af meðtekið hafa þann 24. apríl næstliðinn, hvörja hann afsegir nú fram að leggja. Og að þessu svo komnu nefnir sýslumaðurinn Markús Bergsson Snæbjörn Pálsson lögréttu-

mann, Úlf Pálsson, Jón Ísleifsson, Ólaf Snorrason, Brynjólf Bjarnason og Ólaf Jónsson til dóms um þetta efni uppá sérhvað sem hér í dag kann af sækjanda og verjanda framborið verða og hér kann dómur á að gjörast á þessum stað og degi. Og þar þessi konuskepna óskar talsmanns, þá setur sýslumaðurinn nefndri Sigríði Bjarna Snorrason til talsmanns í þessu efni til að uppleita og frambera það henni kynni til málbóta að vera og upplýsingar í þessu máli uppá hennar 10 rixdala burttöku er hún missti í raunum sínum, sem áður er umgetið.

Upplás nú Bjarni Bjarnason eitt bréf daterað 7. júní anno 1713 þess innihalds er oss skilst áhræri um rykti svo sem það bréf sér líkast hermir, uppá hvört var skrifað að hér fyrir réttinum uppleið verið hafi, hvört bréf dómsmenn álíta ei kunni að hindra að frekari vitnatekt um sagt efni auglýsist nú í dag. Eftirspurði því nú sýslumaðurinn ásamt talsmaðurinn konunnar Bjarni samankomna þingmenn sinn í hvörju lagi hvort þeir hefði heyrt Bjarna Bjarnason áður nefndan ryktaðan að hafa tekið þessa greinda 10 rixdali in specie frá Sigríði Þorbjarnardóttur, hvar um sig framgáfu í viðurvist nefnds Bjarna Bjarnasonar af samankomnum þingmönnum hér velviljuglega þessir eftirskrifadír menn, Jón Auðunarson, Jón Jónsson, Ólafur Narfason, Jón Auðunarson, Einar Jónsson, Jón Össursson, Bjarni Brynjólfsson, Sveinn Jónsson, Stefán Guðmundsson og Ingimundur Sveinsson, og játuðu sig heyrt hafa nefndan Bjarna ryktaðan af þessum nefndum 10 rixdölum að þá tekið hefði er hvarf frá fyrrnefndri Sigríði, en hvort það satt væri að hann hefði þá tekið segjast þeir ei vita.

Og er sameiginlegt dómsmanna álit að tveir af fyrrnefndum mönnum, Jón Auðunarson og Jón Jónsson, sverji fyllilegan eið að þessari ryktisheyrn. En hinir 8 sanni sögu þeirra eftir mannhelgi 25. capitula, hvörjir svolátandi eið aflögðu sem eftir fylgir: Til þess legg ég Jón Auðunarson og ég Jón Jónsson hönd á helga bók og það segi ég guði almáttugum að ég hefi heyrt Bjarna Bjarnason á Ósi* ryktaðan um þjófnad á þeim 10 rixdölum sem Sigríður Þorbjörnsdóttir missti á næstliðnum vetri, en ei veit ég hvort satt er. Þennan eið sver ég hvorki fyrir vild né vináttu, hatur eður hræðslu, né fyrir nokkra annarra muna sakir en sannleikanum til styrkingar. Og að svo stöfudum eiði sé mér guð hollur sem ég satt segi, gramur ef ég lýg. Aflögðu þessir 2 menn sinn eið að heyrðri eiðsúþýðingunni í nálægð Bjarna Bjarnasonar en hinir 8 sönnuðu mál þeirra.

Voru nú málspartarnir aðspurðir hvört þeir hefðu nú frekara fram að leggja fyrir þennan rétt þessu viðvikjandi, hvar til talsmaðurinn konunnar Bjarni Snorrason svaraði að hann hefði ei frekara konunnar vegna að framvísa en óskaði þetta sem nú hefur framkomið um ryktið undir endilegan dóm takist hvað gilda skuli. Einnin sagðist ei Bjarni Bjarnason hafa neitt frekara fram að

vísa sér til málbóta í þessu efni, en afsegir eið að vinna fyrir þennan ryktisróm fyrir en sér væri tildæmdur hann af alþingismönnum. Yfirskoðuðum vér tilnefndir dómsmenn þetta málefni og þetta rykti, og ályktum því fyllilega í herrans nafni að nefndum Bjarna Bjarnasyni beri lýritareidur hinn meiri sig með að fría frá nefndu rykti, og það með nefndarvottum, hvörjir nefndarvottar skulu vera þessir, Magnús Jónsson í Lokinhömrum, Jón Eyjólfsson í Stapadal, Árni Jóhannsson á Hrafnseyri, Guðmundur Jónsson á Hrafnabjörgum, hafi tvo af þessum, sjálfur hinn þriðji, og hafi eiðinn unninn innan mánaðar særra daga. Dómurinn er byggður á mannhelgi 25. capitula, réttarbót Hákonar konungs, landsleigubálki 39. capitula, þjófabálki 21. capitula. Samþykkti með oss þennan dóm sýslumaðurinn og skrifar ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Markús Bergsson mpp
Ólafur Jónsson meh
Ólafur Snorrason hs

Snæbjörn Pálsson meh
Jón Ísleifsson meh
Úlfur Pálsson meh
Brynjólfur Bjarnason hs

Anno 1713 dag 31. ágúst að settu héraðsþingi að Auðkúlu var Jón Þorleifsson kosinn til hreppstjóra þessarar sveitar í stað föður síns af sýslumanni, hreppstjórurum og samankomnum þingmönnum. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Sigurður Bjarnason meh
Sigurður Guðmundsson hs
Einar Jónsson

Jón Ísleifsson meh
Bjarni Snorrason meh
Eyjólfur Jónsson meh
Úlfur Pálsson meh

Anno 1713 dag 31. ágúst að settu héraðsþingi að Auðkúlu vorum vér eftirskrifaðir menn, Jón Ísleifsson, Eyjólfur Jónsson, Jón Þorleifsson hreppstjórur, Ólafur Jónsson, Jón Jónsson og Ólafur Snorrason, tilnefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni til að yfirvega og rannsaka um lýritareids undanfæri Bjarna Bjarnasonar er honum tildæmt var næstliðinn 7. júní að vinna fyrir það rykti er á hann var þá svarið, sem sá dómur sér líkast hermir, sem og að heyra og athuga nefnds Bjarna sem og hans nefndarvætta framburð er í þessu efni kann framborið verða, svo og sérhvað er partar þessa máls kunna löglega að auglýsa sínu máli til styrkingar, og síðan endilegan dóm á leggja um þetta mál, það framast sem á þessum stað og degi kann að gjörast. Var nú hér til staðar Bjarni Snorrason talsmaður Sigríðar Þorbjarnardóttir og hún sjálf. En Bjarni Bjarnason er hér nú ei nálægur jafnvel þó honum bréflega hafi af sýslumanninum í þingseðlinum verið til sagt á þennan stað og dag koma með sín tildæmd eið-

vætti, af hvörjum þingseðli samankomnir þingmenn játa nefndan Bjarna vitað hafa, sem og þessum þingdegi, hvað og sjá má af hans bréflegu skrifti til sýslumannsins, þar hann hefur hér í sveit verið um þann tíma sem þingsboðið gekk og allt til þess að á sunnudaginn var næstliðinn, þá skyldi þessi Bjarni hafa átt að vera við kirkju að Hrafnseyri. Nú í gærdag auglýsist að nefndur Bjarni hafi átt að ferðast úr þessari sveit, sem og vitnast af samankomnum þingmönnum hér komnum að þeir viti ei nefndan Bjarna nú í dag vera hér í þessari sveit að finna eður á þessu þingi og aungvan hans vegna, þó þrisvar væri eftir honum spurt og fram á dag eftir honum beðið.

Eru hér nú til staðar þaug fjögur nefndarvætti Bjarna Bjarnasonar, Magnús Jónsson, Jón Eyjólfsson, Árni Jóhannsson og Guðmundur Jónsson, hingað boðuð af sýslumanninum Markúsi Bergssyni á þennan stað og dag tildæmd særi að lúka* manningnum mót eður með, hvor nefndarvætti nú voru af sýslumanninum yfirheyrd í dómsmanna viðurvist sinn í hvörju lagi, eftir það samankomnir dómsmenn voru búnir að álykta sýslumanninn tilskyldugan nefnd eiðvætti að yfirheyra, og var sameiginlegt þeirra andsvar að þeir hyggi nefndan Bjarna Bjarnason heldur sakaðan en saklausan af nefndri 10 rixdala töku er Sigríður Þorbjarnardóttir hafi misst á afliðnum vetri og honum nefndan eið heldur ósæran en særan, hvar uppá til styrkingar hyggu sinni þeir draga:

1. Að nefndur Bjarni hafi aldrei svo þeir viti viljað fá undanfæri af þessum rýktisorðrómm eður viðleitni þar nokkra viðhaft, hvorki með eiði, nefndarvottum eður fangavottum.

2. Aldrei við sig nefnt um þessa eiðs sömmun þó tal við hann átt hafi.

3. Nú ei síst af því að hann hafi ei viljað á þetta þing koma en ferðast í burt degi fyrir úr sveitinni án neinna nauðsynja svo þeir viti.

Þennan eiðvættanna framburð í eiðsundanfærslunnar forsömmun Bjarna Bjarnasonar játa samankomnir þingmenn sanna að vera, sem og gefa þeir fyrrskrifuðum nefndarvættum fráma og ráðvanda kynning til orða og gjörða það framast þeir viti og heyrt hafi. Óskar nú sýslumaðurinn af tilnefndum dómsmönnum endilegrar úrlausnar, hvort sér beri að taka eið fyllilega af nefndarvættunum nú á þessum degi þó Bjarni sé ei til svara, hvar til þeir sameiginlega svara með fyllilegri dómsályktan að sýslumaðurinn sé þar tilskyldugur án frekari undandrátta:

1. Þar nú er mikill tími frekari umliðinn en dómurinn umgetur um eiðsfrestinn,

2. og nefndarvitnin afsegja lengur sín særi að geyma, ef tilætlað er þaug skuli um þetta efni sína hyggu sanna,

3. sem og að nefndur Bjarni hafi nú vel mátt vera til staðar hefði sjálfur viljað, nefndarvættanna orð að heyra.

4. Hafi hann aldrei á tildæmdum tíma haft neina viðleitni nefnt undanfæri að framkvæma.

5. Viti aungva von til að hann vilji hér framvegis nokkra ástundun hafa undanfæris að njóta hér um.

Þessra orðsaka vegna sé ótilheyrilegt lengur þessari eiðsframkvæmd uppi að halda eður nefndarvottana tilskylða sinni eiðsframkvæmd lengur uppi að halda, eður sitt særi að ábyrgjast. Aflögðu eftirskrifaðir menn svolátandi eið af eftir það þeir voru búnir eiðsútpýðinguna að heyra, sem nú segir: Til þess legg ég Magnús Jónsson, Jón Eyjólfsson, Árni Jóhannsson hönd á helga bók og það segi ég guði almáttugum að ég hygg Bjarna Bjarnason* heldur sakaðan en saklausan af 10 rixdala burttöku Sigríðar Þorbjarnardóttir og honum hans tildæmdan eið heldur ósæran en særan eftir minni samvisku, og að svo stöfuðum eiði sé mér guð svo hollur sem ég satt sver eftir minni hyggju en gramur ef ég lýg. Sá fjórði nefndarvotturinn Guðmundur Jónsson sannaði mál hinna þriggja manna. Nú af dómsmönnum þessi eiður yfirvegaður*, sem og athuguðum þeim kringumstæðum er nefndarvitnin hafa sinni hyggju til styrkingar nú auglýst, er dómsmanna endilegt svar að þeir þykjast ei tilfærir að dæma Bjarna Bjarnason sekan frekara fyrir þetta eiðfall en 4 merkur í eiðfall, hvað þeir og dæma hann um skyldugan kóngi til handa.

En hvort þessi kona Sigríður Þorbjarnardóttir skuli fá hér fullgjald fjár síns* á, svo sem Bjarni Bjarnason væri orðinn bevísaður sannur að sök að þessum stuldi, þá setja tilnefndir dómsmenn það málefni til næstkomandi alþingis fyrir lögmenn og lögréttuna hér um fyllilegan dóm á að leggja, hvort nefndum Bjarna Bjarnasyni skuli fyrir þetta eiðfall bera að svara frekari fésektum en nefndum* 4 mörkum, kóngi eður nefndri konu, og skal nefndur Bjarni vera skyldugur þá á Óxarárþingi að mæta 1714 fyrir lögmanni og lögréttunni að útfæra* sína sök ef til hefur nokkuð sér til forsvars frá frekari fésektum. Í sama máta talsmaður konunnar Bjarni Snorrason sé skyldugur þá að mæta vilji* hann frekara í þessu málefni að auglýsa, því til styrkingar og frekari undirbúnings og fyrirgreiðslu. Samþykkti þennan dóm með oss sýslumaðurinn og skrifar ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem upphaflega greinir.

Markús Bergsson mpp

Ólafur Jónsson meh

Jón Jónsson meh

Ólafur Snorrason hs

Jón Ísleifsson meh

Eyjólfur Jónsson meh

Jón Þorleifsson meh

1714

Anno 1714 dag 4. apríl að settu manntalsþingi að Unansdal auglýstu samankomnir þingmenn að hér í þingá síðan Sancte Hans dag 1713 hafi aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast fyrir utan það sem prestsins attest kann auglýsa. Ei arfalaust góss tilfallið, ekki vogrek uppborið eður arfalaust góss. Einnin sé hér ekkert kónglegrar majestatis raritet að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ásmundur Ketilsson meh	Bjarni Erlendsson
Jón Brandsson meh	Sæmundur Helgason
Bjarni Jónsson hs	Eysteinn Jónsson hs

Anno 1714 dag 5. apríl að settu manntalsþingi að Nauteyri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1713 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kynni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Ekki heldur sé hér í sveit nokkurt kónglegrar majestatis raritet að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ari Jónsson	Eggert Snæbjörnsson
Páll Þorsteinsson	Pórður Jónsson
Torfi Bjarnason	Magnús Jónsson hs
Einar Guðmundsson	

Anno 1714 dag 6. apríl að settu manntalsþingi að Reykjarfirði vorum vér eftirskrifaðir menn, Jón Hannesson, Jón Þórðarson hreppstjórar, Einar Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Jón Jónsson og Jón Bjarnason, í dóm nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni til að álíta og innvirðuglega að rannsaka, sem og síðan fullnaðardóm á leggja hvað miklar sektir kónglegri majestat kunni tilheyra á því misferli er svo er varið að Þorkell Torfason á Eyri hefur óneyddur viljuglega opinberað og játað að hann eitt sinn á sjó anno 1711 á Bolungarvíkurmiðum hafi ásamt skipverjum sínum róið að annarra manna duflí og veiðarfærum er í það sama sinn voru til fiskis í sjóinn lögd af eignarmanninum, er þá var í landi á milli legna (og með tilstyrk Jóns á Látrum er það vor hafði samlag í skipsútgjörð við Torfa á Eyri, föður Þorkels) upp dregið af þessum annarra manna veiðarfærum duflíð, niðristöðu og 29 öngla af lóð, hvörri lóð fylgdi hákallahneif með streng, og skorið svo þetta allt fyrrskrifað frá þeim veiðarfærum sem eftir var og haft svo þetta í land með sér og að ófrjálssu til sín

tekið án eigandans vilja og vitundar, með því móti að Þorkell segir að Jón á Látrum hafi öðlast af þessu ófrjálsa fé duflíð, lóðarpartinn, 29 öngla, hákallahneifina og strenginn, hvað Jón Jónsson nú óneyddur meðgengur, einninn tálgað eignarmannsins mark af duflinu. En Þorkell segist öðlast hafa niðristöðuna. Þetta allt meðkenna þeir nú Jón og Þorkell á þessu þingi oss og þingmönnum áheyrandi.

Hásetar hjá þessum Jóni og Þorkeli voru þá þetta gjörðist bræður hans tveir Jón og Arnór Torfasynir, Jón Bjarnason og Þorgrímur Ólafsson, hvörjir allir viðurvist sína hafa auglýst og játað fyrir sýslumanninum, þá þetta gjörðist. Og þar þetta málefni og þessi gjörningur sýnist að vera næsta illur, hvar á kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, einninn óhlýðanlegur að strafflaust afgangi svo djarflega að fara með náungans eign þó hann verði sér til lífsbjargar sín veiðarfæri að leggja í sjóinn og sér til hvíldar í landi vera meðan þaug liggja, sem almennilega er tíðkað við þetta djúp, þá hefur nú sýslumaðurinn Markús Bergsson tilsagt Jóni Jónssyni og Þorkeli Torfasyni að mæta á þessum stað og degi, sem og dóm þola um þetta málefni, ásamt þeirra nefndum hásetum með allt það forsvar er þeir kunna sér til málbóta að hafa, hvar fyrir þeir hafa svo lengi þetta verk hillt og hulið með áðurnefndum mönnum, og eru þeir nú hér nálægir allir nema tveir Torfasynir, Jón og Arnór. En faðir þeirra Torfi lofar fyrir þá lagasvörum uppihalda. Auglýsist nú að þessi niðristaða, dufl, lóð, hákallahneif og strengur hafi tilheyrt Halldóri Þorkelssyni í Bæjum og Jóni Brandssyni þar verandi sem það ár var formaður á þeirra skipi beggja er þetta gjörðist, hvörjir báðir menn hafa auglýst fyrir sýslumanninn Markúsi Bergssyni að þeir gæfi nú nefndum mönnum upp sína sök er segjast kynni á nefndri töku, að því tilskildu að kónglegrar majestatis sök sé óforkrenkt í allan máta.

Hvar um til frekari undirbúnings Jón Brandsson, sem var formaður yfir þessum færur þá þetta gjörðist, hefur undir sínu nafni skriflega auglýst hvörninn þessi veiðarfæri hafi verið þá hann síðast við þaug skildi, svo dómsmönnum nú væri hægara nærri að geta og álykta hvað þetta kynni allt til samans vert að vera, þar þetta kann ei trúanlega framborið eður sýnt að vera með sama móti og það misstist, því ei er til eignarmannanna enn komið. En kónglegrar majestatis interesse má ei þar fyrir og á eigi að kortast, þó þetta mál hafi ei opinberast augljóslega fyrr en nú á þessu ári, og þar fyrir beiðist sýslumaðurinn af oss dómsmönnum að meta þessa töku eftir því sem því lík veiðarfæri kunna hér almennilega að seljast og brúkast, hvorki í besta eður ringasta máta, sem og til styrkingar það að hafa sem nefndur Jón Brandsson hefur hér um þeirra ásigkomulag auglýst og svo er: duflíð gamalt þó brúkanlegt, niðristaðan 86 faðmar vel brúkanleg, mestöll þrínúin, nokkuð ofanvið tvísnúin, lóðarparturinn 29 önglar vel sterkur, hákallahneifin og strengurinn ekki vel duganlegur. Þennan

framburð Jóns Brandssonar hafa tveir erlegir menn sem það vor er þetta gjörðist voru hans hásetar með skriflegum vitnisburði játað satt að vera, hvað hér var nú allt í dag auglýst og upplesið. Einnin að ei er af nokkrum formanni tilætlað hákallahneif til hákallatekju þar að leggja sem ei er nokkurnveginn vel sterkt það sem hann á að ádragast ef tekst* sem oftlega viðber.

Hvar fyrir vér tilnefndir dómsmenn í herrans nafni ályktum að þessi taka ei kunni minni að vera til verðaura en 20 álnir, og þar fyrrnefndir menn Jón Jónsson og Þorkell Torfason opinbera nú ei neitt það þá frí frá að þeir ályktist ei af oss lögföllnir á þessari töku eftir þeirra játnun, þá dæmum vér í herrans nafni að nefndir menn Jón Jónsson og Þorkell Torfason leysi húð sína 3 mörkum við kóng svo sem að fyrsta eyrirs stuldi eftir Þjófabálki 1. capitula. En það viðvíkur Jóni og Arnóri Torfasonum, er leynt hafa þessum stuldi með bróður sínum Þorkeli og ei hafa getað enn sig frá fríað að þennan stuld hafi ásamt bróður sínum hirt og meðhöndlað eður fyrir neinar merkilegar orðsakir honum leynt, móti oftlega ítrekuðum í lögbókinni laganna greinum, þá dæmum vér hvorn um sig sekan kóngi til handa um 3 merkur eftir sama capitula hljóðan, jafnsekur er sá etc. En þar nú auglýsist að Þorgrímur Ólafsson, einn af þessa skips verjum, hafi einsamall lýst þessu fyrir Jóni Brandssyni samdægri, hvað nefndur Jón hefur játað með skriflegum seðli og sínu eigin nafni og hendi sem sá seðill nú fyrir réttinum upplesinn sér líkast hermir, svo hljóðandi sem hér segir: Það opinbera og auglýsi ég undirskrifaður Jón Brandsson að anno 1711 út í Bolungavík, sama dag og ég missti niðristöðuna, duflíð, lóðarpartinn, hákallahneifina með strengnum, þá kom Þorgrímur Ólafsson í Heydal til mín og sagði mér að þetta væri hjá sínum skipisfyfirboðurum og þeir hefði þetta uppdregið án síns vilja. En orðsök hvar fyrir ég ei augljóslega eftir þessu gekk var sú fyrsta að þessi Þorgrímur var mér ókenndur, annað að ég forvitnaðist við þeirra veiðarfæri og gat ei neitt þar fundið. Þriðja þó ég spurði suma aðra skipverja þar eftir fékk ég ekkert þar um frekara að vita. Þessara orðsaka vegna vogaði ég ei eftir einum mér ókenndum manni þetta uppbera hvað flestir munu mér vorkenna. Ofanskrifuðu til sanninda er mitt nafn hér undirskrifað að Bæjum anno 1714, Jón Brandsson meh. Hvar uppá var skrifað að fyrir réttinum upplesið verið hafi.

Hvörra fyrrgreindra orðsaka vegna vér ályktum nefndan Þorgrím með æru skilinn við þetta mál, þar með gat hann ei útúr skipinu farið meðan þetta gjörðist og ei fyrr auglýst en í land kom. Einnin auglýsist að nefndur Þorgrímur hafi þessu strax mótmælt á skipinu. Í sama máta ályktum Jóni Brandssyni fulla vorkunn þó hann eftir eins manns munnni ei hafi þetta frekara uppborið og hann hér við sektalausan. Það Jóni Bjarnasyni viðvíkur sem var vinnuáður Jóns á Látrum þá þetta gjörðist, þá tjáist hann og auglýsist af samankomnum þingmönnum mjög fáfróður. Einnin framvísar hann að hann hafi ekki neitt vitað

hvað af þessari töku hafi orðið nær hann á land kom og ekki hafi hann neitt af henni haft, hvað Jón og Þorkell meðkenna, og þess vegna segist Jón hafa ætlað að hann mundi ei þetta þurfa að opinbera, hvörn hans þennan framburð samankomnir þingmenn halda trúanlegan vera vegna hans fáfræðis, þar hann fær nú fráma og erlega kynning hér á þinginu. Samt sem áður álykta dómsmenn hann sanni það með eiði að hann hafi ekki neitt af þessari töku eignast, ei heldur geymt hana eður forvarað eftir það hann var í land kominn, og að þessum eið framkomnum og unnum sé hann sektalaust við þetta mál skilinn. Hvörn eið hann nú vann eftir það eiðsútpýðingin var honum af sýslumanninum opinberuð með þessum eiðstaf sem eftir fylgir: Til þess legg ég Jón Bjarnason hönd á helga bók og það segi ég guði almáttugum að ég hefi ei neitt eignast og ekkert gagn af haft af ofanskriðu dufli, niðristöðu, lóðarparti né strengnum og ekki neitt af því geymt né forvarað síðan sama dag er það fór upp úr skipinu, og ekki hef ég leynt því vegna þess að ég hvorki fyrr né síðar hefi haft né tilætlað að ég hafa skyldi nokkuð gagn þar af fyrir mig eður neinn annan, heldur hef ég af fávisku og vankunnáttu því leynt þar ég ætlaði það mundi einu gilda hvort ég tók þar ei neitt af. Og að svo stöfuðum eiði sé mér guð svo hollur sem ég satt sver, gramur ef ég lýg. Samþykkti með oss þennan framanskriðan dóm sýslumaðurinn, hvör ásamt oss hér undirskrifar sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp
 Jón Þórðarson meh
 Jón Jónsson meh

Jón Hannesson meh
 Einar Guðmundsson
 Jón Bjarnason hs
 Guðmundur Bjarnason hs

Anno 1714 dag 6. apríl að settu manntalsþingi að Reykjarfirði auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1713 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei heldur dæmdar verið, að fráteknum þeim fernum 3 mörkum sem í dag dæmt var á Jón Jónsson, Þorkel, Arnór, Jón Torfasyni. Ei arfalaust góss tilfallið, ekki heldur sé hér í sveit nokkurt kónglegrar majestatis raritet að fá eður vogrek. Til merkis undirskriðu nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Hannesson mpp
 Einar Guðmundsson meh
 Jón Gíslason hs

Jón Jónsson meh
 Þorgrímur Rafnsson meh
 Torfi Þorgeirsson meh
 Þórður Þorgrímsson hs

Anno 1714 dag 9. apríl að settu manntalsþingi að Súðavík auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1713 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss

tilfallið, ekki heldur sé hér í sveit nokkurt kónglegrar majestatis raritet að fá eður vogrek. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Guðmundur Jónsson meh	Ólafur Hannesson
Páll Jónsson meh	Bjarni Jónsson meh
Sigfús Jónsson meh	Markús Guðmundsson meh
	Vilhjálmur Jónsson meh

Anno 1714 dag 10. apríl að settu manntalsþingi að Tungu auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1713 hafi hér í sveit öngvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni áseggjast, ei arfalaust góss tilfallið, ekki heldur sé hér í sveit nokkurt kónglegrar majestatis raritet að fá eður vogrek. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Sigurðsson meh	Jón Örnúlfsson meh
Bjarni Ketilsson meh	Bjarni Eyjólfsson meh
Pórður Pálsson meh	Jón Jónsson meh
	Ari Sigmundsson hs

Anno 1714 dag 11. apríl að settu manntalsþingi að Hóli auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1713 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni áseggjast að fráteknum barneignarbrotum, ei arfalaust góss tilfallið, ei heldur nokkurt kónglegrar majestatis raritet eður vogrek sé hér að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Sigmundur Sæmundsson meh	Þorsteinn Björnsson meh
Kolbeinn Snæbjörnsson meh	Magnús Steinsson meh
Oddur Einarsson	Jón Jónsson meh
	Brynjólfur Bjarnason meh

Anno 1714 dag 12. apríl að settu manntalsþingi að Suðureyri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1713 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni áseggjast, ei arfalaust góss, ei heldur nokkur kónglegrar majestatis raritet eður vogrek sé hér að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Sigurður Þorleifsson meh	Jón Jónsson meh
Jón Jónsson meh	Páll Jónsson meh
Pórður Bjarnason meh	Árni Sigmundsson meh
	Jón Þorgilsson hs

Sama stað, dag og ár var Jón Jónsson og Sigurður Þorleifsson nefndir til hreppstjóra í stað Jóns Sigmundssonar og Þorsteins Jónssonar. Til merkis vor nöfn.

Árni Sigmundsson hs	Jón Jónsson meh
	Jón Þorgilsson meh

Anno 1714 dag 25. apríl að settu manntalsþingi á Hesteyri í Jökulfjörðum auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1713 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast. Ei arfalaust góss, ei heldur nokkur kónglegrar majestatis raritet eður vogrek sé hér að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Magnús Bjarnason	Tómas Ásgrímsson
Jón Svarthöfðason	Gísli Andrésson
Jón Jónsson meh	Bjarni Jónsson meh
	Halldór Bjarnason hs

Anno 1714 dag 11. maí að settu heimstefnuþingi að Minnihlíð í Bolungavík talaðist svo sáttsamlega á milli þessara persóna, Sæmundar Magnússonar og Sigmundar Sæmundssonar, til friðsamlegrar forlíkunar uppá það stefnumál er Sigmundur hefur honum til stefnt á þennan dag að mæta og til svara, að Sæmundur Magnússon fær nú og heimilar með fullnaðarhandsölum til fullkomlegrar eignar og frjáls forræðis Sigmundi Sæmundssyni ævinlega upp héðan hálfu Minnihlíð, sem er 4 hundruð að dýrleika liggjandi í Buðlungavík og Hóls- kirkjusókn, átölulaust í allan máta bæði af sér og sínum erfingjum fyrir óánefnd 4 hundruð í jörðu eður þeirra andvirði í lausafé, og þetta með ljúfu og óneyddu samþykki hans ektakvinnu Valgerðar Jónsdóttir, hvör nefnd heiðurskvinna Valgerður Jónsdóttir fær nú sínum ektamanni Sæmundi Magnússyni 8 hundruð þaug í Minnihlíð er hann hefur henni á kaupdegi gefið í tilgjafar nafni, undan sér og til hans erfingja upp héðan ævinlega, fyrir hvör nefnd 8 hundruð að Sæmundur Magnússon fær nú sinni ektakvinnu Valgerði Jónsdóttur 8 hundruð í Kirkjubóli í Skutulsfirði. Einnin fær nefndur Sæmundur sinni ektakvinnu Valgerði 2 hundruð í sömu jörðu Kirkjubóli fyrir 4 hundruð í lausafé af hennar mála er hún á inni hjá honum, svo að eftir hans dag skal Valgerður eignast 10 hundruð í Kirkjubóli við Skutulsfjörð ásamt kirkjujörðina Fossá að svo miklu leyti sem þessum 10 hundruðum í Kirkjubóli tilheyra með öllum þeim gögnum og gæðum, eignum og ítökum er nefndri 10 hundraða jörð Kirkjubóli hefur fylgt og fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju til ystu ummerkja við aðrar jarðir, ævinlega átölulaust í alla staði, hvar um þaug bæði höfðu fyllileg handsöl. Og að þessu gjörðu lofar og undirbindst Sigmundur Sæmundsson að allt það tiltal með stefnum eður landabrigðum er hann hefur haft til föður síns

hingað til dags skyldi í alla staði upp héðan, því máli viðvíkjandi, vera dautt og magtarlaust, hvar uppá þeir friðsamlega með kærleika sættust. Fór allur þessi framan- og ofanskrifaður gjörningur fram með fullnaðarhandsölum og heimildartökum á báðar síður í þingmanna nálægð, hvar uppá til sanninda nálægir þingmenn skrifa sín nöfn hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Magnús Steinsson meh	Markús Bergsson mpp
Snæbjörn Kolbeinsson meh	Brynjólfur Bjarnason meh
Bjarni Jónsson meh	Guðmundur Jónsson meh
	Oddur Einarsson meh

Anno 1714 dag 14. maí* að settu manntalsþingi að Mosvöllum auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1713 hafi hér í sveit öngvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunní ásegjast. Ei arfalaust góss. Ei heldur nokkur kónglegrar majestatis raritet eður vogrek sé hér að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ólafur Jónsson meh	Sigmundur Guðmundsson meh
Lífjarn Jónsson meh	Magnús Jónsson meh
Bjarni Bessason meh	Sigurður Björnsson meh
	Guðlaugur Jónsson meh

Anno 1714 þann 16. maí að Mýrum settu manntalsþingi er auglýsing þingsóknarmanna fyrir eftirspurn valdsmannsins að engin mál hafi hér þau tilfallið síðan næstliðna Jónsmessu sem kónglegrar majestatis sakeyrir áhræri, ei arfalaust góss né nokkur kóngleg raritet svo þeir viti. Til vitnis ár, stað og dag sem fyrr segir.

Snæbjörn Pálsson meh	Eggert Sæmundsson mpp
Einar Jónsson meh	Sigmundur Guðmundsson meh
Jón Guðmundsson meh	Tómas Pálsson meh
Marteinn Guðmundsson	

Anno 1714 dag 17. maí að Meðaldal settu manntalsþingi* auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1713 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunní ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið, ekkert vogrek uppborið að fráteknu einu tré 9 álna á Höfn mjög rífið og lasið, höggvið fyrir báða enda. Virt 12½ fisk. Engin kónglegrar majestatis raritet séu hér að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Bjarni Jónsson	Jón Níelsson
Páll Grímsson	Magnús Sigurðsson,
Pétur Björnsson meh	Jón Jónsson
	Ólafur Þorláksson

Anno 1714 dag 18. maí að settu manntalsþingi að Auðkúlu auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1713 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, að fráteknum þeim 4 mörkum kóngi til er dæmdar voru fyrir eiðfall á Bjarna Bjarnason, ei arfa-laust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Ekki heldur nokkurt kónglegrar majestatis raritet sé hér að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Guðmundur Þorbjörnsson meh	Jón Ísleifsson meh
Jón Þorbergsson meh	Úlfur Pálsson meh
Eyjólfur Jónsson meh	Jón Jónsson meh
Sigurður Bjarnason meh	

Anno 1714 dag 19. september að Hóli í Bolungarvík að settu héraðsþingi var upplesið það andsvar og ályktun er lögmenn og lögréttan hafði gjört á alþingi 1713 yfir þeim dómi sem þangað var settur úr Ísafjarðarsýslu, í hverjum alþingismanna dómi ályktað er að Jón Pálsson skuli hafa séttareid fyrir barnsfadernislýsingu Ingveldar Magnúsdóttur, hvar fyrir sýslumaðurinn Markús Bergsson með ráði vorra, undirskrifaðra manna, nefnir nefndum Jóni Pálssyni þessa erlega menn, Jón Jónsson á Breiðabóli, Jón Jónsson annan á Breiðabóli, Ólaf Ólafsson á Hrauni, Jón Stefánsson, Jón Árnason og Sigurð Björnsson á Ósi, til eiðvættis í þessu efni, að sanna þennan eið með Jóni Pálssyni svolátandi að hann væri og sé saklaus af Ingveldi Magnúsdóttur af öllum frillulifnaðar saurugum verknaði er til barngetnaðarverknaðar kann að vera fyrir og síðar eftir þeirra hyggju, eður hann sé sakaður. Jón Pálsson skal hafa 3 af þessum nefndarvættum, sjálfur hinn fjórði, og 2 fangavotta, eftir þjófabálks 20. capitula og hafi þennan eið aflagt innan 10 vikna serra daga. Og að þetta allt ofanskrifað að svo framfarið hafi staðfesta undirskrifaðir með undirskrifuðum nöfnum sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Sigmundur Sæmundsson meh	
Magnús Steinsson meh	Jón Jónsson meh
Jón Jónsson	Kolbeinn Snæbjörnsson
Ólafur Jónsson	Guðmundur Jónsson

Anno 1714 dag 21. september að settu héraðsþingi að Súðavík nefndi sýslumaðurinn Gunnlaug* Jónsson, Guðmund Jónsson, Ólaf Hannesson, Jón Jónsson, Vilhjálm Jónsson og Ólaf Jónsson til dóms um þær sakir er sýslumaðurinn Markús hefur kónglegrar majestatis vegna um stefnt Halldóri Guðmundssyni á Kleifum á þennan stað og dag til að koma með lögleg forföll sín ef til hefði,

hvar fyrir hann hefði ei sókt þrjú manntalsþing að Súðavík, annars dóm þola hvað miklu hann skyldi til kónglegrar majestatis í þingviti svara. Einnin hefur hann stefnt honum til andsvara við sig hvar fyrir hann hefur ei goldið þá skatta er á sérhverjum þessum árum að hann haldi að hann hafi borið kónglegri majestat að gjalda. Stefnan var honum birt þann 5. september næstliðinn, hvað Halldór nú játar, og sýnist stefnufresturinn ánægjanlegur. Athugudum vér það fyrst er viðvíkur þeim þremur manntalsþingum er Halldór hefur ei sókt, nefnilega 1712, 1713 og 1714, og gagnast Halldóri vitni að því, að þar hann er einvirki og enginn á samleið með honum til Eyrar, þá hafi hann ekki komist á þessi þing 1712 og 1713 fyrir stórviðri, þar hann átti yfir sjó að ferðast, en 1714 hafi hann ei komist yfir á slæma hjá sér er Uppsalaá heitir. En þó hann hafi ei í midlertíð fundið sýslumanninn þá segist hann það ei hafa gjört uppá forakt og hefur nú beðið sýslumanninn þar um forláts á og lofar nú að kunni svo tilfalla að hann kunni ei hér eftir að komast á þingstaðinn með sitt gjald þá skuli hann persónulega hann sjálfur finna og honum það afhenda.

Og að yfirveguðu þessu Halldórs forsvari um þingsóknina er dómsmanna ályktan að hann kunni ei þar fyrir sektum mæta við kóng eður kall. En þá sköttunum viðvíkur þá hefur Halldór eftir viðgöngu sýslumannsins góðlátlega honum skattana afhent síðan stefnan var honum birt, og þar Halldór afsakar sig að hann hafi ei nefndum sköttum haldið í trássi, eftir því honum hefur nýlega þessi peningur aflast er honum ber skattur af að gjaldast, hvað samankomnir þingmenn játa, þá dæma tilnefndir dómsmenn að hann kunni ei hér fyrir skatthaldi að svara. Samþykkti með oss þennan dóm sýslumaðurinn og skrifar ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp
Guðmundur Jónsson
Gunnlaugur Jónsson
Jón Jónsson

Ólafur Jónsson meh
Ólafur Hannesson
Vilhjálmur Jónsson

1715

Anno 1715 dag 24. apríl að settu manntalsþingi að Unaðsdal auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1714 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust göss tilfallið eður vogrek uppborið, ekki heldur sé hér í sveit nokkurt kónglegrar majestatis raritet að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Brandsson
Páll Þormóðsson hs
Eysteinn Jónsson hs
Jón Helgason hs

Jón Jónsson
Sæmundur Helgason
Einar Guðmundsson meh

Anno 1715 dag 24. apríl að settu manntalsþingi að Unaðsdal var Jón Jónsson nefndur til hreppstjóra í stað Halldórs Þorkelssonar af sýslumanni. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Sæmundur Helgason

Jón Brandsson

Anno 1715 dag 25. apríl að settu manntalsþingi að Nauteyri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1714 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust göss tilfallið eður vogrek uppborið, ekki heldur sé hér í sveit nokkurt kónglegrar majestatis raritet að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Hafliði Árnason
Árni Jónsson
Bjarni Bjarnason
Hákon Sigmundsson

Eggert Snæbjörnsson
Bjarni Gunnlaugsson meh
Torfi Bjarnason

Anno 1715 dag 25. apríl að settu manntalsþingi að Nauteyri vorum vér eftirskrifaðir menn, Eggert Snæbjörnsson, Hafliði Árnason, Bjarni Bjarnason, Magnús Jónsson, Guðmundur Árnason og Hákon Sigmundsson, í dóm nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um það málefni sem hreppstjórinn Ari Jónsson dóms á beiddist sem er hver veita skuli vörð og framfæri Jóni Jónssyni á Raudamýri nú karlægum, og þar tjáist að bróðir Jóns Þorsteinn og hans dóttir kunni eigi að veita Jóni eður hans peningum varðveislun og forstöðu, þá dæma tilnefndir dómsmenn í herrans nafni nefndan Jón Jónsson með sínu fé á hans nána* frændur, Svein Jónsson á Finnbogastöðum í Trékyldisvík, svo

framt hann á að lögum fé fyrir. Eigi hann ei fé fyrir þá á Þórð Jónsson á Hamri með sama skilyrði, að honum löglega frágengnum á þær systur Valgerði og Kristrínu Jónsdætur ef þær eiga fé fyrir. En ef nokkrir af þessum reynast sem eiga hann löglega fram að færa þá skulu þeir áður en peningur Jóns til þeirra kemur láta allar hans álnir af 6 skynsömum mönnum virða, svo og hvörjir af ofanskriðuðum mönnum sem sig vilja löglega frá fría nefnds Jóns forstöðumaður að vera, sé búinn innan hálf mánaðar að heyrðum þessum dómi laga-skýrslu að gjöra á sínum peningum og láti hana í hönd komast hreppstjórum á Langadalsströnd það fyrsta. Samþykkti þennan dóm með oss sýslumaðurinn og skrifar sitt nafn ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Hafliði Árnason
Magnús Jónsson
Guðmundur Árnason hs

Markús Bergsson mpp
Eggert Snæbjörnsson
Bjarni Bjarnarson hs
Hákon Sigmundsson hs

Anno 1715 dag 26. apríl að settu manntalsþingi að Reykjarfirði auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1714 hafi hér í sveit öngvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunní ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Ekki heldur sé hér í sveit nokkurt kónglegrar majestatis raritet að fá. Til merkis undirskriðuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Hannesson
Þórður Þorgrímsson hs
Helgi Þorgrímsson
Þorsteinn Erlendsson

Jón Jónsson
Egill Egilsson
Jón Jónsson hs

Sama stað, dag og ár nefndur Bjarni Jónsson til hreppstjóra í stað Gísla Páls-sonar. Til merkis vor nöfn.

Jón Hannesson

Þorsteinn Erlendsson

Anno 1715 dag 29. apríl að settu manntalsþingi að Súðavík við Álftafjörð auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1714 hafi hér í sveit öngvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunní ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið, ekki heldur sé hér í sveit nokkurt kónglegrar majestatis raritet að fá. Til merkis undirskriðuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Sigfús Jónsson meh
Guðmundur Jónsson meh
Jón Jónsson hs
Jón Steinsson meh

Bjarni Jónsson meh
Bjarni Gunnarsson meh
Vilhjálmur Jónsson hs

Anno 1715 dag 30. apríl að settu manntalsþingi að Tungu við Skutulsfjörð auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1714 hafi hér í sveit öngvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfa-laust góss tilfallið eður vogrek uppborið, ekki heldur sé hér í sveit nokkurt kónglegrar majestatis raritet að fá, til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Jón Örnúlfsson meh
Bjarni Skúlason hs
Jón Sigurðsson meh

Bjarni Eyjólfsson meh
Jón Jónsson meh
Bjarni Ketilsson meh
Porvaldur Þorsteinsson meh

Anno 1715 dag 1. maí að settu manntalsþingi að Hóli vorum vér eftirskrifaðir menn, Sigmundur Sæmundsson, Jón Jónsson, Snæbjörn Kolbeinsson, Guðmundur Jónsson, Jón Jónsson og Einar Guðmundsson, í dóm nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni að yfirheyra þaug eiðvætti er Jóni Pálssyni voru nefnd anno 1714 dag 19. september, til þess hvort þaug vildu með eður mót sanna honum þann eiðstíl er honum var af alþingismönnum 1713 dæmdur að vinna fyrir barnsfadernislýsingu Ingveldar Magnúsdóttur, sem og sérhvað er af partanna hendi kann málinu til upplýsingar hér að framkoma, og síðan á þetta málefni fyllilegan dóm leggja. Var nú hér nálægur Jón Pálsson og faðir Ingveldar, Magnús Björnsson, sem og eiðvættin Jón Jónsson, Ólafur Ólafsson, Jón Stefánsson, Jón Jónsson og Jón Árnason, en 6. eiðvættið, Sigurður sálugi Björnsson á Ósi er sálaður, hverjir yfirheyrdir voru af sýslumanninum í náveru Jóns Pálssonar og auglýstu sína samvisku heldur honum mót en með og færðu þetta eftirskrifað hyggju sinni til styrkingar sem eftir kemur, að þegar sem þetta hafi yfir Jón Pálsson borið þá hafi hann ei í fyrstunni harðlega þrætt fyrir verkið. Einnin segjast sumir af eiðvættunum hafa séð Ingveldi koma til Jóns og líka frá honum úr einhýsi, traflausa, sem og hafi hann verið miklu hljóðari eftir það hann var búinn að fréttu að Ingveldur var þunguð en áður.

Og aflögðu þeir nú svolátandi eið sem eftir fylgir, nær eiðsútpýðinguna var búid þeim af sýslumanninum að auglýsa í náveru Jóns Pálssonar: Til þess legg ég Jón Jónsson, Ólafur Ólafsson, Jón Stefánsson, Jón Jónsson og Jón Árnason hönd á helga bók* og það segi ég guði almáttugum að ég hygg Jóni Pálssyni hans tildæmdan eið honum heldur ósæran en særan og hann heldur sakaðan en saklausan af saurlífnaðar holdlegu samræði með Ingveldi Magnúsdóttur. Og að svo stöfuðum eiði sé mér guð svo hollur sem ég satt segi eftir minni samvisku en gramur ef ég lýg. Það fangavottunum viðvíkur kom Jón með þá aungva og ei hefur hann enn viðleitad þá að útvega, hvar fyrir dómsmenn ályktuðu sýslumanninn tilskyldugan að taka eið af áðurnefndum nefndarvættum, að hvörjum

þeirra eið athuguðum að tilnefndir dómsmenn álykta Jón fallinn á sínum eið til 4 marka, svo sem á öðru eiðfalli sem vor landslagabók umgetur. Samþykkti með oss þennan dóm sýslumaðurinn Markús og skrifar sitt nafn hér undir ásamt oss sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Sigmundur Sæmundsson meh	Markús Bergsson mpp
Jón Jónsson meh	Snæbjörn Kolbeinsson meh
Jón Jónsson hs	Einar Guðmundsson meh
	Guðmundur Jónsson meh

Anno 1715 dag 2. maí að settu manntalsþingi að Suðureyri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1714 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Ekki heldur sé hér í sveit nokkurt kónglegrar majestatis raritet að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Sigurður Þorleifsson meh	Jón Jónsson hs
Jón Jónsson meh	Árni Sigmundsson mev
Jón Þorgilsson meh	Páll Jónsson meh
Ólafur Ólafsson meh	

Anno 1715 dag 15. maí að settu manntalsþingi að Mosvöllum auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1714 hafi hér í sveit öngvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið, ekki heldur sé hér í sveit nokkurt kónglegrar majestatis raritet að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Ólafur Jónsson meh	Guðlaugur Jónsson meh
Lífjarn Jónsson meh	Eggert Jónsson
Bjarni Bessason meh	Magnús Jónsson meh
Steinþór Jónsson meh	

Anno 1715 dag 15. maí að settu manntalsþingi að Mosvöllum upplás sýslumaðurinn Markús Bergsson nöfn þeirra manna er kaupmaðurinn á Þingeyri 1714 hefur skriflega frá sér gefið að skyldugir væri eftir reikningsbókinni á Þingeyri anno 1710 og 1711, og auglýstu samankomnir þingmenn að nokkrir af þeim mönnum sem í því kaupmannsins skrifi eru hafi aldrei í þessari sveit verið svo þeir til minnst, en þó flestir hafi sálast anno 1707 og eigi hér ekki erfingja eftir sem fyrir þá kunna skuldum gegna. En þeir tveir menn sem eftir

lifa, Þorleifur Jónsson og Guðlaugur Hallsson, segjast það áður borgað hafa. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Lífjarn Jónsson meh	Ólafur Jónsson meh
Eggert Jónsson	Magnús Jónsson
Steinþór Jónsson	Guðlaugur Jónsson meh

Anno 1715 þann 16. maí að Mýrum við Dýrafjörð settu manntalsþingi af sýslu-manninum Markúsi Bergssyni auglýstust engin vogrek sem upp hefðu borið hér í sveit síðan næstliðna Jónsmessu, aungvar dæmdar sektir né nokkur kóng-leg raritet svo oss sé vitanlegt að tilfallið hafi. Til merkis vor undirskrifuð nöfn, ár, stað og dag sem fyrr segir.

Snæbjörn Pálsson meh	Páll Þorgilsson meh
Sigmundur Guðmundsson meh	Jón Bjarnason meh
Björn Jónsson meh	Jón Guðmundsson meh
Jóst Jónsson meh	

Anno 1715 dag 18. maí að Meðaldal settu manntalsþingi auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1714 hafi hér í sveit aungvar sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Ekki heldur sé hér í sveit nokkurt kónglegrar majestatis raritet að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Jón Nielsson	Ólafur Þorláksson
Jón Pálsson	Magnús Nielsson
Jón Jónsson	Magnús Sigurðsson
	Páll Grímsson

Anno 1715 dag 20. maí að settu manntalsþingi að Auðkúlu* auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1714 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið og ekkert kónglegrar majestatis raritet sé hér að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Bjarni Snorrason meh	Sigurður Bjarnason meh
Eyjólfur Jónsson meh	Magnús Jónsson meh
Jón Ísleifsson meh	Jón Jónsson meh
Úlfur Pálsson meh	

Anno 1715 dag 28. maí að settu manntalsþingi að Dynjanda auglýstu samankomnir þingmenn að síðan síðasta manntalsþing er hér var haldið hafi hér í

sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunní ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið og ekkert kónglegrar majestatis raritet sé hér að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ólafur Árnason meh
Jón Tómasson meh
Eldjárn Sigurðarson mev

Björn Ketilsson meh
Jón Óttarsson meh
Guðmundur Jónsson

Anno 1715 þann 31. maí að settu manntalsþingi að Hesteyri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan síðasta manntalsþing er hér var haldið hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunní ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið og ekkert kónglegrar majestatis raritet sé hér að fá. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Tómas Ásgrímsson meh
Nikulás Ásmundsson meh
Jón Þorbjörnsson hs

Bjarni Jónsson
Ísleikur Eiríksson meh
Tómas Einarsson hs

Anno 1715 dag 2. september að settu héraðsþingi að Reykjarfirði voru eftirskrifaðir menn, Bjarni Jónsson, Jón Jónsson, Helgi Þorgrímsson, Egill Egilsson, Þorleifur Halldórsson, Þorsteinn Ellendsson og Björn Sigurðsson til þingvitnis nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni til að vitna um sérhvað er í dag kynni fyrir réttinum passera. Í fyrstu var upplesinn einn seðill dateraður 27. ágúst 1715, hvar inni Jón Hannesson begierir af sýslumanninum að hann mætti sig með eiði fría fyrir þeim óhróðri er hann þykist fengið hafa af veikleika Ingibjargar sálugu Jónsdóttur á Látrum, svo sem sá seðill sér líkast hermír. Aðspurði nú sýslumaðurinn samankomna þingmenn hvort þeim þætti Jóni Hannessyni þörf vera hér um eið afleggja, hvörju þeir játuðu. Einnin var Jón Jónsson ektamaður Ingibjargar sálugu hér nálægur aðspurður hvort hann hefði nefndan Jón Hannesson um nefndrar sinnar kvinnu veikleika grunsaman, einnin hvort hann vissi eður hefði nokkurn tíma áskynja orðið að Jón Hannesson hefði brúkað eður meðferðis haft galdur, rúnir, ristingar eður óvenjulega caracteribus, hvörju öllu hann í alla staði mótmælti og gaf Jóni Hannessyni ásamt með þingsókninni einn upprigtugan og góðan vitnisburð það frekast hvor fyrir sig vissi og áskynja orðið hefði og buðust til eftir sinni samvisku í herrans nafni með Jóni Hannessyni sverja fyrir allan galdur.

En sýslumanninum með tilnefndum þingheyrurum sýnist ei þörf að Jón sverji nema eineiði fyrir þennan orðróm, þar hann er ekki borinn né heldur vill hann aungvan með þessum sínum eið fella eður klaga, heldur einungis að fría

sitt mannorð fyrir ljótu tali. Og að þessu svo athuguðu aflagði Jón Hannesson svolátandi eið sem fylgir: Til þess legg ég Jón Hannesson hönd á helga bók og það segi ég guði almáttugum að ég hefi aldrei fyrr né síðar gjört eður látið gjöra Jóni Jónssyni eður hans ektakvinnu Ingibjörgu sálugu Jónsdóttur á Látr-um nokkurn veikleika, tjón eður skaða með galdri, rúnum eður ristingum, eður öðrum meðulum, og í aungri vitund hefi ég þar með verið með nokkrum manni. Og að svo stöfuðum eiði sé mér guð svo hollur sem ég satt segi, gramur ef ég lýg. Að þessum eið yfirveguðum er tilnefndra manna og sýslumanns ályktun að Jón Hannesson sé með æru og respecti við þetta mál skilinn og það ljóta tal sem hann hefur þar af öðlast í alla staði dautt og magtarlaust og komi aldrei honum til óvirðingar í nokkurn máta. Að allt framanskrifað svo framfarið hafi votta undirskriafaðir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Helgi Þorgrímsson
Þorleifur Halldórsson
Þorsteinn Ellendsson

Bjarni Jónsson
Egill Egilsson
Björn Sigurðsson
Jón Jónsson

1716

Anno 1716 dag 15. apríl að settu manntalsþingi að Unaðsdal auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1715 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, nema hvað prestsins attest umgetur, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Bjarni Jónsson
Nikulás Ásmundsson meh
Jón Jónsson
Jón Jónsson

Sæmundur Helgason
Einar Guðmundsson meh
Þorkell Pétursson
Runólfur Ólafsson

Anno 1716 dag 15. apríl að settu manntalsþingi að Unaðsdal lofaði Einar Guðmundsson að betala til sýslumannsins Markúsar Bergssonar þær tvær vættir og þrjá fjórðunga er hann er skyldugur að betala til kaupmannsins á Skutulsfjarð-areyri síðan anno 1710, ei síðar en um Ólafsmessu nú næstkomandi. Til vitnis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ólafur Jónsson meh
Jón Jónsson

Nikulás Ásmundsson meh
Runólfur Ólafsson

Anno 1716 dag 16. apríl að settu manntalsþingi að Nauteyri vorum vér eftirskrifaðir menn í dóm nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni, Bjarni Gunnlaugsson, Ari Jónsson, Þórður Jónsson, Hafliði Árnason, Páll Þorsteins-son hreppstjórur og Guðmundur Árnason, til að athuga það málefni sem Jón Sigurðsson í Vigur hefur dóms á beðist og síðan löglegan úrskurð á leggja, hvört bréf nú var upplesið og svo hljóðar sem eftir fylgir: Ég undirskrifaður óska af yður kónglegrar majestatis sýslumann Markús Bergsson endilegs dóms á næstkomandi Nauteyrrar manntalsþingi um það hvort Bjarni Jónsson nú verandi á Nauteyri sé ei skyldugur til að enda við mig sitt gjört vistarráð og án stórs undandrátta til míns heimilis Vigur koma og sig til þenustu gefa, befallandi yður guði. Til merkis mitt nafn að Vigur anno 1716 dag 11. apríl, Jón Sigurðsson meh.

Þessu næst framlagði Ólafur Jónsson eftir bréfligri tilsögn föður síns eitt fyrirfall sem Jón Sigurðsson hafði gjöra látið nefndum Bjarna Jónssyni, þess innihalds að Jón Sigurðsson aðvarar nefndan Bjarna Jónsson á þennan stað og dag koma undir löglegan dóm, hvort hann sé ei skyldugur eftir sínu loforði vistarráðið við sig efna og í Vigur án undandrátta koma, svo sem það fyrirfall daterað að Vigur anno 1716 dag 31. janúar sér líkast hermir, með undirskrifuðu nafni, Jón Sigurðsson meh, uppá hvört skrifad er svoleiðis: Framanskrifad fyrirfall var upplesið skýrt og skiljanlega að Nauteyri þann 13. febrúar anno 1716 af Ólafi Jónssyni, Bjarna Jónssyni viðverandi og áheyrandi, og honum þar af copia afhent, hvar um við undirskrifadur vitnum, Einar Jónsson, Tumas Pétursson.

Þessu næst framlagði séra Þorleifur Þorláksson eftirskrifadan seðil og upplás hann fyrir réttinum: Ég Þorleifur Þorláksson gjöri vitanlegt yður kónglegrar majestatis sýslumann Markús Bergsson ásamt tilnefndum dómsmönnum að Bjarni Jónsson, nú verandi heimilismaður að Nauteyri, hefur auglýst mér það hann vissi ei uppá sig standa nokkra ákæru uppá vistarráð eður sökum viðvíkjandi, hér fyrir hefur hann lofað að þjóna hjá mér þetta ár 1716. Til merkis mitt nafn að Nauteyri dag 16. apríl anno 1716, Þorleifur Þorláksson.

Þessu játaði Bjarni Jónsson fyrir réttinum.

Þessu næst óskaði Ólafur Jónsson föður síns vegna sannleikann auglýsa samankomna þingmenn hvort þeir hefðu ekki heyrt Bjarna Jónsson lýsa því að hann væri vistráðinn maður hjá Jóni Sigurðssyni í Vigur, hvað flestallir samankomnir þingmenn játuðu sig heyrt hafa, hvar uppá tveir af nálægum hreppstjórum þessarar sveitar buðu eið að sanna sína sögu, og ályktuðu samankomnir dómsmenn nú nálægir að þar þingmenn hafa sem áður segir auglýst að þeir hafi heyrt að Bjarni Jónsson væri vistaður í Vigur, sem og lýsir því séra Þorleifur og Bjarni að Jón Sigurðsson hafi nefnt vistarráð uppgefið, hvar fyrir dómsmenn álykta að hér um þurfi ei frekari eiðar að takast, jafnvel þó Bjarni

hafi þess óskað að eiðar hér um framfæri. En Ólafur Jónsson óskar að Bjarni bevisi fyrri lýsing uppá föður sinn nú í dag með löglegum vitnum að hann hafi hann lausan gefið úr vistinni, hvar uppá presturinn séra Þorleifur framlagði svolátandi seðil sem eftir fylgir: Ég Pétur Þorsteinsson var nálægur og heyrði þar uppá að Jón Sigurðsson* í Vigur gaf Bjarna Jónsson á Nauteyri nú verandi frían frá því að innganga og útenda þá þjónustu og ársvist sem nefndur Bjarni hafði honum lofað að innganga og þjóna þetta ár 1716, hvar uppá þeir báðir höndum saman tóku. Þennan minn vitnisburð lofa ég með eiði að staðfesta þegar þörf krefur og ég er þar um réttilega aðvaraður, hverjum til styrkingar ég læt skrifa mitt nafn að Kirkjubóli í Langadal dag 9. apríl anno 1716, Pétur Þorsteinsson.

Var Pétur hér nú ei til staðar og ei segist Bjarni leggja frekara fram fyrir en Ólafur Jónsson sé búinn að bevísa fullmágt sína föður síns vegna. En uppá stefnuna er svoleiðis skrifað: Framanskriafað fyrirkall löglega að auglýsa og framfylgja á næsta Nauteyrarypingi tilsegi ég undirskriafaður syni mínum Ólafi Jónssyni, til merkis anno 1716 dag 7. mars, Jón Sigurðsson meh. Hvar fyrir vér ályktum í herrans nafni að nefndur Bjarni Jónsson sé skyldugur til nú í dag á þessu þingi að framleggja frekara ef til hefur sem hann kunni að fría frá nefndu vistarráði og lýsingu sinni til styrkingar, þar ánægjanlegur ályktast fyrirkallsfresturinn frá í febrúar næstliðnum, svo hann mætti nú koma hér með öll sín gögn á þennan dag eftir þingfarabálki 9. capitula og réttarbót Eiríks konungs. Sendi nú sýslumaðurinn þrjá menn til Bjarna og óskaði hans nálægðar hér og vill hann enn ei koma og aungva bevising framar framleggja, þá er það í drottins nafni vor sameiginlegur dómur að þar Bjarni leggur nú ei fram löglegar bevisingar sem hann frí frá vistarráði gjörðu við Jón Sigurðsson er skeði í fyrrasumar, eður lýsingu sinni til styrkingar, þá dæmum vér Bjarna Jónsson skyldugan að enda án undandráttar sitt gjört fyrra vistarrád við Jón Sigurðsson í Vigur undir 4 marka sekt til kóngdómsins og sé rétttækur að færast í sína vist. Dómurinn er byggður á íslenskra laga kaupabálki 14., 25. capitulum, þjófabálks 17. capitula, þingfarabálks 46. capitula, mannhelgi 30, réttarbót Eiríks konungs, confirmeruðum Christians 5. Norsku lögum 1. bók, 22. capitula, articula 14, item 5. bók, 1. capitula, articula 2. Þennan dóm samþykkir undirskriafaður.

Ari Jónsson	Markús Bergsson
Hafliði Árnason hs	Þórður Jónsson
	Guðmundur Árnason hs

Áheyrandi vorum við að sýslumaðurinn Markús Bergsson óskaði af Bjarna Gunnlaugssyni og Páli Þorsteinssyni að skrifa sitt svar uppá og meining á þennan dóm ef þeir vildu hann ei samþykkja, hvörju þeir neituðu*. Til vitnis undirskriifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Magnús Jónsson meh	Nikulás Ásmundsson meh
--------------------	------------------------

Anno 1716 dag 16. apríl að settu manntalsþingi að Nauteyri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1715 hafi hér í sveit aungar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast nema hvað prestsins attest umgetur. Ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Bjarni Gunnlaugsson meh	Pórður Jónsson
Guðmundur Árnason	Magnús Jónsson
Hafliði Árnason	Nikulás Ásmundsson meh
	Jón Árnason

Anno 1716 dag 18. apríl að settu manntalsþingi að Ögri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan hér var manntalsþing haldið 1712 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, nema hvað prestsins attest umgetur. Ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

	Ólafur Jónsson mpp
Þorgrímur Ólafsson	Jón Jónsson
Nikulás Ásmundsson meh	Hjalti Bjarnason
Þorvarður Sigurðsson	Jón Guðmundsson

Anno 1716 dag 20. apríl að settu manntalsþingi að Súðavík kom til tals og mála um þær ósæmilegu formælingar er Valgerður Eiríksdóttir í frammi hafði í Súðavíkurfjöru næstliðinn 10. janúar nær um nafnagiftur var við hana talað, svolátandi: Bölvaðir veri þeir sem upp með þær hafa komið, þeir sem það segja og allir sem því trúa, bæði eftir lífið og fyrir og aldrei komist þeir úr kvölunum. Var hún hér nú nálæg og biður guð og menn hér á fyrirgefningar á þessum orðum, og þar sýslumaðurinn vill ei soddan láta strafflaust afganga þá nefnir hann eftirskrifaða menn, Sigfús Jónsson lögréttumann, Guðmund Jónsson, Markús Guðmundsson, Gunnlaug Jónsson, Bjarna Jónsson og Kára Þórðarson, í dóm um þetta efni, og að þessu máli yfirveguðu ályktum vér í herrans nafni að nefnd Valgerður Eiríksdóttir hafi alvarlegt húðlát fyrir þessi sín illmæli, hvört og var nú samdags á hana lagt þingmönnum ásjáandi. Samþykkti þennan dóm sýslumaðurinn Markús Bergsson, hvör ásamt oss undirskrifar sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

	Markús Bergsson mpp
Sigfús Jónsson meh	Markús Guðmundsson hs
Gunnlaugur Jónsson hs	Bjarni Jónsson meh
Guðmundur Jónsson hs	Kári Þórðarson meh

Anno 1716 dag 20. apríl að settu manntalsþingi að Súðavík auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1715 hafi hér í sveit öngvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni að ásegjast, fyrir utan þá kvenpersónu sem hér nú leið straff í dag fyrir sín afbrot. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Sigfús Jónsson meh
Guðmundur Jónsson
Gunnlaugur Jónsson

Ólafur Hannesson meh
Kári Þórðarson meh
Markús Guðmundsson
Jón Árnason

Anno 1716 dag 21. apríl að settu manntalsþingi að Tungu auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1715 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Jón Örnúlfsson meh
Bjarni Eyjólfsson meh
Sigmundur Guðmundsson
Guðmundur Ísleifsson hs

Jón Jónsson meh
Bjarni Ketilsson meh
Jón Sigurðsson meh

Anno 1716 dag 22. apríl að settu manntalsþingi að Hóli auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1715 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Þorsteinn Björnsson meh
Snæbjörn Kolbeinsson meh
Björn Ketilsson

Kolbeinn Snæbjörnsson meh
Jón Jónsson meh
Guðmundur Jónsson
Oddur Einarsson

Anno 1716 dag 23. apríl að settu manntalsþingi að Suðureyri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1715 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Sigurður Þorleifsson meh
Páll Jónsson meh
Árni Sigmundsson hs

Jón Jónsson hs
Jón Þorgilsson mev
Jón Jónsson meh
Þórður Bjarnarson meh

Anno 1716 dag* 25. apríl að settu manntalsþingi á Mosvöllum auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1715 hafi þær sakir hér í sveit aungvar tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ólafur Jónsson meh	Lífjarn Jónsson meh
Eggert Jónsson	Páll Þorgilsson meh
Sigurður Björnsson meh	Guðlaugur Jónsson meh
Jón Konráðsson meh	Magnús Jónsson meh

Anno 1716 dag 27. apríl að settu manntalsþingi að Mýrum við Dýrafjörð forlíkuðust þeir Ólafur Jónsson og Þórður Jónsson uppá allt og sérhvað er hvor hefði öðrum til að tala með svofelldum skilmála að Ólafur Jónsson lofar að betala Þórði Jónssyni nú í næstu fardögum anno 1716 sextíu álnir í gildum og þarflegum landaurum sem Þórður vill kjósa, og að þeim betöluðum sé aldeilis útslegið allri misklið þeirra á milli. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Þórður Jónsson	Ólafur Jónsson
Björn Jónsson	Eggert Sæmundsson mpp
Jón Gíslason meh	Jón Guðmundsson meh

Anno 1716 dag 27. apríl að settu manntalsþingi á Mýrum auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1715 hafi þær sakir hér í sveit aungvar tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Snæbjörn Pálsson meh	Eggert Sæmundsson mpp
Marteinn Guðmundsson	Einar Jónsson meh
Sumarliði Nikulásson	Þorsteinn Jónsson meh

Anno 1716 dag 27. apríl að settu manntalsþingi að Mýrum óskaði Bárður Nikulásson að hann mætti fría sig frá þeim orðróm er hann þykist fengið hafa til hneykslis af Valgerði Jónsdóttir uppá líkamlegt samræði þeirra á milli, hvar um sýslumaðurinn nefnir Snæbjörn Pálsson, Eggert Sæmundsson, Einar Jónsson, Þorstein Jónsson, Marteinn Guðmundsson og Sumarliða Nikulásson til álita um þetta mál, hvörjir sameiginlega álykta svoleiðis um þetta efni að nefndur Bárður megi og leyfist að fría sig með eiði frá þessum hneykslissama orðróm, hvörn eið hann svolátandi aflagði sem fylgir: Til þess legg ég Bárður Nikulásson hönd á helga bók og það segi ég guði almáttugum að ég hefi aldrei,

hvorki ungur né gamall, fyrr né síðar, framið holdlegt samræði eður frillulifn-
aðarverk með Valgerði Jónsdóttur á Arnarnesi. Og að svo stöfuðum eiði sé mér
guð svo hollur sem ég satt segi, gramur ef ég lýg. Þennan eið buðust fjórir af
nálægum mönnum að sanna, en dómsmenn ályktuðu að tveir af þessum mönn-
um megi sanna hyggju sína hér um og aflögðu þeir eftirskrifaðan eið: Það ját-
um og meðkennum við Bjarni Jónsson og Eiríkur Andrés�son að við hyggjum
að sá eiður sem Bárður Nikulásson nú strax aflagði sé honum í allan máta sær,
svo hjálpi okkur guð og hans heilaga evangelium. Samþykkir með dómsmönn-
um sýslumaðurinn og skrifar sitt nafn ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár
sem fyrr segir.

Snæbjörn Pálsson meh
Einar Jónsson meh
Þorsteinn Jónsson meh

Markús Bergsson mpp
Eggert Sæmundsson mpp
Sumarliði Nikulásson
Marteinn Guðmundsson meh

Anno 1716 dag 28. apríl að settu manntalsþingi að Meðaldal auglýstu saman-
komnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1715 hafi þær sakir hér í sveit
aungvar tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss
eður vogrek uppborið að fráteknu 4 álna löngu tré á Sveinseyri, langspönn á
breiddina, klofið og höggvið fyrir báða enda, var uppboðið og vildi enginn
meira fyrir gefa en 4 fiska. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár
sem fyrr segir.

Jón Jónsson
Þorvaldur Jónsson
Andrés Þorláksson

Ólafur Þorláksson
Magnús Sigurðsson
Bjarni Jónsson
Jón Þorleifsson meh

Anno 1716 dag 29. apríl að settu manntalsþingi að Auðkúlu auglýstu saman-
komnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1715 hafi hér í sveit aungvar sak-
ir dæmdar verið eður ásæst, ei arfalaust góss eður vogrek uppborið. Til merkis
undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Bjarni Snorrason meh
Sigurður Bjarnason meh
Egill Bjarnason meh

Jón Ísleifsson meh
Eyjólfur Jónsson meh
Úlfur Pálsson
Jón Pétursson meh

Anno 1716 dag 16. apríl að settu manntalsþingi að Dynjanda voru keyrishögg
álögð Jón Tómasson og Ingibjörgu Sigurðardóttur fyrir sitt ífallið fyrsta einfalt

hórdómsbrot, oss undirskrifuðum ásjáandi er okkar nöfn hér undirskrifum sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Jón Óttarsson
Guðni Jónsson meh
Snjólfur Þórðarson

Jón Jónsson
Árni Einarsson
Eldjárn Sigurðsson
Páll Semingsson

Anno 1716 dag 13. maí að settu manntalsþingi að Hesteyri vorum vér Ólafur Árnason, Jón Björnsson, Bjarni Jónsson, Einar Jónsson, Jón Jónsson og Bjarni Jónsson til dóms nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um það málefni sem Magnús Bjarnason dóms á beiddist viðvíkjandi þeim ómaga Björg Jónsdóttur er um 6 ár hefur karlæg á hans heimili legið og hið sjöunda vanfær, svo sem heimilisfólk Magnúsar og samankomnir þingmenn auglýsa. En vitnast að hún eigi son búandi í Dalasýslu, Brand Þórarinsson, og þar þessi kona á ei fé fyrir sig að leggja, þar þaug 6 hundruð er þessi ómagi átti þá á heimili Magnúsar kom virðast eydd vera fyrir forsorgun hennar svo mörg ár og þó meira verið hefði, þá í herrans nafni er vor sameiginlegur dómsmanna útskurður að hennar syni Brandi Þórarinssyni beri fyllilega að leggja sinni móður Björg Jónsdóttur forlagseyrir fullan sem hann getur framast afkastað, svo framt hann getur henni ei til sín komið, eftir framfærslubálki 1. capitula, að heyrðum þessum dómi. Samþykkti þennan dóm sýslumaðurinn og skrifar ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Markús Bergsson mpp
Jón Björnsson meh
Einar Jónsson

Ólafur Árnason meh
Bjarni Jónsson
Bjarni Jónsson
Jón Jónsson

Anno 1716 dag 13. maí að Hesteyrar manntalsþingi settu auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1715 hafi hér í sveit aungvar sakir dæmdar verið eður ásæst, ei arfalaust góss eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Jón Björnsson meh
Magnús Bjarnason
Einar Jónsson
Tómas Einarsson

Bjarni Jónsson
Jón Jónsson
Bjarni Jónsson

Anno 1716 dag 4. júní að settu þriggja hreppa þingi að Nauteyri vorum vér eftirskrifaðir menn, Jón Þórðarson, Ólafur Þorgrímsson, Bjarni Jónsson, Jón

Árnason, Bjarni Bjarnason og Einar Halldórsson, nefndir til að prófa og rannsaka það málefni er sýslumaðurinn Markús Bergsson hefur uppá kónglegrar majestatis vegna um stefnt Bjarna Gunnlaugssyni og Páli Þorsteinssyni, fyrir það þeir vildu ei næstliðinn 16. apríl á Nauteyrar manntalsþingi neitt dæma og aungva sína meining auglýsa í því máli sem þeir voru til dóms um nefndir, sem og ekki sína afsökun auglýsa hvar fyrir þeir vildu svo gjöra, svo sem sú stefna dateruð 1. maí næstliðinn nú upplesin sér líkast hermir, uppá hvörja skrifað var að upplesin verið hefði. Var nú Bjarni Gunnlaugsson hér til staðar og játar nefnda stefnu sér birta verið hafa þann 4. maí næstliðinn og sig copiu af henni meðtekið sama dag. Svo og voru upplesnar þær stefnur er sýslumaðurinn hefur birt og birta látið Hafliða Árnasyni, Þórði Jónssyni, Guðmundi Árnasyni, Ara Jónssyni og Magnúsi Jónssyni á þennan stað og dag til að auglýsa og vitni um bera að þeir Bjarni og Páll hafi næstliðinn 16. apríl verið af sýslumanninum til dóms nefndir í málefni Jóns Sigurðssonar og Bjarna Jónssonar. Þar næst að þeim hafi verið auglýstur sá póstur úr Christians kóngrs réttarbót, þeirri löngu, er ánefnir sektir á þá er ei vilja dóma ganga. Þriðja að þeir vildu ei ennþá um það mál dóm ganga og aungva sína meining auglýsa, svo sem sú stefna sér líkast hermir dateruð 5. maí næstliðinn, uppá hvörja og var skrifað að hér upplesin verið hefði, hvörjir allir menn hér voru nú til staðar og játuðu stefnuna sér birta.

Nær svo er komið var lögréttumaðurinn Runólfur Ólafsson inn nefndur í stað Jóns Árnasonar, er afsakaði sig vegna fáfræðis hér um ályktun á gjöra. Óskaði nú sýslumaðurinn í nálægð Bjarna Gunnlaugssonar og Páls Þorsteinssonar af Hafliða Árnasyni, Þórði Jónssyni, Guðmundi Árnasyni, Ara Jónssyni og Magnúsi Jónssyni sannleikann auglýsa um fyrrskrifað efni nú strax, og auglýstu þeir, sem og samankomnir þingmenn, að þeir hefðu verið viðstaddir og heyrt á að sýslumaðurinn Markús Bergsson hefði Bjarna Gunnlaugsson og Pál Þorsteinsson í dóm nefnt á næsta Nauteyrar manntalsþingi 16. apríl, sem og hefði opinberlega verið upplesinn sá póstur úr Christians 1. réttarbót þeirri löngu sem ánefnir sektir á þá sem ei vilja dóma ganga. Einnin að þeir hefðu þá enn ei viljað neitt um það mál dæma, og aungva sína meining þar um auglýsa þó þess sýslumaðurinn af þeim óskaði uppá ný. Og þó samankomnir þingmenn sameiginlega auglýsi þetta ofanskrið satt að vera, þá álykta dómsmenn að tveir af nálægum þingmönnum, Ari Jónsson og Magnús Jónsson, sanni framanskrið þingsvitni með eidi satt að vera, hvað þeir og gjörðu eftir það eidsútþýðingin var þeim auglýst, hvör hljóðaði sem eftir fylgir: Það játum og vitnum við Ari Jónsson og Magnús Jónsson að framanskrið þingsvitni nú strax hér útgefið um Bjarna Gunnlaugsson og Pál Þorsteinsson er sannferðugt. Svo hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium, sagði hvor um sig.

Þessu næst framlagði Bjarni Gunnlaugsson eitt innlegg með hans undirskrifuðu nafni að Arngerðareyri næstliðinn 28. maí þessu sínu máli til afbötunar, hvar fyrir hann ei hafi viljað í málinu dæma, fyrst að ei hafi af Jóni Sigurðssyni verið fyrirkallið bevisað.

2. Að Ólafur hafi ei fullmágt sína bevisað frá föður sínum Jóni Sigurðssyni að mega sækja Bjarna um vistarráðið.

3. Að sá seðill sem sýslumaðurinn upplás hafi ei verið með hendi Jóns Sigurðssonar eður hans innsigli, og þar fyrir segist hann ei vita hvort Jón Sigurðsson hafi befalað Ólafi syni sínum eður beðið sýslumanninn Markús Bergsson í þessu máli drífa fyrr eður síðar, hvað hann segist vilja með eíði sanna.

4. Að ei hafi fyrir nefnd vistarráð Bjarna Jónssonar bevisast við Jón Sigurðsson nema af einum eður með einum manni á Nauteyrarþingi, hvörjar sínar framanskrafaðar afbatanir hann óskar að metist, svo sem það innlegg sér líkast hermír með fyrrskrifuðum degi og dato.

Frekara segist hann ei hafa fram að leggja en biður þó að sér megi af háyfírvöldunum verða vægt frá þeim sektum er hér kynni viðliggja. Það Páli Þorsteinssyni viðvíkur þá auglýsir hann þetta eftirskrifað sér til forsvars að hann hafi nefndan þingdag verið svo veikur að hann hafi þar fyrir ei haft eður getað haft neina eftirtekt um nokkur málaferli, jafnvel þó hann stundum hafi verið á gangi. En í aungri óhlýðni segist hann það hafa viljað gjöra eður réttinum til hindrunar. Hvör hans veikindi samankomnir þingmenn játa sönn verið hafa og einkanlegast þeir sem kunnugast er um hans heilsuleysis orðsök. Og biður því með undirgefni og treystir að háyfírvöldin álíti miskunnarsamlega þessa sína afsökun, og segist hann ei frekara hafa fram að leggja.

Nú að öllu þessu máli yfirveguðu þá er í herrans nafni sameiginlegur dómsmanna útskurður og ályktun að nefndum mönnum hafi fyllilega borið á fyrrnefndu Nauteyrarþingi eftir kónglegrar majestatis lögum að skrifa einhvörja sína meining um nefnt mál er þeir voru tilnefndir um að dæma, einkanlega og allrahelst Bjarna Gunnlaugssyni er engin sín veikindi framber sem hann hafi hindrað frá hér um sína meiningu frammi láta. En hvaða háum sektum þeir hvor um sig skuli hér fyrir svara dæma tilnefndir dómsmenn undir lögmanna og lögréttunnar endilegan dóm á Öxarárþingi anno 1717. En þá Bjarna og Pál ályktum vér þá skylduga mæta með hvað þeir frekara hafa kunna sér til forsvars en nú er auglýst af þeim í dag. Samþykkti þennan dóm sýslumaðurinn og skrifar ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Runólfur Ólafsson
Bjarni Jónsson
Bjarni Bjarnason

Markús Bergsson mpp
Jón Þórðarson
Einar Halldórsson
Ólafur Þorgrímsson

Anno 1716 dag 8. júní að settu héraðsþingi að Mýrum vorum vér eftirskrifaðir menn, Jón Jóstsson, Marteinn Guðmundsson, Þormóður Magnússon, Andrés Arngrímsson, Þórhallur Dagsson og Þorsteinn Jónsson, til dóms og ályktunar nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um það stefnumál er Snæbjörn Pálsson byrjað hefur við Einar Jónsson og Sumarliða Nikulásson, hvör stefna nú var fyrir réttinum upplesin og hljóðar sem eftir fylgir:

Ég Snæbjörn Pálsson stefni ykkur Einar Jónsson og Sumarliði Nikulásson til Mýra við Dýrafjörð vanalegs þingstaðar á þann 8. dag júní þessa árs 1716 fyrir virðuglegan sýslumanninn Markús Bergsson og undir þeirra manna dóm er hann þá með sér tilnefnið að dæma um það málefni ég með grunsemdar áburði ykkur á hendur færi með þeim líkindum sem ég hygg þá fram að leiða, að þið hafið þann hval í rekamarki Mýrakirkju tekið undan Skagatöngum og þar fyrstu festum í hann komið sem uppkom á Skaga dag 27. mars næstaflíðinn. Stefni ég ykkur á sama degi til að forsvara það að hann hafi heldur átt að heita róðrarhvalur en rekahvalur eftir lögum. Sé svo að téður hvalur heldur verði rekahvalur ályktaður, stefni ég ykkur til að forsvara alla ykkar meðferð á sama hval, frá því hann á land kom og inn til þessa, sem skeð er. Svo og hvað mikið á sama hval verið hefur af spiki, rengi, sundfærum og þvesti. Einninn að gjöra skil á hvað dýrt það selt hefur verið sem af sama hval hefur öðrum mönnum burtfengið verið, á öllu þessu stefni ég ykkur með löglegum og eiddæmum vitnum fulla lagaskýrslu að gjöra sem framast eftir lögum er tilskyldugt. En hvar sem brestur ykkar hér úti fundinn verður kirkjunni á Mýrum til skaða, þá gef ég ykkur hvörjum um sig þær frekustu sakir þar á sem framast að lögum gjöra má, og set í rétt hvörju eður hvörsu miklu þið fyrir hvörja þá grein sekir skuluð vera kóngi og karli. Stefni ég ykkur á fyrrnefndan stað og dag árdegis að koma með allar þær lögmætar varnir er hafa kunnið ykkur til málsbóta í þessu máli og farið ei fyrri burt en endilegur dómur er á kominn þetta mál vor í milli. Þessari stefnu til merkis er mitt undirskrifað nafn að Mýrum við Dýrafjörð dag 27. apríl anno 1716, Snæbjörn Pálsson meh.

Uppá stefnuna er svoleiðis skrifað: Anno 1716 dag 27. apríl að settu manntalsþingi að Mýrum var ofanskrifað bréf upplesið Einari Jónssyni og Sumarliða Nikulássyni áheyrandi, hvar um undirskrifaðir vitna, Jón Guðmundsson meh, Björn Jónsson meh.

Voru hér nú nálægir fyrir réttinum Einar Jónsson og Sumarliði Nikulásson og játa sig stefnuna heyrta hafa, og játa sér copiurnar hafi boðnar verið, hvörja Einar segist meðtekið hafa en Sumarliði segist ei vilja hafa henni viðtöku veita. Þessu næst óskaði Sumarliði Nikulásson og Einar Jónsson talsmanns af sýslumanninum og óskaði hann að dómsmenn ásamt samankomnir þingmenn auglýstu hvörn þeir vissu þar til hentugastan. En þeir allir sameiginlega aug-

lýstu að þeir vissu aungvan þann mann til þessa þings kominn eður hér vera nærri að fá sem færari væri að framfylgja og standa til andsvara þeirra vegna fyrir dómi um þetta mál en þá sjálfa sem væri hreppstjórar þessarar sveitar, að fráteknum Eggert Sæmundssyni, hvör hér er nú nálægur, hvörn sýslumaðurinn setur þeim til talsmanns í þessu máli. En Snæbjörn Pálsson las hér þessu næst upp einn sedil, er hljóðar um það að hann mótmælir fyllilega að Eggert Sæmundsson sé talsmaður í þessu efni, svo lengi hann sé ei búinn að forsvara rélega, skýrlega og sannferðuglega allt það sem hann skrifað hefur sér og sinni persónu til lasts, lýta og ófrægðar í því bréfi sem honum áheyrandi upp var lesið* á næstliðna manntalsþingi þessa árs dag 27. apríl en daterað Sæbóli 19. apríl anno 1716, svo sem það bréf sér líkast hermir. Datum 18. júní 1716 með undirskrifuðu nafni, Snæbjörn Pálsson meh. En Eggert afsegir að svara nú í dag til þessa bréfs Snæbjarnar, þar hann fái ei copiu þar af eftir begering sinni. Og svöruðu dómsmenn svoleiðis hér uppá að þeir álykta að Eggert Sæmundsson megi ei vera talsmaður þar honum er nú í dag sök gefin fyrir það sem hans respecte og virðingu viðkemur og kann að snerta eftir kaupabálki 2. capitula, Norsku lögum 1. bók, 5. capitula, articula 2. Item 3. bók, 4. capitula, articula 4.

Auglýstu þeir nú Einar Jónsson og Sumarliði Nikulássson að þeir hefðu bor- ið fyrstu festar í hvalinn þá hornið á Steinbítahamri á nyrðri hlið var að sjá upp löngu gilröndina* þá nyrðri. Og þá þeir hafi litla stund verið búnir hvalinn að róa þá hafi þeir verið á höfðanum sem legið hafi upp yfir Gardamýrum nærri miðjum. Þennan sinn framburð lofa þeir með eiði sanna nær löglega tilsagt verður. Og þar enginn hér á þinginu segist vita hvort þetta mið skuli verða í fiskhelgi eður ei, því afsaka dómendur sig neitt um þetta mál dæma eður álykta að svo stöddu þar til framkemur og mælt er og skoðað löglega eftir lögum hvort þessi mið séu í fiskhelgi og álykta að Snæbjörn Pálsson í náveru Einars og Sumarliða láti mæla og skoða hvort fiskurinn sjáist af skipsborði á þessu miði þar sem lengst fjarar í góðu sjávarskini, eður og hvað langt hann sjást má í erlegra manna náveru. Og þetta allt framkomi á héraðsþingi að Mýrum næst- komandi 7. september, á hvörjum degi að tilsett er* að endilegur dómur hér um gangi á þetta mál, og partarnir skyldugir þá framkoma með sérhvörjar sínar sóknir og varnir þessu máli viðvíkjandi. Samþykkir þennan dóm sýslumaður- inn og skrifar ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Jóstsson meh
Þorsteinn Jónsson meh
Þórhallur Dagsson hs

Markús Bergsson mpp
Þormóður Magnússon hs
Marteinn Guðmundsson hs
Andrés Arngrímsson meh

Anno 1716 dag 27. júlí að settu héraðsþingi að Súðavík vorum vér eftirskrif-
aðir menn, Sigfús Jónsson lögréttumaður, Markús Guðmundsson, Bjarni Jóns-
son, Guðmundur Jónsson, Gunnlaugur Jónsson og Eyjólfur Jónsson, til dóms
nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um þá kvensvipt Kolfinnu Jóns-
dóttur er þrotbjarga er orðin í þessari Súðavíkursveit, hvar á dóms beiddist
hreppstjórinn Ólafur Hannesson hvar hún skyldi framfæri eiga, þar aug-
lýsist eftir trúverðugra manna sögn að hún hafi í þessa sveit komið með
föður sínum Jóni Sigurðssyni norðan úr Húnavatnssýslu og eftirskilin í Súða-
vík hjá Hannesi sáluga Hannessyni (þó af ómaga aldri). Og hafi nefnd Kolfinna
hér um pláss síðan dvalist (í nokkur ár í hjónabandi) og svo misst mann sinn
og síðan hér um sveit farið með barni sínu. En nú uppá fyrir henni fallið á
þessu ári þungur veikleiki með sinnisbrest. Hvar fyrir Súðavíkur sveitarmenn
þykjast ei skyldugir til henni lengur framfæri að veita þar aðrir sveitlægir
ómagar eru á hreppnum. Og þar aungvir menn vita hér á sveitum neina hennar
ættmenn sem skyldast til henni framfæri að veita, þá í herrans nafni er dóms-
manna fyllileg ályktun að hún sé rétt færð og flutt í Húnavatnssýslu og þeir
menn sem búa í þeim sveitum sem hún hefur á ómagaaldri uppalist, sem sagt
er sé við Blöndu í Hjaltabakkasveit, Hrútafjörð og Miðfjörð, skylduga við
henni taka og hana fram að færa, eður annars staðar löglegs framfæris að leita.
En þar oss er ókunnugt hvað mikla tiltölu að hún kann að eiga í hvörjum áður-
nefndum hreppum, þá verða sveitarmenn þar sjálfir um það einast eftir rétttri
tiltölu. En sveitarmenn hér verða henni þangað koma með forsvaranlegri fylgd
uppá allrar sveitarinnar kostnað eftir billegu tillagi af hverjum búanda eftir
fjármagni. Dómurinn er byggður á framfærslubálki 9. capitula. Samþykkur er
með dómsmönnum sýslumaðurinn og skrifar sitt nafn hér undir ásamt oss sama
stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp

Markús Guðmundsson

Gunnlaugur Jónsson

Bjarni Jónsson meh

Sigfús Jónsson meh

Eyjólfur Jónsson

Guðmundur Jónsson meh

Anno 1716 dag 7. ágúst að settu héraðsþingi að Mýrum vorum við eftirskrif-
aðir menn, Snæbjörn Pálsson lögréttumaður, Einar Jónsson, Sumarliði Niku-
lássón, Jón Guðmundsson, Jón Ásbjörnsson og Andrés Arngrímsson, til dóms
nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um barnsfaðernislýsingu Þor-
bjargar Pálsdóttur á Jón Jónsson, hvörri barneignarlýsingu Jón Jónsson mót-
gengur og hefur mótgengið. Hafa þaug bæði bréflaga verið að forlagi sýslu-
mannsins boðuð á þennan stað og dag með allt hvað þaug kunni að hafa sér til
styrkingar í nefndu máli, hvörju þaug nú nálæg játa og stendur hún enn sem

fyrri við að nefndur Jón sé holdlegur faðir að því sínu barni er hún í heiminn fæddi á næstliðnu vori 1. júní, hvörju hann aldeilis neitar og býður eið fyrir að hann ei holdlegt samræði hafi með nefndri Þorbjörgu Pálsdóttur framið síðan í fyrravetur, anno 1715 um miðjan vetur, og til þessa dags. Hér fyrir utan auglýsa þaug ekkert eftirtakanlegt sinni sögu til styrkingar nema það einasta að hún hafi verið á sama bæ hjá honum það ár 1714, 1715 og til þess nú á afliðnum vetri 1716. Og að þessu máli svo ásigkomnu er tilnefndra dómsmanna ályktun að hann sanni sögu sína með lýritareidi þeim meiri, að hann hafi ei holdlegt samræði með henni framið allan þann tíma sem hann tiltekið hefur og mótsagt, og nefnir því sýslumaðurinn honum þessa menn til eiðvættis með dómsmanna ráði, Koðrán Jónsson, Jón Jónsson í Sæbólshúsum, Bjarna Andrés-son og Bjarna Jónsson í Alviðruhúsum, til að sanna það að Jón Jónsson segi satt að hann hafi ei holdlegt samræði eður barngetnaðarverk framið með Þorbjörgu Pálsdóttur síðan um veturinn 1715 er Jón hefur meðgengið samræðinu, og hafi eiðinn unnið innan mánaðar særra daga, og hafi tvo af þessum, eftir þjófabálki 21. capitula og landsleigubálki 39. capitula. Samþykkti þennan dóm sýslumaðurinn og skrifar ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp	Snæbjörn Pálsson meh
Einar Jónsson meh	Sumarliði Nikulásson meh
Andrés Arngrímsson meh	Jón Guðmundsson meh
Jón Ásbjörnsson meh	

Sama stað, dag og ár kom til tals og mála um það hvalmál er í vor byrjað var af Snæbirni Pálssyni við Einar Jónsson og Sumarliða Nikulásson og undir dóm kom á næsta héraðsþingi að Mýrum dag 8. júní næstliðinn, og tilsett var á þessum stað og degi að yfirvega, hvar uppá sýslumaðurinn hefur hingað komið og boð um sveitina ganga látið. En þar svo fáir þingsóknarmenn eru komnir á þennan stað og dag að dómsmannatala kann ei lögfull að nást að dæma um þetta, þá afsaka málspartarnir, Snæbjörn Pálsson, Einar Jónsson og Sumarliði Nikulásson, sýslumanninn þó hann ei um þetta mál frekari aðgjörðir hafi og játa og samþykkja að þetta mál uppsetjist til næsta manntalsþings anno 1717 er þá verður haldið á Mýrum og lofa þá málið sækja og forsvara, og ánægðir til svara að vera svo sem það í dag hefði gjörst og dæmt verið. Til merkis undirskrifuð nöfn, datum ut supra.

Einar Jónsson meh	Snæbjörn Pálsson meh
Andrés Arngrímsson meh	Sumarliði Nikulásson
Jón Ásbjörnsson meh	Jón Guðmundsson meh

1717

Anno 1717 dag 1. apríl að settu manntalsþingi að Nauteyri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1716 hafi hér í sveit aungvar sakir* tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast að frátekinni 4 marka sekt er dæmt var á Bjarna Jónsson anno 1716 fyrir brigmælgí í vistarráðum, hvörja sekt sýslumaðurinn lýsir sig meðtekið hafa. Ei arfalaust góss uppkomið eður vogrek tilfallið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ari Jónsson	Pórður Jónsson
Hafliði Árnason	Jón Eggertsson
Guðmundur Árnason	Andrés Skúlason
Bjarni Bjarnarson	

Anno 1717 dag 1. apríl að Arngerðareyri vorum vér undirskrifaðir viðstaddir og áheyrandi að Bjarni Gunnlaugsson beiddi sýslumanninn Markús Bergsson forláts og fyrirgefningar á öllu því einu og sérhvörju er hann hefði skrifað í því innleggi er hann framlagði á Nauteyrarþingi þann 4. júní anno 1716, og vera eður horfa kynni sýslumanninum Markúsi Bergssyni til lýta eður óvirðingar í nokkru, eður þeim dómi sem gekk að Nauteyri anno 1716 dag 16. apríl, og sagðist vilja nefnt innlegg afturtaka og óskaði að það héldist sem dautt, magtarlaust og óskrifað bréf ævinlega eftir þennan dag, og játaði að það hefði af sér skrifað verið í ógætni. Og fyrir þessa hans auðmjúka bón lofaði fyrrnefndur sýslumaðurinn að hann skyldi vera ákærulaus af sér alla tíma upp héðan fyrir nefnt innlegg, og hann gæfi honum aldeilis upp allar sakir sér viðkomandi er á nefndu innleggi segjast kunna, hvað nefndur Bjarni Gunnlaugsson honum með góðum orðum þakkaði. Framanskrifuðu til styrkingar skrifum vér okkar nöfn hér undir ásamt sýslumanninum og Bjarna Gunnlaugssyni sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ari Jónsson	Markús Bergsson mpp
Hallur Jónsson	Bjarni Gunnlaugsson meh

Sama stað, dag og ár sem fyrr segir meðtók ég undirskrifaður rigtuga copiu af þeim dómi sem gekk að Nauteyri anno 1716 dag 4. júní mér viðvíkjandi. Til merkis mitt nafn.

Bjarni Gunnlaugsson meh

Anno 1717 dag 2. apríl að settu manntalsþingi að Reykjarfirði auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1716 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kynni ásegjast, ei arfalaust góss uppborið* eður vogrek tilfallið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Hannesson

Einar Halldórsson

Teitur Teitsson

Bjarni Jónsson

Pórður Þorgrímsson

Jón Gíslason

Guðmundur Erlendsson

Anno 1717 dag 5. apríl að settu manntalsþingi að Súðavík auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1716 hafi hér í sveit aungvar sektir dæmdar, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Bjarni Jónsson meh

Ólafur Hannesson

Páll Jónsson meh

Sigfús Jónsson meh

Magnús Jónsson

Bjarni Gunnarsson meh

Markús Guðmundsson mev

Sama stað, dag og ár sem fyrr segir auglýstu samankomnir þingmenn að þeim þykir ekki jafnaðarsamlega tilganga um það gagn sem sumir sveitarmenn frammar öðrum hafa af Hestfirði en kemur ei neitt fátækum til gagnsmuna, svo þeir sem þar gagn hafa af í Seyðisfirði eður við Hestfjörð mæta ei meira sveitarþyngslum en þeir við Álftafjörð sem þó gjöra þar hvorki til kola eður raftviðar.

2. Auglýstu þeir við Álftafjörð búandi menn sem og ábúendur á Eyri og Tröð að þeim þykir ei að þeir tveir háhyrningsfiskar sem uppkomu á land kristfjárjarðarinnar Hestfjörð hafi jafnaðarlega skipst* á milli búenda í sveitinni, þar þeir í Álftafirði segjast ei hafa vitað af nefndra háhyrnunga uppkomu fyrr en löngu eftir það búið var þá að skera. Svo og segjast þeir í Seyðisfirði á Eyri, Tröðum og Uppsölum ei hafa af þeim vitað fyrr en aldeilis var búið að skera annan, og svo annan, nema tvö stykki eftir af bakinu og allt burtflutt*. Hvar fyrir hreppstjórar nú nálægir óska af sýslumanninum að þeir menn á Eiði og Kleifum sé tilhaldið að auglýsa hvað mikið þeir hafi öðlast af þessum nefndum tveimur fiskum, sem og rannsakað sé hvað rélega þeir hafi þar meðhöndlað, sem og hvaða sekt kunni á þeim vera hafi þeir hér úti með nefnda fiska ei svo höndlað sem þeim hafi réttilega borið.

3. Einnin umkvörtuðu nefndrar sveitar innbyggjarar að þeir hefði heyrt að í haust hefði ennþá komið upp háhyrningsfiskur við Hestfjörð, annaðhvort í almenningi eður kristfjárjarðarinnar landi, hvörs fisks uppkomu að nú nálægir sveitarmenn úr Álfta- og Seyðisfirði segja að sér hafi ei verið auglýst af Kára

Þórðarsyni er nefndan fisk játar sig fundið hafa, og hafa ei aðrir sveitarmenn hann skorið eður gagn af haft* svo vitnist að fráteknum nefndum Kára og Halldóri á Kleifum, og þar sveitarmenn halda sig hér úti hafi stórlega forkort skeð, þá óska að sýslumaðurinn tilhaldi þeim báðum að gera hér grein á, sem og að forsvara sig fyrir nefndri meðhöndlan á nefndum fiski, sem og dóm að þola geti þeir eigi sig frá fríað að rélega hafi hér úti höndlað. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Sigfús Jónsson meh	
Magnús Jónsson	Bjarni Jónsson meh
Páll Jónsson meh	Markús Guðmundsson hs
Eiríkur Halldórsson meh	Bjarni Gunnarsson meh

Sama stað, dag og ár sem fyrr segir tilsagði sem og munnlega stefndi sýslumaðurinn Markús Bergsson Kára Þórðarsyni og Halldóri Guðmundssyni til Súðavíkur á þann 7. dag maí anno 1717 til að auglýsa undir sinn svarinn eið hvað mikið þeir hafi skorið eður skera látið af þeim 3 háhyrningsfiskum er anno 1716 uppkomu við Hestfjörð, sem og að forsvara alla sína meðhöndlan á nefndum þremur fiskum, sem og viðbúnir vera dóm þola á sérhverju því er álitast kynni að þeir hefði ólöglega með þá höndlað. En hreppstjóranum Bjarna Jónssyni tilsagði sýslumaðurinn á þeim degi að vera viðbúnum að vera til svara sveitarinnar vegna við nefnda menn, Halldór og Kára, að auglýsa sérhvað hér um. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Sigfús Jónsson meh
Páll Jónsson meh

Anno 1717 dag 6. apríl að settu manntalsþingi að Tungu auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1716 hafi hér í sveit aungvar sakir kónglegrar majestatis dæmdar verið ei heldur ásæst, ekki vogrek uppborið eður arfalaust göss tilfallið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

	Jón Örnúlfsson meh
Bjarni Ketilsson meh	Jón Sigurðsson meh
Bjarni Eyjólfsson meh	Jón Jónsson meh
Þórður Pálsson meh	Þorkell Jónsson meh

Anno 1717 dag 6. apríl að settu manntalsþingi að Tungu var refsing álögð á Valgerði Jónsdóttur fyrir sitt fyrsta hórdómsbrot eftir markatali. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Jónsson meh	Jón Sigurðsson meh
Bjarni Eyjólfsson meh	Þorvaldur Þorsteinsson meh

Anno 1717 dag 7. apríl að settu manntalsþingi að Hóli auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1716 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kynni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Björn Þorsteinsson meh	Jón Jónsson meh
Snæbjörn Kolbeinsson meh	Guðmundur Jónsson meh
Björn Ketilsson meh	Kolbeinn Snæbjörnsson meh
Oddur Einarsson meh	

Anno 1717 dag 8. apríl að settu manntalsþingi að Suðureyri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1716 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei vogrek uppborið eður arfalaust góss tilfallið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Eiríkur Þórðarson hs	Sigurður Þorleifsson meh
Ólafur Jónsson	Jón Jónsson meh
Þórður Bjarnason meh	Jón Pálsson meh
Gottskálk Jónsson meh	

Anno 1717 dag 10. apríl að settu manntalsþingi að Mosvöllum auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1716 hafi hér í sveit öngvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni við að liggja, ei vogrek uppborið eður arfalaust góss tilfallið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Ólafur Jónsson meh	Eggert Jónsson
Magnús Jónsson meh	Lífjarn Jónsson
Sigmundur Guðmundsson	Páll Þorgilsson
Bjarni Bessason meh	

Anno 1717 þann 12. dag apríl að Mýrum við Dýrafjörð settu manntalsþingi af sýslumanninum Markúsi Bergssyni var upplesin sú stefna er sýslumaðurinn hefur látið lesa fyrir Sigurði Jónssyni á Gerðhömrum. Stefnan er dateruð Ögri anno 1717 dag 16. mars með undirskrifuðu nafni, Markús Bergsson. En þeir vottar sem verið hafa við stefnulesturinn, Þorsteinn Ólafsson og Teitur Ásbjörnsson, bera sem á stefnuna er uppáskrifað að stefnan hafi af Snæbirni Pálssyni lesin verið Sigurði Jónssyni áheyrandi að Núpi við Dýrafjörð anno 1717 þann 31. mars og enn aftur á Gerðhömrum á sama ári og degi Sigurði

fráverandi, af hvorri stefnu Snæbjörn hafi rigtuga copiu afhent Gísla Andrés-
syni sem lofað hafi að afhenda hana nefndum Sigurði á sama degi og ári undir
Núpi. Hefur Sigurður játað að hann væri með þessa copiunnar afhending
ánægður*. Inntak stefnunar er að sýslumaðurinn stefnir hérgreindum Sigurði
Jónssyni hingað á þennan stað, ár og dag undir þingmanna dóm hvört honum
sé leyfilegt móti forboði prestsins, sínu og föður síns (nefnilega) föður Sigurð-
ar að vera ákærður í samveru við Guðrúnu Jónsdóttur sem er ektakvinna Jóns
Egilssonar, af hvörri að Sigurður ryktaður sé að með henni lifað hafi í
skammarlegu og hneykslislegu líferni, og hvört Sigurði ber ei fyrir þessa þrjót-
sku að straffast eftir lögum sem prestaáminninga foraktara. Fyrirnefndir stefnu-
vottar bera að undir Núpi nær stefnan var birt hafi Sigurði lesið verið forboð
prestsins séra Einars Ólafssonar daterað Stað í Aðalvík anno 1714 dag 17. jan-
úar, annað í sama stað anno 1716 miðföstudag, forboð sýslumannsins
Sigurði lesið dag 9. mars anno 1716, forboð föður Sigurðar anno 1716, 9. dag
september. Þetta allt, stefnan og forboðin, var hér nú uppleið og uppáskrifað.
Og að svo framkomnu nefndi sýslumaðurinn oss eftirskrifaða menn í dóm,
nefnilega Einar Jónsson, Ólaf Sigurðsson, Snæbjörn Pálsson, Marteinn Guð-
mundsson, Þórð Jónsson og Þórhall Dagsson, um þetta efni, og var eftirspurt
nú nefndum Sigurði Jónssyni hvör eð tjáist hér ókominn og engin gögn, hvorki
munnleg né skrifleg af hans álfu, þó eftir þeim spurt væri.

Eru nú hér nálægir stefnuvottarnir Teitur og Þorsteinn og meðkenna allt það
satt sem hér fyrir framan greinir um fyrirkallið og ályktum vér nú að báðir þeir
skyldugir séu það með eiði að staðfesta nú á þessum degi og sóru þeir svolát-
andi eið sem eftir fylgir: Til þess leggur þú Teitur Ásbjörnsson og þú Þorsteinn
Ólafsson hönd á helga bók og það segi þið guði almáttugum að þið heyrðuð að
Snæbjörn Pálsson las Sigurði Jónssyni áheyrandi stefnu til þessa þings á þann
31. dag mars þessa árs, svo og sáum við að Gíslu Andrésson meðtók rigtuga
copiu þar af, hvörja Sigurður undir Núpi á sama degi sagðist ánægður með vera
og var það sú sama stefna sem hér nú auglýst var og í þennan dóm er innfærð,
og að svo stöfuðum eiði sé þér guð hollur sem þú satt segir, gramur ef þú lýgur,
hvörn eið þeir nú samstundis sóru og aflögðu. Álítum vér nú stefnufrestinn og
teljast tíu dagar frá því stefnan var birt til þessa, þess vegna ályktum vér hann
ánægilegan og að Sigurður hafi skyldugur verið á þennan dag hingað að koma
til að andsvara stefnunni eftir Christians 5. Norsku lögum samanbornum í 1.
bókar, 4. capitula, 7. articula við þingfararbálks 9. capitula og réttarbót
Eiríks konungs, og þess vegna sé Sigurður sekur um hálfra mörk í stefnufall
eftir laganna aðkvæði.

Enþá var framlagt af sýslumanninum svolátandi bréf prestsins séra Einars
Ólafssonar daterað Stað í Aðalvík anno 1716 dag 12. maí, svo orðað: Sigurður

fór héðan með Gísla og Guðrúnu síðast í trássi og forboði yðar, mín og föður síns, lýsi ég þau bæði utan kirkjufríheita. Ennþá auglýsir nú sýslumaðurinn Páll Torfason munnlega að þann tíma hann sýslumaður var í þessari sýslu hafi hann orðsaka vegna fyrirboðið þeim hjónum Guðrúnu og Jóni Egilssyni samvistir á sama bæ.

Nú að athuguðum öllum þessum forboðum og kringumstæðum þessa máls sem fram hafa komið, einninn þeirri langvarandi þverúð sem auglýsist að fram hafi komið af Sigurðar hálfu þar úti að hann hefur ekki hingað til þessum sinna yfirvalda áminningum hlýtt*, heldur mótþróanlega burtvikið úr Aðalvíkursveit hingað í sveit nær hans mál átti undir dóm að koma og svo upphaldið sig hér á sama bæ og téð Guðrún eigingift ár um kring og nú réttstefndur ei viljað á þetta þing koma né heldur neinn sinn umboðsmann hingað sent. Og aldrei auglýsist eða framkemur að hann hafi nokkra framkvæmd haft eður viðleitni að fría sig frá þessu slæma hórdómstiltali. Þar fyrir ályktum vér í nafni drottins að nefndur Sigurður Jónsson sé kominn undir sýslumannsins umsjón nú strax og að sýslumaðurinn sé skyldugur að halda honum undir lagapróf og tilbærilegar ryktisins undirbúnings aðgjörðir á sakarinnar sóknarþingi, sem oss sýnist að fram eigi að koma á Hesteyrarþingi eftir þjófabálki 1. capitula og réttarbót Eiríks konungs. Samþykkti með oss þennan dóm fyrrnefndur valdsmann og setti sitt nafn með vorum hér undir sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp	Snæbjörn Pálsson meh
Marteinn Guðmundsson hs	Einar Jónsson meh
Þórhallur Dagsson meh	Ólafur Sigurðsson
	Þórður Jónsson hs

Anno 1717 þann 13. dag apríl að Meðaldal settu manntalsþingi auglýstu samankomnir þingmenn að síðan næstliðna Jónsmessu hafi ekki sér vitanlega nokkrar þær sakir tilfallið er kónglegrar majestatis sakeyrir viðlægi í téðri þingsókn, ei heldur arfalaust göss né kóngleg raritet. Til merkis ár, stað og dag sem fyrr segir.

Bjarni Jónsson	Jón Jónsson
Jón Níelsson	Bjarni Jónsson
Magnús Sigurðsson	Þórður Sigurðsson hs
	Jón Bjarnason hs

Anno 1717 dag 14. apríl að settu manntalsþingi að Auðkúlu auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1716 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust göss

tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Jón Pétursson meh	Sigurður Bjarnason meh
Jón Ísleifsson meh	Eyjólfur Jónsson meh
Einar Jónsson meh	Guðmundur Þorbjörnsson meh
Úlfur Pálsson meh	

Anno 1717 dag 14. apríl að settu manntalsþingi að Auðkúlu var Egill Bjarnason nefndur til hreppstjóra í Auðkúluþingsókn í stað Jóns Þorleifssonar. Til vitnis undirskrifuð nöfn.

Bjarni Snorrason meh	Jón Ísleifsson meh
----------------------	--------------------

Anno 1717 dag 15. apríl að Mýrum við Dýrafjörð var eftir markatali refsing lögð á Þorbjörgu Pálsdóttur fyrir sitt fyrsta hördómsbrot, sem og frillulífisbrot hennar. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Snæbjörn Pálsson meh	
Hallur Jónsson meh	Peder Jensen Ursin

Anno 1717 dag 7. maí að settu héraðsþingi að Súðavík kom til tals og mála um það málefni sem viðvíkur þeim háhyrningsfiskum sem uppkomu við Hestfjörð anno 1716 og Kára Þórðarsyni og Halldóri Guðmundssyni* er um tiltalað uppá þeirra meðferð á þeim háhyrningsfiskum er þá uppkomu, og var nú Kári Þórðarson* hér til staðar fyrir sig og Halldór Guðmundsson og bauð nú viljuglega að taka einn ómaga ár um kring fyrir það sem hann og Halldór kunnir að hafa öðlast frekar af þessum háhyrningsfiskum en aðrir í sveitinni, hvað sveitarmenn allir játa að sér vel lyndi og gefa hann aldeilis kvittan og ákærulausan um meðferð á þessum þremur fiskum, að þessu hans tilboði sómasamlega efnuðu þá hann og Halldór hefði haldið ómagann árið um kring sem Kári nú bauð, hvað hann og lofar að halda og ei bregðast láta fyrir þessa þrjá háhyrningsfiska og í því nafni sem þeir hafa af þeim haft. En þeir við Seyðisfjörð lofa að taka Halldór Helgason til forsorgunar til þess þeir geta flutt hann og fært til Aðalvíkur- eður Grunnavíkursveita á sína tiltölu þar, hvað þeir lofa að gjöra uppá sinn kost án tillags þeirra búenda við Álftafjörð, og þetta fyrir það sem þeir hafa meira uppborið af þeim tveimur háhyrningsfiskum sem uppkomu á kristfjárjörðina Hestfjörð en þeir við Álftafjörð, og að þessu gjörðu á allt að vera útslegið um þá hvalfiska sem uppkomu við Hestfjörð. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Sigfús Jónsson	Guðmundur Jónsson
Páll Jónsson meh	Bjarni Jónsson meh
Ólafur Hannesson	Eiríkur Halldórsson meh
Markús Guðmundsson meh	

Anno 1717 dag 22. maí að settu héraðsþingi að Hesteyri við Jökulfjörður voru upplesnar þær stefnur er sýslumaðurinn Markús Bergsson hafði upplestið að Gerðhömrum við Dýrafjörð næstliðinn 15. maí viðvíkjandi vitnisburða* áheyrslu um það ríkti er legið hefur á Sigurði Jónssyni og konu Jóns Egilssonar, Guðrúnu Jónsdóttur, þær til Gísla Andréssonar, Sigurðar Jónssonar, Jóns Egilssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, uppá hvörjar skrifað var að hér upplesnar verið hafi, en vottar að stefnunum er Snæbjörn Pálsson og Andrés Arngrímsson, hvörjir vitna að nefndar stefnur hafi verið lesnar að Gerðhömrum afliðinn 15. apríl fyrrskrifuðum öllum persónum áheyrandi að fráteknum Sigurði Jónssyni* sem nú vitnast að ei hafi heima verið, heldur reistur til herra lögmannsins Odds Sigurðssonar, hvar fyrir undirskrifaðir tilnefndir menn sameiginlega með sýslumannsins samþykki og vilja álíta nauðsynlegt að þessi vitnisburðatekt í dag hjálíði, þar mestallt þetta mál rís af Sigurði Jónssyni. En heiðurlegur kennimaðurinn séra Andrés Gíslason lofar að þaug Guðrún Jónsdóttir og Sigurður Jónsson skuli nú í vor víkja af bæ hvört frá öðru, sem og framvegis tilsjá að ei hljótist af þeim frekara hneyksli útaf þeirra samveru. En þingmenn lofa velviljuglega að bera um þetta rykti og allar þess kringumstæður svo framt yfirvöldin það tilsegi eður þeir nauðsynja vegna þess viðþurfi. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Bjarni Jónsson
Tómas Ásgrímsson
Bjarni Jónsson

Ólafur Árnason
Magnús Bjarnason
Þorkell Jónsson
Einar Jónsson

1718

Anno 1718 dag 20. apríl að settu manntalsþingi að Unaðsdal auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1717 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatís sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Bjarni Jónsson
Jón Steinsson meh
Sæmundur Helgason

Runólfur Ólafsson meh
Jón Jónsson meh
Páll Þormóðsson hs
Jón Brandsson hs

Anno 1718 dag 21. apríl að settu manntalsþingi að Nauteyri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1717 hafi hér í sveit aungvar þær

sakir tilfallið sem kónglegar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað og dag sem fyrr segir.

Ari Jónsson	Torfi Bjarnason
Páll Þorsteinsson	Jón Bjarnason
Andrés Skúlason	Jón Höskuldsson
	Guðmundur Árnason

Anno 1718 dag 22. apríl að settu manntalsþingi að Reykjarfirði auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1717 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað og dag sem fyrr segir.

Jón Hannesson	Jón Þórðarson
Jón Jónsson	Bjarni Jónsson
Jón Guðmundsson	Þorsteinn Erlendsson
Helgi Þorgrímsson	

Anno 1718 dag 23. apríl að settu manntalsþingi að Ögri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1717 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Sigurðsson	Guðmundur Þorkelsson
Ólafur Jónsson meh	Jón Jónsson
Þorvarður Sigurðsson	Bjarni Jónsson
Narfi Tumasson	

Anno 1718 dag 24. apríl að settu manntalsþingi að Súðavík auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1717 hafi hér í sveit öngvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Bjarni Jónsson meh	Sigfús Jónsson meh
Þórður Jónsson hs	Páll Jónsson meh
Þórður Svartsson hs	Bjarni Gunnarsson meh
	Markús Guðmundsson mev

Anno 1718 dag 26. apríl að settu manntalsþingi að Tungu auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1717 hafi hér í sveit öngvar þær

sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrir segir.

	Jón Örnólfsson meh
Bjarni Eyjólfsson meh	Pórður Pálsson meh
Porkell Jónsson meh	Jón Sigurðsson meh
Porvaldur Þorsteinsson	Jón Jónsson meh

Anno 1718 dag 27*. apríl að settu manntalsþingi að Hóli auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans* dag anno 1718 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss tilfallið eður vogrek uppborið utan tvær spýtur fastar saman á tág á endunum, álitnar að vera eins fisks virði. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Sigmundur Sæmundsson meh	Guðmundur Jónsson meh
Björn Þorsteinsson meh	Kolbeinn Snæbjörnsson meh
Björn Ketilsson meh	Jón Jónsson meh
Snæbjörn Kolbeinsson meh	

Anno 1718 dag 27. apríl að settu manntalsþingi að Hóli var refsing lögð á Ólufu Jónsdóttur fyrir sitt opinbert fyrsta hórdómsbrot með Jóni Arasyni. Til merkis vor nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

	Jón Jónsson meh
Björn Þorsteinsson meh	Kolbeinn Snæbjörnsson meh
Björn Ketilsson meh	Jón Jónsson hs

Anno 1718 dag 23. maí að settu manntalsþingi að Auðkúlu auglýstu samankomnir þingmenn að hér í sveit hefði aungvar sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök augljós á væri, ei heldur dæmd, engin vogrek uppborið, ei arfalaust góss tilfallið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Jón Þorbjörnsson meh	Jón Ísleifsson meh
Eyjólfur Jónsson meh	Bjarni Sigurðsson meh
Bjarni Bjarnason meh	Jón Jónsson meh
Guðmundur Þorbjörnsson hs	Bjarni Snorrason meh

Anno 1718 dag 24. maí að settu manntalsþingi að Meðaldal* auglýstu samankomnir þingmenn að hér í sveit hefði öngvar sakir tilfallið sem kónglegrar

majestatis sök augljós á væri, eigi heldur dæmd, engin vogrek uppborið eða arfalaust góss tilfallið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Magnús Nielsson
Ólafur Þorláksson
Bjarni Jónsson
Jón Jónsson

Jón Pálsson
Einar Jónsson
Jón Nielsson

Anno 1718 dag 18. maí að settu manntalsþingi að Meðaldal var Jón Þorleifsson og Bjarni Jónsson í Haukadál nefndir til hreppstjóra í Meðaldalsþingsókn. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Magnús Nielsson
Jón Jónsson

Jón Jónsson

Anno 1718 dag 25. maí að settu manntalsþingi að Mýrum var upplesið eitt bréf af sýslumanninum Páli Torfasyni þess innihalds að hann yfirlýsir að hann hafi aðskiljanlegt misst á sínu heimili Núpi í vetur eður afliðið ár, hvar um að hann hafi grunsaman Jón Grímsson að það hafi tekið og óskar að þingmenn gjöri honum stefnu til næsta þings hér um. Bréfið daterað 25. maí anno 1718. Undirskrifað hefur Páll Torfason með eigin hendi. Hvar fyrir sýslumaðurinn Markús Bergsson tilskikkar þingmönnum að gjöra þessum manni lagastefnu til næsta þings eftir þingfararbálki 5. capitula og sýslumaðurinn Páll Torfason sé þá skyldugur að vera til svara að fylgja sinni angiefning, eftir sem hann hefur lýst þýfð hans á þingi og þingdagurinn sé ei fyrr en eftir þann 20. júní. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Sumarliði Nikulásson
Snæbjörn Pálsson meh
Björn Jónsson

Einar Jónsson meh
Gísli Andrésson
Þórður Jónsson

Anno 1718 dag 27. maí að settu manntalsþingi að Mosvöllum auglýstu samankomnir þingmenn að hér í sveit hefði öngvar sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök augljós á væri, engin vogrek uppborið eður arfalaust góss tilfallið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Lífjarn Jónsson meh
Sigurður Björnsson meh
Jón Jónsson meh

Ólafur Jónsson meh
Bjarni Bessason meh
Sveinn Markússon meh
Guðlaugur Jónsson meh

Anno 1718 dag 27. maí að settu manntalsþingi að Mosvöllum auglýstu samankomnir þingmenn allir sameiginlega að Guðmundur Bjarnason hefði þaug 3 ár

sem hann var í þessari sveit hagað sér frómlega og ráðvandlega til orða og verka það framast þeir hefði heyrt og áskynja orðið svo sem einum dánumanni vel sómir, hvar uppá til sanninda að undirskrifaðir setja sín nöfn hér að neðan sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Lífjarn Jónsson meh
Eggert Jónsson
Bjarni Bessason meh

Magnús Jónsson meh
Ólafur Jónsson meh
Sigurður Björnsson meh
Sigmundur Sigmundsson

Anno 1718 dag 30. maí að settu manntalsþingi að Suðureyri auglýsti Sigmundur Þórðarson eftirskrifuð forföll hvar fyrir hann kynni aldeilis ekki til alþingis að komast í ár anno 1718 og óskaði að uppá þaug mætti þingsvitni takast. Sem er:

1. Að faðir hans er háaldraður og ófær ef hann missir Sigmundar þénustu um bjargræðistímann.

2. Kynni hann ei nokkurs staðar, svo hann viti, að útvega sér mat* til þessarar ferðar í þessum stóru harðindum.

3. Kynni hann ei að útvega sér hest til ferðarinnar þar hann ætti aungvan, en fé ei til hann að kaupa.

4. Ef hann reisti yrði að setjast upp það skip sem hann á væri, hvað orðsaka mætti mjög stóran skaða viðkomandi.

En hann sagðist vera ánægður með það sem hér hefði gjörst á prestastefnunni í héraði um sitt mál og sagðist ekkert hafa á alþingi sér til málbóta fram að leggja, heldur vera ánægður með hvað sem þar væri gjört um skilnað sinn við Agnesi Sigurðardóttur. Framanskriðuð forföll játa allir samankomnir þingmenn sönn að vera og nefndan Sigmundur ófæran til alþingis ferðast, hvar uppá til sanninda, svo og að þetta allt framfarið hafi, skrifa tilnefndir þingheyrarar sín nöfn hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Sigurður Þorleifsson meh
Jón Þorgilsson meh
Jón Jónsson meh
Jón Jónsson meh

Páll Jónsson meh
Árni Sigmundsson meh
Ólafur Jónsson meh

Anno 1718 dag 30. maí að settu manntalsþingi að Suðureyri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1717 hafi hér í sveit aungvar sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss uppborið eður vogrek. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Árni Sigmundsson hs
Jón Jónsson meh
Jón Jónsson meh
Ólafur Jónsson meh

Sigurður Þorleifsson meh
Jón Þorgilsson meh
Páll Jónsson meh

Anno 1718 dag 31. maí að settu héraðsþingi af sýslumanninum Markúsi Bergssyni að Hóli í Bolungarvík voru eftirskrifaðir menn, Sigmundur Sæmundsson, Ólafur Jónsson, Kolbeinn Snæbjörnsson, Snæbjörn Kolbeinsson, Guðmundur Jónsson, Jón Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Jón Gíslason, Hafliði Árnason, Guðmundur Þorkelsson, Bjarni Jónsson og Jón Jónsson, í dóm nefndir af sýslumanninum fyrrnefndum Markúsi Bergssyni að álykta og dómsúrskurð á leggja um það hvað mikla refsing tilheyri að leggjast skuli á Jón Arason eftir Stóradóms innihaldi auk tiltekinnna fésekta fyrir hans opinbert annað hórdómsbrot, og hefur sýslumaðurinn nefndan Jón Arason aðvarað á þennan stað og dag koma dóm að þola um sagt efni, hvörju Jón Arason nú nærstaddur viljuglega meðgöngu veitir og meðkennir hann óneyddur enn sem fyrri að hann sé opinber orðinn að öðru hórdómsbroti. Og að þessu svo athuguðu og af dómsmönnum yfirveguðu ályktum vér í herrans nafni að nefndum Jóni Arasyni beri hér fyrir að líða líkamlega refsing fyrir þetta annað hórdómsbrot auk annarra sekta þar ánefndra í Stóradómi, sem skuli vera 6 vandarhögg sem áður hefur viðgengist, eftir sem hann sýnist ekki til fær að líða stærra straff sökum burðaleysis og líka að hann verður refsing að þola fyrir fjársektina þeirra ánefndu. Samþykkti þennan dóm sýslumaðurinn og skrifar ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp
Sigmundur Sæmundsson meh
Snæbjörn Kolbeinsson meh
Jón Jónsson
Guðmundur Þorkelsson
Jón Jónsson meh

Ólafur Jónsson mpp
Kolbeinn Snæbjörnsson meh
Guðmundur Jónsson meh
Bjarni Jónsson
Jón Gíslason hs
Hafliði Árnason hs

Anno 1718 dag 31. maí að settu héraðsþingi að Hóli var refsing álögd Jón Arason fyrir sitt fyrsta og annað hórdómsbrot* eftir markatali, svo og fyrir tildæmt straff sem nú var samstundis á hann dæmt. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ólafur Jónsson mpp
Guðmundur Þorkelsson
Jón Jónsson
Guðmundur Jónsson meh

Kolbeinn Snæbjörnsson meh
Jón Jónsson meh
Hafliði Árnason

Anno 1718 dag 30. maí að settu héraðsþingi að Hóli auglýsti Sigmundur Sæmundsson að á næstliðnu vori hefði verið skorið af hákallastreng sínum leynilega, nærri 3 faðmar, að hverri töku uppvís er orðinn Halldór Bjarnason sem játar sig þetta gjört hafa, og óskar Sigmundur Sæmundsson að sýslumaðurinn taki þetta mál undir dóm og gefur fyrrnefndum Halldóri fullar sakir á þessum hans gjörningi. Og að þessu máli nú svo komnu vorum vér Ólafur Jónsson, Guðmundur Þorkelsson, Jón Jónsson, Hafliði Árnason, Guðmundur Jónsson og Bjarni Jónsson til dóms nefndir um þetta málefni, þar úrskurð á leggja hversu miklu nefndur Halldór skuli hér fyrir sekur vera. Var nú nefndur Halldór hér viðstaddur og játar nú opinberlega enn sem fyrri að hann hafi fyrrnefnda 3 faðma af strengnum skorið, hverja þrjá faðma vér álitum að ei meira virðast kunni en 5 fiska virði, hvar fyrir vér ályktum í herrans nafni að þessum Halldóri beri að svara fyrir þetta 2 aura kóngi og eyrir Sigmundi og 6 aura í öfundarbót eftir sem tilræðið virðist að mjög til skaða horfast mætti. Dómurinn er byggður á þjófabálki 1., 8., 16. capitulum. Samþykkti þennan vorn dóm sýslumaðurinn og skrifar sitt nafn ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Ólafur Jónsson mpp
Guðmundur Þorkelsson
Guðmundur Jónsson meh

Markús Bergsson mpp
Jón Jónsson
Bjarni Jónsson hs
Hafliði Árnason hs

Anno 1718 að settu héraðsþingi* að Hóli 30. maí beiddist sýslumaðurinn Markús Bergsson af Sigmundi Sæmundssyni að nú væri strax á þessum degi í sinni nærveru og erlegra manna uppskrifað allt það fé sem Sæmundur sálugi Magnússon hefði eftir sig látið, svo sjá mætti hvað mikið að Árna Sæmundssyni, sem ekki er kominn til sinna fullmyndugra ára, öðlast kynni í sinn hlut og fyrirbaud að nein skipti skuli gjörast á fénu í sinni fráveru, eftir sem það sé sitt embætti þar við vera eftir Christians 5. Norsku lögum 5. bók, 2. capitula, 1. articula, 3, 4 og 16. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir greinir.

Jón Jónsson meh
Snæbjörn Kolbeinsson meh
Guðmundur Jónsson meh

Ólafur Jónsson mpp
Hafliði Árnason hs
Jón Jónsson hs

Anno 1718 dag 2. júní að Æðey vorum vér undirskrifaðir viðstaddir þá refsing var lögð á Eysteinn Jónsson eftir markatali fyrir annað hördómsbrot, svo og sú refsing var á hann lögð sem honum bar eftir Stóradómi að líða auk fésektanna. Til merkis vor nöfn.

Ólafur Jónsson meh
Jón Jónsson

Guðmundur Bjarnason meh

Anno 1718 dag 9. júní að settu manntalsþingi að Dynjanda auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1717 hafi hér í sveit aungvar sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunni ásegjast, ei arfalaust góss eður vogrek uppborið að fráteknu einu grey* stýri á Siglúvíkur klausturjörðu frá Þingeyrum, 14 álnir á lengd með 7 krókum og 2 gjörðum af járn. Þetta á ströndum óvirt og óvegið, upprak eftir allraheilagramessu í nóvembermánuði anno 1717. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ólafur Árnason meh
Ásmundur Ketilsson meh
Jón Þorsteinsson meh
Jón Óttarsson meh

Tómas Ásgrímsson meh
Jón Tómasson meh
Jón Sigurðsson

Anno 1718 dag 11. júní að Látrum var virt það járn sem uppbar í stýri útlensku að Rekavík, 3 vættir járn í krókum og 2 fjórðungar og 7 merkur í nöglum. Það allt virt fyrir 60 álnir vegna óhægðar það að vinna og ryðs, og vildi enginn þar fyrir meira gefa. Til merkis vor nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jósep Jónsson meh
Jón Jónsson meh
Jón Þorbjörnsson

Einar Jónsson
Tumas Einarsson
Jón Bjarnarson

Anno 1718 dag 7. ágúst að settu héraðsþingi að Súðavík vorum vér eftirskrifadír menn, Sigfús Jónsson, Gunnlaugur Jónsson, Páll Jónsson, Ólafur Hannesson, Eyjólfur Jónsson og Bjarni Jónsson, til dóms nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um framfæri þess vanfæra ómaga Halldórs Helgasonar, sem um nokkur ár hefur hér á sveitinni verið forsorgaður, á hverju dóms beiddist hreppstjórinn Guðmundur Jónsson eftir því að Grunnavíkursveitar innbyggjarar hafa afsagt honum án dóms viðtöku veita, jafnvel þó líklegt og vel trúanlegt sé að þeir viti augljóslega hans sveitartiltölu þar, hvað mikil sé, þar hann kom þaðan 16 ára og eru ei nema 5 ár síðan. Og var nú eftirspurt hvert þingsóknarmenn hér vissi nokkra frændur nefnds ómaga í févendum hvörjir honum kynni framfæri að veita, hverju allir mótmæltu og sögðust aungvan vita hans skyldmanna vera þar til færan eftir lögum honum forsorgun veita. Hér með auglýstist skilvíslega að fyrrnefndur ómagi á tiltölu í Súðavíkur-, Aðalvíkur- og Grunnavíkursveitum, á hverjum sveitum hann hefur á ómagaaldri uppalist, nefnilega fæddist ómaginn anno 1697 í Súðavíkursveit, í hverri sveit hann uppólst í sjö ár til þess anno 1704 hann fór með föður sínum í Aðalvíkursveit, hvar

hann þá dvaldist 4 ár til þess 1708. Hann fór þá í Grunnavíkursveit með föður sínum er þangað færðist til búskapar, í hverri sveit hann var samfleytt 5 ár til þess 1713 hann fór þaðan 16 vetra hingað í Súðavíkursveit, dvaldist hér þá 4 ár á fátæki og eitt á Aðalvíkurhrepp.

Þetta allt framanskrifað auglýsist og opinberar manntalsbækur, prestsins attest, hreppstjórabækur úr Aðalvík og sannferðugra manna vitnisburðir, hvar fyrir að öllu þessu svo skilvíslega undirréttuðu vér ályktum og dæmum í herrans nafni með fullu dómsatkvæði að fyrrnefndum ómaga Halldóri Helgasyni skuli fulltalt og forsvaranlegt uppheldi veitast og framfæri hér eftir á þessum sveitum, Súðavíkur-, Aðalvíkur- og* Grunnavíkurhreppum ævinlega upp héðan, svo lengi þeir ei finna honum annað löglegra framfæri, til réttis jafnaðar eftir réttri tiltölu, hvör tiltala svo á að uppfyllast að honum ber að vera á ári á Súðavíkursveit 23 vikur, Aðalvík 13 vikur vel og Grunnavík 16 vikur 3 daga. En þar nefndum ómaga hefur í næstu 5 ár verið enginn styrkur veittur eður framfæri á Grunnavíkurhrepp, sem þar innbyggjurum hefur þó borið að gjöra, og nú í vor enn afsagt það gjöra, en reiknast þó skilvíslega að þeim hafi borið nefndan ómaga að hýsa og annast eftir réttri tiltölu móts við hinar sveitirnar 82 vikur til samans og einn dag, hverja tölu nefndan ómaga brestur og ávantar hjá þeim upp að fylla, hvar fyrir vér tilnefndir dómsmenn dæmum með fullu dómsatkvæði Grunnavíkursveitar innbyggjara rétt og löglega skylduga nefndan Halldór Helgason að annast þessar 82 vikur og einn dag, hýsa hann og heimila og forsvaranlega að forsorga og á aungva aðra hreppa að flytja fyrir en nefndar 82 vikur og 1 dagur er úti frá þeim degi hann á nefndan hrepp kemur nú hér frá, og þá alla og sérhvern Grunnavíkursveitar húsráðanda sekan 4 mörkum í dómrof sem á móti þessum dómi gjörir eður vill ei við nefndum ómaga taka, og svari þar fyrir utan sektum sem ásegjast kann ef ómaginn annaðhvert brestur eður er illa með hann farið eður aðrir mæta þar af þunga hér eftir, svo framt þeir geta ei með það löglegt framkomið sem þessum dómi hrindir. Og eru Grunnavíkursveitar innbyggjarar aðvaraðir að þeir tregðunarlaust framfæri nefndan ómaga og sýni sig ei hér eftir í ólöglegri eður ósannferðugri þverúðarsemi að fornæmast framfæri að veita löglegum ómaga, því sannsýnum mönnum flestum mun næsta ólíklegt þykja að svo fávísir og minnisdaufir menn muni hafa valist í Grunnavíkursveit að ei viti að sá ómagi eigi þar tiltölu sem þar hefur verið til veru fyrir 5 árum og þar á ómagaaldri uppalist þá í 5 ár. En eftir það nefndar 82 vikur og 1 dagur er uppunninn af nefndum Halldóri í Grunnavíkursveit þá annist fyrrnefndar sveitir hann eftir áðurskrifaðri reglu svo lengi hann lifir og honum er ei eður verður annað löglegra framfæri fundið. Dómurinn er byggður á framfærslubálki 9., 7. capitulum, þingfararbálki 8, arfatáli 21 og réttarbót Eiríks og Hákonar konunga, og Friderichs 2. útgefnum articula

1588. Samþykkti þennan dóm sýslumaðurinn og skrifar oss ásamt hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp
Páll Jónsson meh
Eyjólfur Jónsson meh
Ólafur Hannesson meh

Sigfús Jónsson meh
Gunnlaugur Jónsson meh
Bjarni Jónsson

Anno 1718 dag 27. ágúst að settu héraðsþingi að Ögri vorum vér eftirskrifaðir menn, Jón Sigurðsson, Guðmundur Þorkelsson, Jón Jónsson, Bjarni Jónsson, Jón Bárðarson og Þórður Narfason, til dóms nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um það málefni sen rís af barnsfaðernislýsingu Valgerðar Sveinbjarnardóttur á eigingiftan mann Halldór Sumarliðason að því barni er hún í heiminn fæddi þann 10. ágúst næstliðinn. Og þar þessi Halldór hefur áður augljós orðið að tveimur barneignarbrotum báðum í hórdómi framhjá konu sinni, þá reisti sýslumaðurinn strax 11. ágúst með þremur mönnum til heimilis nefnds Halldórs Sumarliðasonar og auglýsti honum nefnda lýsingu Valgerðar Sveinbjarnardóttur og neitaði Halldór opinberlega að hann ætti það barn er fyrrnefnd Valgerður lýsti sig föður að og hún hefði þá í heiminn fætt næstliðinn 10. ágúst, sem og samræði öllu við hana. Óskaði síðan sýslumaðurinn að Halldór reisti með sér að heyra lýsing konunnar og framburð í þessu efni, hvað hann og gjörði eftir það sýslumaðurinn var búinn honum það alvarlega að tilsegja. En við þetta samtal sýslumannsins og Halldórs að Hvítanesi voru fimm menn, hvar af nú nálægir eru tveir hreppstjórar og játa þeir þetta framanskriafað satt vera.

Og ferðaðist nú Halldór ásamt prestinum og sýslumanninum til þess heimilis er nefnd Valgerður var og stóð hún við sína lýsingu og auglýsti það að samfundur þeirra hefði til samræðisins skeð að Þernivík þá 5 vikur voru af vetri, sömu nótt og Halldór hefði næturgestur þar verið um morguninn þá menn voru að beita, og neitaði hún þverlega að neinn maður annar en Halldór hefði um nálægan tíma samræði við sig haft að fráteknum Þorleifi Halldórssyni á Látrum sem skeð hefði nóttina eftir fimmta í jólum og uppá þessa sína sögn sagðist hún gjarnan vilja eidd afleggja ef mætti. Og neitaði Halldór enn sem fyrri þessari hennar lýsingu um samfundi þeirra til barngetnaðarverknaðar. Og að þessu skeðu stefndi sýslumaðurinn Halldóri Sumarliðasyni um þetta málefni til þessa þings, hverja stefnu sýslumaðurinn nú framlagði og var hún opinberlega hér nú upplesin og uppá hana skrifað að upplesin verið hefði. Stefnunnar inntak er að eftir því Valgerður Sveinbjarnardóttir hefur lýst hann föður að því barni er hún í heiminn fæddi næstliðinn 10. ágúst og hann því neitar, þá stefnir sýslumaðurinn Halldóri Sumarliðasyni að koma á þennan stað og dag með það sérhvað

er hann kunnir að hafa sér til gagns og bata í þessu máli, svo sem sú stefna sér líkast hermir, dateruð 1718 dag 11. ágúst með undirskrifuðu nafni, Markús Bergsson.

Vottar að stefnulesturnum eru hreppstjórinn Þorvarður Sigurðsson og Ívar Þórðarson, hverjir báðir hér nálægir eru og auglýsa opinberlega að þeir viðstaddir og áheyrandi hafi verið 11. ágúst anno 1718 að sýslumaðurinn hafi fyrrnefnda stefnu lesið Halldóri Sumarliðasyni áheyrandi og honum þar af rigtuga copiu sama dag afhent, hverja copiu hreppstjórnarnir Guðmundur Þorkelsson og Bjarni Jónsson játa sig séð hafa hjá Halldóri Sumarliðasyni. Var nú ekki hér á þetta þing kominn Halldór Sumarliðason og enginn hans vegna til þessa máls svara, jafnvel þó hann því lofað hafi, sem margir þingmenn játa sig af honum heyrta hafa. Og auglýsir hreppstjórinn Guðmundur Þorkelsson nú opinberlega að nefndur Halldór hafi verið á heimili sínu í nótt, Hvítanesi, og eftir því þaðan hefði orðið sjóveg til þingsins fara hafi hann oftlega ámalgað við hann að verða sér samferða yfir fjörðinn, til hvers hann hafi ekki lengi viljað sig liðugan gefa heldur sagt að hann kæmi ei á þingið í dag. En þó um síðir fyrir alvarlegt aðhald* hafi hann yfir fjörðinn með sér farið og þá tiltekið að drekka alvarlega brennivín. En síðan hafi hann þar eftir orðið og ekki viljað fylgjast með sér út á þingstaðinn og ekki hafi hann viljað skipið með sér setja, heldur gengið þar frá honum. Þetta játa satt þeir þrír menn er Guðmundur játar að verið hafi við tal Halldórs og sitt, nefnilega Bjarni Jónsson, Jón Jónsson og Jón Sigurðsson nú persónulega hér nálægir og sögðust þeir þetta vilja með eiði staðfesta ef þörf krefði.

Síðan sendi sýslumaðurinn þrjá menn að leita að nefndum Halldóri Sumarliðasyni og færa hann til þingsins. En í midlertíð athuguðum vér fyrrnefnda stefnu og er vor tilnefndra dómsmanna endileg ályktun að stefnuvottarnir sverji stefnulesturinn, og að því gjörðu dæmum vér Halldór Sumarliðason skyldugan og rétt kallaðan á þetta þing koma og hér til málsins svara, svo og dóm þola á þessu þingi, hvert sem nú Halldór hér eftir kemur með þessum 3 mönnum sem eftir honum voru sendir eður ei, þar nú er komið vel miðmunda, og aflögðu stefnuvottarnir svolátandi eið sem fylgir, eftir það allir þingmenn voru búnir þeim erlega kynning og vitnisburð gefa: Því játa ég Þorvarður Sigurðsson og ég Ívar Þórðarson að ég heyrði á að sýslumaðurinn Markús Bergsson stefndi Halldóri Sumarliðasyni til þessa þings með þeirri stefnu sem nú var í dag opinberlega fyrir réttinum upplestin og afhenti honum þar af rigtuga copiu, svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium.

En þar Halldór er ei á þingið kominn dæmum vér hann sekan hálfmörk í stefnufall eftir þingfararballki 9. capitula. Var hér nú til staðar Valgerður Sveinbjarnardóttir áður á þetta þing bréflega boðuð af forlagi sýslumannsins, alvar-

lega áminnt að segja satt um sitt barnsfaðerni og segist hún í alla staði standa við í herrans nafni að Halldór Sumarliðason en enginn annar sé faðir að því barni sem hún í heiminn fæddi næstliðinn 10. ágúst og enginn hafi annar verknad með sér framið en hann um þann tíma eður nærri honum að fráteknum fyrrnefndum Þorleifi er skeði á fyrrgreindum tíma en aldrei oftár. Og voru nú yfirsætukonurnar hér nálægar er tóku við barni þessu þá í heiminn kom aðspurðar um barnsins ásigkomulag og auglýstu þær að barnið hefði ei eftir sínu viti verið fullburða þar lítið hár hefði verið á barninu en í skinnkasti að þær meintu nær hálfum mánuði eftir barnburðinn, og að sínu viti héldi þær að það hefði vantað vel hálfan mánuð uppá fullan aldur eftir náttúrlegum hætti, en víst aldeilis fjarri 7 vikur, og ályktuðu tilnefndir dómsmenn að yfirsætukonurnar sanni þessa sína sögu með eiði, hvað þær og gjörðu með þessum eiðstaf, að því játa ég Svanborg Nikulásdóttir og ég Guðrún Jónsdóttir að það sem ég hefi í dag auglýst um ásigkomulag þess barns er Valgerður Sveinbjarnadóttir í heiminn fæddi næstliðinn 10. ágúst og innfært er í þingbók sýslumannsins er sannferðugt eftir því sem við höfum sagt, og þetta höfum við borið eftir því við höfum vit á, svo hjálpi oss guð og hans heilaga evangelium, sagði hvor um sig. Þessir kvenmenn fá báðar erlegan vitnisburð á þingsókninni, svo og alþekktar, að í aungvan máta óskýrar eru uppá sína skynsemi.

Aðspurði nú sýslumaðurinn hvert hún Valgerður hefði frekara fram að leggja sínu máli til styrkingar í þessu efni, hverju hún neitaði. Eftirspurði því næst sýslumaðurinn um beggja þeirra kynning og auglýstu samankomnir þingmenn að þeir vissu ei annað en frómt og ráðvant til hennar bæði til orða og gjörða, svo og sagðist enginn þingmannanna hafa heyrt nefnda Valgerði ryktaða af neinum manni þetta ár fyrr en þetta uppkom. En þessi Halldór Sumarliðason fær ei góða kynning til orða eður gjörða, því án þeirra tveggja barna er hann er orðinn uppvis að átt hafi framhjá konu sinni, þá hefur hann orðið sannprófaður að þjófnadi, svo og ótrúverðugur í sínum orðum.

En á meðan þetta áðurskrifaða framfór komu aftur þeir menn sem eftir Halldóri voru sendir og sögðust hann ekki hafa fundið, en sér verið sagt á Skarði af prestinum að hann hefði frá Skarði farið litlum tíma fyrir hádegi á þá leið sem til Ögurs liggur og skilið eftir af sér á Skarði síðhembu, hatt, hníf, vettlinga, kver og staf brotinn í sundur, hvern staf hann hefði í sundur brotið, og sögðust þeir hafa farið frá Skarði og leituðu hans svo úteftir grandvarlega og segjast hann ei fundið hafa og opinberlega hafi hann ei verið þar á ferð. Og að þessu öllu framanskriðu svo ásigkomnu þá þykir oss dómsmönnum að Halldór stórlega gefi misgrun um sitt málefni í þessu efni vegna fyrrgreindra orðsaka. En samt sem áður dæmum vér honum að hann megi undanfærís njóta í þessu efni ef tilfær er, og það með löglegum tylftareidi nefndarvotta, og ályktum í

herrans nafni að hann skuli þann eidd unnið hafa innan 10 vikna særra daga með þeim eiddstífl að hann hafi aldrei neitt það saurlifnaðarverk eður atvik framið með nefndri Valgerði Sveinbjarnardóttur sem barngetnaður hafi mátt af verða eður til hans heyrði, og eiddvættin hyggi honum þann eidd særan eður ekki. Nefnir sýslumaðurinn nefndum Halldóri til eiddvættis þessa eftirskrifada menn, Bjarna Jónsson, Björn Sigurðsson, Tumas Pétursson, Ívar Þórðarson, Odd Björnsson, Narfa Tumasson, þessa búfasta í Laugardal, Illuga Narfason, Jón Jónsson á Eyri og Jón Sigurðsson, Þorgeir Jónsson á Skarði, Guðmund Bjarnason í Ögri og Einar Jónsson í Vigur. Hafi af þessum sjö, sjálfur áttundi, og 4 fangavotta, og hafi eiddinn unnið sem áður er tiltekið.

En þar sýslumaðurinn óskar af oss dómsmönnum úrlausnar um það hvert hann skuli ei taka nefndan Halldór í forvörun ef finnast kann hér eftir, eður sér sé hættulaust að láta hann ganga lausan og liðugan hér eftir, þá er þeirra and-svar: 1. að eftir því Halldór er reyndur að óskilsemi, þar næst nú í dag viljað ei á þingið koma, 3. vill enginn af þingmönnum heldur afsegja að ganga í borgun fyrir hann eður lofa að hann skuli til staðar vera til málsins afdrifa; 4. máta er Halldór reyndur að því að hann hefur strokið fyrr úr áttuga sínum þá hann hefur átt að framfæra börn sín; 5. máta hefur Halldór framfarið í iðuglegri þverúð móti yfirvaldanna skikkun í því að vilja aldrei vera saman við sína eigin konu; 6. máta er nú alrómáð, svo og líka af hans tali, að nefndur Halldór sé í tilbúningi að vilja strjúka, svo og líka er hann að selja sinn fríðan pening. Þetta framanskriafað játa þingmenn satt vera; 7. máta er fullkomlega að merkja, bæði af þeim eiddvættum sem honum voru í dag nefndir og þingmönnum, að sérhverra þeirra geð er fjarlæggt honum til undanfæris, hvar fyrir vér í herrans nafni fyrrnefndra orðsaka vegna ályktum að sýslumaðurinn taki nefndan Halldór Sumarliðason það fyrsta hann kann í forsvaranlegt hald og geymslu inn til málsins afdrifa, en setji honum talsmann á meðan til eiddvættanna framkvæmslu, og uppberi fyrir kost og vöktun af fé Halldórs sem billegt er eftir lögum, en Halldór skyldugan það tilláta. En sé hann nú strokinn þá ályktum vér þá menn sem fé hans varðveita skylduga til þess segja og hamla að Halldór því ná, en þingmenn skylduga að taka Halldór eftir lögum. Dómurinn er byggður á mannhelgi 30, landsleigubálki 30, þjófabálki 19., 22. og 5. capitulum, Christians 5. Norsku lögum 1. bók, capitula 17, articula 1; capitula 19, articula 15; capitula 22, articula 2. Samþykkti með oss þennan dóm sýslumaðurinn og skrifar ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp
Bjarni Jónsson
Jón Jónsson
Jón Bárðarson hs

Jón Sigurðsson meh
Guðmundur Þorkelsson
Þórður Narfason

Anno 1718 dag 5. september að settu héraðsþingi að Mosvöllum vorum vér eftirskrifaðir menn, Bjarni Bessason, Ólafur Jónsson, Magnús Jónsson, Sigurður Björnsson, Jón Jónsson og Lífjarn Jónsson, til dóms nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um þann vanfæra ómaga Guðlaug Hallsson sem þrotbjarga er fallinn á þessari sveit, á hvörjum dóms beiddist hreppstjórinn Ólafur Jónsson um það hvar hann skyldi framfæri eiga og auglýsti þetta um nefnds ómaga innkomst, hérveru og ásigkomulag í sveitinni til undirréttingar sem fylgir. Fyrst að hann hafi hér í sveit komið sem einn betlari og húsgangsmaður um brauð og björg biðjandi og staðnæmdest hér og vistfastur varð hjá prófastinum séra Sigurði Jónssyni að Holti 16 ár og um þann tíma hafi verið fyrirboðið anno 1709 þess háttar menn í sveitina taka, svo og að hann hafi verið kallaður um þann tíma föður sínum til þenustu suður í Saurbæ, síðan hafi hann gifst frá Holti og hafi verið 2 ár í búhokri á Kirkjubóli eftir byggingu Jóns Jónssonar, það þriðja ár á Hóli, fjórða til húsmennsku í skjóli konu sinnar í Dalshúsum hjá Jóni Gissurssyni, fimmta ár hjá séra Sigurði Sigurðssyni að Dal og var þá karlægur, þetta 1717 og til þessa, og nú ómögulegt langa vegi hann að flytja. Er nú þetta mál svo á sig komið, hvað þingmenn játa satt vera. Auglýstist nú eftir frómrar kvinnu Ljótunnar Þórðardóttur sögn að hann hafi í þeirri sveit fæðst Norðanlands sem liggur við Vatnsskarð, á þeim bæ sem sig minni að Hnúkur heitir, og í þeirri sveit hafi hann verið 13 ár. Og síðan hafi hann á fátæki með föður sínum þaðan farið.

Einnin auglýsir séra Sigurður Sigurðsson að hann hafi haft frómra manna kynning þá hér í sveit kom, sem og sacramentis seðil skýlausan frá séra Páli Björnssyni að Selárdal og þeir hafi í vor hjá honum verið. Auglýsir einninn nefndur Ólafur Jónsson eftir angiefning Guðlaugs Hallssonar að hann hafi ei fengið í 16 ára kaup í Holti utan 4 slétta dali, einn 3 vetran sauð, gamlan hest og 2 hestte*, en þingmenn játa þó að hann hafi unnið þarfsamlega og róið út til fulls hlutar þessi ár það framast þeir viti. Og að þessu málefni svo ásigkomnu og af dómsmönnum athuguðu er sameiginlegra dómsmanna fullkomin ályktun í herrans nafni að prófastinum séra Sigurði Jónssyni beri skírlegan reikning auglýsa hreppstjórum þessarar sveitar að Guðlaugur Hallsson hafi uppborið hjá honum 40 álnir á ári í sitt kaup, en hvað þar uppá brestur betali það nú til Guðlaugs Hallssonar í þeim aurum sem honum kunna til framfæris þéna. En að því eyddu er vor fullkomin meining að nefndum Guðlaugi beri af sínum fæðingarhrepp (eigi hann ei frændur í framfærisvonum) uppfóstur leggjast hingað til sveitar eftir framfærslubálki 9. capitula og alþingissamþykktum anno 1646 og 1683 þar hann er ei flytjandi, hverja vora meining vér setjum þó til lögmanna og lögréttunnar úrlausnar á næstkomandi alþingi 1719. En meðan hann fær ei styrk þaðan til uppfósturs sé hann á sveitinni uppfæddur að því leyti sem séra

Sigurði Jónssyni ber ei honum uppá hans kaup framfæri veita, en konan sé skyldug honum þjóna sem getur. Samþykkti þennan dóm sýslumaðurinn og skrifar ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp
Sigurður Björnsson meh
Jón Jónsson meh

Lífgjarn Jónsson meh
Bjarni Bessason meh
Magnús Jónsson meh
Ólafur Jónsson meh

Anno 1718 dag 7. september að settu héraðsþingi að Mýrum voru þessir menn, Einar Jónsson, Jón Jóstsson, Þorleifur Þorláksson, Ólafur Sigurðsson, Gísli Brandsson, Magnús Jónsson og Jón Jónsson, til þingvitnis nefndir til að bera vitni um sérhvað það sem í dag kann fyrir réttinum passera viðvíkjandi þeirri stefnu er Snæbjörn hefur með stefnt séra Andrési Gíslasyni, hvörja stefnu Snæbjörn Pálsson nú framlagði og var hún upplesin og svohljóðandi sem eftir fylgir:

Ég Snæbjörn Pálsson stefni yður séra Andrés Gíslason til Mýra við Dýrafjörð venjulegs þingstaðar á þann 7. dag septembermánaðar, sem er miðvikudagurinn næstur eftir Magnúsmessu á þessu ári 1718, fyrir virðuglegan sýslumanninn Markús Bergsson eður hans löglegan umboðsmann til áheyrslu þeirra votta og vitnisburða sem ég áset lofi guð fram að leiða á nefndum okkar stefnudegi um yðar hegðan í drykkjuskap, bæði á jólanóttunni og jóladaginn í hámessunni, viðvíkjandi brennivínsuppsölum og svo annari hegðan í þeim messum þessu viðvíkjandi. Svo og stefni ég yður til vitna áheyrslu, hvörsu þér predikað hafið þann 16. sunnudag eftir trinitatis, undir sama yfirdómara og dómsmenn, um það til vitna áheyrslu hvað þér haldið hafið að sál hins andaða ekkjunnar sonar af Naim væri í líkamanum ellegar ekki. Í þriðja lagi stefni ég yður til votta áheyrslu, hvað þér á heilögum predikunarstól predikað hafið þann tíunda sunnudag eftir trinitatis, að ríkisfólkið nærði sig á sveita hinna fátæku. Veri þér tilþenktil með allar yðar lagaafbatanir að koma á þennan stefnudag og bíðið svo lengi sem þingið stendur þessa máls vegna. Til merkis mitt undirskrifað nafn að Mýrum við Dýrafjörð þann 25. dag maí anno 1718, Snæbjörn Pálsson.

Uppá þessa stefnu er skrifað þetta: Anno 1718 dag 25. maí af Snæbirni Pálssyni var þetta upplesid að Mýrum séra Andrési áheyrandi. Til vitnis Einar Jónsson, Jón Guðmundsson meh, Þorkell Jónsson meh, Björn Jónsson.

Og að þessu svo komnu sættust þeir séra Andrés Gíslason og lögréttumaðurinn Snæbjörn Pálsson bréflaga, hver sáttargjörð nú var upplesin hverrar innihald er svoleiðis að öll óeining, misklið og allt sem hvor öðrum kann hafa til að tala sé niðurslegið, dautt og magtarlaust í allan máta, að beggja þeirra heiðri og virðingu óskertri. Svo og var upplesinn séra Andrésar Gíslasonar vitnisburð-

ur útgefinn af sókninni, hver hljóðar um hans sómasamlega hegðan og breytni í lífi og lífnaði öllum í hans embætti. Og að þetta svo allt framfarið hafi skrifum vér vor nöfn hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ólafur Sigurðsson

Gísli Brandsson

Magnús Jónsson meh

Þorleifur Þorláksson hs

Jón Jóstsson meh

Einar Jónsson meh

Jón Jónsson meh

Anno 1718 dag 16. september að settu þriggja hreppa þingi að Ögri* voru eftirskrifaðir menn, Sigfús Jónsson lögréttumann, Jón Hannesson, Jón Sigurðsson, Guðmundur Þorkelsson, Jón Þórðarson, Jón Jónsson, Þorgrímur Ólafsson, Gunnlaugur Jónsson, Eyjólfur Jónsson, Jón Jónsson, Bjarni Jónsson hreppstjórnar og Jón Bárðarson, til dóms nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um það málefni sem opinberast hefur með barneign Valgerðar Sveinbjörnsdóttur, hvörju svo er varið að nefnd Valgerður Sveinbjarnardóttir hefur lýst eigin giftan mann Halldór Sumarliðason föður að því barni er hún í heiminn fæddi næstliðinn 10. ágúst, hvörri hennar Lýsing Halldór í fyrstu mótgöngu veitti sem og öllum þeim verknaði með henni sem til barngetnaðar hlýddi, hvar fyrir sýslumaðurinn honum til eids dæmdi í því máli. En nú auglýsir sýslumaðurinn að nefndur Halldór Sumarliðason hafi fyrir sér síðan meðgengið að hann hefði hórdómsverknað framið með nefndri Valgerði Sveinbjarnardóttir, hvar uppá hann framlagði eitt bréf hvört nú upplesið var opinberlega og er svohljóðandi sem eftir fylgir:

Það játum vér undirskrifaðir að vér vorum viðstaddir og áheyrandi þá Halldór Sumarliðason viljugur og óneyddur játaði og meðgekk að hann hefði holdlegt samræði framið með Valgerði Sveinbjarnardóttir sömu nótt og hann afliðinn vetur var í Þernivík og þetta auglýsti hann eftir aðspurn sýslumannsins Markúsar Bergssonar að Ögri þann 28. ágúst 1718. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Arnfinnur Magnússon, Jón Sigurðsson, Jón Jónsson, Guðmundur Bjarnason.

Var nú Halldór Sumarliðason hér til staðar og játaði opinberlega viljugur og óneyddur að hann hefði hórdómsverknað framið með nefndri Valgerði Sveinbjarnardóttir og það væri allt satt sem í fyrr innfærðu bréfi væri uppá sig skrifað. Hefur nú nefndur Halldór Sumarliðason áður í þessari sýslu augljós orðið að tveimur barneignarbrotum báðum þeim í hórdómi framhjá konu sinni Sæunni Þorsteinsdóttir, nefnilega það fyrsta við Herdísu Sigurðardóttir, það annað við Sigríði Jónsdóttir, fyrir hvör tvö barneignarbrott hann hefur opinbera aflausn öðlast og bætur til yfirvaldsins útlátið, hvað Halldór Sumarliðason játar nú sannferðugt vera sem og allir samankomnir þingmenn. Óskaði sýslumað-

urinn að Halldór framlegði nú það hann sér til málbóta kynni hafa í þessu efni, svo og hvört hans kona hefði gefið honum nokkra orðsök til þessa hans þriðja hórdómsbrots, hvað Halldór sagðist ei hafa fram að leggja annað en ef sér til málbóta horfa kynni að hann hafi um nokkur ár ei verið saman við konu sína. En þingmenn auglýsa að þeir viti ei betur en þeirra skilnaður hafi verið þeim báðum að kenna.

Og að þessu máli svo á sig komnu er í herrans nafni sameiginlegra dómsmanna ályktun að þetta hórdómsverk er Halldór Sumarliðason hefur bæði áður fyrri og nú í dag opinberlega þingmönnum áheyrandi ljúflega óneyddur meðgöngu veitt að hann framið hafi með Valgerði Sveinbjarnardóttir sé og eigi að reiknast vafalaust í allan máta hans þriðja hórdómsbrot framhá konu sinni Sæunni Þorsteinsdóttir og er því dómsmanna allra fullkomin meining að nefndur Halldór Sumarliðason hafi þar fyrir lífið forbrotið eftir Stóradómi confirmeruðum af Friderich öðrum 1565 háloflegar minningar utan kóngleg majestat vilji meiri miskunn ágjóra, setjandi þennan dóm fyrir lögmenn og lögréttumenn á næstkomandi Óxarár alþingi til yfirskoðunar og endilegrar úrlausnar hér uppá. En nefndur Halldór sé í forsvaranlegri geyslu hjá sýslumanninum til næstkomandi alþingis. Samþykkti þennan dóm með oss sýslumaðurinn og skrifaði ásamt dómsmönnum sitt nafn hér undir sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Markús Bergsson mpp
Guðmundur Þorkelsson
Jón Þórðarson
Jón Jónsson meh
Gunnlaugur Jónsson
Eyjólfur Jónsson
Bjarni Jónsson

Sigfús Jónsson mpp
Jón Hannesson mpp
Jón Sigurðsson meh
Þorgrímur Ólafsson
Jón Jónsson
Jón Bárðarson

1719

Anno 1719 dag 13. apríl að settu manntalsþingi að Mosvöllum auglýstu samankomnir þingmenn að hér í sveit hefði öngvar sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök augljós á væri, engin vogrek uppborið eður arfalaust göss tilfallið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrir segir.

Ólafur Jónsson meh
Eggert Jónsson
Þorlákur Jónsson

Jón Jónsson meh
Magnús Jónsson
Bjarni Bessason meh
Jón Jónsson

Anno 1719 dag 14. apríl að settu manntalsþingi að Mýrum vorum vér eftirskrifaðir menn, Jón Jóstsson, Sumarliði Nikulásson, Gísli Andrésson, Marteinn Guðmundsson, Ólafur Sigurðsson og Ólafur Ásbjörnsson, til dóms nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um það málefni er sýslumaðurinn Páll Torfason kærir að hann anno 1718 misst hafi af sínu heimili eina járnleggju, hverja járnleggju að aftur hafi skilað Jón Grímsson vinnumaður sinn. Var nú Jón Grímsson hér til andsvara og játar að hann hafi nefndri sleggju aftur skilað, hverja sér fengið hafi Halldór Jónsson búandi á Klukkulandi, hver Halldór nú var hér nálægur og neitaði því þverlega að hann hefði nefndum Jóni Grímssyni greinda járnleggju fengið hverki fyrr né síðar. Aðspurði nú sýslumaðurinn Markús Bergsson bæði Jón Grímsson og Halldór Jónsson hvert þeir væri ánægðir að þetta mál í dag undir dóm kæmi, hverju þeir velviljuglega játuðu, sem og að þeir vildu til þess svara sem löggallaðir. Hefur Páll Torfason bréfluga þetta áður undir réttinn lagt og framlagt nefnda sleggju*, hver hér er nú á þinginu og segir Jón hún sé sú sama sem hann hafi aftur skilað.

En sýslumaðurinn Páll lýsir sleggjan hafi verið óvitandi frá sér tekin, hverju enginn mótsegir, og óskar þar á réttar, hver sleggja að nú er virt fyrir 10 álnir þar hún vegur 14 merkur. Beiðist nú sýslumaðurinn að Jón Grímsson leggi fram löglega aðkomst sína að sleggjunni og segist hann aungva votta hafa og engin líkindi til þess að Halldór hafi sér nefnda sleggju fengið, en vill þó ei afláta sinni auglýsingu. Fær Halldór frómlega kynning af öllum þingsóknarmönnum en Jón Grímsson fær ei rétt skilvíslegan vitnisburð, þó eftir sé spurt. Óskar nú gjarnan nefndur Halldór að hann mætti eið vinna fyrir fyrrnefndan vottalausán áburð Jóns Grímssonar og biður sýslumanninn Markús hann sér leyfa í herrans nafni að framkvæma svo hann frá því tali megi sína æru fría, hvað dómsmenn álykta honum sé leyfilegt. Svo og er bæði sýslumannsins Páls Torfasonar og þingmanna fyllileg meining sem þeir nú opinberlega auglýsa að Halldór sé afsakaður í því að nefnda sleggju tekið hafi og Jóni Grímssyni fengið, heldur játar Páll Torfason að hann fyllilega haldi að Jón hafi hana sjálfur tekið og aflagði Halldór Jónsson svolátandi eið sem eftir fylgir eftir það eiðsútþýðingin var honum auglýst í náværu Jóns Grímssonar: Til þess legg ég Halldór Jónsson hönd á helga bók og það segi ég guði almáttugum að ég hefi aldrei fyrr eður síðar gefið eður selt né til eignar fengið Jóni Grímssyni þá sleggju er hann hefur aftur skilað sýslumanninum Páli Torfasyni og hann segir ég hafi sér fengið til eignar, og að svo stöfuðum eiði sé mér guð svo hollur sem ég satt segi, gramur ef ég lýg.

Pennan eið auglýstu þingmenn eftir sinni samvisku að nefndum Halldóri væri vel sær. Framar auglýsir sýslumaðurinn Páll Torfason að hann hafi nefnda sleggju aungum manni gjöfum gefið eður solum selt og hún sé sín fyllileg eign,

hvað hann segist fyllilega með eiði vilja staðfesta ef þörf sýnist. En þar þingmenn játa sig aldrei heyrt hafa að Páll Torfason hafi nefnda sleggju nokkrum burtfengið, en margir þykjast sleggjuna þekkja að hún sé Páls Torfasonar eign, svo og segist ei nefndur Jón vita nokkur rök til að sýslumaðurinn Páll hafi sleggjuna burtfengið eður nokkur eigi hana annar en hann. Því álykta dómsmenn að Páll Torfason þurfi hér uppá ei eið vinna. En það Jóni Grímssyni viðvíkur, þá er það dómsmanna endileg úrlausn að eftir því Jón getur aungvan heimildarmann með sanni framvísað sem honum sleggjuna fengið hafi, en játar að hann hafi henni sjálfur aftur skilað, þá sé Jón Grímsson fallinn að þessu máli til þvílíkra sekta sem lögmálið útvísar að fyrsta eyris stuldi og leysi húð sína 3 mörkum við kóng, en Páll Torfason gefur honum upp alla sína sök, hverja 3 marka sekt Elín Guðmundsdóttir lofar hans vegna betala og afhenti þar uppá 2 rixdali nú strax. En Halldór Jónsson sé frítt fyrir honum til að tala ef vill uppá sinn framburð. Samþykkti sýslumaðurinn Markús Bergsson þennan dóm og skrifar sitt nafn ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp	Jón Jóstsson meh
Sumarliði Nikulásson meh	Marteinn Guðmundsson hs
Ólafur Sigurðsson	Gísli Andrésson hs
Ólafur Oddsson hs	

Anno 1719 dag 14. apríl að settu manntalsþingi að Mýrum auglýstu samankomnir þingmenn að hér í sveit hefðu aungar sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök augljós á væri fyrir utan þá þriggja marka sekt sem á þessum stað og degi á Jón Grímsson dæmd var, engin vogrek uppborið eður arfalaust góss tilfallið. Þessu til merkis eru undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Ólafur Sigurðsson	Jón Gíslason
Sveinn Guðmundsson	Jón Jóstsson
Sumarliði Nikulásson	Jón Jónsson meh
Þorleifur Jónsson	

Anno 1719 dag 15. apríl að settu manntalsþingi að Meðaldal framlagði Andrés Þorláksson eina stefnu er hann segist með stefnt hafa séra Jóni Þórðarsyni viðvíkjandi embættisforrétingum prestsins, svo sem sú stefna nú upplesin sér líkast hermir, uppá hverja stefnu nú var skrifað að hún hér upplesin verið hafi. Var hér nú presturinn séra Jón Þórðarson nálægur og játaði stefnulesturinn en óskaði bæði munnlega og bréflega að stefnan metist sem og copian hvert þær reyndust rigtugt lagaskjal og hann eftir þeim væri hingað rétt kallaður til vitnisburða áheyrslu. Hvar fyrir sýslumaðurinn Markús Bergsson

nefndi þessa eftirskrifaða menn, Snæbjörn Pálsson lögréttumann, Jón Jónsson, Magnús Níelsson, Bjarna Jónsson, Ólaf Jónsson og Sigmundur Guðmundsson, til dóms um þessarar stefnu myndugleika og sérhvað er þessu viðvíkur. Athuguðum vér og yfirveguðum stefnuna, copiuna* og hennar atrið og allar kringumstæður málsins stefnuni og fyrirkallinu viðvíkjandi, og ályktum vér í herrans nafni að stefnan og einkum copian sé ei eður reiknast kunni lögleg svo presturinn þar fyrir sé skyldugur til vitnisburða áheyrslu til staðar vera á þessu þingi, þar hvergi er rétt skrifuð eður orðuð með öðru víðra. En þeir sem prestinum hafa uppá hans embættisútréttingar nokkuð að taltala stendur það frítt fyrir það gjöra nær prófasturinn visiterar og eftirspyr um prestsins lifnað, eftir því eðla herra biskupinn hefur honum það tilsagt. Samþykkti þennan dóm sýslumaðurinn og skrifar ásamt oss hér undir sitt nafn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Snæbjörn Pálsson meh
Bjarni Jónsson
Ólafur Jónsson mpp

Markús Bergsson mpp
Magnús Níelsson
Jón Jónsson hs
Sigmundur Guðmundsson

Anno 1719 dag 15. apríl að settu manntalsþingi að Meðaldal auglýstu samankomnir þingmenn að hér í sveit hafa aungar sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök augljós á væri, engin vogrek uppborið eða arfalaust göss tilfallið. Þessu til merkis eru undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Einar Jónsson
Ólafur Þorláksson meh
Andrés Þorláksson

Bjarni Jónsson hs
Jón Þorleifsson
Magnús Níelsson

Anno 1719 dag 17*. apríl að settu manntalsþingi að Auðkúlu við Arnarfjörð aflagði Guðrún Jónsdóttir skýlausan eið fyrir alla karlmenn lífs og liðna, hvern sýslumaðurinn tók eftir hennar ósk með ráði þingmanna, og lofaði hún sem og auglýsti að hún fyrir þennan sinn eið vildi aungum taltala uppá þann orðróm er hún fyrir sór.

Bjarni Sigurðsson meh
Bjarni Snorrason meh
Jón Jónsson meh

Jón Ísleifsson meh
Guðmundur Þorbjörnsson mev
Eyjólfur Jónsson meh
Árni Jóhannsson

Anno 1719 dag 17. apríl að settu manntalsþingi að Auðkúlu auglýstu samankomnir þingmenn að hér í sveit hafa aungar sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök ásegist, engin vogrek uppborið eður arfalaust göss tilfallið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag* sem fyrr segir.

Eyjólfur Jónsson meh
Jón Ísleifsson meh
Bjarni Bjarnason meh
Jón Þorbjörnsson hs

Bjarni Sigurðsson
Bjarni Snorrason meh
Guðmundur Þorbjörnsson hs

Anno 1719 dag 17. apríl að settu manntalsþingi að Auðkúlu auglýsti og fram-
bar opinberlega Jón Jónsson á Gljúfrará að hann fyllilega bæri Magnús Jónsson
á Kallstöðum að hann hefði gjört með galdri eður óleyfilegri meðferð veikleika
þann á konu sinni Margrétu Sveinsdóttur er hún borið hefur um nokkra tíma á
þessum vetri sem er stórlegur skortur á vitsmunum með óðamælg, hvar fyrir
hefur orðið hana oftast nær að vakta. Því nefnir nú sýslumaðurinn Markús
Bergsson þessa eftirskrifaða menn til dóms um þetta efni, Guðmund Þorbjörns-
son, Jón Ísleifsson, Eyjólf Jónsson, Ólaf Jónsson, Einar Jónsson og Bjarna
Sigurðsson, til að rannsaka sókn og vörn í þessu máli, þar báðir partarnir Jón
Jónsson og Magnús Jónsson játa sig ánægða sem löggallaðir að mæta og til
svara vera á þessum degi um þennan áburð. Óskaði Magnús Jónsson að Jón
Jónsson framlegði nú sérhvað sem hann hefði fyrrgreindum áburði til styrking-
ar og sagðist hann ekkert hafa, nema það einungis að konan veik væri, hvað og
samankomnir þingmenn játa satt vera. Hefur þessi Magnús Jónsson verið
langvarandi ryktaður við galdur og óleyfilega fjölkynngis* meðferð, og tilsagt
að útvega kynning sína úr áttþaga sínum í næstu sveit, og hefur hann það enn
ei gjört. En Jón Jónsson fær frá kynning til máls og gjörða, og þetta bera
allir samankomnir þingmenn satt vera í allan máta. En málspartarnir segjast
ekki neitt hafa fram að leggja sínu máli til styrkingar frekara en nú er framfært.
Og að þessu máli svo yfirveguðu þá er dómsmanna endileg úrlausn og ályktan,
að þó mjög veikur sé áburður Jóns Jónssonar vegna líkindaleysis, þá vegna
mjög illrar kynningar nefnds Magnúsar Jónssonar þá beri honum sig frá galdra-
brúkun allri með eiði að fría, hvers hann óskar*. En hvað hár eiður það skuli
vera sé sett undir endilegan úrskurð og dóm lögmanna og lögréttunnar á næsta
Öxarár alþingi 1719 og partarnir viti sig skylduga þar mæta ef þeir hafa nokk-
uð frekara fram að bera en nú auglýsa. Samþykkti þennan dóm sýslumaðurinn
og skrifar ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem hér segir.

Markús Bergsson mpp
Bjarni Sigurðsson meh
Jón Ísleifsson meh
Guðmundur Þorbjörnsson hs

Ólafur Jónsson mpp
Eyjólfur Jónsson meh
Einar Jónsson hs

Rigtuga copiu hefi ég undirskrifaður meðtekið af þessum dómi sama stað, dag
og ár sem fyrr segir.

Magnús Jónsson meh

Anno 1719 dag 4. maí að settu manntalsþingi að Reykjarfirði auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Jónsmessu 1718 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök á væri, ei arfalaust góss eður uppborið nein vogrek. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Jónsson
Þórður Þorgrímsson
Helgi Þorgrímsson

Jón Hannesson
Þorgrímur Ólafsson
Einar Halldórsson
Þorvarður Pálsson

Anno 1719 dag 6. maí að settu manntalsþingi að Nauteyri vorum vér eftirskrifadír menn, Ari Jónsson, Bjarni Gunnlaugsson, Jón Bjarnason, Bjarni Jónsson, Magnús Þorvaldsson og Hafliði Árnason, tilnefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni að yfirvega það málefni er heiðurlegur kennimaðurinn séra Þorleifur Þorláksson hér frambar og síðan þar á dómsúrskurd á leggja, hverju svo er varið að hann hefur stefnt Eyjólfu nokkrum Sigurðssyni að hann auglýsir á þennan stað og dag, hverjar stefnur presturinn nú framlagði og voru hér upplagnar. Og hljóðar önnur að hann stefnir honum til vitnisburða áheyrslu á þennan stað og dag til að heyra á þá vitnisburði er þar munu frambera Margrét Þorgeirsdóttir og Guðrún Bjarnadóttir þar um að hann óneyddur án alls eforðs hefði lofað sér með handsölum árs þjónustu og innganga þá sömu á næstkomandi sumarmálum, svo sem sú stefna sér líkast hermir, dateruð að Kirkjubóli í Langadal dag 13. mars anno 1719 með undirskrifuðu nafni, Þorleifur Þorláksson. Uppá stefnuna var skrifað að hér upplesin verið hefði.

Annrar stefnunnar inntak er svo: Ég Þorleifur Þorláksson stefni þér Eyjólfur Sigurðsson til Nauteyrarþingstaðar á Langadalsströnd á þann 6. dag maí þessa árs 1719 fyrir virðuglegan sýslumanninn Markús Bergsson og fyrir hans tilkallaða dómendur til andsvara við mig um það vistarráðsloforð er þú við mig gjörðir á Kirkjubóli í Langadal fimmtudaginn fyrir hvítasunnuhátíð anno 1718. Legg ég í rétt á fyrrnefndum stað og degi hvert þú skulir ei eftir Norsku laga fyrstu bókar öðrum capitula, 16. articula skyldugur vera þar sama staðar endilegan dóm þola undir tilbærilegt straff til að efna það vistarráð er þú með vottum og handsölum við mig gjörðir hér á Kirkjubóli í Nauteyrarþingsókn anno 1718, og hvert þú sért ei skyldugur að innganga vistina hjá mér á þeim tíma ársins er þú lofaðir.

Þessi stefna er með sama degi og dato og sú fyrri með prestsins nafni undir, uppá hverja og var skrifað að hér upplesin verið hafi. Vottar að stefnunum eru Hallur Jónsson og Árni Atlason*, hverjir ásamt því sem þeir hafa uppá stefnurnar skrifað játa og auglýsa að þær báðar hafi verið nefndum Eyjólfu Sigurðs-

syni auglýstar á hans heimili Galtargjá þann 12. apríl anno 1719 og honum af þeim báðum verið rigtug copia afhent í sama sinn og stefnurnar hafi honum verið birtar, hvað þeir bjóðast til nú með eiði staðfesta. Var nú Eyjólfur hér ei til staðar og enginn hans vegna þó oftlega væri eftirspurt, hvar fyrir dómsmenn álykta að þeir sanni stefnulesturinn með eiði, hvað þeir og gjörðu og aflögðu svolátandi eið: Það vitnum við Hallur Jónsson og Árni Atlason að við heyrðum og vorum viðstaddir þá séra Þorleifur Þorláksson stefndi Eyjólfu Sigurðssyni með þeim stefnum er hann nú í dag framlagði og hér voru upplesnar og fyrr um getur og fékk honum þar af rigtugar útskriftir, svo hjálpi okkur guð og hans heilaga evangelium.

Var báðum þesum mönnum gefinn erlegur vitnisburður áður en eiðinn aflögðu, sem og eiðsútpýðingin fyrir þeim upplesin. Athuguðum vér síðan stefnurnar að stíl og tímalengd og sýnist oss þetta ánægjanlegt og hann rétt fyrirkallaðan eftir þeim á þennan stað og dag til svara um þetta málefni. En þar nú um þessa tíma, nefnilega frá næstliðnum þriðjudegi, hefur komið stórlegur snjór svo flestir þingmenn halda fyllilega að sú heiði sem hann hefur átt til þessa þingstaðar að ferðast hafi verið ófær yfirferðar á miðvikudaginn og fimmtudaginn, og nú enn svo slæm færð á henni að á stuttum tíma hafi hann ei yfir hana komist, nefnilega í gærkvöldi eður á þessum morgni. Hvar fyrir dómendur í herrans nafni eftir mannhelgi 17. capitula fría hann frá viðliggjandi sektum og álykta því eftir Norsku laga 1. bókar, 4. capitula, 23. articula að tilheyrilegt sé að leggja honum lögðag fyrir til að andsvara þessum stefnum prestsins, hvar fyrir dómsmenn tilnefna þann 9. júní næstkomandi sem er föstudagurinn annar eftir hvítasunnu og dæma Eyjólf þá skyldugan hér á þennan stað og dag þá koma til fyrrnefndra prestsins beggja stefna að svara svo sem honum hefði borið hefði hann í dag komið, hverju presturinn er og samþykkur uppá daginn og lofar þá endilega að mæta að framfylgja sínum stefnum, og þessa dómslutning Eyjólfu auglýsa. Samþykkti þennan dóm sýslumaðurinn og skrifar ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp	Jón Bjarnason
Bjarni Gunnlaugsson meh	Ari Jónsson
Bjarni Jónsson	Hafliði Árnason
Magnús Þorvaldsson	

Anno 1719 dag 6. maí að settu manntalsþingi að Nauteyri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1718 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök ásegðist, ei arfalaust góss eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ari Jónsson
Jón Bjarnason
Bjarni Jónsson
Guðmundur Árnason

Bjarni Gunnlaugsson meh
Hallur Jónsson meh
Hafliði Árnason

Anno 1719, 19. maí, að settu manntalsþingi að Súðavík auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1718 hafi hér í sveit öngvar þær sektir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök ásegðist, ei arfalaust góss eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn, sama stað og ár sem fyrr segir.

Ólafur Hannesson
Páll Jónsson meh
Eyjólfur Jónsson mev

Sigfús Jónsson
Guðmundur Jónsson mev
Bjarni Jónsson meh
Porvaldur Jónsson hs

Anno 1719 dag 20. maí að settu manntalsþingi að Tungu við Skutulsfjörð upplás sýslumaðurinn Markús Bergsson þingmönnum áheyrandi 3., 4. og 12. póst af kónglegrar majestatis allranáðugustu instruxion til veðla og velbirðigs herra amtmannsins Niels Fuhrmann, og áminnti samankomna þingmenn þar eftir sig rétta í því þá snertir. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ólafur Jónsson mpp
Þorkell Jónsson meh
Sigmundur Guðmundsson
Bjarni Eyjólfsson meh

Jón Sigurðsson meh
Morten Pedersen
Jón Örnólfsson meh

Anno 1719 dag 20 maí að settu manntalsþingi að Tungu við Skutulsfjörð auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1718 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök kunní ásegjast, ei arfalaust góss, ei uppborið nein vogrek. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ólafur Jónsson mpp
Bjarni Eyjólfsson meh
Þorkell Jónsson meh
Jón Sigurðsson meh

Jón Örnólfsson meh
Morten Pedersen
Sigmundur Guðmundsson meh

Anno 1719 dag 22. maí að settu manntalsþingi að Hóli í Bolungarvík upplás sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomnum þingmönnum áheyrandi 3., 4. og 12. póst af kónglegrar majestatis allranáðugustu instruxion til veðla og velbirðigs herra amtmannsins Niels Fuhrmann og áminnti samankomna þing-

menn þar eftir sig í hæstu undirgefni sig rétta í því þá kann snerta. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Björn Þorsteinsson meh
Jón Jónsson meh
Ólafur Jónsson mpp

Sigmundur Sæmundsson meh
Kolbeinn Snæbjörnsson
Snæbjörn Kolbeinsson
Guðmundur Jónsson meh

Anno 1719 dag 22. maí að settu manntalsþingi að Hóli auglýsti Sigmundur Sæmundsson að öndverðlega á þessum vetri hefði upprekið á Stigahlíð nokkurn part af síðu af útlensku skipi í þremur pörtum, sá stærsti 7 álnir á lengd, sá annar 5 álnir á lengd, þriðji 4 álnir, og þetta á að skiljast uppá þá lengstu fjöl í sérhverjum parti þar ekki nærri voru allar eins langar. En á breidd hver partur 3 álnir, eikin mjög í sundur boruð og allar fjalir hér í losaðar og rifnar til beggja enda. Því bjargað með miklu erfiði, þar upprak á eyðihlíð í stórgrýti. Varð tréð sundurbrjóta svo uppvelt yrði. Járn þar í 12 fjórðungar og 5 merkur að óafteknum bjarglaunum. Item lýsti Björn Ketilsson að á Meiribakka hefði í vetur uppborið hlemm með hring í af járn, hálf önnur alin á einn veg, alin á annan, brunnið stykki úr á einn veg. Item árarlegg 3 álna langan, 1 tunna einbotnuð laggbrotin með fáum svigum úr eik, uppbar nú í vor á Hólsreka. Önnur vogrek en þetta segja samankomnir þingmenn að hér í sveit hafi ei uppborið síðan Sancte Hans dag 1718 til þessa, ei arfalaust góss tilfallið eður neinar þær sakir sem kónglegrar majestatis sök viðlægi. Til merkis vor nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Björn Þorsteinsson
Kolbeinn Snæbjörnsson
Snæbjörn Kolbeinsson

Sigmundur Sæmundsson meh
Jón Jónsson meh
Guðmundur Jónsson meh
Páll Narfason meh

Anno 1719 dag 23. maí að settu manntalsþingi að Suðureyri við Súgandafjörð upplás sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomnum þingmönnum áheyrandi 3., 4. og 12. pósti af kónglegrar majestatis allranáðugustu instruxion til veðla og velbyrðigs herra amtmannsins Niels Fuhrmanns, og áminnti samankomna þingmenn þar eftir sig í hæstu undirgefni sig rétta í því þá kann snerta. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Sigurður Þorleifsson meh
Árni Sigmundsson
Páll Jónsson meh

Jón Þorgilsson meh
Jón Jónsson meh
Ólafur Ólafsson meh
Ólafur Jónsson meh

Anno 1719 dag 23. maí að settu manntalsþingi að Suðureyri auglýstu samankomnir þingmenn að Sigmundur Þórðarson sem héðan vék nú í vor væri hér barnfæddur og hefði hér í sveit uppalist til þess í vor, og hefði alltið hagað sér frómlega og erlega til máls og gjörða það framast sérhverjum hér væri vitanlegt, og ei neitt verið skilvíslega tiltalað nema einungis hans barneignarbrot sem hann uppvís hefði orðið framhjá konu sinni 1716. Og síðan hefði hann ekki í neitt misfelli fallið við nokkurn kvenmann eður kallmann eður af þeim verið ryktaður. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Sigurður Þorleifsson meh	Páll Jónsson meh
Jón Þorgilsson meh	Árni Sigmundsson mev
Jón Jónsson meh	Jón Jónsson meh
Ólafur Jónsson meh	

Anno 1719 dag 23. maí að settu manntalsþingi að Suðureyri við Súgandafjörð, auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1718 hafi hér í sveit öngvar þær sektir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök ásegðist, ei arfalaust göss eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Þorgilsson meh	Sigurður Þorleifsson meh
Jón Jónsson meh	Jón Jónsson meh
Árni Sigmundsson mev	Páll Jónsson meh
Ólafur Jónsson meh	

Anno 1719 dag 31. maí að settu manntalsþingi að Unaðsdal upplas sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomnum þingmönnum áheyrandi 3., 4. og 12. pósti úr veðla og velbirðigs herra amtmannsins Niels Fuhrmanns instruction. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Runólfur Ólafsson	Jón Steinsson
Bjarni Jónsson	Jón Jónsson
Jón Jónsson	Bjarni Ívarsson
Sæmundur Helgason	

Sama stað, dag og ár sem fyrr segir auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1718 hafi hér í sveit aungvar sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök ásegðist, ei arfalaust göss eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Runólfur Ólafsson meh	Jón Steinsson
Bjarni Jónsson hs	Bjarni Ívarsson
Jón Jónsson hs	Jón Jónsson
	Sæmundur Helgason

Anno 1719 dag 1. júní að settu manntalsþingi að Dynjanda upplás sýslumaðurinn Markús Bergsson þingmönnum áheyrandi 3., 4. og 12. pósti af veðla og velbirðigs herra amtmanns Niels Fuhrmanns instruction. Til merkis undirskrifuð nöfn sama staðar og dag sem fyrr segir.

Ólafur Árnason meh	Þorsteinn Pálsson
Bjarni Jónsson meh	Jón Tómasson
Árni Eiríksson	Jón Óttarsson
	Jón Þorsteinsson

Anno 1719 dag 1. júní að settu manntalsþingi að Dynjanda auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1718 hafi hér í sveit uppborið 1 tré 16 álna langt ferkantað í haust, langspönn á breidd, járnrekið, og var uppboðið og vildi enginn meira fyrir gefa en sá hæsti uppbaud þar fyrir 6 fiska, 14 merkur járn í álnarlöngu eikatré, ein fjöl 8 álnir, brotalöm á henni víða. Önnur tré engin uppborið eður nein vogrek, aungvar sektir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök viðlægi, ekki heldur arfalaust göss. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Ólafur Árnason meh	Jón Þorsteinsson meh
Þorsteinn Pálsson	Jón Tómasson
Bjarni Jónsson meh	Árni Eiríksson
Jón Óttarsson	

Anno 1719 dag 2. júní að settu manntalsþingi að Hesteyri upplás sýslumaðurinn Markús Bergsson 3., 4. og 12. pósti af veðla og velbirðigs herra amtmannsins instruction. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Magnús Bjarnason	Jósep Jónsson
Bjarni Jónsson	Jón Björnsson
Einar Jónsson	Bjarni Jónsson
	Jón Jónsson

Anno 1719 dag 2. júní að settu manntalsþingi að Hesteyri auglýstu samankomnir þingmenn fyrir eftirspurn sýslumannsins Markúsar Bergssonar að þeim sé vitanlegt að í vor um páska hafi fundist á Miðvíkurreka uppborið eitt stýri frá útlensku skipi, hvert stýri Sigmundur Sæmundsson hafi að sér tekið nær strax þar eftir og látið rjúfa járnid þar af og burtflutt það síðan óvirt og óuppboðið, að fráteknu því sem hann nokkrum mönnum burtfékk til eignar í þessari sveit og segjast þingmenn ei frekara nú kunna að auglýsa um þess ásigkomu-

lag. Svo og segja allir hér samankomnir þingmenn nei við að Sigmundur Sæmundsson hafi sig eður neinn mann svo þeir viti beðið nefndu vogreki á þingi lýsa hér í sveit. Á Sléttu segir Magnús að í sumar hafi upprekið einbotnaða tunnu með fáum svigum. Önnur vogrek segja samankomnir þingmenn að hér í sveit hafi ei uppborið síðan Sancte Hans dag 1718 og ei arfalaust göss tilfallið eður neinar sektir verið dæmdar á neinn mann. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Jósep Jónsson
Tómas Einarsson
Bjarni Jónsson

Magnús Bjarnason
Bjarni Jónsson
Einar Jónsson
Halldór Jónsson

Anno 1719 dag 13. júní að settu héraðsþingi að Hóli í Bolungarvík af sýslumanninum Markúsi Bergssyni vorum vér eftirskrifaðir menn, Sigfús Jónsson lögréttumann, Bjarni Eyjólfsson, Jón Jónsson, Bjarni Jónsson, Bjarni Jónsson hreppstjórar og Þórður Þorgrímsson, til dóms nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um það málefni sem fyrrnefndur sýslumaðurinn Markús Bergsson hefur á þennan stað og dag fyrir stefnt Sigmundi Sæmundssyni og rís af umboðsfé Kolbeins Magnússonar, hvör stefna var nú upplesin og er hennar inntak, að eftir því Sigmundur Sæmundsson hafi ei viljað hingað til dags auglýsa skírlega og löglega hvað mikið í föstu og lausu að hann hafi meðtekið með Kolbeini Magnússyni í hans umboðsfé, því stefni hann honum á þennan stað og dag undir erlegra manna dóm um það hvert hann sé ei eftir lögum skyldugur til og hafi verið undir sinn svarinn eið það að auglýsa, svo sem sú stefna sér líkast hermir, hver nú var fyrir réttinum upplesin og uppáskrifuð að upplesin verið hefði, en dateruð anno 1719 dag 22. maí að Hóli með undirskrifuðu nafni, Markús Bergsson mpp. Uppá stefnuna er skrifað að hún upplesin verið hafi Sigmundi Sæmundssyni áheyrandi að Meirihlíð anno 1719 dag 23. maí. Vottar að stefnunni er Ólafur Jónsson og Einar Jónsson, hér nú nálægir, og jatar Sigmundur Sæmundsson stefnuna að hún hafi sér á fyrrgreindum stað og degi verið auglýst, og rigtuga copiu þar af meðtekið.

Einnin auglýsti sýslumaðurinn að hann hafi skriflega hér um áður beiðst af Sigmundi Sæmundssyni, hvar uppá hann framlagði tvö bréf, annað daterað Hóli anno 1717 dag 7. apríl. – Markús Bergsson undirskrifað nafn, hvar uppá Sigmundur Sæmundsson hefur sjálfur skrifað sama stað, ár og dag sem fyrir segir. Önnur dateruð anno 1719 dag 22. maí að Hóli, uppá hverja er skrifað að nefndum Sigmundi Sæmundssyni birt hafi verið anno 1719 dag 23. maí áður en sýslumaðurinn honum fyrrnefnda stefnu auglýsti með undirskrifuðum nöfnum Einars Jónssonar og Ólafs Jónssonar, hverju Sigmundur nú nálægur jataði.

Svo og óskar sýslumaðurinn nú opinberlega að Sigmundur Sæmundsson eftir Christians 5. Norsku lögum 5. bók, 19. capitula, 29. articula auglýsti nú strax í dag í góðra manna náveru hvað mikið fé í föstu og lausu að hann hafi meðtekið með Kolbeini Magnússyni, hans ektakvinnu barni, sem og hvar úti það nú standi. Einnin hvað mikið nú gelst og goldist hafi í leigur og landskuldir og hefur goldist af jörðum nefnds Kolbeins Magnússonar, svo og að hann setji ánægjanlega borgun fyrir sérhvað sem hann án nauðsynja af fénu eytt hafi, svo sem það bréf sér líkast hermir með sýslumannsins nafni undir, og var skrifað uppá fyrrskrifuð bréf að hér fyrir réttinum hafi verið upplesin.

Og að þessu framförnu auglýsti Sigmundur Sæmundsson að Kolbeinn Magnússon hefði átt þessar eftirskrifaðar jarðir þá hann við umboðinu tók: Búðardal hálfan 20 hundruð að dýrleika, liggjandi í Saurbæjarsveit í Dalasýslu, fylgja nefndum Búðardal þessar kirkjujarðir, Hvarfsdalur 12 hundruð og Broddalsá í Kollafirði í Fellskirkjusókn, hverjar jarðir hálfar fylgja til umsjónar eiganda tuttugu hundraða í nefndum Búðardal. Á Búðardal hálfum er hundraðs landskuld nú og ei hefur verið frekari að Sigmundur segir síðan hann við umboðinu tók, svo og fjögur innstæðukúgildi. Á hálfri kirkjujörðunni hverri 20 álna landskuld. Akureyjar 10 hundruð liggjandi á Breiðafirði í Dalasýslu, landskuld nú 40 álnir og hefur verið síðan við umboðinu tók. Skógar 20 hundruð liggjandi undir Eyjafjöllum og Rangárvallasýslu. Breiðabólstað 10 hundruð, landskuld 40 álnir, kúgildi hálf. Hanhóll 12 hundruð, landskuld 80 álnir, kúgildi ekkert þá hann viðtók. Mýdalur hálfur 6 hundruð, landskuld 40 álnir, kúgildi hálf annað. Hvítahlíð í Bitru 16 hundruð, landskuld 80 álnir, kúgildi 2, og þessi jörð hafi honum í fyrra til erfða fallið eftir Helgu sálugu Benediktisdóttir.

Fleiri jarðir segir Sigmundur að Kolbeinn hafi ei átt eður til erfða fallið síðan og þá er hann við nefndu umboði tók. Hverjar reiknast til samans 94 hundruð í föstu með 16 hundruð í Hvítahlíð í Bitru sem áður er umgetið og 12 hundruð er hér til undir hans umsjón Kolbeins vegna af kirkjujörðunum, sem áður er umgetið. Landskuld á þessum jörðum auk Skóga 3 hundruð 80 álnir, kúgildi 8. En lausafé segist ekkert Sigmundur Sæmundsson hafa meðtekið á Breiðabólstað frekara en hann haldi að staðið hafi fyrir mála konu sinnar Helgu Þorkelsdóttur, sem var 20 hundruð í lausafé, og það vilji hann með eidi staðfesta ef þörf krefur og honum löglega tilsagt. Af fyrrnefndum jörðum segist hann hafa burtseft Skóga 20 hundruð að dýrleika og 10 hundruð í Breiðabólstað, en aðrar jarðir hér innfærðar sé óseldar og ópantsettar öllum öðrum, og undir sinni umsjón vegna fyrrnefnds Kolbeins Magnússonar.

Óskaði nú sýslumaðurinn Markús Bergsson að Sigmundur setti nú ánægjanlega borgun fyrir nefnd 30 hundruð í jörðu að svo miklu leyti sem hann gæti ei

bevísað að hann hafi nauðsynlega selt fyrir skuldasakir á fénu þá hann nefnt umboð Kolbeins að sér tók í fyrstu, og það í þeim jörðum sem hann hefði fulla heimild fyrir og vafalaus hans eign væri. Tileinkar nú Sigmundur Sæmundsson að hann setji ómaganum Kolbeini Magnússyni í borgun og til eignar 6 hundruð í Mýdal sem hann keypt hafi af Brynjólfi Þórðarsyni á alþingi anno 1718 uppí fyrrskrifuð 30 hundruð, sem hann segist vilja að sé fyrir 10 hundruð í Breiðabólstað fullt andvirði, hvað sýslumaðurinn óskar að samankomnir dómsmenn leggi á sinn úrskurð hvort þar sé vafalaust andvirði, þar þessi jörð er Þorláks sáluga Bergssonar börnum til erfða fallin og hún hafi þeirra eign verið en viti ei að hún hafi verið löglega frá þeim seld og ei heldur framkemur að þeim hafi verið svo menn hér viti þar fyrir borgun sett. Þar með auglýsa kunnugir menn nefndrar 6 hundruða jarðar Mýdals að hún sé ágangsjörð af skriðum og landkreppujörð og kunni ei fóðra nema 2 kýr og nokkra sauði, hvar fyrir dómsmenn álykta að þessi jörð sé ei svo vafalaus eign Sigmundar Sæmundssonar að hún kunni Kolbeini Magnússyni að setjast fyrir hans burtfengnar jarðir allt svo lengi að ei skilvíslega auglýstist að börn Þorláks sáluga hefði fengið fullnustu fyrir nefndan Mýdal hálfan, svo ánægjanlega að sýndist að þaug hverki kynni né þyrfti uppátala.

Þegar svo var komið upplás Sigmundur Sæmundsson eitt bréf, hvert sýslumaðurinn óskaði að hann sér afhenti svo að innfærast mætti meiningin sú nauðsynlegasta í protocolen, hvert hann þó strax í forboði sýslumannsins frá réttinum tók svo þess meining varð hér ei innfærð og gekk svo í burt, en afhenti sýslumanninum það þó í fyrstu eftir það var uppleið og tók það sem áður er sagt strax aftur. Og þar Sigmundur Sæmundsson framleggur nú ei neitt frekara og ei auglýsir neinar skuldir á fénu rigtuglega þá er það vor fullkominn dómur að honum beri að setja fullkomna borgun fyrir nefnd 30 hundruð sem hann hefur í dag sjálfur játað og auglýst að hann hafi af jarðagóssi Kolbeins Magnússonar burtfengið og það löglega og forsvaranlega í allan máta, og það með þeim jörðum hans sem hann á sjálfur frjállega og er réttur eignarmaður til, og það innan hálfis mánaðar að heyrðum þessum dómi svo augljóst vitnist hvar barnsins innstæðueyrir í stendur. Dómurinn er byggður á arftali 20., 21. capitulum, Christians 5. Norsku laga 1. bók, capitula 19, articula 10; 3. bók, capitula 19, articulum 5, 6, 25, 32; 5. bók, capitula 13, articulum 1, 35. Samþykkti þennan dóm sýslumaðurinn og skrifar ásamt oss hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp
Bjarni Eyjólfsson
Þórður Þorgrímsson
Bjarni Jónsson

Sigfús Jónsson
Jón Jónsson
Bjarni Jónsson

Anno 1719 dag 13. júní yfirlas ég framanskrifaðan dóm og meðtók af honum rígtuga copiu, með hvern ég er ánægður og lofa honum fullnustu gjöra, en fyrir hálf tunda hundrað í Skógum hefur séra Árni meðtekið 30 rixdali in specie svo Kolbeinn á þá eftir 22½ hundrað óbetalað hjá mér. Til merkis mitt nafn, datum ut supra, Sigmundur Sæmundsson.

Anno 1719 dag 23. júní að settu manntalsþingi að Ögri upplas sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomnum þingmönnum áheyrandi 3., 4. og 12. pósti af veðla og velburðigs herra amtmannsins Niels Fuhrmanns instruction. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Jón Jónsson meh	
Jón Sigurðsson	Þorvarður Sigurðsson meh
Bjarni Jónsson	Þórður Narfason
Guðmundur Þorkelsson	Jón Bárðarson meh

Anno 1719 dag 23. júní að settu manntalsþingi að Ögri auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans dag 1718 hafi hér í sveit aungvar þær sakir tilfallið sem kónglegrar majestatis sök viðlægi að fráteknu prestanna attestu, ei arfalaust góss eður vogrek uppborið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Jón Sigurðsson	
Bjarni Jónsson	Guðmundur Þorkelsson
Jón Bárðarson meh	Þorvarður Sigurðsson meh
Jón Jónsson meh	Þórður Narfason

Anno 1719 dag 23. júní að settu manntalsþingi að Ögri auglýstu 6 erlegir menn sem yfirskoðuðu fjármuni Halldórs Sumarliðasonar að þeir álitu þá ei meir verða en 60 álna virði og sagðist hann ei meiri eiga, svo og sögðu samankomnir þingmenn að þeir vissu ei Halldór eiga frekari fémmuni en fyrrskrifað er. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Jón Sigurðsson	Guðmundur Þorkelsson
Bjarni Jónsson	Þórður Narfason
Oddur Björnsson meh	Ívar Þórðarson
Jón Jónsson hs	

Sama stað, dag og ár sem upphaflega greinir var refsing lögð á Valgerði Sveinbjarnardóttur fyrir hennar fyrsta og annað hórðómsbrot. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Jón Jónsson meh	Ólafur Jónsson meh
-----------------	--------------------

Anno 1719 dag 13. september að settu héraðsþingi að Súðavík upplás sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomnum þingmönnum áheyrandi 3., 4. og 12. pósti úr veðla og velburðigs herra amtmannsins Niels Fuhrmanns instruction, sem og þaug kónglegrar majestatis bréf og forordningar sem alþingisbókinni 1718 fylgja, sem og höjnáðige rentukammers orður til eðla herra landfógetans Cornelius Vulf með öðru því sem nefnd alþingisbók inniheldur. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Sigfús Jónsson	Morten Pedersen
Páll Jónsson meh	Bjarni Gunnarsson meh
Ólafur Hannesson	Steinn Jónsson meh
Bjarni Jónsson meh	Eiríkur Halldórsson meh

Anno 1719 dag 14. september að settu héraðsþingi að Mosvöllum upplás sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomnum þingmönnum áheyrandi 3., 4. og 12. pósti úr veðla og velburðigs herra amtmannsins Niels Fuhrmanns instruction, sem og þau kónglegrar majestatis bréf og forordningar sem alþingisbókinni 1718 fylgja, sem og höjnáðige rentekammers orður til eðla herra landfógetans Cornelius Vulf með öðru því sem nefnd alþingisbók inniheldur. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Guðbrandur Sigurðsson	Magnús Jónsson
Lífjarn Jónsson meh	Jón Jónsson meh
Ólafur Jónsson meh	Gils Þorleifsson meh
Jón Konráðsson* meh	Bjarni Bessason meh

Anno 1719 dag 15. september að tilsettu þriggja hreppa þingi að Meðaldal, nefnilega Mýra-, Meðaldals- og Auðkúlupingsókn, upplás sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomnum þingmönnum áheyrandi 3., 4. og 12. pósti af veðla og velburðigs herra amtmannsins instruxion, sem og þaug kónglegrar majestatis bréf og forordningar sem alþingisbókinni 1718 fylgja, sem og rentekammers orður til eðla herra landfógetans Cornelius Vulf með öðru því sem nefnd alþingisbók inniheldur. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Snæbjörn Pálsson meh	Jón Pálsson
Jón Þorleifsson	Jón Jónsson
Magnús Sigurðsson	Bjarni Jónsson
Ólafur Þorláksson meh	Einar Jónsson

Anno 1719 dag 22. september að settu héraðsþingi að Reykjarfirði upplás sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomnum þingmönnum áheyrandi 3., 4.

og 12. póst af veleðla og velburðugs herra amtmannsins instruxion, sem og þaug kónglegrar majestatis bréf og forordningar sem alþingisbókinni 1718 fylgja, sem og rentekammers orður til eðla herra landfógetans með öðru því sem nefnd alþingisbók inniheldur. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Pórður Þorgrímsson	Jón Hannesson
Jón Jónsson	Jón Þórðarson
Torfi Þorgeirsson	Ólafur Jónsson
Þorgrímur Ólafsson	Jón Jónsson
	Guðmundur Bjarnason hs

Anno 1719 dag 23. september að settu héraðsþingi að Nauteyri upplás sýslumaðurinn Markús Bergsson samankomnum þingmönnum áheyrandi 3., 4. og 12. póst af veleðla og velburðugs herra amtmannsins Niels Fuhrmanns instructiön sem og þaug kónglegrar majestatis bréf og forordningar sem alþingisbókinni 1718 fylgja, sem og þær rentekammers orður til eðla herra landfógetans Cornelius Vulf með öðru því sem nefnd alþingisbók inniheldur. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Bjarni Gunnlaugsson	Jón Bjarnason
Ari Jónsson meh	Páll Þorsteinsson
Hafliði Árnason hs	Andrés Skúlason hs
Bjarni Jónsson hs	Hallur Jónsson

1720

Copie af þeirri dóms professo er gekk á Mýrum við Dýrafjörð
anno 1720 dag 10. júní í stefnumáli lögmannsins eðla
herra Páls Jónssonar Vídalín til lögréttumannsins
Snæbjarnar Pálssonar viðvíkjandi eikistokk og sögubókum,
sem og þeim skjölum er þar voru fyrir réttinn framlögð.

Anno 1720 dag 10. júní að settu héraðsþingi á Mýrum við Dýrafjörð að viðstöddum og samankomnum þeim þingheyrurum Ólafi Sigurðssyni, Jóni Jónssyni, Konráð Oddssyni, Jóni Guðmundssyni, Jóni Jóstssyni, Þorsteini Ólafssyni, Birni Jónssyni og Eiríki Andrésyni er sýslumaðurinn Markús Bergsson hefur tilnefnt réttinum að þéna nú í ár í Mýraþingsókn. Kom fyrir réttinn Ólafur Jónsson og framlagði í tveimur póstum stefnu eðla herra lögmannsins Páls Jónssonar Vídalín með hans undirskrifuðu nafni og signeti til lögréttumannsins Snæbjarnar Pálssonar, dateraða Víðidalstungu anno 1720 dag 16. apríl, með

uppáskrift Snæbjarnar Pálssonar að hana séð og lesið hafi að Mýrum dag 8. júní 1720. Hvar inni herra lögmaðurinn stefnir Snæbirmi til að framleggja þann gjörning in originale sem hann (Snæbjörn) copiu hafi afhent herra lögmanninum dateraðan 1712 dag 30. september og sé hljóðandi um sölu Snæbjarnar Pálssonar til Ástríðar sálugu Jónsdóttur á Sæbóli á hálfum eikistokknum í Vigur og hálfri Grettlu sem hjá herra lögmanninum væri og þar herra lögmaðurinn umgetur í stefnunni að hann þykist skjal hafa fyrir sér er sýni að eikarstokkurinn tilheyrir kvinnu sinni, en að Grettlu þessari hafi Snæbjörn aldrei verið eigandi að. Þá gefur því herra lögmaðurinn honum sakir á þessari sölu svo vítt Snæbirmi bregðist heimildir að, með víðara. Stefnan var uppáskrifuð, innfærast lit. A.

Var hér nú til staðar Snæbjörn Pálsson og játar að stefnuna yfirséð hafi, en óskar að bevísað sé að hann hafi gienpart af stefnunni meðtekið og komu fram Andrés Arngrímsson og Tyrvingur Bjarnason sem játa, svo sem þeirra uppáskrift á stefnunni hljóðar, að Snæbjörn Pálsson hafi gienpart af henni meðtekið 8. maí anno 1720, og sama dag hafi Snæbjörn uppá þessa stefnu skrifað játa þeir nú munnlega. En uppáskrift Snæbjarnar umgetur að það verið hafi 8. júní, hvað Snæbjörn segir að auðveldlega hafi kunnað til bera að dagur mánaðarins hafi sér misskrifast, en kveðst þó ei minnst hvern dag hann hafi stefnuna yfirlésið. Og þar Snæbjörn vill ei meðgöngu veita nær hann stefnuna yfirlas og ei heldur stefnunnar gienparti að hann meðtekið hafi, þá ályktar sýslumaðurinn að fyrrnefndir menn skuli það með eiði sanna. En þingmenn játa að uppá þessa menn viti þeir ei neitt annað bevísanlega hafa framkomid en frómt og erlegt, og aflögðu þeir svolátandi eið sem eftir fylgir að eiðsútpýðingunni upplesniri: Það vitna ég Tyrvingur Bjarnason og ég Andrés Arngrímsson að Snæbjörn Pálsson meðtók gienpart af þeirri stefnu er hér í dag var fyrir réttinum upplesin undir nafni og signeti herra Páls Jónssonar Vídalín 8. maí næstliðinn og sama dag skrifaði Snæbjörn Pálsson uppá sömu stefnu, svo hjálpi okkur guð og hans heilaga evangelium. Áður en sýslumaðurinn tók þennan eið óskaði hann af Snæbirmi að auglýsa, ef hann hefði nokkuð á móti þessum mönnum er þeim hrindi frá þessum vitnisburði, hvað hann ei auglýsti.

2. Framlagði Ólafur Jónsson skriflegt umboð lögmannsins herra Páls Jónssonar Vídalín til hans að ganga í rétt móti Snæbirmi Pálssyni daterað Víðidals-tungu 17. apríl 1720 með lögmannsins signeti undir, lit. B.

Óskaði nú lögréttumaðurinn Snæbjörn Pálsson að Ólafur Jónsson framleggi kynning sína úr áttþaga sínum að hann sé skilamaður og svo að öllu ásigkominn sem einum löglegum procurator byrjar, og framlagði Ólafur Jónsson vitnisburði í þremur sveitum útgefna ásamt sóknarprestsins séra Arnfinns Magnússonar er hljóða um hans erlegt háttalag. Vitnisburðirnir útgefnir að Hóli anno

1720 dag 27. mars, Eyri 2. febrúar sama ár, Ögri 20. febrúar 1720 og prestsins 23. febrúar næstliðinn.

3. Var upplesið eitt bréf undir nafni Snæbjarnar Pálssonar í hverju hann kveðst framvísa orðsakir hvar fyrir Ólafur Jónsson megi ei ganga í rétt móti sér, sem eru þær sérlegar að hann hafi borið Ólaf fullnaðaráburði að hann hefði órélega höndlað með þann hval er næst umliðið ár hefði uppborið á Óshlíð. 2. póstur þessa bréfs er um bréfa upprif svo sem það bréf sér líkast hermir, og óskar að það metist, daterað 10. júní 1720, lit. C.

4. Auglýsti Snæbjörn Pálsson eitt heimuglegt bréf tilskrifað séra Teiti Pálsyni hljóðandi um það frá sýslumanninum Markúsi Bergssyni að Jón Sveinbjörnsson hafi lýst að Ólafur Jónsson hafi bréf upprifið á Garðstöðum daterað 26. janúar 1720, innfærast lit. D. Og svarar sýslumaðurinn hér til, það hans bréf snertir, að engin sök sé Ólafi af sér eður öðrum gefin þessara bréfa vegna, ekki heldur bevísuð á Ólaf, en þeir forlíktir um sérhvað sem þeim hefur hingað til dags milli farið, og kveðst ei vita að Snæbjörn kunni þar fyrir hann án frekari bevísinga frá réttarganginum hindra, en óskar þó að þingheyraryrnir segi hér um ályktun sína* og ásamt hvert Ólafi má fyrir þennan áburð Snæbjarnar á hvalnum frá procuratores embætti hindrast, og aðspurði Snæbjörn Pálsson hvert hann hefði eður vændist nokkra votta sér til styrkingar að sínum áburði uppá Ólaf um meðferðina á hvalnum. Og kveðst hann hafa þar um stefnt á fyrsta júní Kolbeini Snæbjörnssyni, Birni Þorsteinssyni, Bjarna Ketilssyni og Jóni Jónssyni, hvar af 3 eru skrifaðir undir vitnisburð Ólafs Jónssonar er síðar var útgefinn en hvalurinn uppkom, og er þess vegna ályktað að Ólafur Jónsson megi ganga í rétt, þar áburðurinn og tiltal Snæbjarnar er óbevísuð, og sé hann svo skyldugur hér til staðar vera til stefnumálsins svara.

5. Var upplesið sáttarboð herra lögmansins Vídalín til Snæbjarnar Pálssonar uppá hálfan eikistokkinn og hálfu Grettlu daterað Víðidalstungu 15. apríl anno 1720 með ásettu signeti og uppáskrift Snæbjarnar Pálssonar dateruð 8. maí anno 1720. Innfærast lit. E.

6. Var upplesin copia sú er presturinn séra Ólafur Eiríksson og lögsagnarinn Jón Arnórsson með undirskrifuðum nöfnum og hjálþrykktum signetum auglýsa að sé rigtuglega útcoperað eftir vidimation Snæbjarnar Pálssonar, hver copia hljóðar um sölu Snæbjarnar meðal annars á hálfum eikistokknum í Vigur og hálfri Grettlu til Ástríðar sálugu Jónsdóttur, undir þann gjörning er skrifuð nöfn Guðmundar Ólafssonar og Þórhalls Dagssonar, en ekki Ástríðar sálugu Jónsdóttur. Bréfið daterað Mýrum 1712, 30. september, innfærast lit. F. Original þessa bréfs afsegir Snæbjörn Pálsson nú í dag framleggja eður neitt til stefnumála lögmansins svara hverki í dag né á morgun.

7. Var upplesin copia af skjali fyrir eikistokkinn undir þriggja manna und-

irskriftum séra Halldórs Hallssonar, Ólafs Jónssonar. Signet standa hjá þessum tveggja manna nöfnum og Eggerts Sæmundssonar er vitna þetta rigtuga copiu originalsins er dateraður er að Ögri þann 26. október anno domini 1642 með undirskrifuðu nafni Ara Magnússonar, hvert skjal inniheldur að hann hafi gefið sonarsyni sínum Magnúsi Jónssyni þann útlenska stökk og stóru kistu sem stendur í Ögurkirkju og staðið hefur, og biður að hún megi honum fylgja og staðnum Ögri. Innfærast lit. G.

8. Framlagði Ólafur Jónsson eitt innlegg herra lögmannsins Vídalíns daterað Hvammi dag 8. maí 1720, lit H, hvar inni hann umgetur um þaug gögn og ástæður er hann til ætlar að skuli vera til styrkingar sinni stefnu móti Snæbirni um eikistokkinn. Einnin beiðist að þeim vitnum er copia Snæbjarnar vænist að gjörningnum um eikistokkinn og sögubækurnar sé haldið til eiðs, svo og að skjalið fyrir eikistokknum metist og heimildir Snæbjarnar til að selja, með víðara er sama innlegg umgetur. Hvar til Snæbjörn svaraði að sér þætti skjalið fyrir eikistokknum ei vera löglegt.

9. Var upplesið eitt innlegg undir nafni herra lögmannsins Vídalíns daterað Hvammi þann 8. maí anno 1720, innfærast lit. I, hljóðandi uppá annan póst í fyrrnefndri herra lögmannsins stefnu um sögubækurnar í 2 póstum og beiðist þar inni að Snæbirni sé tilhaldið að gjöra rétt um sögubækurnar og þeirra mismun er Snæbjörn hjá sér haldi frekari en herra lögmaðurinn kvinnu sinnar vegna hefur uppborið þar í móti. En einna helst er hann selt hafi hálfu Grettlu herra lögmannsins eign, honum óvitandi og óaðspurðum, og setur í rétt hvort hann ei betala skuli sér kostnað tvefaldan sem hann Snæbjörn sér orðsakað hafi með þessari lögsókn, svo sem það innlegg sér líkast hermir.

10. Var upplesið extract af sögubókanna reikningi daterað að Mýrum anno 1702 dag 27. maí er sýnir það ásamt innlegginu hverjar sögubækur að voru í höndum lögmannsins og Kristínar sálugu. Innfærast lit. K.

Aðspurði nú sýslumaðurinn málspartana hvert þeir hefðu nokkuð frekara fram að leggja þessu máli viðvíkjandi til sóknar eður varnar, og sagði Ólafur Jónsson nei, en Snæbjörn kvaðst ei heldur í þetta sinn neitt frekara framleggja. Og að þessu máli yfirveguðu féll svolátandi slutning þar uppá:

1. Að eftir því gjörningurinn af dato 1712, 30. september, um skiptin á eikarstokknum og sögubókunum er ei af þar undirskrifuðum vottum með eiði staðfestur, en nafn Ástríðar sálugu er ei undir hann skrifað, ei höfuðgjörningurinn framlagður.

2. Er nú framlagt það skjal undir nafni Ara sáluga Magnússonar sem auglýsir að Ögri fylgi sá eikistokkur er gjörningurinn umgetur að Snæbjörn selt hafi hálfan Ástríði sálugu Jónsdóttur eftir það Ögur var orðin eign kvinnu herra lögmannsins Vídalíns fyrir eikarkistu á Mýrum.

3. Auglýsir herra lögmaðurinn Vídalín að Snæbjörn hafi ei átt neina Grettlu hjá sér, hvar á mót Snæbjörn hefur ei mælt, og sést því þar af að Snæbjörn hefur að heimildarlausu selt Ástríði sálugu Grettlu sem hjá herra lögmanninum væri.

Hvar fyrir að sýslumaðurinn dæmir að oftnefndur gjörningur af dato 1712, 30. september, skuli vera afllaus og að aungvu haldandi og að eikistokkurinn allur fylgi Ögri og sé eign kvinnu herra lögmannsins Vídalíns svo frjáls sem Ögur er. En eikarkistan og sögubækurnar er Ástríður sáluga skal hafa átt í nefndum gjörningi börnum Snæbjarnar að fá sé svo sem annar arfur tilfallinn eftir hana þeim til handa er hann dæmist. En þar ei vottast að Snæbjörn hafi skýrlega vitað af gjörningi Ara sáluga Magnússonar þá dæmist ei honum sök á hendur þar fyrir í þetta sinn. Það sögubókinni hálfri Grettlu viðkemur, þá dæmir sýslumaðurinn og þingheyararnir að Snæbjörn Pálsson sé skyldugur þar fyrir sektum svara svo sem fyrir óheimila sölu, sem og allan þann bevisanlegan kostnað sem herra lögmaðurinn hefur orðið að hafa fyrir þessu máli. En upphæð sektanna og kostnaðarins afsaka þeir sig í þetta sinn ánefna, þar ei bevisanlega framkemur vöxtur, ásigkomulag eður virðing á þessari hálfri Grettlu, ei heldur reikningur uppá kostnaðinn svo metast kunní hvað hár hann vera skuli. Það sögubækurnar aðrar snertir er lögmannsins innlegg umgetur sé Snæbjörn Pálsson skyldugur til skýra grein á gjöra og skilvíslega láta virða sögubækurnar sem hjá honum eru óskiptar og inni svo herra lögmanninum fullnustu fyrir það sem þær kunna að virðast meir en sögubækurnar af Karlamagnúsi og Hrafnistumönnum er herra lögmaðurinn hefur meðtekið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Jóstsson meh
Björn Jónsson meh
Þorsteinn Ólafsson meh
Eiríkur Andrésson meh

Markús Bergsson mpp
Ólafur Sigurðsson meh
Jón Guðmundsson meh
Jón Jónsson meh
Konráður Oddsson meh

Sama stað, dag og ár sem fyrr segir tók Snæbjörn Pálsson lögréttumann frá sýslumanninum Markúsi Bergssyni þaug tvö bréf er hann sjálfur framlagði og í ofan- og framanskrifuðum process er umgetið og lofaði að skila þeim sömu aftur strax, hvað Snæbjörn ei efndi þó sýslumaðurinn þeirra af honum beiddist. Svo og afhenti Snæbjörn Pálsson fyrrnefndum sýslumanninum eitt bréf fyrir réttinum er hann Snæbjörn kvað stefnu vera, og þá sýslumaðurinn eftir sínu tilboði var farinn uppá þá stefnu að skrifa og var að því tók Snæbjörn Pálsson þá sömu stefnu af sýslumanninum móti hans vilja í dómarasæti, jafnvel þó sýslumaðurinn oftlega lofaði að afhenda hana aftur strax þá búinn væri

uppá hana að skrifa. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Jón Jóstsson meh
Ólafur Sigurðsson meh
Þorsteinn Ólafsson meh
Eiríkur Andrésson meh

Björn Jónsson meh
Jón Guðmundsson meh
Konráður Oddsson meh
Jón Jónsson meh

Lit. A.

Ég Páll Jónsson Vídalín lögmann sunnan og austan hér á Íslandi stefni yður Snæbjörn Pálsson lögréttumann í Ísafjarðarsýslu til Mýrabings í Dýrafirði á þann 10. dag júnímánaðar nú í ár 1720 fyrir dóm sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu monsieur Markúsar Bergssonar til löglegra svara við mig eður minn umboðsmann um eftirfylgjandi greinir:

1. Stefni ég yður til að framleggja undir dóm þann gjörning in originali sem þér hafið með yðar eigin hendi coperaðan mér tilsent fyrir nokkrum árum dateraðan anno 1712 þann 30. september. En copian er dateruð 14. nóvember á sama ári og er hljóðandi um hálfan stóra stokkinn í Vigur að þér hafið hann selt minni sálugu tengdamóður Ástríði Jónsdóttur fyrir stóra eikarkistu sem þá staðið hafi í kirkjunni á Mýrum. Svo hið sama stefni ég yður til að leiða þá fyrir dómi vitni þaug er sama gjörnings copia til þess nefnir. Kref ég eids að vitni þeirra, svo sem lög standa til, en ég þykist hafa skjal fyrir mér að eigin-kvinna mín svo sem löglegur eigandi að Ögri sé löglegur eigandi að þessum stóra eikistokki í Vigur, og skal það nú fyrir dóm framleggja. En þér séuð tilþenktur að gjöra löglega grein á yðar heimild fyrir þeim helmingi af sama stokki er þá selduð þér Ástríði sálugu og ef yður bregst hún stefni ég yður til að þola lög og dóm fyrir þá yðar sölu með fullri sakargift af minni hálfu, fyrir hvað sem reynist þér hér úti misgjört hafið við mig eður eiginkvinnu mína.

2. Stefni ég yður fyrir þá sök að þér hafið í sama gjörningi selt og til fullkominnar eignar fengið minni sálugu tengdamóður Ástríði Jónsdóttur hálfa Grettlu, sögubók er hjá mér væri. En þér hvorki né yðar börn eigið né átt hafið nokkurn tíma nokkur ráð, eign né heimild á þeirri Grettissögu sem hjá mér er og aldrei kom hún í eigu Magnúsar sáluga í Vigur og aungva Grettissögu hefi ég frá Vigur haft né flutt eður flytja látið fyrr né síðar. Heldur hefi ég mína Grettlu sjálfur skrifa látið uppá minn eigin kostnað. Því gef ég yður á fyrrgreindri yðar sölu á þeirri hálfri bók fullar sakir, svo sem þeim er ég eigi veit heimildarmann að því mínu fé, og beiðist dóms og réttar yfir yðar ofdirfð í þessum gjörningi. Stendur mín Grettissaga á meir en 40 pappírsörkum með gott settletur á góðan pappír óspjölluð og innbundin og munu því allir skynsamir menn sjá að hún hálf er meira verð en eyrir. Verið þér reiðubúinn fyrir

dómi í réttan stefnudag fram að leggja gögn yðar öll sem lögmæt vera kunna og varnir á mót þessari stefnu minni. Komið árdegis fyrir réttinn og bíðið þess að dómur verður hér um uppsagður okkar í milli. Þessari minni stefnu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og áþrykkt signet að Víðidalstungu þann 16. apríl anno 1720, Páll Vídalín LS.

Hér af eru tveir originalar.

Þetta bréf hef ég undirskrifaður séð og lesið á Mýrum dag 8. júní anno 1720, Snæbjörn Pálsson meh.

Viðstaddir vorum við undirskrifaðir þá Ólafur Jónsson afhenti Snæbirni Pálssyni gienpart af framan- og ofanskrifaðri stefnu dag 8. maí anno 1720, Tyrfinnur Bjarnason meh, Andrés Arngrímsson meh.

Fyrir réttinum upplesin að Mýrum dag 10. júní 1720. Testerar Markús Bergsson mpp.

Lit. B.

Vitanlegt sé góðum mönnum að eruþryddum yngismanni Ólafi Jónssyni, sem að er umboðsmaður minn í Ísafjarðarsýslu, gef ég með þessu mínu opnu bréfi umboð mitt og fullmagt til að auglýsa eður auglýsa láta lögréttumanninum Snæbirni Pálssyni það mitt forlíkunarboð sem ég hér með skriflegt sendi, daterað 15. apríl þessa árs, og svo framt Snæbjörn ekki vill að því sáttarboði ganga skírlega og undanbragðalaust, þá skal Ólafur hér með hafa mitt umboð til að auglýsa honum eður auglýsa láta þá mína stefnu sem hljóðar um sömu greinir sem sáttarboðið ánefnir, og síðan að ganga í rétt fyrir mig á mót Snæbirni fyrir dómi og framfylgja innihaldi þessarar stefnu, sem dateruð er þann 16. apríl á þessu ári 1720. Ég gef og hér með í sama máta sama Ólafi Jónssyni mitt umboð og fullmagt til að auglýsa eður auglýsa láta fyrrnefndum lögréttumanni Snæbirni Pálssyni stefnu mína dateraða 16. apríl þessa árs 1720 hljóðandi um eftirlátið fé og arf eftir mína sálugu tengdamóður Ástríði Jónsdóttur, og fleiri greinir sem þar að hníga með ýmsu móti. Svo og hefur velnefndur Ólafur hér með umboð mitt til að ganga í rétt á móti Snæbirni um þær allar greinir sem sú stefna inniheldur. Þessu mínu útgefnu umboði til vitnis og staðfestu er mitt undirskrifað nafn og áþrykkt signet að Víðidalstungu þann 17. apríl anno 1720, Páll Vídalín LS.

Fyrir réttinum upplesið að Mýrum 10. júní 1720. Testerar Markús Bergsson mpp.

Lit. C.

Velforstandugi lögréttumann Snæbjörn Pálsson.

Með því að þér næstliðinn 7. október eigi vilduð ganga að því tilboði dater-

uðu 23. september anno 1719 sem þá hafði ég yður skriflegt auglýsa látið um fjárskipti eftir mína sálugu tengdamóður Ástríði Jónsdóttur afsagt og til skipta að leggja þá eikarkistu sem ég sérlega tilmælti, þá stendur það mitt tilboð ekki lengur að því leyti sem eikistokkinn og eikikistuna snertir, og þó í niðurlagi svars yðar uppá það tilboð látist þér bjóða lögsóknalaust að bæta, eftir virðingu góðra manna, þann ójöfnuð sem í því finnast kynni er eikistokkinn áhrærir og sögubækurnar, þá vitið að ég tel ekki nægar bætur í þeirri grein þótt þér gjald-ið verð fyrir það sem eikarkistan öll kynni að virðast betri en stokkurinn hálfur. Ég tel og ekki bætur nægar í því að þér gjaldið mér í sögubókum slíkt sem mín hálf Grettissaga kann að virðast. Áttuð þér né börn yðar aldrei á henni vald né boðmála og vitið þér að ég á rétt á fé mínu og konu minnar. Samt uppá það ég auðsýni að ég eigi leita vil eftir yðar óhagnaði, svo framt þér viljið hann sjálfur forðast, býð ég yður enn nú að sættast við mig um söluna yðar á hálfum eikistokknum með eftirfylgjandi skilmála:

1. Að þér afstandið við mig hálfri eikarkistunni sem þér þykist tekið hafa þar á mót eiginkonu minni til eignar reikningslaust. Hálf þessa eikarkistu tel ég eign og móðurarf kvinnu minnar ómótmælanlega, þótt kannski þér hana keypt hafið af Ástríði minni sálugu, fyrir það er ég uppástend að kvinna mín átti en börn yðar átt hafi ekkert í og skal þetta mitt tilboð gilda fyrir fullt, jafn-vel þó minni kvinnu dæmist erfðin eftir móður hennar Ástríði mína sálugu og börn yðar dæmist frá þeim arfi, sem ég tvíllaust ætla verði eftir vorum lands-lögum.

2. Hvað sögubækurnar áhrærir, þá beþenkið að sögurnar af Ólafi kóngi Tryggvasyni og Ólafi kóngi Haraldssyni voru föðurarfur konu minnar og Krist-ínar sálugu Magnúsdætra, þótt þær léði báðar þessar bækur móður sinni í té þá hún tilmælti, átti svo Þorbjörg mín fyrst aðra þessara bóka en aðra Kristín sál-uga. Því kalla ég nú fyrst til þeirrar bókarinnar sem Þorbjörg áður átti og á að hafa þar sem þér, þá er þér látist hafa keypt hana af Ástríði sálugu, inns lengduð því í andvirðið sem ekkert áttuð þér í, sem er Grettla mín. Þá aðra bókina sem Kristínu sálugu borið hafði mæli ég til að þér látið mér í té reikningslaust og betalið sjálfur yðar börnum verð hennar, ef þeim dæmist það. En á mót Sturl-ungasögu býð ég yður að þér takið í hlut yðar barna Laxdælu, Vatnsdælu og Eyrbyggju allar á einni bók er ég hafði til láns frá Vigur og hefi margoft munn-lega og bréflega lýst fyrir yður, hefi ég þá af hálfu ykkar Kristínar sálugu alls aungva hugnan fengið fyrir skaða minn á forgefins gjörðri sendiför, sem áður hefi ég yður í góðri vinsemd undirréttað með sannindum, en þér ekki viljað gefa gaum að.

3. Og þar eð ég þykist með yðar áður nefndum gjörningi svo meiddur vera að bóta sé vert, þá áskil ég að þér að auk fyrsskrifaðrar hálftrar eikarkistu og

sögubókar gefið mér í sáttarbætur 10 rixdali nú strax í hönd míns umbodsmanns eður yðar vafalausa obligation að þeir 10 rixdalar skuli mér á næstkomandi alþingi betalaðir verða með reiðipeningum, ekki síðar en 12. júlí. Læt ég yður í því, að ég eigi mæli til stærri bóta, að njóta þeirra peninga sem þér gáfuð barni mínu Jóni eldra þá er hann var gestur sinnar sálugu móðurmóður, ella mundi ég hafa til frekari bóta mælt, þar sem þér sjálfur sjáið hvörsu af yðar hálfu sé misgáð í framanskriufuðum tveimur greinum. En ef þér eigi viljið að þessu mínu sáttarboði ganga undanbragðalaust, þá vitið að stefna mín er reiðubúin til yðar, svo að við megum þreyta þetta með lögum, áset ég að sú stefna verði lesin yður tafarlaust ef að þér ekki strax skírlega gangið að þessu sáttarboði. Til vitnis mitt nafn og eigin hönd að Víðidalstungu þann 15. apríl anno 1720, Páll Víðalín LS.

Hér af eru tveir originalar.

Þetta ofan- og framanskrifað bréf hef ég undirskrifaður séð og yfirlesið að Mýrum við Dýrafjörð dag 8. maí anno 1720 og gienpart þar af meðtekið. Til merkis Snæbjörn Pálsson meh.

Þetta framanskrifað var fyrir réttinum upplesið að Mýrum anno 1720 dag 10. júní. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Lit. F.

Anno 1712 þann 30. september að Mýrum við Dýrafjörð vorum við undirskrifaðir þar viðstaddir er Snæbjörn Pálsson vegna sinna barna seldi og til fullkomlegrar eignar fékk tengdamóður sinni virðuglegri Ástríði Jónsdóttur einn matheldan sá er börnin af sínum móðurarfi undir umsjón hans ætti í baðstofunni að Vigur er taka mundi undir hálfa þriðju tunnu. Þar í mót til fulls andvirðis fékk hún börnunum tvo sái mathelda litla, einn í litla búrinu, annan í stóra búrinu. Svo og fékk hann henni af barnanna fé allar hálfar þessar sögubækur er hjá lögmanninum herra Páli væri, nefnilega Sturlungasögu, Laxdælu, Eyrbýggju, Vatnsdælu og Grettlu. Hún fékk börnum Snæbjarnar þar í mót þær tvær sögubækur í folio er hún fékk frá Vigur í arfaskiptunum, þó með því fororði að þær mætti í umsjón hennar vera meðan hún tilentist. Stóra stokkinn er börnin ætti í Vigur hálfan fékk Snæbjörn henni og svo, en hún þar í mót börnunum stóra eikarkistu með sama verki í Mýrakirkju standandi. Þetta allt, bækurnar hjá lögmanninum, stokkinn og sáinn í Vigur, eftir því sem Snæbjörn nú hefur selt henni, tilsegir hún lögmanninum* herra Páli í heimanfylgjuauka dóttur sinnar Þorbjargar af sínu fé. Um fyrrnefnd kaup höfðu þaug virðugleg Ástríður og Snæbjörn fullnaðarhandsöl með óneiddum jáyrðum að stöðugt standa skyldi, hvörju til merkis að eru undirskriufuð nöfn ár og dag sem fyrr segir, Guðmundur Ólafsson meh, Þórhallur Dagsson meh.

Framanskrifað að vera rétt coperað eftir sínum original meðkennir að Mýrum dag 14. nóvember anno 1712, Snæbjörn Pálsson meh.

Framan- og ofanskrifað bréf er rigtuglega útcopierað eftir vidimation Snæbjarnar Pálssonar, það vottum við undirskrifaðir er þessi tvö transscripta með gætni samanlásu að Hvammi í Hvammssveit þann 10. maí 1720, Ólafur Eiríksson prestur LS, Jón Arnórsson lögsagnari í Dalasýslu LS.

Þetta upplesið fyrir réttinum anno 1720 dag 10. júní. Testerar Markús Bergsson mpp.

Lit. G.

Kennist ég undirskrifaður að ég hefi gefið mínum sonarsyni Magnúsi litla Jónssyni til lítillrar minningar þann útlenska stökk og stóru kistu sem stendur í Ögurkirkju og staðið hefur þar við altarið, og bið ég að hún megi honum fylgja og staðnum Ögri, þá öðrum hans bróður ef honum auðnast ekki lögaldur. Til staðfestu hér um set ég mitt nafn með eigin hendi hér fyrir neðan. Datum að Ögri þann 26. október anno domini 1642, Ari Magnússon meh.

Utan á sama bréfi er skrifað: Gjöf föður míns á stóra stökknum í Ögri Magnúsi litla Jónssyni til handa 1642.

Ofanskrifað er rigtug copia af originalnum, til vitnis að Víðidalstungu þann 7. apríl anno 1720, Halldór Hallsson prestur LS, Ólafur Jónsson LS, Eggert Sæmundsson.

Upplesið fyrir réttinum að Mýrum anno 1720 dag 10. júní. Testerar Markús Bergsson mpp.

Lit. H.

Virðuglegi sýslumann, góðir ærlegir þingmenn.

Þau mín gögn og ástæður sem ég ætla til að verða skuli til styrkingar minni stefnu mót lögréttumanninum Snæbirni Pálssyni um eikarstokkinn í Vigur og um sögubækurnar eru:

1. Það mitt forlíkunar tilboð uppá þessar tvær greinir sem ég hefi lagt fyrir minn umboðsmann fyrst að auglýsa Snæbirni, áður en honum væri stefnan lesin, sú er um þetta hljóðar.

2. Copia sú af mínu skjali fyrir eikistokknum er ég í bréfi mínu sendi mínum umboðsmanni og bað hann láta Snæbjörn vita ef hann mælti til þess, svo sem sá póstur af mínu sendibréfi til Ólafs hljóðar, orðrétt sem eftir fylgir: Beri svo til þegar þér lesið Snæbirni sáttarboðið um eikistokkinn og sögubækurnar að hann beiðist þá að sjá mitt skjal fyrir eikistokknum, þá sýnið honum í viðurvist og ásýnd yðar stefnuvotta þá copiu af því er hér með læt ég fylgja, svo að hann megi sjá þar af ástæði mitt.

3. Transscriptum það er Snæbjörn hefur mér sent af gjörningi þeim er hann vænist að mín sáluga tengdamóðir Ástríður Jónsdóttir hafi keypt af sér fyrrnefndan stóra stökk og læt ég þá transscriptum hér með fylgja, svo sem það er að nýju afcoperað eftir því er Snæbjörn til mín sent hefur, og mun sá enginn sem hönd Snæbjarnar þekkir efast um að á því transscripto sem þessi copia er eftirskrifuð sé Snæbjarnar eigin hönd. En þar eð hann hefur alleinn vidimerað það transscriptum sem hann sendi mér, stefni ég honum nú til að framleggja originalinn undir dóm og beiðist hann metinn verði, hvort að hann sé skýr, copiunni samhljóða og óraderaður.

En þar eð mín sáluga tengdamóðir hefur aldrei, það ég minnst, þessa kaupgjörnings minnst í nokkru sínu sendibréfi né boðum til mín, fyrr né síðar í sjö ár frá því hann skyldi gjörður vera, þá beiðist ég nú að dómurinn haldi til eiðs þeim vitnum Snæbjarnar er hans copia vænist að þessum gjörningi, beiðist ég þeir sverji stund og stað, og allar aðhnígandi kringumstæður, og vitni utanbókar eftir Norsku lögum libro 1, capitula 13, articula 6. Svo beiðist ég og að þeir vitni svo sem hinn 7. og 8. articuli sama capitula fyrirskilur. Ég beiðist þeir séu hver frá öðrum leiddur svo að sá eini heyri ekki hvað annar vitnar, meina ég allar þessar mínar beiðslur lögmætar vera, vona það sjái dómurinn og segi sín atkvæði þau er lögum samkvæm verði.

4. Ef að Snæbjörn lögréttumaður fær nú þessi vitni leitt að lögum og séu þeir valinkunnir menn sem trúa megi fyrir vitni sett um gjörning Ástríðar minnar sálugu, sem nú er framliðin og ei til viðurmælis. Þá krefst ég nú fyrst að Snæbjörn leiði fyrir ljós heimildir sínar og aðkomst fyrir hálfum eikistokkunum, þeim er hann þykist Ástríði selt hafa, og hér beiðist ég að dómurinn álíti mitt skjal og meti það er ég uppástend að heimili minni kvinnu þennan eikistokk allan, svo sem það lausafé er höfuðbólínu Ögri eigi að fylgja ævinlega, og sé því stokkurinn þess eign efalaus sem er Ögurs eigandi, og má Snæbjörn eigi dyljast við að mín kvinna sé löglegur Ögurs eigandi. Það vottar skiptacontract okkar Snæbjarnar af dato 1710 þann 15. september. Í fyrrnefndu skjali stendur með ljósum orðum að stokkur þessi eður stóra kista er með því atriðis skilorði Magnúsi sáluga gefin að hún skuli fylgja staðnum Ögri. Það er annað atriði að ef Magnúsi sáluga auðnist eigi lögaldur skuli þessi kista eður stokkur, hvört menn kalla vilja, fylgja öðrum hans bróður, þeim að skilja sem Ögurs eigandi verði, því hitt er undangengið að Ögri skal kistan fylgja. Og nú á hún þeim að fylgja sem Ögur eignast ef annar verður en Magnús, svo að nú er hún frá erfðinni skilin sem faðir Magnúsar séra Jón Arason átti að hafa eftir Magnús son sinn ef hann dæi ungur, nema það skilorð fyllist að hún Ögri fylgi. Hvör getur í þessu vafa gjört? Ég skil ekki þetta fáorta skjal öðrúvis en nú hefi ég sagt, og að ég meina sýnt með skýrum orðum og skiljanlegum röksemdum.

Á undirskrift Ara Magnússonar undir þessu skjali er hans þekkjanleg eigin hönd sem ég kann með mörgum bréfum að sýna. Á bréfinu sjálfu fyrir utan undirskriftina er og þekkjanleg eigin hönd séra Jóns Arasonar, og þó það ei gæti með öðru sýnt orðið, þá eru þau orðin sem utan á bréfinu standa þess augljós vottur er hann kallar gefandann föður sinn og barnið sitt litla Magnús. En nóg eru til bréf séra Jóns Arasonar að bera saman við þetta bréf og munu þá allir sjá að höndin er sama. Skal ég og originalskjalið gjarnan fyrir ljós leiða ef Snæbjörn gefur að sök til að þetta mál komi undir fleiri rétti. Nú vil ég ógjarnan hætta því yfir sjó og fjöll á vordegi og meina nafnkenndra vidimus sé full bevísing minnar sögu og ástæðis. Beiðist ég um allt þetta dóms og ályktunar.

5. Ef að Snæbjörn vill segja að í skiptabréfinu sem í Vigur gjörðist anno 1702 sé þessi stóri eikistokkur talinn með því lausafé sem þar varð eftir óskipt, þá svara ég honum að í það sinni gengu ekki nein skipti á þá fastaeign sem kvinna mín og systir hennar fengu í föðurarf. Því var ekki von að þeim stokki væri skipt né hann neinum ánafnaður á meðan eigi var til fulls út talað hvör systranna Ögri behalda skyldi. Nú eftirá þegar Snæbjörn skipti þeim öðrum lausafjáurum sem sama skiptabréf ánefnir að óskiptir voru eftir anno 1702, þá beiðist ég að vita hvört hann hefur ráðið til að skipta stokknum þessum. Ég veit ei að honum væri þá skipt. Um skiptin sem Snæbjörn á hinu gjörði hefi ég frá honum ávísan fengið, en aldrei mun Snæbjörn sýna að ég hafi samþykkt að sá eikistokkur væri frá Ögri skilinn eður án Ögurs í skipti lagður. Ef það er sked að hann sé frá Ögri skilinn og í skipti lagður, þá er það að mínum þanka ólöglega sked og á að aungvu að haldast, því enginn má taka sér sjálfur rétt segir Norske lov liber 1, capituli 1, articuli 3. Hvörnin er þá Snæbjörn orðinn heimildarmaður að þeim hálfu eikistokki er hann læst minni sálugu tengdamóður Ástríði selt hafa?

6. Skyldi nú á mót von minni, og mót öllu því er ég kann að sjá líkindi til, Snæbjörn geta fundið átyllu nokkra sér til heimildar á stokkinum hálfum, þá liggur það til að skoðað verði og metið löglega hvað hálfur þessi stokkur sé verður og hvað kistan öll sé verð er hann læst fyrir stokkinn hálfan tekið hafa. Ætla ég þau skipti mundi skökk merkilega, þó sá hefði stokkinn hálfan heimilan átt er seldi, hvað ég tel Snæbirni bregðist. Sýnir þá þetta sanngirni Snæbjarnar eður ósanngirni í skiptunum við mína sælu tengdamóður sorgmædda og einstæðing, eina í ráði, sem þá hafði ekki séð þenna stokk í 36 ár eður því nærri, litlu meir eður minna. Kunni því eigi að vita hvör spjöll á honum mættu sken vera um svo langan tíma og þar fyrir keypti svo gott sem óséd, ef það er satt hún hafi svo keypt sem copian vottar, sú er Snæbjörn hefur mér tilsent. Beiðist ég því enn að dómarrinn meti hvörsu þreifanlega sé þessi gjörningur með ásetningi Snæbjarnar kvinnu minni til afdráttar ætlaður og hvert ekki sé

þvílíkt vélakaup sem að aungvu hafa né halda skuli? Og hvört að ei hafi Snæbjörn í þessu sýnt mér öfund sem hann sé skyldugur að bæta eftir því sem mismunur virðist á hálfum stokknum og allri kistunni, þá með fullrétti ef mismunurinn virðist til hálftrar merkur, því að slíkan tel ég mér í þessu skaða gjörvan af Snæbirni sem mismunur sá nemur.

Vona ég að hugleiddum öllum þessum greinum muni þessi títtnefndur gjörningur dæmast ólögmat, afllaus og að aungvu haldandi, og sú eikarkista á Mýrum er Snæbjörn læst keypt hafa dæmast arfur konu minnar eftir hennar sálugu móður. En eikistokkurinn sá eð var í Vigur dæmast vafalaus eign minnar kvinnu svo sem löglegs Ögurs eiganda og sá eikistokkur að vera það lausafé sem jörðunni Ögri fylgja skuli ævinlega meðan sá eikistokkur kann að vara. Ég vænti réttlætis af dómaranum og er hans þénustuviljugur vin, Hvammi dag 8. maí anno 1720, Páll Vídalín.

Hér af eru tveir originalar. En ástæður mínar um aðra grein stefnunnar eru í öðru hér meðfylgjandi innleggi skrifaðar, Páll Vídalín*.

Lit. I.

Virðuglegi sýslumann, góðir ærlegir þingmenn.

Um hina síðari grein stefnu minnar, sem um eikistokkinn og sögubækurnar talar, ætla ég ei þurfi mörgum blöðum að fletta, þar sem Snæbirni bregst heimildin að minni Grettissögu. Ætla ég kaupgjörninginn sjálfrofinn um það er hann þykist hafa tekið þar á móti. Tel ég því þær sögubækur er hann læst af Ástríði sálugu keypt hafa alls ókeyptar, þar sem nokkuð af andvirðinu var ei Snæbjarnar eign, né kvinnu hans né barna nokkurn tíma, og er þetta sagt og meint um Grettlu mína. Tel ég því sögunar sem hann vænist Ástríður sáluga goldið hafi þar í móti vafalausán móðurarf konu minnar nema börnum Snæbjarnar dæmist þær sögur hálfar. Voru þessar sögur til forna föðurarfur Þorbjargar minnar og Kristínar sálugu Magnúsdætra, síðan létu þær móður sinni þessar sögur í té uppí skuldir þær eð hún átti að heimta eftir Magnús sáluga. Nú þar eð Snæbjörn þegar hann læst hafa keypt þær af Ástríði sálugu innslengdi því í andvirðið sem ég á, en hann aldrei átti, tel ég hann hafi selt minn grip án minnar heimildar.

Nú hér á ofan til að gjöra dómaranum skýra undirréttung um sögubækur þær er Snæbjörn svo mjög talar um að hann læst hálfar átt hafa, Sturlungu, Laxdælu, Vatnsdælu og Eyrbyggju, þá viti menn að þótt ég hafi boðið þessar Laxdælu, Vatnsdælu og Eyrbyggju, þrjár hinar merkilegustu sögur um byggingu þessa lands og næstu tíðir þær eftir, í hlut barna Snæbjarnar á mót því að ég behéldi Sturlungusögu til eignar konu minni, þá skoði vor kæri Snæbjörn í sínum höndum gjörningsbréf daterað á Mýrum 1702, 27. maí. Það skal kenna

hvörjar sögubækur þá voru í höndum mínum eður Kristínar óskiptar af föðurgóssi þeirra systra. Mundi þá enginn vora til þeirrar Laxdælu, Vatnsdælu og Eyrbyggju sem nú býð ég á móti Sturlungasögu, undir þeim gjörningi eru hendur og signet bæði Snæbjarnar og Kristínar. En eftir þann gjörning undirskrifaðan afhenti Kristín sáluga mér Karlamagnúsarsögu, sem sá gjörningur nefnir, henni og sögunum af Hrafnistufedgum held ég í mínum hluta. Gjörri nú Snæbjörn grein á hvörjar sögur voru á foliantbókinni sem þá var á Miðhúsum og hverjar 19 á foliantanum með Huga Skapler, sem Kristín hafði þá eftir. Item hverjar rímur á bókinni með Sveini Múksyni er Kristín hafði eftir, svo sem sá gjörningur vottar. Leggi nú Snæbjörn þessar fram og láti virða. Ég skal virða láta Karlamagnúsarsögu og hinar af Hrafnistufedgum, bæti Snæbjörn mér hvað sem mismuna kann, ef þær virðast betri sem Kristín sáluga hafði þá eftir. Ég skal bæta ef hún hefur hallast í þessum skiptum, sem aldrei mun reynast. Og svo langt er frá því að að annaðhvern foliantinn, þann sem var á Miðhúsum eður hinn af Huga Skapler og 19 öðrum, ætla ég Snæbjörn hafa alls jafnaðarlaust við mig og mína konu.

Kref ég Snæbjörn jafnaðar og laga hér um og beiðist að dómarrinn tilhaldi honum að gjöra rétt fyrir sig um þetta. Og meti dómarrinn með hvílíkri sanngírni eður ójöfnuði Snæbjörn höndlað hefur í þessum sögubókagreinum, og það eina fremst er hann selt hefur mína hálfu Grettlu að mér óaðspurðum og óvitandi, og nú ofan á allt þetta eigi viljað mínu forlíkunarboði viðlíta og þar með orðsakað þetta stefnumál og lögsóknir mér til stórkostnaðar, þann er ég met til 30 rixdala og set í rétt hvört eigi sé hann skyldugur að tvígjalda mér þann allan eftir þingfararbálki 6. capitula, samanbornum við Norske lov liber 1, capitula 6, articula 20, þar sem nú er með slíkum kringumstæðum, sem ég hefi tjáð, sýnd hans vísvitandi áseilni við mig og ójöfnuður. Er það enn til merkis að á meðan Kristín sáluga var á lífi þorði hann ei að selja þessa Sturlungasögu, né Vatnsdælu, Laxdælu og Eyrbyggju, mun hún hafa minnst hvað mig skorti til jafnaðar í bókaskiptunum meðan hinir foliantarnir voru í hennar höndum. Ef hann spyrja vill því ég hafi þennan gjörning sem hann kallar kaup við Ástríði sálugu látið nokkur ár óstefndan, þá viti góðir menn þá dvöl vera þar fyrir skena að ég eigi vildi espa geð Snæbjarnar til þess að hann kynni að gjörast við hennar sorgmætt angurlindi því styggvari. Muni nokkrir vita til hvað mjúklátur að hann var við það sáluga drottins barn í hennar einstæðingskap af mörgu mótlæti þjáðan. Beiðist ég að þetta mitt innlegg sé fyrir réttinum upplesið og uppá það skrifað og löglegur dómur sagður yfir mínum ástæðum. Ég vænti réttlætis af dómarranum og er hans þjénustuviljugur vin.

Hvammi þann 8. maí anno 1720, Páll Vídalín.

Hér af eru tveir originalar.

Þetta fyrir réttinum upplesið á Mýrum anno 1720, 10. júní. Testerar Markús Bergsson mpp.

Lit K.

Extract af gjörningsbréfi dateruðu Mýrum við Dýrafjörð anno 1720 þann 27. maí.

En óskiptar eru af föðurgóssi sögubækur hjá vicelögmanninum Sturlungasaga in folio, item sögur af Hrafnistufeðgum í aflöngu qvarto, en hjá Kristínu af Huga Skapler og 19 aðrar á einni bók in folio, item af Karlamagnúsi og nokkrar fleiri in qvarto og ein rímnabók í aflöngu octavo af Sveini Múksyni og fleirum öðrum, item sögubók in folio á Miðhúsum á Reykjanesi. Þann gjörning hafa undirskrifað sama stað og ár tveim dögum síðar en fyrr segir, Páll Jónsson Vídalín mpp LS, Kristín Magnúsdóttir meh LS, Snæbjörn Pálsson meh LS, Eggert Sæmundsson mpp LS, Einar Einarsson meh, Sigurður Magnússon meh, Ögmundur Ögmundsson meh.

Fyrir réttinum upplesið á Mýrum dag 10. júní 1720. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Copie af þeim process er gekk á Mýrum 11. júní 1720 í stefnumáli herra lögmannsins Páls Jónssonar Vídalín til lögréttumannsins

Snæbjarnar Pálssonar um arfstilkall eftir Ástríði sálugu Jónsdóttur.

Þann 11. júní að yfirstandandi héraðsþingi að Mýrum var upplestin stefna eðla herra lögmannsins Páls Jónssonar Vídalín í 13 póstum til lögréttumannsins Snæbjarnar Pálssonar dateruð Víðidalstungu anno 1720 dag 16. apríl, uppá hverja Snæbjörn skrifað hefur að hana séð og yfirlesið hafi að Mýrum næstliðinn 8. maí. Stefnunnar inntak hið sérlegasta er:

1. Að herra lögmaðurinn stefnir Snæbirni Pálssyni að framleggja original registration er hann gjört hefur á eftirlátnum fémunum Ástríðar sálugu Jónsdóttur, sem og forsvara þá sömu, item vinna eið að arfsins rélegri meðhöndlan.

2. Að framleggja kaupmálabréf sitt og Kristínar sálugu Magnúsdóttur.

3. Að hann framleggi in originali það gjörningsbréf daterað 1714, 2. maí og 15. ágúst, og að halda lagasvörum uppi um þess bréfs myndugleika, því lögmaðurinn kallar til kvinnu sinnar vegna alls arfs er Ástríður sáluga Jónsdóttir eftir sig lét.

4. Að Snæbjörn framleggi þá gripi er herra lögmaðurinn ætli of ódýrt taxeraða í heimanfylgjureikningi Kristínar sálugu undir virðing.

5. Að Snæbjörn auglýsi þann síðari heimanfylgjureikning Kristínar sálugu.

6. Að hann framleggi originalskjal fyrir gjöfum Halldóru sálugu Jónsdóttur til Kristínar.

Síðast í stefnunni setur herra lögmaðurinn í rétt hvert Snæbjörn sé ei skyldugur að betala sér þann kostnað er hann hefur haft fyrir þessu máli, svo sem sú stefna sér líkast hermir. Innfærast lit. A, hverri fylgja uppteiknaðir, besiglaðir þeir gripir er 7. póstur stefnunnar umgetur og undir sama numero eiga innfærast.

Snæbjörn Pálsson var hér nú nálægur og til viðurmalis og vildi ei viðgöngu veita að hann gienpart af stefnu þessari meðtekið hefði. En þeir menn Tyrffingur Bjarnason og Andrés Arngrímsson, er uppá stefnuna skrifað hafa sinn vitnisburð um gienpartsins afhending, játa hér opinberlega að Snæbjörn Pálsson nefndan gienpart meðtekið hafi næstliðinn 8. maí. Svo og afsegir Snæbjörn Pálsson nein þaug skjöl hér í dag framleggja fyrir réttinn er herra lögmaðurinn stefnir honum til fram að leggja eður neitt til þessa máls svara vegna þess að Ólafur Jónsson gangi hér í rétt móti sér.

En sýslumaðurinn með þingheyrunum standa við þann interlocutorii dóm sem í gærdag hér framfór, að Ólafi Jónssyni sé leyfilegt að ganga í rétt móti Snæbirni, svo lengi hann er ei lögfelldur eður neitt órélegt uppá hann með rökum bevísað verður, því þar til er Ólafur ályktaður frí fyrir óbevísaðri ákæru Snæbjarnar Pálssonar, og er þessi úrskurður byggður á Norsku lögum libro 1, capitula 14, articula 5; libro 3, capitula 4, articula 4; mannhelgi 25. Og dæmir sýslumaðurinn að Snæbjörn Pálsson sé skyldugur til nú í dag sem lögstefndur til málsins svara eftir þingfararbálki 9. capitula, þar hann er hjá oss óhindraður og til viðurmalis, einnin framleggja skilvíslega þá registration in originale er hann hefur gjört á eftirlátnum fémunum Ástríðar sálugu Jónsdóttur, ásamt öll þaug skjöl og document er herra lögmaðurinn stefnir honum fram að leggja og umgetið er í nefndri stefnu, svo framt Snæbjörn Pálsson vill halda þau lögleg og tilætla að þaug skuli hér eftir fyrir lagaskjöl* haldin verða sér til nokkurs gagns.

Og að þessum dómspósti birtum Snæbirni Pálssyni, hverjum hann afsagði eftirfylgja, framlagði Ólafur Jónsson 2 copiur af þeirri registration er gjörð skal hafa verið að Mýrum anno 1719 dag 4. september með uppáskrift Snæbjarnar Pálssonar, er meðkennir að hún sé nær orðrétt coperuð eftir originalnum. Innfærast lit. B.

3. Var upplesið copia af þeim lausum seðli er herra lögmaðurinn Vídalín auglýsir bréflaga af dato Hvammi 10. maí 1720 að legið hafi innan í bréfi Snæbjarnar Pálssonar herra lögmanninum tilskrifuðu frá Mýrum í haust í október og getur um nokkra fémuni er undanfallið hafi í arfsuppskriftinni á Mýrum og um hestsverð, lit. C.

4. Var upplesið eitt innlegg í ellefu póstum in folio til styrkingar þessari stefnu herra lögmannsins, daterað Hvammi 7. maí 1720 með hans undirskriftu nafni, lit. D. Hvert inniheldur sérhvað er herra lögmaðurinn finnur að registration Snæbjarnar á eftirlátnum fémunum Ástríðar sálugu og hvar fyrir hann beiðist að Snæbjörn eið vinni um meðhöndlunina á arfinum og öllu eftirlátinu góssi og bréfum eftir Ástríði sálugu, ásamt orðsakir er sýna hvers vegna hann óskar að framleggist originall kaupmálabréfs Kristínar sálugu og Snæbjarnar og gjörningsbréfsins dateruð 1712, 2. maí og 15. ágúst, sem og sérhvað er hann finnur að þeim sama gjörningi er hann óskar metið sé, ásamt það sami gjörningur skipa læst að börn Kristínar sálugu gangi til arfs eftir ömmu sína jafnt dóttur. Í innlegginu er og umgetið að Snæbjörn sé skyldugur gripina framleggja er stefnunni fylgja eftir kvennagiftingum 2. Einnin um heimanfylgjureiknings mismun með víðara sem innleggið umgetur.

Var Snæbjörn hér til staðar á meðan flestöll þessi document voru upplestin og þar í milli meðan þaug voru innfærð, og tilbaud sýslumaðurinn Markús Bergsson Snæbirni Pálssyni að innfæra það sérhvað er hann vildi framvísa munnlega eður bréflega þessu máli viðvíkjandi, og afsagði hann neitt að framleggja í þetta sinn, því hann ætlaði sér báða þessa processa að átélja. Svo og kveðst Ólafur Jónsson ei hafa frekara í þessu máli að auglýsa.

Því að öllu þessu yfirveguðu féll svolátandi slutning þar uppá:

1. Það viðkemur þeim 1., 2., 3. og 4. pósti í stefnu herra lögmannsins Vídalíns til Snæbjarnar Pálssonar, þá eftir því copia uppskriftarinnar er Snæbjörn í haust gjörði á eftirlátnum fjármunum Ástríðar sálugu Jónsdóttur sýnir að hlutanna allra háttur og vöxtur er í henni ei greinilega uppteiknaður eður oft um getið hvert þeir eru stórir eður smáir, og sumt hefur orðið eftir þá fyrst var registrerað, og ályktar því sýslumaðurinn þá sömu registration vera óskilmerkilega gjörða og ei kunna lagaskjal eftirtakanlegt reiknast, og dæmir að Snæbjörn Pálsson skuli vera skyldugur eið afleggja á þessu þingi að hann skuli alla þá sömu gripi og fémuni smærri og stærri, einnin bréf framleggja er Ástríður sáluga Jónsdóttir eftir sig lét þá hann arfinn afhendir og augvu þar af leyna.

2. Uppá 6. póstinn stefnunnar er herra lögmaðurinn Vídalín kallar til alls arfs kvinnu sinnar vegna er Ástríður sáluga í haust eftir sig lét, þá dæmir sýslumaðurinn eftir íslenskri lögbók Magnúsar kóns, 1. erfð, kvinnu herra lögmannsins Vídalíns madame Þorbjörgu Magnúsdóttur einungis réttan erfingja allra þeirra fémuna, hverju nafni sem heita kunna, er Ástríður sáluga Jónsdóttir í haust eftir sig lét, en dótturbörn frá, og Snæbjörn Pálsson skyldugan nú strax að heyrðum þessum dómi þennan arf allan skilvíslega að afhenda umboðsmanni herra lögmannsins Ólafi Jónssyni eður líði eftir Christians 5. Norsku lögum 1. bók, 22. capitula, 14., 48. articulum.

3. Uppá þann 7. póst í stefnunni er ákveður að Snæbjörn framleggi þá gripi er herra lögmaðurinn kveðst ætla að of ódýrt séu taxteraðir í heimanfylgju-reikningi Kristínar sálugu þá dæmir sýslumaðurinn Snæbjörn skyldugan til þá alla sömu fram að leggja er ófargaðir eru undir sannsýnilega virðing nú strax. Það gjöfum Halldóru sálugu viðkemur til Kristínar sálugu þá afsakar sýslumaðurinn sig þar um í þetta sinn dæma þar ei skjöl eður bevísingar framkoma hvernin þeim varið sé eður hvað miklar. Kostnað allan er herra lögmaðurinn hefur haft fyrir þessari málssókn dæmir sýslumaðurinn Snæbjörn honum skyldugan betala eftir sem hann metinn verður þá kostnaðarreikningur af herra lögmanninum framlagður verður, og tilbýður sýslumaðurinn sig þá til þar um úrskurð segja. Dómurinn er byggður á arfatöku 20, 26, 18, 15, framfærslubálki 8, kvennagiftingum 2; Christians 5. Norsku lögum 5. bók, 2. capitula, articula 68. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp
Björn Jónsson meh
Ólafur Sigurðsson meh
Eiríkur Andrésson meh
Jón Jónsson meh

Jón Jóstsson meh
Jón Guðmundsson meh
Konráður Oddsson meh
Þorsteinn Ólafsson meh

Lit. A.

Ég Páll Vídalín kónglegrar majestatis lögmann sunnan og austan hér á landi stefni yður Snæbjörn Pálsson lögréttumann í Ísafjarðarsýslu til Mýrabings í Dýrafirði þar sem er yðar heimili á þann 11. júní nú í ár 1720 undir dóm sýslumannsins yfir Ísafjarðarsýslu monsieur Markúsar Bergssonar um eftirskrifaðar greinir:

1. Stefni ég yður til undir dóm fram að leggja original registration þá er þér hafið gjört eftir andlát minnar sálugu tengdamóður Ástríðar Jónsdóttur á þeim fémunum sem hún eftir sig lét. Og haldið lagasvörum fyrir að sú registration metin verði annaðhvört lögleg eður ólögleg. Haldið og lagasvörum fyrir copiu þá af sömu registration er þér senduð mér, hvört hún megi kallast lögmætt skjal eður eigi? Og hvört af þessu sem í nokkru vantar lögmætti, þá verið tilþenkjur lagasvörum að halda fyrir það er þér næstliðinn 7. október synjuðuð nýrrar registrations þegar sýslumaðurinn Markús tilbauðst hana að gjöra.

2. Stefni ég yður undir dóm uppá yðar eið, að eftir Ástríði sálugu hafi eigi fundist meira fé en þér hafið í þá registration innfært, og hitt er þér síðan uppteiknað gáfuð skriflegt þann 7. október næstliðinn*.

3. Stefni ég yður uppá yðar eið að það fé, hverju nafni sem heitir er þér eftir þessari tvennri registration framleggjandi verðið, svo sem arf eftir Ástríði sálugu, sé það sjálft hið sama sem hún átti og eftir sig lét þá er hún andaðist, og

að á því séu eftir hennar andlát engin umskipti gjör, hvörki fyrr en það var registrerað né síðan það var registrerað. Svo stefni ég yður og til að halda yðar registrations vottum til dóms og undir þeirra eið, að því er þeim mögulegt er hér um að vita og vitna.

4. Stefni ég yður til að gjöra rigtug og lögmæt skil allra þeirra bréfa, skjala og documenta smærri og stærri sem eftir Ástríði sálugu fundist hafa, hvörju nafni sem nefnast kunna undir yðar svarinn eið, að ekkert sé af þeim leynt, ekkert í burtu fært á laun við mig síðan hún andaðist og aungvu þeirra spillt né breytt í neinu eftir hennar andlát.

5. Stefni ég yður að framleggja in originali fyrir dóm kaupmálabréf það er gjörðist á millum yðar og Kristínar sálugu Magnúsdóttur svo það megi vitni bera með hvílíkum skilmálum og fékaupi þér hafið hjónaband gjört við Kristínu.

6. Stefni ég yður undir dóm fram að leggja in originali það gjörningsbréf daterað anno 1714 þann 2. maí og 15. ágúst er þér næstliðinn 7. október létuð í té útcoperað undir hendi sýslumannsins Markúsar og yðar, og að þér haldið þeim yðar vitnum sem á fyrri hluta þess bréfs skrifaðir eru til dóms, og eiðs, að sínum vitnisburði. Beiðist ég þeir sverji stund og stað og vitni utanbókar. En þér séuð þá sjálfur tilþenktur að halda lagasvörum fyrir þann gjörning af hálfu yðar barna og þola dóm um sama gjörnings myndugleika, því að ég þrætendera að þegar búíð er að jafna heimanfylgju minnar kvinnu Þorbjargar og heimanfylgju Kristínar sálugu í yðar garð, þá sé það í mót íslenskum lögum fyrstu og annarri erfð að börn Kristínar skuli ganga til arfs eftir móðurmóður sína Ástríði sálugu jafnt við ektaborna dóttur hennar eiginkvinnu mína sem er barnanna móðursystir. Stend ég uppá að í þeirri grein sé sá gjörningur ólögmætur og hafi mín sáluga tengdamóðir Ástríður ekki mátt slíku ráða né innleiða nokkurn framandi erfðarétt í landið án kónglegrar skipunar eður sérdeilis náðar.

7. Stefni ég yður til að framleggja fyrir sýslumannsins og skynsamra manna virðingu þá gripi af heimanfylgju Kristínar sem hún meðtekið hefur af móður sinni og ég tilnefni að ég ætla of ódýrt taxeraða, minni kvinnu til þeirrar höllunar á hennar meðteknum peningum að hún ei hafi jafngóða aura fengið jafnt ódýrt lagða. Megið þér af yðar hálfu til kjósa tvo menn að virða þessa gripi. En minn umboðsmaður kjósi til þess aðra tvo, og eru gripirnir á hér meðfestu blaði nafngreindir. En þér séuð tilþenktur með eiði að sanna að þá sömu gripi leggið þér nú fram sem þér með Kristínu meðtekið hafið og í hennar heimanfylgju-reikningum innfærðir eru.

8. Stefni ég yður til undir dóm fram að leggja in originali þann síðara gienpart (að þér kallið) af heimanfylgjureikningi Kristínar sálugu sem yðar bréf

daterað 7. október í þriðja pósti nefnir, og kveðst ætla mig meðtekið hafa með Arnóri Einarssyni. En ég hefi aldrei síðan Kristín kom í hjónaband með yður Snæbjörn meðtekið annan reikning af lausafjárheimanfylgju hennar í dauðum aurum heldur en þann eina sem mínum umboðsmanni Ólafi Jónssyni var í té látinn á næstliðnu hausti og enginn í mínum húsum mér vitanlega, og eigi kveðst kona mín þann reikning séð hafa, annan en þennan er í haust kom okkur í höndur. En sá eð ég meðtók á Mýrum anno 1696 skal á sínum tíma fyrir ljós koma lofi guð.

9. Stefni ég yður undir dóm að þér haldið eidi fyrir, það ei hafið þér af Ástríði sálugu í heimanfylgju Kristínar meira fé meðtekið, kvikt né dautt, heldur en það alleina sem sá heimanfylgjureikningur útvísar er þér í haust eð var þann 7. október af hendi létuð dateraðan 16. apríl anno 1706. Og sá gienpartur þess reiknings sem nú hefi ég í fyrirfarandi pósti stefnt yður til að framleggja. Stend ég uppá að allt svo lengi sem sá gienpartur (af yður nefndur) kemur ei til sjónar kunnid þér aungva tilbót að heimta uppá heimanfylgju Kristínar, nema þér vinnid eid að sá gienpartur ekkert innihaldið hafi fremur en sá sem ég meðtekið hefi frá Ólafi Jónssyni, svo sem þér í haust vissuð Ólaf meðtaka. Og svo hid sama að þér né Kristín sáluga ei hafið meira móðurfé uppborid í heimanfylgju en þér hafið með þessum reikningum grein á gjört.

10. Stefni ég yður til að framleggja originalskjal, ef nokkurt hafið, fyrir gjöfum Halldóru sálugu Jónsdóttur til Kristínar, það er votti að þær gjafir skuli vera fyrir utan öll arfaskipti reikningslaus við kvinnu mína. Og svo framt þér sýnid þar um nokkurt bréf eður vitni Ástríðar sálugu, þá stefni ég yður til að sanna með löglegum vitnum að hún hafi það sjálf með eigin hendi undirskriftað með frívilja og alls óneydd, og svo framt þar er hennar signet undir að hún hafi það sjálf áþrykkkt eður vísvitandi af frívilja áþrykkja látið því sínu signeti á þann gjörning, heilbrigð að rænu og með svo ósturluðu geði að hún hafi gætt þess er þér kynnuð vilja vænast hún þá gjört hafi.

11*. Þess kref ég og jafnframt, og stefni yður til, að þér löglega bevisid að sjálf hafi Ástríður sáluga yfirlesid það skjal, ef nafn hennar stendur undir, eður ef þér hafið það fyrir henni lesid, ellegar nokkur annar en hún sjálf, að þér bevisid með löglegum vitnum og svörnum eidum að sá eð það las fyrir henni, hvör sem hann var, þér eður nokkur annar, hafi lesid það rétt að öllu orð fyrir orð, svo sem nú finnst það skrifað. En bregðist yður þessi vitni set ég í rétt og beiðist dóms yfir hvert afl og myndugleika það skjal hafa skuli þótt undir því megi finnast nafn minnar sálugu tengdamóður, margfaldlega sorgmæddrar einstæðingskvinnu sem aungvan lögværge hafði þann er með heilræðum væri henni til aðstoðar í slíkum efnum. Og skyldi svo reynast að það skjal eigi dæmdist lögmætt að vera stefni ég yður til undir reikning og virðing fram að

leggja uppá yðar eið það fé er þér hafið með Kristínu sálugu Magnúsdóttur meðtekið, svo sem gjöf hennar móðurmóður, og kref jafnaðar þar í mót í jafngóðum aurum minni kvinnu til handa.

12. Að fengnum dómi yfir þessum greinum stefnu minnar stefni ég yður til að gjöra mér lögleg skil á því öllu fé er dómur dæmir minni kvinnu eftir Ástríði sálugu móður hennar andaða til erfða fallið á yðar heimili.

13. Og með því að í haust eð var in octobri anno 1719 vilduð þér ei að skiptum ganga eftir mínu tilboði, þá set ég í rétt hvört þér ekki séuð skyldugur að betala mér þann kostnað allan, tímans og peningaspillir sem þér hafið mér orðsakað í þesu máli er ég tilbauð lögsóknalaust og góðlátlega undir góðra lögvitra manna gjörð að leggja, svo sem það skjal og yðar andsvar auðsýna kunna.

Verið þér reiðubúinn fyrir dómi í réttan stefnudag fram að leggja gögn yðar öll sem lögmet vera kunna og varnir á mót þessari stefnu minni. Komid árdegis fyrir réttinn og bíðið þess að dómur verður hér um uppsagður okkar í milli. Þessari minni stefnu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og áþrykkt signet að Víðidalstungu þann 16. apríl anno 1720, Páll Vídalín LS.

Ofan- og framanskrifað bréf hef ég séð og yfirlesið á Mýrum dag 8. maí anno 1720. Til vitnis Snæbjörn Pálsson meh.

Viðstaddir vorum við undirskrifaðir þá Ólafur Jónsson afhenti Snæbirni Pálssyni gienpart af framan- og ofanskriafaðri stefnu dag 8. maí að Mýrum anno 1720. Til merkis undirskrifuð nöfn, Andrés Arngrímsson meh, Tyrtingur Bjarnason meh.

Þessir eru þeir hlutir í heimanfylgjureikningi Kristínar sálugu Magnúsdóttur sem ég ætla of lítið taxeraða og kref að sýndir verði og metnir að nýju.

	Rd.	mk.
1. Þrír svuntuhnappar gylltir með víravirki á efri húfum	3	1
2. Silfurstaup gyllt innan	4	3
3. Annað minna staup gyllt	2	
4. Ermahnappar 18 með víravirki gylltir	4	
5. 12 hempupör	1	4
6. Íslensk lögbók þrykkt	3	
7. Lífrautt klæði 6 álnir	5	
8. 10 álnir og eitt kvarter af grænni késsu	1	4
9. Svuntuklæði rautt	1	1
10. Dökk klæði í treyju með fóðri og snúrum	1	4
11. Einn járnþott.....	1	2
12. Einn eirketill	1	3

Víðidalstungu þann 16. apríl anno 1720, Páll Vídalín LS.

Þetta ásamt stefnunni var fyrir réttinum upplesið á Mýrum anno 1720 dag 11. júní. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Lit. B.

Anno 1719 þann 4. september að Mýrum við Dýrafjörð voru þessir peningar uppteiknaðir er sú göfuga höfðingskvinna sáluga Ástríður Jónsdóttir eftir sig lét sem farsælega endaði sitt líf næstliðinn dag 30. ágúst en til hvíldarstaðarins að Holti í Önundarfirði flutt og þar með virðingu hjá foreldrum sínum lögð þar eftir dag 2. september.

Í bókum in folio engin.

Í kvarto þessar: Summaria í tveimur pörtum, Ólafssaga, Landnáma, Grallari, vísnaþók, dönsk ordinantia, Praxis Concientiarium Dimna, Chatechismus Rothen, skrifuð sögubók af Jónsvíkingum etc., Pontusrímur, yfir predikun sancte Bernhardi. Enn tvö skrifuð kver.

Í octavo: 2 Harmoniur, Nýja Testamentum, Spegill eilífs lífs*, Pangrati postilla, postilla sáluga magisters Þórðar, Hugvekjur, 2 fræðabækur, Eintal, passíupredikanir séra Jóns Arasonar, Lífsvegur, Um ódauðleika sálarinnar, Manuale Molleri, Krossgöngur, Trúar höfuðgreinir, Genesis og Hugvekjusálm- ar, Ordinantian, Um dauðann og það eilífa líf, Davíðs Chitrer Sálarinnar ald- ingarður, Dægurstytting, Saltarinn, Hallgrímssálmur, stafrófskver, enn prentað kver í octavo, Passur predikanir, Vinaspegill, yfir Matthei guðspjöll, Antropologia herra Steins, enn 24 skrifuð kver, guðspjallabók, 2 latínskar bækur, rímnabók.

Í tólfblaðaformi: Bænabók herra Odds, Jens Dinusson þankar, Margarita í latínu, 7 skrifaðar smáskræður.

Enn í kvarto kvæðabók séra Ólafs, þaug gömlu kirkjulög.

Stór kista í kirkjunni, þar í einn niðurhlutur, 2 rekkjuvoðir, pís, kallmanns stutthempa af klæði, kallmannssokkar, rasksvunta, treyja með ermahnöppum, pils upphlutslaust, 2 ermaefni, vaðmálskragi og kragæfni, 5 fóðurpís, 4 eskjur, þar í 2 kvenkragar rykkir, 1 uppslög, 3 tröf, 4 kragatreflar, 4 hálstreflar, 3 kaflar, 1 klútur, 1 silki og partur af vatnshandklæði. Upphlutsefni, hálf kvartel af grænu klæði, tvennar gjarðahengjur, nokkrar klæðissnuddur, ferðaband, ein skæri.

Vættar kista, þar í kallmanns treyjubolur, 2 sessuver, óþelað söðuláklæði, 2 tvistar, 1 salúnsáklæði, poki með lit unnum og óunnum, vog 15 merkur, let- urbandspetti, klæði vart 5 kvartel, kessa alin og hálf 4ða kvartel af rauðu líf- stykki, 3 álnir og 3 kvartel, 2 þelþráðarhnyklar, 1 eskjur, þar í 16 silfurerma- hnappar, 2 fóðurpís og annað fánýtt rusl, upphlutslaust pils.

Í kirkjunni er kvensöðull, ferðatjald, 1 kvenhattur með hattbandi, aðrir 2 lakari, 1 kallmannshattur, 1 kistill, þar í útlensk ull og bandaspjöld. Í loftinu svartur kistill, þar í hálfur 9. rixdalur, flyelspetti tvö, 3 raskpetti, 1 borðdúkur, 2 svört silki, lítið kögur, 2 álnir fleyelsborða. Ennþá borði og snúrur af sama töyi. Kvartel af kessu hálf 5. alin af góðu lérefti í 3 písum, enn lérefts skyrtukragæfni, 2 álnir af þrykkum dúk, nærri kvartel af salúnsáklæði, flyel undan hatti, klæðispjatla, 3 eskjur, 2 silkislæður, alin af flyelsborða, borðar og snúrur í skjóðu, flyelspetti enn, 3 silkiklútar, 7 léreftsklútar, 2 handklæði þrykkt, einn slijusteinn, lykklahringur og smátöy í eskjum, 2 stokkar, tvinni í stökk, þrjónar, nálar, fingurbjörg og þess háttar kventöy.

Skápur, þar í latínubók, 3 bandhnoðu, 1 tímaglas, 1 morter, 3 askar, 1 leirkrús, lár, í honum eru latínubækur, 2 leirföt, 1 skjóða með rauða ull.

Enn kistill, þar í fóður undan treyjuból, nokkrar klæðissnuddur, hvítir kniplingar og léreftspís, annað fánýtt.

Stór kista í innra loftinu, þar í hempuefni, sessa, sængurábreiða, 1 rekkjuvoð, 21 alin af hvítu vaðmáli. Enn rekkjuvoð, hægindi, útlenskir kambar, blátt nærpils, 6^{1/2} alin af svartri einskeptu, bréfastöki, alin og 3 kvartel af mosaðri einskeptu, 3 boðangar af niðurhlut, 7 álnir sortað vaðmál, eitt hempuefni sortað, annað hempusnið sauðsvart.

Ein stór kista, þar í vefjarskeið, lítil tinskál, 2 þráðarvindur, 2 salúnsáklæði, enn áklæðiskorn lítið, 2 svæflar, axlabönd, 2 skyrtur, 3 borðdúkar, 1 handvettlingar, 5 álnir lérefts, vart alin af rauðu klæði, 6^{1/2} alin af bláu klæði, 6 eskjur, 7 tröf, 2 línhúfur, 2 rykktir kragar, enn skyrta, 2 vatnshandklæði, 8 hálssilki, 5 hvít handklæði, svartur trefill, 1 hægindisver, 2 koddaver, 1 sparlak, 4 kaflar, 4 klútar, 2 pokar, hattengsli með tveimur silfurlykkjum, 2 borðabönd og 1 kristalssteinn innsettur í silfur.

Enn vættar kista, þar í 1^{1/2} alin grænt plus, 2 nálapípur, 10 klæðispís smá og stór, treyjubólur lítið stykki af veipu, 2 bandaspjöld, 2 lítil sáputykki, 3 hornspæmir, 1 þjásturspörn, 1 bjölluhnappur, 2 litlir koparhanar lykilslausir, 3 eskjur, 1 baukur litar og tvinnaviður, grænt silkikögur, snúrur og borðar, 2 lítil petti af flyeli, ofið litarband og ýmislegt kventöy í öskjum.

Lítill kistill, þar er í skjóða með klæðispjöttlum, klæðisjaðrar, eskjur með þelþráðarleggjum og annað þessháttar töy sem vér nenum ekki nafn að gefa, utan einn leirbolli.

Enn er 6 fjórðunga kista sem ekki finnst lykill að, þess vegna verður hvorki skoðað það í henni er og ekki heldur neinu því nafn gefið.

Enn er kista kölluð Birna, í henni er ull og sjálfahengjur í poka og 3 skjóðum, 2 tréföt, 1 brýni, ábreiða, 5 skálar, 1 svartaskor, 4 bríkur og boðangur af fornum niðurhlut. Ítem 1 vaðmálsalin.

Í loftinu er enn frammar 1 lítill eirketill, 2 stórar tinkönnur, lítið tinfat, 1 tinstaup brotið, 2 kerföt, 2 tréföt, 4 leirskálir, 1 leirskerborð, skálir og kúpur 7, 1 trékanna, 3 keröld, 2 klippingar, 3 trog, 1 lektari, lítil barnaskemma, ein járnreisla, 1 ausa, 2 beisli, en 2 beislaslitur, 3 reiðaslitur, 1 brjóstgjörð, 1 ístað, loklaus skrína, lárabrot, 1 floti, 2 hattaskrifli, 1 ullarpoki, 1 gæra.

Enn eru í loftinu 2 kistlar innlæstir, í báðum þeim eru sendibréf og annars slags.

Í stofunni er 3 tunnuskrifli, 6 skálir, 1 tréfat, 2 tinföt, 2 tinaskar, 1 steik-arapanna, 2 leirpottar, 9 askar, lítil tinskál, 1 rist, 1 klútur, 14 trog, 22 keröld, leirpanna, 4 eskjur, brotin tinkanna, koparsteikarapanna brotin, 1 kista, annað kistuskrifli tóm, 2 smjörjárn, bandhnoðu í 4 skjóðum, 1 sákerald nærri 5 merkur*, 1 tinflaska. Enn kistuskrifli, 1 kistill kallaður Platur og trafakefli, 3 brotnar tinkönnur.

Kista fyrir framan skáladyrnar, þar í tinskál með loki, önnur minni, tinstaup 2, ketill einn, 1 gjarðahengjur, aðrar ístaðahengjur*, askur, tréskál, kambur, lár með bréfum, 2 reifalindar, 4 hálistar, minnishorn, 3 íleppar, 1 tinaskur, heimanfylgjureikningur sálugu Kristínar Magnúsdóttir, skyrta með ermahnöppum, rauð svunta, skjóða með bandhnoðu, strigapoki, kotra, lesprjónar, bandhnoða, kálfskinnsbók yfir Christi pínu, sessuver af blómstursaum, lindaföt, trafakefli, poki með þráðarleggjum, klæðisstika, pís af hálfvættar klæði, 1 traf, lérefts alin, brjóstadúkur, klútur, uppslög tvenn, silkihúfa og lítið silki með silfurbelti, klútur annar, svunta með silfurhnöppum, treyja, þrjár tómar skjóður, skjóða með bréfum, þar í 8 smákver þrykkt og óþrykkt. Lítil málmpottur, stórar eskjur, þar í einn klútur, nokkrar arkir skrifaðar, tvinnatöy, silfurbelti brotið, þelþráðarviða, koparbeltispör, látúnsreimar 2, eirprjónar tvennir, sáputykki og annað kventöy, klæðisvettlingar.

Læstur kistill, þar í silfurskál, silfurskjöldur, silfurdósir, 3 silfur svuntuhnappar, lítið brotasilfur í eskjum, kristalshnappar, 1 skyrtuhnappur, 2 silfurkrókar, 4^{1/2} ógildir dalir sem meinast, silfurnálar, silfursignet, lítill silfurbaukur, 8 skildingar danskir, confectshús, silfurbeltisdoppur 7. Enn doppa með loftverk, 8 silfurhnappar, hnappbrot og hengjur undan doppu, skjóða með rauðri ull og bandhnoðu, 1 kvensokkar, 2 skyrtur, koddaver, 1 sparlak, 1 vatns-handklæði, annað koddaver, svört silkisvunta með silfurhnöppum, 3 lesprjónar, 1 íleppar, pennapípa, 2 bréf af nálum og þrjónum, 3 tvinnadokkur og borðapís vart 2 álnir, kartúnléreft, einn kistill, annar minni og nokkur bréf, 2 sjónir. Enn er kista með ull í handraða og tvistavefstaður. Enn kista, þar í 6 askar, 2 kútar og 2 smátunnur, einn lítill legill.

Enn er eikarkistill innar í göngunum, þar í 1 eskjur með silfurkrossi, 4 svört hálssilki, 1 silkiklútur, 1 uppslög, kragatrefill með silfurspennum, 1 traf. Enn

3 silki og silkikragi, silkihúfa, 2 klútar, hvítur trefill, 1 skjóða með afklippur og klæðisþjötulur, í annarri treyjubolur og 3 svartir klæðisgeirar með jöðrum af rauðu klæði og öðru töyi þvílíku, 3. skjóða í henni og svo afklippur og bandhnyklar, 4. skjóða hefur sama inni að halda, peysusnið af bláu lérefti, 5. með klæðisþjötulum, skóþráð og annað þessháttar. Léreftspoki hefur að halda ærna þráðarleggi, í þeirri 6. eru ofin bönd, 7. hefur og slíkan auð inni að halda sem hinar fyrri, til er blár trefill, brjóstadúkur af plus, svört muffa, hvítur klútur, 8. skjóða, þar í sortaðir bandhnyklar tveir.

Enn kista í göngunum með 3 keröldum, einum kút og einum strokk.

Stór kista í baðstofunni, þar í nærpils, blár niðurhlutur, tinstaup, tinkanna, tinflaska, enn lítil tinflaska, tréfat, strigaskyrta, svartur trefill, sokkabönd, 2 kvarðar, gleraugu, 1 skæri, 2 húfur, 1 sporn, lítið sáputykki, einn brúsi, silfurkaleikur með patínu og hulstri, kökuþjöl, trekt, annað tréfat, 3 vettlingar, 1 skál, einn hattur, lár með 5 glösum og 1 brúsa, annar, þar í 1 dósir, ermastúkur, enn 2 baukar aðrir, 2 silfurhnappar fastir við buddu, látúnsbelti með silfurpörum og silfurdoppum, brjóstadúkur með léreftshúfu og trefli, enn trefill annar, 4 tröf, léreftshúfa með 2 silfurlaufum, eitt vatnshandklæði, enn húfa önnur með tveimur tröfum, lítill kistill, silfursignet, silfurnálapípa, skyrtuhnappar af silfri, silkiklútur, annar blár, 1 kvenhempa, 1 skjóða með lit, kvensokkar með hálistum, 1 skriffæri, 1 heinbrýnis stykki, 1 stafur með koparhúfu. Enn skápur í baðstofunni, 1 tinflaska, 1 glas, 2 tréskálar.

Einn kistill, þar í eitt silfurstaup, 3 koparhanar brotnir, 1 kver og nokkur smáglös, 2 hornspænir og einn þjáturspónn, nálapípa, 3 rixdalir, 1 sléttur og 2 hálfsléttir.

Annar kistill skorinn, í honum er eitt saumband, rautt flyelspetti, 2 rasppetti, skjóða með tvinna og þrjónabréf, nokkur borðabönd, léreftspís, klæðissnudda, mólifrautt kögur, skjóða með þrjónabréf, blár trefill, rasppís, 1 borðaband og nokkuð af vír, 3 barna málbelti, 1 með víravirkispörum, fóðurpís, nokkur borðabönd og silkitöy með, hvítur klútur, borðaspjald, 1 sjónapoki, upphluts-efni úr raski, 1 skæri og 1 spegill.

Í litlu baðstofunni er 2 tinkönnur, 1 tinskál, 1 kertapípa, kvenhempa, 3 lesþrjónar, 1 sparlak, 2 sessur, 1 sængurkorn, 1 málmpottur lítill, 1 leirpottskorn, hér að auk fánýtt ruslkorn sem ekki verður nafn gefið.

Enn er þetta til, lítill sæng, hægindi og lítill svæfill og 1 rekkjuvoð, ábreiða gömul, 1 kertapípa, 1 uppgjafaskyrta gömul, svunta, treyjubolur, 1 stytuband, 1 pokakorn, þar í 2 álnir vesturfara og 2 vesturfarpísi, 3 munnlaugar, $2\frac{1}{3}$ pund tóbaks, 2 katlar, 1 mjöltunna. Enn er til í lesi 2 vættir, 2 fjórðungar, 2 fiskar, $14\frac{1}{5}$ alin vaðmáls er 1 vætt, 6 fjórðungar, $2\frac{1}{3}$ fiskar, þar til tvennir tvöfalda-

bands sokkar, allt það er til ætlað að inn komi í reikning sálugu Ástríðar Jónsdóttur á Þingeyri, 2 járnþottar.

Útfararkostnaðurinn er svo gjörður, prófastinum fyrir legkaup og líksöng eru afhentir 2 rixdalir. Þeim 2 sem smíðuðu líkstokkinn og voru með að færa hana til síns legstaðar afhentur sinn rixdalur hvörjum, þeim 4 sem og þar með fylgdu afgreiddist hálfur rixdalur hvörjum. Snæbjörn lagði fjalirnar til í stokkinn en hinn annan nauðsynlegan líksins umbúnað þá tók hann af sjálfum arfinum.

Öllu þessu ofan- og framanskriðu til merkis eru vor undirskriðu nöfn ár og dag sem fyrr segir, Jón Ásbjörnsson, Þorsteinn Jónsson, Guðmundur Þorsteinsson, Brynjúlfur Nikulásson.

Framanskriðu á 7 blöðum in qvarto er nær orðrétt coperað eftir originalnum meðkennir að Mýrum dag 10. september anno 1719, Snæbjörn Pálsson meh.

Fyrir réttinum uppleið að Mýrum anno 1720 dag 11. júní vitnar Markús Bergsson mpp.

Lit. C.

Það sem undanfellt í arfsuppskriftinni á Mýrum sem ei var til munað að því sinni er þetta:

2 stóru katlarnir í skemmuni.

1 fúa strengpís þar.

Í komentuloftinu stór kjallari.

Í litlu baðstofunni 3 tinflöskur.

1 járnleggja.

Í hjallinum 1 hesthá og einar eða tvennar gjarðahengjur.

Fyrir utan búsgagnið man ég ei annað.

Enn er stór kista á Höfða og strokkur í Þrashól.

Hestsverð á kirkjan að Mýrum í arfinum.

Ofanskriðu er rigtug copia af lausum seðli sem lá innan í bréfi Snæbjarnar mér tilskriðu frá Mýrum í haust in octobri 1719, en til mín komu 26. október sama árs. Á seðlinum er þekktanleg eigin hönd Snæbjarnar það framast ég skynja kann. En hvörki er á því blaði meira né minna en þessi framanskriðu copia vottar, og mun hann þó tilætlaður að vera uppbót á registrationina, hvört sem Snæbjörn vill nú til hans svara eins og væri hann lagaskjal, þar um gefur raun vitni. En þessi er sá seðillinn sami er ég í stefnu minni mentionera í öðrum pósti. Því vil ég hér svara sem seinast er í copiunni skrifuð, að hestsverð eigi kirkjan á Mýrum í arfinum. Sé það meint um arf eftir Ástríði sálugu, þá þverneita ég að betala það hestsverð af hennar arfi, því að contract okkar Snæbjarn-

ar dateraður 15. september 1710 segir berlega í öðrum pósti að allur kirkju-reikningur (Ögurs- og Mýrakirkna), hvörju nafni sem heita kann, skuli á báðar síður niðursleginn (millum okkar Snæbjarnar) etc. sem pósturinn enn skýrara greinir. Því fyrirbýð ég af arfinum eftir Ástríði mína sálugu nokkra fémuni að taka Snæbirni til handa í því skyni. Þetta bið ég upplesist fyrir rétti. Til vitnis Hvammi í Hvammssveit dag 10. maí anno 1720, Páll Vídalín.

Fyrir réttinum upplesid að Mýrum dag 11. júní anno 1720. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Lit D.

Virðuglegi sýslumann, góðir ærlegir þingmenn.

Til styrkingar og lögmæti þeirrar stefnu minnar til lögréttumannsins Snæbjarnar Pálssonar sem talar um registration á eftirlátinu fé eftir mína sálugu tengdamóður Ástríði Jónsdóttur og síðan um heimanfylgjureikning dætra hennar, og um erfðarrétt eftir hana með því fleira að slíku hnígandi sem stefnan inniheldur, færi ég þessar greinir:

1. Allir munu það sjá að original registrationen hljóti fyrir dóm að koma, þar sem hún er gjörð af Snæbirni sjálfum interesseruðum manni, og það svo að hann telur börn sín til hálftrar erfðarinnar og hefur ekki til registrations verksins með sér kallað nema ónafnkunna bændur sem ég veit engin skil á, en þykir líkast að muni þeir einir sem lúta muni stórmennsku Snæbjarnar þar í byggðum. En látum þá vera svo góða sem þeir geta, þá mun þó registrationen sjálf bera sér ljósast vitni, að því leyti fyrst hvört að hún er óraderuð og megi þar fyrir lagaskjal heita. En það ætla ég svo sé hún í flestum greinum indeterminat, það er óskilmerkileg, óskýr og ógreinileg að torveldlega kunna menn af henni að skilja hvörsu góðir eður lakir gripir það séu sem hún talar um. Ég segi í flestu, því nokkrar greinir máské finnist þær að menn kunni að skilja. Hún sýnir sig bágnt mun eftir henni að kalla eður uppástanda hvört að gripirnir séu sömu sem hún talar um eður aðrir í þeirra stað með sama nafni, kista og kista, kistill og kistill kunna mismuna stóru. Petti og petti eru mislöng, klæði og klæði eru ekki ætíð jafngóð. Af þessum mínum sér dómarinn hvar í það er fólgið sem ég tel vafalaus ólögmæti þessarar registreringar og kann ei að skilja með hverju móti Snæbjörn forsvarar slíkan ógreinilegleika og bið dómarann hugleiða hvört þvílíkt sómi þeim er ómispenktur vera vill um þvílíkt efni. Hvaða tilgang hafði Snæbjörn, svo skynugur maður, að láta þetta verk vera svo óskýrt og þó synja nýrrar registreringar þegar sýslumaður bauðst til hana að gjöra svo sem acten af 7. október útvisar.

2. Það mun ekki virðast að Snæbjörn sé óþarflega beiddur eids um framlög alls fjárins sem mín sáluga tengdamóðir Ástríður eftirlét, þegar menn hugleiða

þá mína stefnu sem um eikistokkinn og sögubækurnar talar, og þaug mín innlegg er þeirri stefnu til forsvars gjörð eru, og þar á ofan það sem hér í fyrsta pósti sagt er um óskilmerkilegaleika og ólögmati registrationinnar.

3. Þriðji póstur stefnu minnar hefur grundvöll sinn á tveimur áður fyrirfarandi, svo ég ekki skil honum hrinda megi.

4. Fjórði póstur rís af óskilmerkilegheitum registreringarinnar og þykir mér á honum ekki lítið ríða. Munu það og allir góðir menn álíta að svo mikið sem menn eftir fullum nauðsynjum láta sér um bréf og skjöl hugað vera, þá hefði registrationen átt í þessum pósti skilmerk að vera. Hvar eru skjöl þau er gjörðust á millum Magnúsar sáluga og Ástríðar sálugu fyrr og síðar? Hvar eru skjöl fyrir jörðunni Botni í Súgandafirði? Hvar eru skjöl þau er mín sáluga tengdamóðir seldi fastaeign til að lykja skuldir eftir hennar sáluga föður? Átti ekki slíkt allt í einni lögmati registration að mentionerast? Fleira get ég nafngreint ef ég vildi, það sýna skrifleg svör Snæbjarnar af 7. október að ruslað muni hann hafa í skjölunum, þá er hann segir þar ekki fundinn reikning heimanfylgju kvinnu minnar, og fleiri eru þær greinir á margnefndri registration sem sýna hvört hún sé í úlfsham eður sauðaullu.

5. Fimmta grein stefnu minnar er að mínum þanka svo lögmat að á því merkilega kaupmálaskjali er grundvallaður allur sá réttur sem Snæbjörn framast kann að þrætendera til heimanfylgju til reikninga til erfðar eftir Ástríði sálugu. Kref ég af dómáranum að hann láti það skjal fyrir ljós leiðast og mig með processinum af því rigtuga útskrift öðlast börnum mínum og börnum Kristínar sálugu til skýrrar vitundar á hvörutveggja rétti. Beiðist ég að dómárin ekki líði þverúð Snæbjarnar að dylja þetta nauðsynjaskjal fyrir ljósi og rétti.

6. Sjötta grein stefnu minnar að því leyti sem gjörningstvottana snertir er grundvölluð á Norske lov libro 1, capitula 13, articula 6. En hvað hefur Snæbirni gengið til að dylja þenna gjörning allt frá 1714 in majo eður augusto allt til 1719 in octobri? Hvörnin getur það verið samkvæmt við Norske lov sama capitula, articula 22, og sérdeilis við articula 23? Er ekki hér um orð að vitna í gjörningnum framanverðum? Hvörnin má það nú heyrast eftir fyrrnefndum 23. articula, þar sem aldrei hefur gjörninginum lýst verið. Hvörjir voru við þá Ástríður sáluga skyldi hafa undirskriftað hinn síðari hluta gjörningsins, hvörjir bera vitni um að sá hluti gjörningsins hafi verið þá fyrir henni skýrt og greinilega lesinn, orð fyrir orð svo sem nú er hann, eður að hún hafi lesið hann sjálf og þá verið svo heilbrigð að hún hafi getað lesið hann! Á meðan þessi vitni verða ekki að lögum leidd og lögmat dæmd að öllum sömu reglum og skýrleika sem hinn 10. og 11. póstur þessarar minnar stefnu krefur um gjafir Halldóru sálugu, þá ætla ég að sá gjörningurinn sem þessi 6. póstur stefnunnar

umtalar aldrei muni lögmætur dæmast, því að áður citeraður articuli 23 af 13. capitula fyrstu bókar fyrirbýður að vitnin heyrast uppá orð eftir svo langan tíma. En liber 5, capituli 4, articuli 17 krefur ei alleina hánd og segl þess gefanda, heldur og þar með að de skal með godt folks underskrivelse være bekræftede. Eftir þessu tvennu bið ég að fyrst verði metinn þessi gjörningur, bæði fyrri grein hans og síðari, en þann hluta þessa gjörnings sem skipa læst að börn Kristínar sálugu gangi jafnt til arfs eftir móðurmóður, svo sem þeirra skilgetin móðursystir, beiðist ég að dómariinn meti eftir íslenskum lögum og erfðarétti. Þessi hlutinn er um erfð en hinn um gjafir, og þótt menn vildu gjafir þær að íslenskum lögum dæma þá ætla ég að þær láti nærri ójöfnuði. Þegar fyrst er búið að jafna heimanfylgjurnar, að þá fær dótturdóttirin Hólmlfríður nálapípu af silfri en Halldóra dótturdótturinn yngri fær silfursylgju og silfurbúnaðar skeiðir með hnífum. Sýnið þér þær silfurbúnaðar skeiðir og hnífana Snæbjörn. Ég beiðist að dómariinn tilhaldi yður það að gjöra svo metið verði hvört skipt er ójafnaðar laust. En hvörs er nú hönd á original þessa gjörnings seinna partinum, ekki síst þar sem alleina skal standa hönd og signet Ástríðar sálugu en vottar aungvir? Ef á honum er hönd Snæbjarnar mun það ekki vera nokkuð misþenkilegt svo framt aungvir eru til sem vitna kunna að hann hafi Ástríði sálugu skýrt og greinilega lesinn verið. Yfir öllum þessum mínum beiðslum óska ég dóms þess er á lögum byggður sé.

7. Sjöunda grein stefnu minnar er grundvölluð á kvennagiftinga 2. capitula sem gjörir ráð fyrir að meta skuli gripi í heimanfylgjum kvenna.

8. Hér í áttunda pósti stefnu minnar kemur enn að því sem hinn fjórði póstur umtalar, að á skjölunum þarf skil að standa, og læt ég mér ekki nægja eintóm laus orð Snæbjarnar þau er hvorki fylgja vottar né eiður.

9. Þegar hugleidd og metin verður stefna mín um eikistokkinn og sögubækurnar, og þau innlegg mín sem sýna þar til gögn og ástæður, þá mun dómariinn sjá mér fulla vorkunn á að hafa skrifað hinn 9. pósti stefnu minnar eður hvör eru merki þeirrar góðsemi Snæbjarnar við mína sálugu tengdamóður, að hann hafi síðan 1706 in aprili beiðið eftir svo litlum restantsi heimanfylgju Kristínar inntil þess að nú var Ástríður sáluga burtkölluð. Hvörninn má Snæbjörn vottalaust að þeirri skuldu komast eftir Ástríði sálugu framliðna, því skuld mun hann nú vilja kalla það, svo jöfnuður verði á heimanfylgjunum systranna. Sá seinni gienpartur sem hann talar um, hvað er það fyrir skjal? Ég bið Snæbjörn hugleiði það í heimanfylgjureikningi minnar kvennu stendur seint í sængurklæðatali: Enn ein sæng lakari og bíður hún í varðveislu Ástríðar 60 álnir. Item seinast í sama reikningi standa kistur og kistlar, samtals 100 álnir, sem eftir varð hjá Ástríði sálugu svo sem sá reikningur vottar. Þetta samanlagt 140 álnir veit ég ekki að komið sé mér að hönd og ekki finn ég mismun heimanfylgjanna meiri en 2

hundrað 22 álnir eftir þeim reikningi sem Snæbjörn í haust af hendi lét og hinum sem ég eftirlét á Mýrum anno 1696. Mun því Snæbjörn góðviljuglega leiðrétta þennan misreikning um 1 hundrað 25 álnir. En sá málaði kistill sem mín sáluga tengdamóðir Ástríður sendi Þorbjörgu minni fyrir fáum árum með Arnóri Einarssyni má gjarnan til umtals koma þegar við Snæbjörn sýnum hver öðrum smávægan sendingareikning og smávægan gjafareikning til konu hans og barna. Nú segi ég enn að þann seinna gienpart af heimanfylgjureikningi Kristínar er Snæbjörn umtalar og fyrr hefi ég getið, beiðist ég hann leiði í ljós áður honum skuli lukt þau 2 hundrað 22 álnir sem mér telst heimanfylgju-skakkinn vera, eður hann vinnur slíkan eið sem þessi 9. póstur stefnu minnar beiðist.

10. Sá tíundi og ellefti póstur stefnu minnar hefur grundvöll á þeim greinum laganna sem áður hefi ég í þessu innleggi numero 6 uppástaðið að þeim 6. pósti skuli til lögmætis gilda. Það er guði kunnugt og margt vita mennirnir til þess hvað margfaldar sorgir að sturluðu mína sálugu tengdamóður. Menn vita og nokkrir nokkuð til hvörsu mjúklátur Snæbjörn var henni nokkur ár síðan hann settist að Mýrum alvarlega, sérdeildis síðan Kristín sáluga andaðist. Máske sjálfur dómarrinn viti nokkuð til þess. Mun ekki presturinn séra Andrés vita og nokkuð? Hinn gamli séra Bjarni Brynjúlfsson mun ellimóður og ófús að styggja Snæbjörn, því ranka mun hann til viðskipta þeirra, bið ég því ekki vitnis séra Bjarna. Ég hefi áður var orðið hvað vel hann unnir mér. Þegar dómarrinn allt þetta hugleiðir mun hann sjá að ég ei hafi skrifað fyrir sköp fram tíundu og elleftu grein stefnu minnar. Hér ítreka ég enn nú Norske lov liber 1, capitula 13, articula 23 og liber 5, capitula 4, articula 17, og erfðatals 28, ásamt öllum þeim greinum laganna er áhyggjusamlega bjóða varúð á að eigi séu arfsvik við erfingja gjör. Ítem vors gamla kaupabálks 12. capitula er skipar að bréfastjórn-inga þá er á 6 hundraðum ríði og ennþá Norske lov liber 1, capituli 13, articuli 1. Vitni er ekki minna en tveir og mun Snæbjörn ranka til að Moises hafi sett þá reglu eftir boði þess alvísa. Snæbjörn hefur allt til þessa dulið mig þeirra skjala og gagna sem hann vænist fyrir gjöfum Halldóru sálugu til Kristínar. Nú beiðist ég að dómarrinn tilhaldi honum að leiða þau í ljós svo ég megi fá þau með processinum rigtuglega skrifuð.

11. Sá hinn tólfti og þrettándi póstur minnar stefnu draga sinn grundvöll af hinum framanskrifuðum greinum, bæði stefnunnar og þessa míns innleggs, svo sem dómarrinn ljóslega skilur.

Ef að sýslumaðurinn sem í næstliðnum október fyrir bón mína gjörði sér reisu til Mýra til að registrera stærboen prætenderar af mér laun fyrir það ómak, þá svo sem ég efast ei að Snæbjarnar registration verði metin ólögleg, beiðist ég að dómarrinn dæmi mér af Snæbirni refusion fyrir þann kostnað og þar ásamt

fyrir míns umbodsmanns ómak í það sama sinni, þar eð Snæbjörn synjaði registrationinnar í þann tíma og ekki vildi þá að mínum tilboðum ganga, sem ég ekki tvíla að billeg álitin verði, og hefðu kunnað að afvenda öllum frekari kostnaði og lagaþrætum, svo sem dómariinn sjálfur mun álíta. Beiðist ég hans löglegra dómsatkvæða yfir öllum greinum þessa míns máls og að fá dóminn beskrifaðan hvörninn sem hann fellur og með dómnum öll þau document smærri og stærri sem í þessu máli fyrir réttinn framlögð verða. Væntandi af honum sanngirni og réttðæmis og er hans þenustuviljugur vin, Hvammi dag 7. maí 1720, Páll Vídalín LS.

Það virðist mér sýnilegt af reikningi um heimanfylgju Kristínar sálugu þeim er Snæbjörn hefur í té látið að þegar sá reikningur gjörðist anno 1706 hafi á Mýrum verið reikningur af heimanfylgju konu minnar sá er ég lét þar eftir anno 1696. Er ekki sá gienpartur til mín aftur kominn. Því vænti ég efalaust hann finnast muni í skjölum eftir mína sálugu tengdamóður Ástríði. Allt þetta innlegg er in duplo og beiðist ég það verði fyrir réttinum upplesið. Þetta er skrifað stað, ár og dag ut supra, Páll Vídalín.

Fyrir réttinum upplesið að Mýrum 11. júní 1720. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Anno 1720 dag 15. júní settu héraðsþingi að [Hóli] að þessum eftirskrifuðum mönnum, Snæbirni Kolbeinssyni, Guðmundi Jónssyni, Jóni Jónssyni, Oddi Einarssyni, Jóni Jónssyni, Þórði Björnssyni, Bjarna Jónssyni og Jóni Björnssyni, til þingsvitnis nefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni, var upplestin sú stefna er Ólafur Jónsson framlagði er hann kveðst með stefnt hafa lögréttumanninum Snæbirni Pálssyni, dateruð Vigur anno 1720 dag 28. maí með uppáskrift Snæbjarnar Pálssonar að hana séð og lesið hafi 1. júní 1720. Inntak stefnunnar er að Ólafur Jónsson stefnir Snæbirni til vitnisburða áheyrslu þeirra vitnisburða er hann á þessum degi áformi taka um sína frómlega meðferð á þeim hval sem uppkom á Óshlíð næstliðið ár 1719. Innfæríst lit. A.

Var hér nú ei til staðar Snæbjörn Pálsson og var þrisvar eftir honum spurt og á hann hrópað, en Jón Jónsson framlagði eitt bréf undir nafni Snæbjarnar Pálssonar daterað Mýrum dag 13. júní anno 1720, lit. B, í hverju að hann umgetur að hann ásetji sér á þetta þing koma, en bægi forföll honum þar frá, þá getur hann um í bréfinu að eftir [því] hann hafi hann fullnaðaráburði borið þá nægist hann ei með að vitnisburðirnir í fráveru sinni séu öðrúvis útgefnir en svo að hann (Ólafur) hefði fyrir víst ekkert af hvalnum skera látið það ekki hefði til skipta komið, svo sem það bréf sér líkast hermir. Þessu næst var upplestin vitnisburð-

ur Ólafs Jónssonar honum útgefinn af Hóls þingsóknarmönnum anno 1720 dag 27. mars, 17 menn að tölu. Atriði í þessum vitnisburði er: Þá er vor einföld og óneydd en þó sönn meðkenning að fyrrnefndur heiðursmann Ólafur Jónsson hefur sér hagað til orða og verka frómlega vel og kristilega í allan máta um fyrrnefnda tíma við sérhvörn mann sem einum lastvörum og velskikkudum hæfir og velsómir. Innfærast lit. C.

Komu allir þessir menn á hvalinn og auglýsist að sumir hafi verið þar lengur, sumir skemur, sumir allan hvalskurðinn út. Hér fyrir utan framkomu 32 menn sem auglýsa að þeir hafi komið á þann hval sem uppbar á Óshlíð anno 1719 og verið þar um þann tíma sem hvalurinn skorinn var og játa þeir allir sameiginlega að þeir viti ei betur og ekki hafi þeir annars orðið áskynja en Ólafur Jónsson hafi höndlað sér frómlega og erlega í allri hvals meðferðinni er uppbar á Óshlíð anno 1719. Og ekki hafi þeir orðið varir við að Ólafur Jónsson hafi neitt án skiptis af hvalnum fargað eður til sín tekið, og ekki neitt hafi af hvalnum verið eftir óskorið þá Snæbjörn Pálsson hefði burtreist, en Snæbjörn hafi verið viðstaddur þá hvaltrjónan var skorin. Nöfn þessara manna sem þetta útgefið hafa, án þeirra manna sem undir vitnisburði Ólafs eru, innfærast hér, Þorgrímur Ólafsson, Jón Gíslason, Egill Egilsson, Þorvarður Pálsson, Þorsteinn Ellendsson, Bjarni Jónsson*, Jón Bjarnason, Teitur Teitsson, Jón Einarsson, Bjarni Sveinbjörnsson, Helgi Þorgrímsson, Guðmundur Bjarnason, Jón Jónsson, Þorvarður Jónsson, Sigurður Einarsson, Þórður Jónsson, Guðmundur Erlendsson, Eiríkur Þórðarson, Jón Jónsson, Jón Höskuldsson, Tumas Pétursson, Guðmundur Einarsson, Jón Lífjarnsson, Eysteinn Jónsson, Jón Sigurðsson, Lífjarn Jónsson, Þorleifur Halldórsson, Þorgrímur Oddsson, Jón Bjarnason, Björn Sigurðsson, Þorgeir Jónsson og Páll Bjarnason, og þennan vitnisburð játa þeir með eiði staðfesta [vilja] um þann tíma sem hann hafi viðstaddur á hvalnum verið, en eið af þessum mönnum í þetta sinn taka álist* ei nauðsyn þeim uppáleggja, aðgætandi Christians 5. Norsku laga 1. bók, 14. capitula, 5. articula að sá sök gefur ber hana bevísa. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Jón Jónsson meh
Guðmundur Jónsson
Oddur Einarsson
Þórður Björnsson

Markús Bergsson mpp
Snæbjörn Kolbeinsson
Bjarni Jónsson
Jón Jónsson
Jón Björnsson

Lit. A.

Ég Ólafur Jónsson stefni þér Snæbjörn Pálsson lagastefnu til Hóls í Buðlungavík á þann 15. dag júnímánaðar þessa árs anno 1720 fyrir sýslumanninn Markús Bergsson til áheyrslu þeirra votta og vitnisburða sem ég áset, lofi guð, á

sama degi löglega að taka viðvíkjandi minni frómlegri meðferð á þeim hval sem uppkom á Óshlíð næstliðið ár 1719. Vertu þú á sama þing kominn árdegis og bið þar inntil að þessi vitni eru að lögum heyrð og í eidd tekin. Þessari stefnu til merkis er mitt undirskrifað nafn Vigur dag 28. maí anno 1720, Ólafur Jónsson meh.

Séð og yfirlesið hef ég þetta bréf. Til vitnis Hóli dag 1. júní 1720, Snæbjörn Pálsson meh.

Fyrir réttinum upplesið að Hóli anno 1720, dag 15. júní. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Lit. B.

Ég undirskrifaður hefi í ráði ef með nokkru móti get á Hólsþing að koma, en sé svo að óumflýjanleg forföll mér þar frá bægi, þá skrifa ég þennan seðil þeim til athugunar sem hann girnist að sjá og er hans innihald svoleiðis, að sé svo Ólafur Jónsson í ráði hafi ennþá vitnisburða að leita um sína góða kynning viðvíkjandi Óshlíðarhval þá nægist ég ekki með að þeir vitnisburðir í fráveru minni séu öðruvísi gefnir en svo (þar sem áður hefi ég hann fullnaðaráburði borið) að hann hefði fyrir vísit ekkert af hvalnum skera látið það ekki hefði til skipta komið milli skotmanns og rekamanns eður svo að þeir vissi og séð hefði allt það hann skar eða lét skera til skipta koma milli skotmanns og landeiganda, hvalskiptin hafi rétt eftir lögum framfarið og greini á hvörn veg skipt var og þetta verði með eiddi styrkt. Beiðist ég hér úti að velnefndur sýslumaðurinn athugi það sannleikinn beri að geyma svo ekki verði logið framborið, svo og að hvör einn þeirra manna sem vitnisburðina eiga út að gefa gæti skyldu sinnar, gagns og velferðar það eina að vitna í þessu sem þeir vita fyrir guði og sinni sjálfs samvisku rétt að vera, og svo hins er Christians 5. Norsku lög segja í 3. bókar, 12. capitula, 13. articula um þvílíka vitnisburði. Þennan minn seðil bið ég Jón Jónsson á Hanhóli opinberlega að lesa eða lesa láta þingsókninni áheyrandi og uppá hann skrifa láta, að hann svo ásigkominn megi þar eftir mér í hönd komast. Til merkis að Mýrum dag 13. júní anno 1720, Snæbjörn Pálsson meh.

Upplesið að Hóli anno 1720 dag 15. júní fyrir réttinum. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Lit. C.

Öllum guðhræddum og frómum mönnum sem þessi vitnisburðarorð lesa eður lesin heyra heilsa og friður í vorum herra Jesú Christo!

Eftir því æru- og sómaprýddur heiðursmann Ólafur Jónsson óskar af oss undirskrifuðum Hólskirkju sóknarmönnum sanninda vitnisburðar um sína hegðan og breytni á öllum þeim umliðnum vorvertíðartímum sem sérhvor af

oss hefur til hans vitað er hann sig í Bolungarvík sig til sjóróðra gjört hefur, þá með því sannleikurinn ekkert framar óttast hulinn og niðri birgður að vera þá viljum vér ei né dirfunst honum þar til að þrengja guðs vegna og þess kristilega kærleika sem vær skyldugir erum náunganum að auðsýna, þá er vor einföld og óneydd, en þó sönn meðkenning að fyrrnefndur heiðursmann Ólafur Jónsson hefur sér hagað til* orða og verka frómlega vel og kristilega í allan máta um fyrrnefnda tíma við sérhvern mann sem einum lastvörum og velskikkudum hæfir og velsómir. Þökkum honum hér með hans góðlátlega og upprigtuga viðkynning við oss, óskandi honum framvegis guðs náðarríkrar blessunar og góðra manna vinfengis. Þessum vorum einföldum vitnisburðarorðum, hvör útgefin eru í safnaðarins viðurvist, til frekari staðfestu skrifum vær og skrifa látum vor skírnamnöfn hér að neðan að Hóli í Bolungarvík dag 27. mars anno 1720, Jón Jónsson meh, Kolbeinn Snæbjörnsson, Snæbjörn Kolbeinsson, Guðmundur Jónsson, Oddur Einarsson, Páll Narfason, Jón Árnason hs, Bjarni Brynjólfsson meh, Bjarni Einarsson hs, Björn Þorsteinsson, Jón Þorláksson, Björn Ketilsson, Þórður Björnsson, Þórður Brynjólfsson, Benedikt Hannesson meh, Jón Jónsson hs, Bjarni Ketilsson.

Fyrir réttinum upplesið að Hóli anno 1720 dag 15. júní. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Anno 1720 dag 25. júní að Nauteyraryr settu héraðsþingi að samankomnum þeim þingheyrurum, Bjarna Gunnlaugssyni, Ara Jónssyni, Jóni Bjarnasyni, Halli Jónssyni, Bjarna Jónssyni, Andrési Skúlasyni, Páli Þorsteinssyni og Guðmundi Árnasyni, framlagði presturinn séra Þorleifur Þorláksson eina stefnu með hans undirskriftuðu nafni, dateruð Kirkjubóli í Langadal dag 13. maí anno 1720 til Eggerts Snæbjörnssonar, hver inniheldur að presturinn séra Þorleifur stefnir honum á þennan stað og dag til að heyra á vitnisburði Guðmundar Jónssonar og Bjarna Jónssonar um orð til sín töluð á Kirkjubóli í Langadal dag 25. september næstliðinn í áheyrslu prófastsins séra Hjalta Þorsteinssonar, svo sem sú stefna sér líkast hermir. Innfærist lit. A. Vottar sem segjast vera Bjarni Jónsson og Guðmundur Jónsson að stefnulestrinum, játa hér nú opinberlega svo sem uppáskrift stefnunnar hljóðar að hún lesin hafi verið Eggert Snæbjörnssyni á Múla laugardaginn fyrir hvítasunnu anno 1720 og honum þá af henni útskrift afhent. Var hér nú Eggert Snæbjörnsson nálægur og játar um stefnukallsins auglýsing svo sem nefndrar stefnu uppáskrift útvisar.

2. Var upplesið sátartilboð séra Þorleifs Þorlákssonar til Eggerts Snæbjörnssonar uppá alla misklið þeirra á milli, daterað Kirkjubóli 19. júní 1720, lit. B. Hér uppá svaraði Eggert Snæbjörnsson að hann vildi allt bróðurlega niðurslægist þeirra á milli og býður að betala til prestsins 2 hundruð í gagnlegum

landaurum svo hann mætti fríast frá lagasóknum í þessu efni og uppí þau tvö hundruð skuli koma landskuld sú prestsins er hann á að gjalda sér nú í vor anno 1720. Og sagðist presturinn ekki vilja að þessum boðum Eggerts ganga uppá millilagið og óskaði nú presturinn séra Þorleifur Þorláksson að vottarnir mætti orðin fyrir réttinum framsegja uppá Eggert Snæbjörnsson sem stefnan tilmeinar og að þeir væri í eidd teknir.

En Eggert segist mæla í móti þessum vitnum að þeir vitni um nein sín orð er þeir kunni vilja segja að hann talað hafi til séra Þorleifs vegna þess að þeir séu hans þénarar og kveðst styðja sig við Christians 5. Norsku lög 1. bók, 13. capitula, 17. articula.

2. Að presturinn hafi þetta ei uppá ferskan fót löglega sókt og eigi ei þar fyrir að sinni meiningu eftir sömu bókar 13. capitula, 22. articula vitni uppá sig færast eftir svo langan tíma, og orðsökin til sinnar meiningar sé að hann meini sig utanhéraðsmann.

3. Að Guðmundur Jónsson sem ekki hefur verið hér í bili nema vel eitt ár leggi fram kynning sína þaðan sem hann hefur verið er votti að hann sé skilamaður, en Guðmundur kveðst ei vera þar til stefndur.

Og óskaði presturinn að þetta eftirskrifað innfærast er hann sjálfur fyrirsagði munnlega: Nálægum er vitanlegt að Bjarni Jónsson var ekki minn þénari 1719 þegar Eggert skyldi orðin talað hafa, en Guðmundur Jónsson var þá þénari minn að hálfu. Ég óska og aðgætist Norsku lög 1. bók, 13. capituli, articuli 17 hvort orðið tyende, absolute positum, merki vinnumenn. Sömuleiðis óska ég aðgætist þessi orð eller díslige sager sem standa í sama articula eftir orðið draps, volds etc* sager skuli ekki skiljast um þaug orð sem hljóða um dráp, ofríki, lygi og ósannindi er töluð kynni verið hafa við mig á mínu heimili af Eggert, hvílík orð vottarnir tilbjóða sig að vitna nú fyrir réttinum.

4. Pétur Þorvaldsson og Þorsteinn Pálsson munu enn nú minnast þess að ég las stefnu yfir Eggert Snæbjörnssyni að Laugabóli við Ísafjörð 1719, 26. dag september, uppá þetta mál, en þó ég kunni ei aftur sökina forfríska um aflíðinn vetrartíma vona ég öllum vitanlegt sé að orðsakast hafi af óhægd plássins og óhentugleika vetrarfarsins í þessum harðindasveitum, heldur síðan vetrarfarinu létti sökina forfrískað, svo sem process sýslumannsins Markúsar Bergssonar genginn að Nauteyri 24. apríl næstliðinn útvísar og mín stefna þann 18. maí uppá þann 10. júní næstliðinn ávísar, nær sýslumaðurinn gegndi málum lögmansins herra Páls Jónssonar Vídalín. Ég óska aðgætist hvert lögin tilhaldi Guðmundi að samantína sína vitnisburði, þó hann hafi kunnað að vera að liðnu sínu 14. aldursári í einum eða tveimur sveitum annarri en þessari, þar ég meina eftir því sem hann lýsti síðast fyrir réttinum að hann sé undir tvítugt. Og tilbuðu þeir sig Bjarni Jónsson og Guðmundur Jónsson sig nú að vitna um orð

Eggerts Snæbjörnssonar til séra Þorleifs Þorlákssonar. En að innfæra þeirra vitnisburð fyrir en metið er hvert þeir eiga að vitna, eður ei, afsakar sýslumaðurinn sig um að gjöra, jafnvel þó presturinn óskaði að innfærist hvílik eður hveðrar meiningar orð vottarnir vilji uppá Eggert sverja.

En þegar svo var komið auglýstu þeir séra Þorleifur Þorláksson og Eggert Snæbjörnsson að þeir væri forlíktir uppá allt sem þeim hingað til dags hefði milli farið og framlögðu uppá það bréflaga sáttargjörð dateraða á þessum stað og degi undir beggja þeirra nöfnum. Innfærist lit C. Og að þetta allt svo framfarið hafi votta undirskrifaðir sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Bjarni Gunnlaugsson

Andrés Skúlason

Páll Þorsteinsson

Bjarni Jónsson

Ari Jónsson

Jón Bjarnason

Hallur Jónsson

Guðmundur Árnason

Lit. A.

Svo framt mín vitni verða ekki í eið tekin uppá yður Eggert Snæbjörnsson fyrir réttinum á Nauteyri þann 10. júní 1720 stefni ég Þorleifur Þorláksson, sóknarprestur til Kirkjubólskirkju í Langadal, yður Eggert Snæbjörnsson til Nauteyrarþingstaðar á Langadalsströnd á þann 25. júní 1720 fyrir virðuglegan monsieur Markús Bergsson og fyrir hans tilnefnda þingmenn til að heyra þar sama staðar á vitnisburði Guðmundar Jónssonar og Bjarna Jónssonar um yðar orð til mín töluð [að] Kirkjubóli í Langadal dag 25. september næstliðinn áheyrandi prófastinum séra Hjalta Þorsteinssyni. Mætið árdegis á sögðum stað og degi með yðar löglegar varnir og bíðið svo lengi sem vitnin staðfesta sinn framburð með eiði. Þetta styrki ég með undirskrifuðu nafni að Kirkjubóli í Langadal dag 13. maí anno 1720, Þorleifur Þorláksson.

Stefnan var lesin af séra Þorleifi Þorlákssyni Eggert Snæbjörnssyni okkur áheyrandi og ásjáandi, þar af útskrift afhent að Múla í Kollafirði laugardaginn fyrir hvítasunnu 1720. Til merkis að Kirkjubóli annan dag hvítasunnu 1720, Guðmundur Jónsson, Bjarni Jónsson.

Fyrir réttinum upplesin að Nauteyri anno 1720 dag 25. júní. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Lit. B.

Svo framt þér Eggert Snæbjörnsson girnist að það stefnumál sem ég hefi yður á hendur fært niðursláist vil ég það eftirláta með þessum skilmálum:

1. Að þér afturtakið þaug orð sem þér kunnið hafa talað við mig 1719 dag 25. september vottum áheyrandi á Kirkjubóli í Langadal.

2. Og biðjið fyrirgefningar á þeim undir sömu votta, játandi að þér hafið ekkert eður vitið ekkert að tala uppá mitt ærlegt nafn og rykti.

3. Að þér betalið til mín í sáttarbætur í gildum landaurum 5 hundruð sem betöluð séu 30. júní nú 1720, annars sé málið í fullum process.

4. Að þér viljið nú taka fyrir þá misklíð sem hefur mátt orðsakast og hér eftir orðsakast kann okkar á millum út af ábýli mínu á* háflendunni Kirkjubóli í Langadal og sjálfri kirkjunni á þennan hátt:

1. Að ég hafi til ábýlis af kirkjunnar eign hálfra jörðina Kirkjuból með því háflendunni fylgja ber af jarðargæðum og húsum nægilegum, en þér látið eftir hér meintum kirkjunnar húsum til viðhalds grenivið af kirkjueigninni Fellsreka og mér fyrir kostnaðinn að sækja þann* við af þeim sama reka uppá hest, fyrir hvern þann sem ég legg undir viðinn til kirkjuhúsanna.

2. Að við séum aðskildir um uppþynging þeirra 18 ám sem kirkjueigninni hálfu Kirkjubóli fylgja á þennan hátt að ég ábyrgist þær árlega að öllu leyti meðan ég þær áhalds hefi fyrir 10 álnir af þeirri landskuld sem kirkjunni af mér gjaldast ber árlega.

3. Að við séum aðskildir um kirkjuvöktunina svo ég þurfi ei jafnlega að angiefa yður fyrir yðar margfalt hirðuleysi við Kirkjubólskirkju og það henni fylgir til heilagrar þjónustugjörðarinnar á þennan hátt að ég vakti kirkjuna vetur og sumar, og öll hennar ornamenta og instrumenta sem mér afhent verða, en ábyrgist þó ekki fyrir voveiflegum skaða. Kerti til kirkjunnar skal ég steypa láta með því móti að sex ljóstollar séu af bændunum í sókninni til mín goldnir á haustinu árlega. Fyrir allt þetta skulu niðurfalla 20 álnir af þeirri landskuld er ég skyldi kirkjunni árlega svara.

4*. Vín og brauð til kirkjunnar vil ég árlega tilleggja, hvar fyrir niðurfalli 5 aurar af þeirri árlegri landskuld sem mér ber kirkjunni gjalda.

5. Að þér haldið ásláttarlaust alla þá skilmála og loforð sem inn kynni færast í contractina.

Kirkjubóli dag 19. júní 1720, Þorleifur Þorláksson.

Fyrir réttinum upplesið að Nauteyri anno 1720 dag 25. júní. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Lit C.

Anno 1720 dag 25. júní að Nauteyri framfór svolátandi forlíkun milli séra Þorleifs Þorlákssonar og Eggerts Snæbjörnssonar, að öll sú misklíð og óeining er þeirra hefur allt hingað til dags á milli farið, hvert það er með stefnum byrjað eður hvað annað, hverju nafni sem heita kann, skuli vera dautt og magtarlaust, óvirðingarlaust Eggert Snæbjörnssyni, með eftirfylgjandi skilmálum:

1. Að Eggert Snæbjörnsson lofar að betala til prestsins séra Þorleifs Þor-

lákssonar hálf t fjórða hundrad í landaurum, svo hann mætti fráast frá að standa í lagaprætum, og skuli 80 álnir af þessu betalast með landskuld af Kirkjubóli í vor 1720, hitt skuli betalast í gildum landaurum fyrir næstkomandi 2. júlí.

2. Til þess að ei gjörist óeining hér eftir uppá það sem kirkjunni og leigujörð séra Þorleifs Kirkjubóli viðkomi, þá segist Eggert Snæbjörnsson gjöra svolátandi skipun við séra Þorleif þar um, um þann tíma hér eftir er hann hafi byggingarráð yfir Kirkjubóli, þá skuli presturinn uppbera:

1. Fyrir það hann sjálfur tilleggi vín og bakstur ánægjanlega til kirkjunnar af landskuldinni árlega 30 álnir.

2. Að presturinn fyrir það að vakta kirkjuna sumar og vetur og öll hennar ornamenta og instrumenta er honum afhent verða, svo og að steypa ljós til kirkjunnar, kvitterist af landskuldinni árlega til prestsins 20 álnir.

3. Að presturinn uppberi af landskuldinni árlega 10 álnir uppí uppbot á 3 kúgildum er hjá honum eru, en presturinn lofar að skila þeim út aftur ungum og leigufærum þá hann viðskilur.

4. Að fyrir það að presturinn sæki við til húsauppbotar á Fellsreka og kostar þar til mönnum og hestum skuli hann mega eignast við uppá annan er hann sækir þangað.

Og lofa þeir hverjir öðrum hér eftir bróðurlega vinsamleglega og vel hver við annan höndla leynt og ljóst sem góðum náungum vel sómir og allt framan-skrifað halda. Öllu framanskriðu til staðfestu skrifa partarnir ásamt nálægum þingmönnum sín nöfn hér undir sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Þorleifur Þorláksson, Eggert Snæbjörnsson.

Viðstaddur var ég, Markús Bergsson mpp, Hallur Jónsson, Runólfur Ólafsson, Jón Bjarnason.

Fyrir réttinum upplesið að Nauteyri anno 1720 dag 25. júní. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Anno 1720 dag 8. október að Reykjarfirði settu héraðsþingi vorum vér eftirskrifaðir menn, Jón Hannesson, Ólafur Jónsson, Jón Jónsson, Jón Bjarnason, Ari Jónsson, Hallur Jónsson, Bjarni Jónsson og Þorgrímur Ólafsson, tilnefndir af sýslumanninum Markúsi Bergssyni að yfirvega og dóm á að leggja það mál sem þannin er varið að Guðrún Sigurðardóttir hefur vottanlega lýst bróður sinn Daða Sigurðsson föður að því barni er hún í heiminn fæddi seint á þessu sumri, hvörju hann hefur viðgöngu veitt og hefur því sýslumaðurinn bréflaga stefnt þeim á þennan stað og dag næstliðinn 5. september til þessa máls svara, svo sem sú stefna er nú var upplesin sér líkast hermir, dateruð Heydal dag 5. september anno 1720. Innfærast lit. A.

Voru þau bæði sameiginlega hér til viðurmælis játandi fyrirkallinu, ásamt

þeirra af sýslumanninum tilskikkaður svaramaður og afi, Torfi Þorgeirsson, hvern sýslumaðurinn hefur þess vegna þar til kvatt að þau systkin eru og hafa verið af honum uppfóstruð. Aðspurði nú sýslumaðurinn fyrir réttinum Guðrúnu Sigurðardóttur hvert hún stæði við sína barnslýsingu uppá bróður sinn, Daða Sigurðsson, og auglýsti nefnd Guðrún Sigurðardóttir velviljuglega að sinn bróðir Daði Sigurðsson nú nálægur væri svo sannur faðir að þessu sínu barni er hún hefði á þessu sumri í heiminn fætt svo sem hún sjálf væri móðir, hverri hennar lýsingu Daði Sigurðsson ljúflega nú fyrir réttinum viðgöngu veitti og játaði hann væri sannur faðir að greindu hennar barni.

Var nú Torfa Þorgeirssyni boðið að framleggja það sérhvað er hann þenkti greindum systkinum kynni að horfa til nokkra líkinda í þessu máli og kallar hann sig ei annað hafa en það einasta ef þeim kynni til vorkunnar virðast að hvorugt þeirra er komið til fullmyndugra ára, þar Daði Sigurðsson þessi sé ekki nema 18 vetra en Guðrún Sigurðardóttir 17. Hvar uppá hann lagði fram skriflegan vitnisburð þeirra skírnarföðurs séra Arnfinns Magnússonar með hans þekktanlegri hendi og undirskrifuðu nafni að Skarði 20. september anno 1720, hver eð vitnar um þeirra aldur sama og afinn hefur áður auglýst. Innfærist lit. B. Frekara segist hverki hann né þaug hafa fram að [legg]ja í þessu efni. Samankomnir þingmenn segjast ekkert vita annað um þessi systkin að segja en þaug hafi hagað sér frá barndómi og til þessa meinlauslega og frómlega til orða og gjörða fyrir utan þetta brot.

Og að þessu máli yfirveguðu er í herrans nafni sýslumannsins og vor allra tilnefndra endilegur dómur að fyrrnefnd systkin Daði Sigurðsson og Guðrún Sigurðardóttir hafi forbrotið sitt líf eftir Stóradómi, af háloflegrar minningar Friderich öðrum staðfestur anno 1565. En þar eftir heimafingsdómi ber í soddan stórmæli ekki execution að ske, þá vísast þessum dómi til eðla herra lögmannanna yfirskoðunar og endilegrar úrlausnar á næstkomandi Öxarár alþingi anno 1721. Svo og er sett til herra lögmannanna beþenkingar hvert þeim sýnist ei orðsök að uppihaldist þessum persónum að rétta til kónglegrar majestatis úrlausnar vegna þess að greind systkin voru ei nærri tuttugu ára þá brotið skeði. Daða Sigurðsson og Guðrúnu Sigurðardóttur ályktum vér skylduga að vera til staðar fyrir lögmannanna dómi á næsta alþingi og nú rétttæk til fanga af sýslumanninum sem aðrir stórbrotamenn. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Markús Bergsson mpp LS
Ólafur Jónsson LS
Ari Jónsson LS
Jón Jónsson
Þorgrímur Ólafsson

Jón Hannesson LS
Jón Bjarnason LS
Hallur Jónsson LS
Bjarni Jónsson

Þessi dómur var upplesinn Daða Sigurðssyni og Guðrúnu Sigurðardóttur áheyrandi sama stað, ár og dag sem fyrr segir. Til merkis Jón Hannesson, Jón Bjarnason.

Lit. A.

Eftir sem Guðrún Sigurðardóttir að Eyri við Mjóafjörð hefur lýst bróður sinn Daða Sigurðsson föður að því barni sem hún hefur í heiminn fætt á þessu sumri og hann hefur því viðgöngu veitt, þá stefni ég Markús Bergsson kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu þér Daði Sigurðsson og þér Guðrúnu Sigurðardóttir til Reykjarfjarðarþingstaðar í Vatnsfjarðarsveit á þann 8. dag október anno 1720 til að vera til viðurmælis og andsvara svo lengi þetta ykkar barneignarmál er prófað og rannsakað, og dómur er þar á genginn. En þar ég formerki að þið séuð ei komin til ykkar myndugra ára, þá boða og tilsegi ég ykkar forsvarsmanni Torfa Þorgeirssyni á sagðan stað og dag koma með sérhvað er hann kann að hafa ykkur til forsvars í þessu efni og afsökunar fram að vísa. Til merkis mitt nafn að Heydal anno 1720 dag 5. september, Markús Bergsson mpp LS.

Framanskrifað var upplesið að Eyri við Mjóafjörð Daða Sigurðssyni og Guðrúnu Sigurðardóttur og Torfa Þorgeirssyni áheyrandi og þeim rigtugur gienpartur þar af afhentur. Til merkis vor nöfn sama ár og dag er fyrr segir, Jón Jónsson meh, Árni Bjarnarson meh.

Fyrir réttinum upplesið að Reykjarfirði anno 1720 dag 8. október. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Lit. B.

Eftir ósk virðuglegs sýslumannsins Ísafjarðarsýslu monsieur Markúsar Bergssonar um aldur þeirra systkina Daða Sigurðssonar og Guðrúnar Sigurðardóttur auglýsi ég undirskrifaður þetta: Daði var skírður anno 1702, 21. apríl, en hans systir Guðrún Sigurðardóttir var skírð anno 1703, 13. október. Þessu ofanskriðu er til merkis mitt nafn með eigin hendi, Skarði dag 20. september anno 1720, Arnfinnur Magnússon.

Anno 1720 dag 8. október var þetta upplesið fyrir réttinum að Reykjarfirði. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

1721

Anno 1721 dag 26. febrúar að settu héraðsþingi á Ögri af sýslumanninum Markúsi Bergssyni að nálægum eftirskrifuðum tilnefndum þingheyrurum, Ólafi Jónssyni, Þorvarði Sigurðssyni, Bjarna Jónssyni, Jóni Jónssyni, Ívari Þórðarsyni, Eiríki Halldórssyni, Bjarna Ívarssyni og Þorgeiri Jónssyni, kom til tals og mála um þann óráðvanda dreng Jón Jónsson er Narfi Tumasson á Hrafnabjörgum klagar fyrir það að hann hafi nú á þessum vetri gengið í skemmuhús sitt og þar uppbrotið eina kistu og þar úr stolið tveimur tóbakspundum, 6 fiska hníf, sauðarmagál og litarböndum, með hverju þýfi hann er að morgni fundinn á Laugabóli, og hafði þá ei af því fargað utan magálnum. Í annan máta auglýsir Árni Bjarnason að Jón þessi Jónsson hafi næstliðinn föstudagsmorgun frá sér stolið nýjum tvefaldabands* sokkum, hverjir hér sýndir voru og virtir nú 6 fiska virði.

Var nú þessi Jón Jónsson hér til staðar og játar óneyddur öllu framanskriufuðu, bæði það hann hafi stolið frá greindum Narfa Tómassyni tveimur pundum tóbaks, hnífnum, magálnum og litarböndunum, og brotið upp til þess kistu, svo og að hann hafi næstliðinn föstudag á heimili sýslumannsins stolið nefndum sokkum í skálanum nær hann var að klæða sig. Er nú takan frá Narfa álitin að vera til verðaura fullgildar 15 álnir og 6 fiskar frá Árna. Voru hér og til staðar þeir menn Jón Jónsson og Björn Sigurðsson, er nálægir voru þá framanskriufuð taka var hjá honum fundin, og játa það allt satt er þar um er inn í þennan process fært, og sjálfur Jón Jónsson hefur hér viðgöngu veitt.

Og því í herrans nafni er svolátandi dómur hér um dæmdur að nefndur þessi drengur Jón Jónsson sé sekur fyrir töku frá Narfa Tumassyni um 3 merkur við kóng en tveim aurum fyrir tökuna frá Árna*, en þeim eru ei þess vegna bætur dæmdar að þeir gefa hann kvittan um sína sök. En þar hann er félaus og fær ei heldur neinn borgunarmann þá er sá endilegur dómur að hann missi húðina fyrir þessi verk og þennan þjófnað. Dómurinn er byggður á þjófabálki 1. capitula, Christians 5. Norsku lögum 1. bók, 22. capitula, articula 11. Item 6. bókarinnar 17. capitula, articula 33. Til merkis undirskriufuð nöfn.

Ólafur Jónsson mpp
Bjarni Jónsson
Eiríkur Halldórsson
Ívar Þórðarson

Markús Bergsson mpp
Þorvarður Sigurðsson
Jón Jónsson
Bjarni Ívarsson
Þorgeir Jónsson

Anno 1721 dag 26. febrúar að Ögri settu héraðsþingi var húðlátsrefsing lögð á Jón Jónsson fyrir þær sektir á hann voru dæmdar nú á þessum stað og degi í þingmanna viðurvist. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Ólafur Jónsson	Porgeir Jónsson
Eiríkur Halldórsson	Bjarni Ívarsson
Þorvarður Sigurðsson	Jón Jónsson
Ívar Þórðarson	Bjarni Jónsson

Copia af kaupbréfi Jóns Jónssonar í Hnífsdal
fyrir 14 hundruðum og 40 álnum í Sandeyri
af Jóni Magnússyni fyrir 1 hundrað 23 rixdali.

Anno 1720 þann 13. ágúst að Hnífsdal neðra við Skutulsfjörð framfór svofellður gjörningur þessara eftirskrifaðra manna í votta viðurvist, erugöfugs heiðursmanns Jóns Magnússonar og velnefnds Jóns Jónssonar, að erugöfugur Jón Magnússon selur velnefndum Jóni Jónssyni jörðina Sandeyri 14 hundruð og 40 álnir að dýrleika liggjandi í Snæfjallakirkjusókn á Snæfjallaströnd, undan sér og sínum erfingjum en undir velnefndan Jón Jónsson og hans erfingja til ævinlegrar tíðar með þeim skilmálum og condision að eruverðugur Jón Magnússon uppberi 10 rixdala gildi fyrir hvört jarðarhundrað, item fyrir 40 álnir í sagðri jörðu, hvað að hleypur sig til stórt hundrað 20 og 3ja dala, hvar uppí að Jón Magnússon hefur meðtekið af velnefndum Jóni Jónssyni sextigi dali in specie á sögðum stað, ári og degi sem upphaflega greinir, og þennan frekari gjörning og kaupmála viljum við báðir með okkar nöfnum og signetum bekræfta í votta viðurvist. En ég Jón Magnússon lofa velnefndum Jóni Jónssyni að Hnífsdal neðra ljúfu samþykki minnar dóttur Ólufar Jónsdóttur á greindri sölu, hvar um mitt nafn ber vitni og signet hér að neðan. Anno, die et loci ut supra, Jón Jónsson meh LS, Jón Magnússon LS.

En það viðvíkur kaupmála á Sandeyri og hinumegin umgreinir er og skal staðfast standa í undirskrifaðra votta viðurvist, hverjir með [kaupanda] og seljanda undirskrifa með áþrykktum [sign]etum málspartanna (án véla) og þetta á sama [stað,] ári og degi sem upphaflega greinir.

Uppá þennan gjörning og handsöl saúm vær undirskrifaðir vottar, Guðmundur Ísleiksson meh, Jón Snorrason meh, Þorleifur Bjarnason meh, Jón Jónsson hs.

Anno 1721 dag 17. apríl að settu manntalsþingi að Tungu við Skutulsfjörð var þetta opinberlega upplesið þingmönnum áheyrandi. Vottar Markús Bergsson mpp.

Samþykki Ólufar Jónsdóttur uppá Sandeyrar sölu.

Það gjöri ég undirskrifuð Óluf Jónsdóttir góðum mönnum kunnugt með þessu opnu bréfi og undirskrifuðu nafni, að ég er fullkomlega samþykk jarðarsölu míns elskulega föðurs Jóns Magnússonar, sem hann seldi eruþrýddum Jóni Jónssyni búandi í Hnífsdal, sem er 14 hundruð og fjörutigi álnir í Sandeyri liggjandi á Snæfjallaströnd og í Snæfjallakirkjusókn, hvorri jarðarsölu ég er fyllilega samþykk fyrir mig og mína persónu til ævinlegrar tíðar eftir því sem þeirra kaupbréf þar [um] hljóðandi er og það bréf um greinir, og til merkis og staðfestu hér um skrifa ég mitt nafn hér fyrir neðan í erlegra votta viðurvist er sín nöfn ásamt mínu hér fyrir neðan skrifa að Eyri við Tálknafjörð anno 1721 dag 8. mars, Óluf Jónsdóttir.

Vér undirskrifaðir erum vottar að ofanskrefuðu jarðakaupabréfi og samþykki eruverðugrar heiðursstúlku Ólafar Jónsdóttur sem hún hefur gefið sínum elsku föður Jóni Magnússyni til að fremja við eruþrýddan heiðursmann Jón Jónsson. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrir framan segir, Bjarni Vernharðsson, Bjarni Bjarnason meh.

Anno 1721 dag 17. apríl fyrir réttinum upplesið á Tungu manntalsþingi. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Copia af kaupbréfi Jóns Jónssonar í Hnífsdal
fyrir 4 hundruðum í Minnihlíð fyrir 40 rixdali in specie
af Sigmundi Sæmundssyni.

Anno 1719 dag 19. júní að Hnífsdal neðra framfór svofelldur gjörningur þessara eftirskrifaðra manna í votta viðurvist, Sigmundar Sæmundssonar og Jóns Jónssonar, með samþykki og ljúfum vilja Sigmundar ektakvinnu Helgu Þorkelsdóttir, að Sigmundur Sæmundsson selur Jóni Jónssyni hálfu Minnihlíð í Buðlungarvík liggjandi í Hólskirkjusókn fjögur hundruð að dýrleika undan sér og sínum erfingjum en undir Jón og hans erfingja, og það ævinlega, en Sigmundur tilskilur það aftur við Jón, að ef hann selji fyrrnefnda jörð þá skuli hann öngum selja nema sér, hvörju Jón lofar, en andvirði jarðarinnar afhendir Jón Jónsson Sigmundi Sæmundssyni fjörutigi ríkisdali in specie, og skal nú Jón Jónsson strax uppbera afgift jarðarinnar, landskuld og leigur. Þennan gjörning staðfestum við með okkar eigin handar undirskrift og áþrykktu signeti sama stað og dag sem upphaflega greinir, Jón Jónsson meh LS, Sigmundur Sæmundsson meh LS.

Uppá þennan gjörning og handsöl sáum við undirskrifaðir vottar, Tómas Jónsson meh, Bjarni Jónsson meh, Járngeir Jónsson meh.

Anno 1721 dag 17. apríl að settu manntalsþingi á Tungu var þetta opinberlega upplesið. Testerar Markús Bergsson mpp.

Anno 1721 dag 22. apríl að settu manntalsþingi að Mýrum, nálægum eftirskrifuðum þingheyrum, Guðmundi Jónssyni, Ólafi Sigurðssyni, Þorsteini Ólafssyni, Jóni Jónssyni, Konráði Oddssyni, Jóni Guðmundssyni, Jóst Jónssyni og Þormóði Magnússyni, framlagði presturinn séra Andrés Gíslason eina stefnu, dateraða Mýrum 19. mars 1721, lit. A, hvar inni presturinn séra Andrés stefnir Snæbjörni Pálssyni á þennan stað og dag til að heyra á þaug vitni er hann kveðst á sögðum stað og degi hafa ásett fram að leiða um þaug orð er hann hafi til sín talað næstliðinn 17. dag febrúar. Í sömu stefnu er umgetið að presturinn stefni á þennan stað og dag Jóni Brandssyni, Jóni Guðmundssyni, Jóni Jónssyni og Tyrfini Bjarnasyni til að bera vitni um sömu orð undir svarinn eið.

Voru nú nálægir Snæbjörn Pálsson og vitnaefnin Jón Brandsson, Jón Guðmundsson og Tyrfini Bjarnason meðan þessi stefna var upplestin og játa stefnuna sér auglýsta verið hafa 19. mars og 31. mars næstliðinn, og kalla sig ánægða með stefnulesturinn og copiunnar afhending. Jón Jónsson var hér nú ei til staðar og var þrisvar á hann hrópað og kveðst enginn vita önnur hans forföll heldur en þau að húsbóndi hans kom hér og hafði sent hann í gær frá heimili sínu eftir sem hann hér auglýsti, en þingsóknin auglýsir að þetta sé unglingsdregur og meini þeir fyllilega hann hafi hverki vit á hvað stefna gilti eður eftirtekt á vitni bera. Þegar svo var komið sættust þeir séra Andrés Gíslason og Snæbjörn heilum sáttum uppá þetta stefnumál svo það skuli vera niðurslegið í allan máta óvirðingarlaust á báðar síður. Til merkis.

Ólafur Sigurðsson
 Jón Jónsson meh
 Þorsteinn Ólafsson meh
 Þormóður Magnússon hs

Guðmundur Jónsson meh
 Jón Guðmundsson meh
 Konráður Oddsson meh
 Jóst Jónsson meh

Lit. A.

Ég Andrés prestur Gíslason stefni yður Snæbjörn Pálsson til hins fyrsta þings sem haldið verður að Mýrum við Dýrafjörð á þessu ári 1721 sem verða mun þann 22. dag næstkomandi aprílmánaðar fyrir virðulegan valdsmanninn Markús Bergsson og undir löglegs þingvitis heyrn, til áheyrslu þeirra vitna er ég á tilteknu þingi hefi ásett, lofi guð, fram að leiða um þau orð er þér til mín töluðuð næstliðinn 17. dag febrúar og á sama dags kvöldi á yðar skipi. Á sama stað og dag og fyrir téðan valdsmann stefni ég og svo þér Jón Brandsson, þér Jón Guðmundsson, þér Jón Jónsson, þér Tyrfini Bjarnason til að bera lögfullt vitni í viðurvist Snæbjörns Pálssonar um öll þau orð sem þið á téðum degi og sama dags kvöldi heyrðuð Snæbjörn til mín tala á skipinu undir ykkar svarinn eið, að öllu svo lögfullu sem vera byrjar. Veri allir þið fyrir miðjan dag komnir á téðan stað og bíðið inn til þess að vitnatektinni er lokið. Þessari

stefnu er til merkis mitt undirskrifað nafn að Mýrum þann 19. mars anno 1721, Andrés Gíslason

Þessi hér ofanskrifuð stefna var upplesin við kalldyr á Mýrum þann 19. mars þessa árs 1721 þegar áður hafði þrisvar verið hrópað á Snæbjörn Pálsson og þegar hann var framkominn var honum útskrift stefnunnar afhent. Voru þar þá og viðstaddir hér að framan nefndir menn, Jón Jónsson, Jón Guðmundsson og Jón Brandsson. Þessu til merkis eru undirskrifuð nöfn, Teitur Ásbjörnsson meh, Andrés Arngrímsson meh.

Þann 31. dag mars næstliðinn var þessi stefna upplesin yfir Tyrfingi Bjarnasyni og honum samstundis copia þar út af afhent í viðurvist Jóns Bjarnasonar, Þorláks Þórarinssonar og Jörundar Bjarnasonar.

Anno 1721 dag 22. apríl var framanskrifuð stefna upplesin fyrir réttinum á Mýrum. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Copie af löggjafarbréfi Þórunnar Árnadóttur til Jóns Þorvaldssonar.

Anno 1720 þann 12. október að Ketilseyri vestan fram við Dýrafjörð framfór og gjörðist svolátandi gjörningur af þeirri heiðurlegu og guðræknu kvinnu Þórunni Árnadóttur með ráði Snæbjörns Pálssonar, sem hún tilkosið hafði með sér að samþykkja og undirskrifa þennan gjörning, að hún gefur velforstandigum manni Jóni Þorvaldssyni yngra þann fjórða part úr öllu sínu fé föstu og lausu sem hún nú á og er til tekið, hér með hálf tanna hundrad í jörðunni Tröð við Önundarfjörð í Holtskirkjusókn og þrjú hundruð í jörðinni Stóra-Hjarðardal liggjandi við Dýrafjörð í Mýrakirkjusókn, honum og hans erfingjum til frjáls forræðis og fullkomlegrar eignar ævinlega héðan í frá, undan sér og sínum erfingjum bæði til lands og vatns. Þar að auki fyrir þann kostnað sem hann fyrir þessari velnefndu konu haft hefur nær í fjögur ár fær hún honum nú til fullrar eignar átta hundruð í fyrrnefndri jörðu Hjarðardal með öllum þeim gæðum sem fyrir skilur um áðurnefndan part í Hjarðardal, að hvörju sem Snæbjörns undirskrift við undirskrifaðir erum kallaðir vottar, sem ásamt hennar nafni og svo hér undirskrifum sama stað, ár og dag sem fyrr segir, Þórunn Árnadóttir, Snæbjörn Pálsson.

Vottar að þessum ofanskrifuðum gjörningi erum við Jón Jóstsson, Jón Pálsson.

Anno 1721 að settu Meðaldals manntalsþingi dag 23. apríl var þetta opinberlega upplesið. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Copie af próventugjörningi Þórunnar
Árnadóttur anno 1720.

Það gjöri ég Þórunn Árnadóttir heyrum kunnugt með þessu mínu opnu bréfi að ég með ráði velforstandigs manns Snæbjörns Pálssonar hefi svolátandi gjörning gjört við minn elskulegan tengdanáunga Jón Þorvaldsson yngra á Ketilseyri og hans eiginkvinnu systur mína Halldóru Sigurðardóttur, svo og þeirra börn, þrjá syni og þrjár dætur, að ég gef þeim öllum mér til fósturs en þeim til eignar fjögur hundruð í jörðunni Stóra-Hjarðardal liggjandi við Dýrafjörð í Mýrakirkjusókn með hálfu öðru kúgildi sem ég á í Hjarðardal til frjáls forræðis og fullkomlegrar eignar undan mér og mínum erfingjum en undir þaug og þeirra erfingja ævinlega héðan í frá. Þar í móti tilskil ég að velnefndur Jón Þorvaldsson, hans sómaprýdd kvinna systir mín Halldóra og þeirra börn veiti mér svo sem einni erlegri prestsekkju sæmilegt fæði og forsjögun bæði til dags og nætur í öllu því sem ég með þarf allt svo lengi sem ég lifi, það með ónotnum kærleika og systkinalegum velvilja á allar síður og í hvörn uppþenkjanlegan máta sem verða má, hvörju sem öllu ofanskriðu til merkis að er mitt undirskrifað nafn og Snæbjörns Pálssonar. Til fullkominnar staðfestu og órjúfanlegs jáyrðis og samþykkis skrifar og svo hér undir Jón Þorvaldsson, hans ektakvinna lætur undirskrifa, svo og þeirra sex börn sín nöfn hér fyrir neðan í tilkallaðra votta viðurvist að Ketilseyri dag 14. október anno 1720, Þórunn Árnadóttir, Jón Þorvaldsson* yngri meh, Snæbjörn Pálsson meh, Halldóra Sigurðardóttir hs, Einar Jónsson meh, Hákon Jónsson, Þorsteinn Jónsson meh, Þóra Jónsdóttir hs, Gunnhildur Jónsdóttir hs, Guðrún Jónsdóttir mev.

Að þessum ofanskriðuðum gjörningi erum við heyrandi og ásjáandi vottar, hverju til staðfestu við setjum okkar skírarnöfn hér undir, Jón Þorleifsson meh, Jón Jóstsson meh.

Anno 1721 að settu Meðaldals manntalsþingi dag 23. apríl var þetta opinberlega upplesið, til vitnis Markús Bergsson mpp.

Meðkenning um sölu á 1 hundraði
í Gljúfrará Ástríðar Einarsdóttur 1680.

Kennist ég undirskriðuð að ég til eignar fengið hefi Guðmundi Guðmundssyni á Baulhúsum eitt hundrað í Gljúfurá, hvað hann er búinn að betala. En ég tilskil að hann mér aftur kaups á unni fyrir þá peninga sem við ásátt um verðum og til sannindamerkis handsala ég mitt nafn hér undir að skrifa, útgefið að Kirkjubóli við Arnarfjörð 1680, Ástríður Einarsdóttir.

Pennan ofanskriðuðan gjörning játum við undirskriðuðir sannan að vera,

setjandi okkar nöfn hér undir sama stað og ár sem fyrr segir, Sveinn Einarsson meh, Jón Guðmundsson hs.

Anno 1721 dag 24. apríl fyrir rétti upplesið að Auðkúlu. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Kennist ég hér undirskrifaður að Guðmundur Guðmundsson á Baulhúsum biður mig um mína sannleiks meðkenning sér út að gefa um það hvört ég með öðrum hafi ei nærstaddur verið þann dag sem Ástríður Einarsdóttir á Gljúfraá arfinn eftir sinn bróður Einar sókti og á Baulhúsum meðtók. Víst horfði ég þar á og Jón heitinn Þorsteinsson að hérnefndur Guðmundur Guðmundsson fyrrnefndri Ástríði Einarsdóttir nokkra dali af sínu fé úttaldi og í eigin hönd afhenti fyrir utan hennar arf, en um þeirra orð og skilmála stendur hér ei frekar. Anno 1698, 17. febrúar, Guðmundur Jónsson meh.

Beggja áðurnefndra persóna, Guðmundar Guðmundssonar og Ástríðar Einarsdóttur, þrímenningur að frændsemi er ég og ef löglegt er að ég um þeirra mál beri, þá vissi ég Guðmund Guðmundsson nokkra dali Ástríði Einarsdóttur útgreiða af sínu fé í mót jarðarhundraði í Gljúfurá þann dag sem hún arfinn sókti. Til merkis læt ég mitt nafn hér undir skrifa á Tjaldanesi anno 1698 dag 22. febrúar, Kristín Pálsdóttir.

Það meðkennist ég Margrét Jónsdóttir að ég kom innan af sveit til Baulhúsa og nær ég þar kom sá ég Guðmund Guðmundsson afhenda Ástríði Einarsdóttur á Gljúfurá nokkra gjaldpeninga í hennar hönd, hvað ég meinti rixdali vera, en þeirra orð og skilmála um fyrrnefnda peninga ber ég ekkert. Þessum orðum til frekari styrkingar handsala ég mitt nafn hér undirskrifa á Steinanesi við Suðurfjörður anno 1698, 13. september, Margrét Jónsdóttir handsalar með eigin hendi.

Það meðkennunst við undirskrifaðir að við Sáum Margrétu Jónsdóttur handsala hér undir sitt nafn að skrifa sama stað, ár og dag sem fyrr segir, Torfi Hallsson meh, Gísli Narfason meh.

Fyrir réttinum upplesið að Auðkúlu 1721 dag 24. apríl. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Ég Guðmundur Guðmundsson lögfesti hér í dag eitt hundrað í jörðunni Gljúfurá* og í jarðarpartinum hennar Ástríðar Einarsdóttur sem hún mér setti eður seldi fyrir þá 8 ríkisdali er ég henni í hönd afgreiddi með tveggja dala verðum katli, hvör jörð að liggjandi er í Hrafseyrarkirkjusókn, töðu og engjar,

holt og haga, vötn og veiðistaði, útað Þorbjarnará og inná Brunnagili, allt það sem vötnum hallar, af hvörju jarðarhundraði hérnefnd kona með sínum manni nú sáluðum mér leigu og landskulð galt nærri um tólf ár samfelld. Fyrirbýð ég hvörjum manni það jarðarhundrað sér að gagnnýta utan mitt sé lof og leyfi til. Þó standi mín lögfesta ei til nokkurs бага þeim mönnum sem á parti Sveins Einarssonar búa í greindri jörð að vitni þínu Þórður Bjarnason og þínu Gísli Narfason og allra þeirra er orð mín heyra 1700 að Rafnseyrarkirkju, las fyrirnefndur manni við Rafnseyrarkirkju sunnudaginn næstan eftir páska, Þórður Bjarnason meh, Gísli Narfason meh.

Anno 1721 dag 24. apríl var þetta fyrir réttinum upplesið að Auðkúlu. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Copie af umboðsbréfi uppá skothvali 1721.

Meðkennum við hér undirskrifaðir menn að við gefum eruverðugum manni Ólafi Jónssyni fullkomlegt lagaumboð út að heimta og að sér að taka eftir lögum alla þá skotmannshluti sem okkur kunna að aflast við Ísafjarðardjúp og í Jökulfjörðum, af þeim hvölum sem þar kunna að reka eður á land rónir verða með okkar þingbornum skeytum, annars hvers eður beggja sem sjálfir við þar persónulega nálægir værum, og hvað sem nefndur heiðursmann Ólafur Jónsson þar úti sanngjarnlega gjörir skal af okkur samþykkt og haldið vera. Þessu okkar umboðsbréfi til fullkomlegrar staðfestu og sannindamerkis skrifum við okkar skírnamöfn hér að neðan með eigin höndum og áþrykktum signetum [að] Hrafneyri þann 2. janúar 1721, Eyjólfur Jónsson meh LS, Guðmundur Þorbjörnsson meh.

Anno 1721 dag 8. maí upplesið á Reykjarfjarðarþingi. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Anno 1721 dag 10. maí upplesið á Nauteyrarþingi. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Anno 1721 dag 12. maí upplesið á Unaðsdalsþingi. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Copie af bréfi er hljóðar um umbýti á 3 hundruðum í Laxárbakka og 3 hundruðum í Lónseyri.

Það er góðum mönnum vitanlegt að ég hef gefið minni systurdóttur Sesselju Jónsdóttur þrjú hundruð í jörðunni Laxárbakka liggjandi í Miklholtshrepp og Miklholtskirkjusókn með því skilorði að ég til mín leysa mætti áðurnefnd 3 hundruð fyrir aðra fastaeign henni nálægri, og því fæ ég nú áðurnefndri Sess-

elju Jónsdóttur til fulls andvirðis fyrir 3 hundruð í Laxárbakka 3 hundruð í jörðunni Lónseyri liggjandi á Snæfjallaströnd og í Snæfjallakirkjusókn, með öllum þeim gögnum og gæðum, eignum og ítökum til lands, vatns og sjávar sem greindum 3 hundruðum fylgir, fylgt hefur og með réttu fylgja ber, og ég hef framast eigandi að orðið, undan mér og mínum erfingjum en undir Sesselju Jónsdóttur og hennar skilfengna erfingja, að tillögðum þessum skilmálum að sofni Sesselja í burt svo hún láti ei skilfengin börn eftir sig, þá hverfi áðurnefnd 3 hundruð í Lónseyri aftur undir mig eður mína erfingja án betalings. En girnist hún eður hennar erlegur ektamaður Jón Jónsson áðurnefnd 3 hundruð fyrir lausafé í burt selja, þá bjóðist mér fyrst eður mínum erfingjum fyrir sanngjarnlegan betaling og er nú svo fullkomin eign og eigindómur 3 hundruð í Lónseyri Sesselju Jónsdóttur upp héðan. En áðurnefnd 3 hundruð í Laxárbakka falla til mín og minna erfingja átölulaus af Sesselju og hennar erfingjum hér eftir. Skal nú Jón Jónsson, ektamaður nefndrar Sesselju, áðurnefnd 3 hundruð í Lónseyri að sér taka í næstkomandi fardögum til umhirðingar og ágóða en henni til eignar, og að þetta óraskað standa skuli þá skrifa ég mitt nafn hér undir og áþrykki venjulegu signeti ásamt erlegum mönnum er sín nöfn hér undir skrifa að Unaðsdal settu manntalsþingi anno 1721, dag 12. maí, Runólfur Ólafsson LS.

Anno 1721 dag 12. maí var þetta bréf opinberlega upplesið að Unaðsdals manntalsþingi, þingmönnum áheyrandi. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Copie af þeim þingsact er framfór að Auðkúlu
í málefni Guðrúnar Jónsdóttur í Lokinhömrum
anno 1721 dag 19. maí.

Anno 1721 þann 19. maí að settu héraðsþingi að Auðkúlu og samankomnum tilkölluðum þingheyrurum, Bjarna Snorrasynti, Guðmundi Þorbjörnssynti, Bjarna Sigurðssynti, Egli Bjarnasynti, Jóni Ísleifssynti, Jóni Jónssynti, Eyjólfvi Jónssynti og Einari Sigurðssynti, auglýsti sýslumaðurinn Markús Bergsson að vegna þess vonda orðróms sem gengið hefði í vetur um þessa sýslu, þess innihalds að á aflíðnu sumri 1720 skyldi hafa horfið þykkt af Guðrúnu Jónsdóttur í Lokinhömrum með víðara sem þar hefði verið umtalað, þá hefði hann stefnt heimilisfólki að Lokinhömrum svo hér um mætti heldur ske alvarlegt próf og nákvæm eftirgrenslun hverninn þessu háttáð væri. Og var nú þessu næst upplesin ein stefna dateruð 24. apríl 1721 með sýslumannsins Markúsar Bergssonar nafni og signeti undir til Ásbjörns Bjarnasonar, Ketils Brandssonar, Einars Árnasonar, Páls Halldórssonar, Guðmundar Sigurðssonar, Torfa Sigurðssonar, Brands Bjarnasonar, Bjarna Guðmundssonar, Sigurðar Guðmundssonar, Helgu

Hafliðadóttur, Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þuríðar Sigurðardóttur, þess innihalds að allir fyrrnefndir karlmenn og kvenmenn vitni á sögðum stað og degi það frekasta þeim vitanlegt sé um þykkt Guðrúnar Jónsdóttur vinnukonu í Lokinhömrum og nær hún hafi af henni horfið, sem og sérhvað er þeir hafi þar um orðið áskynja undir sinn svarinn eið, að aungvu þar af leyni er málinu kynni til upplýsingar vera, svo sem nefnd stefna sér líkast hermir. Innfærast lit. A.

2. Var upplesin ein stefna þess innihalds til Guðrúnar Jónsdóttur á Lokinhömrum, að hún skyldi vera til staðar fyrir réttinum á þessum stað og degi til að heyra á vitnisburð heimilisfólksins í Lokinhömrum um þykkt er á henni skyldi sést hafa 1720 og hennar burthvarf, sem og það er sérhver um þetta vitni kynni málinu til upplýsingar, með víðara er greind stefna inniheldur, hver dateruð er anno 1721 dag 25. apríl, með fyrrnefnds sýslumanns nafni undir. Innfærast lit. B.

Var hér nú til staðar fyrir réttinum nefnd Guðrún Jónsdóttir og játar sig nefnda stefnu heyrt hafa yfir sér lesna að Álftamýri næstliðinn 25. apríl og af henni í sama sinni rigtuga copiu meðtekið, hverja hún nú sýndi, rétt eins og stefnuvottanna uppáskrift á greindri stefnu hljóðar, Guðmundar Halldórssonar og Jóns Jónssonar, er þetta nú einninn fyrir réttinum opinberlega játuðu satt vera. Í sama máta voru hér og til staðar nokkrir af fyrrnefndum mönnum er áðurtalin stefna undir lit. A. umgetur, nefnilega Ásbjörn Bjarnason, Ketill Brandsson, Einar Árnason, Páll Halldórsson, Guðmundur Sigurðsson, Torfi Sigurðsson, Brandur Bjarnason, Þuríður Sigurðardóttir og Þorbjörg Hallsdóttir og játuðu opinberlega fyrir réttinum að fyrrnefnd stefna hefði sér birt verið svo sem hennar uppáskrift hljóðar, undir eins og öllum þeim mönnum sem stefnan umgetur að Lokinhömrum afliðinn 25. apríl, og játuðu sig sem og Guðrún Jónsdóttir með fyrirkallið ánægða.

Öll þessi vitni öðluðust fráma og erlega kynning og ályktaði sýslumaðurinn þá alla skylduga að vitna við sinn eið eftir Christians 5. Norsku lögum 1. bók, 13. capitula, articula 7 allt hið frekasta sem sérhverjum af þeim vitanlegt er í þessu efni og hvað þeir væri tilspurðir um til þessarar sakar upplýsingar, og að eiðsúthýðingunni upplesniri aflögðu bæði áðurnefndir karlmenn og kvenmenn svolátandi eið sem eftir fylgir, eitt í hverju lagi með sérhvers nafni: Ég tek til vitnis guð almáttugan að ég skal nú í dag fyrir réttinum segja sannleikann um allt það hið frekasta ég veit og áskynja orðið hefi um það mál Guðrúnu Jónsdóttur í Lokinhömrum viðvikjandi er sýslumaðurinn Markús Bergsson hefur mér stefnt á þennan stað og dag um að vitna og aungvu skal ég þar af leyna* er því kann til nokkrar opinberunar eður upplýsingar vera, svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium.

Hér eftir var Ásbjörn Bjarnason sér í lagi inn fyrir réttinn kallaður í náværu oftnefndrar Guðrúnar Jónsdóttur og kveðst hann bera þetta eftirskrifað vitni uppá sinn aflagðan eið sem hér nú eftir fylgir: Ég Ásbjörn Bjarnason auglýsi að ég sá í fyrri, anno 1720, þykkt á Guðrúnu Jónsdóttur, eins og þeirri kvennu er gengur með barn, og vóx smásaman í fyrravetur og fyrravor inn til þess að hún lagðist á mánudaginn næstan eftir trinitatis sunnudag 1720, og sá ég hana ei þar eftir á fótum til þess á fimmtudagsmorguninn þar næstan eftir og sýndist mér þá fyrrgreind þykkt af henni, hvör þó var orðin svo mikil þá hún lagðist svo sem almennilega plagar að vera á þeirri konu er komin er að barnburði. En um fyrr ákveðinn tíma lá hún í rúmi í miðjum skálanum á Lokinhömrum sem og margt annað fólk á nóttunni og heyrði ég oft hljóð til hennar um þann tíma en þó ekki hærri en heyrast mætti 8 eður 9 faðma. Ekki varð ég vís eður áskynja um að nefnd Guðrún Jónsdóttir fæddi á þeim tíma neitt barn eður fóstur dautt eður lifandi í heiminn eður hafi fætt fyrr eður síðar utan það eina sem hún átt hefur við Snorra Árnasyni og ekkert dautt barn eður fóstur hefi ég þar í landareign eður annars staðar fundið eður vitað fundið hverki fyrr né síðar á ævi minni, og ekki veit ég neitt hér um frekara segja uppá þann eið ég hefi aflagt.

Og að þessum vitnisburði innfærðum var innkallaður Ketill Brandsson, hvör hans vitnisburður er hann kvaðst bera uppá sinn aflagðan eið er svolátandi sem fylgir: Ég Ketill Brandsson auglýsi að ég sá þykkt á Guðrúnu Jónsdóttur sem vóx og jókst um veturinn og vorið 1720 líka sem þeirrar kvensviptar er barnshafandi er inntil þess hún lagðist mánudaginn næstan eftir trinitatis sunnudag 1720, og í þeirri legu missti hún þykktina, hver áður var orðin svo mikil sem þeirrar konu er leggst á gólf. Lá ég í skálanum uppí loftinu á nóttunni um þann tíma og heyrði ég til hennar hæg hljóð svo sem heyrast mætti 5 faðma langt. Þegar hún stóð upp aftur sá ég meira bera á brjóstastaðnum utan yfir fötin en áður og aldrei hef ég vitað eður orðið áskynja að nefnd Guðrún Jónsdóttir hafi um þann tíma neitt barn dautt eður lifandi í heiminn fætt fyrr eður síðar utan það hún átt hefur við Snorra Árnasyni, og ekkert dautt barn eður fóstur hefi ég þar í landareign eður annars staðar fundið eður vitað fundið eður nein líkindi til þess, hverki fyrr né síðar. Ekki vissi ég aðra oftari nærri henni koma en Brand Bjarnason. Frekara kann ég ei neitt uppá minn aflagðan eið hér um bera.

Þessu næst var innkallaður Einar Árnason og sagðist vitna uppá sinn eið þetta eftirskrifað: Ég Einar Árnason sá á Guðrúnu Jónsdóttur í Lokinhömrum þykkt anno 1720 um veturinn og vorið sem vóx líka sem þeirra kvenmanna er ganga með afkvæmi inntil þess hún lagðist mánudaginn næstan eftir trinitatis sunnudag 1720, en á fimmtudaginn þar eftir, þá hún uppstóð, var þykktin af

henni. Lá ég í skálanum á nóttunni um þann tíma ásamt öðru fólki í næsta rúmi til fóta nefndrar Guðrúnar og heyrði ég til hennar hljóð hver ég held að hafi mátt heyrast 5 fadma. Einn dag sat ég af þessum dögum sem Guðrún Jónsdóttir lá í skálanum í bæjardyrnum í Lokinhömrum og sá ég Brand Bjarnason þar heimilismann bera út rekkjuvoðir hennar bögglaðar saman, og sá ég þá í einum endanum svo sem svart blóð og gekk ég svo síðan strax út og var þá Giríður heitin Bjarnadóttir er var vinnukona á Lokinhömrum að þvo þessar rekkjuvoðir, og sá ég þá í þeim blóð köflum saman, síðan á fimmtudaginn er hún Guðrún Jónsdóttir var komin á fætur kom ég inn í skálann, stóð hún þá við rúm í skálanum og kastaði gæru loðniri í rúm sitt, skoðaði ég þá gærna og sá hana nærri allra horna á milli stokkna af blóði og vatni mjög* blauta í miðjunni. Á fötunum utan sá ég meira fara fyrir brjóstunum á nefndri Guðrúnu Jónsdóttur eftir það hún uppstóð heldur en áður og síðan, en ekki sá ég brjóstin ber eður mjólk úr þeim fara. Ekki varð ég vís eður áskynja um að nefnd Guðrún Jónsdóttir fæddi á þeim tíma neitt barn eður fóstur í heiminn, dautt eður lifandi, eður þar eftir* eður áður, síðan hún auglýstist að því með Snorra Árnasyni, og ekki hafði ég neina vitund að eður varð áskynja í minnsta að barn væri þar útborið af neinum og ekkert dautt barn eður fóstur hef ég þar í landareign eður annars staðar fundið eður vitað fundið fyrr né síðar eður neitt af barni, og ekki veit ég neitt hér um frekara segja uppá þann eið ég hefi aflagt.

Hér eftir kom fyrir réttinn Páll Halldórsson og sagðist vitna við sinn eið eftirskrifað: Ég Páll Halldórsson kom til Lokinhamra um sumarmál 1720 og sá ég þá á Guðrúnu Jónsdóttur þykkt hver þar eftir vóx á henni smásaman svo sem þeirri konu er gengur með barni, inn til þess hún lagðist mánudaginn næstan eftir trinitatis sunnudag 1720. Þá hún stóð upp aftur á fimmtudaginn var þykktin af henni horfin. Lá ég ekki í sama húsi og hún, en nær ég kom að húsi er hún lá í heyrði ég ei meiri hljóð til hennar en svo sem heyrast mátti 3 fadma. Lá hún um fyrrsagðan tíma í miðrúminu í skálanum. Brjóstin á henni sá ég ekki, en meira þótt mér bera á treyjunni um brjóst hennar en almennilega var áður eður nú er. Ekki hef ég orðið vís eður áskynja að nefnd Guðrún Jónsdóttir fæddi um þann tíma og ekki fyrr eður síðar lifandi eður dautt barn í heiminn, að fráteknu því er hún hefur átt við Snorra Árnasyni og ekki hefi ég neina vitund af að þar væri barn eður dautt fóstur útborið og ekkert dautt barn eður af barni hefi ég vitað að fundist hafi nokkurs staðar hér í sveit. Framar þessu veit ég ei neitt að vitna uppá minn eið í þessu máli.

Þessu næst innkom Guðmundur Sigurðsson hér fyrir réttinn og segist auglýsa uppá sinn eið eftirskrifaðan vitnisburð: Ég Guðmundur Sigurðsson vitna að ég anno 1720 sá þykkt á Guðrúnu Jónsdóttur vinnukonu í Lokinhömrum, hver jókst á henni um veturinn og vorið, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð,

líka sem kvinnu þeirrar er gengur með lífsávöxt, allt til þess hún lagðist, og var horfin af henni þá hún á fætur stóð 3 dögum síðar, hver þó var orðin svo mikil sem á mörgum kvinnum þá leggjast á gólf. Lá ég í sama rúmi og Einar Árnason um þann tíma hún lá á nóttunni og heyrði ég ei meira til hennar en stunn, en á daginn þá ég heyrði mest held ég það hafi mátt heyrast svo sem átta faðma hljóð hennar. Um daginn þann fyrsta hún var komin á fætur kom ég í skálann og sagði ég við hana hún hefði verið aum um sinn legutíma, hvar til hún svaraði að hún hefði aldrei liðið þvílíka kvöl og spurði ég hana hvers slags sótt það hefði verið, hvar til hún svaraði mér að það hefði verið blóðsött, spurði ég hana að hvert það hefði runnið sjálfkrafa eður með stykkjum, og sagði hún mér það hefði runnið hvertveggja. Ekki varð ég vís eður áskynja að greind Guðrún Jónsdóttir fæddi á þeim tíma fyrir eður eftir neitt barn eður fóstur í heiminn eður hafi fætt til þessa, utan það barn er hún hefur áður átt við Snorra Árnasyni, og ekkert dautt barn eður fóstur hef ég orðið áskynja að í Lokinhömrum hafi verið útborið og ekkert dautt barn eður fóstur hefi ég þar í landareign eður annars staðar fundið eður vitað fundið fyrr né síðar eður neitt af barni. Frekara í þessu efni þykist hann ei vita.

Kom inn sá 6. maður fyrir réttinn, Torfi Sigurðsson, og sagðist uppá sinn aflagðan eið auglýsa þetta eftirskrifad: Ég Torfi Sigurðsson sá þykkt á Guðrúnu Jónsdóttur anno 1720 og var þá um veturinn og vorið ætíð að vaxa allt fram að því hún lagðist. Hvarf hún þá af henni á þeim þremur dögum er hún lá, hver þá var áður orðin svo mikil sem á mörgum konum þá þær leggjast á gólf. Lá ég í skálanum á nóttunni en fyrir framan rúm hennar var breidd hempa, heyrði ég á daginn þá ég gekk um bæinn hljóð til hennar sem heyrast mátti 5 faðma. Brand Bjarnason sá ég henni helst nærgöngulastan. Hverki varð ég vís eður áskynja að greind Guðrún Jónsdóttir fæddi á þeim tíma fyrir eður eftir dautt eður lifandi barn eður fóstur í heiminn eður hafi fætt það ár 1720, og ekkert dautt barn eður fóstur hef ég orðið áskynja að út hafi verið borið í Lokinhömrum eður þar síðan fundist eður í þessari sveit og ekki neitt af barni. Ekkert frekara segist hann vita að bera í þessu efni.

Hér eftir innkom Brandur Bjarnason og sagðist bera uppá sinn svarinn eið þetta eftirskrifad: Ég Brandur Bjarnason sá fyrst þykkt að ég eftirtók á Guðrúnu Jónsdóttur í miðjan þorra 1720. Jókst hún þá smásaman á henni helst undir sumarið og þar eftir að minni sjón inn til þess hún lagðist mánudaginn næstan eftir trinitatis sunnudag 1720, lá hún þá á palli þá ég heim kom á mánudaginn og fór ég þá að fá mat. En þegar ég var kominn fram í miðja máltíð stóð hún þá upp. Svaraði ég svofellnum orðum: Ég ætla þér sé illt Guðrún, hún sagði: Já. Síðan gekk hún fram og fékk ég mér mat útaf, var þá sú dýna er hún á sat allauguð af blóði. Var þar þá inni Bjarni Guðmundsson og Helga Hafliða-

dóttir, bæði húsbændur hennar, framgekk ég þá litliri* stundu síðar. Þá ég var búinn að fá mér mat fór ég fram í skála að drekka, var þá þessi Guðrún Jónsdóttir komin uppí rúmið í miðjum skálanum, beiddi hún mig þá að ljá sér rekkjod, spurði ég hvar ég ætti að taka hana, samt fékk ég henni rekkjod sem lá ofan á rúmi mínu, hverja hún undir sig lét og dró aðra undan og snaraði á gólfíð, og var hún full með blóð rennandi og í stykkjum, og beiddi hún mig að skila við stúlkurnar að þvo rýjur sínar, lá þar og einn pils hennar og sokkar með sama hætti. Tók ég þá þessa rekkjod í mína hægri hönd og bara hana út til Giríðar sálugu Bjarnadóttur, við hverri hún tók og lét hana í vatnspott í eldhúsinu. Það kvöld og nóttina þar eftir kom ég ei að því rúmi utan ég lá í skálanum móts við hana. Um nóttina heyrði ég til hennar vein lítið sem heyrast mátti til hennar að ég held svo sem 4 faðma, gekk ég síðan til fjár um morguninn með stekkjafólki, og þá nærri var milli hádegis og dagmála kom ég heim og í skáladyrnar, sá ég þá svo sem að ég hugði að hún vildi setjast upp við öxl. Rauk hún þá snögg út af, hvað mér kom skyndilega og ég gekk svo í skálann að rúminu og sá ég að seig að henni þvítíkast sem ómegin, hljóp ég uppá kistuna fyrir framan rúmið og tók vatnsask fyrir ofan hana, hver hjá henni hafði staðið, tók hendi minni ofan í askinn og sló framan í hana vatni með hendinni. Sá ég hjá henni standa dall til fóta hennar fullan af blóði runnu og órunnu, og steypiti ég því ofan fyrir hólinn. Eftir hádegi gekk ég til hennar og bauð henni að láta búa um sig og burtu færa sig, og sagðist hún ei treysta sér þar til. Síðan skipti ég þar við hana um rekkjod og lét aðra undir hana, og var hún þá blóðug, og bar hana til áðurnefndrar Giríðar og þvoði hún hana upp. Gjörði* ég henni ei annað til góða þar til hún sté á fætur að 3 dögum liðnum, formerkti ég þó þar eftir að hún var veik af blóðlátum þann hálfan mánuð eftir er hún var að ganga að stekknunum. Frekara segist hann ekki kunna að bera í þessu efni því til upplýsingar, en aldrei segist hann vitað hafa eður orðið áskynja að hún hafi það ár 1720 lifandi eður dauft barn í heiminn fætt eður það hafi verið útborið eður fundist þar í Lokinhömrum neitt af barni eður í þessari sveit.

Þessu næst var innkölluð Þuríður Sigurðardóttir og kvaðst hún bera svolátandi vitni sem eftir fylgir uppá sinn aflagðan eidd: Ég Þuríður Sigurðardóttir sá að Guðrún Jónsdóttir hafði í fyrravetur 1720 og það vor þykkt sem jókst á henni smásaman líka eins og ég hefi vitað á þeim konum er þungaðar eru af barni, fram til þess hún lagðist að mig minnir mánudaginn næstan eftir trinitatis sunnudag á mánudagskvöldið þó ekki kominn háttatími heyrði ég hljóð til hennar út fyrir bæjarþröskuldinn, en ekki kom ég til hennar. Föt hennar sá ég eftir það búið var að þvo þau, og það vissi ég að á þau var heitt vatn, en ekkert blóð sá ég, brjóst hennar ber sá ég ekki, en á fötunum utan yfir brjóst-

unum þóttist ég sjá meira til en áður eður nú. Þegar hún uppstóð var horfin af henni þykktin. Ekkert barn dauft eður lifandi hef ég orðið áskynja að Guðrún hafi í heiminn borið anno 1720 eður það hafi verið útbórið eður nein deili til þess að af barni dauðu hafi þar fundist, meira segist hún ei vita að vitna í þessu máli.

Að síðustu framkom Þorbjörg Hallsdóttir og sagðist bera þetta eftirskrifað uppá þennan sinn aflagðan eið: Ég Þorbjörg Hallsdóttir kom til Lokinhamra sunnudaginn fyrstan í sumri 1720 og sá ég þá þykkt á Guðrúnu Jónsdóttur vinnukonu þar, vóx hún þá á henni til þess hún lagðist mánudaginn næstan eftir trinitatis sunnudag, heyrði ég hana stynja þá ég gekk um bæinn. Sá ég að fót hennar var verið að berja við lækinn þá ég gekk eitt sinn þangað fljótlega, en aldrei sá ég þau blóðug, brjóst hennar sá ég ei ber en á fötunum sem voru yfir brjóstunum sá ég meira á bera strax eftir það hún uppstóð heldur en áður eður nú. Í rúminu sá ég hana ei því það var breidd hempa á stagið* fyrir framan rúmið, á fimmtudaginn þá hún var komin á fætur sá ég hana og var þá af henni þykktin. Ekki segist hún hafa orðið vís eður áskynja fyrr eður síðar að nefnd Guðrún hafi 1720 lifandi eður dauft barn eður fóstur í heiminn fætt. Ekki heldur að það væri af henni eður öðrum útbórið eður vitað það finnast eður neitt af því. Frekara segist hún ekki vita að bera í þessu máli því til upplýsingar.

Voru allir þessir fyrrskrifaðir níu menn hver fyrir sig yfirheyrður og heyrði enginn til annars af þeim sem ekki höfðu áður borið í viðurvist Guðrúnar Jónsdóttur, og sögðust þeir ekkert frekara kunna að auglýsa en áður segir, og var hver einn alvarlega áminntur af sýslumanninum sannleikann að segja. Þessu næst var upplesinn Ara Bjarnasonar er afliðið ár var heimilismaður í Lokinhömrum skriflegur vitnisburður sem nú er vikinn í Barðastrandasýslu svolátandi sem eftir fylgir: Eftir því að ég burtu úr þessari sveit og sókn vík og virðuglegur valdsmaðurinn í Ísafjarðarsýslu Markús Bergsson óskar af mér undirskrifuðum vitnisburðar um mál Guðrúnar Jónsdóttur* vinnukonu Bjarna Guðmundssonar eldra, hvað ég sem aðrir hér á heimili veit sannast fyrir guði í greindu máli, þá sé nú það fyrst heyrum kunnugt að ég sá nefnda Guðrúnu með nokkri þykkt verandi, hvör eð af henni hvarf á 3 dögum sem að var mánudagurinn næstur eftir dominica trinitatis sunnudag á næstumliðnu vori, þá þar á eftir var nefnd Guðrún á fótum. En um þrjá daga áður nefnda lá Guðrún sjúk að sjón minni, en hvörninn sem þessu hafi háttað og varið verið veit ég ei í neinn máta, svo hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium sem ég satt segi nú í þessum mínum vitnisburði, og til styrkingar þessum fáum orðum skrifa ég mitt nafn hér undir á Lokinhömrum 1721, Ari Bjarnason meh.

Það viðvikur þeim 5 mönnum, Bjarna Guðmundssyni, Helgu Hafliðadóttur,

Sigurði Guðmundssyni, Ingibjörgu Guðmundsdóttir og Puríði Sigurðardóttir, er hingað eru stefndir á þennan stað og dag sem áður segir, en ei hingað komnir, en nær sýslumaðurinn spurði eftir forföllum þeirra kvað heimilisfólk að Lokinhömrum að því mundi valda þeirra aldurdóms burðaleysi. En Ketill Brandsson, einn af heimilismönnum í Lokinhömrum, afhenti sýslumanninum einn seðil er hann sagði sér tilsagt hefði að afhenda Bjarni Guðmundsson ábúandi í Lokinhömrum, hver seðill var fyrir réttinum upplesinn og er dateraður 18. maí anno 1721, hljóðandi um þykkt oftnefndrar Guðrúnar Jónsdóttur með undirskrifuðu nafni Bjarna Guðmundssonar og Helgu Hafliðadóttur. Hverki á seðlinum né nafninu er eigin hönd Bjarna Guðmundssonar né Helgu Hafliðadóttur og aungvir vottar framkoma að þau hafi seðilinn skrifað eður handsalað sitt nafn undir hann skrifa, og ekki segist hann vita að þau hafi látið skrifa sitt nafn þar undir. Einnin afhenti Ásbjörn Bjarnason annan seðil undir nafni Sigurðar Guðmundssonar, Ingibjargar Guðmundsdóttur og Puríðar Sigurðardóttur, svo á sig kominn sem um hinn segir, og þar til að undir þennan vantar dag og ár nær hann var útgefinn. Og þar þessir báðir seðlar eru þannin á sig komnir ályktar sýslumaðurinn að þeir kunni ei í þetta sinn antakast fyrir löglega vitnisburði í þessu máli eftir sem Christians 5. Norsku laga 1. bók, 13. capituli, articuli 4, 6 ákveður og kaupabálks 2. capituli hvernin þeir vitnisburðir skuli vera sem á þing skulu sendast, heldur liggi til að eftirgengið sé hvernin þessum seðlum sé varið eður vitnan fyrrnefndra manna í þessu máli, sem og með hverju móti þessir menn kunna löglega að afsaka sig að þeir hafa ei í svo góðu veðri sem nú gengur stefnunni eftirlifað að koma á þingið og ei hingað sent sína löglega vitnan eftir áður citeruðum lögum, sem og Christians 5. Norsku lögum 1. bók, 13. capitula, articula 7 og kaupabálks 13. capitula.

Frekari upplýsing af vitnum fékkst ei í þetta sinn uppá þetta mál. En sýslumaðurinn Markús Bergsson lét innkalla Guðrúnu Jónsdóttur og eftirspurði hana hvað valdið hefði þykkt hennar er áðurnefnd vitni hafa umborið og áminnti hana alvarlega sannleikann segja í þessu efni, og auglýsti hún ekkert annað en það hefði verið blóð sem runnið hefði í 3 daga og aldeilis þverneitar hún að hér með hafi fylgt nokkurt barn dautt eður lifandi eður nokkurt það efni eður materia sem orðsakast hefði kunnað af manns og konu samræði, og þar uppá segist hún vilja eið vinna, sem og að nokkur karlmaður hefði með sér samræði haft er heyra kynni til barngetnaðar síðan hún átti barn við Snorra Árnasyni. En eiðinn taka segist sýslumaðurinn láta hjá líða í þetta sinn vegna þess ef eitt-hvert frekara kynni þessu efni til upplýsingar síðar birtast, og að þetta allt framanskrifað svo framfarið hafi sem hér greinir vitna undirskrifaðir er sín nöfn hér undirskrifa sama stað og ár en degi síðar en fyrr segir.

Bjarni Sigurðsson meh
Bjarni Snorrason meh
Eyjólfur Jónsson meh
Jón Jónsson meh

Markús Bergsson mpp
Jón Ísleifsson meh
Guðmundur Þorbjörnsson meh
Egill Bjarnason meh
Einar Sigurðsson meh

Lit. A.

Eftir sem þetta fólk, Ásbjörn Bjarnason, Ketill Brandsson, Einar Árnason, Páll Halldórsson, Guðmundur Sigurðsson, Þuríður Sigurðardóttir og Þorbjörg Hallsdóttir, hafið lofað að koma til Auðkúlu og vitna þar það þið frekasta vitið um þykkt Guðrúnar Jónsdóttur og nær hún hafi horfið, hvar fyrir ég Markús Bergsson gef yður öllum til vitundar að ég hefi ásett í herrans nafni þar um þing halda á Auðkúlu þann 19. maí anno 1721, sem er mánudagurinn næstur fyrir uppstigningardag, á hvern stað og dag ég stefni Torfa Sigurðssyni á Lokinhörmum, sem og öllum áðurskrifuðum mönnum, til að vera þar til staðar fyrir réttinum að vitna um áðurskrifað efni allt hið frekasta er sérhver af ykkur veit og áskynja orðið hefur undir svarinn eið og öngvu þar af leyna. Svo framt sem húsbændur á þessu heimili, Bjarni Guðmundsson, Helga Hafliðadóttir, Sigurður Guðmundsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Þuríður Sigurðardóttir, kunna ekki í eigin persónu að geta þing þetta sókt, þá stefni ég þeim þó til að framsenda sinn vitnisburð fram á þingið með eiði staðfestan fyrir réttinn, um sérhvað er þau kunna að vita að bera þessu máli til auglýsingar. Öllum framanskriufuðum mönnum stefni ég árdegis að koma á tiltekinn stað og dag fyrir réttinn eður þeirra löglega vitnan að framsenda sem áður segir. Til staðfestu skrifa ég mitt nafn hér að neðan og áþrykki vanalegu signeti að Lokinhörmum anno 1721 dag 25. apríl, Markús Bergsson mpp LS.

Ég Markús Bergsson stefni þér Brandur Bjarnason til Auðkúlu á þann 19. dag maí anno 1721 til að vitna þar fyrir réttinum það frekast þú hefur séð og áskynja orðið um þykkt Guðrúnar Jónsdóttur anno 1720 og nær hún af henni hvarf, svo og hvert þú hefur ekki vitað eður áskynja orðið að hún anno 1720 hafi lifandi eður dauðt föstur í heiminn fætt. Stefni ég þér að vera kominn árdegis á tiltekinn stað, ár og dag, viðbúinn að vera að vitna í þessu efni það ítrasta er þú kannt að vita og það með eiði staðfesta. Til merkis mitt nafn og áþrykkt signet að Auðkúlu anno 1721 dag 24. apríl, Markús Bergsson mpp LS.

Anno 1721 dag 25. apríl var þessi stefna upplesin á Lokinhörmum öllum fyrrskriufuðum viðstöddum að fráteknum Torfa Sigurðssyni á hvern 3 var hrópað áður stefnan var upplesin og síðan hans föður gienpartur þar af afhentur, svo

og Brandi Bjarnasyni. Til merkis Guðmundur Þorbjörnsson, Bjarni Snorrason meh.

Anno 1721 dag 19. maí fyrir réttinum upplesið að Auðkúlu. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Lit. B.

Ég Markús Bergsson, kónglegrar majestatis sýslumann, stefni þér Guðrún Jónsdóttir til Auðkúlu við Arnarfjörð venjulegs þingstaðar á þann 19. dag maí sem er mánudagurinn næstur fyrir uppstigningardag anno 1721 til að vera þar til staðar fyrir réttinum að heyra vitnisburð heimilisfólksins á Lokinhömrum um þykkt er á þér skyldi hafa átt að sjást anno 1720 og hennar burthvarf, sem og það er sérhver þar um vitna kann þessu máli til upplýsingar. Einnin stefnist þér að svara til á sögðum stað og degi til sérhvers þessu máli viðvíkjandi er við þarf ásamt eið vinna ef tilsagt verður (ef getur) fyrir ólöglega yfirhilmingu á barnburði. Vertu árdegis komin á tiltekinn stað og dag og bíð svo lengi sem þörf krefur. Til staðfestu hér um skrifa ég mitt nafn hér undir að Álftamýri anno 1721 dag 25. apríl, Markús Bergsson mpp.

Sama stað, dag og ár sem fyrr segir var þetta lesið Guðrúnu Jónsdóttur áheyrandi og henni gienpartur þar af fenginn. Til merkis Guðmundur Halldórs-son, Jón Jónsson.

Framanskrifað fyrir réttinum upplesið að Auðkúlu anno 1721 dag 19. maí. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Anno 1721 dag 2. september að settu héraðsþingi að Auðkúlu að samankomnum eftirskrifuðum þingheyrurum, Bjarna Snorrasyni, Guðmundi Þorbjörnssyni, Jóni Ísleifssyni, Jóni Jónssyni, Einari Sigurðssyni, Egli Bjarnasyni, Bjarna Sigurðssyni og Jóni Þorbjörnssyni, kom til tals og mála um þann skulda restants er velaktaður kaupmaðurinn á Þingeyri seigneur Pétur Arvidsson hefur begert af sýslumanninum Markúsi Bergssyni um að þinga á Auðkúlu þingsóknar-mönnum þar víðvíkjandi, hver restants nú var upplesinn in originale undir kaupmannsins hendi, hvar inni fyrst er ánefndur Eyjólfur Jónsson, sem þar er innfærður að vera skyldugur um 11 vættir 2 fjórðunga og 1/2 fisk, hvern Eyjólf kaupmaðurinn hefur látið bréflaga með stefnu kalla á þetta þing, hver nú var upplesin dateruð 4. ágúst anno 1721 með kaupmannsins nafni undir, lit. A. Var Eyjólfur Jónsson nú nálægur, kvaðst ánægður með stefnufyrirkallið og auglýs-ir jafntframt að hann beri ei móti í neinu, svo og að hann hafi nú síðan betalt 3 vættir, 1 fjórðung og 3 fiska, en að hann hafi ei meira betalað segir hann orð-sakist af því að hann hafi ei átt meiri kaupmannsvöru til, en hafi þó fullan vilja til skuldina betala af fremsta megni, og tilbýður að taka út af sínu góssi til

kaupmannsins sýslumanninum og erlegum mönnum það úr búinu sem hentast kynni sýnast í kaupmannsins skuld með hans kostnaði, en biður auðmjúklega að hann megi fríast frá frekari sektum þar hann hafi allan vilja til þetta betala ef fátæktin hamlaði ekki, og óskar hér um ályktunar, en kveðst ei hafa framfar sér til málbóta framvísa. Hvar fyrir sýslumaðurinn ályktar að skuldin verði að útvirðast nú strax af búinu með kostnaðinum til kaupmannsins er vera skuli 3 vættir, en kóngrs sök vægist Eyjólfu um að svara eftir mannhelgi 17. capitula samanbornum við Norsku laga 1. bókk, 5. capitula, articula 11 og kónglegrar majestatis taxa, þar honum hefur nauðsyn valdið að hann hefur ei með kaupmannsvöru kunnað betala.

2. Jón Þormóðsson á Lokinhömrum anno 1711, 11 fiskar, og segja samankomnir þingmenn að þeir viti fyrir víst að sá maður sem svo hefur heitið hafi aldrei verið í Lokinhömrum það þeir vel til myndi í 30 ár eður í þessari sveit.

3. Það Jóni Bjarnasyni á Rafnseyri viðvíkur er hljóðar að skyldugur sé um 5 fjórðunga $4\frac{1}{2}$ fisk síðan 1716, þá auglýsti séra Sigurður Hallsson að þessi sami Jón Bjarnason hafi sálast anno 1714, tveimur árum áður en hann er skrifaður í restantsen, hvað samankomnir þingmenn játa og satt að vera.

4. Það viðvíkur skuldum Þórðar Björnssonar á Rafnseyri frá anno 1710, 22 fiskar, þá auglýsir séra Sigurður Hallsson að hann hafi verið við bordið á Þingeyri þá móðir nefnds Þórðar Björnssonar Kristín Þórðardóttir hefði betalað nefnda skuld til kaupmannsins á Þingeyri, og lýsti því opinberlega að nefnd skuld til kaupmannsins á Þingeyri væri betöluð.

5. Kona Jóns Bjarnasonar á Gljúfrá lofar að á morgun 3. september skuli hennar maður senda sauð til kaupmannsins á Þingeyri fyrir þá 34 fiska er hennar maður sé þangað skyldugur, en í hittifyrri hafi hennar maður þó tvisvar sent verð fyrir sömu skuld til Þingeyrar og hafi ekki verið tekið í mót af kaupmanninum, og að þetta allt svo framfarið hafi vitna undirskrifaðir sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

	Markús Bergsson mpp
Bjarni Snorrason meh	Jón Ísleifsson meh
Egill Bjarnason meh	Guðmundur Þorbjörnsson meh
Bjarni Sigurðsson meh	Jón Jónsson meh
Jón Þorbjörnsson meh	Einar Sigurðsson meh

Lit. A.

Eftir því að Eyjólfur Jónsson búandi á Hrafnseyrarhjáleigu hefur anno 1720 úttekið af fyrrverandi kaupmanni Jens Hanssyni til ellefu vætta, tvo fjórðunga og hálf annars fisks, og hefur enn ei til þessa dags komið uppá Þingeyri hér til krambúðarinnar með betalinginn, og ei heldur beðið um líðun, hvar fyrir ég Pétur Arvidsson stefni yður Eyjólfur Jónsson til Auðkúlu við Arnarfjörð á þann

2. dag september anno 1721 fyrir sýslumannsins Markúsar Bergssonar dóm um það hvert yður beri ei skuldinni svara sem og þeim sektum er kónglegrar majestatis lög útvísa þeim á hendur er ólöglega með skuldir til kaupmannanna útblífa, svo framt þér viljið ei strax löglega fyrir yður rétta. Verið árdegis komnir á tiltekinn stað og dag með allt það forsvar er hafa kunnið móti ákæru minni og bíðið svo lengi á þinginu sem þörf krefur. Þessu til staðfestu skrifa ég mitt nafn hér undir, Dyrefjords krambod den 4. august 1721. På de aftrædendes interessenters vegne, Peder Arfveson.

Bjarna Sigurðssyni á Hrafseyri og Bjarna Snorrasyni á Auðkúlu tilskikka ég réttarins vegna þessa stefnu birta. Til merkis Markús Bergsson mpp.

Anno 1721 þann 2. september fyrir réttinum upplesin á Auðkúlu vitnar Markús Bergsson mpp.

1722

Anno 1722 þann 21. janúar á Ögri settu héraðsþingi að samankomnum af sýslumanninum Markúsi Bergssyni tilnefndum þingheyrurum, Þorvarði Sigurðssyni, Jóni Jónssyni, Narfa Tómassyni, Ívari Þórðarsyni, Birni Sigurðssyni, Jóni Jónssyni, Jóni Bjarnasyni og Jóni Jónssyni, kom til tals og mála um þann óknyttadreng Jón Jónsson er anno 1721 þann 26. febrúar eftir dómi leið refsing á þessum stað fyrir fyrsta eyris stuld. En nú síðan uppá ný afliðið jóladagskvöld gekk í hús Halldórs Guðmundssonar á Kleifum við Seyðisfjörð og þaðan burtstal nýjum vaðmálsbuxum með eirkrókum og látúnsdósum, hver greindur Halldór nefndan Jón Jónsson með þessum fóla færði með vottum sýslumanninum á hans heimili, á hverju þessi drengur hefur síðan verið, og játar nú téður Jón Jónsson opinberlega og óneyddur hér fyrir réttinum sig stolið hafa þessu fyrrskrifuðu, buxunum og dósunum, sem nú var sýnt. Hér fyrir utan meðkennir hann sig stolið hafa frá Tómasi Péturssyni á Laugabóli geldings klipping í vetur og skærum í Kálfavík, Ívari Þórðarsyni 4 fiskum, gengið í hús og kistu hjá Ívari og þaðan burttekið tóbak og brennivín lítulsháttar.

Er nú þessi taka metin af tilnefndum mönnum til eyris og er því í herrans nafni sú endileg dómsályktun að Jón Jónsson sé sekur hér fyrir 6 merkur við kóng og um þjófsmark eftir þjófabálki 1. capitula og þeim er hann hefur frá stolið féð aftur og kostnað og 6 aura í öfundarbót Halldóri Guðmundssyni. Og þar nefndur Jón Jónsson er félaus og fær aungvan borgunarmann, líði húðlátsrefsing fyrir þessar dæmdar sektir. En þar þessi drengur stal frá nefndum Halldóri og gekk í hús hans sjálfa stórhátíðina, og forsómaði kirkjunnar vitja, en

reisti þó framhjá henni er embættað var á, þá er endileg ályktun sýslumannsins að hann skuli straffast sem fyrir helgidagsbrot og líði þar refsing fyrir. Dómurinn er byggður á þjófabálki 1, 8. capitula; Norsku lögum 1. bók, 22. capitula, articula 11; 6. bók, 3. capitula, articula* 34; 17. capitula, articula 35. Refsing tildæmd lögð á nefndan Jón Jónsson sama stað, dag og ár sem fyrr segir oss þingheyrum viðverandi sama stað, dag og ár sem fyrr segir. Til merkis vor nöfn.

Þorvarður Sigurðsson
Narfi Tómasson
Ívar Þórðarson
Jón Bjarnason

Markús Bergsson mpp
Jón Jónsson
Jón Jónsson
Björn Sigurðsson
Jón Jónsson

Anno 1722 þann 9. apríl að settu manntalsþingi á Tungu að tilnefndum eftirskrifuðum þingheyrum, Jóni Jónssyni, Þorkeli Jónssyni, Jóni Sigurðssyni, Bjarna Eyjólfssyni, Sigmundi Guðmundssyni, Guðmundi Ísleikssyni, Jóni Bjarnasyni og Jóni Jóhannssyni, var upplesin sú citatia er sýslumaðurinn Markús Bergsson hefur látið auglýsa Jóni Jónssyni og Þórdísu Þorkelsdóttur þess innihalds að þau skyldu svara fyrir þá yfirsjón er hjá þeim hefði tilfallið á afliðnu sumri í því að barn þeirra hefði druknað í á sem þar rennur hjá bænum. Citatian þeim birt 7. dag mars, en dateruð Ögri 1722, 19. janúar. Voru þau hér nú bæði til staðar og játa citatiuna sér auglýsta sem áður segir.

Til þessa þings voru og komnar eftir tilskikkun sýslumannsins heimilis- og sambýlismenn þessara manna, Anna Sigmundsdóttir, Guðlaug Jónsdóttir og Margrét Ólafsdóttir, er á sama bæ voru þá barnið fórst, og auglýstu þær um þess ásigkomulag sem eftir fylgir: Að faðir barnsins Jón Jónsson hafi ei verið heima þann dag heldur á sjó, en barnið nær 5 vetra hafi verið úti að leika sér hjá öðrum 5 vetra gömlum börnum á hlaðinu hjá bæjardyrnum. En móðurin hafi gengið í bæinn að gjöra til góða öðru barni sínu 12 vikna gömlu sem þá hafi verið mjög veikt og hafi ei liðið nema lítil stund að hún beiddi að gæta að barninu, hvað Anna Sigmundsdóttir hafi strax gjört, og þá hafi þetta barn vantað, að hverju strax hefði verið farið að leita, bæði af heimafólkinu og af öðrum bæjum. En móðurin hafi liðið niður í öngvit. Barnið fannst þó ei fyrr en 9 vikum síðar í á er rennur skammt frá bænum.

Gáfu nú þessar kvenpersónur sem og allir samankomnir þingmenn þessari konuskepnu sorgmæddri Þórdísu Þorkelsdóttur erlegan vitnisburð og játuðu með einu hljóði að þeir vissu ei betur en hún hefði ásamt hennar ektamaður hagað sér guðrækilega og sómasamlega við sérhvern mann, svo og haft góða aðgætni, hirtnissemi og góða viðhöndlun við sérhver þau börn er hjá þeim hefði

verið, bæði við þetta sitt barn og önnur, svo sem kristilegum foreldrum vel heyrði og byrjaði að gjöra, hvar fyrir þeir vildi allir með eiði sanna ef þörf krefði að hún hefði ei viljað að þetta barn hefði skaða beðið uppá líf, limi eður heilbrigði heldur en sjálf hún. Hvað og augljóslega sýnir sá stóri og mikli harmur er hún af þessum barnsskaða borið hefur allt þetta ár og enn ber svo hún hefur verið oft að dauða komin í öngvitum, hvar fyrir undan hefur dregist að koma þessu málefni hingað til undir laga rannsak ef hennar sorg heldur nú væri tekin nokkuð að firnast svo mál yrði af henni haft um þetta. Framar en nú er talið fæst ei þessu máli til upplýsingar. En hvað fémunum þessara hjóna við-víkur þá auglýsa hreppstjórar þessarar sveitar að þaug eigi ei meira en vel 1 hundraðs virði.

Og að þessu máli svo athuguðu er í Jesú nafni þannin hér um ályktað að hún Þórdís Þorkelsdóttir fyrir þessa yfirsjón er henni hefur tilviljað að skilja barnið við sig, gefi 10 aura virði til fátækra í þessum hrepp eftir Christians 5. Norsku lögum 6. bók, capitula 11, articula 13. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Markús Bergsson mpp

Jón Jónsson meh

Bjarni Eyjólfsson

Sigmundur Guðmundsson

Guðmundur Ísleiksson

Jón Sigurðsson

Jón Bjarnason

Porkell Jónsson

Jón Jóhannsson

Lit. A.

Eftir sem mér undirskrifuðum er orðið augljóst að barn Jóns Jónssonar í Fremra-Hnífsdal og hans konu Þórdísu Þorkelsdóttur hafi á afliðnu sumri drukknað í á, hvar fyrir ég orðsakast að rannsaka hvernin þetta hefur skeð og á þetta síðan láta dóm ganga, hvers vegna ég Markús Bergsson citera og boða ykkur bæði til Tunguþingstaðar að koma á þann 9. apríl anno 1722 með sér-hvað er hafa kunnið ykkur til forsvars og afbötunar uppá aðgæsluleysi á nefndu barni. Verið árdegis komin á tiltekinn stað og dag og bíðið svo lengi sem þörf krefur. Til merkis mitt nafn Ögri anno 1722 þann 19. janúar, Markús Bergsson mpp.

Þessi citeran virðuglegs sýslumannsins Markúsar Bergssonar var upplestin áheyrandi Jóni Jónssyni í Fremri-Hnífsdal og hans kvinnu Þórdísu Þorkelsdóttur þann 7. dag mars anno 1722, okkur undirskrifuðum áheyrandi, Jón Snorrason meh, Bjarni Bjarnason meh.

Anno 1722 þann 9. apríl að Tungu var þetta upplesið. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Eftirskrifuð brigð var upplesin að Tunguþingstað
eftir ósk bréflægri Helgu Þorkelsdóttur.

Sé svo að Sigmundur Sæmundsson minn ektamaður hafi nokkrum manni 1719 selt eður til eignar fengið fyrir peninga jörðina 4 hundruð í Minnihlíð í Bolungarvík og Hólskirkjusókn, þá yfirlýsi ég Helga Þorkelsdóttir því fyrir hverjum manni að nefnd 4 hundruð í Minnihlíð er mér bréflæga til eignar fengin áður af fyrrnefndum mínum ektamanni Sigmundi Sæmundssyni* og er hún mín fullkomin eign og eigindómur. Og lýsi ég þar fyrir brigð og fullkominni ósátt minni á því ef hún er nokkrum manni burtfengin fyrir peninga, og það er aldeilis á móti mínum vilja og án míns samþykkis, og geng því að jörðinni ef mér auðnast að lifa Sigmundur Sæmundsson sem minni vafalausri eign. Þessu til merkis er mitt nafn hér undirskrifað að Meirihlíð anno 1722 dag 3. apríl, Helga Þorkelsdóttir mef.

Anno 1722 þann 9. apríl að settu manntalsþingi á Tungu við Skutulsfjörð upplesið þingsóknarmönnum áheyrandi. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Hér skrifast sá process er gekk á Nauteyri anno 1722, 16. og 17. apríl, í stefnumáli sýslumannsins í Barðastrandarsýslu seigneur Teits Arasonar og séra Þorleifs Þorlákssonar með þeim stefnum er þar voru framlagðar.

Anno 1722 þann 16. apríl að settu manntalsþingi að Nauteyri að tilnefndum eftirskrifuðum þingheyrurum, Jóni Hannessyni, Jóni Steinssyni, Jóni Eggertssyni, Guðmundi Árnasyni, Andrési Skúlasyni, Bjarna Bjarnasyni, Hafliða Árnasyni og Oddi Jónssyni, af sýslumanninum Markúsi Bergssyni, kom sýslumaðurinn Teitur Arason fyrir réttinn og framlagði stefnu til prestsins séra Þorleifs Þorlákssonar í 5 póstum, hverjir innihalda:

1. Stefnist prestinum að líða dóm hvert hann skyldist ei til að gjöra sér rigtugan reikning fyrir tíundir og ljóstolla er hann hafi sinna vegna samantekið 1720.

2. Til vitnisburða áheyrslu um Kirkjubóls ásigkomulag þá presturinn það til leiguliðabrukunar tók.

3. Hvert presturinn hafi ei brúkað grundarristu í túninu á Kirkjubóli eður því nálægt.

4. Til vitnisburða áheyrslu um orð og atvik er hann presturinn hafi talað og frammi haft við sýslumanninn 21. og 22. nóvember.

5. Um kostnað, svo sem sú stefna sér líkast hermir, dateruð Múla við Kollafjörð 2. mars 1722 með sýslumannsins undirskrifuðu nafni. Innfærast lit. A.

Var bæði nú og áður stefnan var upplesin spurt eftir prestinum séra Þorleifi

Þorlákssyni eður hans svaramanni og hrópað þrisvar sinnum á hann og kom hann ekki og enginn hans vegna né nein hans forföll, hvers vegna sýslumaðurinn Markús ályktar að sýslumaðurinn Teitur bevísi stefnulesturinn, og leiddi hann fram tvo votta, Hákon Sigmundsson og Jón Sigurðsson, er framlögðu kynning undir góðra manna undirskriftum um sín erlegheit, hverjir sóru með uppréttum fingrum að sú sama stefna sem nú var upplestin fyrir réttinum og hér fyrir framan umgetur hafi fyrir prestinum séra Þorleifi Þorlákssyni lesin verið 2. mars 1722 og undir eins samhljóða gienpartur af stefnunni verið afhentur.

2. Framlagði sýslumaðurinn Teitur Arason stefnu undir hans nafni og signeti til prestsins séra Þorleifs Þorlákssonar dateraða 22. nóvember 1721 í 6 þóstum þess innihalds:

1. Að presturinn séra Þorleifur hafi ei haldið sitt loford í kúgilda útsvörun.
2. og 3. pósturinn hljóða að presturinn líði dóm fyrir það að hann hafi ei haldið sig eftir byggingarbréfinu.
4. Til vitnisburða áheyrslu.
5. Til að líða dóm hvert presturinn ei skyldast að halda þær conditioner er sýslumaðurinn hafi boðið um leigumála á hálfu Kirkjubóli.
6. Hvört presturinn skuli ei svara sér kostnaði er hann þyrfti að hafa fyrir þessu máli.

Hér á sama bréfi fylgir og stefna undir sama dato og til sama staðar til séra Þorleifs Þorlákssonar til vitnisburða áheyrslu um orð við sig töluð í Kirkjubólskirkju anno 1721, 22. nóvember. Uppá þessar stefnur er þannin skrifað: Ég Þorleifur Þorláksson stefni yður monsieur Teitur Arason að bevísa með löglegum vitnum þaug orð og atvik sem framan- og ofanskrafaðar stefnur útvísa fyrir réttinum á Nauteyri þann 16. apríl 1722. Til merkis mitt nafn að Kirkjubóli í Langadal datum dag 22. nóvember 1721, Þorleifur Þorláksson. Þessi stefna séra Þorleifs er með hans þekkjanlegri hendi, lit. B.

3. Framlagði sýslumaðurinn Teitur stefnu dateraða 2. mars 1722 með hans þekkjanlegri hendi, lit. B.

3*. Framlagði sýslumaðurinn Teitur stefnu dateraða 20. mars 1722 með hans undirskrifuðu nafni til Jóns Bjarnasonar, Ara Jónssonar og Halls Jónssonar, hvar inni hann stefnir þeim:

1. Að vitna undir svarinn eið þau orð og atvik er presturinn séra Þorleifur Þorláksson hafi við sig í frammi haft 21. og 22. nóvember að Kirkjubóli í Langadal 1721.

2. Hvert presturinn séra Þorleifur hafi ei látið rista grundartorf nálægt túninu eður í því og presturinn hafi allar slægjur uppslá látið er hálfu Kirkjubóli fylgja áttu, lit. C.

Eru þessir menn hér nálægir og játa stefnuna sér auglýsta verið hafa 3. mars

1722 ásamt undir eins gienpartur þar af afhentur. Óskaði nú sýslumaðurinn Teitur Arason fyrir réttinum að sín vitni væri yfirheyrð og í eið tekin er hann hefði stefnt á þennan stað og dag að vitna, svo og þau sem sjálf vildu hér vitna um orð og atvik prestsins séra Þorleifs Þorlákssonar við sig þann 21., 22. nóvember 1721, jafnvel þó presturinn væri hér ei til staðar, þar hann væri þó hingað stefndur á þennan stað og dag þetta bevísa, en hefði verið óhindraður heima í morgun þá hann hefði við hann talað, hvað hann bauð að bevísa. Og var nú uppá ný eftir prestinum spurt og kom hann ei né til hans spurðist eður neinna forfalla eður svaramanns að hingað kominn væri á þingstaðinn. Uppá þessa begering beiddist sýslumaðurinn dóms og ályktar sýslumaðurinn Markús að þessir menn undir sinn svarinn eið vitni um það nú strax fyrir réttinum undir sinn svarinn eið sem þeir eru til stefndir í þessu máli, og aungvu þar af leyni það þeir viti, þar presturinn er til vitnisburða* áheyrslunnar stefndur eftir Christians 5. Norsku lögum 4. capitula, 1. bók, articula 1 og hefur sjálfur stefnt sýslumanninum Teiti á þennan stað og dag að bevísa þetta sem áður segir, og þessir menn eru tilkvaddir um að vitna. Og aflögðu þeir svolátandi eið sem eftir fylgir: Það játa ég Jón Bjarnason ég, Ari Jónsson, ég Hallur Jónsson, ég Árni Bjarnason að ég vil nú fyrir réttinum segja sannleikann í því ég er í dag tilkvaddur að vitna af sýslumanninum Teiti Arasyni og aungvu þar af leyna það ég veit og til man, svo hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium.

Hér eftir var innkallaður Jón Bjarnason og kvaðst hann bera svolátandi vitnisburð sem eftir fylgir uppá þennan sinn aflagðan eið: Þetta eftirskrifað vitna ég Jón Bjarnason að ég kom að Kirkjubóli í Langadal 21. nóvember anno 1721 ásamt sýslumönnunum Markúsi Bergssyni og Teiti Arasyni. Sendi sýslumaðurinn Teitur þénara sinn til prestsins séra Þorleifs Þorlákssonar og nær presturinn séra Þorleifur Þorláksson var kominn óskaði sýslumaðurinn Teitur að upp væri lokið kirkjunni og fékk sýslumaðurinn Teitur það ekki. En í þeirra samtali prestsins séra Þorleifs og sýslumannsins Teits á sama kvöldi sagði séra Þorleifur: Teitur hefur ei sýnt mér fullmagt sína yfir Kirkjubóli. Ég veit hann ei vera trúanlegan fyrir það. Sýslumaðurinn Teitur óskaði ljóss á meðan húsin væru yfirlitin eður skoðuð og fékk hann það ekki. Og um morguninn eftir 22. nóvember talaði presturinn séra Þorleifur þetta í samtali við sýslumanninn Teit: Sýslumaðurinn er daufur maður og kann ei að muna. Einninn sagði séra Þorleifur þegar sýslumaðurinn var að lesa upp sitt tilboð: Sýslumaðurinn kann ei að lesa það sem hann skrifar. Frekara segist Jón Bjarnason ei kunna að vitna í þessu máli eður tilminnst, hverki um pall eður annað það sýslumaðurinn Teitur hann tilspurði.

Þessu næst var innkallaður Ari Jónsson. Uppá þennan sinn aflagðan eið kvaðst hann bera svolátandi vitnisburð: Að þá ég kom að Kirkjubóli í Langa-

dal 21. nóvember 1721 sendi sýslumaðurinn Teitur þénara sinn til séra Þorleifs Þorlákssonar og þá séra Þorleifur var kominn óskaði sýslumaðurinn Teitur að upp væri lokið kirkjunni af séra Þorleifi og fékk hann það ekki. Um morguninn eftir þann 22. nóvember í kirkjunni sagði séra Þorleifur þegar sýslumaðurinn var að lesa upp sitt tilboð: Sýslumaðurinn kann ei að lesa það sem hann skrifar. Frekara segist Ari Jónsson ei kunna að vitna í þessu máli eður til minnst.

3. Framkom Hallur Jónsson og sagðist þetta vitna uppá sinn aflagðan eið, að þá ég kom að Kirkjubóli í Langadal 21. nóvember 1721 sendi sýslumaður Teitur þénara sinn til séra Þorleifs Þorlákssonar og þá séra Þorleifur var kominn óskaði sýslumaðurinn Teitur að séra Þorleifur lyki upp kirkjunni, hvar uppá presturinn svaraði ekki gjörði hann það, því hann hefði ei sýnt sér fullmagt sína yfir Kirkjubóli, hann vissi ei hann væri trúanlegur þar til. Um ljós það sýslumaðurinn Teitur og fékk ekki. Um morguninn þann 22. nóvember í kirkjunni þá presturinn séra Þorleifur var í samræðu við sýslumanninn Teit talaði hann þetta orð: Sýslumaðurinn er dauður og kann ekki að muna. Einnin þá sýslumaðurinn var að lesa upp tilboðið sagði við sýslumanninn séra Þorleifur: Sýslumaðurinn kann ei að lesa það sem hann skrifar sjálfur. Frekara segist Hallur ei muna að vitna í þessu efni.

4. Innkom Árni Bjarnason og sagðist þetta vitna uppá sinn aflagðan eið sem hann nú upplas fyrir réttinum með hans eigin hendi og undirskrifuðu nafni, hver hér innfærast: Þetta eftirskrifað vitna ég Árni Bjarnason uppá þann eið sem ég nú strax aflagði: Að ég kom að Kirkjubóli í Langadal dag 21. nóvember anno 1721 ásamt sýslumanninum Markúsi Bergssyni og sýslumanninum Teiti Arasyni, og þá vær vorum á hlaðið komnir sendi sýslumaðurinn Teitur þénara sinn til prestsins séra Þorleifs Þorlákssonar og það hann sig finna. En litlu síðar en sýslumennirnir gekk ég að kirkjudyrunum og vorum vær í kirkjugarðinum og sem vær prestinum séra Þorleifi Þorlákssyni heilsað höfðum beiddi sýslumaðurinn Teitur prestinn séra Þorleif Þorláksson að ljúka upp kirkjunni, hvörju hann neitaði. Þar eftir það sýslumaðurinn Teitur Arason prestinn séra Þorleif um ljós á meðan húsin á Kirkjubóli yfirlitin væri, hvað hann ei fékk. Þar eftir gekk sýslumaðurinn Teitur Arason til bæjarins og eftir honum presturinn séra Þorleifur Þorláksson og sýslumaðurinn Markús Bergsson. Um morguninn eftir, sem var sá 22. dagur sama mánaðar og sama árs sem upphaflega greinir, vildi sýslumaðurinn velnefndur Markús Bergsson uppskrifa útihúsin á Kirkjubóli en með því að ei fékkst ljósið hindraðist það. Þar eftir sendi velnefndur valdsmann Markús Bergsson til sýslumannsins Teits Arasonar og það hann koma út í kirkjuna, því sýslumaðurinn Markús Bergsson vildi tala á milli þeirra prestsins séra Þorleifs Þorlákssonar og sýslumanns-

ins Teits Arasonar, hvað hann og gjörði. Og að sýslumanninum Teiti Arasyni þar komnum nefndi velnefndur sýslumaðurinn Markús Bergsson við þá hvört ei vildu forlíkast, hvörju Teitur játaði og las upp tilboð sitt til séra Þorleifs hvört sér líkast hermir. En meðan Teitur var það lesa sagði presturinn séra Þorleifur: Hann kann ekki að lesa, hvað Teitur vitnaði. Þar eftir sagði séra Þorleifur: Minni þið hann á því sýslumaðurinn er daufur maður og kann ekki muna. Svo og sagði séra Þorleifur Þorláksson við sýslumanninn Teit: Ég akta ei byggingarbréfið þitt meira en skarnið sem ég geng á. Frekara minnst ég ei að vitna í þessu máli. Til merkis mitt nafn, Árni Bjarnason.

4. Framlagði sýslumaðurinn Teitur Arason eina stefnu undir nafni prestsins séra Þorleifs Þorlákssonar og með hans þekktanlegri hendi, dateraða Kirkjubóli 1721 þann 21. nóvember, hvar inni presturinn séra Þorleifur stefnir sýslumanninum Teiti á þennan stað og dag að framvísa myndugleika sinn að byggja Kirkjuból.

2. Til vitnisburða áheyrslu með víðara er stefnan í 6 póstum umgetur Kirkjubóli og byggingarbréfi fyrir því viðvíkjandi, lit D.

Var þá uppá ný spurt eftir séra Þorleifi eður hans fullmegtugum og kom enginn fram og ekki nein hans forföll, en sýslumaðurinn Teitur auglýsti að hann hefði í morgun talað við hann heima á Kirkjubóli klæddan, heilan og ósjúkan að sínu viti, hvað hann bauðst til að bevísa með tveimur vottum hverjir nú nálægir (sem voru) Hákon Sigmundsson og Jón Sigurðsson vitnuðu þetta satt vera.

5. Var upplesin ein stefna til Jóns Árnasonar, Bjarna Jónssonar, Indriða Jónssonar, Lofts Péturssonar, Þorsteins Pálssonar, Jóns Jónssonar og Péturs Þorvaldssonar á þennan stað og dag að bera vitni hvert presturinn séra Þorleifur Þorláksson hefði ei látið rista grundartorf nálægt túninu á Kirkjubóli með víðara er stefnan inniheldur, dateruð 2. mars 1722 með sýslumannsins Teits nafni undir, undir lit. E. Og játuðu þessir menn er nálægir voru fyrirkallinu og mótmæla það í aungvu. En sýslumaðurinn Teitur gaf viljuglega Bjarna Jónsson, Jón Árnason fría frá að vitna í þessu efni, og þá svo var komið var þingið af sýslumanninum Markúsi uppsett til morguns vegna þess að þá var komið kvöld.

Um morguninn þann 17. apríl mættu fyrir rétti sýslumaðurinn Teitur og Jón Jónsson, Þorsteinn Pálsson og Pétur Þorvaldsson, og óskaði sýslumaðurinn Teitur að þeir væri í eidd teknir og yfirheyrðir að vitna það þeir af vissu af því þeir væri tilstefndir. Og eftir því sýslumaðurinn Markús ályktar þá skylduga til hér um vitna við sinn eidd það þeir af vissi, þá aflögðu þeir svolátandi eidd með uppréttum fingrum, að þeir vildu segja sannleikann og aungvu þar af leyna það þeir vissu. Og að því gjörðu innkom Þorsteinn Pálsson og vitnaði þetta svolát-

andi: Flög hef ég Þorsteinn Pálsson séð utan til í því plássi sem nefndir eru Skraphólar, sem ég meina á næstliðnu sumri rist hafi verið og áður fyrri torf, sem ég hefi eigi orðið var síðan ég til Kirkjubóls kom að slegið hafi verið. Í sumar var sá ég Pétur Þorvaldsson koma með torf á hestum þaðan að neðan sem fór á hey séra Þorleifs Þorlákssonar. Mikið segir Þorsteinn að presturinn hafi látið uppslá af engjum sem honum hafi tilheyrt, að fjósinu segir Þorsteinn að presturinn hafi látið gjöra í ár að þakinu að nokkru leyti og vegg. En hvað mikið var eður langt eður breytt segist hann ei minnast. Veggur segir Þorsteinn í haust hafi verið hlaðinn að innanverðu framan til við eldhúsdynar. En ekki kveðst hann muna hvað langur hann var eður þykkur, og var hnausinn stunginn í vegginn þar sem stungið hafði verið áður. Frekara segist hann ei hafa að bera í þessu máli.

Framkom nú Jón Jónsson og bar þetta eftirskrifað uppá þennan sinn aflagðan eið: Ég Jón Jónsson sá leidda heim hesta með grundartorfi neðan fyrir Skraphóla í sumar og leiddi presturinn séra Þorleifur Þorláksson þá fram að því heyi sem hann og ég var að hirða í töðuna af túninu. Þar eftir sá ég Pétur Þorvaldsson koma með torfhesta þá sömu leið sem ég áður útskýrði. Ég vitna ei framar uppá minn eið um torfristuna. Spurði nú sýslumaðurinn Teitur Jón hvert hann hefði uppslegið (presturinn) það hálfu Kirkjubóli hefði tilheyrt að túni og engjum, og segist Jón meina að hann presturinn hafi ei látið slá upp engjar allar til helminga. Um húsin segist hann ei neitt kunna að bera, því hann kveðst ei vita hvert presturinn hafi gert nokkuð að þeim eður ekki.

3. Inkom Pétur Þorvaldsson og vitnaði þetta eftirskrifað, að presturinn séra Þorleifur Þorláksson beiddi mig að rista torf utan til á Skraphólum, hvað ég og gjörði, hvað presturinn séra Þorleifur flutti mestallt heim að heyi sínu. En það eftir var flutti ég heim að hans heyi. Engjar í sumar meina ég að presturinn hafi ei allar uppslegið er hálfu Kirkjubóli fylgja. Frekara kveðst hann ei hafa að bera í þessu efni uppá sinn aflagðan eið.

Býður nú sýslumaðurinn Teitur sig að ganga í rétt svo sem verjanda móti prestinum séra Þorleifi í því er presturinn hefur honum stefnt, en svo sem sækjanda að því leyti sem hann hefur stefnt prestinum. Og er nú ei presturinn enn til staðar, hverki að framfylgja sinni stefnu og ei til að svara til sýslumannsins stefnu. Hvers vegna sýslumaðurinn ályktar, að hvað viðvíkur framar þeim ákærum og sakargiftum er sýslumaðurinn Teitur hefur séra Þorleifi um stefnt á þann 16. apríl sem í gær var til að svara og dóm á að líða, þá þar presturinn hefur ekki mætt hér fyrir réttinum eður neinn hans vegna og engin hans forföll framkoma. En stefnan önnur er svarin, en uppá aðra er skrifað með prestsins þekktanlegri hendi. Leggur því sýslumaðurinn Markús séra Þorleifi Þorlákssyni lögdag fyrir eftir Christians 5. Norsku lögum 1. bók, 4. capitula, 32. art-

icula hingað á Nauteyrarþingstað að mæta á þann 15. maí næstkomandi, sem er föstudagurinn næstur eftir uppstigningardag anno 1722, sem löglega stefndum til að svara fyrir réttinum til þess er sýslumaðurinn Teitur kærir til séra Þorleifs Þorlákssonar í þeim stefnum er hér hafa verið birtar og áður umgetur, fyrir utan vitnisburða áheyrsluna. Og sýslumaðurinn Teitur sé skyldugur þá sínum kærumálum framfylgja þeim sömu sem presturinn er af honum um skuldaður. En það stefnu prestsins séra Þorleifs Þorlákssonar til sýslumannsins Teits Arasonar á þann 16. apríl sem var í gærðag og presturinn hverki sjálfur eður hans fullmeztugur mætti eður hans lögleg forföll, þá ályktar sýslumaðurinn Markús að séra Þorleifur skuli hafa taft sökinni inntil hann stefnir löglega aftur og gefi sýslumanninum 30 álnir fyrir ýfing og ómak er sýslumaðurinn hefur þurft að hafa til að beþenkja sig til að svara til stefnunnar eftir Christians 5. Norsku lögum 1. bók, 4. capitula, 34. articula. Þá slutningin var upplesin sagðist sýslumaðurinn Teitur appellera frá þessum dómi. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Jón Hannesson
Hafliði Árnason
Guðmundur Árnason
Oddur Jónsson

Markús Bergsson mpp
Jón Steinsson
Jón Eggertsson
Andrés Skúlason
Bjarni Bjarnason

Lit. A.

Ég Teitur Arason kónglegrar majestatis valdsmann í Barðastrandarsýslu stefni yður séra Þorleifur Þorláksson til Nauteyrar á Langadalsströnd á þann 16. dag aprílmánaðar þessa árs 1722 fyrir virðuglegan og velvísan valdsmanninn seigneur Markús Bergsson til að líða dóm þar um hvört ei skuluð tilskyldast að gjöra mér rigtugan reikning fyrir það mín vegna samantókuð og innkölluðuð anno 1720 af kirkjutíundum og ljóstollum er Kirkjubólskirkju í Langadal gjaldast áttu.

2. Til vitnisburðar áheyrslu um það hvörninn jörðin Kirkjuból var á sig komin til húsa og annars þá hana til leiguliða brúkunar tókuð.

3. Þar um hvört ei hafið brúkað grundarristu í túninu á nefndu Kirkjubóli eða nálægt því.

4. Til vitnisburða áheyrslu um þau orð og atvik er þér töluðuð og í frammi höfðuð við mig þann 21. og 22. nóvember næstliðinn og fyrir þau dóm þola, sem og sérhvað er ég kann hafa yður þar löglega til að tala og orðsakast af yðar ólöglegri ábúð á jörðunni Kirkjubóli í Langadal.

5. Til að þola dóm þar um hvört ei skuluð betala mér allan þann kostnað er þarf að hafa fyrir þessu máli svo vel sem hindrun og бага er það orðsakar.

Veri þér komnir árdegis á greindan Nauteyrarþingstað og dag með yðar löglegar varnir og afbatanir er hafa kunnið móti þessari minni stefnu og dveljið þar svo lengi sem yður löglega skipað verður. Hér um til staðfestu er undirskrifað nafn að Múla við Kollafjörð þann 2. mars anni 1722, Teitur Arason.

Anno 1722 þann 16. apríl var þetta fyrir réttinum upplesið að Nauteyri. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Lit. B.

Ég Teitur Arason sýslumann í Barðastrandarsýslu stefni yður séra Þorleifur Þorláksson til Nauteyrarþingstaðar á Langadalsströnd á þann næstkomanda 16. dag apríl anni 1722 fyrir virðuglegan og velvísan valdsmanninn í Ísafjarðarsýslu seigneur Markús Bergsson fyrir þetta eftirskrifað.

1. Að þér hafið ei haldið loforð yðar um útsvörun kúgilda þeirra er þér í leiguburði höfðuð anno 1720 og fylgdu yðar ábýli.

2. Að þér hafið ei haldið yður eftir mínu byggingarbréfi er ég hefi yður fyrir hálfu Kirkjubóli í Langadal útgefið og þar innfærðum skilmálum ei eftirfylgt. Hvors vegna ég stefni yður til að líða dóm þar fyrir, setjandi í rétt hvort ei skuluð þar fyrir sektast eftir sem lögmálið ákveður, svo framt að byggingarbréfið af dómáranum ei óbillegt metast kann, hvört ég á greindum stað og degi stefni yður til að framleggja fyrir réttinn svo valdsmaðurinn conditionarnar með endilegum dómi meta kunni.

3. Stefni ég yður til að líða dóm fyrir það að ei hafið uppbyggt það hús er ég tilskildi í nefndu byggingarbréfi að uppjörð skylduð. Einnin um það hvört ei hafið þetta ár setið á jörðu ótekinni, þar ei vilduð byggingarbréfið halda og þar innfærða skilmála. Item fyrir yðar ábúð á jörðunni allt til dato.

4. Stefni ég yður til vitnisburða áheyrslu um þau orð og atvik er þér við mig töluðuð og í frammi höfðuð að aftni þess 21. dags nóvember anni 1721 fyrir kirkjudyrunum hér að Kirkjubóli í Langadal á hlaðinu, bæjardyrnum og húsum upp af stóru baðstofunni í viðurvist sýslumannsins seigneur Markúsar Bergssonar og af honum tilkallaðra manna, að hvörju vitnuðu ég stefni yður dóm þola fyrir það vitnin bera kunna.

5. Stefni ég yður að líða dóm á oftnefndum stað og degi um það hvört ei skuluð skyldugir að halda þær conditioner er ég yður nú strax bauð um leigumála á hálfu Kirkjubóli 24 hundruð eða yður í næstkomandi fardögum af jörðunni burtflytja.

6. Að svara mér öllum þeim kostnaði er ég þarf að hafa fyrir þessu máli.

Veri þér komnir árdegis á þingið með allar yðar vélalausar varnir og afbatanir er á móti þessari minni stefnu hafa kunnið og dveljið þar svo lengi að endilegur lagavegur gangi á þetta mál og dómarnir yður löglega tilsegir. Þessu

til staðfestu er mitt nafn og signet hér að neðan þann 22. dag nóvember anno 1721, Teitur Arason LS.

Ég Teitur Arason stefni yður séra Þorleifur Þorláksson undir ofanskriðu formi að vera til staðar á Nauteyrarþingstað á þann 16. apríl anno 1722 meðan vitnuð eru þau orð er þér við mig töluðuð í kirkjunni að Kirkjubóli þann 22. nóvember anno 1721. Til staðfestu hér um er mitt nafn anno, die et loco ut supra, Teitur Arason.

Ég Þorleifur Þorláksson stefni yður monsieur Teitur Arason að bevísa með löglegum vitnum þau orð og atvik sem framan- og ofanskriðuð stefnur útvísa fyrir réttinum á Nauteyri þann 16. apríl 1722. Til merkis mitt nafn að Kirkjubóli í Langadal dag 22. nóvember 1721, Þorleifur Þorláksson.

Þetta upplesid fyrir réttinum á Nauteyri anno 1722 dag 16. apríl. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Lit. C.

Ég Teitur Arason kónglegrar majestatis valdsmann í Barðastrandarsýslu stefni yður Jón Bjarnason, yður Ari Jónsson og yður Hallur Jónsson, öllum yður sem einum og einum sem öllum, til Nauteyrar á Langadalströnd á þann 16. dag aprílmánaðar þessa árs 1722 fyrir virðuglegan og velvísan valdsmanninn seigneur Markús Bergsson, til þess að þið undir ykkar svarinn eið vitnið þau orð og atvik er presturinn séra Þorleifur Þorláksson við mig talaði og í frammi hafði þann 21. og 22. daga nóvembermánaðar anni 1721 að Kirkjubóli í Langadal í kirkjugarðinum og kirkjunni, sem og að svara til þess er þið verðið bæði af dómaramum og mér sem saksóknara löglega aðspurðir þessu máli viðvíkjandi, svo og stefni ég ykkur til að bera vitni þar um hvört nefndur prestur séra Þorleifur hefur ei látið rista grundartorf nálægt túninu eða í því, og þar sem áður hefur slegið verið, item hvört hann hefur allar slægjur uppslá látið næstumliðið ár er hálfu Kirkjubóli fylgja áttu. Veri þið komnir árdegis á greindan þingstað og dag og dveljið þar svo lengi sem dómariinn yður löglega tilsegir. Hér um til staðfestu er undirskriðuð nafn að Múla við Kollafjörð þann 2. mars anni 1722, Teitur Arason.

Þessa stefnu hefi ég séð og yfirlésið og af henni einn gienpart meðtekið. Til merkis á Nauteyri dag 3. mars anni 1722, Jón Bjarnason.

Fyrir réttinum upplesin anno 1722, 16. apríl, að Nauteyri. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Lit. D.

Monsieur Teitur Arason.

Ég Þorleifur Þorláksson stefni yður til Nauteyrar á þann 16. apríl 1722 fyrir þann eiðsvarinn yfirdómara er þar sama staðar á þeim degi dómssætið klæðir og fyrir hans tilnefnda þingheyrara.

1. Stefni ég yður til að framvísa þar fyrir réttinum þeim myndugleika ef nokkurn haft hafið að byggja mér Kirkjubólshjarðar hálfleudu.

2. Ef þér nefndan byggingarmyndugleika þar fyrir réttinum framleggjið stefni ég yður að heyra á eið og framburð Bjarna Jónssonar, Péturs Þorvaldssonar og Þorsteins Pálssonar þar um að þann 26. september 1719 óskaði ég af monsieur Eggert Snæbjörnssyni að leggja við til húsanna hér á Kirkjubóli.

3. Stefni ég yður til að framleggja fyrir nefndan rétt á Nauteyri húsareikning ef nokkur er til þar um hvernin húsinn voru standandi að viðum og veggjum hér á Kirkjubóli þegar ég tók við nefndrar jarðar ábýli.

4. Stefni ég yður að forsvara með lögum alla þá skilmála þar fyrir fyrrnefndum rétti á Nauteyri sem þér hafið innfært í yðar byggingarbréf til mín fyrir hálfri jörðunni Kirkjubóli í Langadal, daterað Múla við Kollafjörð 1721 dag. 22. maí.

5. Stefni ég yður að mæta á nefndum stað og degi með yðar forsvar og varnir fyrir réttinum móti þeim ákærum er ég yður á hendur færi. Legg ég í rétt hvert þér skuluð ei sekur vera fyrir þá skilmála er kunnid í nefnt byggingarbréf að hafa uppásett ólöglega, sem og hvert þér skuluð mér ei kostnaði svara fyrir mitt ómak og kostnað að færa það undir lög.

6. Stefni ég yður að biða svo lengi fyrir réttinum sem dómur er genginn á þetta okkar mál.

Þetta staðfesti ég með mínu undirskrifuðu nafni að Kirkjubóli í Langadal dag 21. nóvember 1721, Þorleifur Þorláksson.

Anno 1722 þann 16. apríl fyrir réttinum upplesið á Nauteyri. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Lit. E.

Ég Teitur Arason kónglegrar majestatis valdsmann í Barðastrandarsýslu stefni yður Jón Árnason, yður Bjarni Jónsson, yður Indriði Jónsson, yður Loftur Pétursson, yður Þorsteinn Pálsson, yður Jón Jónsson og yður Pétur Þorvaldsson, öllum yður sem einum og einum sem öllum, til Nauteyrar á Langadalshöfðum á þann 16. dag aprílmánaðar þessa árs 1722 fyrir virðuglegan og velvísan valdsmanninn seigneur Markús Bergsson til þess að þið þar löglega vitnið undir ykkar svarinn eið þar um hvört presturinn séra Þorleifur Þorláksson hefur ei látið rista grundartorf nálægt túninu á Kirkjubóli í Langadal, í túninu eður þar

áður hefur slegið verið nálægt því. Item hvört hann hefur látið slá upp tún og engjar á nefndu Kirkjubóli á næst undanförunum árum, að þeim parti er honum tilhlýtt hefur, svo og hvört hann hafi nefnda jörð þrifið, ræktað og forbetað til túns, engja og húsa, og að síðustu að svara til allra þeirra spursmála er þið bæði af dómáranum og mér kunnid löglega aðspurdir verða þessu máli til upplýsingar. Veri þið komnir árdegis á greindan þingstað og dag og dveljið þar svo lengi sem þörf og skyldan býður. Hér um til staðfestu er mitt undirskrifað nafn að Múla við Kollafjörð þann 2. mars anni 1722, Teitur Arason.

Anno 1722 þann 16. apríl var þessi stefna upplestin fyrir réttinum að Nauteyri. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Eiður Jóns Jónssonar, Þorsteins Pálssonar og Péturs Þorvaldssonar er þeir aflögðu fyrir réttinum að Nauteyri 17. apríl 1722 og ekki er allur í processen innfærður utan atriðið er sem eftir fylgir: Það játa ég Jón Jónsson, ég Þorsteinn Pálsson og Pétur Þorvaldsson að ég vil segja sannleikann í því efni er sýslumaðurinn Teitur hefur með stefnu er hér hefur birt verið tilkvatt mig að vitna um torfristu á Kirkjubóli og því viðvíkjandi, og öngvu þar af leyna það ég veit. Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium. Til merkis vor nöfn, Jón Hannesson, Jón Steinsson.

Vitnisburður stefnuvotta sýslumannsins Teits Arasonar
er processen umgetur.

Lesaranum heilsa og friður.

Það eitt vitum vér um Jón Sigurðsson, nú að Galtargjá búanda, að vér fyrir vora vitund kunnum ei annað segja en hann sé til orða og verka frómur og með meinleysi sér hagandi við sérhvörn meiriháttar og minni mann allan þann tíma sem hann dvöl hafði hér í Múlakirkjusókn, og aldrei höfum vér heyrt nokkurn honum annað en erlegt tiltala. Er hann svo vikinn héðan úr sveit með hér-greindum orðstír, að vitni vor undirskrifaðra að Skálmarnessmúlakirkju 22. mars anno 1722, Finnur Nikulásson, Einar Brandsson, Ketill Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Brandur Brandsson, Loftur Jónsson, Ketill Guðbrandsson, Þórður Einarsson, Magnús Tómasson meh, Ólafur Bjarnason, Þorsteinn Þorleifsson meh.

Þessum ofanskrifuðum vitnisburði erum vér Gufudals kirkjusöfnuður nú nálægir samþykkir fyrir vora persónu, Gufudal dag 5. apríl anno 1722, Þorleifur Ólafsson meh, Bjarni Ólafsson, Páll Arnórsson, Bjarni Ólafsson, Eyjólfur Sigfússon.

Ég undirskrifaður veit ei annað til Jóns Sigurðssonar sem þennan vitnisburð

hefur að framvísa en frómt og ærlegt. Gufudal dag 5. apríl anno 1722. Testor Guðmundur Vernharðsson.

Ég undirskrifaður veit ei annað að vitna um Hákon Sigmundsson, nú búandi í Skálmardal, en hann hagaði sér frómlega og ærlega til máls og gjörða allan þann tíma sem hann var í þessari Gufudalskirkjusókn mitt sóknarborn. Og þessu til staðfestu er mitt nafn með eigin hendi undirsett að Neðra-Gufudal þann 14. apríl anno 1722, Guðmundur Vernharðsson.

Sáttargjörð er framfór milli sýslumannsins í Barðastrandasýslu seigneur Teits Arasonar og séra Þorleifs Þorlákssonar að Nauteyri settu héraðsþingi 15. maí 1722.

Anno 1722 þann 15. dag maí að Nauteyri settu héraðsþingi, nálægum eftirskrifuðum þingheyrum, Runólfi Ólafssyni, Jóni Hannessyni, Jóni Jónssyni, Gísla Þórðarsyni, Hafliða Árnasyni, Bjarna Jónssyni, Bjarna Bjarnasyni og Guðmundi Árnasyni, var upplestin sú slutning er næstliðinn 17. apríl gekk á þessum þingstað um stefnur sýslumannsins monsieur Teits Arasonar til séra Þorleifs Þorlákssonar, hvar inni prestinum séra Þorleifi Þorlákssyni, er þá ei mætti hverki sjálfur eður neinn hans vegna og engin forföll af hans álfu, var af sýslumanninum Markúsi lagður lögdagur að mæta á þann 15. maí hér að Nauteyrarþingstað sem er nú í dag að svara þeim sýslumannsins ákærum er hann hefði prestinum séra Þorleifi umstefnt á þann 16. apríl að gegna og dóm liða, svo sem sú slutning sér líkast hermir.

Var nú sýslumaðurinn Teitur Arason hér til staðar ásamt prestinum séra Þorleifi og játa sig ánægða með slutningunnar auglýsingu og afhending. Þegar svo var komið forlíktust þeir sýslumaðurinn monsieur Teitur Arason og presturinn séra Þorleifur Þorláksson með því móti að presturinn séra Þorleifur lofar og býður að betala sýslumanninum Teiti Arasyni tuttugu og átta rixdala gildi í gildum landaurum þann 27. maí anno 1722 fyrir það hann sé klár og kvittur við allt það sem þeim hefur hingað til dags á milli farið og eitt hundrað til fátækrar prestaekkjju Ingveldar Jónsdóttur á Hamri, og biðja sýslumanninn fyrirgefningar nú í dag fyrir réttinum á því er hann hafi kunnað honum móti gjöra að Kirkjubóli í Langadal þann 21. og 22. nóvember anno 1721, og gefa sýslumanninum Teiti það hey sem hann kann eftir að eiga í vor að Kirkjubóli afgangi þá hann fer þaðan í næstkomandi fardögum, og lofar presturinn séra Þorleifur viljuglega að víkja frá Kirkjubóli nú í fardögum 1722. Og að þessu öllu framanskrifuðu af prestinum séra Þorleifi Þorlákssyni játar sýslumaðurinn Teitur Arason að hann gefi séra Þorleif kvittan og ákærulausan um allt það sem

hann kann að hafa honum hingað til dags til að tala og um stefnt, hverju nafni sem heita kann, að því tilskildu að hann ei neitt burtu flytti það sem naglfast er á Kirkjubóli. Til merkis undirskrifuð nöfn.

Runólfur Ólafsson
Jón Jónsson
Bjarni Bjarnason
Bjarni Jónsson

Markús Bergsson mpp
Jón Hannesson
Guðmundur Árnason
Gísli Þórðarson
Haflíði Árnason

Eftirskrifað kaupbréf var upplesið að Auðkúlu settu manntalsþingi anno 1722 þann 28. maí:

Anno 1721 þann 27. ágúst að Álftamýri við Arnarfjörð framfór svolátandi kaupgjörningur að milli þessara manna af einni hálfu erugöfugs valdsmannsins í Barðastrandasýslu seigneur Teits Arasonar, en af annarri heiðurlegs kennimanns séra Páls Péturssonar sem hér eftir fylgir:

1. Selur áðurnefndur sýslumaðurinn Teitur prestinum séra Páli alla jörðina Innri-Veðrará og tólf hundruð í Ytri-Veðrará, báðar þessar liggjandi við Önundarfjörð og Holtskirkjusókn, með öllum þeim gögnum og gæðum, eignum og ítökum til lands og vatns sem greindum jörðum fylgir og fylgt hefur að fornu og nýju, að öllu tilteknu en öngvu frá, undan sér og sínum erfingjum, en undir fyrrgreindan og velnefndan kennimanninn og hans erfingja til ævinlegrar eignar og frjáls forræðis.

2. Selur og greindur sýslumann prestinum jörðunum meðfylgjandi sjö málnytjukúgildi og skal presturinn í næstkomandi fardögum greindar jarðir að sér taka með landskuldum og kúgildum til eignar.

3. Í andvirði þessara jarða betalar nú velnefndur séra Páll stórt hundrað sjötigir og tvo rixdali og fyrir kúgildin tuttugu og átta rixdali með hvörn betaling erugöfugur sýslumaðurinn öldungis ánægður er og kvitterar hann hér með.

4. Lofar presturinn að halda þessu sínu kaupi til laga, en sýslumaðurinn lofar að svara lagaríftingum ef kaupið að lögum aftur gengur, og uppá allt þetta ofan-skrifað höfðu þeir fullkomin handsöl sín á milli í okkar hér undirskrifaðra viðurvist, hvar um til merkis þeir báðir undirskrifa sín nöfn ásamt okkar og setja sín signet hér að neðan sama stað, ári og degi sem fyrr segir, Páll Pétursson LS, Teitur Arason LS, Þórður Þorbjörnsson meh, Bjarni Brynjólfsson meh.

Ég undirskrifuð gjöri vitanlegt að ég er öldungis samþykkt þessum gjörningi míns elskulega ektamanns og staðfesti kaupið, hvar um til staðfestu eru mitt nafn og signet að Haga dag 30. ágúst anno 1721, Margrét Eggertsdóttir LS.

Anno 1722 þann 28. maí var þetta upplesið að Auðkúlu settu manntalsþingi. Til merkis Markús Bergsson mpp.

Lögfesta er upp var lesin að Auðkúlu 28. maí 1722
að settu manntalsþingi.

Ég Páll Pétursson prestur til Álftamýrarkirkju lögfesti hér í dag eign míns beneficíi Maríaekirkju á Álftamýri er heitir Tjaldanes, tuttugu og fjögur hundruð að dýrleika, akra og töður, engjar og skóga, holt og haga, vötn og veiðistaði, og allar landsnytjar til fjalls og fjöru þær er því landi eiga að fylgja til þeirra ystu ummerkja er aðrir menn eða jarðir eiga á móti, að innan í Kúluá en að utan í Samkundu á miðjum skriðum þar hæstar eru, lögfesti ég að orðfullu og lögmáli réttu, fyrirbýð ég hvörjum manni héðan af í að vinna eða sér að nytja nema mitt sé lof eða leyfi til. Tilsegi ég landsetum kirkjunnar á téðu Tjaldanesi nú búandi er þá jörð af mér nú heimila hafa í sögð takmörk Tjaldanesslands að yrkja og brúka, og láta ekkert fyrir sína vanrækt undan jörðunni ganga sem henni að fornu fylgt hefur og fylgja ber, svo framt þeir vilja þá jörð af mér heimila hafa, hvörja ég þeim enn á ný heimila innverandi ár í sögð takmörk eða hvað lengur þeim og mér að guðs lofi og líðun þar um vinsamlega semur, þar til lögmæt skjöl koma á móti lögfestu minni um landamerki hér áður nefnd er henni hrinda kunna. Lögfesti ég margnefnda Álftamýrar kirkjujörð Tjaldanes til nefndra ummerkja í krafti og styrkleika þeirrar lögfestu er minn sæli og sálugi formann séra Björn Þorleifsson áður fyrir meir við Hrafnsyrarkirkju upplás anno 1692 dag 28. ágúst, samt þeirra annarra röksemdarvitna er hérnefndri minni lögfestu til málsbóta koma kunna. Undir sömu grein og sama forboði lögfesti ég einninn þessar jarðir Maríaekirkju á Álftamýri og í Hrafnsyrarkirkjusókn liggjandi eru, nefnilega Hjallkárseyri tólf hundruð og Ós tólf hundruð, hvorutveggju þessar jarðir til þeirra ystu ummerkja er sannprófuð og lögmæt landamerkjaskjöl í móti þeirra landamerkjum halda, tilsegjandi báðum þessara jarða ábúendum greindar jarðir til þeirra ystu takmarka samt fjalls og fjöru brúka. Og fyrirbýð ég undir kirkjunnar fullrétti öllum mönnum upp héðan neinna þessara jarða gæði, hvört heldur til lands eða vatns vera kunna sér að nytja eða brúka nema mitt sé lof eða leyfilegt jáyrði fyrir. Til merkis og staðfestu öllu þessu framan- og ofanskriðu er mitt nafn undirsett að Auðkúlu dag 28. maí anni 1722, Páll Pétursson.

Forlíkun er gjörðist á Hóls manntalsþingi milli Sigmundar
Sæmundssonar og Jóns Jónssonar um umskipti á jörðunni
Minnihlíð 4 hundruð fyrir 6 hundruð í Mýdal.

Anno 1722 þann 4. júní að Hóli í Bolungarvík forlíktust þeir Sigmundur Sæmundsson og Jón Jónsson uppá það þeim hafði milli borið um Minnihlíðar 4 hundruð með þeim skilmálum að nefndur Jón Jónsson ofurfegur allt það til-

kall sem hann hafi kunnað að hafa til Minnihlíðar 4 hundruð til Sigmundar Sæmundssonar, hvar á mót Sigmundur Sæmundsson fær til fullkomlegrar eignar og frjáls forræðis Jóni Jónssyni sex hundruð í jörðunni Mýdal liggjandi í Bolungarvík og Hólskirkjusókn, undan sér og sínum erfingjum en undir Jón Jónsson og hans erfingja til ævinlegrar eignar og eigindóms upp héðan fyrir nefnd fjögur hundruð í Minnihlíð, svo sex hundruð í Mýdal skal mæta 4 hundruðum í Minnihlíð, og játa þeir báðir Sigmundur Sæmundsson og Jón Jónsson að þessar jarðir skuli upp héðan vera átölulaus eign hvers um sig, og höfðu þeir báðir, Sigmundur Sæmundsson og Jón Jónsson, fullkomin handsöl um að þetta skuli allt stöðugt standa og hér með skuli vera útslegið sérhvað sem þeim hingað til dags hafi á milli borið eður hvör hefði haft af öðrum til að tala. Svo og lofar Sigmundur Sæmundsson* að svo framt fyrrnefnd 6 hundruð í Mýdal kynni að ganga af greindum Jóni fyrir hans vanheimildar skuld þá skuli Jón uppbera af sér eður sínum erfingjum 40 rixdali in specie eður jafngóða jörð sem Mýdalur nú er. Til merkis Markús Bergsson mpp, Sigfús Jónsson, Björn Þorsteinsson, Ólafur Jónsson meh, Björn Ketilsson, Kolbeinn Snæbjörnsson, Snæbjörn Kolbeinsson, Bjarni Ketilsson, Guðmundur Jónsson, Sigmundur Sæmundsson, Jón Jónsson meh.

Þetta eftirskrifað kaupbréf var upplesið 1721 dag 16. júní að Hesteyri, en innfærðist ei í sinn stað því gienpartur af bréfinu kom mér ei í hönd fyrir en 1722 í júní:

Anno 1720 þann 30. ágúst vorum við undirskrifaður nálægir og ásjáandi að Sléttu við Jökulfjörður þá virðuglegur Magnús Bjarnason, þar búandi, lánaði sýslumanninum Sigurði Jónssyni 80 rixdali in specie, þar að auki afhenti* Magnús honum gilt 10 rixdala andvirði í þarflegum aurum. Sömuleiðis lofaði Magnús og hans æruprýdda ektakvinna Guðrún Ólafsdóttir Jóni Jónssyni 10 rixdala andvirði að svara, hvað sýslumaðurinn Sigurður Jónsson honum eftirgefur vegna sinnar dyggðaríkrar konu Ólufar Jónsdóttur, hver þessa nefnda 10 rixdali Jóni til framfarar gefur fyrir sína trúa og dyggva þjónustu sér og sínum auðsýnda. En sýslumaðurinn Sigurður Jónsson pantsetur áður velnefndum Magnúsi Bjarnasyni 10 hundruð í jörðunni Þverdal í Aðalvíkurhrepp og að Stað í nefndri sveit að kirkjusókn með eftirskrifuðum skilmálum:

1. Að verði ei þessir peningar in natura betalaðir fyrir Sancte Michaelis dag 1721 með billegru rentu af sýslumanninum Sigurði eður hans erfingjum, þá skuli fyrrnefnd 10 hundruð í Þverdal vera átölulaus eign velnefnds Magnúsar Bjarnasonar og hans erfingja ævinlega upp héðan, svo sem hans löglegur eigindómur sé (því sýslumaðurinn lofar sinni kvinnu Ólufu Jónsdóttir jafngóðri fastaeign, ef hana það heldur girnir en fyrrnefnt lausafé).

2. Hér að auki höfðu fyrrnefndir menn, sýslumaðurinn Sigurður Jónsson og Magnús Bjarnason, þessi eftirskrifuð jarðakaup. Að sýslumaðurinn Sigurður Jónsson fær velnefndum Magnúsi Bjarnasyni alla jörðina Skáladal liggjandi í Aðalvíkurhrepp, eign konu sinnar 8 hundruð að dýrleika, fyrir hálfa jörðina Skjaldfönn 8 hundruð að dýrleika liggjandi á Langadalsströnd og í Kirkjubólskirkjusókn. Selur hver um sig nefndar jarðir með öllum hlutum og hlunnindum til lands og vatns er hverjum parti fyrir sig fylgja á að réttum lögum til ystu ummerkja þeirra er þeir og þeirra réttir eigendur urðu fremst ráðendur að. Skyldi nú hver um sig í næstu fardögum að sér taka nefnda parta sem að lögum afhentir væri, sýslumaðurinn Skjaldfönn en Magnús Skáladal.

Uppá ofanskriafaða skilmála höfðu fyrrskrifaðir menn, sýslumaðurinn Sigurður Jónsson og Magnús Bjarnason, fullnaðarhandsöl í vor undirskriafaðra nærveru og ásýnd á sama stað, ári og degi er í öndverðu greinir, Sigurður Jónsson, Magnús Bjarnason, Halldór Bjarnason, Jón Jónsson, Þorlákur Halldórsson, Finnur Jónsson, Kláus Bergsveinsson.

Anno 1721 upplesið að manntalsþingi á Hesteyri 16. júní. Vitnar Markús Bergsson mpp.

Process er framfór á Vaðalsþingi anno 1722 dag 25. júní.

Anno 1722 þann 25. júní að Vaðli á Barðaströnd settu manntalsþingi að upplesinni skikkun veðla og velburðugs herra amtmannsins herra Niels Fuhrmanns til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu Markúsar Bergssonar réttinum að þéna að Vaðli í þeirri sök er hans velburðugheit hafði sett erugöfugan sýslumanninn seigneur Teit Arason til svo sem fullmegtugan að framfylgja sinna vegna, af dato 16. apríl 1722, og innfærast lit A.

Voru nú þessir eftirskrifaðir þingsóknarmenn, Jón Einarsson, Þórður Jónsson, Jón Sigmundsson, Bjarni Jónsson, Pétur Pétursson, Þorlákur Jónsson, Tómas Bjarnason og Jón Jónsson, tilnefndir af sýslumanninum Markúsi Bergsyni réttinum að þéna. Var nú þessu næst upplesin begiering sýslumannsins velnefnds monsieur Teits Arasonar til sýslumannsins Markúsar Bergssonar réttinum að þéna að Vaðli 25. júní 1722. Bréfið daterað 1722, 14. júní, og finnst lit. B.

3. Var upplesin skrifleg fullmagt hans velbirðigheita herra amtmannsins til sýslumannsins seigneur Teits Arasonar að uppátala hans vegna eina sök viðvíkjandi meðferð nokkra manna á þeim hval er 1721 uppdreif á Hamri í þessari þingsókn sem það bréf sér líkast hermir, daterað 1722, 15. apríl, með hans velbyrðigheita undirskrifuðu nafni og áþrykktu signeti, en innfærast lit. C.

4. Framlagði sýslumaðurinn seigneur Teitur Arason seðil undir nafni lögrettumansins monsieur Sigurðar Sigurðssonar, dateraðan Brjámslæk 13. júní

1722, hvar inni hann lofar sem lögstefndur að vera til staðar að Vaðli 25. júní að svara til þess máls er viðvíkur því hvalbroti er uppbar á Hamarsland næstliðið ár, að svo miklu leyti er honum byrji til að svara, innfærast lit. D, hverri nefndri lofun lögréttumaðurinn nú nálægur viðgöngu veitir.

5. Var þetta eftirskrifað upplesið:

Vér undirskrifaðir lofum að koma á Vaðalsþing þann næstkomandi 25. júní anni 1722 að svara þar fyrir réttinum svo sem lögstefndir til þess máls er orðsakast út af þeim hval er rak á næstliðnu sumri 1721 á Hamarsfjöru á Hjarðarnesi, hvörn vér sumir óskiptan burtfluttum, en sumir gátum ei yfir honum vakað og hann vaktað eftir lögum, og fyrir það er bevísast kann á móti lögum endilegan dóm líða. Vér lofum og að vitna svo sem lögstefndir þar fyrir réttinum það frekasta kunnum um það hvörninn um nefndan hval hefur tilgengið og hvörjir með hann höndluðu og burtfærðu. Hér um til staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn að Siglunesi þann 3. júní 1722, Símon Sveinsson, Ólafur Pétursson, Oddur Styrbjörnsson, Loftur Pétursson, Jón Bjarnason, Jón Jónsson, Jón Þorkelsson, Ólafur Bjarnason, Bjarni Bjarnason.

Voru hér nú allir ofanskrifaðir menn til staðar að fráteknum Jóni Þorkelsyni sem lofuðu hér að svara sem lögstefndir. Innkóm nú sýslumaðurinn seigneur Teitur Arason og begerði að þeir menn sem næst búa rekafjörunni á Hamri vilji glögglega segja hvörjir hvalinn skorið hafa, hvörjir hann burtflutt hafa og hvörninn þeir svo sem vaktarar hafi með hann höndlað. Þetta eru mennirnir er hann tilkveður um að vitna, Jón Bjarnason búandi á Hamri á Hjarðarnesi, Loftur Pétursson búandi á Fossá, veðla herra amtmannsins landseti, Bjarni Bjarnason, Oddur Styrbjörnsson, búendur á Haugi, og óskar að yfirheyrðir væru, einninn í vitni teknir um þetta hvalmál. Komu nú allir þessir fram og báru sameiginlega svoleiðis að uppborið hefði anno 1721 í júlímánuði um alþingistíma á Hamars Hjarðarnessfjöru rekahval.

Og þegar svo var komið auglýsti virðuglegur sýslumaðurinn seigneur Teitur Arason að hann fyrir góðra manna tillögur og svo frekari vitluftugheit ei hér af orðsakist áðurnefndum mönnum til skaða gæfi hann þá aldeilis klára og kvitta um sérhverja þeirra höndlan með nefndan hval er á afliðnu sumri upprak á Hamri á Hjarðarnesi með því móti að þeir lofuðu þessu eftirskrifuðu, að betala fyrir sína yfirsjón til sýslumannsins seigneur Teits Arasonar (svo sem veðla og velbyrðigs herra amtmannsins fullmegtugs) á fyrrnefndri hvalsmeðferð, nefnilega að Símon Sveinsson, Ólafur Pétursson og Jón Jónsson lofa 14 rixdölum in specie hver eður þeirra gildu andvirði nú á yfirstandandi ári 1722, en Jón Bjarnason, Loftur Pétursson, Oddur Styrbjörnsson og Bjarni Bjarnason lofa að betala 7 rixdali in specie hver nú í ár 1722 fyrir yfirsjónina á nefndri hvalsmeðferð, og lofar sýslumaðurinn seigneur Teitur að hér með skuli vera

aldeilis útslegið sérhvað er hann kynni hafa viljað eður haft uppá hans velburðugheita vegna þessum nú straxnefndum sjö mönnum til að tala í þessu greindu hvalsmáli, svo yfir þeirra yfirsjón hver helst sem hafi kunnað að vera skuli ei í þetta sinn neinn dómur ganga. Það viðvíkur Ólafi Bjarnasyni, einum af þeim er hér hefur lofað að mæta uppá greinda hvalsmeðhöndlan, þá auglýsir sýslumaðurinn Teitur Arason að nefndur Ólafur Bjarnason sé sinn eiginlegur þenari og hann hafi honum ei neitt til að tala uppá oftnefnds hvals meðhöndlan og hann sé þar um aldeilis klár og kvittur.

Jón Þorkelsson er hér ekki nálægur og enginn hans vegna, sem þó er undirskrifaður undir fyrr innfært lofunarbréf, daterað Siglunesi 3. júní 1722, en ei með hans eigin hendi, og þar fyrir aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson hvert sýslumaðurinn Teitur Arason kynni vottanlega bevísa að nefndur Jón Þorkelsson væri með eitthvert slag löglega fyrirkallaður hér á stað og degi að mæta fyrir réttinum og til hvalsmeðferðarinnar svara. Þá svarar sýslumaðurinn Teitur Arason að með því hann kunni ei í þetta sinn ofurbevísa að nefndur Jón Þorkelsson sé löglega fyrirkallaður, þá sleppir hann þessari sök í þetta sinn. Þessu næst auglýsti sýslumaðurinn Teitur Arason að hann gæfi lögréttumanni monsieur Sigurð öldungis frían um þetta hvalmál* og hann vildi honum ei neitt tiltala, því hann ætti honum svo margar velgjörðir að þakka. Aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson sýslumanni Teit Arason hvað hann hefði frekara í þessu fram að vísa uppá veleðla herra amtmannsins vegna og bauð sig til sérhvað það yfirheyrta og dóm yfirsegja, hvað hann hefur og gjört oftar í dag. En sýslumaðurinn Teitur sagði hann skyldi innfæra djöfulinn og hans móðir og sagði: Ég fæ ei neinn rétt hjá yður, gekk síðan inn í tjaldid aftur og að því borði er sýslumaðurinn* í réttinum sitjandi var á að skrifa og greip borðið með valdi þaðan svo blekbyttur fóru um koll, og bar það út og vildi ei neitt til þessa máls svara. Og að þetta hér framanskriafað þannin tilgengið hafi vitna undirskrifadir er sín nöfn hér undirskrifa sama stað, dag og ár sem fyrr segir.

Markús Bergsson mpp

Jón Einarsson

Bjarni Jónsson

Pétur Pétursson

Þorlákur Jónsson

Þórður Jónsson

Jón Sigmundsson

Tómas Bjarnason

Jón Jónsson

Lit. A.

Såsom jeg nyligst har fornummet hvorledes næstafvigte år en hval skal være opdreven på en udi Bardestrands syssel beliggende og mig der tilhørende jord Hammer, som en del af næst omkring beboende, såvel som andre længer fraliggende sysselets indbyggere sig skal have foretaget at opskære og derefter

sig understået aldeles at borttage og med sig at bortflytte med videre deres i så måde brugte omgang, hvorved jeg, ihvorvel ugerne, er bleven forårsaget ved lov og ret at lade indkalde hvis mig som andre med rette måtte tilkomme. Til hvilken ende hans kongelige majestæts sysselmand seigneur Teitur Aressen som ombudsmand på mine vegne og udi min fraværelse af mig er befuld-mægtiget sagen imod vedkommende efter lovens måde at forfølge. Forordnes altså, som nærmeste kongelig majestæts sysselmand udi Isefjords syssel, seigneur Marcus Bergssen som constitueret dommer, imod billig betaling som rigtig skal vorde erlagt, udi sagen i anledning af den befunden beskaffenhed efter loven at kende og dømme som ret og forsvarligt eragtes. Bessested kongsgård i Island den 16. april 1722, Niels Fuhrmann LS.

Anno 1722 þann 25. júní var þetta að Vaðli settu manntalsþingi upplesið. Til vitnis Jón Einarsson, Þórður Jónsson.

Lit. B

Virðuglegi, vísi og velaktaði kónglegrar majestatis sýslumann seigneur Mark-ús Bergsson.

Með því veðla og velburðugur herra amtmaðurinn yfir Íslandi Niels Fuhrmann hefur mér undirskrifuðum fullmagt gefið að sækja sín vegna eina sök í þessari sýslu er orðsakast af meðferð Barðastrandarsýslu innbyggjenda á þeim hval er rak á Hamarsland á Hjarðarnesi á næstliðnu sumri og hefur yður í sömu sök til dómara skikkað, því gef ég yður til vitundar að hlutaðeigendurnir hafa skriflega lofað að svara til þessa máls á Vaðli á Barðaströnd þann 25. júní þessa árs 1722 sem lögstefndir, sem sjá kunnið af hér meðfylgjandi copiu. Þar fyrir er mín begering að þér vilduð taka þetta mál undir rétt á Vaðalsþingstað á þann áðurnefndan 25. júní og endilegan lagaprocess í því gjöra. Ég forblíf herra sýslumannsins þénustuskyldugur þénari, Múla dag 14. júní anno 1722, Teitur Arason.

Anno 1722 þann 25. júní var þetta að settu þingi að Vaðli upplesið þingmönnum áheyrandi, Jón Einarsson, Þórður Jónsson.

Lit. C.*

Såsom jeg formedelst en, på den mig tilhørende jord Hammer udi Bardestrands syssel næstafvigte år 1721, opdreven hval, som en del næst omkring beboende, såvel som andre længer fraliggende sysselets indbyggere sig skal have understået at opskære, bortflytte og sig uden videre formalitet at bemægtige. Til mig og mit imod enhvers egenrådige tiltægt ved lovlig middel at beskytte og håndhæve, er endelig højlig bleven forårsaget så vel forbemeldte sysselets indbyggere for deres i så måde efter min formening brugte ulovlige

og aldeles uforsvarlige omgang og tiltægt ved lands lov og ret at lade søge og tiltale efter sagens befundne beskaffenhed, som også til den ende laugrettesmanden Sigurder Sigurdsen, som daværende ombudsmand, for hans forsømmelse og efterladenhed med vedbørlig og betimelig anstalts forføjelse tillige at lade indstævne, til forventende regres og tilstrækkelig erstatnings erholdelse, så vel for den mig allerede tilføjede skade, som også for fremdeles forårsagende, og ved denne processis drift videre påløbende omkostning autoriseres altså og her med gives fullmagt hans kongelig majestæts sysselmand seigneur Teiter Aressen lige så fuldt som jeg selv personlig til stede var, forberørte sag på mine vegne imod vedkommende efter befunden beskaffenhed ved retten at udføre, dom at hævde og der efter execution at lade gøre, hvorfor alt hvis bemeldte herr sysselmanden seigneur Teiter Aressen på mine vegne udi denne sag gør og lader, skal for mig være så gyldig som jeg det selv gjort og ladt havde, hvad heller sagen skulle komme til forlig eller ved ordentlige process efter lovens måde udføres. Til bekræftelse under min hånd og hostrøgte signet. Actum Bessested kongsgård i Island den 15. april anno 1722,

Niels Fuhrmann LS.

Anno 1722 þann 25. júní var þetta upplesið fyrir réttinum að Vaðli. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Lit. D.

Ég undirskifaður lofa í eigin persónu til staðar vera sem lögstefndur að Vaðli á Barðaströnd þá þar verður þing haldið þann næstkomandi 25. júní að svara til þess máls er þar undir réttinn tekið verður viðvíkjandi því hvalbroti er upp bar á Hamarsland næstliðið ár að svo miklu leyti sem mér ber til að svara og viðkemur skiptunum og minni umboðsmanns skyldu. Hér um til merkis er undirskrifað nafn að Brjámslæk þann 13. júní anno 1722, Sigurður Sigurðsson.

Upplesið að Vaðli fyrir réttinum þann 25. júní anno 1722. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Sama stað, dag og ár sem fyrr segir auglýsum vér undirskrifaðir að vér vitnum það að sýslumaðurinn Markús Bergsson gaf nú í dag sýslumanninum Teiti Arasyni aungva orðsök til nokkra styggðarorða, ekki heldur neitaði að innfæra það neitt er sýslumaðurinn óskaði, hvað helst það var, heldur gegndi honum ætíð með skikkanlegum og ljúflegum orðum. Einnin nefndi sýslumaðurinn Markús okkur til þingvitnis eftir sjálfs sýslumannsins Teits Arasonar fyrirsögn, því sýslumaðurinn Markús begerede strax í upphafi að sýslumaðurinn Teitur Arason ávísaði honum hvörjir hæfir væri að vera þingvitni í þessari sök þar hann væri öllum ókenndur. Til merkis ut supra Jón Einarsson, Þórður Jóns-

son, Bjarni Jónsson, Pétur Pétursson, Jón Sigmundsson, Þorlákur Jónsson, Tómas Bjarnason, Jón Jónsson.

Þetta óskaði sýslumaðurinn seigneur Teitur Arason anno 1722 þann 25. júní að innfærist í héraðsprotocolen: Jón Einarsson hefur stolið brjóstadúk frá captein Ballch með því hann hefur ekki refunderað betalinginn það ár 1720. Það segi ég Teitur Arason sýslumaður í Barðastrandasýslu og þetta segi ég er eilífur sannleikur. Til merkis mitt nafn Vaðli anno 1722 dag 25. júní, Teitur Arason. Þessi orð óskaði monsieur Jón Einarsson að sér væri gefin uppskrifuð. Til vitnis Markús Bergsson mpp, Bjarni Jónsson, Jón Sigmundsson, Þórður Jónsson, Þorlákur Jónsson, Pétur Pétursson, Tómas Bjarnason, Jón Jónsson.

1723

Anno 1723 þann 5. apríl að settu manntalsþingi á Súðavík og deginum þar eftir þann 6. apríl að settu manntalsþingi á Tungu við Skutulsfjörð var eftirskrifað bréf opinberlega upplesið þingmönnum áheyrandi:

Anno 1722 þann 25. september að Súðavík við Álftafjörð kom til fullkomins aftals um þær bætur sem dæmdar voru á Snæbjörn Pálsson næstliðinn 23. september sýslumanninum Markúsi til handa, og eftir því að Snæbjörn Pálsson finnur sig ómeiddan við sama dóm sýslumannsins Orms Daðasonar og vill hann í alla staði halda, þá bíður sig nú strax göfugur lögréttumaðurinn í Ísa-fjarðarsýslu monsieur Sigfús Jónsson að betala uppá höndina nú í stað stórt hundrað og tuttugu rixdali in specie vegna Snæbjarnar Pálssonar, hvörju hann með þakklæti tók. Taldi síðan göfugur Sigfús Jónsson Snæbirni Pálssyni í hönd stórhundrað og 20 rixdali in specie, hvörja peninga að Snæbjörn Pálsson afhenti sýslumanninum Markúsi Bergssyni fyrir þá sekt og málskostnað sem honum var tildæmd næstliðinn 23. september að Mýrum við Dýrafjörð af sýslumanninum Ormi Daðasyni, hvar í mót sýslumaðurinn Markús kvittar Snæbjörn Pálsson og hans erfingja ánægilega fyrir sömu ánefndar sektir og málskostnað. En Snæbjörn Pálsson fyrir þessa bróðurlega velvild monsieur Sigfúsar Jónssonar lofar fyrir sig og sína erfingja að betala monsieur Sigfúsi Jónssyni eður hans erfingjum stórt hundrað og tuttugu rixdali in specie í góðum og gildum specie rixdölum innan jafnlengdar eður fyrri.

Lofar monsieur Sigfús að ef hérgreindir peningar séu sér betalaðir fyrir næstkomandi sumarmál þá skuli Snæbjörn öngva rentu af þeim gjalda, en standi þeir lengur þá skuli Snæbjörn löglega rentu af þeim gjalda. En uppá

það að monsieur Sigfús og hans erfingjar séu vissir um útsvörun á hérnefndum stórt hundrað og tuttugu rixdölum in specie þá setur Snæbjörn Pálsson monsieur Sigfúsi Jónssyni eður hans erfingjum í pant jarðirnar Arnardali við Skutulsfjörð innan Ísafjarðarsýslu og undirgengst að séu ekki ánefndir stórt hundrað og tuttugu rixdalir in specie betalaðir fyrir næstkomandi sumarmál þá skuli monsieur Sigfús eður hans erfingjar uppbera í rentu 7 rixdali in specie af Arnardala eftirgjaldi í næstkomandi fardögum eður svo árlega kunní peningarnir lengur að standa.

Tilskilur monsieur Sigfús, en sýslumaðurinn Markús og Snæbjörn lofa, að þar þessi sekta- og kostnaðargreiðsla skeður svo greiðlega þá skuli öll þræta, óeining og misklíð milli sýslumannsins Markúsar og Snæbjarnar hér með öldungis upphafin eftir þennan dag, dauð og magtarlaus vera, svo hverugur áreiti annan hér eftir, heldur séu svo sem góðir vinir og bræður hvað sem þeim kann til handa að bera hér eftir. En hver þeirra sem á þessi gríð gengur skal að laga fyrimælum gríðniðingur heita. Eru þeir svo hér með að heilum sáttum sættir. Öllu þessu til staðfestu eru hlutaðeiganda og tilkallaðra votta undirskrifuð nöfn á sama stað, ári og degi sem upphaflega greinir, Markús Bergsson mpp LS, Snæbjörn Pálsson meh LS.

Viðurvist mína meðkenni ég, Ormur Daðason LS, Sigfús Jónsson LS, Þórður Svartsson, Jón Vilhjálmsson.

Anno 1723 þann 5. apríl að settu manntalsþingi að Súðavík var þetta bréf opinberlega upplesið samankomnum þingmönnum viðverandi. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Anno 1723 þann 6. apríl var þetta bréf upplesið að Tungu settu manntalsþingi þingmönnum áheyrandi. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Héraðsdómur í stefnumáli sýslumannsins

seigneur Teits Arasonar í móti Jóni Þorkelssyni.

Ég Markús Bergsson kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu og constitueret settidómari yfir hérgreindu máli gjöri hér með vitanlegt að á þriðjudaginn þann 11. maí 1723 að settu héraðsþingi á Hamri á Barðaströnd, þar þing varð ei haldið að Vaðli vegna húsa óhentugleika, og innskrifaðri þingmannanefnd þessari, Þórði Jónssyni, Jóni Einarssyni, Halldóri Péturssyni, Ólafi Péturssyni, Tómasi Bjarnasyni, Þorláki Jónssyni, Jóni Jónssyni og Magnúsi Þorbjörnssyni, var þetta upplesið er sýslumaðurinn seigneur Teitur Arason framlagði:

Í umboði veledla og velbirdugs herra amtmannsins yfir Íslandi, Niels Fuhrmanns, stefni ég Teitur Arason þér Jón Þorkelsson til Vaðals á Barðaströnd

á þann 11. dag maí anno 1723 fyrir virðuglegan og velvísan sýslumanninn seigneur Markús Bergsson til að forsvara þig fyrir meðferð, skurði og burtflutningi þess hvals er uppbar á Hamarsland á Hjarðarnesi anno 1721, hvaðan þú af fjörunni nokkuð burtfluttir, fyrir hvörja þína meðferð ég stefni þér að líða dóm á sögðum stað og degi sem annað er ég kann löglega í þessu máli framfæra. Vertu kominn árdegis á nefndan stað og dag með allar þínar varnir og afbatanir er hafa kannt löglegar á móti þessari stefnu og dvel þar svo lengi sem endilegur lagavegur sé genginn á þetta mál okkar í milli, setjandi í rétt hvort ei skalt tilskyldast að betala mér allan þann kostnað og ómak er ég þarf að hafa fyrir þessu máli. Hér um til staðfestu er undirskrifað nafn að Svefneyjum á Breiðafirði 9. apríl anno 1723, Teitur Arason.

Þessa stefnu upplás ég undirskrifaður yfir Jóni Þorkelssyni í nærverandi votta viðurvist sem mitt nafn vottar að Miðhlíð dag 29. apríl, Jón Þorláksson, Magnús Þorbjörnsson, Pétur Pétursson.

Þessari uppáskrift mótsagði ekki Jón Þorkelsson, heldur óskaði Jón Þorkelsson að sér settist talsmaður og tilnefndi ég Markús Bergsson Jón Einarsson til þess að vera talsmaður Jóns Þorkelssonar í þessari sök og inn nefndi ég Bjarna Bjarnason til þingvitis í stað Jóns Einarssonar. Með stefnufyrirkallið játaði talsmaðurinn Jón Einarsson, ásamt sjálfur Jón Þorkelsson, sig vera vel ánægða. Að þessu svo ásigkomnu setti sýslumaðurinn Teitur í rétt hvert Jón Þorkelsson hafi mátt skera hvalinn og flytja hann í burtu af jörðunni og rekanum, ítem taka matarverð er þeir svo kalla, en skilja hvalinn eftir ráðstöfunarlausan og án vöktunar, hvar til Jón Þorkelsson svoleiðis svaraði að hann þykist ekkert vita sig til sín tekið hafa ófrjálst af nefndum hval eða sér neitt í nytjað, hvar á hann býður sinn eið, en ber þó ei á móti að hann hafi verið með að flytja hvalinn á björtum degi á því skipi er presturinn séra Hallgrímur á Læk hafi verið fyrirliði á að Læk, heimili prestsins, til þess að hirða hann upp á landsdrottins behag, hver allur hvalur sem hann var með að burtfæra í viðurvist Guðmundar Sigurðssonar, sonar lögréttumannsins Sigurðar Sigurðssonar, hafi skiptur verið milli Hamarslands og skurðarmanna með því móti að landið hafi tekið þrjá parta en skurðarmenn fjórða partinn eftir lögbókarinnar fyrirmælum. Og segist Jón Þorkelsson ekki hafa haft vit á að þar mundi nokkur sök viðliggja þó hann ásamt öðrum á því skipi hafi farið til að hirða nefndan hval hans velburðigheitum herra amtmannsins vegna og til hollustu við umboðsmanninn monsieur Sigurð Sigurðsson, sem þeir allir meintu þá herra amtmannsins umboðsmann yfir þessum hval, svo hann skyldi ekki skemmast heldur réttvíslega undir skipti koma umboðsmannsins sonar Guðmundar Sigurðssonar, hvað eð skeði sem áður segir.

Engin vitni sagðist sýslumaðurinn monsieur Teitur hafa að framvísa er mót-

mæli þessari hér innfærðri sögu Jóns Þorkelssonar í neinn máta að hún sé ei sannferðug, fyrir utan það hann meðtekið hafi er hann matarverð kalli, hvörju Jón Þorkelsson ei mótgekk og hugði það ei meira verið hafa en fjórðungs þyngd að vigt, hvað hann meinti sig og með frjálssu fyrir sitt fæði ásamt öðrum skipverjurum er þetta fluttu mega meðtaka.

Og sögðust partarnir sýslumaðurinn seigneur Teitur og Jón Þorkelsson ekkert frekara hafa að framvísa þessu máli til upplýsingar og bauð Jón Þorkelsson að staðfesta með eiði sinn framburð að ekkert ófrjálst hefði af hvalnum tekið eður öðruvísi með hann höndlað en áður segir, og óskaði sýslumaðurinn seigneur Teitur að Jón Þorkelsson sinn tilboðinn eið strax aflegði, hvað ég Markús Bergsson ályktaði með þingheyaranna ráði og uppálagði að Jón Þorkelsson skyldi strax gjöra eftir Norsku laga 1. bók, 14. capitula, articula 6. Og aflagði hann svolátandi eið sem fylgir eftir það eiðsútpýðingin var honum lesin í viðurvist sýslumannsins Teits Arasonar: Ég Jón Þorkelsson tek guð til vitnis að ég hefi ekkert ófrjálst öðlast, að mér tekið, selt eður burtfengið af þeim hval er uppbar á Hamarsland anno 1721 og ekkert mér af honum í nytjað eður að mér tekið fyrir utan þann skurðarhlut er mér opinberlega skiptist og matarverð að Læk á Barðaströnd í viðurvist Guðmundar Sigurðssonar, lög-réttumannsins Sigurðar Sigurðssonar sonar, svo sem umboðsmanns yfir Hamarsreka, og allt það er ég hefi um það ásigkomulag auglýst og innfært er í það þingskrif er hér í dag hefur verið saman skrifað um þetta er í allan máta sannferðugt. Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium.

Að þessu öllu máli yfirveguðu féll þar á svolátandi slutning uppsögð af mér Markúsi Bergssyni sem eftir fylgir: Jón Þorkelsson er ei hefur uppá bevisast að neitt ófrjálst hafi af hvalnum að sér tekið er uppbar á Hamarsland anno 1721 og hans meðferð á honum auglýsist ei að hafi orðið neinum til skaða mót lögum eða afdráttar. Hér með hefur nefndur Jón eið unnið fyrir alla ófrjálssa höndlan á nefndum hval. Skal aldeilis frí vera að svara neinum sektum fyrir nefnda hvalsmeðferð kóngi eður karli. Og var þessi slutning upplestin báðum pörtunum áheyrandi. Og að því gjörðu aðspurði ég Markús Bergsson sýslumanninn seigneur Teit Arason hvert hann hefði fleirum en Jóni Þorkelssyni stefnt á þennan stað og dag fyrir mínum dómi að mæta uppá þess hvals meðferð er upprak á Hamarsland 1721 og bauð mig til það stefnumál nú í stað að heyra og dæma ef til væri. Og svaraði sýslumaðurinn seigneur Teitur að hann aungvum fleirum en þessum Jóni Þorkelssyni hefði á þennan stað eður dag stefnt að mæta um oftnefnt hvalmál og aungvum þeim er sýslumanni Markúsi bæri yfir dæma í þetta sinn.

Þetta er sá dómur sem fyrir réttinum að Hamri á Barðaströnd næstliðinn 11.

maí var uppsagður með beggja partanna ástæðum og stefnufyrirkallinu. Til merkis mitt nafn, Markús Bergsson mpp.

Héraðsdómur í stefnumáli Jóns Þorbjörnssonar
til Árna Auðundssonar og Guðríðar* Þorbjörnsdóttur.

Ég Markús Bergsson kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu gjöri hér með vitanlegt að á fimmtudaginn þann 20. maí anno 1723 að settu manntalsþingi* að Meðaldal og til réttarins erinda af mér tilnefndum þessum eftirskrifuðum mönnum, Jóni Jónssyni, Bjarna Jónssyni, Ólafi Þorlákssyni, Jóni Þorleifssyni, Magnúsi Níelssyni, Magnúsi Sigurðssyni, Ívari Jónssyni og Jóni Jónssyni, framlagði Jón Þorbjörnsson þetta eftirskrifað er upplesið var:

1. Eftir sem anno 1723 um nóttina milli þess 7. og 8. apríl voru hús og hirðslur uppbrotnar á mínu heimili Brekku og þaðan burtstolið nokkrum fjármunum, er ég síðan nokkra aftur fann þann 10. apríl næstliðinn á heimili Árna Auðundssonar á Hofi í útihúsi, og þar enginn fannst þar hjá er meðkenndi sig þessu stolið hafa þá stefni ég Jón Þorbjörnsson ykkur Árni Auðundsson og Guðríður Þorbjörnsdóttir til Meðaldalsþingstaðar á þann 20. maí anno 1723 fyrir dómi sýslumannsins Markúsar Bergssonar að forsvara ykkur ef getið eftir lögum að þið hafið ekki þessum fjármunum stolið og ekki meðvitandi þeirra er þeim hafa frá mér stolið og ekki vitið neitt til hvör þá hefur lagt í ykkar hús. En svo framt að þið getið ekki löglega ykkur hér frá fríað þá veri þið tilþenkt fyrir sérhvörja þá yfirsjón sem á ykkur kann að berast hér fyrir dóm að líða. Veri þið árdegis komin á þetta þing með þær varnir er þið hafa kunnið í þessu máli og bíðið til þess dómur er þar á genginn. Til merkis mitt undirskrifað nafn að Söndum dag 5. maí anno 1723, Jón Þorbjörnsson. Stefnan lesin 5. maí á heimili Árna og segjast þaug um þá stefnunnar auglýsing ánægð.

2. Framlagði Jón Þorbjörnsson þetta eftirskrifað er upplesið var: Anno 1723 nóttina fyrir þann 8. dag apríl missti ég undirskrifaður eftirtalda fémuni: 1 léreftsskyrtu, 4 bækur, 3 tröf, 3 klúta, 2 handklæði, 1 lóðlínu, 2 sauðarskinn, merkurglas með brennivíninu í, 14 knappa, 3 af tini, 11 af látúni, kerald með hálfum þriðja fjórðungi smjörs og lítið af rikklingi. Til merkis mitt nafn að Brekku við Dýrafjörð dag 12. apríl anno sem fyrr segir, Jón Þorbjörnsson.

3. Framlagði Jón Þorbjörnsson eftirskrifað er upplesið var: Anno 1723 þann 10. dag apríl vorum vér undirskrifaðir menn umbeðnir af Jóni Þorbjörnssyni á Brekku að fara með honum til Hofs, hvar um hann hafði boð fengið af Árna Auðundssyni til að rannsaka ef þar nokkuð myndist af því er hann um nóttina fyrir þann 8. apríl misst hafði og að rannsökuðum húsum fundum vér í lambhúsi því er Jakob Jónsson í fannst þetta eftirskrifað: hálf smjórið, 3 tröf, 3

klúta, 4 bækur, eitt sauðarskinn, eitt handklæði, 14 knappa, þrjá af tini, hina af látúni, eina lóðlínu og hrikklings stykki. Þessu til vitnis eru vor nöfn að Brekku dag og ár sem fyrr greinir, Jón Bjarnason, Pétur Þorleifsson, Gísli Guðmundsson, Jón Steinólfsson.

Beiddist Jón Þorbjörnsson að Árni Auðunsson væri nú yfirheyrður og hann framvísaði hið frekasta er hann hér um vissi undir sinn svarinn eið. Og yfirlýsti fyrrnefndur Árni því að Jakob Jónsson sem nú er fastur fyrir þjófnað í Barðastrandasýslu hafi um þann tíma verið á heimili sínu og þessu stolið, og játar Árni að hann um miðdags skeið 8. apríl næstliðinn hefði af þessu vitað, og þá hafi greindur Jakob boðið sér af smérinu og rikklingnum, og meðkennir hann sig af smérinu meðtekið hafa til sín og innborið í hús á hlaðinu sem svarar fjórðungi og lítið af rikklingnum. Meira vildi hann ei þá meðganga.

Hvar fyrir Guðríður Þorbjörnsdóttir var innkölluð og auglýsti hún velviljuglega þetta: Að þá lögréttumaðurinn Sigurður Sigurðsson hefði afliðinn 7. apríl komið að Hofi að leita að Jakob hefði sami Jakob verið í baðstofunni, en ekki segist hún erindi lögréttumansins Sigurðar hafa í það sinn vitað. Þar eftir um kvöldið eftir dagsetur hafi Jakob frá heimilinu ferðast. En um morguninn þann 8. apríl hefði Árni ektamaður sinn í skemmuhúsinu á hlaðinu boðið sér traf, en ekki hafi hún skoðað hvert það væri 1 eður tvö, því hún hefði ei viljað hafa neitt með þau og ekki hafi hún heldur haft. Svo og hefði hann boðið sér að éta smér, hvað hún hefði og ekki þegið, því sinn maður Árni hafi undir eins auglýst sér að Jakob hefði um nóttina fyrir farið í Brekkuskemmu og þetta væri þaðan, en Jakob væri í húsinu á vellinum, og segist hún ekki hafa tilvogast vegna síns ektamaka þetta nokkrum opinberlega auglýsa utan bróður sínum Jóni Þorbjörnssyni sem tókuna missti segist hún í einrúmi hafa þetta auglýst það fyrsta hún fékk hentugleika þar til, hvað hann nú nálægur játaði satt vera.

Þessa framanskriafaða konunnar lýsingu játaði Árni Auðunsson sanna að vera og að hann hefði tröfin borið upp í húsin sem Jakob var í tekinn og þau ásamt öðru sem í húsinu fannst samanvafið í bagga og látið á milli jötubálskins og veggisins og sáð heyfúka þar ofan yfir, og þetta ber saman við sögu þeirra er tókuna fundu.

Aðspurði ég Markús Bergsson Jón Þorbjörnsson hvert hann gæfi sök á þessari töku að aðstandandi og sagðist hann aungva sök gefa neinum fyrir hana, hverki Jakob eður öðrum, heldur hefði hann einungis haldist þessu undir réttinn þess vegna svo kónglegrar majestatis sök er hér ásegðist ei niðurdræpist. Ekkert segist Árni Auðunsson hafa að framvísa sér til málsbóta í þessu efni, hverki það snertir hýsingu og hilming á Jakob sjálfum eður þeim fémunum sem áður eru taldir. En konan óskar að það sé vel í akt tekið að hún hverki hafi neitt af tókunni viljað þiggja, 2. að ei vegna bónda síns hafi vogað þessu lýsa

öðruvísi en áður er talað við bróður sinn er tókuna missti. Og auglýstu allir þingmenn sameiginlega að þeir vissu ei annað en frámt og erlegt til konunnar Guðríðar Þorbjörnsdóttur, og óskaði hún að mega sinn framburð með eiði sanna.

Og þar allir sameiginlega, bæði þingheyraryrnir og þingsóknin, með einu hljóði auglýstu og játuðu að þessari konu væri vel fyrir eiði trúandi í þessum hennar framburði, að hann væri sannur þar hún svo vafalaust, skýrlega og greinilega auglýsti allt framanskrifað, þá var henni eftir laganna leyfi af mér Markúsi Bergssyni uppálagt sinn framburð með eiði sanna, hvern eið hún aflagði eftir það eiðsútpýðingin var henni lesin svolátandi sem fylgir: Ég Guðríður Þorbjörnsdóttir tek guð til vitnis að það ég hefi í dag auglýst viðvíkjandi Brekkutökunni, og hér er innfært, er í allan máta sannferðugt og í aungvum ráðum, vilja eður vitund var ég með að nefnt fé væri tekið af Jakob Jónssyni og ekkert hefi ég þar af viljað þiggja meir eður minna heldur en ég hefi í dag opinberlega auglýst sýslumanni og þingheyrrum, svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium.

Takan þessi frá Jóni Þorbjörnssyni álitu samankomnir þingheyraryrar að ei kynni virðast minna en 15 aurar til verðaura, hvar við þeir létu og blífa, og kveðst Jón vera með þá virðing ánægður.

Og að þessu máli svo yfirveguðu féll þar á svolátandi dómur af mér og þingheyrrunum: Árni Auðunsson er á aflíðnum vetri hefur hýst og hilmað Jakob Jónsson kynningarlausan, síðan eftir sinni sjálfs meðkenning nú í dag fyrir réttinum haft af og hilmað það Jakob Jónsson hefur meðkennt sig hafa stolið á Brekku í Dýrafirði sem áður er umgetið, og af því þegið, skal eftir þjófabálki 1. capitula vera sekur um 3 merkur til kóns, hverjar hann hafi goldið í næstu fardögum eða líði þar fyrir líkamlega refsing, svo framt hann fær ei rigtugan borgunarmann. Kona hans Guðríður ályktast frí og skal ei mæta þar fyrir neinum sökum. Sá dómur er byggður á mannhelgi 17. capitula og réttarbót Eiríks konungs. Til merkis er mitt nafn að þetta svo allt framfarið hafi, Markús Bergsson mpp.

Dómur er gekk í stefnumáli Ólafs Jónssonar til Snæbjarnar.

Ég Markús Bergsson kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjardarsýslu gjöri hér með vitanlegt að á föstudaginn þann 21. maí anno 1723 að settu manntalsþingi á Mýrum við Dýrafjörð að nálægum tilnefndum þingheyrrum, Ólafi Sigurðssyni, Jóni Jóstssyni, Einari Jónssyni, Marteini Guðmundssyni, Þormóði Magnússyni, Andrési Arngrímssyni, Konráði Oddssyni og Þorsteini Ólafssyni, framlagði Ólafur Jónsson eina stefnu svolátandi sem hér segir til Snæbjarnar Pálssonar:

Ég Ólafur Jónsson stefni yður Snæbjörn Pálsson til Mýraþings í Dýrafirði á þann 21. dag maí nú í ár 1723 undir dóm sýslumannsins monsieur Markúsar Bergssonar og hans þingheyrara til að forsvara sem kunnid það bréf er mér til óvirðingar framlögðuð á Mýrum fyrir réttinn anno 1720 dag 10. júní með yðar undirskrifuðu nafni, og er þetta helst er ég klaga til yðar af þar innfærðu:

1. Að þér segist hafa stefnt mér til vitna áheyrslu um órélega meðferð á þeim hval sem uppkom á Óshlíð 1719.

2. Það þér játið í bréfinu að við votta þann 1. júní hafið borið mig fullnað-aráburði þeim að ég hefði órélega höndlað með þann hval og segið þér nú í bréfinu að þér blifið þar fast við.

3. Segi þér í bréfinu að þá þér hafið meint allur hvalurinn skorinn og skiptur væri hafi ég látið velta við sama hvalskrokk og af þeim hluta höfuðsins látið skera nokkur stykki þaug er ég hafi aldrei landeiganda til skipta fært, og þar mér sýnist þessir þrír póstar í bréfinu, sem er yðar uppásögn á mig, gangi nærri sæmd minni. Hvað sýnir bréfið yðar Snæbjörn, að þér hafið til ætlað að þeir skyldu hrinda mér frá talsmannsembætti á móti yður, en ég yfirlýsi því þó að þeir eru af yður ósannferðulega uppá mig sagðir, hvar fyrir ég stefni yður á tilteknum stað og degi fyrir þessa yðar ósanna uppásögn dóm líða.

4. Segi þér í bréfinu að ég hafi heim á bæi manna gengið til vitnisburðatekta og fengið nú eina undirskrift, nú aðra, og þar ég enn sem fyrri mótsegi þessari yðar uppásögn að hún sönn sé, en sýnist þó af yðar álflu gjörð og uppdiktuð mér til ófrægðar, hvörs vegna þér séuð tilþenktil á sögðum stað og degi þar fyrir dóm líða.

5. Skrifu þér svohljóðandi, þeirri vitnisburðartekt sem ég nú til þessa gjört hafi sinni þér að alls aungvu, haldandi hana alls ólöglega og magtarlausu að fella aðra en sjálfan mig fyrir dómi. Nú beiðist ég þér bevísið að ég hafi þá nokkra vitnisburði tekið er reiknast hefðu mátt ólöglegir eður svo á sig komnir að þeir hefðu mig kunnað að fella, en bresti yður þar úti bevísing þá stefni ég yður þar fyrir dóm þola á fyrrnefndum stað og degi.

6. Stendur í bréfinu að þér látið það vera meining og málsástæðu yðar að af herra lögmannsins álflu ætti bæði ærlegur, skýr og vel kynntur maður í rétt mót yður ganga eftir laganna tilvísan. Hinum þeim miður eru á sig komnir sinni þér að alls aungvu og vildi yður frían hafa fyrir að gegna þeim í réttinum og af því ekki verður með sanni móti haft að þér með þessum orðum hafið mig sneitt þar ég einn af eðla herra lögmannsins álflu átti í rétt við yður ganga þann tíma, þá verið tilþenktil þaug að forsvara og fyrir þaug dóm líða, sem og sérhvað er mér til óvirðingar hafið í sama bréf innfært.

Hér með stefni ég yður á títtnefndan stað og dag viðbúnum vera að betala mér þann kostnað allan tímans og peningaspillir sem þér hafið mér orðsakað í

Þessu máli í hvorn handa máta sem vera kann og séu þér þar um viðbúinir dóm þola. Veri þér reiðubúnir fyrir dómi í réttan stefnudag fram að leggja gögn yðar öll sem lögmæt vera kunna og varnir á móti þessari stefnu minni. Komid árdegis fyrir réttinn og bíðið þess að dómur verður hér um uppsagður okkar á millum. Þessari minni stefnu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og áþrykkt signet að Eyri dag 24. apríl anno 1723, Ólafur Jónsson LS.

Þetta bréf eður stefnu hef ég séð og yfirlesid og svo copiu þar af meðtekið að Sæbóli dag 30. apríl anno 1723, Snæbjörn Pálsson meh.

Var nú Ólafur hér til staðar og bauð sig að framfylgja sinni stefnu, og beiddist að málið væri undir dóm tekið. En Snæbjörn Pálsson kom hér ekki fyrir réttinn og enginn hans vegna og ekki sögðust neindir þingmenn vita hans forföll. Var Snæbjörn Pálsson þrisvar upphrópaður og mætti hann ekki fyrir rétti, og auglýstist ekki nein hans forföll. Og eftir soddan undirlagi ályktaði ég að Snæbjörn sé löglega stefndur og hafi skyldugur verið hér í dag að mæta og til stefnunnar svara, hvar fyrir eftir Christians 5. Norsku lögum 1. bók, 4. capitula, articula 32 þá lagði ég Markús Bergsson Snæbirni Pálssyni lögdag fyrir á Mýraþingstað að mæta þann 21. júní næstkomandi anno 1723 sem löglega stefndum til að svara fyrir réttinum til þess er Ólafur Jónsson kærir til Snæbjarnar Pálssonar í þeirri stefnu er nú í dag var birt og Ólafur Jónsson sé skyldugur þá sínum kærumálum framhalda móti Snæbirni. Þessum sömu þingheyrurum tilsagði ég að koma hér að Mýrum þann 21. júní næstkomandi réttinum til þénustu.

Þann 21. júní anno 1723 að settu héraðsþingi á Mýrum að nálægum fyrirskrifudum þingheyrurum að fráteknum Þorsteini Ólafssyni, í hvers stað inn nefndur var lögréttumaðurinn Sigurður Sigurðsson, var uppleið það er hér 21. maí næstliðinn var byrjad í stefnumáli Ólafs Jónssonar til Snæbjarnar Pálssonar og hljóðar um þann lögdag er nefndum Snæbirni var settur til að mæta á þessum stað og degi. Var nú Ólafur Jónsson og Snæbjörn Pálsson hér fyrir réttinum nálægir og var stefnan, og annað er hér umgetur, þeim áheyrandi uppleið. Og að því gjörðu framlagði Snæbjörn Pálsson eitt bréf er hann óskaði væri uppleið er svo hljóðar:

Eftir sem ég fornúmið hefi það sýslumaðurinn Markús Bergsson mér fráverandi hafi næstliðinn dag 21. maí um fyrirkall Ólafs Jónssonar til mín eitt dómsálit gjört að Mýrum, hvort ég ei fæ skilið að hann svo hastarlega að lögum hafi gjöra mátt. Fyrir því appellerá ég nú aldeilis frá sömu dómsályktun og áset lofi guð hana fyrir hærri rétti að átelja það fyrsta eftir lögum. En þar sem að vottaleiðslur sem þarf í þessu máli minna vegna að framfæra um gjörvalla þess hvals meðferð er að finna norður í fjörðum og jafnvel vestur í Barðastrandar-sýslu, eins um Ólafs Jónssonar vitnisburða ásigkomulag, ég meina þeirra er

einhvorn tíma á Hólsþingi hafa séðir verið, á Mýrþingi hafa um hönd verið hafðir fyrrum og jafnvel einhvern tíma (ef mig rétt minnir) hjá sýslumanninum geymdir þeir er ég vil hafa eftirspurt, um hvað allt fyrir lagasakir ekki er skylt vitni að heyra annarstaðar en á vitnanna sóknarþingum, þá til að fyrirkomast langsaman málsprocess í öllu þessu tilbýð ég óstefndur að láta sömu vitni heyrast fyrir löglegum dómara það fyrsta eftir þetta tilkomanda alþing sem verða má. Svo vildi og þessi Ólafur óstefndur þá á sínu varnarþingi svara mér lögumum það hafi hann einhvörn tíma dirfst fyrirfram að begera yfir mér arrest, ég beiði hann að svara mér svo höyflega hér til sem hann heldur vita má að þetta mitt tilboð sé á lögum byggt. Af þessu eru einshljóðandi þrjár originalar, einn sýslumanninum Markúsi, annar mér og þriðji Ólafi Jónssyni ætlaðir til eftirréttingar, allir staðfestir með mínu undirskrifuðu nafni og áþrykktu signeti að Sæbólí dag 19. júní anno 1723, Snæbjörn Pálsson meh LS.

Hér til svaraði Ólafur að hann vissi ei sig skyldugan að mæta utan stefndur og ei vildi hann. En óskar endilega að nú takist þetta mál undir dóm og framleiddi vitni Guðmund Jónsson og Jón Gíslason er játuðu að lögdagurinn hefði Snæbirmi birtur verið 27. maí 1723, hvað slutningin með sér færir og Snæbjörn nú nálægur játaði satt vera.

2. Framlagði Ólafur Jónsson eitt bréf undir nafni Snæbjarnar Pálssonar, svolátandi sem hér segir:

Þessar eru þær greinir sem ég vil til umtals og athugunar færa fyrir þeim rétti sem á þessum degi tilætlað er að haldinn verði hér að Mýrum milli eðla herra lögmannsins Páls Vídalín og mín því viðvíkjandi að Ólafur Jónsson meggi ei að mínum skilningi móti mér í rétt ganga að svo komnu, eða og upp á herra lögmannsins vegna fyrir réttinum procurera.

1. Að ég hefi honum stefnt til vitna áheyrslu að Hóli í Buðlungavík á þann 1. dag júní næstliðinn um hans órélega meðferð á þeim hval sem uppkom á Óshlíð næst umliðið ár, og þó að ekki fengi ég því mínu máli mér ánægjanlega til rétta komið á þeim degi var ekki mín skuld. Virðuglegur sýslumaðurinn monsieur Markús Bergsson mun sjálfur best vita hvörjar lögmatar hindranir honum frábægt hafi það þing að sækja og réttinn að administrera eftir skyldu hans og læt ég þar um bíða hans lögmatra afbatana. Samt svo sem ég að Hóli þann 1. dag júní bar Ólaf við votta fullnaðaráburði þeim að hann hefði órélega höndlað með þann hval þá blíf ég fast þar við, lýsandi því hér í dag að hann hefur þann hlut sem strabbi kallast svo burtu selt á hvalfjörunni að hann hefur aungvu landinu þar úr skipt og ekki heldur landeigandanum neinu þar fyrir betalað. Til með hefur hann eftir það ég meinti allur hvalurinn skorinn og skiptur væri látið velta við sama hvalskrokk og af þeim hluta höfuðsins sem sami hvalur lá á, látið skera nokkur stykki þau er hann aldrei landeiganda til skipta

færði. Þar áætla ég fleiri góðir menn sæi en ég hvörsu Ólafur hvalskiptunum hagaði, læt ég að þessu sinni ómælt eður og um skip þaug er jafnaðarlega fyrir framan hvalinn héldust á floti, hvört að það nokkurn tíma til skipta kom sem þaug burtu báru.

2. Út af þessu fyrrsögðu þykir mér hann í litlu eða engu rífkad hafa sín vederheftigheit í því heim á bæi manna að ganga til vitnisburðatekta og fengið nú eina undirskrift, nú aðra, ef vildi hann nokkra virðing persónu sinni auka. Sýnist mér hann á þingi þetta gjöra hefði átt aldeilis þó til þess ekki að vingla fáfróðan almúga frá því rétt að gjöra og tala. Ef vildi velnefndur Ólafur hafa virt með þessari vitnisburðatekt persónu sína mundi vel hafa mátt heita að vitnisburðirnir hefðu svo mátt vera gjörðir að hann hefði fyrir víst ekkert af hvalnum skera látið það ekki hefði til skipta komið milli skotmanns og rekamanns og hér hefði sjónarvitni og þeir sem hið sanna vissu umborið og með eiddi styrkt. En þeirri vitnisburðatekt sem Ólafur inntil þessa gjört hefur sinni ég að alls öngvu, haldandi hana alls ólöglega og magtarlausa að fella aðra en sjálfan hann fyrir dómi. Í öllu þessu læt ég það vera meining og málsástæðu mína að bæði í dag og á morgun ætti af eðla herra lögmanssins hálfu bæði ærlegur, skýr og vel kynntur maður í rétt móti mér að ganga eftir laganna tilvísan, hinum þeim miður eru ásítkomnir sinni ég að alls öngvu og vil mig frían hafa fyrir að gegna þeim í réttinum. Það af þessu sem sýslumanninum heyrir með dómi að meta beiði ég þénustusamlega að hann með lögum úrskurði.

Þetta mitt upplesid þref vitna ég til nærverandi þingsvitnis og set hér undir til fullkonnunar nafn mitt á Mýrum við Dýrafjörð dag 10. júní anno 1720, Snæbjörn Pálsson meh.

Fyrir réttinum upplesid að Mýrum dag 10. júní anno 1720. Testerar Markús Bergsson mpp.

Snæbjörn Pálsson svaraði hér til að uppá þá pósta úr nefndu bréfi er stefna Ólafs umgetur vilji hann strax eftir alþing votta leiða að forfallalausú og nefnir þessa til, Jón Jónsson á Skarði er hann minnir að þar hafi verið, séra Teit Pálsson og Gísla Andrés�on um strabbann, Magnús Björnsson og Björn Ketilsson, og sagði Ólafur að hann hefði ei stefnt Snæbirmi um strabbann, því hann játaði að hann hefði opinberlega á hvalfjörunni strabbann selt, því það hefði iðuglega viðgengið að skotmaður hefði án skipta strabbann átt, og hefði hann meint sér sama til hlýða. En allt það er hann hafi stefnt Snæbirni um á þetta þing hvalnum og öðru viðkomandi segist Ólafur beiðast dóms yfir og segist fyllilega halda að þessi forhölun er Snæbjörn vilji nú gjöra eigi ei aktast. Því nú sé vel þrjú ár síðan 10. júní 1720 að Snæbjörn hafi í þessu sama efni til vitna skotið og hafi þau enn ei leitt eður leitast við síðan leiða, en hafi þó haft nógan tíma þau að leiða til þessa dags, og hér fyrir eigi honum ekki oftast

þessi vitna tilskotning. Þar með séu nú 6 vikur síðan Snæbirni hafi stefnt verið og beiðist endilegs dóms á Snæbirni um allt þetta mál. Hér til svaraði Snæbjörn að þetta sé nýhafið mál nú sér í móti og enginn hafi haldið sér til þau vitni að láta heyra fyrr en nú að orðsökin gefist til þessa að láta heyra sín vitni mót þeirri stefnu sem Ólafur á þessu vori hafi sér gjört, og eftir þetta talað reisti Snæbjörn Pálsson strax í burtu og afsagði hér til frekara svara í þetta sinn.

3. Þessu næst voru vitnisburðir eftirskrifaðir Ólafs Jónssonar upplesnir:

Anno 1720 dag 15. júní settu héraðsþingi að Hóli að þessum eftirskrifuðum mönnum, Snæbirni Kolbeinssyni, Guðmundi Jónssyni, Jóni Jónssyni, Oddi Einarssyni, Jóni Jónssyni, Þórði Björnssyni, Bjarna Jónssyni og Jóni Björnssyni, til þingvitnis nefndum af sýslumanninum Markúsi Bergssyni var upplesin sú stefna er Ólafur Jónsson framlagði er hann kvaðst með stefnt hafa lög-réttumanninum Snæbirni Pálssyni dateruð Vigur anno 1720 dag 28. maí með uppáskrift Snæbjarnar Pálssonar að hana séð og lesið hafi 1. júní 1720. Inntak stefnunnar er að Ólafur Jónsson stefnir Snæbirni til áheyrslu þeirra vitnisburða er hann á þessum degi áformi taka um sína frómlega meðferð á þeim hval sem uppkom á Óshlíð 1719.

Þessu næst var upplesinn vitnisburður Ólafs Jónssonar honum útgefinn af Hóls þingsóknarmönnum anno 1720 dag 27. mars, 17 menn að tölu. Atriði í þessum vitnisburði er:

Þá er vor einföld og óneydd en þó sönn meðkenning að fyrrnefndur heiðursmann Ólafur Jónsson hefur sér hagað til orða og verka frómlega vel og kristilega í allan máta um fyrrnefnda tíma við sérhvörn mann sem einum lastvörum og vel skikkuðum hæfir og vel sómir. Komu allir þessir menn á hvalinn og auglýsist að sumir hafi verið þar lengur, sumir skemur, sumir allan hvalskurðinn út. Hér fyrir utan framkomu 32 menn sem auglýsa að þeir hafi komið á þann hval sem uppbar á Óshlíð anno 1719 og verið þar um þann tíma sem hvalurinn skorinn var, og játa þeir allir sameiginlega að þeir viti ei betur og ekki hafi þeir annars orðið áskynja en Ólafur Jónsson hafi höndlað frómlega og erlega í allri hvalsmedferðinni er uppbar að Óshlíð anno 1719, og ekki hafi þeir orðið varir við að Ólafur Jónsson hafi neitt án skiptis af hvalnum fargað eður til sín tekið og ekki neitt hafi af hvalnum verið eftir óskorið þá Snæbjörn Pálsson hefði burtreist, en Snæbjörn hafi verið viðstaddur þá hvaltrjónan var skorin. Nöfn þessara manna sem þetta útgefið hafa, án þeirra manna sem undir vitnisburði Ólafs eru, innfærast hér: Þorgrímur Ólafsson, Jón Gíslason, Egill Egilsson, Þorvarður Pálsson, Þorsteinn Erlendsson, Bjarni Jónsson, Jón Bjarnason, Teitur Teitsson, Jón Einarsson, Bjarni Sveinbjörnsson, Helgi Þorgrímsson, Guðmundur Bjarnason, Jón Jónsson, Þorvarður Jónsson, Sigurður Einarsson,

Pórður Jónsson, Guðmundur Ellendsson, Eiríkur Þórðarson, Jón Jónsson, Jón Höskuldsson, Tumas Pétursson, Guðmundur Einarsson, Jón Lífjarnsson, Eysteinn Jónsson, Jón Sigurðsson, Lífjarn Jónsson, Þorleifur Halldórsson, Þorgrímur Oddsson, Jón Bjarnason, Björn Sigurðsson, Þorgeir Jónsson og Páll Bjarnason. Og þennan vitnisburð játuðu þeir með eiði staðfesta sérhver um þann tíma sem hann hafi viðstaddur verið á hvalnum.

4. Annar vitnisburður Ólafs Jónssonar:

Anno 1720 dag 22. júní að settu manntalsþingi að Ögri auglýsti Bjarni Jónsson, Ívar Þórðarson, Þórður Narfason, Sveinn Jónsson, Illugi Narfason, Oddur Björnsson og Bjarni Jónsson að þeir vissu ei betur en Ólafur Jónsson hefði sér erlega og rélega hagað og hegðað á þeim hval er uppbar á Óshlíð anno 1719 um þann tíma er þeir hefði þar verið, og játa 4 af þessum mönnum, Þórður Narfason, Illugi Narfason, Bjarni Jónsson og Sveinn Jónsson, að þeir hefði þar verið hvalskurðinn út, og lofa þetta með eiði að staðfesta ef þörf krefði. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Guðmundur Þorkeiðsson, Jón Jónsson, Þorgeir Jónsson, Þorvarður Sigurðsson, Jón Bárðarson, Narfi Tómasson, Tumas Pétursson, Björn Sigurðsson. Að framanskrifað sé rétt coperað eftir héraðsprotocolnum testera Markús Bergsson mpp LS.

5. Var framlagt af Ólafi eitt innlegg:

Virðuglegi valdsmann, góðir erlegir þingmenn.

Eftir því ég undirskrifaður hefi stefnt Snæbirni Pálssyni á þennan stað og dag að forsvara það bréf er mér til óvirðingar framlagði hann á Mýrum fyrir réttinn anno 1720 dag 10. júní, en ef það ei getur fyrir það dóm líða. Og af því að ég það nú fornem að Snæbjörn kemur hér á þennan dag með aungvar bevisingar sem lögmætar vera kunna, að hans bréf satt sé, hvörs vegna ég óska að dómariinn og tilnefndir þingheyraar aðgæti hvört orð í nefndu bréfi það mér til óvirðingar vera kann og mér á þeim réttðæmi unni, þar ætla ég það standi að frá talsmannsembætti vildi Snæbjörn mér hrinda sem ei kynni annars að verða en ég hefði ófróma höndlun haft, hvar af ég leiði í rétt hvört Snæbjörn er ei þeim sektum undirorpinn sem mér ætlaði hann eftir Christians 5. Norsku lögum liber 6, capitula 21, articula 6. Hér með óska ég að dómariinn meti misgjörðir Snæbjarnar við mig og yfir þeim rétt dæmi eftir réttarbót Christians kóns og réttarbót Hákonar kónungs, svo og beiðist ég að minn kostnaður dæmdur sé af Snæbirni hálfu aukinn eftir þingfararbálks 6. capitula, item Christians 4. recess 2. bók, 6. capitula, 16. articula. Beiðist ég hér með dómarians löglegra dómsatkvæða yfir öllum greinum þessa míns máls og að fá dóminn beskriðan, væntandi af honum sanngirni og réttðæmis, og er hans þénustu velviljaður, Eyri dag 14. maí anno 1723, Ólafur Jónsson meh.

6. Var upplesinn kostnaðarreikningur er Ólafur framlagði og svo er hljóðandi:

Þetta þrætendera ég að mér beri í kostnað tímans og peningaspillir í máli því er Snæbjörn Pálsson við mig byrjaði um vorið 1720.

- | | |
|--|----------|
| 1. Að sækja Hólsþing á þann 1. júní sama árs eftir hans stefnu og uppsetja skip mitt þann dag og tímaspillir að búa mig til þess máls andsvara | 2 ríxd. |
| 2. Að sækja Hólsþing á þann 15. júní 1720 uppá vottaleiðslu mót Snæbirni og að stefna Hólssóknar þingmönnum sem vitna áttu á þeim degi um mína fráma meðferð á þeim hval sem upp kom á Óshlíð 1719 | 3 ríxd. |
| 3. Að stefna 22 mönnum á Reykjarfjarðarþing sem vitna áttu í hvalmálinu og að betala þeim mér til minni kostnaðar að vitna á Hólsþingi þann 15. júní | 4 ríxd. |
| 4. Að stefna 14 mönnum til Ögursþings á þann 22. júní að vitna í sama máli og að sækja það þing úr annarri sveit og hlutarmissir um þann tíma | 4 ríxd. |
| 5. Að stefna Snæbirni á þennan stað og tvo menn með mér | 2 ríxd. |
| 6. Að sækja Mýraþing og maður með mér um gagnstímann | 2 ríxd. |
| 7. Að sækja Mýraþing nú í annað sinn | 2 ríxd. |
| 8. Í tímaspjöll og málsviðbúning og þetta í tvöfaldan málskostnað | 2 ríxd. |
| | 21 ríxd. |

Til merkis mitt nafn Eyri dag 14. maí anno 1723, Ólafur Jónsson.

Meira sagðist Ólafur ei hafa fram að leggja í það sinn. Að þessu yfirveguðu féll svolátandi dómur á þetta mál:

Snæbjörn Pálsson, er anno 1720 þann 10. júní skaut til vitna um órélega höndlan Ólafs Jónssonar á hvalnum og hefur ei hingað til dags votta þar að framleitt, en hefur haft vel 6 vikna tíma frá því Ólafur honum stefndi inn til þessa nú á ný, og hér um hafa tvö þing tilsett verið, á nú ei í sama máli að líðast uppá ný að skjóta til vitna, vide Norsku laga 1. bók, 13. capitula, articula 15, heldur átti hann nú í dag að leiða bevísingar að því er hann hefur uppá Ólaf borið í bréfinu. En þar hann hefur ekki enn nú það í dag gjört að leiða bevísingar að því er hann (Snæbjörn) hefur í sama bréf Ólafi til óvirðingar innfært, skal hann Snæbjörn vera fyrir það sekur til Ólafs Jónssonar hundrað og þrjátíu álnir og kóngi þrjár merkur, og tvöfaldist þetta hvert um sig eftir sem þetta var á þingi framlagt og hálf tann hundrað í málskostnað, og þetta bréf skal aldrei koma Ólafi Jónssyni til óvirðingar í neinn máta hér eftir. Skal Snæbjörn þetta hafa betalað í næstu fardögum 1724 eður líði atfór. Dómurinn er byggður á

mannhelgi 19., 25. og 27. capitulum. Item Norsku lögum 1. bók, 5. capitula, articulum 7, 14; þingfararbálki 6. capitula.

Þetta er sá dómur sem fyrir réttinum á Mýrum næstliðinn 21. júní var uppsagður, ásamt það 21. maí 1723 framfór, með beggja partanna skjölum er þá daga voru fyrir réttinum framlögð til að upplesast, sem og þær ástæður er hver fyrir sig partanna munnlega framsögðu og óskuðu að innfærast skyldu, svo sem hann hér að framan frá pag. 110 finnst ritaður, hvað undirskrifaður vitnar að Ögri anno 1723 dag 5. ágúst, Markús Bergsson mpp.

Dómsprocess er gjörðist um stefnumál sýslumannsins
seigneur Teits Arasonar.

Ég Markús Bergsson kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu gjöri hér með vitanlegt að á mánudaginn þann 23. ágúst anno 1723 að settu héraðsþingi á Vaðli á Barðaströnd, nálægum eftirskrifuðum þingheyrurum, Jóni Einarssyni, Jóni Eyjólfssyni, Torfa Hallssyni, Þorláki Jónssyni, Oddi Jónssyni, Jóni Jónssyni, Jóni Jónssyni og Jóni Eiríkssyni, framlagði virðuglegur sýslumaðurinn seigneur Teitur Arason eina stefnu til Lofts Péturssonar, Jóns Jónssonar, Ólafs Péturssonar og Jóns Bjarnasonar svolátandi sem hér segir:

Í umboði veðla og velburðigs herra amtmannsins yfir Íslandi Niels Fuhrmann stefni ég Teitur Arason þér Jón Jónsson, þér Loftur Pétursson, þér Ólafur Pétursson og þér Jón Bjarnason til Vaðals á Barðaströnd á þann 23. dag ágúst anno 1723 fyrir virðuglegan og velvísan valdsmanninn í Ísafjarðarsýslu seigneur Markús Bergsson til að líða endilegan dóm hvert ei skuluð tilskyldast að halda þá contract er þið við mig gjörðuð að Vaðli á Barðaströnd þann 25. júní anno 1722 fyrir réttinum, sem og þeim peningum með ábata útsvara er þið mér þá lofuðuð betala, sem og að betala mér allan þann kostnað og ómak er ég fyrir þessu hefi hafa þurft og hafa þarf, svo og hvert ei skuluð sektum mæta, að ei hafið haldið þessa nefnda contract, og síðan það þið mér lofuðuð að Vaðli þann 17. apríl anno 1723 undir þingvitnanna heyrn. Verið þið komnir árdegis á nefndan þingstað og dag, og dveljið þar svo lengi sem dómarinn ykkur lögglega tilsegir. Þessu til staðfestu er undirskrifað nafn að Múla við Kollafjörð dag 31. júlí anno 1723, Teitur Arason.

Uppá stefnuna er skrifað: Þessa stefnu las sýslumaðurinn Teitur Arason þann 7. dag ágúst anno 1723 að Miðhlíð á Barðaströnd Lofti Péturssyni áheyrandi og afhenti honum samhljóða gienpart. Til staðfestu eru undirskrifuð nöfn, Pétur Pétursson, Tómas Bjarnason. Þessa stefnu las sýslumaðurinn Teitur Arason þann 9. dag ágúst anno 1723 Jóni Jónssyni að Arnórsstöðum og Ólafi Péturssyni að Brjámslæk áheyrandi báðum og nærstöddum. Til staðfestu eru

undirskrifuð nöfn að Brjámslæk á Barðaströnd þann 9. ágúst anno 1723, Bjarni Guðmundsson, Símon Sveinsson. Stefnulesturnum veittu fyrrnefndir menn viðgöngu nú fyrir réttinum.

Þessu næst var uppslesin sú contract er gjörðist að Vaðli anno 1722, 22. júní, in originali hvar inni útþrykkilega stendur að Ólafur Pétursson, Jón Jónsson hafi lofað hver fyrir sig að svara 14 rixdölum en Loftur Pétursson 7 rixdölum fyrir yfirsjón á þeirri hvalsmeðferð er uppbar á Hamarsland á Barðaströnd 1721, svo sem sú contract sér líkast hermir og stendur í Ísafjarðarsýslu protocol undir númer 133 og hér var nú fyrir sjónum fyrir þessum rétti, hvörri framskrifaðri contract Loftur Pétursson, Jón Jónsson og Ólafur Pétursson nú opinberlega viðgöngu veittu. Aðspurði sýslumaðurinn seigneur Teitur Arason straxnefnda 3 menn, hvar fyrir þeir hefðu ekki haldið áminnsta contract, og óskaði að þeir framsegðu orðsaker þar til nú fyrir þessum rétti, ef nokkrar hefðu. Loftur Pétursson andsvarði að hann sagðist ekki geta gefið þar svar til í þetta sinn. Sýslumaðurinn Teitur sagðist vera forlíktur við Ólaf Pétursson. Jón Jónsson þykist meina sig hafa oflofað og biður góða menn að lagfæra fyrir sér, hafi hann oftalað sig, og býður eið að hann hafi ei þókst órélega með hvalinn höndla, frekara segist hann ekki hafa fram að leggja. En sýslumaðurinn seigneur Teitur segist standa uppá veðla og velburðugs herra amtmannsins vegna að Loftur Pétursson og Jón Jónsson séu skyldugir að halda sitt loford, sem og að svara til alls kostnaðar er þeir með þessu uppihaldi orðsakað hafa, hvað hann þrætendar að séu 50 rixdalir í kostnað. En reikning uppá þann kostnað framleggur ekki sýslumaðurinn seigneur Teitur. Ekki sagðist sýslumaðurinn Teitur eður Loftur Pétursson eður Jón Jónsson hafa frekara í þessu efni nú fram að leggja.

Hvar fyrir að svolátandi dómur var uppsagður af mér Markúsi Bergssyni sem eftir fylgir:

Loftur Pétursson og Jón Jónsson skulu vera skyldugir að fullnægja í allan máta þeirri contract og því lofordi er þeir inngengu að Vaðli á Barðaströnd þann 25. júní 1722 fyrir réttinum í þann máta að Jón Jónsson skal betala 14 rixdali in specie og Loftur Pétursson 7 rixdali til veðla herra amtmannsins, en sýslumaðurinn Teitur Arason skal meðtaka eftir fyrr áminnstri contract. En fyrir það þeir hafa ei hingað til dags viljað þetta betala skulu þeir svara þessum peningum með löglegri rentu sem eftir lögum ber af peningum svarast, og fyrir orðsakaðan nauðsynjalausan process á móti sjálfra þeirra lofordi skulu þeir svara til samans 15 rixdölum eður þeirra gildu andvirði. Skal allt þetta greitt vera innan 6 vikna að heyrðum þessum dómi, eður líði eftir Norsku lögum 1. bók, 22. capitula, articula 14. Er þessi dómur byggður á Norsku lögum 5. bók,

1. capitula, 1. og 2. articulum. Þessi dómur var upplesinn málsþörtunum áheyrandi.

Þetta er sá dómur sem uppsagður var að settu héraðsþingi að Vaðli, svo og sú stefna er þar var upplesin er hér orðrétt innfærð, ásamt það partarnir til sóknar og varnar í málinu fyrir réttinum framsögðu. Það vitnar undirskrifaður, Markús Bergsson mpp.

Um stefnumál Þorkötlu Jónsdóttur til kaupmannsins
á Þingeyri, Péturs Arvedsonar.

Það gjöri ég Markús Bergsson kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu hér með vitanlegt að á miðvikudaginn sem var sá 25. ágúst innverandi árs 1723 að lögsettu héraðsþingi á Meðaldal við Dýrafjörð að tilnefndum þessum nálægum þingheyrurum, Jóni Þorleifssyni, Þórði Sigurðssyni, Jóni Jónssyni, Þorvaldi Jónssyni, Bjarna Jónssyni, Magnúsi Nielssyni, Jóni Jónssyni og Ívari Jónssyni, var eftirskrifuð stefna upplesin:

Ég Þorkatla Jónsdóttir stefni yður Pétur Arvidsson til Meðaldals við Dýrafjörð á þann 25. dag ágúst anno 1723 fyrir virðuglegan sýslumanninn Markús Bergsson og hans tilnefnda dómsmenn til að svara til þess að þér hafið innfært í minn reikning anno 1722 að það kóngabréf er ég þá öðlaðist hafi kostað 115 rixdali, en reiðarinn Niels Birch hefur bréfluga Snæbirni Pálssyni til vitundar gefið að það hafi ei kostað utan 104 dali. Set ég því í rétt hvört þér með ófrjálsu hafið ei viljað þetta af mér þá 11 rixdali er þér hafið skrifað að þetta kónglegrar majestatis bréf hafi meira kostað en það með réttu átti fyrir að gefast. Verið búnir við á sögðum stað og degi hér fyrir dóm þola hvað miklu þér skulið fyrir þetta sekir vera. Stefni ég yður á fyrrnefndan stað og dag með allar yðar afbatanir að koma er þá hafa kunnið fram að leggja í þessu máli, og bíðið meðan þingið stendur þess sökum. Þessari stefnu til merkis er mitt undirskrifað nafn að Sæbóli dag 30. júlí anno 1723, Þorkatla Jónsdóttir LS.

Kaupmaðurinn seigneur Pétur nú nálægur játar að hann hafi stefnuna þann 31. júlí yfirlesið og þá gienpart af henni meðtekið, og spurði nú fyrir réttinum madame Þorkötlu að hvert hún játaði að stefnan hefði verið gjörð og birt sér eftir hennar forlagi og með hennar vilja, hverju madame Þorkatla játaði nú fyrir réttinum.

2. Framlagði madame Þorkatla þetta eftirskrifað úr sendibréfi reiðarans seigneur Nielsar Birch tilskrifað Snæbirni Pálssyni:

Monsieur Snæbiorn Poulsen.

De hosfølgende suppliqver har jeg efter begæring indleveret udi Cancelliet hvorpå jeg har erholdt madame Thorkatle Jonsdatter kongelige confirmations

brev, og derfor betalt 104 rixdaler udi danske croner, brevet har jeg leveret seigneur Peder Arfuedsen så som han mig igen derfor har fornøjet udi samme mønt så madame har hannem at betale udi specie eller andre gode købmands vare imod brevets overlevering 104 rixdaler og ei videre. Hafniæ den 4. mai 1722, Niels Birch.

3. Framlagði madame Þorkatla reikning undir nafni kaupmannsins og innfærst eftirskrifað úr honum er málinu viðvíkur:

Madame Thorkatle salig Eggert Seimundsons.

Debet. Betalt til seigneur Niels Birch for et kongebrev 115 rixdaler* for forskud efter taxten er 138 vetter mens som Birch skal have skrevet Snæbiorn Paulson til, at jeg skulle kun have 104 rixdaler, søger jeg da min regres hos Birch, eller og han at give mig på det resterende en anden anvisning næstkommende år. Anføres så for det første 104 rixdaler a 48 fisker: 124 vetter, 6 fjerdinge, 2 fisker. Dyrefjords krambod den 12. august 1722, Peder Arfveson mpp.

Hér uppá svaraði kaupmaðurinn að hann standi uppá að madame Þorkatla hefði ranglega stefnt sér þó hann hefði sagt henni hvað hann hafi betalað seigneur Niels fyrir kóngabréfið, en þó ekki fært henni til reiknings utan eftir sem seigneur Niels hefði Snæbirni tilskrifað. Samt fyrir utan skyldu sína sagðist hann framleggja reikning seigneur Birchs er vottaði sögu sína sanna. Hver reikningur nú var upplesinn undir hendi Nielsar Birch dateraður Hafniæ 4. maí 1722, hver augljóslega sýnir að seigneur Pétur Arfvedson hafi betalað reiðar-anum Niels Birch 115 rixdali.

4*. Framlagði kaupmaðurinn eftirskrifað innlegg:

Kongelig majestæts sysselmand monsieur Marchus Bergsson såvel som samtlig tilnævnte domsmænd som retten betjener.

Som jeg underskrevne den 30. juli 1723, af madame Thorkatle salig Eggert Seimundsons, er stævnet at møde i dag her for Medeldals ting for at svare der til at jeg haver indført i min regning anno 1722 at hans kongelig majestæts brev som hende allernådigst var forundt haver kostet 115 rixdaler. Da skal eller kan madame Thorkatle aldrig kunne bevise at jeg haver skrevet kongebrevet haver kostet lidet eller meget. Thi det er mig ubevist ej heller skal hun kunne bevise at hun nogen tid af mig haver været begærendes at indløse hans majestæts brev mens jeg haver skrevet at jeg haver betalt til seigneur Niels Birch for et kongebrev 115 rixdaler og det skal og kan jeg bevise med seigneur Niels Birchs egen regning når fornøden eragtes. Såsom min regning udviser anno 1722 udgiven til Thorkatle Jonsdatter at jeg aldrig haver ført mig mere til indtægt eller nødt mere af hende end 104 rixdaler mens jeg haver skrevet i min regning enten at søge min regres hos Niels Birch eller siden at føre mig de

øvrige 11 rixdaler til indtægt hos madame Thorkatle. Og når jeg dennem haver nødt da er det thies nok om det af retten forlanges, at jeg beviser hvad rettighed jeg dertil haver. Synes da madame Thorkatle at være fornærmet, da bør hun at søge seigneur Birch og ikke mig, og jeg igen at svare Birch, om jeg mere her haver oppebåret end jeg til hannem haver betalt udi København. Og som jeg nu formoder at det for retten er bevist at denne mig påførte stævning af Thorkatle Jonsdatter er ulovlig, da håber jeg at den velvise ret considerer at jeg her ved steden er en købmand som af hans kongelige majestæt allernådigst er forundt at bruge min handel og ikke så ulovlig at forfølges til tinge og hindre min negotie. Særdeles jeg nu er kommen under segling tid, hvorfor jeg påstår at Thorkatle Jonsdatter bør at betale mig tilstrækkelig for min umag, tidsspilde og forsømmelse, hvilket jeg alt indstiller til den velvise rettes dom og kendelse. Og forbliver deres velvilligste, Dyrefjords krambod den 25. august 1723, Peder Arfvedson mpp.

Kaupmaðurinn og madame Þorkatla segjast ekki fleira hafa í þessu máli að framvísa. Þegar svo var komið forlíktist kaupmaðurinn og madame Þorkatla uppá þetta stefnumál, svo að hún lofar að svara til kaupmannsins 10 rixdali in specie nú í ár og þar með sé allt þetta mál upphafið, og þessir 10 rixdalir koma fyrir stefnuna og hennar innihald, og svo gefur kaupmaðurinn eftir madame Þorkötlu allt það er hann kynni henni vegna þessarar stefnu hafa haft til að tala.

Þetta er það sem gjörðist á Meðaldal fyrir réttinum þann 25. ágúst 1723, ásamt eru hér innfærð þaug skjöl öll sem partarnir framlögðu orðrétt. Það vitnar Markús Bergsson mpp.

Um stefnumál sýslumannsins seigneur Orms Daðasonar til Snæbjarnar.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að á mánudaginn sem var sá 30. ágúst anno 1723 að lögsettu héraðsþingi að Mýrum vanalegum þingstað við Dýrafjörð og nálægum eftirskrifuðum þingheyrurum, Þormóði Magnússyni, Konráði Oddssyni, Magnúsi Níelssyni, Þorvaldi Jónssyni, Bjarna Jónssyni, Magnúsi Sigurðssyni, Jóni Þorleifssyni og Sigmundi Guðmundssyni, kom fyrir réttinn erugöfugur sýslumaðurinn seigneur Ormur Daðason og Snæbjörn Pálsson.

Og var upplestin eftirskrifuð stefna:

Eftir því þér monsieur Snæbjörn Pálsson hafið frá Sæbóli 18. mars 1723 skrifað Einari Jónssyni á Fjallaskaga, sem var minn þingheyrari í fyrra á Mýrum, þetta eftirfylgjandi: Þér munuð fornumið hafa það ég eina réttarstefnu öðlast hefi til næstkomanda alþingis í vottaleiðslumáli milli kaupmannsins Péturs og mín, hvar inni stefnt er meðal annarra þingvitnunum sem á Mýrum

voru þann tíð, meðal hverra þér ánefndir eruð, hefur okkur Þorkötu minni samankomið að þér sjálfafsakaðir verða munduð frá þeirri þingreið, helst ef sama væri svar yðar sem flestra hinna þingheyraranna, að ekkert hefðu í því ályktað (og aungra ráða væri til sín leitað), bjóðandi þar um eið ef á reynir. Því tek ég uppá að senda yður nú með þessum bréfberara téða réttarstefnu og copiu af því í henni sem ykkur þingvitnin snertir. Bið ég yður hana yfirlesa og uppá hana skrifa eftir því formi sem sjáið aðrir gjört hafið.

Þar fyrir stefni ég kónglegrar majestatis sýslumann í Strandasýslu, Ormur Daðason, yður Snæbjörn Pálsson til Mýra við Dýrafjörð á þann 30. dag ágúst mánaðar þessa árs 1723 fyrir dóm virðuglegs sýslumannsins yfir Ísafjarðar-sýslu seigneur Markúsar Bergssonar og hans þingheyrara til þess að þér á áður-sögðum stað og degi forsvarið og útleggið áðurgreint yðar skrif, og er það þetta sem ég þar inni átel:

1. Stefni ég yður fyrir dómi að auglýsa hvör sú yðar Þorkatla sé sem hafi með yður orðið að því samráða að téður Einar væri helst afsakaður frá þingreið, ef sama væri hans svar og flestra hinna þingheyraranna að ekkert hefðu í vottaleiðslunni ályktað, hvar uppá Einar skyldi eið bjóða ef á reyndi. Því hafi þér þetta satt skrifað uppá nokkurn kvenmann þá kalla ég mig eiga jafna sök uppá hana sem yður, en ef ósatt er skrifað þá á hún einninn sök uppá yður.

2. Stefni ég yður fyrir dómi að nafngreina þá þingheyrara sem skrifið að í vottaleiðslunni hafi ekkert ályktað og öngra ráða væri til sín leitað, því hafi þeir svo svarað áset ég þá þar um að ákæra, en sé þetta ofhermt uppá þá af yður munu þeir þekkja sinn rétt.

3. Stefni ég yður til að forsvara yður um það fyrir dómi hvört þér hafið ei með upplögðu ráði skrifað þetta, að Einar væri helst afsakaður frá þingreið ef hann svaraði því hann hefði ekkert ályktað í vottaleiðslunni og byði þar á sinn eið ef á reyndi, til þess að hann gengi frá sinni hendi og meðdómara ályktan, mér til stærsta бага og óvirðingar, hvað ef yður fatlast að forsvara og erklera, þá gef ég yður þar á hinar frekustu sakir sem lög leyfa.

Ennþá framr neyðist ég til að kalla yður monsieur Snæbjörn Pálsson fyrir lög um það að þér til dato hafið innihaldið copiu af yðar appelli frá mínum þingsact gjörðum 21. og 22. september 1722, samt skrifara- og forsiglingspeningum á þeim sama, jafnvel þótt ég hafi þessa alls tvisvar krafist sem fyrir rétti bevísa vil. Því stefni ég yður og svo á áðurnefndan stað og dag og fyrir dóm sýslumannsins seigneur Markúsar Bergssonar, sem meti það hvert þér séuð ei skyldugir til mér ánefnt að greiða og gjalda til fullra sekta fyrir hald á sérhverju þessu. Og að síðustu stefni ég yður til að betala mér allan þann umkostnað, dvöl og tímaspillir sem ég þarf fyrir þessari málssókn að hafa, svo sem dómariinn metur billega. Verið komnir árdegis á þingið með allar yðar lögvarnir á

móti sérhvörju þessu, tilþenkir að gegna sérhvörjum mínum ákærum í þessu máli löglega. Hér af eru tveir originalar, annar ætlaður yður til eftirréttingar, en uppá annan óska ég að þér skrifið að séð og lesið hafið, ítem genpart þar af meðtekið. Annars vil ég yður þessa stefnu vottanlega auglýsa láta. Öllu ofan- og framanskriðu er mín hönd og signet til staðfestu að Reykhólum þann 11. ágúst 1723, Ormur Daðason LS.

Uppá stefnuna er skrifað: Séð og lesið hef ég þessa stefnu, svo og gienpart þar af meðtekið að Ögri dag 13. ágúst 1723, Snæbjörn Pálsson meh.

Því næst framlagði sýslumaðurinn seigneur Ormur eftirskrifað bréf af hverju það einasta hér innfærast er málinu viðvíkur:

Eruþryddi og velvirti sæmdarmann minn hugljúfi vin Einar Jónsson, vinsamleg heilsan.

Þér munuð fornumið hafa það ég eina réttarstefnu öðlast hefi til næstkomanda alþingis í vottaleiðslumáli milli kaupmanns Péturs og mín, hvar inni stefnt er meðal annarra þingvitnunum sem á Mýrum voru þann tíð meðal hvorra þér ánefndir eruð. Hefur okkur Þorkötlu minni samankomið að þér sjálfafsakaðir verða munduð frá þeirri þingreið, helst ef sama væri svar yðar sem flestra hinna þingheyraranna, að ekkert hefðu í því ályktað, og aungra ráða væri til sín leitað, þjóðandi þar um eið ef á reynir. Því tek ég uppá að senda yður nú með þessum bréfberara téða réttarstefnu og copiu af því í henni sem ykkur þingvitnin snertir. Bið ég yður hana yfirlesa og uppá hana skrifa eftir því formi sem sjáið aðrir gjört hafið. Sæbóli dag 18. mars 1723, Snæbjörn Pálsson meh.

Þegar hér var komið var upplesin eftirskrifuð forlíkun:

Anno 1723 þann 30. ágúst að Mýrum við Dýrafjörð settu héraðsþingi aftaladist með góðri forlíkun allt það málstapp sem upp var risið millum sýslumannsins yfir Strandasýslu Orms Daðasonar og monsieur Snæbjarnar Pálssonar með því upplagi að erugöfug höfðingsmatróna Þorkatla Jónsdóttir að Sæbóli friðstillti af sínum reputerlegheitum yfirhangandi óhapp með eftirfylgjandi skilmálum:

1. Fær erugöfug matróna Þorkatla Jónsdóttir sýslumanninum Ormi Daðasyni (þar hann ofurgaf við hana sínar allar præntioner uppá Snæbjörn Pálsson) jörðina Sæból 60 hundruð að dýrleika liggjandi í Ísafjardarsýslu og sjálfrar sinnar kirkjusókn til fullkomlegrar eignar og eigindóms, undan eignarhaldi sínu og sinna erfingja, en undir sýslumannsins eign og hans erfingja, án nokkurs betalings af sýslumanninum Ormi, með öllu því sem téðri jörðu fylgir, fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju, að því tilskildu að hún sem eigandi átöllu laust bihaldi sína lífstíð greindri jörðu til alls ágóða og umráða, en henni fyrir tímanlegan dauða burtkallaðri skuli sýslumaðurinn Ormur eður hans erfingjar mega ganga sem réttur eigandi eður erfingi að oftnefndri jörðu Sæbóli, svo

hvörki hann eður hans erfingjar leggi þar nokkra fasteign í móti til hennar erfingja. Og þennan gjörning segist hún gjöra í krafti og myndugleika vors allra náðugasta konungs og þess leyfisbréfs er hún í fyrrasumar af kónglegri mildi öðlaðist.

2. Fyrir þennan erugöfugar matrónu Þorkötlu Jónsdóttur sómasamlegan gjörning ofurgaf sýslumaðurinn Ormur Daðason allar þær præntioner sem til dato hafa upprisið millum hans og monsieur Snæbjarnar Pálssonar svo þær skulu hér eftir vera dauðar og magtarlausar í allan uppþenkjanlegan máta, hvörju nafni sem heita kunna og aldrei koma monsieur Snæbirni til nokkurs præjudits.

3. Afsalaði sýslumaðurinn Ormur Daðason undan eignarhaldi lögerfingja þess sáluga höfðingja Eggerts Sæmundssonar jörðina Fjallaskaga 12 hundruð að dýrleika liggjandi við Dýrafjörð og Núpskirkjusókn, en fékk til fullkomlegrar eignar erugöfugri matrónu Þorkötlu Jónsdóttur og hennar erfingjum með öllu því sem téðri jörðu fylgir og fylgt hefur að fornu og nýju, öllu tilteknu en öngvu fráskyldu.

4. Lofar sýslumaðurinn Ormur að veita madame Þorkötlu eftir hennar til-mælum alla bróðurlega aðstoð og þénustu í öllu því er hún þurfa kann og til-mælist og hann sýslumaðurinn er fær að veita.

5. Felst og undir þessari forlíkun virðuglegur sýslumaðurinn seigneur Markús Bergsson sem fyrir tillögur sýslumannsins Orms ofurgaf allar þær ákærur er hann til þessa dags hafa kynni uppá monsieur Snæbjörn Pálsson, hvar í mót til þakklætismerkis sýslumaðurinn Ormur lofar að greiða sýslumanninum Markúsi 10 rixdali in specie fyrir næstu veturnætur. Að þessum öllum skilmálum þannin undirtöluðum fyrir meðalgöngu madame Þorkötlu lofa þeir sýslumennirnir Markús og Ormur, svo vel sem monsieur Snæbjörn, að halda hér eftir bróðurlega vinsemd og þessa sátt óraskanlega, gefandi hvörjir aðra kvitta og ákærulausa um allt misjafnt undanfarið til þessa tíma.

Öllu framanskriðu til óraskanlegrar staðfestu eru vorra þingheyraranna undirskriðuð nöfn ásamt hlutaðeigendunum og þeirra signetum í sama stað, sama ári og degi sem upphaflega í þessari forlíkun greinir, Þorkatla Jónsdóttir LS, Ormur Daðason LS, Markús Bergsson mpp LS, Snæbjörn Pálsson meh LS, Jón Þorleifsson LS, Þorvaldur Jónsson LS, Magnús Sigurðsson LS, Bjarni Jónsson, Sigmundur Guðmundsson, Þormóður Magnússon, Magnús Nielsson, Konráður Oddsson.

Þetta allt hér fyrir framan skrifað á 5 blöðum er það sem framfór að Mýrum þann 30. ágúst anno 1723. Svo og er hér rétt innfærð þaug document sem þann sama dag voru fyrir réttinn framlögð. Það vitnar undirskriðuð að Ögri anno 1723 dag 6. september, Markús Bergsson mpp.

Anno 1724 þann 25. apríl að settu manntalsþingi á Tungu voru eftirskrifuð kaupbréf upplesin:

Anno 1718 dag 24. mars að Meirihlíð í Buðlungavík vorum vér undirskrif- aðir menn viðstaddir, að svofelldur kaupgjörningur framfór eftirskrifaðra á milli, af einni álfu Jóns Guðmundssonar en virðuglegs Sigmundar Sæmundssonar af annarri, að Jón Guðmundsson selur velnefndum Sigmundi Sæmundssyni þau sex hundruð í jörðunni Víðidalsá í Steingrímsfirði, liggjandi í Tungukirkjusókn, er hann eigandi að orðinn er eftir sinn sáluga föður Guðmund Bjarnason, það með húsum, túnnum, engjum, haga, reka og öllum öðrum landsnytjum sem greindum sex hundruðum fylgja og með réttu tilheyrta að fornu og nýju, bæði til sjós og lands, að því öngvu fráteknu sem Jón Guðmundsson er framast eigandi að orðinn. Hér í mót fyrir andvirði á nefndum sex hundruðum í Víðidalsá galt og greiddi fyrrnefndur heiðursmann Sigmundur Sæmundsson Jóni Guðmundssyni tólf hundruð í gildum og góðum landaurum, hvað Jón lét sér vel linda fyrir andvirði á þráttnefndum sex hundruðum, og afsalar Jón Guðmundsson þau svo undan sér og sínum erfingjum, en undir Sigmund Sæmundsson og hans erfingja til ævinlegrar eignar og frjáls forræðis héðan í frá. Hvar um sem allt fyrrskrifað stendur þeir höfðu handsöl samþykkilega og staðfestu það með sínum undirsettum handskriftum ásamt okkar er þar á saum í sama stað og degi sem ári er upphaflega greinir, Jón Guðmundsson, Sigmundur Sæmundsson meh, Tómas Jónsson meh, Páll Narfason, Þórður Björnsson meh.

Sama stað, dag og ár sem fyrr segir var eftirskrifuð kvittering upplesin:

Játa ég sem augljóst gjöri, undirskrifaður Jón Guðmundsson, að ég hefi fullt og allt andvirði meðtekið þess sex hundraða jarðarparts í Víðidalsá er ég til fullkomlegrar eignar fengið hefi Sigmundi Sæmundssyni og er Sigmundur Sæmundsson kvittur og öldungis ákærulaus um hérnefnt jarðarparts andvirði, og hefur hann mér því rigtuglega útsvarað, þó ég því ónauðsynlega útsóað hafi, og þessu kvittantiublaði til merkis skrifast mitt nafn hér undir í erlegra votta viðurvist að Meirihlíð dag 20. desember anno 1718, Jón Guðmundsson hand- salaði sitt nafn hér undir, Tómas Jónsson meh, Páll Narfason meh, Ólafur Þórð- arson hs.

Sama stað, dag og ár sem fyrr segir var eftirskrifað upplesíð:

Anno 1718 dag 4. apríl að Meirihlíð í Buðlungavík vorum vér undirskrif- aðir menn viðstaddir að svofelldur kaupgjörningur framfór eftirskrifaðra á milli, af einni álfu Jóns Guðmundssonar en virðuglegs Sigmundar Sæmundssonar af annarri, að Jón Guðmundsson selur velnefndum Sigmundi Sæmunds-

syni eitt hundrað tuttugu og fimm álnir í jörðunni Ytri-Veðrará liggjandi í Önundarfirði í Holtskirkjusókn* með húsum, túnum, engjum, haga, reka og öllum öðrum landsnyttjum sem greindu einu hundraði tuttugu og fimm álnum fylgja og með réttu tilheyrja að fornu og nýju bæði til sjós og lands, að því öngvu fráteknu sem Jón Guðmundsson er framast eigandi að orðinn. Hér í mót fyrir andvirði á nefndu 1 hundraði 20 og 5 álnum í Ytri-Veðrará galt og greiddi fyrrnefndur Sigmundur Sæmundsson Jóni Guðmundssyni tvö hundruð í gildum og góðum landaurum, hvað Jón lét sér vel lynda fyrir andvirði á þráttnefndu einu hundraði 20 og 5 álnum, og afsalar Jón Guðmundsson þá svo undan sér og sínum erfingjum, en undir Sigmund Sæmundsson og hans erfingja til ævinlegrar eignar og frjáls forræðis héðan í frá. Hvar um sem allt fyrrskrifað stendur þeir handsöl höfðu samþykkileg og staðfestu það með sínum undirsettum handskriftum ásamt okkar er þar á sáum í sama stað, ár og degi sem upphaflega greinir, Sigmundur Sæmundsson meh, Jón Guðmundsson, Þórður Björnsson meh, Tómas Jónsson meh, Páll Narfason.

Anno 1724 þann 25. apríl að settu manntalsþingi að Tungu við Skutulsfjörð að nálægum þessum þingheyrurum, Jóni Jónssyni, Þorkeli Jónssyni, Bjarna Eyjólfssyni, Jóni Sigurðssyni, Sigmundi Guðmundssyni, Þorvaldi Þorsteinssyni, Guðmundi Ísleikssyni og Jóni Jóhannssyni, framkom fyrir réttinn Guðmundur Jónsson og var þá þetta eftirskrifað upplesið:

Anno 1724 þann 21. apríl að settu manntalsþingi á Reykjarfirði að nálægum þessum þingheyrurum, Jóni Hannessyni, Þorgrími Ólafssyni, Þorvarði Jónssyni, Jóni Jónssyni, Helga Þorgrímssyni, Jóni Halldórssyni, Jóni Gíslasyni og Jóni Bjarnasyni, frambar og umkvartaði Jón Jónsson í Gjörfudal að nóttina fyrir næst afliðinn páskadag hefði verið hjá sér uppbrotið hús á hlaðinu og þar úr stolið eftirskrifuðum fémunum, sauðarkrofi soðnu, nærri smjörfjórðungi, tóbakspundi óþrykktu, hafi ávantað hálfa stiku, sauðarmagáli, sjálfskeiðings hnífi, tveimur vasaklútum, sá eini rauðþrykktur nýr, annar bláþrykktur forn, spæni, þverbakspoka fornum með fölrauðum og hvítum röndum (en um fleiri liti á röndunum segist hann ekki muna), spegli, tini uppbræddu nærri undir mörk, látúns ádrætti. Þessa töku segist Jón fyllilega bera uppá bróður sinn Guðmund Jónsson, að hann greindum fjármunum frá sér stolið hafi, og óskaði nefndur Jón Jónsson að hér innfærðist þaug gögn er á þingstaðnum væri að finna og sönnuðu og staðfestu ómótmælanlega áburð sinn uppá téðan Guðmund, og eru þaug sem hér segir:

1. Að hann segist hafa rakt för til og frá yfir kleifina, en hafi ei mátt fylgja þeim lengra vegna þess hann hafi ei átt heimangengt.

2. Auglýsist að þessi Guðmundur hafi á laugardaginn reist hjá* Ögri og var

frá Skarði samferða Sigmundi Þórðarsyni og Marteini Péturssyni, og auglýsir nú greindur Sigmundur að þráttnefndur Guðmundur hafi þeim sagt að hann ætlaði ekki lengra ferðast en að Látrum. En þá hann kom að Látranaustum skildist hann við Martein og gekk inn með sjónum, og kom aldrei að Látrum, og þá tjáist hann hafi aldrei neitt borið.

3*. Vitnast fyrir eftirspurn sýslumannsins að oftnefndur Guðmundur hefur á öngvu heimili augljóslega verið þá nótt fyrir páskadaginn, hvað bæði þeir á Langadalsströnd hafa auglýst, sem og þeir hér í Reykjarfjarðarþingsókn nú samstemma.

4. Framkemur* ábúandinn á Eyri í Mjóafirði og auglýsti að á páskadaginn milli hádegis og dagmála hafi þessi Guðmundur til síns heimilis komið, þá leið er liggur frá Gjörfudal, og þá borið þverbakspoka mislitan, fullan svo út úr honum hafi staðið af soðnu kjöti. Líka hefði hann gefið sér tóbakspumlung af óþrykktu, hefði og sagt sér að hann hefði verið að Botni um nóttina, hvað reynist lygi að hann hafi þar mönnum vitanlega viðkomið. Ekki segir Þorkell að hann hafi viljað bíða á sínu heimili eftir lesturnum heldur reist þar út með sjónum.

5. Auglýsir sýslumaðurinn og Sigmundur Þórðarson að margnefndur Guðmundur hafi á páskadagskvöldið komið í Ögur og þar sagt að hann hefði fyrirfarandi nótt verið á Látrum og þar við lestur á páskadaginn, hvað ósannindi er, því hann kom aldrei til Látra hverki þá hann í nefndri ferð reisti til eður frá. Vegna þessra fyrrtaltra gagna kallar Jón Jónsson að Guðmundur Jónsson bróðir sinn hafi þessu stolið og óskar þess vegna að hann sé tekinn undir rannsókn og endilega fái sín forþétt laun fyrir þennan þjófnað. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Jón Hannesson, Þorgrímur Ólafsson, Þorvarður Jónsson, Jón Jónsson, Helgi Þorgrímsson, Jón Halldórsson, Jón Gíslason, Jón Bjarnason.

Játaði nú viljuglega og óneyddur fyrir réttinum nefndur Guðmundur Jónsson öllu því er hér inni er uppá hann borið og inn er fært í nefnt þingvitni, nema einasta milli ber að hann segist ei hafa tekið meira af krofinu en síðurnar og 6 stykki, ítem valla hálfan fjórðung smjör. Þessi Guðmundur, aðspurður fyrir réttinum, játaði sig ekki neitt hafa að frambora sér til forsvars í nefndu máli, og ei heldur eiga von til neina afbötun að fá, og vera því ánægður þó fyllilega væri hér í dag gjört um þetta efni. Svo og vænist sýslumaðurinn uppá Jón í Gjörfudal að hann sé ánægður þó þetta mál honum fráverandi sé undir dóm tekið. Hvar fyrir að þessu máli svo ásigkomnu og yfirveguðu, þá féll þar á svolátandi dómur sem hér segir:

Guðmundur Jónsson, er velviljuglega hefur fyrir réttinum nú í dag meðgengið að hann nóttina fyrir næstliðinn páskadag hafi stolið úr húsi bróður síns

þeim fjármunum er hér hafa í dag verið greindir, og með þá sömu verið á ferðalagi sjálfan páskadaginn, nærri hálfu aðra þingmannaleið án guðs orða heyrnar, og nú hefur ekki fé að bæta og fær ekki neinn borgunarmann, skal líða líkamlega refsing fyrir þennan stuld svo sem að fyrsta eyris stuldi og helgidagsbrot og forsömun guðs orða heyrnar á hástórhátíðinni. Dómurinn er byggður á þjófabálki 1. capitula ásamt Norsku lögum 6. bók, 3. capitula, 1., 3. articulum; ítem 17. capitula, articula 33. Dómurinn var upplesinn Guðmundi Jónssyni áheyrandi og á hann samdægris tildæmt straff álagt.

Þetta hér framanskrifað á vel 2 blöðum er rétt útcoperað af Ísafjarðarsýslu héraðsprotocol, hvað undirskrifaður vitnar að Ögri anno 1724, Markús Bergsson mpp.

Anno 1724 þann 4. júní að Mosvöllum við Önundarfjörð var uppleið eitt kaupbréf svohljóðandi sem hér segir:

Anno 1723 dag 16. september að Múla við Kollafjörð framfór svolátandi kaupgjörningur eftirskrifaðra manna á milli, af einni álfu virðuglegs sýslumannsins monsieur Teits Arasonar, en annarri heiðurlegs kennimanns séra Teits Pálssonar, svolátandi sem eftir fylgir:

1. Selur sýslumaðurinn Teitur* prestinum séra Teiti alla jörðina Tungu 12 hundruð að dýrleika liggjandi í Valþjófsdal við Önundarfjörð og í Valþjófsdalskirkjusókn, með öllum þeim gögnum og gæðum sem greindri jörðu fylgt hefur og fylgir að fornu og nýju til lands og vatns, að öllu tilteknu en aungvu fráskildu, eftir sem sýslumaðurinn er framast eigandi að orðinn til fullkominnar eignar undan sér og sínum erfingjum en undir prestinn og hans erfingja.

2. Í andvirði þessara 12 hundraða í Tungu fær presturinn sýslumanninum Teiti alla jörðina Bakka í Gauradal og í Garpsdalskirkjusókn liggjandi 12 hundruð að dýrleika með öllum þeim gögnum og gæðum sem nefndri jörðu fylgir og fylgt hefur að fornu og nýju, undan sér og sínum erfingjum en undir sýslumanninn og hans erfingja til fullkominnar eignar. Auk þessa afgreiðir oftnefndur herra kennimann séra Teitur virðuglegum sýslumanninum Teiti Arasyni 39 rixdali in specie í milligjöf jarðanna vegna þess að jörðin Bakki tjáist nú ei rífbyggð eður í því standi sem til forna verið hefur. Kúgildin jarðarinnar Tungu fær sýslumaðurinn prestinum til fullkomlegrar eignar, hvar í móti presturinn fær sýslumanninum kúgildin er Bakka fylgir.

3. Lofar hvör um sig að halda þessu sínu kaupi til laga og svara lagariftingum ef kaupið að lögum afturgengur.

Framfór þessi gjörningur í okkar tilkallaðra votta viðurvist með fullkomnu samþykki Elenar Snæbjörnsdóttur og handsölum hlutaðeigendanna, hvar um til merkis og staðfestu eru undirskrifuð nöfn stað, degi og dato sem fyrr

segir, Teitur Arason LS, Teitur Pálsson LS, Elen Snæbjörnsdóttir, Magnús Bjarnason, Eyjólfur Eyjólfsson.

Anno 1724 þann 13. júní að settu manntalsþingi að Auðkúlu* var þetta eftirskrifað upplesið þingmönnum áheyrandi:

Meðkenni ég undirskrifaður að heiðursverðugur kennimann séra Páll Pétursson hefur mér lánað tíutíu rixdali in specie, ég segir tíutígir specie rixdali, fyrir hverja nefnda tíutígir rixdali ég set honum í pant sextán hundruð og áttatígir álnir í jörðunni Ytra-Lambadal við Dýrafjörð og Mýrakirkjusókn, hvör greind sextán hundruð og áttatígir álnir ég lofa að fá fyrrnefndum kennimanni til fullkomlegrar eignar og eigindóms fyrir meðtekna tíutígir rixdali in specie, svo framt þeir eru ei honum betalaðir fyrir næstkomandi alþingi anni 1724. En nú strax skal hann þessi pantsettu sextán hundruð og áttatígir álnir í Ytra-Lambadal, nefnilega fimmtán hundruð er Þórður Þorbjörnsson á býr, ítem eitt hundruð og áttatígir álnir af þeim fimm hundruðum sem Guðmundur Jónsson ábúandi Innra-Lambadals nú þetta innverandi ár meðferðis hefur í Ytra-Lambadal, meðtaka í sína forvaring til umráða og alls ágóða, ásamt þeim meðfylgjandi tveimur kúgildum og einni á frekar. Og skal ég nú í ár 1723 í lögréttu á Öxarár alþingi uppbjóða mínum nánustu náungum téd sextán hundruð og áttatígir álnir að kaupa eftir Christians fjórða bréfi, sem og allan Lambadal sextígrir hundruð að dýrleika er ég lofa prestinum séra Páli allan til eignar selja fyrir þrjú hundruð rixdali in specie að meðreiknuðum þeim stórt hundruð og tíutígir rixdölum er ég nú meðtekið hefi. Og skulu þessi kaup fullkomlega gjörð vera okkar í milli fyrir næstkomandi alþingi anni 1724 í fyrrgreindri jörðu. Og vil ég prestinn séra Pál líða um betalinginn það eftir er, þangað til hann með fyrstu hentugleikum og honum hægt vera kann borgað getur. Þessu öllu ofanskrifuðu til fullkomlegrar staðfestu og sannindamerkis er mitt undirskrifað nafn og signet áþrykkt að Álftamýri við Arnarfjörð dag 5. júlí anni 1723, Teitur Arason LS.

Við undirskrifaðir vitnum og meðkennum að við viðstaddir og áheyrandi vorum þá þessi hér framan- og ofanskrifaður gjörningur framfór milli erugöfugs valdsmannsins í Barðastrandasýslu seigneur Teits Arasonar og kennimannsins séra Páls Péturssonar, hvörju til staðfestu og sannindamerkis eru okkar undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Ingimundur Magnússon, Bjarni Jónsson meh.

Anno 1724 þann 13. júní að settu Auðkúluþingi var þetta eftirskrifað upplesið:

Eftir því að eruverðugur sæmdarmann Bjarni Guðmundsson minn ágæti vinur hefur eftir minni umbeiðni lánað mér undirskrifuðum 30 rixdali in specie,

þá á meðan þeir áður nefndir 30 rixdalir eru ei betalaðir set ég honum aftur 5 hundruð í jörðinni Hokinsdal liggjandi í Hrafseyrarkirkjusókn að áður nefndur góður mann uppberi af greindum Hokinsdalsparti fulla og alla rentu eftir þessa peninga, hvörja ég býðst við aftur út að greiða eftir hentugleikum, það fyrsta viðkomið get á næsta ári. En séu ei peningar þessir goldnir innan þessa árs þá sé þessi partur eign Bjarna míns Guðmundssonar, en ég fæ honum í rentu nafni afgiftina af þessum parti, en áðurgreindur sæmdamaðinn meðtaki að næstkomandi fardögum anno 1717 og eftirkomandi leigum, hvar um til merkis er mitt undirskrifað nafn að Lokinhömrum dag 8. apríl anno 1717, Halldór Pálsson.

Eruverðugum sæmdarmanni mínum langvarandi góðum vin Bjarna mínum Guðmundssyni fæ ég nú á þessum degi til frjáls forræðis og fullkomlegrar eignar með Hokinsdalsparti eitt kúgildi og 2 ær, sem á að vera 1 kýr, hvörja sér kýs sá góði mann. En okkur báðum kemur svo saman með því að Jón Arnórsson ábúandi mun ei til staðar verða í næstkomandi fardögum, þá lætur Bjarni minn sér líka þó um líftinn tíma undandragist afgreiðslan, skal þó á hentugum tíma þessi okkar gjörningur framkoma. Þessu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn að Selárdal anno 1723 dag 31. maí, Halldór Pálsson meh.

Það gjöri ég Markús Bergsson kónglegrar majestatis valdsmaðinn í Ísafjarðarsýslu hér með vitanlegt að anno 1724 þann 10. júlí að Mýrum við Dýrafjörð, nálægum eftirskrifuðum mönnum, Guðbrandi Sigurðssyni, Birni Jónssyni, Jóni Jóstssyni, Þormóði Magnússyni*, Ólafi Sigurðssyni, Einari Jónssyni, Brandi Nikulássyni og Marteini Guðmundssyni, er af mér tilnefndir voru að vitna um það er í dag framfæri, eftir sem velaktaður kaupmaðurinn seigneur Pétur Arfvedsson hefur bréflaga óskað að ég nú í dag gjörði innförsel í göss Snæbjarnar Pálssonar og léti sér tilvirða þær bætur er sýslumaður seigneur Ormur Daðason næstliðinn 26. ágúst 1723 með 8 mönnum dæmði að téður Snæbjörn skyldi innan 6 vikna betala til sín sem væri 140 rixdalir í cronum. Dómurinn með sögðum degi og dato var nú af kaupmanni Pétri framlagður og síðan upplesinn, og innfærast hér einungis slutningin sem svo hljóðar sem eftir fylgir:

Orð þaug hin ósæmilegu og ótilbærilegu sem Snæbjörn Pálsson hefur 30. maí 1722 talað fjarlægum kaupmanninum seigneur Pétri Arfvidssyni honum til lasts og minnkunar og með eiði vitnuð eru 22. september 1722 og Snæbjörn hefur ekki til dato viljað erklara, ekki tilbærilegri forlíkun taka og allra síst laga forsvar fyrir þau leggja, skulu eftir þennan dag reiknast sem ótöluð og einkis aktandi og aldrei koma kaupmanninum seigneur Pétri Arfvidssyni til neinnar hneysu, óvirðingar eður þræjudits í nokkurn uppþenkjanlegan máta. En Snæ-

björn skal fyrir þessi illmæli og óþarfa þrá í sökinni sér til skaða, en kaupmanni til mæðusamari process og peningatjóns, gjalda kaupmanni seigneur Pétri Arfvidssyni í fullrétti og málskostnað 140 rixdali í cronum, og í sekt til kónglegrar majestatis 30 rixdali í cronum, hvörjar hér tildæmdar bætur Snæbjörn skal betalað hafa innan 6 vikna frá þessa dóms uppsögn hér að Mýrum, hvað ef hann forsómar á fyrirlögðu termine eður setur ekki vissa borgun fyrir tildæmdar sektir, þá skal hann líða eftir Norsku laga 1. bók, 22. capitula, 13. articula og betala þar til sem sömu bókar sami capituli, 19. articuli fyrir mæla. Þetta er grundað á þingfararbálks 6. capitula, mannhelgi 25. og 27. capitulum; item á Norsku laga 1. bókar, 5. capitula, 15. og 24. articulum og 22. capitula, 3. articula. Dómurinn var upplesinn Snæbirni Pálssyni og monsieur Sigurði Sigurðssyni viðverandi. Framanskriafaður dómur undirskrifast og forsiglast af mér sem yfirdómara að lögum, Ormur Daðason LS.

Fyrir okkur sjálfa og vora meðdómsmenn undirskrifa og forsigla þennan dóm eftir laganna skipan, Björn Jónsson LS, Ólafur Sigurðsson LS.

Var nú spurt eftir Snæbirni Pálssyni og síðan 3 hrópað uppá hann, hvert hann eður nokkur hans fullmegtugur væri til staðar að svara kaupmanni peningum fyrir tildæmdar sektir, og gaf sig enginn fram hans vegna. Sögdðu og nálægir samankomnir menn ei vita hans eður neins af hans álfu hingað von, hafi heyrt að næstliðinn laugardag hafi hann úr þessari sveit uppá Glámu eður Hestfjarðarheiði lagt. Þessu næst var upplesio þetta eftirskrifað:

Så som I Snæbybiorn Povelson ville nu ikke i denne dag betale til mig de 140 rixdaler croner som sysselmanden seigneur Ormer Dadurson den 26. august 1723 på Myreting haver dømt til mig at betale, hvorfor jeg Peder Arfveson stævne Eder Sneybiorn Povelson til Myre ved Dyrefjord den 10. juli 1724 at betale mig forbemeldte 140 rixdaler med skadesløs omkostninger, som jeg har måttet lide siden dommen burde efterleves, eller og strax at lide indførsel i Eders gods, fast eller løst, til dommens så vel som omkostningernes fuldkommen betaling, hvilket jeg begærer sysselmanden monsieur Marcus Bergsson strax ville gøre med ærlige mænd efter loven. Dette tilskikkes ved min karl Sofrin Jenssen Moller for Eder at læse og genpart at levere. Under min hånd og signet, Dyrefjords krambod den 22. juni 1724, Peder Arfveson LS.

Þetta bréf hef ég séð og yfirliesio og copiu meðtekið að Sæbóli dag 22. júní anno 1724, Snæbjörn Pálsson meh.

3. Var eftirskrifað upplesioð:

Efter som I Snæbiorn Povelsson haver ikke til denne dato betalt de bøder som sysselmanden seigneur Ormer Dadurson dømte* på ham ved Myreting den 26. august 1723, at han skulle betale til mig underskrevne, og ej heller til dato dommen indstævnet til underkendelse, altså er min begæring at I

monsieur Snegbiorn Povelson betaler mig strax i denne dag de tildømte 140 rixdaler croner eller sætter derfor fornøjelig caution som jeg kan være tilfreds med. Såfremt I ikke dette skulle ville efterleve begærer jeg at sysselmanden monsieur Marcus Bergsson tilholder Eder at være den arrest undergIVEN som velædle herr laugmand på Eder haver declareret anno 1723 indtil jeg haver bekommet tilstrækkelig betaling efter dommen, så og fuldkommen skadesløs omkostninger. Dette læses for Eder ved min udsykkede arbejdsкарл Sofren Jenssen Moller, som og haver fuldkommen fuldmagt at modtage penge såfremt I dennem leverer. Under min hånd og signet, Dyrefjords krambod den 22. juni 1724, Peder Arveson I.S.

Þetta ofanskrifað var upplesið Snæbirni Pálssyni áheyrandi og gienpartur þar af meðdeildur að Sæbólí 1724 og vildi hann ei afhenda eður svara þeim hundrað og 40 rixdölum í cronum er kaupmaðurinn hér inni beiddist að hann skuli sér svara og ekki þar fyrir öðruvísi caution setja en 30 hundrað í Hjarðardal og Bjarnastöðum austur á landi, svo lengi að fyrrnefndur dómur sýslumannsins Orms Daðasonar verður gildur eður ógildur metinn og þeir processar sem hann hefur þar í gjört. Til merkis undirskrifuð nöfn að Sæbólí anno 1724 þann 22. júní er Snæbirni var þetta framanskrifað bréf birt, Þorvarður Jónsson, Guðmundur Jónsson, Ísleifur Ásgrímsson.

Með þetta cautionsboð kveðst kaupmaðurinn ófornægður vera.

4. Framlagði kaupmaðurinn þetta eftirskrifað:

Monsieur Snæbjörn Pálsson.

Eftir sem ég undirskrifaður hefi meðtekið þann dóm er uppsagður var á Mýrum við Dýrafjörð þann 26. ágúst anno 1723, hvar inni yður er dæmt að betala yfirkaupmanninum á Þingeyri seigneur Pétri Arfvidssyni 140 rixdali og kónglegri majestat 30 rixdali í cronum, svo og hefur kaupmaðurinn seigneur Pétur bréflaga óskað af mér að svo framt að sömu peningar væri ei betalaðir á því termine sem dómurinn ákveður, að ég þá sækti þá með execution. Nú hefi ég skrifað yður til tvö vinsamleg bréf og í þeim eftirspurt hvert þér vilduð peningana betala og hefi til þessa dags ekkert svar þar uppá fengið, en er þó úti það termin er dómurinn tileinkar að nefndir peningar skuli vera betalaðir á. Hefi ég ekki heldur spurt að þér hafið hingað til dags dóminn áfrýjað eður neina viðleitni viðhaft sama dóm að áfrýja eður yfir honum réttarstefnu að útvega, hvers vegna eftir Christians 5. Norsku lögum 1. bók, 6. capitula, 10. articula að þér hafið aungva magt hér eftir greindan dóm að átélja. Vona því að þér munuð vita hvernin tilhlýðilegt sé eftir lögum hér úti við yður höndla, svo og hvað á yður stendur. En svo sjáanlegt sé hvernin ég vildi við yður hlífast og ég vildi hið frekasta forðast yðar ógagn, vil ég hér með vinsamlega af yður óska að þér án frekari lagasókna og ómaks vilduð undandráttafalaust afgreiða mér greinda 170

rixdali í cronum. Ég skal ef viljið vera til staðar þá að meðtaka á Mýrum við Dýrafjörð þann dag er tilnefna viljið innan næstu 14 náttu. En svo framt þér hafið ei peningana óska ég að þér fyrir greinda peningasummu setjið vissa borgun sem vel ánægjanleg er. Ég bið yður að þér skrifið hér uppá yðar svar. Ofanskrifuðu til staðfestu er mitt nafn með eigin hendi hér undirsett, Ögri anno 1724 dag 27. mars, Markús Bergsson mpp.

Þar sem ég ennþá ei hefi meðtekið dóm þann gjörður er í þessu máli afsaka ég mig til þessa bréfs að svara, en þar sem ég hefi interlocutorii dóminn áður áfrýjað og þann process í þessu máli, áforma ég enn svo gjöra við þennan nær ég öðlast hann og afsaka mig þar fyrir sektunum að svara að svo stöddu, og hefi endilega í ráði að hvað sem mér finnst í báðum þeim mér um lög fram þyngt, það sama að angefa og klaga fyrir háyfirvöldum þessa lands og síðan fyrir vorum allranáðugasta arfaherra og kóngi það fyrsta sem ég hefi öðlast kvittering fyrir það yfir mér af þremur mönnum begerta og þar eftir gjörða arrest og þar til forsikkrður vera má að ei sé ég friðlaus svo lengi sem ég er það að framkvæma. Til vitnis Ögri dag 27. mars anno 1724, Snæbjörn Pálsson meh.

5. Var eftirskrifað innlegg kaupmannsins seigneur Péturs Arfvidssonar upplésið:

Kongelig majestæts sysselmand ædle Marchus Bærgson.

Jeg haver været forårsaget til at lade indstævne Snæbjörn Poulson til Myreting i dag 10. juli 1724 for Eder og tilnævnte domsmænd, først for han ikke haver fyldest gjort den dom som sysselmanden seigneur Ormur Dadurson dømte på hannem her på Myreting den 26. august 1723 at betale til mig eller min beskikkede fuldmægtig de 140 rixdaler udi croner helst efterdi han ikke påanket haver samme dom, så og haver jeg skriftlig ladt hannem erindre 22. juni 1724 ved Sæbole med min karl Sofren Jensson Moller om han endnu mindelighed ville betale ovenbemeldte penge efter dommen, mens fik enda ingen penge, mens fik noget skriftlig svar at han ville sætte mig nogle jorder i pant østerpå landet, så lenge indtil seigneur Ormer Dadursons dom blev gyldig eller ugyldig. Da han dog den efter loven udi rette tid ikke haver indstævnet til underkendelse hvorfor jeg formoder der med ganske intet at have at bestille. Thi haver Snæbjörn Poulson nogen sag med seigneur Ormer Dadurson, da er det dennem vedkommende og ikke mig, mens som alt sådant sker kun af Snæbjörn Poulson for at opholde tiden, altså er min tjenstlig begæring af sysselmanden seigneur Marchus Bergsson tillige med sine tilnævnte domsmænd endnu en gang for alle tilholder Snebjorn Poulson strax at betale mig de tildømte 140 rixdaler croner mod påløbende rente fra den tid de burde være betalt til nu. Skulle han ikke dertil være at formå da formodes uden videre ophold at jeg nyder en executions dom efter loven og mig ved ærlige mænd sker

indførsel udi hans gods fast eller løst, ei alleneste for capitalen i sig selv mens og påløbende rente med der påfølgende omkostning med hvad navn det nævnes kan, så at når indførselen er sket det da efter loven måtte tilbydes om nogen af de nærmeste venner det ville indløse, hvis ikke det da strax måtte komme til en offentlig auction, hvilket jeg alt sammen indstiller til den retvise rettes dom og kendelse. Jeg forbliver ædle herr sysselmands tillige med hans tilnævnte domsmænds tjenstvillige tjener. Dyrefjords krambod den 10. juli 1724, Peder Arfveson.

Snæbjörn er hér ekki að finna eður neinn hans vegna til þessa að svara, en kaupmaðurinn beiðist alvarlega að innförselen gjörist nú strax án neins upphalds, þar nú sé nærri ár liðið síðan dómurinn af seigneur Ormi dæmdur var og kunni ei né vilji sér til stórrar mæðu þetta lengur líða eður skaða þar af bíða, og segist ei kaupmaður hafa þar úti frekara að framvísa. Og því að þessu grandgæfilega yfirveguðu kveðst sýslumaðurinn ei voga móti Christians 5. Norsku lögum 1. bók, 22. capitula, articula 37 ásamt Christians 5. bréfi dateruðu 1690, 17. maí, hérnefndum kaupmanni réttar synja og ályktar því með ráði nálæggra þingmanna að Snæbjörn Pálsson, sem anno 1723 þann 26. ágúst var dæmdur innan 6 vikna að betala kaupmanninum Pétri Arfvedssyni 140 rixdali í cronum, og Snæbirni samdægris sá dómur birtur, en hefur ekki eftir Norsku lögum 1. bók, 6. capitula, articula 10 nefndum dómi innstefnt, áfrýjað eður löglega uppá hann talað hingað til dags svo menn viti eður neina viðleitni í haft uppá hann tala, verið þó laus og liðugur og haft nóg efni þar til. Ekki heldur viljað hingað til dags kaupmanninum Pétri eftir dómnnum betala þó þess hafi bréflega vitjað verið, heldur móti lögum þessu innihaldið og síðan næsta laugardag hér fyrir þennan dag, sem var sá 8. júlí, burtreist úr þessari sveit og því sýnilega ei viljað að vera hér í dag að betala nefndar bætur.

Þá svo Snæbirni Pálssyni líðið ei öðrum til skaða að brúka soddan þverúð lengur mót lögum þá skal kaupmanninum Pétri Arfvedssyni standa frítt fyrir að láta sig strax nú innfæra í góss Snæbjarnar Pálssonar eftir lögum hvar sem það finnst í læstum húsum, hirðslum eður ólæstum og hirðslurnar óheilagar fyrir broti að halda dæmdum sektum. Og af því virðist fullur betalingur fyrir nefnda 140 rixdali í cronum og 7 rixdali í cronum fyrir rentu og umkostnað til kaupmannsins síðan dómurinn var dæmdur. Svo og fyrir tildæmdar kónglegrar majestatis sektir sem er 30 rixdalir í cronum og 3 lóð silfurs. En finnst ekki hér nú lausafé Snæbjarnar, þá virðist af hans jörðum greindum dómi til fullnustu eftir sem lögin fyrirmæla, og að kaupmaðurinn haldi sig eftir lögum um fastagóssins meðhöndlan, en fáist ei svo mikið af föstu góssi eður lausu Snæbjarnar sem er hans vitanleg eign, að hrökkvi fyrir þessum bótum, þá skal Snæbjörn Pálsson líða persónulegt fangelsi nær hann hittast kann, svo framt hann þá ei

strax stillir ánægjanlega caution fyrir það óbatalaða, sem saksóknarinn kann vera velfornægður með og er þetta grundvallað á Norsku laga 1. bók, 22. capitula, articulum 19, 31, 35, 49; item 3. bók, 12. capitula, articula 21 samanbornum við arfatal 27, landsleigubálk 12. capitula, kaupabálk 3. capitula, réttarbót Hákonar konungs innfærð í kaupabálk 7. capitula. Þetta var upplesið kaupmanni áheyrandi.

Að þessu framanskriðuðu ályktuðu og opinberlega upplesnu beiddist sýslumaðurinn að Snæbjörn Pálsson eður hans fullmegtugur betalaði eður* ávísaði nú strax hvar hans lausagóss væri að finna er af mætti virðast til andvirðis fyrir nefndar bætur, og kom enginn fram af hans álfi þar um sýslumanninn nú að fræða. Síðan aðspurði sýslumaðurinn Markús nálæga hreppstjóra og bestu menn hér í sveit hvar oftnefnds Snæbjarnar góss væri að finna. Hvar uppá þeir sameiginlega svöruðu að sér væri vitanlegt að það góss Snæbjarnar er hann hefði hönd yfir, og væri í hans forsjón, væri hér á Mýrum að finna, en hvað hans eign eður barna hans væri þar af þekktu þeir aldeilis ekki hvert frá öðru, en kynni þó fyrir víst segja að börn hans ættu stórmikið lausagóss hjá honum af sínum móðurarfi, hvers vegna Pétur Arfvedsson aldeilis afsagði að innförselen væri gjörð í soddan óvíst góss eður sér væri til betalings virt það góss er ekki væri viss og þekkjanleg eign sjálfs Snæbjarnar. Og ef það nokkur gjörði væri það gjört á móti sínum vilja. Beiddist heldur af sýslumanninum Markúsi að innförselen skyldi ske í Snæbjarnar vitanlegt jarðagóss er augljóst hefði verið í haust þá dómurinn gekk að Snæbjörn átti, sem væri 24 hundruð í Klukkulandi við Dýrafjörð, og tilbauð kaupmaðurinn sig með jarðagóssið höndla eftir lögum, svo og skyldi það vera laust af sér til Snæbjarnar Pálssonar nær og þá hann vildi það innleysa innan 3 ára frá þessa dags dato að reikna. Hvar fyrir sýslumaðurinn Markús Bergsson tilnefndi monsieur Guðbrand Sigurðsson, Ólaf Sigurðsson, Einar Jónsson, Jón Jóstsson, Bárð Nikulásson og Þormóð Magnússon að skoða og yfirlíta öll lélegheit nefnds Klukkulands og hana síðan virða, svo kaupmaðurinn kunni þar af fá uppí tildæmdar bætur, og reistu þessir menn þangað ásamt sýslumanninum og var nefnd jörð yfirlitin og uppskrifuð að öllum lélegheitum og húsum sem hér segir:

1. Baðstofan í þremur stafngólfum, 4 sperrum, 4 bitum, 8 stöfum, syllum, áfellum, tveimur langböndum á aðra hlið en einu á hina, mæniás, uppreftið af greniraftri, hurð með nýjum dyrustaf, húsið nýbyggt að yfirgrindinni, veggirnir gamlir, þó nokkurn veginn stæðilegir. Göngin frá baðstofu til eldhússins nær því að falli komin til veggja og víða. Eldhúskofi með 1 sperrum og bita liggur á veggjum, einn stafur á aðra síðu, sitt langband á hvörja hlið og mæniás, áreftið af birki, húsið nokkurn veginn standandi. Skáli í 2 stafngólfum, 2 sperrum, 2 bitum, syllum, áfellum, 2 langböndum á hvörja hlið, mæniás og nóglegu

árefti af greni, húsið stæðilegt að viðum en gömlum veggjum. Búrið innar af í 2 stafngólfum, 3 sperrum, 3 bitum, 6 stöfum, syllum, áfellum, 2 langbönd á hvörja hlið, mæniás, þil annars vegar fyrir ofan bita en lítið öðru megin, standþil með hurð og dyrustöfum fyrir neðan bita, drótt og þröskuldi. Í húsinu 1 sperruleggur brotinn og þilsperrurnar milli skálans og búrsins mjög hallaðar og nægilegt árefti, veggurinn annar lasinn en annar bærilegur. Göngin frá eldhúsi eru velstandandi. Bæjardyrnar með dyrustöfum, hurð á hjörum, bita og sperrum og lítilférlegu þilkorni fyrir ofan. Leguhús sem 8 hundruðum fylgir í þremur stafngólfum, 3 sperrum, 3 bitum, 7 stöfum, syllum, áfellum, 2 langbönd á aðra hlið en einu á aðra með 2 hurðum og 4 dyrustöfum, óstæðilegt að veggjum og viðum. Fjós með einni stoð, mæniás, fáreft af greniárefti, 2 hurðum og dyrustöfum, ábótavant að viðum og veggjum. Annað fjós heim hjá bænum með hálfu öðru básstæði, 1 stoð, mæniás og nægilegu árefti, hurð með dyrustöfum nýuppbyggð að viðum en veggir hrörlegir.

Jörðin sjálf mjög af skriðum skemmd og fordjörfuð, byggð með hundraðs landskuld og með 4 kúgildum og var jörðin virt fyrir 132 rixdali í cronum með húsunum kaupmanni til betalings fyrir tildæmdar sektir er hann skal nú að sér taka strax uppí 132 rixdali í cronum og svo að öllu leyti meðhöndla að sýslumaðurinn Markús tilskikkar sem kaupmaðurinn sjálfur boðið hefur og Norsku laga 5. bók, 16. capituli, 2., 3. articular útvísa. Framar auglýstu ábúendur nefndrar jarðar að nú væri þar eign Snæbjarnar sjálfs 2 kýr og 8 ær, kýrin sú eina 15 vetra tímalaus, önnur 14 vetra gömul og voru þessar kýr ásamt ærnar virtar kaupmanni til handa fyrir 10 rixdali í cronum uppí tildæmdar sektir og tilsagði sýslumaðurinn kaupmanni það svo sem annað löglega útvirt góss af annars eign eftir lögum ásamt jörðina að sér taka* og þar með skyldi Snæbjörn Pálsson vera kvittur fyrir jörðina og kúgildin um 142 rixdali í cronum af tildæmdum sektum er á hann voru dæmdar af sýslumanninum Ormi Daðasyni og nú í dag, og kaupmaðurinn skyldi með jörðina Klukkuland sem áður segir löglega höndla. Þá 5 rixdali sem resterar ásamt fyrir kóngssektirnar verður Snæbjörn eftir dómnum fyrirstanda, þar ei finnst nú lausafé þar fyrir.

Þetta hér fyrir framan skrifað á nær hálfu níunda blaði í qvarto er samhljóða við protocolen og þaug document er fram voru lögð á Mýrum 10. júlí 1724, sem og ásigkomulag jarðarinnar Klukkulands til húsa og annra lélegheita er hér rétt innfært eftir sem jörðin og húsin uppskrifuð voru. Það vottar undirskrifaður, Markús Bergsson mpp.

Anno 1725 þann 14. apríl var eftirskrifað kaupbréf upplesið að* settu manntalsþingi að Mosvöllum:

Anno 1724 þann 23. september að Reykhólum á Reykjanesi gjörðu þeir sýslumaðurinn Ormur Daðason og presturinn séra Teitur Pálsson svofelld samskipti og jarðakaup í vorri tilkallaðra votta viðurvist, að sýslumaðurinn Ormur fær prestinum séra Teiti 10 hundruð í jörðunni Þorfinnsstöðum liggjandi í Valþjófsdalskirkjusókn innan Ísafjarðarsýslu, þau sömu sem Jóhanna* Snæbjarnardóttir að gjöf þáði af sínum sáluga föður og velnefnd sæmdarstúlka Jóhanna hefur umbeðið sýslumanninn Orm að selja sér til hagsmuna, hvað sýslumaðurinn vill prestinum með enn sterkara skjali að fyrstu hentugleikum meðdeila. Sömu tíu hundruð í jörðunni Þorfinnsstöðum selur sýslumaðurinn Ormur undan eignarhaldi Jóhönnu Snæbjarnardóttur og hennar erfingja en undir fullkomna eign prestsins séra Teits Pálssonar og hans erfingja með öllum þeim gögnum og gæðum, eignum og ítökum sem greindum 10 hundruðum í Þorfinnsstöðum fylgir og fylgt hefur, og með réttu fylgja ber. Hér í mót kvitterar heiðurlegur kennimann séra Teitur Pálsson bróður sinn Þorstein Pálsson og hans erfingja fyrir sig og sína erfingja um 9 hundruð í fastaeign sem presturinn að réttum erfðahluta átti innistandandi hjá bróður sínum Þorsteini. Og þar sýslumaðurinn Ormur hefur til fullkomlegrar eignar fengið sem áður er sagt prestinum séra Teiti sögð tíu hundruð í Þorfinnsstöðum vegna monsieur Þorsteins Pálssonar, þá hefur presturinn séra Teitur að betala til sýslumannsins Orms fyrir það eina hundruð í Þorfinnsstöðum 5 rixdali in specie. Svo lofar og presturinn að kaupa kúgildin sem hér seldum 10 hundruðum kunna að fylgja eftir því sem þau metast verð að vera nær sýslumannsins umboðsmaður tilkemu. Er tilskilið af sýslumanninum Ormi en viðgengið af prestinum séra Teiti að þessi tíu hundruð skuli nú strax vera prestsins eign og hann að þeim gangi án víðari afhendingar. Framar er í skyldum að sá haldi sínu kaupi til laga er keypti en seljandinn svari lagariftingum. Uppá alla þessa skilmála höfðu þeir sýslumaðurinn Ormur og presturinn séra Teitur fullnaðar handsöl og skrifuðu síðan sín nöfn hér að neðan ásamt vorum að hjáþrykktum þeirra og vorra signetum í sama stað á sama ári og degi sem upphaflega í þessum kaupgjörningi greinir, Ormur Daðason LS, Teitur Pálsson LS, Sigurður Sigurðsson LS, Einar Magnússon LS.

Anno 1725 þann 24. maí að settu manntalsþingi að Hesteyri var einshljóðandi jarðaskipta kaupbréf upplesið sem hér segir:

Anno 1722 þann 27. október að Súðavík við Ísafjarðardjúp vorum vér eftirskrifaðir menn, Sigfús Jónsson, Jón Þorsteinsson og Jörundur Jónsson, viðstaddir og til vitnis kallaðir að heyra orð og sjá handsöl þessara erlegra manna, af einni hálfu Tómasar Ásgrímssonar, en Bjarna Jónssonar af annarri, vegna sín sjálfs og sinna skilgetinna bræðra, Péturs og Þorleifs Jónssona (skriflegt samþykki Péturs framvísar nú Bjarni Jónsson), í svofelldan máta að Tómas Ásgrímsson selur Bjarna Jónssyni og hans bróður Pétri til fullkominnar eignar og frjáls forræðis undan sér og sínum erfingjum, en undir Bjarna og Pétur og þeirra erfingja níu hundruð í jörðunni Hóli, liggjandi í Önundarfirði og Holtskirkjusókn, með öllum þeim gögnum og gæðum sem nefndum níu hundruðum fylgja og fylgt hafa að fornu og nýju til ystu takmarka móts við aðra menn sem í þeirri jörðu eiga eftir sem Tómas er framast eigandi að orðinn. Hér í mót greiða og gjalda velnefndir bræður Bjarni og Pétur Jónssynir Tómasi Ásgrímssyni til fullkomlegrar eignar og frjáls forræðis, undan þeim og þeirra erfingjum, en undir Tómas og hans erfingja alla jörðina Garða átta hundruð að dýrleika, liggjandi í Aðalvík og Staðarkirkjusókn, með öllum þeim gögnum og gæðum sem nefndri átta hundruða jörðu fylgir og fylgt hafa að fornu og nýju til ystu takmarka móts við aðra menn, eftir sem þeir bræður Bjarni og Pétur eru framast eigandar að vorðnir. Skulu þeir Tómas, Bjarni og Pétur kaupi sínu og keyptri eign til laga halda, en sá lagaríftingum svara er seldi ef með lögum undangengur. Öllu þessu fyrir framan og ofanskrifuðu til fullnaðarstaðfestu, að svo statt og stöðugt standa skyldi af beggja hendi, höfðu þeir fullnaðarhandsöl sín á milli oss áðurnefndum og undirskrifuðum vottum viðverandi og skrifuðu sín nöfn ásamt oss hér fyrir neðan, sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir, Tómas Ásgrímsson LS, Bjarni Jónsson, Sigfús Jónsson, Jón Þorsteinsson, Jörundur Jónsson.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að þann 11. apríl 1725 að settu manntalsþingi að Hóli í Bolungavík að nálægum þessum þingheyrurum, Sigmundi Sæmundssyni, Birni Þorsteinssyni, Einari Jónssyni, Bjarna Ketilssyni, Kolbeini Snæbjörnssyni, Birni Ketilssyni, Bjarna Jónssyni og Snæbirni Kolbeinssyni, kom fyrir réttinn Ólafur Þórðarson og frambar að hér viðverandi Jón Magnússon hefði miðvikudagsnóttina fyrir páska gengið í hús sitt og úr ólæstri kistu stolið einni skyrtu sem kostað hefði 24 fiska, hverju fyrrnefndur drengur viðgöngu veitti hér fyrir réttinum velviljuglega og óneyddur. Og óskaði greindur Ólafur dóms og réttar yfir nefndum dreng fyrir nefndan þjófnað. Þessi fyrrnefndur drengur Jón Magnússon auglýsti að Jón Björnsson heimilismaður að Meirihlíð hefði eggjað sig á að stela nefndri töku, en til þeirrar sinnar sögu segist hann engin líkindi

hafa. Jón Björnsson var síðan innkallaður fyrir réttinn og þverneitaði hann að sannur væri greinds drengs framburður og bauð eið þar um. Fékkst og engin líkindi þar til. Og féll hér uppá svolátandi slutning:

Jón Magnússon sem nú fyrir réttinum hefur viljuglega viðgöngu veitt greindum þjófnaði og ekki er megnugur neitt að betala og fær aungvan borgunarmann, skal nú strax líða húðlátsrefsing fyrir greindan þjófnað, bæði fyrir kónglegrar majestatis sök, sem og Ólafs Þórðarsonar, svo sem að fyrsta eyris stuldi, eftir þjófabálki 1. capitula og Norsku lögum 6. bók, 17. capitula, 33. articula. Húðlátsrefsingin álögd sama stað, dag og ár sem fyrir segir.

Hóli 11. apríl anno 1725, Markús Bergsson mpp.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að anno 1725 þann 24. maí að settu manntalsþingi að Hesteyri að nálægum eftirskrifuðum þingheyrurum, Magnúsi Bjarnarsyni, Bjarna Jónssyni, Tumasi Ásgrímssyni, Bjarna Jónssyni, Oddi Jónssyni, Jóni Björnssyni, Jóni Jónssyni og Halldóri Bjarnarsyni, frambar Anna Eiríksdóttir að sonur sinn Bjarni Tómasson ætti í sinni forsjón þá fjármuni er hann erft hefði eftir föður sinn, 1 hest 12 vetra, 5 sauði, í eitt hundrað og 5 álnir, sex rixdali, járnþottur tekur hálfan fimmta fjórðung, annar tekur 1 fjórðung, steðja. Það vantar hér uppá 5 hundruð lofar greind Anna að tilleggja af sínu fé svo pilturinn fái 5 hundruð í umboðsfé að minnsta kosti, hvört umboð hún kvartar um að hún geti ei haldið og sé þar aldeilis ófær til og óskar að ég setji syni sínum fjárhaldsmann er kunnir að annast hann og hans fjármuni meðan í ómegð er, og auglýstu samankomnir þingmenn að þeir vissu ekkert skyldmenni greinds Bjarna er fær væri eður veðurheftigur þetta að annast utan virðuglegan lög-réttumanninn Ólaf Árnason þremmenning piltsins, hvörn ég og þar tilnefndi, og svo sem hann er hér nú ei til staðar á þinginu þá lofaði ég að gefa monsieur Ólafi hið snarasta þetta til vitundar. En á meðan það kemst ei í hönd Ólafs til-segi ég að monsieur Magnús Bjarnarson hafi umsjón á fémunum nefnds pilts, svo þeir ei fargist, inn til þeir koma í hönd greindum Ólafi ásamt piltinum. En hreppstjórana Tómas Ásgrímsson, Bjarna Jónsson, Jón Björnsson og Bjarna Jónsson tilnefni ég að virða greinda fjármuni nú strax og það móðurin víðara til lætur af sínu fé piltinum til eignar og áminnti ég að hér úti skuli engin for-sómun ske greindum ungum pilti til skaða. Framanskrifað var svo afsagt sama stað, dag og ár sem fyrir segir, sem hér er innfært, það vitnar undirskrifaður, Markús Bergsson mpp.

Dómsprocess í stefnumáli lögréttumannsins
Ólafs Jónssonar til Gunnlaugs og Guðmundar Jónssona
ásamt Bjarna Gunnarssonar.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, Markús Bergsson, gjörir hér með vitanlegt að anno 1725 þann 22. júní að nálægum þessum þingheyrurum, Sigfúsi Jónssyni lögréttumanni, Marteini Péturssyni, Þórði Svartssyni, Jóni Vilhjálmsyni, Ólafi Hannessyni, Tómasi Einarssyni, Þorvaldi Jónssyni og Jóni Þorsteinssyni, lögsettu héraðsþingi að Súðavík, kom fyrir réttinn lögréttumaðurinn Ólafur Jónsson sem sækjandi en Guðmundur Jónsson, Gunnlaugur Jónsson og Bjarni Gunnarsson sem verjendur. Og var síðan eftirskrifað upplesið:

1. Kongelig majestæts sysselmand seigneur Marcus Bergsen!

Af en fra herr biskoppen magister Jon Arnason af 31. januar sidstafvigte til mig indkomne skrivelse har ugerne fornummet den foreløbende urigtighed ved hospitals løtternes forvaltning udi Isefjords syssel, formedelst vedkommendes modvilliged eller naklæssighed og forsømmelse, så og at hvis jeg af 15. april 1722 in puncto qvæstionis har tilmeldt hos dennem intet skal have frugtet, altså ville I på mine vegne en duelig mand, laugrettismand eller anden vederheftig dannemand, som actor udi sagen til hospitalets ret at indtale, for billig betaling, som af hospitalets indtægt skal ske, tilforordne, som vedkommende for Eder udi rette kunne indstævne for derved andre ligesindede til exempel efter sagens nærmere befindende beskaffenhed at vorde anset som vedbør. Jeg forbliver herr sysselmandens tjenstberedvilligste, Bessested kongsgård den 6. mars 1725, Niels Fuhrmann.

Ofanskrifað hefur fyrir réttinn verið upplesið að Súðavík þann 22. júní 1725, síðan á Tungu 23. júní 1725, Markús Bergsson mpp.

2. Var þetta eftirskrifað upplesið:

Virðuglegi og velforstandugi lögréttumann monsieur Ólafur Jónsson.

Af hér meðfylgjandi rigtugri copiu af veledla og velbirðigs herra amtmannsins missive sjái þér ánægjanlega hvörninn hans velbirðigheit vill að höndlist með þá er forsómað hafa að svara hospitalshlut hér í sýslu um afliðin ár, hvar fyrir ég undirskrifaður tilnefni yður eftir fyrr áminnstu veledla herra amtmannsins missive að sækja þá sömu svo sem actor og eftir lögum fyrir rétt kalla, hið fyrsta er viðkoma kunníð, og þeirri sókn löglega fyrir rétti síðan framhalda, og læt ég hér með fylgja notitia uppi þá sem forsómað hafa nefndan hospitalshlut að gjalda í nyrðri partinum. Þessu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og áþrykkt signet að Ögri anno 1725 dag 21. apríl, Markús Bergsson mpp LS.

Ofanskrifað hefur fyrir réttinn verið upplesið að Súðavík þann 22. júní anno 1725 til vitnis og síðan á Tungu 23. júní 1725, Markús Bergsson mpp.

3. Var eftirskrifað upplesid:

Eftir tilnefnd virðuglegs sýslumannsins monsieur Markúsar Bergssonar þá stefni ég Ólafur Jónsson þér Gunnlaugur Jónsson hér til vanalegs þingstaðar að Súðavík við Álftafjörð á þann 22. dag júnímánaðar þessa árs 1725 fyrir göfugan sýslumanninn Markús Bergsson og hans tilnefnda þingheyrara að betala þann hospitalshlut sem þér bar að gjöra á skipi því þú varst fyrir á því vori 1724 og 1725* og enn óbetalaður er eður og fram að leggja löglegar orðsakir hvar fyrir þú hefur hann ekki betalað. En bresti þig þar fé sértu eftir lögum tilþenkur á fyrrnefndum stað og degi endilegan dóm þola fyrir þá þína forsómun á móti háyfirvaldanna skikkun. Á sama stað og dag stefni ég þér viðbúnum vera að betala kostnað allan sem af þessari þinni forsómun orðsakast kann. Vertu tilþenkur fyrir áðurgreindum rétti fram að leggja málsbætur þínar og varnir sem framast hafa kunnid og bið svo lengi á þinginu að endilegur dómur er uppsagður yfir þessu máli. Þessari stefnu til staðfestu er mitt nafn og signet að Eyri dag 1. maí anno 1725, Ólafur Jónsson LS.

Framanskriðuð stefna var fyrir réttinum upplesin að Súðavík þann 22. júní 1725, Markús Bergsson mpp.

4. Var önnur stefna upplesin sem hér eftir fylgir:

Eftir tilsögn herra amtmannsins Nielsar Fuhrmanns og tilnefnd virðuglegs sýslumannsins monsieur Markúsar Bergssonar þá stefni ég Ólafur Jónsson yður Guðmundur Jónsson til vanalegs þingstaðar að Súðavík við Álftafjörð á þann 22. dag júnímánaðar þessa árs 1725 fyrir göfugan sýslumanninn Markús Bergsson og hans tilnefnda þingheyrara að betala þann hospitalshlut sem yður bar að gjöra á skipi því er þér fyrir voruð á því vori 1722 og 1723 og enn óbetalaður er eður og að framleggja löglegar orðsakir hvar fyrir þér hafið hann ekki betalað. En bresti yður þær þá séuð þér eftir lögum tilþenktir á fyrrnefndum stað og degi endilegan dóm þola fyrir þá yðar forsómun á móti háyfirvaldanna skikkun. Á sama stað og dag stefni ég yður viðbúnum vera að betala kostnað allan sem af þessari yðar forsómun orðsakast kann. Veri þér tilþenktir fyrir áðurgreindum rétti fram að leggja málsbætur yðar og varnir sem framast hafa kunnid og bið svo lengi á þinginu að endilegur dómur er uppsagður yfir þessu máli. Þessari stefnu til staðfestu er mitt nafn og signet að Eyri dag 1. maí anno 1725, Ólafur Jónsson LS.

Framan- og ofanskriðuða stefnu hefi ég séð og yfirlesid dag 19. maí 1725 og svo hefi ég copiu af henni meðtekið. Til merkis mitt nafn, Guðmundur Jónsson.

Ofan- og framanskriðuð stefna hefur fyrir réttinum verið upplesin að Súðavík þann 22. júní 1725. Markús Bergsson mpp.

5. Var þriðja stefna upplesin svohljóðandi sem hér ritast:

Eftir tilsögn herra amtmannsins Nielsar Fuhrmanns og nefnd virðuglegs

sýslumannsins monsieur Markúsar Bergssonar þá stefni ég Ólafur Jónsson yður Bjarni Gunnarsson á þingstað vanalegan að Súðavík við Álftafjörð á þann 22. dag júnímánaðar þessa árs 1725 fyrir göfugan sýslumanninn Markús Bergsson og hans tilnefnda þingheyrara að betala þann hospitalshlut sem yður bar að gjöra á skipi því þér fyrir voruð í fyrra 1724 og enn óbetalaður er eður og að framleggja lögmæt forföll hvar fyrir þér hafið hann ekki betalað. En bresti yður þaug þá séu þér eftir lögum tilþenktil á fyrrnefndum stað og degi endilegan dóm þola fyrir þá yðar forsómun á móti háyfirvaldanna skikkun. Svo og stefni ég yður á fyrrnefndan stað og dag viðbúnum vera að betala kostnað allan sem af þessari yðar forsómun orðsakast kann. Veri þér tilþenktil fyrir áðurgreindum rétti fram að leggja málsbætur yðar og varnir sem framast hafa kunnið og bíðið svo lengi á þinginu að endilegur dómur er uppsagður yfir þessu máli. Þessari stefnu til staðfestu er mitt nafn og signet að Eyri dag 1. maí anno 1725, Ólafur Jónsson I.S.

Ofan- og framanskriðuð stefna hefur fyrir réttinum verið upplestin að Súðavík þann 22. júní anno 1725, Markús Bergsson mpp.

Voru hér nú allir ádurtaðir menn Guðmundur Jónsson, Gunnlaugur Jónsson og Bjarni Gunnarsson nálægir og játuðu sig ádurtaðar stefnur heyrtil hafa, copurnar af þeim meðtekið og fundu ekkert að stefnufrestinum, hvar fyrir lögréttu- maðurinn Ólafur Jónsson gaf sig til sóknar, en þeir til varnar í málinu.

6. Var eftirskrifað upplesið:

Virðuglegum, sómaprýddum og velforstandigum skipseigendum, hreppstjórum, formönnum og hásetum í Ísafjarðarsýslu tilsendist vinsemdar heilsan.

Eftir sem ég undirskrifaður fyrir nokkrum árum opinberlega á þingstöðunum í þessari sýslu í þingmanna viðurvist mælti til að formennirnir sérhvörs skips gjörði árlega einn dag í hospitalshlut á skipi sínu eður því hann væri stýrimaður fyrir, næsta virkan dag eftir krossmessu á vor eður hvern dag þar eftir er fyrst verður róið og fiskast. Því óska ég enn sem fyrri að skipseigendur og formennirnir þannin breyti og vakti síðan hlutinn til vertíðarloka og hafi raskið fyrir starf sitt, svo sem eftir yfirvaldanna ályktan annars staðar á þessu landi viðgengst, en að vertíðarlokum afhendi formennirnir hospitalshlutinn þeim manni í sveitinni sem þar verður tilnefndur, hvern nefndan hlut á að meðtaka með vigt og tölu, og uppteikni hvað mikið hann meðtekur af hverjum formanni, og gefi mér það síðan til vitundar svo bráðlega sem hann kann svo viðkomið. Fyrir þetta sitt ómak skal hann uppbera billegan betaling. Ögri anno 1722, Markús Bergsson mpp.

Anno 1722 dag 8. apríl að Súðavík settu manntalsþingi var þetta framan- skrifað upplesið og tilnefndi sýslumaðurinn Markús Bergsson lögréttumanninn

monsieur Sigfús Jónsson að meðtaka hospitalshlutina hér í sveit í vor. Til merkis vor undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Ólafur Hannesson, Ólafur Jónsson mpp, Marteinn Pétursson, Magnús Jónsson.

Ofanskrifað hefur verið upplesið að Súðavík þann 22. júní anno 1725, Markús Bergsson mpp.

7. Var eftirskrifað upplesið:

Kongelig majestæts sysselmand seigneur Marcus Bergssen!

Af Eders indkomne skrivelse af 6. december 1721 fornemmer jeg at fiskeriet næstafvigte år udi Isefjords syssel ikkun skal have været slet, som er mig ukært, følger eller på bemeldte Eders skrivelse til efterretlig gensvar: De formænd som hospitals hluter eller portion til vertidens udgang bør forvare såvel som hreppstjorene som samme siden bør imodtage og for Eder tilkendegive hvad de har annammet, bør med hørighed og lydighed at efterleve hvis foranstaltning derom af Eder forføjjes eller derfor må forvente at vorde til rette sat som vedbør. Til hvilken ende I ellers for vedkommende til behørig efterretning, hvis jeg Eder herom har tilskrevet, videre kan tilkendegive. Herr sysselmands beredvilligste, Bessested kongsgård i Island den 15. april 1722, Niels Fuhrmann.

Þetta var upplesið að Súðavík 22. júní 1725. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Hér eftir var upplesinn sá reikningur er Sigfús Jónsson hefur gjört uppá þá er hospitalshlutinn hafa forsómað að gjalda um afliðin ár og fannst hann rétt samhljóða og stefnurnar umgeta, hverju fyrrskrifaðir menn í aungvan máta mótmæltu og svöruðu þeir Guðmundur Jónsson og Gunnlaugur Jónsson að þetta hefði skeð af yfirsjón sinni og aðgætnisleysi, en aungvan veginn að þeir með vilja eður af ásettu ráði hefðu af óhlýðni viljað forakta yfirvaldanna skikkun, heldur tilbjóða sig nú viljuglega að svara til nefndra hospitalshluta, og hann strax betala, og lofuðu að hér eftir skyldi ei forsómun ske af sinni hendi um hospitalshlutsins gjörð og útsvörun. Bjarni Gunnarsson svaraði þessu að hann alla vertíðina í fyrra hefði aldrei nokkurn dag fengið þriggja fiska hlut, því í allt fyrravor hefði hann ei til hlutar fengið yfir 18 fiska hlut, og því ei kunnað hospitalshlutinn að gjöra eður honum svara, og játuðu hér nálægir þingmenn sig vita að fiskiafli nefnds Bjarna hefði mjög lítill verið í fyrra.

Frekara sögðust nefndir þeir menn ei hafa fram að leggja, utan sameiginlega óskuðu álitíð væri vægðarsamlega það þeir hefðu áður framborið, svo og sinn fátækdómur, burðaleysi að þeir ei færir til væri stórsektum hér fyrir mæta. Lögrettumaðurinn Ólafur Jónsson sagðist ei hafa frekara fram að leggja um þetta efni auk þess er kostnað sinn snerti, er hann bréflega undir sínu nafni framlagði, svohljóðandi sem hér segir: Þetta prætindera ég að mér beri í kostnað og

fyrirhöfn þá sem ég hefi haft að stefna Gunnlaugi* Jónssyni, Guðmundi Jónssyni og Bjarna Gunnarssyni og tveimur stefnuvottum með mér og nú að sækja þetta þing og setja upp skip mitt um gagnstímann og missa mína fimm hluti og flutningslóð . . . 6 rixdalir. Og óska og beiðist að dómariinn álíti mín bágindi og unni mér míns skaða uppreisu. Til merkis mitt nafn, Súðavík dag 22. júní anno 1725, Ólafur Jónsson.

Ofanskrafað var fyrir réttinum upplesið að Súðavík þann 22. júní anno 1725. Markús Bergsson mpp.

Hér uppá féll svolátandi slutning sem hér eftir fylgir:

Gunnlaugur Jónsson og Guðmundur Jónsson er forsómað hafa hospitalshlutinn betala fyrir tvö ár og nú vilja gjarnan góðu fyrir svara og tjást vanmáttugir að svara stórum sektum fyrir soddan, hvar fyrir eftir mannhelgi 17. capitula þá vægist þeim þannin að þeir skuli betala fyrir þessa yfirsjón, fyrst fyrir hospitalshlutina er þeir gjöra áttu 6 fiska hvert ár og þar til 4 lóð silfurs hver til hospitalsins og 30 álnir í málskostnað hver fyrir sig. En Bjarni Gunnarsson fyrir þá forsómun er hann hefur gjört í því að hann ei strax anno 1724 angaf ei sitt slétt tilstand, heldur þar með orðsakaði að honum skyldi stefnast, skal betala í kostnað 15 álnir og skulu þessir menn nefndar sektir og kostnað betalað hafa fyrir næstu veturnætur, og það í peningum, eður líða execution og þar til betala 3 lóð silfurs. Þetta var upplesið lögréttumanninum Ólafi Jónssyni, Guðmundi Jónssyni, Gunnlaugi Jónssyni og Bjarna Gunnarssyni* áheyrandi og svaraði Gunnlaugur Jónsson að hann hefði aungva viðleitni við hér dæmda peninga að útvega.

Þetta hér að framan skrifað frá númer 150 er það sem gjörðist og framfór fyrir réttinum að Súðavíkur héraðsþingi þann 22. júní 1725 og þaug skjöl eru rétt uppskrifuð af sínum original sem í þennan process eru innfærð, hverju til staðfestu er undirskrifað nafn að Ögri anno 1725, Markús Bergsson mpp.

Dómsprocess er gekk í stefnumáli lögréttumannsins Ólafs Jónssonar
til Ara Sigmundssonar, Jóns Bjarnasonar, Jóns Jónssonar,
Guðmundar Ísleikssonar*, Jóns Þorkelssonar
og Þorkels Jónssonar 1725.

Kónglegar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að anno 1725 þann 23. júní að settu héraðsþingi á Tungu nálægum þessum þingheyrum, Sigfúsi Jónssyni lögréttumanni, Bjarna Eyjólfssyni, Sigmundi Guðmundssyni, Jóni Sigurðssyni, Tómasi Jónssyni, Ólafi Jóhannssyni, Jóni Jóhannssyni og Gísla Einarssyni, mættu fyrir réttinum lögréttumaðurinn Ólafur Jónsson sem sækjandi og Ari Sigmundsson, Jón Bjarna-

son, Jón Jónsson, Guðmundur Ísleiksson, Jón Þorkelsson og Þorkell Jónsson sem verjendur.

1. Var eftirskrifað upplesið:

Kongelig majestæts sysselmand seigneur Marcus Bergsen!

Af en fra herr biskopen magister Jon Arnason af 31. januar sidstafvigte til mig indkomne skrivelse har ugerne fornummet den foreløbende urigtighed ved hospitals løtternes forvaltning udi Isefjords syssel, formedelst vedkommendes modvillighed eller naklæssighed og forsømmelse, så og at hvis jeg af 15. april 1722 in puncto qvæstionis har tilmeldt hos dennem intet skal have frugtet, altså ville I på mine vegne en duelig mand, laugrettismand eller anden vederheftig dannemand, som actor udi sagen til hospitalets ret at indtale, for billig betaling, som af hospitalets indtægt skal ske tilforordne, som vedkommende for Eder udi rette kunne indstævne for derved andre ligesindede til exempel efter sagens nærmere befindende beskaffenhed at vorde anset som vedbør. Jeg forbliver herr sysselmandens tjenstberedvilligste, Bessested kongsgård den 6. mars 1725, Niels Fuhrmann.

Ofanskrifað hefur fyrir réttinn verið upplesið að Súðavík þann 22. júní 1725 og síðan á Tungu 23. júní 1725, Markús Bergsson mpp.

2. Var þetta eftirskrifað upplesið:

Virðuglegi og velforstandugi lögréttumann monsieur Ólafur Jónsson.

Af hér meðfylgjandi rigtugri copiu af veðla og velbyrðigs herra amtmannsins missive sjái þér ánægjanlega, hvernin hans velbyrðigheit vill að höndlist með þá er forsómað hafa að svara hospitalshlut hér í sýslu um afliðin ár, hvar fyrir ég undirskrifaður tilnefni yður eftir fyrr áminnstu veðla herra amtmannsins missive að sækja þá sömu svo sem actor og eftir lögum fyrir rétt kalla, hið fyrsta er viðkoma kunnið, og þeirri sókn löglega fyrir rétti síðan framhalda, og læt ég hér með fylgja notitiæ uppá þá sem forsómað hafa nefndan hospitalshlut að gjalda í nyrðri partinum. Þessu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og áþrykkt signet að Ögri anno 1725 dag 21. apríl, Markús Bergsson mpp LS.

Ofanskrifað hefur fyrir réttinn verið upplesið að Súðavík þann 22. júní anno 1725 til vitnis og síðan á Tungu 23. júní 1725, Markús Bergsson mpp.

3. Var eftirskrifuð stefna upplesin:

Eftir tilsögn herra amtmannsins Nielsar Fuhrmanns og tilnefnd virðuglegs sýslumannsins monsieur Markúsar Bergssonar þá stefni ég Ólafur Jónsson þér Ari Sigmundsson, þér Jón Bjarnarson og þér Jón Jónsson til vanalegs þingstaðar að Tungu við Skutulsfjörð á þann 23. dag júnímánaðar þessa árs 1725 fyrir göfugan sýslumanninn Markús Bergsson og hans tilnefnda þingheyrara að betala þann hospitalshlut sem ykkur bar að gjöra á skipum þeim þér fyrir voruð

á því ári 1723 og 1724 og enn óbatalaður er eður og að framleggja lögmæt forföll hvar fyrir þér hafið hann ekki betalað. En bresti ykkur þaug þá séu þér eftir lögum tilþenktil á fyrrnefndum stað og degi endilegan dóm þola fyrir þá ykkar forsómun á móti háyfirvaldanna skikkun. Svo og stefni ég ykkur á fyrrnefndan stað og dag viðbúnnum vera að betala kostnað allan sem af þessari ykkar forsómun orðsakast kann. Veri allir þér áðurnefndir menn tilþenktil fyrir áðurgreindum rétti fram að leggja málsbætur ykkar og varnir sem framast hafa kunnid, og bíðid svo lengi á þinginu að endilegur dómur er uppsagður yfir þessu máli. Þessari stefnu til staðfestu er mitt nafn og signet að Eyri við Seyðisfjörð* dag 1. maí anno 1725, Ólafur Jónsson LS.

Þessi stefna var upplesin fyrir réttinum á Tunguþingi dag 23. júní anno 1725. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Fyrirskrifaðir menn Ari Sigmundsson, Jón Bjarnarson og Jón Jónsson meðgengu fyrir réttinum að þeir nefnda stefnu heyrtil hefðu sér lesna 19. maí næstliðinn og copiu af henni undir eins meðtekið.

4. Var eftirskrifuð stefna upplesin:

Eftir tilsögn herra amtmannsins Nielsar Fuhrmanns og tilnefnd virðuglegs sýslumannsins monsieur Markúsar Bergssonar, þá stefni ég Ólafur Jónsson yður Guðmundur Ísleiksson á vanalegan þingstað að Tungu við Skutulsfjörð á þann 23. dag júnímánaðar þessa árs 1725 fyrir göfugan sýslumanninn monsieur Markús Bergsson og hans tilnefnda þingheyrara að betala þann hospitalshlut sem yður bar að gjöra á skipi því er þér fyrir voruð á því ári sem datum skrifaðist 1723 og 1724 og enn óbatalaður er, eður og að framleggja lögmæt forföll hvar fyrir þér hafið hann ekki betalað. En bresti yður þaug þá séu þér eftir lögum tilþenktil á fyrrnefndan stað og dag viðbúnnum vera að betala kostnað allan sem af þessari yðar forsómun orðsakast kann. Veri þér tilþenktil fyrir áðurgreindum rétti fram að leggja málsbætur yðar og varnir sem framast hafa kunnid og bíðid svo lengi á þinginu að endilegur dómur er uppsagður yfir þessu máli. Þessari stefnu til staðfestu er mitt nafn og signet að Eyri dag 1. maí anno 1725, Ólafur Jónsson LS.

Þessi stefna var upplesin fyrir réttinum á Tunguþingi dag 23. júní anno 1725. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Guðmundur Ísleiksson játaði sér birta verið hafa 8. maí næstliðinn áður skrifuð stefna og þá þar af copiu meðtekið.

5. Var eftirskrifuð stefna upplesin:

Eftir tilsögn herra amtmannsins Nielsar Fuhrmanns og tilnefnd virðuglegs sýslumannsins monsieur Markúsar Bergssonar þá stefni ég Ólafur Jónsson yður Jón Þorkelsson á þingstað vanalegan að Tungu við Skutulsfjörð á þann 23. dag júnímánaðar þessa árs 1725 fyrir göfugan sýslumanninn Markús Bergsson og

hans tilnefnda þingheyrara að betala þann hospitalshlut sem yður bar að gjöra á skipi því þér fyrir voruð á því ári sem datum skrifast 1722 og enn óbetalaður er, eður og að framleggja lögmæt forföll hvar fyrir þér hafið hann ekki betalað. En brestu yður þaug þá séuð eftir lögum tilþenktr á fyrrnefndum stað og degi endilegan dóm þola fyrir þá yðar forsómun á móti háyfirvaldanna skikkun. Svo og stefni ég yður á fyrrnefndan stað og dag viðbúnum vera að betala kostnað allan sem af þessari yðar forsómun orðsakast kann. Veri þér tilþenktr fyrir áðurgreindum rétti fram að leggja málsbætur yðar og varnir sem framast hafa kunnið og bíðið svo lengi á þinginu að endilegur dómur er uppsagður yfir þessu máli. Þessari stefnu til staðfestu er mitt nafn og signet að Eyri dag 1. maí anno 1725, Ólafur Jónsson LS.

Þessi stefna var upplestin fyrir réttinum á Tunguþingi dag 23. júní anno 1725. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Jón Þorkelsson játaði sig stefnuna heyrt hafa 8. maí 1725.

6. Var þetta upplesið:

Eftir því ég undirskrifaður formerki að þér Þorkell Jónsson hafið gjört út það skip ásamt Jóni Bjarnarsyni í Arnardal sem ekki er hospitalshlutur af goldinn 1723 og 1724, hvörs vegna ég Ólafur Jónsson stefni yður Þorkell Jónsson á vanalegan þingstað að Tungu við Skutulsfjörð á þann 23. dag júnímánaðar þessa árs 1725 fyrir virðuglegan sýslumanninn Markús Bergsson og undir hans endilegum dóm að svara fyrir forsómun á þeim ógoldna hospitalshlut ásamt Jóni Bjarnarsyni og legg ég í rétt hvört þér skuluð ei öllum sektum svara ásamt kostnaði og óska og beiðist að dómur meti hvört slíkt forakt á móti háyfirvöldunum sektalaust líðast skuli. Veri þér fyrir áðurgreindum rétti viðbúinir fram að leggja málsbætur yðar og varnir sem framast hafa kunnið, og bíðið svo lengi á þinginu að endilegur dómur er uppsagður yfir þessu máli. Þessari stefnu til staðfestu er mitt nafn að Eyri við Seyðisfjörð dag 19. maí 1725, Ólafur Jónsson mpp.

Stefnan þessi var upplestin fyrir réttinum að Tunguþingi dag 23. júní anno 1725. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Af þessari stefnu játar Þorkell sig copiu meðtekið hafa.

7. Var þetta upplesið:

Virðuglegum, sómaprýddum og velforstöndugum skipseigendum, hreppstjórum, formönnum og hásetum í Ísafjarðarsýslu tilsendist vinsemdar heilsan.

Eftir sem ég undirskrifaður fyrir nokkrum árum opinberlega á þingstöðunum í þessari sýslu í þingmanna viðurvist mælti til að formennirnir sérhvers skips gjörði árlega einn dag hospitalshlut á skipi sínu eður því hann væri stýrimaður fyrir, næsta virkan dag eftir krossmessu á vor eður hvern dag þar eftir er fyrst verður róið og fiskast, því óska ég enn sem fyrri að skipeigendur og for-

mennirnir þannin breyti og vakti síðan hlutinn til vertíðarloka og hafi raskið fyrir starf sitt, svo sem eftir yfirvaldanna ályktan annars staðar á þessu landi viðgengst. En að vertíðarlokum afhendi formennirnir hospitalshlutinn þeim manni í sveitinni sem þar verður tilnefndur, hver nefndan hlut á að meðtaka með vigt og tölu, og uppteikna hvað mikið hann meðtekur af hverjum formanni, og gefi mér það síðan til vitundar svo bráðlega sem hann kann fá viðkomið. Fyrir þetta sitt ómak skal hann uppbera billegan betaling. Ögri anno 1722, Markús Bergsson mpp.

Anno 1722 þann 9. apríl að settu manntalsþingi að Tungu var framanskrið að uppleið þingsókninni áheyrandi og hreppstjórinn Jón Jónsson tilsettur hospitalshlutinn í þessari sveit að vertíðarlokum meðtaka. Til merkis vor nöfn, Bjarni Eyjólfsson, Jón Jónsson, Jón Sigurðsson, Þorkell Jónsson, Sigmundur Guðmundsson.

Ofanskrið hefur verið uppleið að Tungu 23. júní anno 1725, Markús Bergsson mpp.

8. Var eftirskrið uppleið:

Kongelig majestæts sysselmand seigneur Marcus Bergssen!

De formænd som hospitals hluter eller portion til vertidens udgang bør forvare, såvel som hreppstjorene som samme siden bør imodtage og for Eder tilkendegive hvad de har annammet, bør med hørigheid og lydighed at efterleve hvis foranstaltning derom af Eder forføjjes. Eller derfor må forvente at vorde til rette sat som vedbør. Til hvilken ende I ellers for vedkommende til behørig efterretning, hvis jeg Eder herom har tilskrevet, videre kand tilkendegive. Jeg forbliver herr sysselmands beredvilligst, Bessested kongsgård i Island den 15. april 1722, Niels Fuhrmann.

Þetta bréf var fyrir réttinum uppleið að Tunguþingi dag 23. júní 1723 anno 1725. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

9. Var þetta eftirskrið uppleið:

Anno 1724 þann 25. apríl að settu manntalsþingi að Tungu auglýsti hreppstjórinn Jón Jónsson að hann hefði meðtekið hospitalshlutinn hér í sveit fyrir árið 1723

af Bjarna Eyjólfssyni	6 fiskar
Jóni Sigurðssyni	5 fiskar
Sigmundi Guðmundssyni	5 fiskar

16

Hér fyrir betalaði hreppstjórinn 2 mörk. Ekki sagðist hann af fleirum meðtekið hafa hospitalshlutinn anno 1723. Hospitalshlutinn óskaði sýslumaðurinn að Jón Jónsson meðtæki nú í ár. Til vitnis Bjarni Eyjólfsson, Sigmundur Guðmundsson.

Anno 1725 þann 23. júní var þetta upplesið fyrir réttinum að Tungu. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Auglýsti nú opinberlega Jón Bjarnason að hann hefði 1723 afhent nefndum Jóni Jónssyni hospitalshlutinn fyrir sama ár 4 fiska, 2 ýsur, til vigtar 5 fiskar. Guðmundur Ísleiksson, Jón Jónsson í Arnardal og Ari Sigmundsson segjast og hafa anno 1723 afhent Jóni Jónssyni hospitalshlutinn fyrir árið 1723, hverju Jón Jónsson nú viðgöngu veitti, en segir sitt óminni hafi því valdið að hann hafi ei reikning fyrir hann gjört eður betalað ásamt hinu 1724, en býður nú að betala sama hlut. Ari Sigmundsson, Jón Jónsson, Jón Bjarnason og Guðmundur Ísleiksson segjast aldrei 1724 um vorvertið hafa fiskað á sín skip til 3ja fiska hlutar, en hafi meint hann ætti ei af minna að betalast og vilja þeir leiða þar vitni að en afsaka sig að þetta hafi ei skeð af neinni óhlýðni við yfirvaldanna skikkun. Jón Þorkelsson sagðist ei hafa heyrt að hospitalshlutarinn ætti að gjörast, því hann hefði ei verið á þinginu nær það bréf hefði upplesið verið er uppá hann hlýddi. Frekara segjast allir áðurnefndir menn ekki hafa fram að leggja.

10. Var þetta eftirskrifað upplesið:

Þetta þrætindera ég að mér beri í kostnað og fyrirhöfn þá sem ég hefi haft og tveimur mönnum með mér í tvær reisar að stefna hérnefndum mönnum, Jóni Þorkelssyni og Guðmundi Ísleikssyni þeim megin Skutulsfjarðar, Jóni Bjarnarsyni, Jóni Jónssyni, Ara Sigmundssyni, Þorkeli Jónssyni austan fram þess fjarðar, Jóni Jónssyni á Látrum og Jóni Jónssyni á Sandeyri, og nú í þriðja sinn að sækja þetta þing og tímans spillir að gjöra þeim öllum fyrirkalla og það um hágagnstíma og hindra þar með mínar aðrar útréttingar . . . 7 rixdalir. Til merkis mitt nafn, Tungu dag 23. júní anno 1725, Ólafur Jónsson

Upplesið fyrir réttinum að Tungu 1725 þann 23. júní. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Hreppstjórinn Jón Jónsson fyrir sína óvarlega yfirsjón og gáleysi að hann hafi gleymt að auglýsa 1724 um hospitalsgjald áðurnefndra manna Ara Sigmundssonar, Jón Jónssonar, Jóns Bjarnasonar og Guðmundar Ísleikssonar, og orðsakað þar með proces, tilbýður sig nú viljuglega og lofar að gefa þar fyrir 3 rixdali til hospitalsins og 40 álnir í kostnað.

Og að öllu þessu máli þannin á sig komnu og yfirveguðu féll þar á svolátandi dómsslutning sem hér eftir fylgir:

Ari Sigmundsson, Jón Jónsson, Jón Bjarnason og Guðmundur Ísleiksson eru frí dæmdir um hospitalshlutar svarið fyrir árið 1723 þar Jón Jónsson hefur viljuglega meðgöngu veitt sig þann sama meðtekið hafa og nú í dag boðið viljuglega að svara 3 rixdölum til hospitalsins fyrir sína yfirsjón og 40 álnum í kostnað fyrir það hann ei angaf sömu menn hafa hospitalshlutinn betalað á

manntalsþinginu 1724, og á þar með fyrir sömu yfirsjón úttalað að vera til hospitalsins og þess er hospitalsins vegna sókti, að því tillögðu að hann betali þá hospitalshluti er hann af áðurnefndum 4 mönnum meðtók 1723. En fyrir það stefndir menn gjörðu aungvan hospitalshlut 1724 og ei heldur auglýstu fyrir Jóni Jónssyni sama ár um fiskibrestinn eður á manntalsþinginu er haldið var í vor anno 1725 nær þeir þó angefnir voru fyrir þá er ekki höfðu galdið 1724 og síðan uppteiknaðir, og ekki fyrr en nú, og þar með orðsakað að þar um skyldi process haldast, skulu betala fyrir orðsakaðan process 10 álnir í peningum hver um sig og skal þetta vera betalað allt fyrir næstkomandi fardaga 1726 lögréttumanninum Ólafi Jónssyni í hönd. Jón Þorkelsson er víst var að ei var á þinginu 1722 er nefnd skikkun um hospitalshlutanna gjörð var upplesin og færir sér það til málbóta að hann hafi hana ei heyrt, og nú örvasa og félaus, á frí að vera að svara sektum þar fyrir eður öðrum álögum. Þetta var upplesið öllum áðurtöldum mönnum áheyrandi.

Þetta hér framskrifað á 7 blöðum og nokkuð af því áttunda er það sem gjörðist og framfór á Tunguþingi fyrir réttinum 23. júní 1725 í áðurskrifuðu stefnumáli. Svo eru þaug skjöl hér í þennan process orðrétt innfærð eftir þeirra originalum sem þar fyrir réttinn framkomu og hér áttu inn að færast, hvar nú til staðfestu er undirskrifað nafn að Ögri anno 1725, Markús Bergsson mpp.

Dómur er gekk um hospitalshlutar forsómun

Jóns Jónssonar á Látrum og Jón Jónssonar á Sandeyri 1725.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að anno 1725 þann 23. dag júní að settu héraðsþingi að Tungu við Skutulsfjörð að nálægum þessum þingheyrurum, Sigfúsi Jónssyni lögréttumanni, Bjarna Eyjólfssyni, Tómasi Jónssyni, Jón Jóhannssyni, Sigmundi Guðmundssyni, Jóni Sigurðssyni, Ólafi Jóhannssyni og Gísla Einarsyni, kom fyrir réttinn lögréttumaðurinn Ólafur Jónsson, Jón Jónsson á Látrum og Jón Jónsson á Sandeyri, hvörjir báðir fyrrnefndir Jónar játuðu sig ekki hafa betalað hospitalshluti af skipum sínum fyrir árið 1722 og hafa þar um verið stefndir til sinna varnarþinga, en til að spara kostnað hafa tilboðið sig að svara fyrir þessum rétti í dag um sína forsómun eftir sem hún virðast kunni og svara þeir svoleiðis þar uppá að þeir báðir sameiginlega bjóða sig að betala nefndan hospitalshlut eður andvirði fyrir hann, en að þeir 1722 hafi ei þann sama betalað til þess er sýslumaðurinn tilnefndi hospitalshlutinn meðtaka hafi skeð af því að þeir 1722 hafi ei verið á þinginu og verið því ófróðir um hver þann sama skyldi meðtaka og sögðust þeir ei hafa frekara fram að leggja.

Að þessu öllu yfirveguðu var ályktað svoleiðis af mér um þetta sem eftir

fylgir: Að svo sem þessir menn Jónar Jónssynir voru ei á þinginu nær skikkunin 1722 var upplesin og því veltrúanlegt að þeir hafi ei vitað hennar innihald, en þessi hospitalshlutar undandráttur að gjörast skeði sama ár, en hafa hann alltið síðan goldið, skulu fríir vera að betala frekara til hospitalsins en þaug 2 mörk er hver um sig nú frambuðu og afgreiddu, ásamt umkostnað, þar þeir orðsökuðu hér með ekkert þing heldur mættu viljuglega fyrir þessum rétti er þó varð haldast þó þeir hefðu ei mætt. Þetta var upplesið þeim áheyrandi.

Ögri anno 1725, Markús Bergsson mpp.

1726

Anno 1726 þann 24. apríl að settu manntalsþingi að Unaðsdal lét virðuglegur lögréttumaðurinn Runólfur Ólafsson* svohljóðandi bréf upplesa sem hér eftir fylgir:

Það gjöri ég undirskrifaður góðum mönnum kunnugt með þessu mínu opnu bréfi að ég gef, greiði og afhendi sómaprýddum yngissveini Bergi Markússyni þrjú hundruð í jörðinni Lónseyri liggjandi á Snæfjallaströnd og til Snæfjallakirkjusóknar með hálfu málnytjukúgildi þar meðfylgjandi, með öllum þeim gögnum og gæðum, eignum og ítökum til lands, vatns og sjóar sem greindum þrem hundruðum fylgir og fylgt hefur og með réttu fylgja ber, undan mér og mínum erfingjum en undir sómaprýddan yngissvein og hans erfingja, það framast ég hefi eigandi að orðið, hér með fylgir fjöggra vetra gamall kálfur og fjórir sauðir gamlir. Þetta svo lítilfjörlegt bið ég hans góða föður göfugan sýslumanninn monsieur Markús Bergsson ei að misvirða heldur til góða að halda og vona að hans göfugheit muni þetta áðurnefnt í sína umsjón og varðveislu taka að næstkomandi fardögum áðurnefndum sómaprýddum yngissveini Bergi Markússyni til eignar og ágóða, og þessu til merkis er mitt undirskrifað nafn á Bæjum dag 23. apríl anno 1726, Runólfur Ólafsson.

Framanskrifað rétt coperað að vera. Testerar Markús Bergsson mpp.

Anno 1726 þann 26. apríl settu manntalsþingi að Reykjarfirði að nálægum tilnefndum þingheyrurum var eftirskrifað kaupbréf upplesið:

Anno 1725 þann 19. september að Ögri í Ögurssveit fóru svo fram fullnaðarhandsöl og jarðasala af sýslumanninum Sigurði Jónssyni í umboði hans tengdanáunga Magnúsar Jónssonar að hann í fyrrskrifuðu Magnúsar umboði selur sýslumanninum Markúsi Bergssyni alla hálfá jörðina Heydal liggjandi í Vatnsfjardarsveit við Mjóafjörð og Vatnsfjardarkirkjusókn með öllum þeim gögnum og gæðum er greindri hálflellu tólf hundruðum að dýrleika

fylgja eiga og mega að réttum lögum, undan sér og sínum löglegum erfingjum ásamt Magnúsar Jónssonar og hans erfingjum en undir ævinlega eign sýslumannsins Markúsar Bergssonar upp héðan fyrir 60 rixdali in specie (ég segi sextíu rixdali in specie), hvað að er og skal vera fullt andvirði áðurnefndra tólf hundraða jarðarinnar Heydals, hverja áðurnefnda 60 rixdali ég Sigurður Jónsson játa mig Magnúsar Jónssonar vegna meðtekið hafa og segi velnefndan sýslumanninn Markús og hans erfingja kvittan og ákærulausan fyrir þeirra andvirði tólf hundraða í Heydal og skal sýslumaðurinn Markús margnefnda hálf-lendu Heydal nú á þessu hausti til allrar byggingar og umráða að sér taka, einn-ín ágóða og þar meðfylgjandi tvö leigufær kúgildi (um hver þeir vel forlíkast). Svo sem fullkominn eigandi skal hann og þessu kaupi til laga halda ef nokkur vill átelja en sýslumaðurinn Sigurður lofar lagariftingum svara og sýslumanninum Markúsi þessum 60 rixdölum svara ef kaupið löglega aftur gengur. Öllu áðurskrifuðu til meiri staðfestu og merkis eru undirskrifaðra nöfn og signet hér við sett með fullnaðarhandsölum kaupanda og seljanda á sama stað, ári og degi er í öndverðu greinir, Sigurður Jónsson LS, Markús Bergsson mpp LS.

Viðstaddir voru Runólfur Gíslason LS, Hannes Björnsson LS, Gísli Jónsson LS.

Að þetta sé rétt coperað eftir originalnum. Testerar Markús Bergsson mpp.

Ég Markús Bergsson kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu gjöri hér með vitanlegt að anno 1726 þann 26. apríl settu manntalsþingi að Reykjarfirði að nálægum tilnefndum þingheyrum var þetta eftirskrifað bréf uppleið:

Erugöfugi velvísi valdsmann seigneur Markús Bergsson.

Hér með hefi ég yður að ávísa að þann 10. febrúar næstliðinn kom Jón Halldórsson búandi í Heydal til Vatnsfjarðarkirkju með sitt framlíðið barn hvört hann hafði deginum áður heiman borið og hafði andast á milli Heydals og Eyrar og þar mér þykir eftirsjónarvert hvört barnið hafi ei kunnað af einhverju athugaleysi og vangæslu dauðann að bíða, þá vildi ég þess leita af yður erugöfugi valdsmann að þetta efni mætti undir löglegt rannsak takast svo ég mætti vita hvað mér ber að gjöra í þessari sök míns embættis vegna, það viðvíkur aga og disciplina. Til merkis undirskrifað nafn að Ögri dag 23. mars anno 1726, Hjalti Þorsteinsson.

Aðspurði ég í viðurvist Jóns Halldórssonar þingsóknina, einkum hans nábylismenn, um það hvört þeir vissu að barnið sem áður umgetur hafi dáíð af nokkri vangæslu Jóns Halldórssonar eður þar mundi fást nokkur rök til hjá öðrum mönnum en hér væru nú nálægir. Og svaraði hér uppá fyrst hreppstjórinn Jón Jónsson búandi í Heydal að Jón Halldórsson hefði þann 9. febrúar

borið þetta barn frá þeirra heimili Heydal í því áformi að færa það til skírnar að Vatnsfjarðarkirkju, barnið hefði áður vel og gaumgæfilega verið tilbúið af skynsömum konum bæði með flókum og fatnaði svo hann hefði þenkt að barninu hefði velfært verið kuldans vegna, svo og hefði velfært veður verið á því heimili barnið að færa með þeim tilbúningi er það var umvafið, hefði svo tveir kvenmenn fylgst þaðan með nefndum Jóni. Barnið auglýsir hann að verið hafi með fullu lífi nær þaðan frá heimili var fært. Þetta játar faðir barnsins Jón Halldórsson satt að vera og segist hann svo ásamt Þorgerði Sigurðardóttur og Ragneiði Halldórsdóttur hafa gengið frá Heydal á veg til Eyrar næsta bæjar, en þá hann hafi verið kominn nær á miðja leið hafi hert veðrið af vindi og fjúki, hvörs vegna hann hefði flýtt sér svo hann hefði kunnað sem fyrst að komast til næsta bæjar með barnið hið fljótasta svo þá hefðu fyrrnefndir kvenmenn eftir orðið. Kvak til barnsins segist hann heyrt hafa allt út að Eyrarstekk, þaðan frá og til Eyrar segist hann ei til þess heyrt hafa og hafi því meint að það svæfi, afhenti það svo á Eyri Þorkeli Torfasyni, en þá nefndur Þorkell skoðaði hafi barnið sálað verið, hvað Þorkell nú meðgengur og auglýsir að hann meini að barnið hafi verið þá nýsálað en ei hafi því grandað kuldi né klæðleysi það framast hann hefði haft vit á, á að sjá, því það hefði lagt gufu upp af hita af barninu þá það var leyst úr reifunum og ekkert þykist Þorkell séð hafa á barninu þess umbúningi eður meðferð sem því hafi kunnað til nokkurs skaða að horfa eður föðurnum til vangæslu utan það að nefið á barninu hafi verið sigið ofan í flókann heldur mikið, þó kunni hann ekki að segja að það hafi því til bana orðið, hafi það og enginn séð utan hann, því Þorkell segist hafa tekið flókann frá andlitinu áður en aðrir tilkomu.

Frekara segist hann hér um ei kunna að segja, ekki heldur sé til vonar að frekari upplýsing kunni fást á sínu heimili, ekkert segist prófasturinn eður þingfólkið kunna hér um að auglýsa þessu efni viðvíkjandi. En allir samankomnir þingmenn gefa þessum Jóni Halldórssyni frá, erlega og meinlausa kynning til máls og gjörða og sögðust þekkja hann svo að góðu framferði að þeir reiðubúnir væri með eidi að sanna að hann hefði ei viljað að þetta hans barn skadast hefði heldur en sjálfs hans líf, hvörn eidd Jón tilbýður sig að vinna ef yfirvaldið vilji sér það leyfa. Að þessu öllu athuguðu féll hér uppá svolátandi slutning, að eftir sem ekki neitt kann að fást bevísanlegt að barnið fyrir athugaleysi eður vangæslu föðursins dáði hafi, þá er hann Jón Halldórsson ályktaður frí og tiltalslaus um barnsins meðferð og þess afgang*. Markús Bergsson mpp.

Anno 1726 þann 1. maí að settu manntalsþingi að Hóli í Bolungarvík var þetta eftirskrifað kaupbréf uppleið:

Anno 1725 þann 22. nóvember að Ögri við Ísafjarðardjúp fóru svo fram

fullnaðarhandsöl og jarðasala af eruverðugum kennimanninum séra Teiti Pálssyni svolátandi sem eftir fylgir, að fyrr velnefndur heiðurlegur kennimaðurinn selur og til fullkomlegrar eignar fær sýslumanninum Markúsi Bergssyni fjögur hundruð í Meiribakka liggjandi í Skálavík í Ísafjarðarsýslu og Hólaskirkjusókn með öllum þeim gögnum og gæðum til lands, vatns og sjóar er greindum 4 hundruðum í Meiribakka fylgja eiga og mega að réttum lögum, undan sér og sínum erfingjum en undir sýslumanninn Markús og hans erfingja ævinlega eign upp héðan fyrir þrjátígi rixdali in specie, er velnefndur kennimaðurinn séra Teitur Pálsson játar sig meðtekið hafa af sýslumanninum Markúsi Bergssyni og segir því sýslumanninn Markús Bergsson og hans erfingja í allan máta kvittan og ákærulausan fyrir betaling 4 hundraða í Meiribakka og nefnda 30 rixdali ánægjanlegt andvirði fyrir þeirra verð og vera með það vel-fornægður. Skal því sýslumaðurinn Markús straxnefnd fjögur hundruð* að sér taka svo sem fullkominn eigandi og eignarmaður. Tilskilur presturinn að sýslumaðurinn Markús skuli þessu kaupi til laga halda ef nokkur vill ákæra, en presturinn séra Teitur lofar lagaríftingum svara ef kaupið löglega afturgengur. Öllu áðurskrifuðu til meiri staðfestu og merkis eru undirskrifaðra nöfn og signet hér við sett með fullnaðarhandsölum kaupanda og seljanda á sama stað, ári og degi er í öndverðu greinir, Teitur Pálsson, Markús Bergsson mpp LS, Hjalti Þorsteinsson, Sigmundur Þórðarson LS, Runólfur Gíslason LS, Guðbrandur Þórðarson.

Framanskrifað er rétt coperað eftir originalnum. Testerar Markús Bergsson mpp.

Anno 1726 þann 1. maí að settu manntalsþingi að Hóli var þetta eftirskrifað kaupbréf upplesið:

Anno 1726 þann 12. dag janúar að Ögri við Ísafjarðardjúp framfór og fullgjörðist svolátandi jarðakaupagjöringur milli eftirskrifaðra manna, sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu Markúsar Bergssonar og eruþrýdds Árna Sæmundssonar, sem hér eftir fylgir. Í fyrstu seldi og til fullkomlegrar eignar fékk fyrr velnefndur Árni Sæmundsson sýslumanninum Markúsi Bergssyni alla hálfu jörðina Hól 30 hundruð að dýrleika liggjandi í Bolungarvík í Ísafjarðarsýslu og sjálfrar sinnar kirkjusókn, að meðreiknuðum hálfum Geirastöðum, hálfum Grundarhóli og hálfum Innri-Búðum með öllum þeim gögnum og gæðum, eignum og ítökum til lands, vatns, sjóar og reka og sérhvorju nafni sem heita kann er greindum þrjátígu hundruðum í Hóli með réttu fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju til ystu merkja er aðrar jarðir mót eiga, undan sinni eign og sinna erfingja en undir ævinlega, fullkomna eign og eigindóm sýslumannsins Markúsar Bergssonar og hans erfingja uppfrá þessum degi, hver fyrrnefnd 30

hundruð í greindum Hóli í Bolungarvík að Árni Sæmundsson tilskilur og skipar að sýslumaðurinn Markús skuli nú strax svo ásigkominn sem hann nú er sem afhentan að sér taka til allra umráða, eignar og ágóða sem löglegur eigandi. Svo og undir sama skilyrði ákveður Árni að sýslumaðurinn Markús skuli undir sína forsjón taka hálfu Hólskirkju með öllu einu og sérhvörju sem henni að hálfu fylgir og hennar hálfum eignum öllum, sem er bæði inventarium og kirkjujarðir, nefnilega Gilsbrekka og eyðijarðirnar Landalifur og Keflavík, að öllu því leyti sem einum réttum proprietario ber að hafa yfir kirkju og hennar eign, og með öllum sama myndugleika sem Árni sjálfur öðlast hefur og framast mátti hafa yfir kirkjunni hálfri og hennar hálfu góssi þann tíma er hann hefur hálfan Hól átt og því skuli sýslumaðurinn hér eftir uppbera allt er henni ber að gjaldast, hvört sem er af kirkjujörðum, tíundum, ljóstollum eður með hvörju móti henni kann nokkurt fé aflast, gefast eður gjaldast.

Þessu næst fær sýslumaðurinn Markús Bergsson velnefndum Árna Sæmundssyni eftir sjálfs hans eftirleitni og tilmælum fyrir andvirði nefndra 30 hundraða í Hóli í Bolungarvík jörðina Ámúla fyrir tólf hundruð (áður reiknuð fyrir 16 hundruð) liggjandi á Langadalsströnd og Kirkjubólaskirkjusókn til fyllilegrar eignar og eigindóms, undan sér og sínum erfingjum en undir eign Árna Sæmundssonar og hans erfingja, hvörja jörð hann skal nú strax að sér taka til alls ágóða. Ásamt þrjátíu og þrjú hundruð í gildu og gagnlegu lausafé sem samgildi hundrað og tólf rixdölum in specie (segi 132 rixdali in specie), hver tólf hundruð í jörðinni Ámúla ásamt nefnd þrjátíu og þrjú hundruð í lausafé að Árni Sæmundsson segist taka fyrir fulla borgun og gilt andvirði þrjátíu hundraða í greindum Hóli með því sem honum tilheyrir og vera með það verð aldeilis ánægður.

Játar nú Árni Sæmundsson sig meðtekið hafa í góðum og gildum aurum rixdala samgildi tuttugu hundruð af greindu Hóls andvirði er hann meðtekið hefur, að Árni Sæmundsson fullkomlega kvitterar sýslumanninn Markús og hans erfingja. Þaug þrettán hundruð sem eftir eru af andvirðinu lofar sýslumaðurinn að Árni skuli uppbera svo ásigkomið sem fyrr segir nær hann sjálfur vilji fyrir næstu fardaga. Lofa þeir báðir hver fyrir sig sínu kaupri til laga halda og lagariftingum svara ef lögleg þörf krefur. En þeir sýslumaðurinn Markús Bergsson og Árni Sæmundsson höfðu fullkomin handsöl um allan framanskriðaðan gjörning og heimildartökur að allur stöðugur standa skyldi, hvar um til óbrigðanlegrar staðfestu að þeir skrifuðu sín nöfn hér undir með eigin höndum og áþrykktu siðvanalegum signetum í okkar tilkallaðra votta viðurvist er hér undirskrifum sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Markús Bergsson mpp LS, Árni Sæmundsson LS, Arnfinnur Magnússon LS, Þórður Jónsson LS, Sigmundur Þórðarson LS, Runólfur Gíslason LS.

Anno 1726 þann 23. dag mars að Ögri við Ísafjarðardjúp afhenti og afgreiddi sýslumaðurinn Markús Bergsson mér undirskrifuðum Árna Sæmundssyni þaug þrettán hundruð í lausafé er framanskrifað kaupbréf umgetur mig bresti á andvirði jarðarinnar Hóls í Bolungarvík í gildum og gagnlegum aurum sem ég sjálfur kaus og tilmælti að mér voru bæði þarflegir og nauðsynlegir, svo ríflega og sómasamlega að þeir fjármunir er hann afgreiddi mér og afhenti fyrir þrettán hundruð gilda og virðast eftir almennilegri sölu hér í landi til 16 hundraða í lausafé, hvers vegna sýslumaðurinn Markús er þakklátlega af mér kvittur gefinn fyrir afgreiðslu nefndra 13 hundraða í lausafé bæði fyrir mig og mína erfingja, ásamt um allrar hálftrar jarðarinnar Hóls þrjátíu hundraða (með öllu því sem henni fylgir) andvirði klár og kvittur. Þessu öllu til staðfestu er hér fyrir ofan skrifað er innfært skrifa ég mitt nafn hér undir og áþykki venjulegu signeti í tilkallaðra erlegra manna viðurvist er ásamt mér hér undir skrifa, stað, dag og ár sem fyrir segir, Árni Sæmundsson I.S.

Viðstaddir voru við Runólfur Gíslason LS, Sigmundur Þórðarson LS, Jón Jónsson.

Anno 1726 þann 6. maí að settu manntalsþingi að Mýrum var eftirskrifað kaupbréf uppleið:

Anno 1725 þann 31. ágúst að Næfranesi við Dýrafjörð framfóru þessi eftirskrifuð jarðarkaup í milli þessara manna, að Jón Jóstsson hreppstjórinn fyrrum kaupir fjögur hundruð í jörðinni Innri-Lambadal í Dýrafirði liggjandi í Mýrakirkjusókn af Bjarna Guðmundssyni hreppstjóranum í Arnarfjarðardölum eftir því umboði og myndugleika, bréflegu útgefnu af lögeiganda þessa jarðarparts eruverðri sæmdarkvinnu Kristínu Sturladóttur, þess innihalds að hreppstjórinn Bjarni Guðmundsson þeim selji er honum sjálfum semur. Sömuleiðis samþykki sýslumannsins í Barðastrandarsýslu velnefndum Bjarna í hendur fengið þessa innihalds að hann greindum jarðarhundruðum verðsli.

1. Kaupir nú Jón Jóstsson nefndan jarðarpart með öllum þeim gögnum og gæðum til lands og sjóar, fjalls og fjöru, er þessum jarðarparti með réttu fylgir og fylgja ber fyrir sig og sína erfingja til ævinlegrar eignar eftir fyrrgreindum myndugleik hreppstjóranum Bjarna Guðmundssyni auglýstur af honum fyrir eigandans hönd Kristínar undan henni og hennar örfum í næstkomandi fardögum anno 1726. Hvar í mót erlegur sæmdarmann Jón Jóstsson geldur og greiðir fimm rixdali og einn hálfan fyrir hvört jarðarhundruð og verða þessir peningar að samantöldu tuttugu og tveir. Lofar þó Jón Jóstsson til vinsemdar við þann andvirðið uppber hér tveim rixdölum við að auka í þægum tíma þó með þeim

skilmála að hann með sömu verðshæð fái meira til kaups í áðurgreindri jörðu. Og að þessu svo töluðu framfóru þessi kaup hértéðra manna á milli og hér um til staðfestu setja þeir sín nöfn hér undir ásamt okkur viðverandi vitnum hér til kölluðum sama stað, ár og dag er upphaflega greinir, Bjarni Guðmundsson, Jón Jóstsson, Bjarni Eiríksson, Guðmundur Jónsson.

Anno 1726 þann 6. maí settu manntalsþingi að Mýrum var þessi eftirskrifuð lögfesta upplesin:

Ég Jón Jóstsson lögfesti hér í dag eign mína fjögur hundruð í jörðinni Lambadal innri við Dýrafjörð liggjandi í Mýrakirkjusókn til fjalls og fjöru og til ystu landsmerkja hvar í mót aðrir land eiga, nefnilega fyrir innan í Melnes í milli Ófæru og Langaskers, en fyrir utan í Lambadalsá og til dalsins í Þverá fram, fyrirbýð ég hvörjum manni sér að nýta milli nefndra landsummerkja hvörki til lands, vatna eður sjóar að svo miklu leyti í greindri jörðu sem míns eignarhluta tilkemur, utan míns leyfis eður lofs. Hvað ég vitna til nærstaddra dánumanna er orð mín heyra.

Anno 1726 þann 6. maí að settu manntalsþingi að Mýrum við Dýrafjörð var þetta eftirskrifað kaupbréf upplesið:

Anno 1725 þann 12. dag júní að Álftamýri við Arnarfjörð framfór svofelldur kaupgjörningur milli þessara manna af einni hálfu erugöfugs valdsmannsins í Barðastrandarsýslu seigneur Teits Arasonar en af annarri heiðurlegs kennimanns séra Páls Péturssonar sem hér eftir fylgir:

1. Selur áðurnefndur sýslumaðurinn Teitur prestinum alla jörðina Lambadal ytri sextigir hundruð að dýrleika liggjandi í Ísafjarðarsýslu norðan fram við Dýrafjörð og Mýrakirkjusókn með öllum gögnum og gæðum, hlutum og hlunnindum til lands og vatns sem fyrrgreindri jörðu fylgja ber og fylgt hefur að fornu og nýju að öllu tilskildu en aungvu fráteknu, eftir því kaupbréfi er hann gjört hefur við veðla og háeruverðugan herra biskupinn magister Stein Jónsson dateruðu að Hólum í Hjaltadal anno 1725 þann 21. apríl, undan sér og sínum erfingjum en undir fyrrgreindan og velnefndan kennimanninn séra Pál og hans erfingja til ævinlegrar eignar og frjáls forræðis upp héðan. Og skal áðurnefndur presturinn séra Páll nú strax að sér taka alla þessa fyrrgreinda jörð með tveggja hundraða landskuld, átta kúgildum.

2. Hér á móti í andvirði jarðarinnar Lambadals ytra og henni fylgjandi kúgilda hefur kennimaðurinn séra Páll Pétursson velnefndum sýslumanninum seigneur Teiti Arasyni betalað tvö stór hundruð þrjátigir og tvo rixdali in specie

og cronum með þeirra uppgjaldi, og eru þá eftirstandandi tíutú og þrír rixdalar af betalingi áðurnefndrar jarðar og hennar kúgilda um hvörja sýslumaðurinn lofar prestinn að líða þar til hann betalað getur eftir hentugleikum og þeirra beggja samkomulagi.

3. Lofar presturinn að halda þessu sínu kaupi til laga en sýslumaðurinn lofar að svara lagaríftingum ef kaupið að lögum aftur gengur.

Og uppá þetta höfðu þeir fullkomin handsöl sín á milli í vorra hér undirskrifaðra viðurvist. Hvar um til merkis þeir báðir undirskrifa sín nöfn ásamt vorum og setja sín signet hér að neðan sama stað, ári og degi sem fyrir segir. Undirskrifuð nöfn, Páll Pétursson LS, Teitur Arason LS, Sigurður Tómasson, Bjarni Sigurðsson meh, Ketill Brandsson meh.

Anno 1726 þann 6. maí að settu manntalsþingi að Mýrum var þetta eftirskrifað upplesið:

Eftir því að kennimaðurinn séra Páll Pétursson óskar af okkur hér undirskrifuðum sannleikans meðkenningar hvað við framast til vitum um landamerki jarðarinnar Ytra-Lambadals liggjandi norðan fram Dýrafjarðar og Mýrakirkjusókn þá játum við og meðkennum að við höfum heyrt haft og haldið vera átölulaust í allan máta að landamerki á millum Ytra-Lambadals og Næfraness væri í Merkishrygg og í þann læk sem úr hryggnum kemur allt til sjóar og kallaður er Merkielækur, en á innri síðuna eftir því sem áin heldur allt fram í Þverá þá er rennur fyrir framan Innri-Lambadalshóla og á þá ofanskriðuð jörð Ytri-Lambadalur allan dalinn beggja megin allt uppá fjall og sem Langáin að fornu heldur í dalnum til sjóar. Hefi ég Jón Jóstsson á fyrrgreindum Ytra-Lambadal verið þrjátigir og fimm ár og ég Marteinn Guðmundsson tólf ár. Þessari okkar sannleikans meðkenningu til frekari staðfestu skrifum vér okkar nöfn hér undir með ljúfum vilja og eigin höndum að Mýrum við Dýrafjörð dag 6. maí anno 1726, Jón Jóstsson, Marteinn Guðmundsson.

Forlíkun er gjörðist í stefnumáli

lögréttumannsins Ólafs Jónssonar við

Hildi Narfadóttur og Bjarna Gunnarsson.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að anno 1726 þann 22. júní að settu héraðsþingi að Súðavík að nálægum eftirskrifuðum þingheyrurum, lögréttumanninum Sigfúsi Jónssyni, Páli Jónssyni, Þórði Svartssyni, Ólafi Hannessyni, Sigmundi Guðmundssyni, Steini Jónssyni, Jóni Vilhjálmsyni og Tómasi Einarssyni, mættu fyrir réttinum lögréttumaðurinn Ólafur Jónsson sem sækjandi og Hildur Narfadóttir ásamt

Bjarni Gunnarsson sem verjendur og framlagði fyrrnefndur lögréttumaðurinn Ólafur einshljóðandi stefnu sem hér eftir fylgir:

Eftir því þú Hildur Narfadóttir hefur af mínu heimili farið þann 15. dag maí yfirstandandi árs án míns leyfis eður vitundar öðrum mönnum til þjónustu, þá stefni ég Ólafur Jónsson þér Hildur Narfadóttir á þingstað vanalegan að Súðavík við Álftafjörð á þann 22. júní þessa árs 1726 fyrir virðuglegan sýslumanninn Markús Bergsson og hans tilnefnda þingheyrara til að auglýsa þitt frelsi þar til, þar þú hefur ei þig úr þinni vist sagt eftir þeirri politie ordu sem gjörð var á alþingi 1720 og kónglegrar majestatis bréf er uppá komið. Svo og stefni ég þér á sama stað og dag að bevísa í hvörju leyfi þitt barn hafi verið á mínu heimili afliðnar 17 vikur þar þú í burtu fórst, en getir þú þig ei bevísað í þennan eður annan löglegan máta þig við mig löglega skilda að vera, þá gef ég þér þar á sakir sem lög leyfa og óska endilegs dóms á hvört þú sért ekki skyldug að þjóna hjá mér yfirstandandi ársvist eður að bæta með féútlátum. Svo og stefni ég þér á nefndan stað og dag að betala mér kostnað og skaðabót að svo miklu leyti sem þér ber á þinni barns veru á mínu heimili.

Þér Bjarni Gunnarsson stefni ég og Ólafur Jónsson á Súðavíkurbingstað við Álftafjörð á þann 22. júní þessa árs 1726 fyrir göfugan sýslumanninn Markús Bergsson fram að leggja heimild þá sem þú haft hafir að koma á mitt heimili þann 15. maí þessa árs og burtfæra með þér Hildi Narfadóttir, sem ég meinti mitt hjú vera næstkomandi ár. En framkomir þú eður nokkur þín vegna fyrir dómi með vistarlofun, sem þú eftir Hildi sókt hafir, þá óska ég að dómur meti hvört það vistarráð gildi að nokkru þar hún var ei áður að lögum við mig skilin, og bið ég dómarrinn meti hvört þú hafir ekki í þessu gjört á mér boðorðabrot og svo lagabrot ef virðast kann að þeim á móti mitt hjú frá mér lokkað hafir, á hvörju ef ólöglegt reynast kann ég gef sakir á sem lög leyfa. Ég stefni þér og að svara mér kostnað og skaðabót sem þetta mál orðsakar.

Hér með sé þér Bjarni Gunnarsson vitanlegt að ég fyllilega misgruna að þú á næstliðnum hreppskilum á Súðavík höldnum hafir ekki rétta tíund gjört, hvers vegna ég stefni þér á fyrrnefndan stað og dag og fyrir sama dómara, undir þinn endilegan og sannan eið fram að telja alla þína fémuni kvika og dauða, svo og þá sem þú eður þínir í vörðslum hafa og þér ber að tíunda og aungvu af leynd, eftir sem lögin þig framast tilskylda. En ég legg í rétt hvort það sem ótíundað reynast kann sé ei fallið eftir lögum. Vertu þú ásamt Hildur árdegis komin á nefndan þingstað með lögmætar varnir sem framast hafa kunnið, og bíðið svo lengi á þinginu sem þörf gjörist. Til merkis mitt nafn, Eyri dag 18. maí anno 1726, Ólafur Jónsson meh.

Bjarni Gunnarsson og Hildur Narfadóttir meðgengu að þau hefðu heyrt þessa stefnu sér lesna, hvað stefnuvottarnir Guðmundur Jónsson og Sveinn

Jónsson vitna verið hafi 1. júní, hvörju þau ekki mótsegja. Í sama sinn segja stefnuitnin að þeim Hildi og Bjarna hafi verið afhentur gienpartur af þessari stefnu sinn hverju, hverja gienparta þaug nú framvísuðu. Þegar svo var komið forlíktust allir þessir partar sameiginlega með soddan móti að lögréttumaðurinn Ólafur Jónsson ofurgaf allt það er hann hefði í stefnunni Hildi og Bjarna Gunnarssyni um tiltalað, hvar á móti Hildur lofar að fara til Ólafs Jónssonar frá vinnuhjúaskildaga 1727 og til vinnuhjúaskildaga 1728 til þénara fyrir billeg almennileg verkalaun. Svo og lofar Bjarni að láta slá hjá Ólafi á þessu ári hálfan mánuð og með þessu móti er öll þræta útslegin og upphafin þeirra í milli og eftir þennan dag dauð og magtarlaus, hvar uppá þaug höfðu öll fullkomin hand-söl að stödugt standa skyldi, óeiningarlaust á allar síður.

Að þetta allt framanskriafað svo framfarið hafi, vitnar Markús Bergsson mpp.

Process er gekk um stefnumál lögréttumannsins Ólafs
Jónssonar til Snæbjarnar Pálssonar, Þorvaldar
Narfasonar og Guðmundar Jónssonar.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að anno 1726 þann 30. september að Súðavík settu héraðsþingi að nálægum þessum tilnefndum þingvitnum, lögréttumanninum Sigfúsi Jónssyni, Páli Jónssyni, Þórði Svartssyni, Ólafi Hannessyni, Jóni Vilhjálmsyni, Sigmundi Guðmundssyni, Tómasi Einarssyni og Þorkeli Jónssyni, framlagði lögréttumaðurinn Ólafur Jónsson svolátandi stefnu sem eftir fylgir:

Svo sem ég undirskrifaður hefi séð þetta eftirskrifað innfært í þá réttarstefnu er Snæbjörn Pálsson framlagði í sumar á alþingi anno 1726, hvar undir standa nöfn ykkar Þorvaldur Narfason og Guðmundur Jónsson, er ég vona að séu þeir sömu menn er til heimilis voru að Sæbóli anno 1725. Og þar ég kannast ekki við að þessi uppáskrift sé sannferðug þá áforma ég að leiða vitni þar á móti þeirra manna er heyrðu á samtal okkar Snæbjarnar Pálssonar þann 7. dag maí 1725. Hvers vegna ég Ólafur Jónsson stefni þér Þorvaldur Narfason og þér Guðmundur Jónsson til Súðavíkurþingstaðar við Álftafjörð á þann 30. dag septembermánaðar 1726 fyrir sýslumanninn monsieur Markús Bergsson og tilnefnda þingheyrara til að heyra á þaug vitni er ég áset að leiða þar að því að það skrifað er fyrir ofan nafn ykkar neðaná greinda réttarstefnu sé ei satt að því leyti er það hljóðar um eftirlátssemi mína um líðun á copiunni. Á sama stað og dag stefni ég Ólafur Jónsson yður Snæbjörn Pálsson að heyra á áðurtéða vitnan. Veri þið allir árdegis komnir á fyrrnefndan stað og dag með sérhvað sem

hafa kunnið þessu viðvikjandi yður til málbóta, og bíðið svo lengi á þinginu sem þörf krefur. Til merkis mitt nafn, Eyri dag 7. september anno 1726, Ólafur Jónsson.

Framan- og ofanskriðuð stefna var lesin Þorvaldi Narfasyni á sínu heimili Hálsi dag 12. september anno 1726. Til merkis undirskrifað nafn, Björn Bjarnason.

Í sama máta var framanskriðuð stefna upplesin Snæbirmi Pálssyni áheyrandi á hans heimili og copia þar af fengin dag 12. september anno 1726 og Guðmundi Jónssyni var hún og lesin þar hann var að slá í Sæbólsengjum og copia þar af fengin dag 12. september anno 1726. Til merkis undirskrifað nafn, Björn Bjarnason.

Snæbjörn Pálsson og Þorvaldur Narfason eru hér nú nálægir og meðkenna þessa stefnu sér birta sem uppáskriftin hlýðir. Guðmundur Jónsson er hér ekki nálægur og var á hann þrisvar hrópað og kom hann ekki og enginn hans vegna. En stefnuvitnin* Björn Bjarnason og Jón Ólafsson játuðu nú fyrir réttinum að stefnan hefði Guðmundi Jónssyni verið birt 12. september næstliðinn, hvað greindur Björn Bjarnason og Jón Ólafsson staðfestu með sínum eidd er þeir nú fyrir réttinum aflögðu eftir dómarsans fyrirsögn, þar enginn framkom af Guðmundar álfa er kynni að segja já eður nei um stefnuauglýsinguna. Þessu næst var upplesin svohljóðandi stefna sem hér segir:

Eftir því ég undirskrifaður ekki viðkannast að sú uppáskrift sem þeirri réttarstefnu fylgir er Snæbjörn Pálsson framlagði í lögréttunni á næstliðnu alþingi og mér viðkemur, nefnilega um mína umliðun á copiunni og Þorvaldur Narfason er undirskrifaður og Guðmundur Jónsson, þá stefni ég Ólafur Jónsson þér Þórður Kárason, þér Guðmundur Jónsson, þér Gunnar Jónsson, þér Lífjarn Jónsson og þér Halldór Ólafsson á þingstað vanalegan að Súðavík við Álftafjörð á þann 30. dag september anno 1726 fyrir virðuglegan sýslumanninn Markús Bergsson og tilnefnda þingheyrara, að vitna þar undir ykkar svarinn eidd rétt og satt sérhvað sem þið þar aðspurðir verðið fyrir rétti um samtal Snæbjarnar Pálssonar og mín þann 7. dag maí 1725 og þið uppá heyrðuð í búðinni í Bolungarvík. Veri þið allir vel tilþenkta sannleikann að auglýsa og árdegis á nefndan þingstað komnir og bíðið þar svo lengi að ykkar vitni eru í eidd tekin. Til merkis mitt nafn, Eyri dag 7. september anno 1726, Ólafur Jónsson meh.

Framan- og ofanskriðuða stefnu höfum við séð og lesið dag 10. september 1726 að Eiði og copiu þar af meðtekið. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir, Guðmundur Jónsson, Þórður Kárason.

Ofanskriðuð stefna var upplesin Halldóri Ólafssyni áheyrandi í Hattardal 11. september anno 1726. Til merkis mitt nafn, Björn Bjarnason.

Í sama máta var þessi stefna upplesin Gunnari Jónssyni áheyrandi að Súða-

vík dag 13. september 1726 og copia þá af fengin. Til merkis mitt nafn, Björn Bjarnarson.

Viðstaddir vorum við undirskrifaðir þá Lífjarn Jónsson lofaði að vitna sér-hvað sem hann aðspurður væri á Súðavíkur héraðsþingi þann 30. dag september 1726 um samtal Snæbjarnar og Ólafs Jónssonar dag 7. maí 1725 og hann frekast myndi sem hann lögstefndur væri. Til merkis undirskrifuð nöfn, Eyri dag 15. september 1726, Björn Bjarnason, Sigmundur Sæmundsson meh.

Þórður Kárason, Guðmundur Jónsson, Halldór Ólafsson og Gunnar Jónsson hér nú nálægir játa fyrirfallið sér auglýst sem stefnan með sér færir.

3. Var upplesin copia undir hendi erugöfugs landþingsskrifarans seigneur Sigurðar Sigurðssonar, hver hér orðrétt innfærast og svo er látandi sem hér greinir:

Anno 1725 dag 5. maí var þessi stefna lesin áheyrandi dómsmönnunum Jóni Jónssyni á Vífilsmýrum, Lífjarni Jónssyni undir Hesti, Steinþóri Jónssyni í Hjarðardal og Gísla Jónssyni á Kirkjubóli, á hvers þeirra heimili, og stefnuociupir þar af þeim viðkomandi afhentar, hvörjum þeirra ein. Dag 6. maí var stefnan lesin lögréttumanninum Sigfúsi Jónssyni í hans verbúð undir Seljadal og copia þar af þá strax afhent. Nú í dag, sem er sá 7. dagur maí, var enn þessi stefna birt Ólafi Jónssyni lögréttumanni og varð hann ásáttur þar um við Snæbjörn Pálsson, þar sem hann hefði ei stefnuociupuna skrifaða að því sinni, að Snæbjörn skyldi afhenda hana sem fyrst til bróður síns séra Teits Pálssonar, en séra Teitur lofaði (að henni meðtekinni) að láta hana sem fljótast komast í hönd tédum Ólafi Jónssyni og lét Ólafur í þessu tilferli sér það allvel nægja. Til vitnis á Eyri í Skutulsfirði dag 7. maí anno 1725, Þorvaldur Narfason, Guðmundur Jónsson.

Ofanskriafað er rétt út af stefnuoriginalen. Testerar við Öxará dag 19. júlí anno 1726, Sigurður Sigurðsson.

Hér uppá svaraði Þorvaldur Narfason, er undir réttarstefnuna er skrifaður, að hann hefði heyrt Ólaf Jónsson lögréttumann þann 7. maí 1725 beiðast copiu af Snæbirni Pálssyni af þeirri réttarstefnu sem þessi uppáskrift er á skrifuð, en ekki samþykkja það að hann fengi hana ei strax. En það er hann nú heyrði lesið og vænst að uppá stefnuna sé skrifað undir sínu nafni hafi hann ei fyrri heyrt, svo hann minnst, sér svo lesið sem nú hljóði það, en hann kunni ei sjálfur fljótaskrift að lesa. Annars hefði hann aldrei viljað undirskrifta soddan. Þessu næst óskaði lögréttumaðurinn Ólafur Jónsson að sín vitni er hann hefði hingað stefnt væri yfirheyrd og í eið tekin, og þar með Sveinn Jónsson í Vigur og Marteinn Pétursson er hér nú nálægir væri, og vildu vitna óstefndir til að spara kostnaðinn, hver öll vitni, nefnilega Marteinn Pétursson, Sveinn Jónsson, Þórður Kárason, Guðmundur Jónsson, Halldór Ólafsson og Gunnar Jónsson voru

nú í eigin persónu til staðar og buðust til að segja hér úti sannleikann og auglýstu opinberlega flestir viðlíkt og Þorvaldur Narfason hefur nú fyrir þessum rétti framborið í því að Ólafur Jónsson hefði copiunnar beðist af Snæbirmi 7. maí 1725 og þeir vissu ei að hann hefði orðið samþykktur um það að líða Snæbjörn um hennar afhendingu.

Snæbjörn Pálsson protesteraði í móti að þessi vitni væri í eið tekin eftir 1 ár liðið og 4 mánuði, og sagðist standa uppá það væri í móti lögum. Hér uppá svaraði lögréttumaðurinn Ólafur Jónsson að eftir því Þorvaldur Narfason, sem stefndur hefði verið á þennan stað og dag til að heyra á vitni þessara manna er hann hefði nú framleitt, hefði orðið fyrstur til að auglýsa munnlega hér í dag sannleikann að hann copiunnar hefði beðist af Snæbirmi og aungva líðun hefði þar á gjört, væri ánægður þó frekari eiðar væri ei í þetta sinn teknir, inntil æðra yfirvalds skikkunar, einkum þar hann vissi aungvan mann (fyrir vísit) sem hér á móti mælti.

Framanskrifað var upplesið Snæbirmi Pálssyni og lögréttumanninum Ólafi Jónssyni, Þorvaldi Narfasyni og viðkomandi áheyrandi.

Til vitnis að allt framanskrifað svo framfarið hafi er mitt nafn að Ögri anno 1726 dag 2. október, Markús Bergsson mpp.

1727

Anno 1727 þann 23. apríl að settu manntalsþingi að Hóli var eftirskrifað bréf upplesið þingsókninni viðverandi:

Það kennist ég undirskrifaður, að ég hefi lofað og hér með lofa virðuglegum náfrænda mínum sýslumanninum Markúsi Bergssyni, að svo framt ég sel nokkuð af mínu jarðagóssi innan Ísafjarðarsýslu þá skal ég selja sýslumanninum Markúsi það fyrri en öðrum fjarskyldari honum og mér, og skal hann eiga fyrstur manna þar kaup á fyrir billegt andvirði og aungvum skal ég það selja hér í sýslu öðrum en honum að frátekinni móður minni og hálf systkinum ef þau vilja sjálfra sinna vegna kaupa. Skal þetta standa óbrigðullega af minni hendi að ég skal bæði bjóða honum að kaupa og líka selja jarðir mínar ef mig girnir þær að selja eður ég þarf þess við. Þessu ofanskriфуðu til staðfestu skrifa ég mitt nafn hér undir að Hóli anno 1726 dag 11. september, Kolbeinn Magnússon.

Viðstaddir vorum við undirskrifaðir þá Kolbeinn Magnússon lofaði sýslumanninum Markúsi því framanskrifað bréf inniheldur og skrifaði sjálfur sitt nafn með eigin hendi undir. Til vitnis okkar nöfn sama stað, ár og dag sem fyrr segir, Benedikt Hannesson, Kolbeinn Snæbjörnsson.

Process er gekk í stefnumáli Eiríks Guðmundssonar
til Jóns Ketilssonar 1727, 28. apríl.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að anno 1727 þann 28. apríl að settu manntalsþingi að Mýrum tilnefndum eftirskrifuðum þingvitnum, Birni Jónssyni, Guðbrandi Sigurðssyni, Bárði Nikulássyni, Ólafi Sigurðssyni, Þormóði Magnússyni, Jóni Jónssyni, Ísleifi Ásgrímssyni og Birni Jónssyni, komu fyrir réttinn Eiríkur Guðmundsson og Jón Ketilsson og framlagði fyrrnefndur Eiríkur eina stefnu dateraða Stóra-Hjarðardal dag 20. mars 1727, svohljóðandi sem hér segir:

Ég Eiríkur Guðmundsson stefni þér Jón Ketilsson til Mýra við Dýrafjörð á þann 28. dag aprílmánaðar þessa árs 1727 undir lagaðgjörðir virðuglegs kónglegrar majestatis valdsmanns í Ísafjarðarsýslu seigneur Markúsar Bergssonar til áheyrslu þeirra vitna sem ég áset þá fyrir héraðsréttinum þar til að leiða, að þú hafir sent mér á næstliðna sumri það bréf sem datum er á anno 1676 og Jón Ketilsson meh er undirskrifaður, svo og að því að þú meðkennt hafir að þú hefur mér sama bréf tilskrifað, að hvörri vottaleiðslu fyrir téðum héraðsrétti löglega framkvæmdri ég stefni þér Jón Ketilsson á sama stað og degi fyrir dómi téðs sýslumanns og hans tilnefndra dómsmanna að forsvara:

1. Hvar fyrir þú hefur daterað sama bréf anno 1676, svo og að forsvara þær þrjár vísur sem þar inni stendur að mér séu tilskrifaðar, einkum til hvörs hvört óvirðingarorð er vísurnar innihalda meint sé, og svo framt sem prófað verður að þú hafir téð niðyrði sveigt að mér eður minni eiginkvinnu, eður og að báðum okkur.

Stefni ég 2. þér til að forsvara hvörn rétt þú til þessara þinna gjörða haft hafir á hvörjum ef löglega að þér berast ég gef þér þær frekustu sakir sem lög standa framast til og beiðist að rétturinn þar um meti yfirdrepskaparlaust.

Ég stefni þér á fyrrnefndan stað og dag að koma með allar þær lagavarnir sem þessu þínu máli megi til gagna horfa mót þessari minni ákæru og sakargift, svo og dóm að þola fyrir sérhvað það sem eftir lögum fundið verður að þú brotlegur ályktast eigir í hvörju einu þessu. Þessari ofan- og framanskrafaðri stefnu til merkis er undirskrifað nafn og hjáþrykkt signet á Stóra-Hjarðardal við Dýrafjörð dag 20. mars anno 1727, Eiríkur Guðmundsson LS.

Uppá greinda stefnu er þetta skrifað: Þessi ofan- og framanskriðuð stefna var okkur báðum áheyrandi af Eiríki Guðmundssyni fyrir Jóni Ketilssyni upplasin á hans heimili Fremra-Hjarðardal dag 24. mars anno 1727, svo og var copia þar út af honum samstundis afhent, hvörju að er til merkis okkar hér undirskrifuð skírarnöfn sama stað, dag og ár sem áður greinir, Eiríkur Andrés�on meh, Guðmundur Halldórsson handsalar með eigin vilja. Uppáskriftina meðgengur téður Jón*.

Þessu næst var upplesið það blað er Eiríkur ánefnir í stefnunni, hvert sumstaðar er ekki lesandi svo orð kunnir úr gjörast, en af því lesast má og næst verður komist er sem eftir fylgir:

Eiríkur stendur
með útbreiddar hendur
og er fisk að draga
allsber um lendur
allra mest brenndur
og maga*.

Miðhoppa með kappi bíður
í spaknaðar taki
línþöllin leiksvallar kríkum
lærþykk hún fær pikk sú kæra.
Búsan blíð, drósin laðar í bólin
spólkindin rólar.

Ungur þræll,
afhrak og rétt óhýr
mjög ódæll,
mannfýla, dyggðarýr
allra vaxinn verst*
fúllyndur af föntum mest*
og fíflheimskur* maður.
Ærusljór,
ágjarn úr máta
innst í flór
illa kann láta
dugir hór,
dugir* á státa
getið þið hvörninn hússtjórn fer
ef fær sinn maka.

Meðkennist ég undirskrifaður að þessar vísur eru til og ég bið* hann að gefa mér út vísur. Anno 1676, Jón Ketilsson meh.

Þetta blað jatar Jón sig skrifað hafa og sent greindum Eiríki sem utanáskriftin á greindu blaði sýnir sem þannin hljóðar: Mínum tilvonandi góðum vin Eiríki Guðmundssyni berist þetta blað í eigin hönd að Hjarðardal neðri.

Þá hér var komið gaf sig til eruþýddur Þorvaldur Jónsson eftir tilmælum

sýslumannsins að vera svaramaður greinds Jóns að framfæra það er hann kynni að finna honum til málbóta í téðu efni, og óskaði hann að þetta eftirskrifad innfærist:

1. Að þessi Jón sé og hafi verið unglíngur 17 vetra gamall þá þetta skeði og þó enn fávísari að viti en aldri, sem sýni sig að hann hafi sitt nafn sett undir soddan.

2. Að þessar vísur séu gamlar af öðrum kveðnar og viti hann þess vegna ei hvert Jón hafi viljað meina um Eirík þessar vísur eður sneiða hann með þeim, heldur sett þær inn í bréfið af fávísku honum til sýnis, einkum þar þeim áður hafði aldrei neitt til óeiningar milli borið.

En samt fyrir soddan píltsins fávískulegan gjörning bauð Þorvaldur Eiríki sættir og pilturinn skyldi biðja hann forláts, en óskaði þó jafnframt að þingmenn gæfi svar uppá áðurnefnda tvo pósta og gáfu margir af þingsókninni það svar að þeir hefðu heyrt vísur þessar áður og væri það víst að þessi Jón hefði þær ekki í fyrstu diktað. Það fávísku hans snerti þóttust þingmenn ei kunna víst svar uppá að gefa, en það meintu þeir að hyggindi hans væri ei fremur en aldrinum sambyði, heldur miður, og höfðu það eitt til marks að hann hefði ekkert leitast við í dag að framfæra sér til málbóta, og ekki sjálfur uppátekið að biðja neinn um aðstoð þar til en sýnt þó á sér fullnaðarmerki að hann angraði að hann hefði soddan skrifað. Hér uppá svaraði Eiríkur Guðmundsson að hann vildi gjarnan forlata hinum þetta sitt tilskrif með því móti að Jón Ketilsson bítalaði sér hálf tann hundrad í gildum aurum og með það hálf tann hundrad vildi hann vera ánægður fyrir bætur á greint tilskrif, og vildi ei óska að þær væri sér frekari dæmdar, þó sér framur kynni að bera. Jón þessi sagðist gjarnan vilja sættast, biðja forláts, en bótunum kynni hann ei lofa þar hann ætti ekkert fé í frammi að láta, en vildi gjarnan viðleitast það útvega, ef hann gæti og þá hann gæti. Eiríkur óskaði ályktunar, hvörninn með þennan Jón skyldi höndla, þar hann gæti ei bótunum lofað og væri óviss til bítalings, og sögðust hverugur hafa neitt fram að leggja í þessu efni frekara.

Að þessu öllu framanskriðu yfirveguðu féll svolátandi slutning hér uppá sem eftir fylgir:

Að svo sem Eiríkur Guðmundsson hefur tilboðist að sættast við Jón Ketilsson uppá það bréf er hann hefur honum sent og hér hefur verið uppleið, og játast undir að vera ánægður með þó hann fengi ei meiri bætur þar fyrir en hálf tann hundrad, og Jón Ketilsson hefur gjarnan viljað verða því tilboði samþykkur þó hann vegna fátæktar hafi ei kunnað því að lofa fyllilega, þá dæmist þó ei frekari bætur á hann en hinn vill vera ánægður með, heldur ályktast að greindur Jón skuli skyldugur vera að svara Eiríki þessu hálfu öðru hundrad í gildum aurum. En það kónglegrar majestatis sök viðvíkur í þessu efni, þá eftir

Því víst er að þessar vísur hafa verið áður kveðnar, þá skal hann fyrir það hann skrifaði Eiríki þær til vera sekur kóngi um 2 merkur. Skulu þessar bætur vera goldnar allar að 6 vikum liðnum frá þessa dags dato að reikna. Ef ekki er betalað þá skal þeim sem bætunarn eiga að taka* standa frítt fyrir að halda honum til að líða refsingu eftir sýslumanns tembran fyrir það sem ógöldið er, nema þeir vilji meiri miskunn sýna er taka eiga. En þar þessi Jón er einn unglíngur, þá skal þetta hans skrif ekki verða honum til neinnar ærukrenkingar en hann alvarlega áminntur að brúka ei soddan oft. En samt skal hann nú strax biðja Eirík forláts og á þetta skrif aldrei fyrir né síðar tédum Eiríki Guðmundssyni til nokkrar óvirðingar að koma. Þessi slutning var upplestin Eiríki Guðmundssyni og Jóni Ketilssyni ásamt Þorvaldi Jónssyni áheyrandi og beiddi tédur Jón strax Eirík forláts.

Framanskrifað staðfestist með undirskrifuðu nafni, Markús Bergsson mpp.

Anno 1727 þann 28. apríl að settu manntalsþingi að Mýrum var original kaupbréf upplesið svohljóðandi sem hér eftir fylgir:

Anno 1726 dag 24. júní að Nafranesi við Dýrafjörð framfór svolátandi kaupgjörningur á milli eftirskrifaðra manna af einni álfu sýslumannsins Teits Arasonar en af annarri hreppstjórans Jóns Jóstssonar.

1. Selur sýslumaðurinn Jóni Jóstssyni fjögur hundruð í jörðunni Innra-Lambadal liggjandi við Dýrafjörð og í Mýrakirkjusókn með öllum þeim göngum og gæðum sem greindum 4 hundruðum fylgir og fylgt hefur að fornu og nýju, undan sér og sínum erfingjum en undir velnefndan Jón og hans erfingja til frjáls forræðis og fullkominnar eignar upp héðan, og skal nú velnefndur Jón strax þessi 4 hundruð að sér taka til fullkominnar eignar.

2. Hér á móti í andvirði nefndra fjögur hundraða í Lambadal afhendir Jón Jóstsson sýslumanninum Teiti Arasyni tuttugu og tvo rixdali in specie með hvörn betaling sýslumaðurinn er ánægður og kvitterar Jón Jóstsson öldungis hér fyrir.

3. Lofar Jón Jóstsson að halda sínu kaupi til laga en sýslumaðurinn lofar að svara lagaríftingum ef að kaupið að lögum aftur gengur, og hér uppá höfðu þeir sýslumaðurinn og Jón fullkomin handsöl í okkar tilkallaðra votta viðurvist er sín nöfn ásamt hlutadeigendunum hér undir skrifa, Teitur Arason LS, Jón Jóstsson, Bjarni Sigurðsson LS, Guðmundur Jónsson LS.

Anno 1727 þann 29. apríl að settu manntalsþingi að Mýrum var original kaupbréf upplesið svohljóðandi sem hér eftir fylgir:

Anno 1727 þann 10. febrúar að Saurbæ á Rauðasandi framfóru eftirskrifuð

jarðakaup og lagagjörningur millum sýslumannsins Orms Daðasonar og æru-prýdds dánumanns Þorvaldar Jónssonar á þennan hátt, að sýslumaðurinn Ormur Daðason fékk til frjáls forræðis og fullkomlegrar eignar nefndum heiðursmanni Þorvaldi Jónssyni, undan sínu og sinna erfingja eignarhaldi en undir átölulausa eign Þorvaldar og hans ektakvinnu Jóhönnu Snæbjörnsdóttur og þeirra erfingja og afkomenda, 10 hundruð í jörðunni Innri-Lambadal við Dýrafjörð í Mýrakirkjusókn innan Ísafjarðarsýslu, þaug sömu sem sýslumaðurinn Ormur hafði keypt, nefnilega fjögur hundruð af Ólafi Arngrímssyni þann 15. mars og sex hundruð af Jóni Torfasyni 15. júní 1726 ásamt 10 ám nú í leiguburði, með öllum þeim gögnum og gæðum, eignum og ítökum sem hérgreindum* tíu hundruðum í jörðunni Innra-Lambadal fylgir, fylgt hefur og með réttu fylgja ber, til þeirra ystu ummerkja sem aðrir menn eigu í móti og ei er með lögum frákomid.

Til andvirðis þessum 10 hundruðum í jörðunni Innra-Lambadal og nefndum 10 ám sem þeim fylgja í innstæðu fær fyrrgreindur heiðursmann Þorvaldur Jónsson sýslumanninum Ormi Daðasyni eftir áður gjörðum skilyrðum þaug 10 hundruð í jörðunni Þorfinnsstöðum með einni kú þar í leiguburði, hvör jarðarpartur liggur í Valþjófsdal innan Ísafjarðarsýslu og í Kirkjubóls- kirkjusókn sem hann sýslumaðurinn hafði að fyrirmælum æruverðrar heiðurskvinnu Þórunnar Þorsteinsdóttur og hennar elsku dóttur Jóhönnu Snæbjörnsdóttur burt býtt fyrir aðra fastaeign þeim hagkvæmari, sem þeirra skrif þar um gjört 18. mars 1723 gjör sýnir, hvers 10 hundraða í Þorfinnsstöðum partar andvirði hefur til þessa innistaðið hjá sýslumanninum Ormi með einu kúgildi, og þess vegna kvittar oftnefndur heiðursmann Þorvaldur Jónsson fyrir sig vegna sinnar elskulegrar ektakvinnu Jóhönnu Snæbjörnsdóttur og þeirra erfingja sýslumanninn Orm og hans erfingja fyrir betaling á nefndum 10 hundruðum í Þorfinnsstöðum og einu kúgildi. Undir sömu grein kvittar velnefndur Þorvaldur sýslumanninn fyrir leigur og landskyld af greindum Þorfinnsstaðaparti frá því að sýslumaðurinn seldi hvert um sig eftir áður umgetinni beiðni 23. september 1724 prestinum séra Teiti Pálssyni. Sýslumaðurinn Ormur kvittar og velnefndan Þorvald fyrir andvirði á þeim ám sem yfir hafa kúgildið með Lambadalspartinum og yfirlýsir að hérgreind 10 hundruð í Innra-Lambadal með 10 ám hafi verið átölulaus eign velnefnds Þorvalds og hans ektakvinnu með áfallandi ágóða í næstliðnum fardögum 1726.

Eftir þessu öllu undirtöluðu gáfu þeir hver annan sýslumaðurinn Ormur og Þorvaldur fullkomlega kvittan um allan reikning og útsvar áhrærandi nefnd partaskipti, hvar uppá svo vel sem þessum gjörningi til staðfestu þeir höfðu fullnaðarhandsöl, með þeim skilyrðum að sá skyldi halda sínu kaupum til laga er keypti en hinn svara lagariftingum, í vorra tilkallaðra votta viðurvist og skrif-

uðu síðan sín nöfn hér að neðan með hjáþrykktum signetum í sama stað, ár og dag sem upphaflega í þessum gjörningi greinir, Ormur Daðason LS, Þorvaldur Jónsson LS, Eiríkur Vigfússon LS, Torfi Bjarnason LS, Þorleifur Jónsson LS.

Dómsprocess sem framfór í barneignarmáli
Valgerðar Sveinbjörnsdóttur 1727.

Kónglegar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, ásamt vér Jón Hannesson, Þórður Jónsson, Þorgrímur Ólafsson, Jón Bjarnason, Jón Jónsson, Hallur Jónsson, Jón Jónsson og Jón Jónsson hreppstjórar, gjörum hér með vitanlegt að anno 1727 þann 4. dag júnímánaðar að settu héraðsþingi að Unaðsdal kom fyrir réttinn Valgerður Sveinbjörnsdóttir ásamt hennar tilsettur svaramaður hreppstjórinn Jón Steinsson og var þá svolátandi stefna upplesin sem eftir fylgir:

Eftir sem Valgerður Sveinbjörnsdóttir hefur opinberlega auglýst þann 7. maí næstliðinn að Eysteinn Jónsson sé faðir að því barni sem hún í heiminn fæddi þann 14. apríl anno 1727, hvör Valgerður hefur áður fallið í legorðsmál með tveimur giftum mönnum, en nú sjálf gift, og þessi Eysteinn Jónsson giftur og áður fallið í einfaldan og tvöfaldan hórdóm framhjá konu sinni. Hvers vegna ég Markús Bergsson stefni þér Valgerður Sveinbjörnsdóttir til Unaðsdalsþingstaðar á þann 4. dag júní anno 1727 fyrir réttinum er þar þá haldinn verður að mæta til að þola dóm, hvörju sekjast skalt fyrir þetta þitt nú uppáfallið hórdómsbrot með Eysteini Jónssyni að hugleiddum þínum fyrri legorðsmálum. Á sama stað, dag og ár stefnist þér Eysteinn Jónsson til að játa eður löglega undanfærast þessum hórdómsáburði Valgerðar Sveinbjörnsdóttur á þig, ásamt fyrir hann dóm líða ef þú kannt þig ei löglega fría, að með henni hafir hórdómsverknað framið. Verið bæði árdegis komin á nefndan stað og dag með ykkar málsbætur ef nokkrar hafa kunnið og bíðið svo lengi að endilegur dómur er hér á genginn. Ofanskrifaða stefnu staðfesti ég með undirskrifuðu nafni og hjáþrykktu signeti að Ögri anno 1727 dag 8. maí, Markús Bergsson mpp LS.

Anno 1727 þann 10. maí var ofanskrifuð stefna upplesin Valgerði Sveinbjörnsdóttur áheyrandi og henni þar af gienpartur meðdeildur, svo og var hróp að á Eystein Jónsson áður en stefnan var lesin. En að henni upplesinni á hans heimili afhenti sýslumaðurinn Markús Bergsson hreppstjóranum Bjarna Sveinbjörnssyni búandi á Æðey þann gienpart þessarar stefnu er Eysteinn meðtaka átti, þar hann var ekki að finna, honum til afhendingar þá heim kæmi. Þessu til staðfestu er undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Eldjárn Þorvarðsson, Eiríkur Halldórsson, Ívar Þórðarson.

Voru hér nú nálægir stefnuvitnin hreppstjórinn Eldjárn Þorvarðsson og

Eiríkur Halldórsson ásamt Valgerður Sveinbjörnsdóttir, hennar tilsettur talsmaður Jón Steinsson og Bjarni Sveinbjörnsson, og játa sameiginlega að greind stefna hefði að Æðey birt verið næstliðinn 10. maí á heimili Eysteins og Valgerðar, rétt eins og uppáskrift á stefnunni með sér færir, og framlagði hreppstjórinn Bjarni þann gienpart af stefnunni er honum var afhentur Eysteini til meðtöku og undirréttar þar hjá að greindur Eysteinn hafi ekki í Æðey komið síðan stefnan var birt. Var hann nú á nýtt upphrópaður þrisvar og kom hann ekki og enginn hans vegna, hvörki til að svara til stefnunnar, játa henni eður neita, hvers vegna rétturinn álitur að stefnuvottarnir með eiði sanni stefnulesturinn eftir Norsku lögum 1. bók, 4. capitula, articula 3, hvað tveir af þeim gjörðu og aflögðu svolátandi eið sem eftir fylgir: Ég Eldjárn Þorvarðsson og ég Eiríkur Halldórsson tek guð til vitnis að sú stefna sem hér nú í dag hefur verið upplesin fyrir réttinum Eysteini Jónssyni og Valgerði Sveinbjörnsdóttur viðvíkjandi var lesin á heimili Eysteins Jónssonar 10. maí næstliðinn og hreppstjóranum Bjarna Sveinbjörnssyni gienpartur þar af afhentur, svo og er það allt sannferðugt sem undir okkar nafni er skrifað uppá sömu réttarstefnu, svo hjálpi mér guð og hans heilaga orð sagði hvör um sig.

Talsmaðurinn Valgerðar og hún sjálf kváðust ei finna neitt að fyrirkallinu, heldur vera þar með ánægð. Ektamaður Valgerðar Sveinbjörnsdóttur Eiríkur Þórðarson var hér nálægur eftir bréflægri tilsögn sýslumannsins Markúsar er hljóðar sem eftir fylgir: Eiríki Þórðarsyni gef ég hér með til vitundar að kona hans Valgerður Sveinbjörnsdóttir hefur alið barn þann 14. apríl og lýst síðan næstliðinn 7. maí Eystein Jónsson föður að þessu sínu barni, hvers vegna þeim er stefnt á þann 4. dag júní innverandi árs 1727 dóm að þola, hvers vegna ég undirskrifaður tilsegi þér árdegis á sagðan stað og dag koma og þar til staðar að vera að svara til sérhvörs þess er nauðsyn útkrefja kann konu þinni viðvíkjandi eður ef nokkuð kann þig hér úti snerta. Þessu til vitnis er undirskrifað nafn að Ögri anno 1727 dag 8. maí, Markús Bergsson.

Þetta ofanskrifað blað var Eiríki Þórðarsyni upplesið, undirskrifuðum áheyrandi þann 12. maí 1727. Testera Hallur Jónsson, Árni Sæmundsson, hvað hann nú meðgengur.

Að þessu framkomnu var yfirvegað ásigkomulag um málefni konunnar og þess kringumstæður, sem svo er varið og sannferðuglega augljóst orðið sem eftir fylgir. Að þessi Valgerður hefur átt tvö börn við ógiftum mönnum sitt hvörjum, þar eftir hefur hún ógift átt barn við giftum manni Halldóri Sumarliðasyni er var hans þriðja hórðómsbrot. En þar greindur Halldór í fyrstunni neitaði barnsfaðerni og öllum verknaði með þessari Valgerði, sem hann þó síðar játaði, sem dómar þar á gengnir á alþingi og héraði auglýsa, hvers vegna hún var í midlertíð framar aðspurð hvort enginn hefði saurlifnaðarverknað með

henni annar framið, og auglýsti hún þá að Þorleifur Halldórsson giftur hefði það og einnig gjört, hvað þessi Þorleifur og óneyddur meðgekk og fyrir það aflausn opinbera í söfnuðinum stóð og sekt betalaði, en Valgerður líkamlega refsing úttók fyrir bæði brotin eftir Stóradómi. Þar eftir giftist Valgerður þessi Eiríki Þórðarsyni og áttu þaug saman tvö börn, og sem búskapurinn féll þeim ei hentuglega þá réðist Eiríkur til vista með öðru barninu á Langadalsströnd en hún með öðru á Snæfjallaströnd til föður síns eitt ár og þar næst til bróður síns Bjarna. Þetta allt framanskrifað um framferði Valgerðar sem hér er innfært játar hún nú hér viljuglega satt að vera, hvað og öllum hér nálægum er alkunnugt. Nú næstliðinn annan dag páska fæddi Valgerður þessi Sveinbjörnsdóttir barn í heiminn og lýsti hún föður að því ektamann sinn Eirík, hvað hún nú játar satt að vera ásamt bróður hennar Bjarni og aðrir nálægir erlegir menn. Maður hennar var þá ei nærstaddur en þegar hann fannst, strax þar eftir, neitaði hann faðerni að barninu og öllu holdlegu samræði með henni. Nær sýslumaðurinn Markús segist þetta hafa heyrt og kom vestan úr sýslunni frá manntalsþingum kveðst hann gjört hafa boð á reisunni Bjarna Sveinbjörnssyni þann 5. maí um þetta og óskað af honum að spurja greinda Valgerði framar hér um eður styrkja sig til að komast í Æðey að yfirheyra hana þar um, eftir sem öll skip væru í útverum.

Þetta játar Bjarni satt að vera og hann boðin fengið hafi í verstöðunni Kálfadal 6. maí, hvað hans hásetar með honum sanna, hvers vegna hann kveðst heim hafa farið strax þar eftir þann 7. maí og þá ásamt hreppstjórinn Jón Steinsson sagt Valgerði mótsögn hennar ektamanns um barnsfaðernið og áminnt hana ef hún vissi öðrum það tilkoma sannleikann auglýsa, og segir Bjarni að þá hefði Valgerður Sveinbjörnsdóttir lýst gíftan mann Eysteín Jónsson föður að þessu sínu barni og heimilisfólkið hefði sagt sér að fimmtudaginn þar næstan fyrir hefði ferðast frá heimilinu, hvað allt hann hafi þá strax þann 7. maí auglýst sýslumanninum Markúsi. Þessu öllu veitir Valgerður Sveinbjörnsdóttir hér fyrir réttinum viðgöngu og kveðst í allan máta óneydd velviljuglega standa við það að þessi Eysteinn sé faðir að þessu sínu barni er hún nú síðast í heiminn fæddi en ekki hennar ektamaður, þó hún í fyrstunni hefði hann lýst í þeirri meiningu ef hann kynni að vilja skýla sér fyrir þyngra straffi. En nær hún hafi formerkt hans mótsögn hafi hún ekki viljað þar á frammar standa, heldur sannleikann auglýsa, hversu mikið sem í húfi væri.

Eiríkur hennar ektamaður nú nálægur sagðist ekki hafa kunnað barninu játa, þar hann hefði aldrei nærri henni komið til líkamlegs samræðis sem barngetnaðarverknaði tilheyrði í tvö ár, og valla séð hana þann tíma, hvað hann kveðst vilja með eíði staðfesta, jafnvel þó hans kona Valgerður játaði sinni sögu, svo hann síður kynni að misgrunast hér um í nokkurn máta, hvað réttur-

inn honum eftirlætur og álitur nauðsynlegt, einkum þar hún hann í fyrstu fyrir barnsföður útlagði, svo það sé því heldur vissara að hún sé í hördómi augljós orðin. Og aflagði hann í Valgerðar og hennar svaramanns viðurvist svolátandi eið sem eftir fylgir að eiðsútpýðingunni honum áður lesinni: Ég Eiríkur Þórðarson tek guð til vitnis að ég er ekki faðir að því barni er Valgerður Sveinbjörnsdóttir ektakona mín í heiminn fæddi annan dag páska sem var sá 14. apríl innverandi árs 1727 og aldrei hefi ég fyrr eður síðar í næst afliðin tvö ár holdlegt samræði með henni framið er barngetnaðarverknæði tilheyrir milli manns og konu. Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium.

Var nú þessu næst til boðið svaramanni Valgerðar að framfæra það er hann sjá kynni henni til málbóta í téðu efni og kveðst talsmaður hennar Jón Steinson ekki hafa annað en það, að maður hennar hafi haldið sér frá henni á öðru heimili í tvö ár og ekki nærri henni komið, sem hann sjálfur svarið hafi. Aðspurði sýslumaðurinn svaramanninn Jón Steinsson hvert hann gæti bevisað að greind Valgerður hefði fremur viljað vera saman við Eirík heldur en Eiríkur við hana, svo og hvert hann vissi nokkra von til þess að nokkrar bevisingar kynni þar að nást að Valgerður hefði látið á sér heyrast að hún vildi fá að komast saman í veru við sinn ektamann eður borið sig þar upp um fyrr eður síðar, hverju bæði Jón Steinsson og Valgerður neituðu, er og flestra manna rómur sem kunnugt er um, að báðum hafi verið eins ljúft að skilja til að bjarga börnunum, þar búskapurinn af beggja álfu jafnt fór svo fram að þaug bæði vegna fátæktar og umsjónarleysis kunni ei án stórlegs sveitarþunga í búskap saman að hjálpast, fengu og ei vist bæði á sama bæ með tveimur börnum. Þetta jatar Valgerður satt vera, frekara kvaðst Jón ei hafa fram að leggja í þessu efni.

Það Eysteini Jónssyni viðvíkur og ekki er hér til staðar og enginn hans vegna og ekkert tilspyrst annað en hann á fimmtudaginn þann 1. maí hafi ferðast á bát úr Æðey og lent uppá Mýri og verið þar nótt, og þaðan ferðast þann 2. maí, jafnvel þó sýslumaðurinn Markús strax þann 7. maí er hann var lýstur (svo hann vissi) faðir að greindu barni skrifaði fyrir hann á tvær hendur ef hann kynni að hittast og segjast nálægir menn þaug bréf séð hafa, en ei spurst til hans síðar en áður segir. Þessum Eysteini Jónssyni hagar þannin að hann er augljós og opinber að fyrst hefur hann átt barn framhá konu sinni við Þóru Jónsdóttur, síðan þar eftir þá hann var í Æðey heimilisfastur var Eysteinn augljós að því að hann hefði legið hjá konu Bjarna Arasonar Signýju sjálfur giftur, hvörju þaug bæði Eysteinn og Signý viðgöngu veittu og opinbera aflausn fyrir útstöðu. Síðan nú í þriðja sinn hefur Valgerður þessi gift borið þetta barnsfaðerni á Eystein gíftan, svo þetta er þá hans þriðja hördómsbrot ef hann að því sannprófast, sem líkindi eru full til að hann sé sannur sakar, þar strokinn er úr sínum áthaga, en aldeilis ólíklegt til nokkra erindagjörða ferðast hafi annarra

en forða sér, fæst því ei víðari undirrétting en þetta í sögðu efni. Er því málið í drottins nafni undir endilegan dóm tekið að öllu því leyti sem á þessum stað má gjörast og var svolátandi dómur uppsagður sem eftir fylgir:

Valgerður Sveinbjörnsdóttir sem fallið hefur með tveimur giftum mönnum í legorðsmál og síðan viljug og óneydd lýst Eystein Jónsson giftan föður að þessu barni er hún nú síðast í heiminn fæddi 14. apríl og hún sjálf gift, svo þetta er það þriðja brot sem hún hefur í fallið með giftum mönnum eftir hennar sjálfrar viljugri meðkenningu bæði fyrrum og nú fyrir réttinum, skal hafa forbrotið sitt líf til kónglegrar majestatis náðar eftir Stóradóms innihaldi sem af sáluga og háloflegrar minningar Friderich 2. er confirmeraður 1565 með þeim formalia nema kóngur vilji meiri miskunn á gjöra. En þar eftir heimafingsdómi ber ei execution að ske þá innstefnist þessum dómi fyrir lögmennt anno 1728 til confirmats og á meðan skal Valgerður vera í tilhlýðilegu kóngrsins arresti og umsjón sýslumannsins. Það Eysteini Jónssyni viðvíkur sem strokinn er úr sínum áttaha þá dæmist hann hér með réttækur til að færast hingað í sýslu hvar sem hittast kann til að svara til þessa áburðar Valgerðar Sveinbjörnsdóttur og annaðhvört löglega undanfærast eður endilegan dóm að líða. Þessi dómur var opinberlega upplesinn Valgerði Sveinbjörnsdóttur og hennar svaramanni Jóni Steinssyni áheyrandi, hvörn vér staðfestum með okkar undirskrifuðum nöfnum sama stað, dag og ár sem fyrr segir ásamt hjáþrykktum signetum.

Markús Bergsson mpp LS
Þórður Jónsson LS
Jón Bjarnason LS
Jón Jónsson LS
Jón Jónsson LS

Jón Hannesson LS
Þorgrímur Ólafsson LS
Hallur Jónsson LS
Jón Jónsson LS

Dómsprocess er gekk í stefnumáli séra Bjarna Jónssonar
til Snæbjarnar Pálssonar.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að anno 1727 þann 16. júní að settu héraðsþingi að Mýrum að nálægum eftirskrifuðum þingheyrurum, Guðbrandi Sigurðssyni, Birni Jónssyni, Guðmundi Þorsteinssyni, Bárði Nikulássyni, Birni Jónssyni, Ísleifi Ásgrímssyni, Þormóði Magnússyni og Jóni Ásbjörnssyni, framlagði presturinn séra Bjarni Jónsson svolátandi stefnu sem eftir fylgir:

Ég Bjarni Jónsson sóknarprestur í Dýrafjarðarþingum stefni yður Snæbjörn Pálsson til Mýra við Dýrafjörð venjulegs þingstaðar á þann 16. dag júnímánaðar þessa árs 1727 fyrir virðuglegan og velvísan sýslumanninn í Ísafjarðarsýslu seigneur Markús Bergsson til að heyra á vitni þessara eftirskrifaðra

manna, Ólafs Sigurðssonar búandi að Hálsi, Sveins Guðmundssonar, Jóns Jónssonar eldra, Jóns Jónssonar yngra og Jóns Gunnarssonar búandi að Brekku, Konráðs Oddssonar og Jóns Pálssonar á Villingadal, Jóns Gíslasonar, Gísla Brandssonar, Guðmundar Árnasonar, Þorláks Guðmundssonar og Sigfúsar Jónssonar á Álfadal*, Þorleifs Bjarnasonar og Eiríks Bjarnasonar á Sæbólshúsum, Tyrfings Bjarnasonar og Þorvaldar Narfasonar, um siðferði yðar við mig að Sæbóli utan og innan kirkju, þá ég míns heilaga embættis vegna sunnudagana þann 27. ágúst, 19. nóvember og 31. desember 1724, item á Sancte Johannis baptistæ hátíðisdag 1725 áminnti yður til iðrunar og lifnaðarins betrunar undir heilaga opinbera aflausn fyrir hneyksli það sem af yður í mér tiltrúðum söknum er tilfallið.

2. Stefni ég yður að heyra á hvað þessir menn, Teitur Ásbjörnsson að Gemlufalli, Eiríkur Guðmundsson að Hjarðardal, Þórhallur Dagsson að Gemlufalli, Ólafur Oddsson að Lækjarósi, Bjarni Guðmundsson og Ingilíf Jónsdóttir á Klukkulandi og Ólöf Nikulásdóttir á Læk, vitna kunna undir sinn sáluhjálpareið um skikkun yðar, háttalag og framferði við mig þá ég í Mýrakirkju predikunarstól söfnuðinum viðverandi annan sunnudag í 7 vikna föstu 1726 framdi það heilaga predikunarembætti.

3. Stefni ég yður til að líða endilegan dóm af áður velnefndum sýslumanni og hans tilnefndum dómsmönnum um sérhvað það saknæmt kann finnast að þér hafið móti mér gjört guði til styggðar, mér tiltrúðum söfnuðum til hneykslis og mínum embættisútréttingum til hindrunar, hvar á ég gef yður þær frekustu sakir sem lög leyfa.

4. Stefni ég yður til að líða endilegan dóm fyrir sama rétti að betala mér allan þann kostnað sem ég fyrir þessu máli hafa þarf.

Komið árdegis á þingið og bíðið þar svo lengi sem endilegur lagavegur gengur á þetta mál. Þessari minni stefnu til fullkomins kraftar skrifa ég mitt nafn með eigin hendi hér að neðan og hjáþrykki siðvanalegu signeti að Brekku á Ingjaldssandi dag 10. maí 1727, Bjarni Jónsson LS.

Framanskrifaða stefnu hef ég heyrt fyrir mér lesna á Sæbóli dag 10. maí 1727 og copiu þar af meðtekið. Til merkis Snæbjörn Pálsson meh.

Hverju Snæbjörn Pálsson fyrir réttinum nálægur viðgöngu veitti. Þar strax eftir, nær að Snæbjörn Pálsson hafði framlagt nokkra stefnu séra Bjarna Jónsyni viðvíkjandi, þá gaf Snæbjörn Pálsson velviljuglega ofur að framfylgja þeirri stefnu sem hann hefði birt séra Bjarna á þetta þing að mæta og sagði hún skyldi vera aldeilis útslegin, dauð og magtarlaus hér eftir. En tilbauðst ljúflega að heyra á þau vitni er hann væri stefndur til á þessum degi á að heyra.

2. Var upplesin önnur stefna, hver svo hljóðar sem hér eftir fylgir:

Ég Bjarni Jónsson sóknarprestur í Dýrafjarðarþingum stefni yður Snæbjörn

Pálsson til Mýra við Dýrafjörð venjulegs þingstaðar á þann 16. dag júnímánaðar þessa árs 1727 fyrir virðuglegan og velvísan sýslumanninn í Ísafjarðarsýslu seigneur Markús Bergsson til að heyra á hvað þessar persónur Magnús Sigurðsson á Hrafnabjörgum og Sesselja Bjarnadóttir á Felli vitna kunna undir sinn svarinn eið um skikkun yðar og háttalag við mig þá ég í Mýrakirkju predikunarstól söfnuðinum viðverandi annan sunnudag í sjöviknaföstu 1726 framdi það heilaga predikunarembætti.

2. Stefni ég yður til að líða dóm af áðurnefndum sýslumanni og hans tilnefndum dómsmönnum um sérhvað það sem sagnæmt kann finnast að þér hafið móti mér gjört, hvar á ég gef yður þær frekustu sakir sem lög leyfa.

3. Stefni ég yður til að líða endilegan dóm fyrir sama rétti að betala mér allan þann kostnað sem ég fyrir þessu máli hafa þarf. Komið árdegis á áðurnefnt þing og bíðið þar svo lengi sem endilegur lagavegur gengur á þetta mál. Þessari minni stefnu til fullkomins kraftar er undirskrifað nafn að Mýrum dag 27. maí 1727, Bjarni Jónsson.

Þessi framanskriðuð stefna var fyrir Snæbirni Pálssyni upplesin og okkur undirskrifuðum viðverandi og áheyrandi, og copia afhent. Til merkis dag 27. maí 1727, Guðmundur Jónsson, Tómas Eiríksson. Stefnuna játaði Snæbjörn Pálsson sér birta, eins og stefnunnar uppáskrift hljóðar.

3. Var upplesin stefna svolátandi sem eftir fylgir:

Ég Bjarni Jónsson sóknarprestur í Dýrafjarðarþingum stefni yður Ólafur Sigurðsson búandi á Hálsi, yður Sveinn Guðmundsson, yður Jón Jónsson eldri, yður Jón Jónsson yngri og yður Jón Gunnarsson búendum á Brekku, yður Konráður Oddsson og yður Jón Pálsson búendum á Villingadal, yður Jón Gíslason, yður Gísli Brandsson, yður Guðmundur Árnason, yður Þorlákur Guðmundsson og yður Sigfús Jónsson búendum á Álfadal, yður Þorleifur Bjarnason og yður Eiríkur Bjarnason búendum á Sæbólshúsum, yður Tyrfingur Bjarnason og yður Þorvaldur Narfason til Mýra við Dýrafjörð venjulegs þingstaðar á þann 16. dag júnímánaðar þessa nú yfirstandandi árs 1727 fyrir þann rétt sem virðuglegur valdsmaðurinn í þessari sýslu seigneur Markús Bergsson með hans tilnefndu þingsvitni þar haldandi verður til að vitna um háttalag og framferði Snæbjarnar Pálssonar við mig, samt atvik hans og mótgjörðir við mig það sérhvör af yður undir yðar svarinn eið minnst kann og það sérdeilislega á þessum tímum, nefnilega sunnudagana þann 27. ágúst, 19. nóvember og 31. desember 1724. Ítem á Sancte Johannis baptistæ hátíðisdag 1725, þá ég í Sæbólskirkju, uppá míns heilaga embættis vegna, áminnti nefndan Snæbjörn Pálsson til lifnaðarins betrunar og heilaga aflausn opinberlega að taka í söfnuðinum fyrir það hneyksli er af honum skeð var.

Sömmuleiðis stefnist yður Teitur Ásbjörnsson búandi á Gemlufalli, yður

Eiríkur Guðmundsson búandi á Hjarðardal, yður Þórhallur Dagsson búandi á Gemlufalli, yður Ólafur Oddsson á Lækjarósi, yður Bjarni Guðmundsson og yður Ingileif Jónsdóttir búandi á Klukkulandi og yður Ólöf Nikulásdóttir á Læk á sama stað og dag fyrir áður velnefnds sýslumannsins rétti undir yðar svarinn eið að vitna um nefnds Snæbjarnar Pálssonar háttalag og skikkun við mig í Mýrakirkju annan sunnudag í sjöviknaföstu 1726 þá ég framdi í sömu kirkju predikunarstól það heilaga predikunarembætti.

Komið árdegis á áðurnefnt þing og bíðið þar inntil og svo lengi að sérhvör yðar hefur undir sinn svarinn eið framsagt það framast yður er vitanlegt um áðugreint efni svo aungvu leyni þér af. Þessari minni stefnu til fullkomins kraftar er undirskrifað nafn að Mýrum dag 14. maí 1727, Bjarni Jónsson.

Þessa framanskriafaða stefnu hefi ég undirskrifaður yfirlesið og copiu þar af meðtekið. Til merkis undirskrifað nafn að Hálsi dag 23. maí anno 1727, Ólafur Sigurðsson.

Mér og svo undirskrifuðum var þessi stefna birt og copia þar af afhent á sama stað og degi. Til merkis Þorvaldur Narfason hs.

Mér undirskrifaðri var framanskrifuð stefna lesin og copia þar af afhent. Til merkis undirskrifað nafn að Læk dag 24. maí 1727, Ólöf Nikulásdóttir.

Ég undirskrifaður hefi heyrt mér lesna þessa framanskriafaða stefnu, sömu-leiðis hefi ég eina copiu þar af meðtekið. Til merkis mitt undirskrifað nafn að Gemlufalli dag 24. maí anno 1727, Þórhallur Dagsson.

Vitanlegt* gjöri ég undirskrifaður að ég hefi framanskriafaða stefnu séð, yfirlesið og copiu þar út meðtekið. Til merkis mitt undirskrifað nafn að Gemlufalli dag 24. maí anno 1727, Teitur Ásbjörnsson.

Þessi framanskrifuð stefna var fyrir oss upplesin og afhentar samhljóða copiu. Til merkis vor nöfn undirskrifuð dag 27. maí 1727, Konráður Oddsson, Jón Pálsson, Eiríkur Bjarnason hs.

Framanskrifuð stefna var fyrir oss upplesin og copiu afhentar. Til merkis okkar undirskrifuð nöfn dag 29. maí anno 1727, Jón Gíslason, Gísli Brandsson, Jón Gunnarsson hs, Þorlákur Guðmundsson hs, Jón Jónsson yngri hs.

Þessa stefnu hefi ég undirskrifaður séð og yfirlesið, svo og copiu þar út af meðtekið, hvörju að er til merkis mitt undirskrifað nafn á Sæbóli dag 29. maí anno 1727, Eiríkur Guðmundsson meh.

Þessa framanskriafaða stefnu höfum vér undirskrifaðir heyrt upplesna og meðtekið samhljóða copiu. Til merkis vor undirskrifuð nöfn dag 31. maí 1727, Tyrfingur Bjarnason hs, Þorleifur Bjarnason hs, Jón Jónsson hs, Guðmundur Árnason hs.

Framanskriafaða stefnu hefi ég undirskrifaður heyrt fyrir mér lesna og copiu

þar af meðtekið. Til merkis undirskrifað nafn að Fjallaskaga dag 5. júní 1727, Bjarni Guðmundsson.

Allir þessir eru hér nálægir og játast vera stefndir og finna aungvir að fyrirkallinu.

4. Var enn upplesin stefna sem svo hljóðar sem eftir fylgir:

Ég Bjarni Jónsson sóknarprestur í Dýrafjarðarþingum stefni yður Magnús Sigurðsson á Hrafnabjörgum og yður Sesselja Bjarnadóttir á Felli til Mýra við Dýrafjörð venjulegs þingstaðar á þann 16. dag júnímánaðar þessa nú yfirstandandi árs 1727 fyrir þann rétt sem sýslumaðurinn í þessari sýslu seigneur Markús Bergsson með hans tilnefndu þingsvitni þar haldandi verður til að vitna undir ykkar svarinn eið um Snæbjarnar Pálssonar háttalag og skikkun við mig þá ég í Mýrakirkju predikunarstól söfnuðinum viðverandi annan sunnudag í sjöviknaföstu 1726 framdi það heilaga predikunarembætti. Komið árdegis á áðurnefnt þing og bíðið þar inntil og svo lengi að hvört ykkar fyrir sig hefur undir sinn svarinn eið framsagt það framast ykkur er vitanlegt, svo aungvu leyni þér af. Þessari minni stefnu til fullkomins kraftar er undirskrifað nafn að Mýrum dag 24. maí 1727, Bjarni Jónsson.

Dag 3. júní meðtók ég þessa stefnu, Magnús Sigurðsson.

Magnús hér nálægur játar stefnuna sér auglýsta verið hafa, en greind Sesselja er hér ekki til staðar. Að þessu framförnu óskaði presturinn að vitnin væru yfirheyrð og var Snæbjörn aðspurður hvört hann hefði nokkuð móti vitnunum að segja, og sagðist Snæbjörn Pálsson protestera á móti að Þorvaldur Narfason skuli vitna í móti sér og afsegir að hafa hann fyrir vitni, þar hann hafi vitnað hvert á móti öðru sem process er gekk að Súðavík næstliðinn 30. september 1726 útvísi, og var hér af protocolnum upplesið þetta:

Nú í dag, sem er sá 7. dagur maí, var enn þessi stefna birt Ólafi Jónssyni lögréttumanni og varð hann ásáttur þar um við Snæbjörn Pálsson, þar sem hann hafði ei stefnucopiuna skrifaða að því sinni, að Snæbjörn skyldi afhenda hana sem fyrst til bróður síns séra Teits Pálssonar. En séra Teitur lofaði (að henni meðtekinni) að láta hana sem fljótast komast í hönd téðum Ólafi Jónssyni og lét Ólafur í þessu tilfelli sér það allvel nægja. Til vitnis á Eyri í Skutulsfirði dag 7. maí anno 1725, Þorvaldur Narfason, Guðmundur Jónsson.

Ofanskrið er rétt út af stefnuoriginalen. Testerar við Öxará dag 19. júlí anno 1726, Sigurður Sigurðsson.

Hér uppá svaraði Þorvaldur Narfason, er undir réttarstefnuna er skrifaður, að hann hefði heyrt Ólaf Jónsson lögréttumann þann 7. maí 1725 beiðast copiu af Snæbirni af þeirri réttarstefnu sem þessi uppáskrift er á skrifuð, en ekki samþykkja það að hann fengi hana ei strax. En það er hann nú heyrði lesið og vænst að uppá stefnuna sé skrifað undir sínu nafni hafi hann ei fyrri heyrt, svo

hann minnst, sér svo lesið sem nú hljóði það, en hann kundi ei sjálfur fljóta-skrift að lesa, annars hefði hann aldrei viljað undirskrifa soddan.

Presturinn stendur uppá að vitni Þorvaldar Narfasonar sem að Snæbjörn Pálsson vill hrekja úr vitni megi ansjást sem frómur maður. Og óskar presturinn endilegs interlocutorii dóms hér uppá og féll hér uppá svolátandi interlocutorii-dómur, að svo lengi Þorvaldur Narfason er ekki löglega búinn að fría sig frá að hann hafi orðið samþykkur því sem uppá réttarstefnuna var skrifað undir Þorvaldar nafni anno 1725 lögréttumanninum Ólafi Jónssyni viðvíkjandi, er hann síðar frágekk að Súðavík næstliðinn 30. september, skuli hann ei gilda til að bera vitni.

Það öllum hinum vitnunum viðvíkur, þá sagðist ekki Snæbjörn Pálsson finna neitt að öðrum vitnunum, heldur kveðst vera ánægður með að sérhverjir af hinum vitnunum vitnuðu það þeir væri tilstefndir að vitna og afvissu, og lagði sýslumaðurinn eftirskrifuðum mönnum eið fyrir að vitna sannleikann, hvern þeir sameiginlega aflögðu eftir það eiðsúthýðingin var þeim lesin, hver svohljóðandi sem eftir fylgir: Ég Ólafur Sigurðsson, Sveinn Guðmundsson, Jón Jónsson eldri, Jón Jónsson yngri, Jón Gunnarsson, Konráður Oddsson, Jón Pálsson, Jón Gíslason, Gísli Brandsson, Guðmundur Árnason, Þorlákur Guðmundsson, Sigfús Jónsson, Þorleifur Bjarnason, Eiríkur Bjarnason, Tyrtingur Bjarnason, Teitur Ásbjörnsson, Eiríkur Guðmundsson, Þórhallur Dagsson, Ólafur Oddsson, Bjarni Guðmundsson, Magnús Sigurðsson, Ingileif Jónsdóttir og Óluf Nikulásdóttir, tek guð til vitnis að ég skal segja sannleikann um það sem ég er um tilstefndur af séra Bjarna Jónssyni að vitna í þessum stað og degi Snæbirmi Pálssyni viðvíkjandi og aungvu þar af leyna það frekast ég minnst, svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium.

Og kom Ólafur Sigurðsson fyrir réttinn og spurði presturinn séra Bjarni: Hvernin hefur Snæbjörn Pálsson skikkað sér í móti mínum áminningum sem ég hefi gjört honum í Sæbólskirkju? Og svaraði Ólafur þessu: Ég hefi ekki orðið var við að hann hafi við þær leiðrést, heldur skikkað sér með sama móti eftir sem áður. Þá presturinn var að áminna hann kom hann Snæbjörn með seðil og las hann upp undir eins og presturinn var að áminna hann, og beiddi af söfnuðinum að hann væri uppáskrifaður, og hafi þá Snæbirmi gengið eins hátt og prestinum, og hafi sér þá sýnst að Snæbjörn væri heldur með reiðu bragði en auðmjúku, og hafi þetta skeð á sunnudag, þá séra Bjarni hafi embættað á Sæbólskirkju. Item vitnaði Ólafur að í fyrsta sinni sem presturinn hafi viljað áminna Snæbjörn hafi hann ásamt öðrum verið sendur eftir Snæbirmi Pálssyni að kalla á hann, og hafi þá ei Snæbjörn viljað koma, svo og sagðist Ólafur hafa séð að einn þann dag sem presturinn hafi áminnt Snæbjörn, þá hafi hann séð nær presturinn var reisufurðugur, og var í tali við Snæbjörn, hafi hann Snæ-

björn tekið upp hund svartan og haft hann handa á milli. Síðan spurði presturinn Ólaf hvert hann hefði vitað eður áskynja orðið að Snæbjörn Pálsson hefði leitað heilags sacramentis frá hvítasunnuhátíð 1723 og inntil þess 1724, 27. ágúst að presturinn áminnti hann og sagðist Ólafur ekki það hafa vitað, og sagðist þó sérhvern dag við kirkjuna hafa verið er presturinn séra Bjarni hefði þar embættisgjörð framið. Frekara sagðist hann ei tilminnast að vitna í þetta sinn.

Meðan Ólafur átti að segja sitt vitni fram og hans vitnan yfirstóð hafði Snæbjörn stórlegt háreysti, svo rétturinn þar fyrir mikillega hindraðist, þar hann vildi ærið seinlega afláta, þó áminntur væri, inntil um síðir að hann útgekk, og sagðist ánægður vera þó vitnin í sinni fráveru yfirheyrð væri. En orðin sem hann talaði áður við Ólaf Sigurðsson voru þessi: Hann er minn opinber óvildarmaður, láttu ekki djöfulinn halda því niður í þér. Item spurði hann Ólaf að hvert hann hefði með djöfulskrafti beðið Ólaf að fyrirgjöra Ormi og Markúsi, og þessi orð beiddist Ólafur að innfærð væru.

Þessu næst framkom Sveinn Guðmundsson og spurði presturinn séra Bjarni: Hvernin hefur Snæbjörn Pálsson skikkað sér í móti mínum áminningum sem ég hefi gjört honum í Sæbólskirkju? Þar til svaraði Sveinn að hann hefði ekki orðið var við að Snæbjörn hefði í nokkurn máta við þær leiðrést, heldur þá Snæbjörn hefði þær heyrt og á meðan að presturinn hefði verið að áminna Snæbjörn, þá hefði honum gengið jafnhátt og prestinum, þá hann hefði verið viðstaddur við áminningarnar og lesið blað upp á meðan og hefði sér sýnst Snæbjörn vera með reiðuglegu bragði. En þá presturinn hafi viljað áminna hann í fyrsta sinni hafi presturinn sent menn að kalla á Snæbjörn inn í bæ og hafi hann ei viljað koma, og þetta játar Snæbjörn satt að vera. Áminningarnar hafi skeð á helgum degi, segir Sveinn, í kirkjunni og eitt sinn í baðstofunni, og þessu játar Snæbjörn satt að vera, ásamt ei segist Sveinn vita* að Snæbjörn hafi leitað sacramentis frá hvítasunnu 1723 og til þess hann hafi verið áminntur opinberlega 1724, 27. ágúst, og aldrei segist hann hafa heyrt Snæbjörn leita heilags sacramentis með auðmjúku geði heldur reiðuglegu, því það hafi ei skeð utan þá presturinn hafi áminnt hann, og þá hafi þeim ætíð milli borið. Frekara sagðist hann ei kunna að vitna.

3. Framkom Konráður Oddsson og spurði presturinn hann: Hvernin hefur Snæbjörn Pálsson skikkað sér í móti mínum áminningum sem ég hefi gjört honum í Sæbólskirkju? Þar til svaraði Konráður að sér hefði sýnst hann eins eftir sem áður og hefði hann eitt sinn þá Snæbjörn hefði átt að áminnast verið sendur eftir honum inn í bæinn, og þá hefði hann komið með sér út í kórinn til prestsins á sunnudegi fyrir embætti, og þá presturinn hefði farið að áminna Snæbjörn hafi hann gengið að kyrkjudyrunum og lesið þar upp sedil meðan

presturinn hefði verið að áminna hann, og þá hefði Snæbirni gengið jafnhátt og prestinum, og hefði sér sýnst hann heldur með reiðuglegu yfirbragði en bljúgu. Í allra fyrsta sinni, þá presturinn hafi viljað áminna Snæbjörn, hafi hann ásamt Ólafi undir Hálsi verið sendur* eftir honum í bæinn og hafi ei Snæbjörn komið. Ekki segist Konráður hafa orðið var við að Snæbjörn hafi sacramentis af prestinum leitað á Sæbóli frá hvítasunnuhátíð 1723 og til 27. ágúst 1724 og segist þó oftast hafa til kirkjunnar komið að Sæbóli þá presturinn hafi þar embættað. En aldrei segist hann hafa orðið áskynja að Snæbjörn hafi heldur þar eftir heilags sacramentis leitað með nokkru sýnilegu auðmýktarmerki að Sæbólskirkju. Ekkert segist hann hafa frekara að vitna.

4. Innkóm Jón Pálsson og spurði séra Bjarni: Hvernin hefur Snæbjörn Pálsson skikkað sér í móti mínum áminningum sem ég hefi gjört honum í Sæbólskirkju? Þar til svaraði Jón að hann hefði ekkert iðrunarmerki séð á Snæbirni utan háreysti og hann hefði lesið upp seðil í kirkjudyrunum meðan presturinn var að áminna hann í kirkjunni, og gengið Snæbirni þá hærra en prestinum, og Snæbjörn hafi þá verið með reiðuglegu bragði. Við kirkjuna segist Jón hafa verið þá presturinn hefði sent Ólaf Sigurdsson, Konráð Oddsson að kalla á Snæbjörn til að áminna hann og þá hafi hann ei komið, hafi þá presturinn gengið í baðstofuna og hann með, og lesið Snæbirni áminninguna, og hafi Snæbirni ennþá gengið hærra en prestinum. Ekki segist Jón hafa orðið var við að Snæbjörn hefði leitað sacramentis að Sæbólskirkju frá hvítasunnuhátíð 1723 og til þess 27. ágúst 1724. Ekki heldur þar eftir segist hann hafa vitað Snæbjörn leita með auðmýkt sér sjáanlega heilags sacramentis að Sæbólskirkju, þó hann oftast nær hafi verið við sömu kirkju þá þar hafi embættisgjörð flutt verið. Ekki segist hann frekara minnst að vitna í þessu efni.

5. Framkom Þorlákur Guðmundsson og spurði presturinn hann: Hvernin hefur Snæbjörn Pálsson skikkað sér í móti mínum áminningum sem ég hefi gjört honum í Sæbólskirkju? Hvar til Þorlákur svaraði: Ekki öðruvísi en harðlega það framast hann hefði vit á og meðtekið áminningarnar með forakti og háreysti, og eitt sinn þá presturinn hafi verið að áminna hann í kirkjunni hafi Snæbjörn lesið upp seðil á meðan og gengið jafnhátt og prestinum, og ei gefið prestsins áminningu gaum*. Eitt sinn þá presturinn hafi gjört boð eftir honum til að áminna hann hafi Snæbjörn ekki viljað koma. Ekki segist hann hafa orðið var við að Snæbjörn hafi af prestinum óskað sacramentis frá hvítasunnuhátíð 1723 og til 27. ágúst 1724. Fjarlæggt segir Þorlákur að hann hafi orðið var við að Snæbjörn hafi sacramentis leitað með auðmjúku geði það framast hann hafi kunnað að sjá og formerkja. Ekkert segist hann hafa meira að vitna í þessu efni.

6. Framkom Þorleifur Bjarnason og spurði presturinn hann: Hvernin hefur

Snæbjörn Pálsson skikkað sér í móti mínum áminningum sem ég hefi gjört honum í Sæbólskirkju? Hvar til Þorleifur svaraði að hann hefði komið að kirkjunni á Sæbóli á* sunnudegi og þá hefði presturinn haldið á seðli og hefði hann meint að prestur hefði þá verið búinn að lesa sama seðil, því Snæbjörn hefði hlaupið út úr kirkjugarðinum og heim að forbúrsdyrum með hávaða og verið að kalla til prestsins með reiðuglegu bragði. Ekki segist hann hafa heyrt svo hann minnst að Snæbjörn hafi sacramentis leitað að Sæbólskirkju frá hvítasunnuhátíð 1723 og til 1724 að presturinn hafi áminnt hann. Aldrei segist Þorleifur hafa orðið var við að Snæbjörn hafi að Sæbólskirkju sacramentis leitað með auðmjúku geði það framast hann hefði haft vit á. Ekki segist hann frekara minnst að vitna í þessu efni.

7. Innkóm Eiríkur Bjarnason og spurði presturinn hann sem þá fyrri. Hvar til Eiríkur svaraði að hann hefði ekki við verið þá Snæbjörn hefði áminntur verið, ekki heldur vitað hann hefði sacramentis óskað. En þar sagðist hann hafa við verið á helgum degi eftir embætti um það bil að fólk hefði verið að fara á stað frá kirkju og Snæbjörn og prestur hefði verið á tali saman*, og hefði sér sýnst Snæbjörn þá með reiðuglegu bragði og þá hefði hann tekið svartan hund og snúið kjaftinum að prestinum og flett honum í sundur og sagt: Ég akta yður ekki meira séra Bjarni heldur en tarna. Presturinn sté síðan á bak og reisti í burt. Ekki segist hann minnst frekara.

8. Innkóm Tyrtingur Bjarnason og spurði presturinn hann sem þá fyrri. Hvar til Tyrtingur svaraði að eitt sinn þá presturinn hefði lesið Snæbirni Pálsyni áminninguna við kirkjudyrnar að Sæbóli eftir embætti á Jónsmessu, þá hefði Snæbjörn verið með háreysti á meðan og verið að ganga til og frá með reiðuglegu bragði, og slegið saman höndunum nærri prestinum. Ekkert segist Tyrtingur að sér hafi sýnst að Snæbjörn hefði batnað við áminninguna heldur versnað. Sama daginn segist Tyrtingur um það bil að fólk hafi verið að reisa frá kirkjunni og Snæbjörn hafi verið í reiðuglegu samtali við prestinn, hafi Snæbjörn tekið hund svartan á kirkjugarðinum og tekið í sundur á honum kjaftinn og snúið að presti, og kallað á prestinn. Aldrei segist Tyrtingur að sér hafi vist að Snæbjörn hefði leitað heilags sacramentis af séra Bjarna að Sæbólskirkju síðan 1723 með auðmýkt, það framast hann hafi vit á, heldur þá hann hafi leitað þess síðan 1724 í ágúst hafi það skeð með þungu skapi og stírdum gedsmunum við prestinn, það framast hann hafi kunnað á að sjá. Ekki segist hann minnst frekara.

9. Innkóm Guðmundur Árnason tilspurður af prestinum með sömu formalia sem hinir fyrri, hvar til Guðmundur svaraði að hann ekki myndi að hann hefði við verið utan þá séra Bjarni hefði áminnt Snæbjörn Pálsson á Jónsmessu 1725, og hefði Snæbjörn verið kominn heim á stéttina við sáluhlíðið þá prestur

hefði tekið til að lesa áminninguna, og hefði þá Snæbjörn snúið aftur að kirkjudyrnum til prestsins og tekið þá til að hafa hávaða og slá saman hnefunum með reiðuglegu yfirbragði, og sagðist Guðmundur aungva leiðrétting á Snæbirni þar við séð hafa, og þetta hafi skeð eftir embætti. Aldrei segist hann hafa heyrt Snæbjörn leita sacramentis á Sæbólskirkju, utan eitt sinn eftir embætti að hann hefði krafist þess, þá presturinn hefði áður áminnt hann. Ekki segist hann minnst frekara.

10. Innkóm Sigfús Jónsson aðspurður með sömu formalia og hinir fyrri. Svaraði þannin að hann hefði ekki verið við áminningu prestsins til Snæbjarnar utan á Jónsmessu eftir embætti hefði hann við verið þá presturinn hefði farið að lesa áminningu til Snæbjarnar Pálssonar við kirkjudyrnar að Sæbóli, og þar Snæbjörn hefði verið kominn heim á stéttina við sáluhliðið þá hefði hann snúið aftur að kirkjudyrnum til prestsins og haft þá hávaða, gengið aftur og fram með reiðuglegu yfirbragði, berjandi saman hnefunum. Þar eftir strax fylgdi hann prestinum út fyrir kirkjugarðinn, þar presturinn ætlaði að reisa frá kirkjunni á stað, um það bil og fólkíð var að ferðast, og þá hafi Snæbjörn Pálsson tekið svartan hund á kirkjugarðinum og tekið í hnakkann á honum og undið honum við, flett sundur kjaftinum á hundinum og snúið að prestinum og sagt: Ég akta yður ekki meira séra Bjarni heldur en tarna. Hvar til presturinn svaraði: Guð lætur ekki að sér hæða, og reið svo í burtu. Ekki segist hann minnst að hann hafi heyrt Snæbjörn leita heilags sacramentis um þaug þrjú ár sem hann hafi á Sandi verið með nokkru sýnilegu auðmýktargeði. Ekki sagðist hann kunna frekara að bera.

Pegar hér var komið var gengið frá réttinum því kvöld var komið, en þá fjórir voru yfirheyrdir af þessum mönnum reisti Snæbjörn frá réttinum en sagðist vera ánægður með þó vitnin öll væri yfirheyrd sér fjarverandi. Þann 17. júní þá rétturinn var sestur kom fram presturinn séra Bjarni Jónsson og Snæbjörn Pálsson, og var yfirheyrt það 11. vitnið Jón Gíslason, og aðspurði presturinn hann hvernin Snæbjörn hefði tekið sínum áminningum. Þar til svaraði Jón Gíslason að hann Snæbjörn hefði ekki tekið þeim öðruvísi en höstuglega, hann sagðist við hafa verið í tvær reisir, á Jónsmessu, þá presturinn hefði áminnt Snæbjörn og gekk hann til og frá á stéttinni og barði saman hnefunum með reiðuglegu bragði og gekk þá jafnhátt og prestinum. Í annan tíma þá segist hann hafa við verið þá presturinn hafi gjört Snæbirni áminning á helgum degi í kirkjunni til leiðréttingar, og það sinn hafi presturinn áður sent til Snæbjarnar að kalla á hann og þá hafi hann ekki viljað koma. Aldrei segist Jón Gíslason hafa orðið var við að Snæbjörn hafi sacramentis af prestinum leitað frá hvítasunnuhátíð 1723 og til þess hann hafi áminntur verið opinberlega af prestinum 1724 í ágúst. Ekki sagðist hann heldur þar eftir hafa heyrt Snæbjörn leita sacra-

mentis með nokkru auðmýktarmerki, því hann hefði ekki heyrt hann utan eitt sinn það gjöra, og hafi hann þá þess krafist með reiðuglegu yfirbragði og höstugum orðum. Ekki sagðist hann kunna frekara að bera.

12. Framkom hið 12. vitnið Gísli Brandsson og spurði presturinn hann opinberlega með sömu formalia sem hina fyrri hvernin Snæbjörn hefði tekið sínum áminningum. Þar til svaraði Gísli Brandsson: Ekki öðruvísi en trássuglega þá ég hefi til heyrt. Tvisvar segist Gísli hafa til heyrt þá presturinn hafi áminnt Snæbjörn til iðrunar og hafi þá Snæbirni á meðan gengið jafnhátt og presti og slegið saman hnefunum, og í annað sinn hefði Snæbjörn lesið upp seðil og Snæbjörn verið með reiðuglegu yfirbragði í hvertveggja sinn. Ekki segist Gísli hafa orðið var við að Snæbjörn hefði leitað sacramentis af presti frá hvítasunnu 1723 og til þess í ágúst 1724 að presturinn hafi áminnt Snæbjörn. Aldrei segist Gísli að hann hafi orðið var við öll þaug ár sem Snæbjörn hafi verið til heimilis að Sandi að hann hafi óskað með auðmýkt eður skikkanlegheitum heilags sacramentis að Sæbólskirkju, og hafi þó Gísli oftlegast við Sæbólskirkju verið þá þar hafi embættisgjörð flutt verið. Ekki sagðist hann kunna frekara að vitna.

13. Framkom Jón Jónsson eldri og spurði presturinn hann með sömu formaliis og hina aðra. Þar til svaraði Jón að Snæbjörn hefði tekið þeim misjafnlega. Hann sagðist við hafa verið þá presturinn hefði í kórðyrnunum áminnt Snæbjörn og þá hefði Snæbjörn á meðan lesið upp seðil í kirkjudyrnunum, og þá segir Jón að Snæbjörn hafi verið með reiðuglegu bragði og gengið hærra en presti á meðan, og þetta játar nú Snæbjörn satt og játar að hann hafi reiður verið. Alltíð segist Jón að þá hann hafi heyrt prestinn bjóðast að meðtaka Snæbjörn til heilags sacramentis með opinberri aflausn þá hafi Snæbjörn upp hlaupið með ofstopa, aldrei segist Jón hafa heyrt Snæbjörn leita heilags sacramentis að Sæbólskirkju frá hvítasunnu 1723 og til þess að presturinn hafi opinberlega áminnt hann í ágúst 1724. Ekki segist Jón heldur þar eftir hafa heyrt Snæbjörn leita nokkurn tíma sacramentis með auðmjúku geði. Frekara sagðist hann ei kunna að vitna.

14. Kom fram Jón Jónsson yngri og spurði presturinn hann með sama formaliis og hina aðra. Hvar til Jón svaraði að Snæbjörn hefði meðtekið þær með reiðuglegu bragði. Hann sagðist hafa verið við þá presturinn hefði lesið Snæbirni áminningarseðil í baðstofunni og hefði þá Snæbjörn afsagt opinberri aflausn en krafðist heimuglegrar og það með hávaða. Í kirkjunni segist hann við hafa verið þá presturinn hefði lesið upp áminning til Snæbjarnar á Sæbóli á helgum degi, og hafi ekki Snæbjörn tekið því vel. Í þriðja sinn segist Jón hafa við verið þá presturinn hafi lesið Snæbirni áminning við kirkjudyrnar og hafi hann þá því í sama máta tekið reiðuglega. Aldrei segist Jón hafa heyrt Snæ-

björn leita heilags sacramentis frá hvítasunnu 1723 og inntil þess að presturinn hefði áminnt hann 1724. Aldrei segist Jón heldur þar eftir hafa heyrt Snæbjörn leita sacramentis með auðmjúku geði að Sæbólskirkju og ekki nema þá presturinn hafi áminnt hann, og þá hafi ætíð Snæbjörn verið með reiðuglegu bragði. Ekki segist hann minnst meira að vitna.

15. Kom fram Jón Gunnarsson og spurði presturinn hann með sama móti og hina, hvernin Snæbjörn hefði tekið sínum áminningum þá hann hefði áminnt hann og svaraði Jón Gunnarsson: Ekki öðruvísi fyrir mínum sjónum heldur en svo sem ein harðhnökkuð manneskja. Hann segist við hafa verið þá presturinn hafi lesið upp áminningarseðil til Snæbjarnar Pálssonar og hafi ekki tekið því með öðru móti en háreysti og gengið þá jafnhátt og prestinum, og verið þá með reiðuglegu yfirbragði það framast hann hefði vit á. Ekki segist hann hafa orðið var við að Snæbjörn hafi heilags sacramentis leitað frá því á hvítasunnu 1723 og til þess í ágúst 1724 að presturinn hefði áminnt hann, og það ár hafi Snæbjörn verið heimilismaður að Sæbóli og síðan. Aldrei segist hann minnst að Snæbjörn hafi sér viðverandi leitað heilags sacramentis að Sæbólskirkju. Ekki segist hann minnst meira að vitna. Á meðan vitnatektin á þessum degi yfirstóð þá sagðist Snæbjörn protestera í móti vitnunum, því það þau bæri sýnir allt opinberan fjandskap og óvild.

16. Kom fram Teitur Ásbjörnsson og vitnaði svo sem eftir fylgir: Það vitna ég undirskrifaður hér í dag fyrir þessum rétti að ég sá Snæbjörn Pálsson standa upp úr sínu sæti og ganga yfir að predikunarstólnum á bak til við prestinn séra Bjarna Jónsson og taka í rikkilínið á baka til annarri hendinni, og hnykkti á tvisvar, og það gjörði hann í tvær reisir, og þá hann í burtu gekk sneri hann sér að oss er sátum karlmannamegin í kórnum, beit á kamb og brosti. Þessu til merkis er mitt undirskrifað nafn að Mýrum dag 17. júní 1727, Teitur Ásbjörnsson. Þetta vitnaði hann bréflega er hann sjálfur las upp fyrir réttinum og bætti þessu við munnlega að þetta skeð hefði að Mýrakirkju og að Snæbjörn hefði haft aungva orðsök til þessa, heldur sagðist hann meina að Snæbjörn hefði gjört þetta meir af glettni en reiði, frekar sagðist hann ei minnst að bera.

17. Kom fram Eiríkur Guðmundson og las upp skriflega sitt vitni sem eftir fylgir, er hann sagðist vitna uppá sinn aflagðan eid: Það vitna ég undirskrifaður hér í dag fyrir þessum rétti að sunnudaginn annan í sjöviknaföstu næstliðins árs 1726 þegar presturinn séra Bjarni Jónsson framflutti það heilaga predikunarembætti í Mýrakirkju predikunarstól, sá ég að Snæbjörn Pálsson sté upp úr sínu sæti og gekk að greindum predikunarstól á bak til við greindan kennimann og tók í rikkilínið og hnykkti á í tvær reisir, svo ég algjörla heyrði þytinn þar til, svo og gekk hann brosandí fram eftir kirkjugólfinu og kallaði á Þórhall, en sem hann kom fyrir kirkjudyrnar brúkaði hann óskikkilega orðamælgí. Þessu er til

merkis mitt undirskrifað nafn og áður svarinn eiður á Mýrum dag 17. júní 1727, Eiríkur Guðmundsson. Munnlega tilspurður sagði Eiríkur sig ekki vita að Snæbjörn hefði haft nokkra orðsök hér til og það hefði skeð stuttum tíma eftir innganginn, frekara segist hann ekki muna.

18. Kom fram Magnús Sigurðsson og las upp skriflega sitt vitni sem eftir fylgir er hann sagðist vitna uppá sinn aflagðan eið: Eftir því að heiðursverðugur kennimaðurinn séra Bjarni Jónsson óskar af mér undirskrifuðum sanninda vitnisburðar með einni lögköllunarstefnu um hegðun þá og háttalag er Snæbjörn Pálsson hafði í Mýrakirkju annan sunnudag í 7 vikna föstu 1726 við heiðursverðugan kennimanninn séra Bjarna Jónsson, þá auglýsi ég það frekast er ég sá og áskynja varð, að áðurnefndur Snæbjörn Pálsson stóð upp úr sæti sínu og gekk yfir að predikunarstólnum á baka til við prestinn séra Bjarna Jónsson og tók í rikkilínið á baka til annarri hendinni og hnykkti á tvisvar, og það hafi hann gjört í tvær reisar, og sem hann í burtu gekk sneri hann sér að oss er sátum karlmannamegin í kórnum, beit a kamb og brosti. Og til merkis er mitt nafn hér að neðan sett anno 1727 þann 17. júní, Magnús Sigurðsson. Munnlega tilspurður sagði Magnús Sigurðsson sig ekki vita að Snæbjörn hefði haft nokkra orðsök hér til og það hafi skeð stuttum tíma eftir innganginn, frekara segist hann ei muna.

19. Ólafur Oddsson sagðist hafa setið fram í kirkju og séð ekki annað en Snæbjörn hefði staðið upp úr sínu sæti er væri kvennamegin í kórnum, og gengið á bak til við predikunarstólinn þá presturinn hafi verið að predika að Mýrakirkju og gengið þá út síðan og talað nokkuð fyrir kirkjudyrnum. Aungva orðsök segist hann vita að Snæbjörn hefði haft til þessa. Frekara segist Ólafur ekki hafa að bera í þessu efni.

20. Þetta sagðist Þórhallur Dagsson vitna uppá sinn aflagðan eið, að hann hefði séð Snæbjörn Pálsson ganga frá sæti sínu kvenmannamegin og yfir fyrir kórduyrnar, en hvað Snæbjörn hafi þar útrétt kveðst hann ei hafa séð því hann hefði setið fram í kirkju. Ekkert reiðimerki segist hann hafa séð á Snæbirni, frekar segist hann ei minnst hér um að vitna.

21. Þetta sagðist Bjarni Guðmundson vitna að Snæbjörn Pálsson, þá presturinn hefði verið að embætta í Mýrakirkju, hafi Snæbjörn staðið upp úr sínu sæti og gengið yfir fyrir kórstafinn og horfið sér að sýn, en hvað hann Snæbjörn hafi þar þá gjört hafi hann ei séð því hann hafi setið fram í kirkju, síðan þar eftir hafi Snæbjörn gengið út úr kirkjunni hlæjandi og þegar hann hafi verið útkominn sagðist hann heyrt hafa hávaða mikinn til hans en orðin segist hann ekki hafa heyrt. Frekara segist hann ei minnst hér um að vitna.

22. Þetta vitnaði Ingileif Jónsdóttir, að hún hefði séð Snæbjörn Pálsson um embættisgjörðina í Mýrakirkju ganga úr sæti sínu kvennamegin að kórstafnum

kallmannamegin og rétt frá sér hendina, en ekki segist hún séð hafa hvað Snæbjörn hafi útrétt þar með, síðan hafi Snæbjörn gengið fram eftir kirkjugólfinu hlæjandi og kallað á Þórhall, en þá hann var útgenginn hafi hún heyrt hávaða, en þá hann hafi komið inn í kirkjuna aftur sagði Snæbjörn: Það er linlega sagt amen. Spurði Snæbjörn hvört hún meinti að hann hefði gjört þetta* af spotti við guðs orð og sagðist hún ekki það vita. Ekki segist hún frekara kunna að vitna.

23. Þetta vitnaði Óluf Nikulásdóttir, að Snæbjörn hefði gengið úr sæti sínu um embættisgjörðina og yfir að predikunarstólnum, og rétti frá sér hendina, en ei sagðist hún hafa séð hvar hann hefði til tekið, síðan segist hún hafa séð hann ganga fram úr kórnum og út og kallað á Þórhall, og eftir það segist hún hafa heyrt hávaða og þá hann kom inn aftur sagði Snæbjörn: Það er linlega sagt amen. Þetta segir hún skeð hafi um embættistímann þá presturinn hefði verið í predikunarstólnum. Ekki segist hún frekara kunna að vitna.

Öll þessi vitni voru yfirheyrd sitt í hverju lagi og sagði Snæbjörn ýmist að hann fyndi ekki að neinum manni af vitnunum eður hann protesteraði á móti þeim, og hafði hann á óskikkanlegt athæfi fyrir réttinum, með hávaða, svo rétturinn þar fyrir stórum hindraðist, og vitnin urðu naumlega yfirheyrd fyrir hans óróa, svo að hefði ei verið höfð hin stærsta aðgætni var uggandi um að þaug kynnu að villast og var hann margfaldlega áminntur þar um til leiðréttingar og sýndi skjaldan bót þar á. Presturinn óskaði af yfirdómáranum að hann meti eftir lögum hvört honum ekki beri processins umkostnaður eftir nú framlögðum reikningi, hver eð var upplesinn hljóðar sem eftir fylgir:

Kostnaðarreikningur sem ég haft hefi fyrir þessari vottaleiðslu til Snæbjarnar Pálssonar:

1. Fyrir mig sjálfan og þénara minn útá Ingjaldssand í tvær reisar 40 álnir.
2. Fyrir mína stefnuvotta til Snæbjarnar Pálssonar og vitnanna í mínu máli 25 álnir.

3. Fyrir mig sjálfan í þessa undanfarna tvo daga 10 álnir.

Þetta til samans eru 75 álnir.

4. Óska ég af sýslumanninum ályktunar hvört ég eður Snæbjörn Pálsson skuli betala þingsvitnunum sem hér í svo langan tíma frá bjargræði sínu hindrast hafa.

En ég forblíf alltið herra præcidis þénustureiðubúinn vin og þénari. Datum Mýrum dag 17. júní 1727, Bjarni Jónsson.

Snæbjörn svaraði hér til að hann vissi ei að kostnaðarreikningur ætti að dæmast í þessari sök fyrr en málið kæmi til endilegs dóms, en Snæbjörn protesterar í móti að málið sé nú í dag undir dóm tekið, þar hann hafi ekki vitað sökina fyrr en í dag og kynni því ei til hennar að svara, og framlagði eitt innlegg sem upplesið var og hljóðar sem eftir fylgir:

Ég Snæbjörn Pálsson protestera:

1. Með þessu bréfi að sú vitnan eigi ekki mér til skaða að koma sem í gær og í dag framfór eftir sýslumannsins tillátsemi, og referera mig hér um til þess er Norsku laga 1. bók, 5. capituli, 10. articuli að minni meiningu umgetur.

2. Protestera ég í móti að sú vitnan sem Ólafur undir Hálsi hefur gjört og aðrir þeir sem á sinni tíð munu á nafn nefnast, skuli gildig haldin verða á þessum degi sérdeilis að því leyti sem vitnaði orðum fyrir framan árs forhlaup töluðum viðvíkjandi áhrærir.

3. Begieri ég að processinn verði mér rigtuglega beskrifaður innan lagatermins afhentur, framlegg skrifarapeninga eftir lögunum 1 danska cronu og forblíf réttarins auðmjúkur þénari.

Mýrum dag 17. júní anno 1727, Snæbjörn Pálsson.

Frekara sagðist ekki presturinn hafa fram að leggja í þetta sinn og ekki heldur Snæbjörn, en að því töluðu óskaði Snæbjörn að þetta væri innfært, hvert presturinn fyrir sitt framferði væri ekki auðsýndur sinn óvildarmaður í þessara processanna framdrifum. Snæbjörn sagðist biðja á því sem hann hefði ótilbærilega gjört og aðhafst fyrir þessum rétti í dag og í gær fyrirgefningar, og var svo málefnið undir dóm tekið. Og var þar á soddan dómur uppsagður sem eftir fylgir af mér Markúsi Bergssyni:

Snæbjörn Pálsson, sem ekki hefur heyrt fyrr en nú í dag og í gær hvað þessi öll vitni sem presturinn séra Bjarni Jónsson hefur framfært hafa uppá hann borið og nú vill ekki viljuglega þar til svara, á nú ei í dag fyrir það dóm líða sem í þeirra vitnan kann saknæmt uppá hann að finnast og ekki fyrri en Snæbjörn með löglegu fyrirskalli verður þar um til þings stefndur, hvers vegna kostnaðurinn dæmist og ekki heldur í þetta sinn séra Bjarna til handa fyrr en dómur gengur í höfuðsökinni. En fyrir hávaða, óhlýðni og hindrun* sem Snæbjörn Pálsson hefur í frammi haft fyrir þessum rétti, og þar með orðsakað stórt uppihald, skal hann gefa 6 mörk dönsk til þessa réttar, nú strax á þessu þingi, eður hann skal hafa forbrotið þar til 3 lóð silfurs. En þeir sem hann hefur gefið þaug orð er áfeng kunna að reynast og protocolleruð eru, stendur frítt fyrir hann þar um sækja ef sjálfir vilja, og er Snæbjörn alvarlega áminntur um að haga sér skikkanlega hér eftir fyrir kóngsins rétti, en sektir eru ekki dæmdar frekari á hann í þetta sinn þar hann sýndi sig auðmjúkan í forlátsbóninni. Dómurinn var upplesinn séra Bjarna Jónssyni ásamt Snæbirni Pálssyni áheyrandi sama stað, ár og dag sem fyrr segir, hvern ég staðfesti með undirskrifuðu nafni og hjáþrykktu signeti, Markús Bergsson mpp.

Strax betalaði Snæbjörn þessi 6 mörk dönsk.

Anno 1727 þann 16. júní að settu héraðsþingi að Mýrum var eftirskrifað upplésið þingsókninni áheyrandi ásamt Snæbirni Pálssyni og hans syni Magnúsi:

Eftir ósk göfugs reiðarans Dýrafjarðar districtis seigneur Péturs Arvedssonar býð ég hér upp í dag jörðina Klukkuland 24 hundruð að dýrleika liggjandi í Mýraþingsókn við Dýrafjörð til lausnar erfingjum Snæbjarnar Pálssonar fyrstum, og síðan sérhverjum þeim sem finnur sig nærmere lausnarmann til sömu jarðar en vandalausir, fyrir eins marga peninga og jörðin Klukkuland var virt fyrir 1724 reiðaranum seigneur Pétri til handa, sem var 142 rixdalir í cronum með kúgildunum, og þar til fyrir það er greindur reiðarinn hefur kostað uppá jarðarinnar hús og kúgildi þeim til forbetrunar síðan 1724, 10. júlí, og er tilskilið að nefndir 142* rixdalir séu hans fullmegtugum eður mér í hönd komnir fyrir alþing 1728. Annars verður jörðin seld hverjum sem kaupa vill þar eftir, þar hann hefur behaldið henni allareidu þá í 4 ár. Þetta staðfesti ég með undirskrifuðu nafni að Mýrum anno 1727 dag 16. júní, Markús Bergsson mpp I.S.

Til vitnis Markús Bergsson mpp, Björn Jónsson, Ólafur Sigurðsson, Jón Ásbjörnsson.

Dómsprocess sem framfór í stefnumáli
veðla herra capiteinsins Magnúsar Arasonar
föður síns vegna til madame Þorkötlu Jónsdóttur.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að anno 1727 þann 17. dag júní að settu héraðsþingi að Mýrum við Dýrafjörð, að tilnefndum eftirskrifuðum mönnum réttinum til þenustu, Guðbrandi Sigurðssyni, Birni Jónssyni, Guðmundi Þorsteinssyni, Bárði Nikulássyni, Ísleifi Ásgrímssyni, Jóni Ásbjörnssyni, Magnúsi Sigurðssyni og Eiríki Guðmundssyni, mættu fyrir réttinum veðla herra capiteinninn Magnús Arason og Magnús Snæbjörnsson vegna madame Þorkötlu Jónsdóttur og tilbauð sig að ganga í rétt hennar vegna, og framlagði þá veðla herra capiteinninn Arason:

1. Eina fullmágt sem upplesin var og hljóðar sem eftir fylgir:

Fulla mágt og myndgleika gef ég undirskrifaður syni mínum Magnúsi Arasyni að beiðast af madame Þorkötlu Jónsdóttur búandi á Sæbóli á Ingjalds-sandi rigtugra útskrifta af skjölum þeim uppá hver hún byggt hefur lögfestu hennar dateraða 9. júní 1724 fyrir Sæbóli og öðrum hennar eignum á Ingjalds-sandi til vissra landamerka móts við kóngsjarðirnar Brekku og Villingadal samt Birnistaði við Dýrafjörð, en vilji nefnd madame Þorkatla ekki, mót von minni, skjölin framvísa né copiu af þeim meðdeila, eður og ef sýnast kann að hún ofnærri gengið hafi landi nefndra kónglegrar majestatis jarða eigindómi,

svo hefur minn áðurnefndur son í krafti þessa bréfs mitt fullkomið umboð að kalla hana fyrir lög og rétt um sagt landamerkjamála. Þessu til merkis og staðfestu er mitt nafn með eigin hendi og hjáþrykkt venjulegt signet að Haga á Barðaströnd anno 1727 þann 22. apríl, Ari Þorkelsson LS.

2. Var eftirskrifað bréf upplesid:

Erugöfuga höfðingskvinna madame Þorkatla Jónsdóttir.

Með því þér anno 1724 á Mýraþingi við Dýrafjörð með einni lögfestu af dato Sæbóli þann 9. maí sama árs lögfest hafið eignarjarðir yðar liggjandi á Ingjaldssandi, nefnilega höfuðbólið Sæból, kirkjuförðina Háls, 4 hundruð af Hrauni og Fjallaskaga 12 hundruð, til vissara landamerkja milli kónglegrar majestatis jarða á nefndum Ingjaldssandi, yfir hverjum faðir minn sýslumaðurinn Ari Þorkelsson umráð hefur, og þar eð meinast að þér í nefndri yðar lögfestu nógu nærri gangið sagðra kónglegrar majestatis jarða eigindómi, þá orðsakast ég hér með í umboði áður velnefnds föðurs míns, og uppá kónglegrar majestatis allranáðugasta behag, alvarlega af yður við þessa 2 hér viðverandi dánumenn að beiðast að þér sýnið mér in originalibus skjöl þaug og skilríki (ef til hafið) uppá hver þér byggt hafið áður skrifada yðar lögfestu svo vítt hún snertir landsnytjatakörð kóngsjarðanna Brekku og Villingadals á Ingjaldssandi samt Birnistaða við Dýrafjörð til engjabeitar, reka og útróðurs. Krefst ég sömuleiðis af yður að þér af nefndum skjölum meðdeilið mér vidimeradar cöpiur föður mínum sem kóngsjarðanna forsvarsmanni og þeirra ábúendum til eftirrétingar. Hvað ef (mót von minni) ei af yður fá er, gefst yður til vitundar að ég í umboði föðurs míns neyðist til að procedera mót yður eftir landslögum um oftnefndra kónglegrar majestatis jarða landamerki, svo hann og hans erfingjar í sína tíð forsvaranlegir séum fyrir æðra yfirvaldi, að í hans tíð ei hafi liðist fyrir forsömun eður hjáhliðrun það nokkuð frá honum tiltrúðu jarða landsnytjum undangengi til hans majestatis interesses afdráttar. Óskandi hér uppá yðar endilegs svars og eru hér af 2 einshljóðandi originalar, hvar af þér þeim eina behaldið en hinn er tilætlaður að þér látið uppá skrifa yðar meiningu og svar, eður og ef það ei skeður, þá að vottarnir hið sama forrétti. Brekku á Ingjaldssandi þann 7. maí anno 1727, Magnús Arason.

Annar original þessum fyrir ofan skrifuðum samhljóða var upplesinn fyrir madame Þorkötlu Jónsdóttur, hvern sama original hún meðtók og gaf það munnlegt svar hér uppá sem eftir fylgir og svo hljóðar: Ef guð og kóngurinn á það, þá er það guðvelkomið. Ég held því og yrki, og læt yrkja, þar til guð og kóngurinn tekur það af mér. Eftir það kom Snæbjörn Pálsson með nokkur bréf og sá herra captain nokkur af þeim. Þetta framanskrifað framfór að Sæbóli þann 8. maí anni 1727. Til merkis undirskrifuð nöfn að Brekku á Ingjaldssandi

sama stað, ár og dag sem fyrr segir, Brynjúlfur Nikulásson, Ísleifur Ásgrímsson.

Þetta bréf játaði Magnús Snæbjörnsson að Þorkötlu birt hafi verið, sem uppáskrift bréfsins útvísar 8. maí 1727.

3. Var upplesin ein stefna sem hljóðar svo sem eftir fylgir:

Yður madame Þorkatla Jónsdóttir búandi að Sæbóli á Ingjaldssandi, stefni ég Magnús Arason í umboði föðurs míns sýslumannsins Ara Þorkelssonar til Mýra við Dýrafjörð venjulegs þingstaðar á þann 17. júní næstkomandi, fyrir þann rétt sem virðuglegur valdsmaðurinn í Ísafjarðarsýslu seigneur Markús Bergsson þar haldandi verður um það kærúmál er faðir minn neyðist til móti yður að færa og orðsakast af landsnytjum kónglegrar majestatis jarða til lands og sjávar* á Ingjaldssandi sem grensa til yðar eigindóma. Stefnist yður því á áðursagðan stað og dag fyrir velnefndan yfirdómara.

1. Að heyra hvað þessarar þingsóknar kunnugustu dánumenn heyrt hafa af sér eldri mönnum og til vita um kóngsjarðanna á Ingjaldssandi landamerki og ítök frá arilldstid bæði til lands, fjalls og fjöru, sérdeilis um stekk frá Sæbóli í Brekkulandi og viðurlög þar fyrir í skipsuppsátri og frítollveri að Sæbóli fyrir skip það sem kóngsjarðanna ábúendur áréri, svo og sérhvað er snerta kann yðar eignir sem grensa til kóngsjarðanna. En nöfn áðursagðra vitna eru þessi, Guðmundur Jónsson að Brekku á Ingjaldssandi, Þormóður Magnússon búandi á Botni í Dýrafirði, Björn Jónsson á Læk, Jón Bjarnason á Alviðruhúsum, Ólafur Sigurðsson á Hálsi, Jón Jónsson á Hrauni, Gísli Brandsson á Álfadal, Konráður Oddsson á Villingadal, Þorleifur Bjarnason, Eiríkur Bjarnason og Koðrán Jónsson að Sæbólshúsum og Ólafur Nikulásson að Arnarnesi, og ef vitnast að þér ofnærri, frammar en lögmæt skjöl leyfa, gengið hafið kónglegrar majestatis interesse til nokkurs afdráttar. Svo stefnist yður á þann 19. júní sama árs fyrir áður velnefndan valdsmanninn seigneur Markús Bergsson og hans rétt til Brekku á Ingjaldssandi og á landamerki þeirrar jarðar samt Villingadals þar að framleggja öll þaug skjöl hvar uppá þér byggt hafið yðar lögfestu af 9. júní 1724 in originalibus, og þar af sýslumanninum og réttarins þénurum að líða endilegan dóm um skjalanna myndugleika og fyrir sérhvað það ef þér mót lögum fornærri gengið hafið hans kónglegrar majestatis háa interesse, því ég uppá föðurs míns vegna gef yður hér á þær frekustu sakir sem lög mér leyfa.

2. Stefni ég yður til að líða dóm áður velnefnds sýslumannsins til að betala áður velnefndum sýslumanninum föður mínum allan þann kostnað sem fyrir þessu máli þarf að hafa, samt allan þann skaða sem hans kónglegrar majestatis interesse liðið hefur og líður fyrir yðar aðgjörðir.

Þessari minni stefnu til frekari staðfestu er mitt undirskrifað nafn með eigin hendi hér að neðan skrifað og eru vottar að stefnunni Brynjúlfur Nikulásson

og Ísleifur Ásgrímsson. Actum Brekku á Ingjaldssandi þann 10. maí anno 1727, Magnús Arason.

Framan- og ofanskriafaða réttarstefnu hefi ég heyrt og copiu þar af meðtekið að Sæbóli dag 10. maí 1727, Þorkatla Jónsdóttir LS.

Framan- og ofanskriafuð stefna var upplesin að Sæbóli á Ingjaldssandi þann 10. maí anno 1727 madame Þorkötlu Jónsdóttur viðverandi og áheyrandi og lét hún Magnús Snæbjörnsson skrifa sitt nafn hér fyrir ofan og hjáþrykkja signetið, og meðtók hún samstundis af stefnunni vidimeraða copiu, hvað við undirskriafaðir vitnum með okkar eigin handskriftum á sama stað, ári og degi sem hér greinir, Brynjúlfur Nikulásson, Ísleifur Ásgrímsson. Þessari stefnu veitti Magnús viðgöngu.

4. Var upplesin svolátandi stefna sem eftir fylgir:

Í umboði sýslumannsins föðurs míns Ara Þorkelssonar stefni ég Magnús Arason yður Guðmundur Jónsson heimilisföstum að Brekku á Ingjaldssandi, yður Ólafur Sigurðsson á Hálsi, yður Jón Jónsson á Hrauni, yður Gísli Brandsson á Álfadal, yður Konráður Oddsson á Villingadal, yður Þorleifur Bjarnason, yður Eiríkur Bjarnason og yður Koðrán Jónsson á Sæbólshúsum til Mýra við Dýrafjörð venjulegs þingstaðar á þann 17. júní næstkomandi fyrir þann rétt sem virðuglegur og velvís sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu seigneur Markús Bergsson á sögðum stað og degi þar haldandi verður með hans tilnefndum réttarins þénurum. Stefnist yður þar undir yðar sáluhjálpareið að vitna hvað sérhvörjum yðar vitanlegt er um landamerki kónglegrar majestatis jarða Brekku og Villingadals á Ingjaldssandi, til lands og sjávar, samt þeirra jarða ítök í annarra jarða landi móts við eignir madame Þorkötlu Jónsdóttur, nefnilega höfuðbólíð Sæból, kirkjujörðina Háls á Ingjaldssandi, samt Fjallaskaga við Dýrafjörð, svo og hvað þér af yður eldri dánumönnum, kunnigum og skilvísnum heyrt hafið um sama efni, item um stekkinginn frá Sæbóli í Brekkulandi og frí skipstöðu fyrir Villingadals og Brekku ábúendur í Sæbóls veiðistöðu, sömuleiðis um yrking Sæbóls eignarmanna að fornu og nýju í áðurnefndu Brekku- og Villingadalslandi, eftir því sem þér þar fyrir réttinum verðið tilspurðir og engvu leynið þér af í áðurnefndu landamerkjamáli til upplýsingar. Þessari stefnu minni til frekari staðfestu er mitt nafn með eigin hendi hér að neðan skrifað. Actum Brekku á Ingjaldssandi þann 10. maí anno 1727, Magnús Arason.

Þessa framanskriafaða stefnu höfum vér séð og yfirlesið, og copiu þar af meðtekið sem vor nöfn hér að neðan skrifum að Brekku á Ingjaldssandi þann 10. maí 1727, Ólafur Sigurðsson, Jón Jónsson, Konráður Oddsson.

Þessi ofan- og framanskriafuð stefna var upplesin eftirskriafuðum mönnum Koðráni Jónssyni, Eiríki Bjarnasyni og Þorleifi Bjarnasyni að Sæbóli, item Gísla Brandssyni að Álfadal og Guðmundi Jónssyni að Brekku, okkur undir-

skrifuðum áheyrandi og viðverandi. Til merkis undirskrifuð nöfn að Brekku á Ingjaldssandi þann 10. maí 1727, Brynjúlfur Nikulásson, Ísleifur Ásgrímsson.

5. Var svolátandi stefna upplesin sem eftir fylgir:

Í umboði sýslumannsins föðurs míns Ara Þorkelssonar stefni ég Magnús Arason yður Þormóður Magnússon búandi að Botni við Dýrafjörð, yður Björn Jónsson á Læk, yður Ólafur Nikulásson að Arnarnesi og yður Jón Bjarnason á Alviðruhúsum til Mýra við Dýrafjörð venjulegs þingstaðar á þann 17. júní næstkomandi fyrir þann rétt sem virðuglegur og velvís sýslumaðurinn í Ísa-fjarðarsýslu seigneur Markús Bergsson á sögðum stað og degi þar haldandi verður með hans tilnefndum réttarins þénurum. Stefnist yður þar undir yðar sáluhjálpareið að vitna hvað sérhverjum yðar vitanlegt er um landamerki kónglegrar majestatis jarða Brekku og Villingadals á Ingjaldssandi til lands og sjávar, samt þeirra jarða ítök í annarra jarða landi móts við eignir madame Þorkötu Jónsdóttur, nefnilega höfuðbólið Sæból, kirkjufjörðina Háls á Ingjaldssandi samt Fjallaskaga við Dýrafjörð, svo og hvað þér af yður eldri dánunömmum kunnugum og skilvísium heyrð hafið um sama efni. Item um stekking frá Sæbóli í Brekkulandi og frí skipstöðu fyrir Villingadals og Brekku ábúendur í Sæbóls veiðistöðu, sömuleiðis um yrking Sæbóls eignarmanna að fornu og nýju í áðurnefndu Brekku- og Villingadalslandi, eftir því sem þér þar fyrir réttinum verðið tilspurðir, og engvu leynd þér af áðurnefndu landamerkjamáli til upplýsingar. Þessari minni stefnu til frekari staðfestu er mitt nafn með eigin hendi hér að neðan skrifað. En stefnuvottarnir Brynjólfur Nikulásson og Ísleifur Ásgrímsson hafa mitt fullkomið umboð þessa stefnu viðkomendum að birta eftir lögum. Actum Brekku á Ingjaldssandi þann 10. maí anno 1727, Magnús Arason.

Þessi framanskrifuð stefna var upplesin eftirskrifuðum mönnum áheyrandi og viðverandi, Þormóði Magnússyni, Birni Jónssyni, Ólafi Nikulássyni og Jóni Bjarnasyni, og sérhverjum þeirra þar út af rigtug copie afgreidd, vitna undirskrifaðir að Fjallaskaga dag 19. maí anno 1727, Brynjúlfur Nikulásson, Ísleifur Ásgrímsson.

Allir sem stefndir eru að vitna af capiteininum, að fráteknum Guðmundi á Brekku, játuðu stefnuna sér auglýsta verið hafa, sem uppáskriftirnar útvísa. Þegar svo var komið framlagði velviljuglega með samþykki veleðla herra capiteinsins monsieur Magnús Snæbjörnsson eftirskrifuð skjöl fyrir Sæbóls landamerkjum, er capiteinninn vildi þó áður fá að sjá næstliðinn 8. maí 1727 að Sæbóli til að fyrirkoma öllum þrætum, og fékk þá ekki, eftir bréflægri ósk sinni, hvar á lögfesta madame Þorkötu væri ábyggð, datum 1724, 9 júní.

1. Var svolátandi lögfesta upplesin sem eftir fylgir:

Ég Sæmundur Eggertsson lögfesti hér í dag eign mína sem er jörð þessi

Sæból með allri hennar kirkjueign sem hennar máldagar henni eigna eður henni hefur að fornu fari eignað verið. Hér með lögfesti ég hér í dag allan Nesdal að fráteknum þeim ítökum sem Mýrakirkja og Núpskirkja sér þangað eigna eður önnur þaug ítök sem með gjörðum gjörningum og gömlum bréfum bevísuð verða. Lögfesti ég akra og töður, engjar og skóga, holt og haga, vötn og veiðistöðu og allar landsnytjar er þessari sagðri jörðu fylgja og fylgt hafa að fornu og nýju og allt til sjóar í milli Þúfu og Reiðarskers og svo fram í Sýkiseyri. Skal þessi mín lögfesta standa eftir lögmálsins tímalengd, fyrirbyð ég hvörjum manni að yrkja eður sér í neinu að nýta nema mitt sé lof og leyfi til að vitni þínu Sigurður Bjarnason og þínu Andrés Jónsson og allra þeirra orð mín heyra, Andrés Jónsson meh, Sigurður Bjarnason meh.

Utan á þessa lögfestu er þannin skrifað: Þessari lögfestu lögfest anno 1665 þann sjötta sunnudag eftir páska að Sæbólskirkju.

2. Var svolátandi vitnisburður upplesinn sem eftir fylgir:

Það meðkennum við, vottum og viðurkennum Guðmundur Ólafsson og Andrés Jónsson að við heyrðum og uppá saúm að Jón Þorláksson út gaf með handsölum Sæmundi Eggertssyni undir Hálsi á Ingjaldssandi svofelldan vitnisburð orð eftir orð sem hér segir og eftir fylgir: Svofelldan vitnisburð ber ég Jón Þorláksson að ég hefi alla mína ævi, og hefi ég nú fjórtán vetur um sextugt, uppalist á Villingadal á Ingjaldssandi hjá mínum föður, og þar eftir búíð undir Hálsi, allt það nú er komið, og hefi ég aldrei heyrt né vitað annað um mína ævi eður af mér eldri mönnum með nokkru sanni sagt eður haldið vera, en Sæból ætti allt land frá Þúfu og í Reiðarsker, þar með alla Sæbólshlíð fram í Sýkiseyri þar sem stekkurinn er nú frá Sæbóli, og aldrei hefi ég heyrt né vitað ráð eður hefð haft hafi yfir nefndum endimörkum en Sæbólsmenn mann eftir mann, sömuleiðis hafa um alla mína ævi Villingadals og Brekku búendur árlega forlíkt skipstöðu og vertoll við eigendur bændur á Sæbóli með fémunum eður annarri þóknunarsemi, og aungvan hefi ég heyrt hér á móti mæla fyrr en nú fyrir einu ári og hér eftir vil ég sverja ef þurfa þykir, og til sanninda hér um handsala ég þennan minn vitnisburð Sæmundi Eggertssyni að vitni þessara manna Guðmundar Ólafssonar og Andrésar Jónssonar sem sín innsigli undir setja minn vitnisburð hver útgefinn var undir Hálsi á Ingjaldssandi anno 1666 þann 27. febrúar. Og til sanninda hér um setjum við okkar innsigli undir þennan vitnisburð hvör skriftaður var í sama stað, ár og dag sem fyrr segir, Guðmundur Ólafsson, Andrés Jónsson meh.

3. Var svolátandi vitnisburður upplesinn:

Eftir því Eggert Sæmundsson óskar af okkur undirskrifuðum sanninda meðkenningar um það hvört við heyrt eður vitað höfum að Sæbólseign á Ingjaldssandi hafi ákærð verið þann tíma við til munum, því játum við fyrir einum og

sérhverjum er þessi bréfsorð sjá, lesa eður heyra lesin, að við vitum ei annars, og ei heldur heyrt höfum, en Sæbóli á Ingjaldssandi hafi eignuð verið hlíðin Villingadalsmegin á fyrrnefndum Ingjaldssandi fram í miðja Sýkiseyri, og hún yrkt og brúkuð verið af Sæbóls eigendum ákærulaust það framast við til munum, og höfum við verið hér í sveit, annar 54 ár en annar 48, hvað okkar aldur reiknast, og þetta berum við fyrir aungva aðra sök en þá að styrkja sannleikann, hvörjum okkar vitnisburði við viðgöngu veita viljum hvar framkemur. Og til merkis hér um skrifum við okkar nöfn hér undir með eigin höndum að Brekku á Ingjaldssandi þann 7. mars anno 1686, Sigurður Bjarnason, Ólafur Guðmundsson meh.

4. Voru svolátandi vitnisburðir upplesnir sem eftir fylgir:

Það meðkenni ég undirskrifaður fyrir einum og sérhvörjum er þessi mín vitnisburðarorð sjá, lesa eður heyra lesin, að ég veit ei annars eður áskynja orðið hefi, og ei heldur annað heyrt svo satt viti, en hlíðin Brekkumegin á Ingjaldssandi fram í miðja Sýkiseyri hafi höfð og haldin verið fyrir utan allar lagaákærur eign og eigindómur Sæbóls á fyrrnefndum Ingjaldssandi, og af eigendum og ábúendum nefnds Sæbóls slegin, beitt og brúkuð frá því fyrst ég minnst og til þessa dags, og aldrei lagaátölur á hafðar það framast ég minnst kann. Svo og hef ég ei vitað að Brekka á Ingjaldssandi hafi átt fría skipstöðu á Sæbólslandi nema með leyfi Sæbóls eigenda, og 20 álnir goldnar árlega fyrir þá skipstöðu af Brekku ábúendum til nefnds Sæbóls eignarmanna nær skip frá Brekku brúkaðist eður stóð árlengis á Sæbólslandi, ásamt vertollur goldinn af Brekku ábúendum með fyrrnefndri 20 álna leigu. Um mína daga minnst ei annað sannara hér um játa og hef ég uppallist í þessum Dýrafjarðarhrepp, og hið sama heyrði ég til föður míns um sína daga staðið hefði, og bjó hann mest allan sinn búskap á Ingjaldssandi. Berandi þennan vitnisburð fyrir öngva aðra skuld en sannleikanum til styrkingar, hvörjum mínum vitnisburði ég vil viðgöngu veita hvar framkemur. Til merkis skrifa mitt nafn hér undir Gerðhömrum anno 1686, 4. apríl, Arngrímur Jónsson meh.

Það meðkenni ég undirskrifaður fyrir einum og sérhvörjum er þessi mín vitnisburðarorð sjá, lesa eður heyra lesin, að ég veit ei annars eður áskynja orðið hefi og ei heldur annað heyrt svo satt viti en hlíðin Brekkumegin á Ingjaldssandi fram í miðja Sýkiseyri hafi höfð og haldin verið fyrir utan allar lagaákærur eign og eigindómur Sæbóls á fyrrnefndum Ingjaldssandi og af eigendum og ábúendum nefnds Sæbóls slegin, beitt og brúkuð frá því fyrst minnst og til þessa dags, og aldrei lagaátölur á hafðar það framast ég minnst kann. Svo og hefi ég ei vitað að Brekka á Ingjaldssandi hafi átt fría skipstöðu á Sæbólslandi, nema með leyfi Sæbóls eigenda, og 20 álnir goldnar árlega fyrir

þá skipstöðu af Brekku ábúendum til nefnds Sæbóls eignarmanna nær skip frá Brekku brúkaðist eður stóð árlengis, ásamt vertollur goldinn af Brekku ábúendum með fyrrnefndri 20 álna leigu um mína daga, og ei minnst ég annað sannara hér um segja, og uppólst ég á fyrrnefndri Brekku, því faðir minn bjó á fyrrnefndri Brekku mest allan sinn búskap og minn föðurfaðir fyrir hann þó ei minnst áratölu hans þarveru, og stóð þetta um þá daga, að faðir minn sagði mér, berandi þetta fyrir öngva aðra skuld en sannleikanum til styrkingar, hvörjum vitnisburði ég vil viðgöngu veita hvar framkemur. Til merkis mitt undirskrifað nafn Arnarnesi anno 1686 dagur 5. apríl, Jón Jónsson meh.

Guð sé með góðfúsnum lesara.

Eftir því eruverðugur sæmdarmann Eggert Sæmundsson óskar af okkur undirskrifuðum sér unna skriflegar meðkenningar uppá það hvört við heyrnt hefðum eður vissum ábúendur á Brekku, þeirri kónglegrar majestatis jörðu á Ingjaldssandi, hefði frí haft skipsuppsátur og vergagna brúkun á Sæbóli, sömleiðis um Sæbóls landamerki, þá svörum við þar svo uppá að við vitum ei annars né heyrnt höfum með sannleika en ábúendur fyrrnefndrar jarðar hafi með leyfi og fullri forlíkun skipsuppsátur haft við sjóinn á Sæbóli af eignarmönnum Sæbóls. Sama segjum við um landamerki á hlíðinni, sem glöggvastur vottur er langvaranlegrar hefðar og eigindóms Sæbóls eigenda og enn nú stendur. En þó rugl eður þvættingur hafi stundum fyrir eyru okkar komið sem annarra, þá er auðsýnilegt hvörn framgang haft hefur, hef ég Brynjólfur Bjarnason 84 ár og ég Jón Jónsson fáum árum færri, munu sterk skjöl og bevísingar hljóta auglýsast skuli fyrrnefnd majestatis jörð þessu með skyldu ná. Ekki skrifum við hér fleira um en staðfestum þetta fyrir ofan skrifað með undirsettum nöfnum. Ég Brynjólfur Bjarnason með eigin hendi en Jón Jónsson vottlega handsalar sitt nafn undir, skrifist nú þetta ár 1686, 20. mars, Brynjólfur Bjarnason meh, Jón Jónsson hs.

Var hér svo hætt við að kvöldi og gengið frá réttinum. Þann 18. júní þá rétturinn var settur mættu veledla herra capiteinninn Magnús Arason og monsieur Magnús Snæbjörnsson og var svohljóðandi lögfesta upplesin sem eftir fylgir:

Ég Eggert Sæmundsson lögfesti hér í dag þennan stað Sæból á Ingjaldssandi, akra og töður, engjar og skóga, holt og haga, vötn og veiðistaði og allar landsnytjar þær er þessu landi eiga að fylgja til ummerkja þeirra er aðrir menn eigu í móti mér, nefnilega að þessum landamerkjum tilteknum alla hlíðina Villingadalsmegin fram í miðja Sýkiseyri, en þessu megin fram yfir Hlaðshvamm í þann hrygg er þar er næstur, allan reka millum Þúfu og Reidarskers. Item

Nesdal allan að fráteknum þeim ítökum er Mýra- og Núpskirkjur sér þangað eigna, eður þaug önnur ítök sem með skjallefum bevisingum eður gömlum bréfum bevisuð verða. Fyrirbýð ég héðan af hvörjum manni í að vinna eður sér að neinu nýta nema mitt eður minnar elsku móður Þuríðar Árnadóttir sé lof eður leyfi til. Vil ég að þessi mín lögfesta standi eftir lögmálsins tímalengd að vitni þínu Sigurður Bjarnason og þínu Ólafur Guðmundsson og allra þeirra sem orð mín heyra. Var þessi ofanskriðuð lögfesta upplestin af Eggert Sæmundssyni við Sæbólskirkju á Ingjaldssandi í safnaðarins viðurvist þann 19. sunnudag eftir trinitatis anno 1684. Vottum við undirskrifaðir með okkar eigin handskriftum, Sigurður Bjarnason meh, Ólafur Guðmundsson meh.

Fleiri gömul skjöl kveðst Magnús Snæbjörnsson ekki hafa fram að vísa um landamerki milli Sæbóls og Brekku ásamt Villingadals.

6. Framlagði Magnús eitt bréf skrifað á kálfskinn, var upplesið og hljóðar sem eftir fylgir:

Það votta ég Vermundur Jónsson og gjöri góðum mönnum vitanlegt að ég hefi búið sex ár undir Hálsi á Ingjaldssandi, voru þá haldin landamerki milli Brekku og Háls sem áin heldur fram eftir öllum dal, sló ég og beitti allt land fyrir ofan Háls sem annað það þeirri jörðu fylgdi og enginn átaldi það í þann tíma eða talaði þar neitt um og aldrei hef ég heyrt neina efasemi um það að þær seljatóftir sem voru í þeim parti fyrir ofan Háls sé ei frá Hálsi, og til sanninda þessum mínum vitnisburði set ég mitt innsigli hér fyrir neðan, skrifað og útgefið að Sæbóli þann 4. júlí 1635.

Það votta ég Björn Þorláksson fyrir einum og sérhvörjum að ég hefi uppalist því nær og allan minn aldur á Ingjaldssandi, en ég hef nú 7 vetur um 40 og hefi ég glögggt til vitað, að allir þeir á Hálsi hafa búið hafa slegið, yrkt og nytkað* allt það land fyrir ofan Háls sem áin heldur og aldrei hef ég heyrt neina menn eigna það land frá Hálsi, og heyrða ég minn föður Þorlák Jónsson segja að það hefði alla tíma nefnst Hálspartur, bjó hann fyrir Villingadal á Ingjaldssandi meir en 40 ár. Einnin lýsti Gísli heitinn Sigurðsson fyrir mér að sel frá Hálsi hefði verið í þeim parti, og til sanninda hér um og meiri staðfestu þessum mínum vitnisburði þrykki ég mitt innsigli hér fyrir neðan, skrifað og útgefið að Sæbóli á Ingjaldssandi þann 7. júlí 1635.

Eru þessir báðir vitnisburðir á einu bréfi, vænst innsiglium og eru engin, og sýnilegt að aldrei hefur innsigli undir komið. Fleiri skjöl kveðst monsieur Magnús Snæbjörnsson ekki hafa fram að leggja.

Herra capteinninn óskar að skjölin sem nú eru framlögð af madame Þor-köttlu álfu megi grandvarlega yfirskoðast og finnur herra capteinninn að þeim þetta:

1. Að lögfesta Sæmundar Eggertssonar, dateruð utan á 1665, að það beri

enginn vitni að hún hafi verið upplestin á þingi eður við kirkju, heldur kann vera fyrir tveimur sem þau landamerki hafi útborið síðan, því hún sé sú hin elsta er geti um landamerki sem sjálfur var eigandi Sæbóls.

2. Finnur capteinninn að vitnisburðarblaði sem hermt er að Jón Þorláksson hafi útgefið Sæmundi Eggertssyni húsbónda sínum um landamerki Sæbóls 1666, ári síðar en lögfesta Sæmundar er dateruð, að þar sé vænst innsiglum en sé engin, og sýnilegt að aldrei hafi verið.

En yfir allt finnur hann að öllum innfærðum vitnisburðum sem áður er umgetið að þessir vitnisburðir hafi teknir og útgefnir verið aldeilis óvitandi kónglegrar majestatis jarðahaldara Brekku og Villingadals í heimahúsum og aldrei við kirkju eður á þingi auglýstir verið, enn síður með eidi staðfestir, og það af svo fáum mönnum þar þó nærri þessu takmarki hafi miklu fleiri menn búfastir verið sem um þetta hafi kunnugt verið, en allir vitnisburðirnir þó útgefnir síðar en lögfesta Sæmundar hafi uppkomið, og í fald sé í sumum vænst innsigla en séu þó engin. Hvers vegna herra capiteinninn uppástendur að svo kölluðu skjöl, sem þannin eru á sig komin sem hér segir, eigi ekki né megi neitt gilda. Hann leggur og til að faðir sinn hafi aldrei vitað af þessum skjölum og ekki það að Sæbólsmenn eignuðu sér neitt Brekkumegin yfir þá á er rennur eftir miðjum dalnum milli Sæbóls og Brekku, hvers vegna hann óskaði að þaug vitni séu yfirheyrð sem hann hefur hingað stefnt og þeirra vitnisburðir innfærðir svo heyrast megi og sjást hvað þeir beri, heyrt og vitað hafi um landamerki milli Sæbóls á aðra síðu og Brekku og Villingadals á aðra.

Hér til svaraði monsieur Magnús Snæbjörnsson að hann væri ánægður þó herra capiteinsins vitni séu yfirheyrð, en óskar og beiðist madame Þorkötlu vegna að vitnunum sé til haldið að bera hvert alla þeirra daga hafi ekki átölu-laust verið brúkað af Sæbólseigendum hlíðin Villingadalsmegin mann eftir mann fram í Sýkiseyri, ásamt stekkjarsæðið, svo freklega til beitar og sláttar sem Sæbólsmegin, svo og rekamark frá Sæbóli hafi haldið verið fyrir innan ána allt að Reiðarskeri, eins og áðurgreindir vitnisburðir og lögfestur útvísa.

Og að þessu gjörðu kom fyrir réttinn:

1. Konráður Oddsson og las upp svolátandi vitnisburð sem eftir fylgir:

Það vitna ég hér í dag að ég heyrð hefi af mér eldri mönnum, nefnilega einum frómum og ráðvöndum dánumanni Sigvati Ámundasyni, nú verandi í Tungu í Valþjófsdal, þá hann var vinnupiltur hjá Steinþóri Ormssyni á Hvilt, hafi nefndur hans húsbóndi Steinþór Ormsson reist norður í Buðlungarvík til fundar við Árna Magnússon, hvar að áðurnefndur Sigvatur mér sagt hefur að hans velnefndur húsbóndi hafi sagt sér sig lesið hafa máldaga fyrir Brekku á Ingjaldssandi, og hafi sá sami máldagi greint að Brekka ætti allt land til sjávar eftir því sem á heldur Brekkumegin. Svo og hefi ég heyrð að stekkjarsæði í

Brekkulandi hafi léð verið fyrir skipstöðu við Sæbólslendingu, Konráður Odds-son. Herra capteinninn spurði framar munnlega nefndan Konráð, hvert að Eggert sálugi Sæmundsson hefði látið rista eður stinga þeim megin árinna er Villingadalur stendur, hvar til hann svaraði nei svo hann vissi, en aðra brúkun sem er að slá og beita hafi Eggert sálugi og síðan Porkatla látið þar hafa um þann tíma sem Konráður segist verið hafa á Villingadal, sem séu 19 ár, fram að Sýkiseyri. Heyrt segist Konráður hafa að Villingadalur og Brekka hafi verið ein jörð fyrrum og þá hafi átt að vera stekkjarsæði frá Brekku við túnið á Villingadal sem nú er, og segist hann sjáist enn fyllileg deili til þess að stekkur og kví hafi þar verið.

2. Kom fram Ólafur Nikulásson og sagðist heyrt hafa af eldri mönnum, nefnilega föður sínum Nikulási Bjarnasyni, að Brekka á Ingjaldssandi hafi átt til sjóvar, og í Sandvík hefði þeir haft skip sín og uppsátur og útróður, en sökum sands er skemmdir þeirra fisk hefðu Brekkumenn tekið það uppá að fá skipstöðu við Sæbólssjó, og hefði þeim verið það leyft fyrir stekkjarsæði á hlíðinni. Þessi Nikulás sálugi Bjarnason var hreppstjóri í þessari sveit, auglýsir þingsóknin, og hafi verið 77 ára þá sálaðist, merkilega skynsamur maður og fróður.

3. Framkom Gísli Brandsson 71 ára gamall og sagðist heyrt hafa að Brekka á Ingjaldssandi ætti land til sjávar og allt eftir því sem áin heldur er rennur eftir miðjum dalnum og kölluð er Sandsá, og hún hafi verið landamerki að forngildu Sæbóls, Álfadals á aðra síðu og Brekku á hina aðra. Þetta segist Gísli heyrt hafa af Nikulási Bjarnasyni sem áður er umgetið og Bjarna föður Nikulásar sem búið hafi á Brekku, hafi greindur Bjarni verið 84 ára gamall. Heyrt segist hann hafa að Brekka og Villingadalur hafi ein jörð verið að forngildu og Villingadalur hafi verið stekkur frá Brekku. Vitanlegt segir hann sér sé að hlíðin og stekkurinn Villingadalsmegin hafi verið yrkt, slegin og beitt af Eggert sáluga og madame Þorkötlu í þaug 11 ár sem hann verið hafi á Sandi fram í Sýkiseyri.

4. Kom fram Björn Jónsson og sagðist heyrt hafa af gömlum mönnum að Brekka á Ingjaldssandi ætti land til sjávar og Sandsá sem rennur eftir miðjum dalnum væri landamerki milli Sæbóls, Álfadals á aðra síðu en Brekku á aðra. Þetta segist hann heyrt hafa fyrst til Jóns Gissurssonar sem bjó í Sæbólshúsum um 70 aldur þá sálaðist, er fyrst hafi undirvísað sér hér um. Síðar til Nikulásar Bjarnasonar sem útbrykkilega hafi undirvísað sér um þetta svoleiðis, að Brekka og Villingadalur hafi ein jörð verið í fyrstu, en stekkur frá Brekku hafi verið sem nú heitir Villingadalur og Brekkumenn hafi brúkað skipsuppsátur í Sandvík á Brekkunesi, en hafi aftekið sökum sjávangangs og fyrir sandi, og skyldi hafa verið fengin skipstæða við Sæbólssjó síðan, og þar í móti léð stekkjarsæði

Brekkumegin. Ítem segist hann heyrt hafa að Brekka ætti ítak í Nesdal framan til við Pröngvugötu til beitar. Allan þann tíma sem hann segist heimilis-fastur verið hafa hjá Eggert sáluga, sem hefði verið frá því hann var 9 vetra og til þess hann var 23 ára, hafi aldrei Eggert sálugi viljað að stungið eður rist væri Brekkumegin, en slegið og beitt hafi þar verið frá Sæbóls eigendum allt fram í Sýkiseyri og stekkur brúkaður en torf á hann hafi flutt verið heiman frá Sæbóli.

5. Framkom Jón Bjarnason og sagðist heyrt hafa af mörgum manni að stekkarstæði frá Sæbóli Brekkumegin hefði átt að koma fyrir skipstöðu við Sæbólssjó, og hefðu þessi umskipti orðsakast af því að Brekkumenn hefðu ei getað brúkað lengur uppsátur í Sandvík, því þar hefðu orðið skipskaðar einn eður tveir, svo og fyrir sandi.

6. Framkom Þormóður Magnússon og sagðist heyrt hafa af Jóni Grímssyni um 70 aldur og Þorleifi Þorlákssyni sem bjuggu á Sandi að Brekka hefði átt til sjóvar og áin hefði verið landamerki milli Sæbóls og Brekku sem rennur eftir miðjum dalnum, stekkarstæði á hlíðinni Brekkumegin hefði komið fyrir skipstöðu við Sæbólssjó, og hefði þessi umskipti orðsakast af því að Brekkumenn hefðu ei getað brúkað lengur uppsátur í Sandvík, því þar hefðu orðið skipskaðar 1 eður tveir, svo og vegna sands. Heyrt segist hann hafa að Eggert sálugi hefði alltið varast um sína tíð að láta rista eður stinga jörð Brekkumegin, heyrt segist hann og hafa að kirkjan sem verið hefði á Brekku hefði átt ítak í Nesdal.

7. Framkom Jón Jónsson og sagðist heyrt hafa af eldri mönnum sér að Brekka ætti land til sjávar, eftir sem máldagi hljóðaði, og áin sem rennur eftir miðjum dalnum og Sandsá heitir hefði verið landamerki milli Sæbóls, Álfadals á aðra síðu, en Brekku á hina síðu. Þetta segist hann heyrt hafa að Steinþór Ormsson hefði lesið hjá Árna sáluga Magnússyni er bjó á Hóli í Bolungavík. Heyrt segist Jón hafa að Brekka og Villingadalur hafi ein jörð verið og stekkur frá Brekku hafi verið Villingadalur, nesið við sjóvinn hafi heitið Brekkunes. Fyrir skipstöðu við Sæbólssjó frá Brekku og Villingadal hafi átt að koma fyrir stekkarstöðu í Brekkulandi, og hafi pláss verið ánefnt á hlíðinni frá sjó og að Sýkiseyri. Ítak segist Jón heyrt hafa að Brekkukirkja hafi átt í Nesdal. Vitanlegt segir Jón sér sé að hlíðin Brekkumegin hafi verið yrkt og slegin frá Sæbóli fram í Sýkiseyri og stekkur hafi þar staðið og standi frá Sæbóli, hann segist vera nær 40 ára og oftast verið á Sandi um sína tíð.

8. Framkom Ólafur Sigurðsson og sagðist aldrei hafa heyrt tvímæli á því leika að Brekka hefði ekki* átt til sjóvar að forngildu og áin sem rynni eftir miðjum dalnum hafi ei verið landamerki millum Brekku á aðra síðu og Sæbóls á aðra, þá það hefði í tal borist. Heyrt sagðist hann og hafa að Villingadalur hafi verið stekkur frá Brekku og eitt land til sjóvar, og að skipskaði 1 eður tveir

hafi skeð í Sandvík, og þar fyrir hafi þar af Brekkumönnum verið forlögð veiðistaða og hafi stekkjarsæðið í Brekkulandi komið fyrir skipsuppsátur við Sæbólssjó í fyrstu, heyrð segist hann hafa að Brekku bænhús hafi átt ítak í Nesdal og á heiðum. Eggert sáluga Sæmundsson segist Ólafur heyrð hafa banna þjónum sínum að skera þar jörð eður stinga Brekkumegin á hlíðinni og torf hafi hann látið reiða heiman frá bæ á stekkin. Vitað segist Ólafur að hlíðin hafi verið slegin og beitt Brekkumegin af forlagi Sæbóls eigenda fram í Sýkiseyri þegar stekkjarsæðið hefði nokkra tíma varað og fátækir menn hefðu búið á Brekku og Villingadal en eigendur á Sæbóli, þá hefðu Sæbóls eigendur fengið slægjur til láns af Villingadalsmönnum fyrir neðan Gvendarbrunn fyrir skipstöðu, en fyrir Brekkuskipið fram að Sýkiseyri. En þá þetta hafi komið í vana hefðu Sæbólsmenn viljað hafa 10 álna toll eftir hvert skip, síðan þá þessi tollur hafi nokkra tíma varað þá 20 álna leiga eftir hvört skip. Hann segist vona að þegar vitnisburður Guðmundar á Brekku sé heyrður muni ekki mikið á milli bera.

9. Framkom Þorleifur Bjarnason og segist heyrð hafa að hlíðin Brekkumegin hafi verið yrkt af Sæbóls eigendum fyrir skipstöðu Sæbólsmegin, og það segist hann heyrð hafa af Jóni heitnum Gissurssyni í Sæbólshúsum, og nesið við sjóvinn hafi verið kallað Brekkunes. Vitað segist hann að að hlíðin Brekkumegin hafi verið beitt og slegin af Sæbóls eigendum allan þann tíma sem hann segist til minnst, nú 40 ára gamall, allt inn að Sýkiseyri.

10. Framkom Eiríkur Bjarnason sem segist heyrð hafa að skipstæði Brekkumanna við Sæbólssjó hafi komið fyrir stekkjarsæði Sæbólsmanna í Brekkulandi, þetta segist hann heyrð hafa af Sigvati Ámundasyni gömlum manni. Vitað segist hann hafa að hlíðin Brekkumegin hafi verið beitt og sleginn af Sæbóls eigendum allan þann tíma sem hann segist til minnst inn að Sýkiseyri.

11. Framkom Koðrán Jónsson sem segist heyrð hafa af sér eldri mönnum að Brekka hefði átt til sjóvar og eftir þeirri á sem rennur eftir miðjum Sandinum og nesið sem þar væri við sjóvinn væri kallað Brekkunes og í Sandvík haft skipsuppsátur fyrir innan ána, og hefði það aftekið fyrir slæmri lending og skipskaða sem þar hefði orðið, ásamt sandi, og síðan hafi verið fengin skipstaða á Sæbóli fyrir stekkjarsæði. Heyrð segist hann hafa að Villingadalur og Brekka hafi verið ein jörð og Villingadalur hafi verið stekkjarsæði frá Brekku, og þar hafi búið 3 bræður, og 1 hafi tekið Villingadalb bústað, og þar af hafi þessi bær nafn tekið að bróðurinn sá hafi verið svo sem villtur frá hinum. Ítök segist hann heyrð hafa að Brekka hafi átt í Nesdal og heiðum. Vitað segist Koðrán að hlíðin Brekkumegin hafi verið yrkt og brúkuð af Sæbóls eigendum til sláttar og beitar, en heyrð segist hann hafa að Eggert sálugi hefði varast að láta

skera þar jörð og stinga. Stekkjartóftir mjög gamlar og kvíar niðursignar segja Þorleifur Bjarnason, Koðrán Jónsson, Eiríkur Bjarnason sé að finna í Sæbólslandi.

Monsieur Magnús Snæbjörnson, madame Þorkötu vegna, óskar og beiðist að endilega sé uppihaldið að dæma í þessu máli eður frekari aðgjörðir að hafa á því í þetta sinn, þess vegna að Sæból með því sem því fylgi hafi verið til eignar fengið sýslumanninum Ormi Daðasyni með contract anno 1723, 30. ágúst, og beri honum því sem viðkomandi lagasvörum uppihalda móti þeim sem vilja uppá það tala sem jörðunni yfir 20 ár fylgt hefur, áður en það undan henni gangi og dómur í því framfari. Protesterar monsieur Magnús því á móti að hafa neinn vanda af þessu, því hann viti þá ei nema sýslumaðurinn Ormur snúist að sér ef mót von sinni kynni dómurinn falla Sæbóli til afdráttar, að það skeð hefði fyrir sitt hirðuleysi eður framkvæmdarleysi, inntil þess víst svar kemur frá Ormi hvert hann vill hafa nokkuð með jörðina Sæból eður ekki. Capteinninn Magnús Arason óskar uppá föðurs síns vegna að vitnin eftir lög- unum megi takast í eið sem nú stefnt er hér að vitna svo vítt sem lögin leyfa, uppá það að héðan af þyrfti ekki ónauðsynlega fátækt fólk að þvingast frá sínu bjargræði, og vill ekki vegna hennar lovverge leysis líða víðari forhölnun í málinu, og óskar hér uppá endilegs interlocutorii dóms.

Ög féll hann svolátandi hér uppá: Allir þeir menn sem hér í dag hafa sagt sína heyrn um landamerki milli Sæbóls og Brekku skulu sanna hana nú strax með sínum eiði, að fráteknum Konráði Oddssyni, Ólafi Sigurðssyni og Eiríki Bjarnasyni, er vitnað hafa til lifandi manna að nokkru leyti sína heyrn, því það þessir allir hafa framborið um heyrnina er í aungvan máta til hnekkingar neinum vissum skjölum er síðar kynni fram að koma, eður þeim vitnum sem hér eftir kynni að leiðast um þetta pláss er Brekkumegin hefur yrkt verið frá Sæbóli, því þaug skjöl gjöra aungvan skaða þessum vitnum, þar vitnin hafa ekki borið nema heyrn sína er engin önnur vitni kunna aftur að bera, að þaug hafi ei þetta heyrt. En nokkurn dóm að gjöra um það hvort þetta land Brekkumegin skuli frá Sæbóli ganga á ei hér að gjörast fyrri en sýslumaðurinn Ormur Daðason, sem eigandi er til Sæbóls eftir madame Þorkötu gjörningi, er eftir ósk monsieur Magnúsar Snæbjörnssonar löglega aðvaraður og til staðar eður einhver af hans álfu að svara til þessarar ákæru er færð er uppá landið Villingadalsmegin, er Sæbóls eigendur hafa brúkað, svo framt Ormur vill sig þar til gefa, svo öngvum skjölum af hvorugs parti sé forskotið og þeir hafi ánægjanlegan tíma eftir lögum að koma að sér gögnum sínum ásamt svara til þess sem í dag og í gær hefur á þessum stað framfarið um þetta efni. En inntil þess að endilegur dómur er hér á genginn skal Sæbóls eigandi mega yrkja Villingadalsmegin, svo vítt sem frá Sæbóli hefur verið brúkað næstu 20 ár.

Hér eftir aflögðu þessir menn sinn eið af, svolátandi sem hér segir: Ég Jón Jónsson, Gísli Brandsson, Jón Bjarnason, Koðrán Jónsson, Ólafur Nikulásson, Björn Jónsson, Þormóður Magnússon og Þorleifur Bjarnason, tek guð til vitnis að ég hefi framsagt um landamerki milli Brekku, Villingadals og Sæbóls og þess ásigkomulag það sem vér höfum heyrt og vér vitum ekki meira, réttara og sannara fyrir guði en það sem vér höfum vitnað, svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium. Þetta framanskrifað var upplesið herra capiteininum áheyrandi ásamt monsieur Magnúsi Snæbjörnssyni sama stað, ár og dag sem fyrr segir, hvað allt staðfestist að svo framfarið hafi með undirskrifuðu nafni, Markús Bergsson mpp.

Dómur sem gekk í þjófnaðarmáli

Péturs Jónssonar á Eyri.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að anno 1727 að settu héraðsþingi að Hóli í Buðlungavík þann 3. júlí að tilnefndum Benedikt Hannessyni, Þorgrími Ólafssyni, Kolbeini Snæbjörnssyni, Hafliða Árnasyni, Guðmundi Jónssyni, Bjarna Ketilssyni, Jóni Jónssyni og Bjarna Jónssyni að sitja réttinn á þessum degi. Mættu fyrir réttinum lögréttumaðurinn monsieur Ólafur Jónsson ásamt Pétur Jónsson, hver Pétur hefur meðgengið að hann hafi rofið skrifhúsið á Eyri í Seyðisfirði og úr kistum þar innlæstum stolið 1 rixdal specie og sléttum dal, ásamt sápuþykki, vaxmola, sjálfskeiðingshníf og nokkrum skjölum. Var nú greindur Pétur uppá nýtt aðspurður fyrir réttinum hvert hann játaði sig stolið hafa áður skrifuðu, hverju hann laus og liðugur óneyddur viðgöngu veitti og sagði þar hjá að sá rixdalur sem fannst undir Kálfadal í vor í kistu sinni og sá sléttidalur sem hreppstjórinn Páll hafði auglýst að hann sér fengið hefði væri þeir sömu er hann hefði úr skrifhúsinu á Eyri stolið úr læstum kistum, sem hann segir að hann með lykli upplokið hefði. Ánægður kveðst Pétur vera þó hann fyrir þennan sinn þjófnað á þessum stað og degi dóm líði.

Lögréttumaðurinn Ólafur kveðst aungvar sakir gefa Pétri á þessum hans þjófnaði, svo hann þar fyrir skuli hverki refsing líða eður sér bæta að því leyti sem sína sök snerti. En fyrir það að Pétur þessi hafi úr vist hlaupið þann 18. maí næstliðinn, sem var dagurinn eftir það hann hafði í skrifhúsið farið, og í burt úr vistinni verið til þess 21. júní, forlíkuðust þeir svo um að fyrir þann vinnuþing skyldi Ólafur hafa það kaup sem Pétri hefði borið að uppbera fyrir næstkomandi ár, með hvað Pétur var vel ánægður og játaði Ólafur að um þetta hans burthlaup væri svo af sér úttalað. Frekara segist hver um sig ekki hafa fram að bera og féll hér á svolátandi dómur sem eftir fylgir: Pétur Jónsson, sem óneyddur hefur játað nú í dag fyrir þessum rétti sig stolið hafa rixdal og

sléttum dal, sáputykki, vaxi og sjálfskeiðingshníf frá lögréttumanninum Ólafi Jónssyni, skal fyrir þann sama þjófnað líða allt sem íslensk lögbók í þjófabálks 1. capitula ákveður um merkurstuld, en fáir hann nú ei strax á þessu þingi fullveðja borgunarmann að svara þeirri 13 marka sekt til kóngsins er hann dæmist skyldugur að borga þá líði hann þar fyrir líkamlega refsing. Lögréttumanninum Ólafi Jónssyni eru því ei af Pétri bætur dæmdar að hann hefur uppgæfið sína sök. Þessi dómur var upplesinn lögréttumanninum Ólafi og Pétri áheyrandi, og þar þessi Pétur fékk aungvan borgunarmann var refsingin fyrir bæturnar sem á hann dæmdar voru álögd. Þetta framanskrifað staðfesti ég með undirskrifuðu nafni sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Markús Bergsson mpp.

1728

Process sem gekk í stefnumáli og
lífleysissök Jóns Jónssonar og Þorvörar
Bjarnadóttur anno 1728 dag 5. mars.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, ásamt vér tilnefndir dómsmenn í þessu máli, Ólafur Jónsson lögréttumaður, Jón Bjarnason, Einar Jónsson, Hallur Jónsson, Eldjárn Þorvarðsson, Jón Jónsson, Hafliði Árnason og Jón Steinsson, gjörum hér með vitanlegt að anno 1728 þann 5. mars að Unaðsdals settu héraðsþingi mættu fyrir réttinum Jón Jónsson og Þorvör Bjarnadóttir, og var eftirskrifuð stefna upplesin:

Ég Markús Bergsson stefni þér Jón Jónsson og þér Þorvör Bjarnadóttir til Unaðsdals á Snæfjallaströnd á þann 5. dag marsmánaðar anno 1728 þar fyrir réttinum að mæta og dóm að þola fyrir ykkar augljóst barneignarbrot í hördómi og mægðaspjöllum, eftir sem á þeim stað og degi má eftir lögum gjörast. Til merkis mitt nafn að Ögri anno 1728 dag 13. febrúar, Markús Bergsson mpp.

Ofanskriðuð stefna var upplesin að Skarði við Snæfjallaströnd þann 16. febrúar Þorvöru Bjarnadóttur áheyrandi. Vitna undirskrifaðir, Þorvarður Jónsson, Sveinn Jónsson.

Anno 1728 dag 15. febrúar var þessi stefna upplesin Jóni Jónssyni áheyrandi að Ögri. Til vitnis Þorvarður Jónsson, Sigmundur Þórðarson.

Stefnuna játuðu þaug sér bæði birta eftir sem hennar uppáskrift auglýsir. Aðspurði nú sýslumaðurinn opinberlega fyrir réttinum Þorvöru Bjarnadóttir hvert Jón Jónsson, ektamaður hennar hálf systur Guðrúnar Jónsdóttur, væri holdlegur faðir að því barni sem hún hefði í heiminn fætt á milli þess 16. og 17.

desember næstliðið ár 1727. Til hvers hún nú laus og liðug ljúflega já sagði, að greindur Jón væri faðir að því en enginn annar. Þar næst spurði sýslumaðurinn téðan Jón Jónsson hvert hann væri faðir að því barni sem Þorvör þessi Bjarnadóttir hefði í heiminn fætt milli þess 16. og 17. desember 1727 og hún nú fyrir réttinum hefði lýst hann föður að, hvörju hann laus og liðugur játaði og meðgöngu veitti. Var nú eftir þeirra ósk þessum manneskjum settur hreppstjórinn Þorvarður Jónsson til talsmanns að eftirsjá og framfæra sérhvað er hann kynni þeim til málsbóta sjá í þessu stórmæli, og óskaði velnefndur Þorvarður að þetta eftirskrifað beþenkt yrði: Að þessi kvensvipt Þorvör væri ei utan hálf systir að móðurinni við konu Jóns og sýndist þar fyrir fjarskyldari en alsystir, sem ráða mætti af erfðatali að alsystir stæði öndverðlega í 3. erfð en sammædd systir síðast í 4., og óskaði að athugaðist að svo sem hún hefði minni rétt erfðarinnar en alsystir, hvert það væri ekki tilbærilegt að hún væri minna straffi undirorpin heldur en að systkin félli saman. Segist hann og vona að þaug muni ekki hafa haft vit á sjálf að öðruvísi mundi vera. Jón Jónsson og Þorvör Bjarnadóttir segjast ekki hafa haft vit á að við svofelldar mægðir lægi lífleysi.

Þessi Þorvör tjáist nú 23 ára gömul og játar þingsóknin að þeir hafi ei betur vit á en Þorvör þessi megi reiknast með fávísustu kvenmönnum á hennar aldri af þeim sem með heilu viti eru taldir, sem marka mætti af hennar orðum og verklagi, hafi og þar með misst móðurina tvævetur, síðan verið með litliri til sögn er til fróðleiks heyrir uppalin, þar hún kann nú að segja aungvan verkshátt sem hennar aldri sambýður að kunna. Það hennar framferði viðvíkur þá bera allir nálægir menn er hana þekkja að hún hafi hagað sér frómlega og meinlauslega frá því hún var í heiminn fædd að þessum glæp fráteknum. Þessi Jón Jónsson fær og erlegan og meinlausan vitnisburð af nálægum sveitarmönnum og aðkomandi um allt sitt framferði að þessu fráteknu. Framar undirréttar talsmaður þeirra að kona Jóns, Guðrún Jónsdóttir nú veik með 5 þeirra ungbörnum, hjálparlítil, vilji hjartans fegin taka þennan sinn mann aftur ef hann á lífinu náðaðist. Frekara kveðst hverki Þorvarður eður þessar persónur hafa sér til málbóta fram að leggja. Og var svolátandi dómur uppsagður í þessu stórmæli sem eftir fylgir:

Jón Jónsson og Þorvör Bjarnadóttir, sem viljuglega hafa hér fyrir réttinum játað að þaug hafi aflað barn saman í hördómi og í þeim mægðaspjöllum að kona Jóns er hálf systir Þorvarar Bjarnadóttur, hafa bæði með þessari sinni barneign forbrotið sitt líf eftir hljóðan Stóradóms confirmeruðum af Friderich 2. háloflegrar minningar 1565, ásamt Norsku lögum 6. bók, 13. capitula, articula 14, samanbornum við Guds lov Leviticus 18. capitula. En þar eftir heimaþingsdómi ber ekki execution að ske í dauðamálum fyrr en hann er af æðra rétti staðfestur, þá er þessum dómi vísað undir veledla herra lögmansins norðan og

vestan á Íslandi confirmation. Það er og sett til herra lögmannsins atkvæða hvert honum sýnist að upphaldist lífið að taka af þessum manneskjum til kóngsins úrlausnar fyrir það er talsmaður þeirra hefur framfært og processen umgetur. Dómurinn var upplesinn Jóni Jónssyni, Þorvöru Bjarnadóttur ásamt þeirra talsmanni Þorvarði Jónssyni áheyrandi þann 5. dag mars, hvern vér staðfestum með undirskrifuðum nöfnum og áþrykktum signetum, Markús Bergsson mpp.

Anno 1728 þann 13. apríl að settu manntalsþingi að Hóli að nálægum eftirskrifuðum þingheyrurum, Kolbeini Snæbjörnssyni, Guðmundi Jónssyni, Birni Ketilssyni, Bjarna Jónssyni, Bjarna Jónssyni, Jóni Jónssyni, Jóni Jónssyni og Örnólfi Jónssyni, fór fram þetta eftirskrifað. Aðspurði sýslumaðurinn Markús Bergsson lögréttumanninn Ólaf Jónsson hvað hann hefði framkvæmt í því máli Jóns Guðmundssonar sem hann hefði næstliðinn vetur nefnt hann til að sækja hans vegna mót Sigmundi Sæmundssyni og öðrum eftir skriflegri anklögun greinds Jóns áhrærandi jarðarverð hjá Sigmundi Sæmundssyni á 6 hundruðum í Víðidalsá og 1 hundraði 25 álnum í Veðrará, ásamt ófrægðarskrif sem sama anklögunarbréf sér líkast hermir, daterað Ögri dag 5. nóvember 1727 með Jóns Guðmundssonar undirskrifuðu nafni:

Svo sem ég undirskrifaður þykist stórum vanhaldinn og óforrétt[ður] í eftirskrifuðu og ég fyrir fátæktar og vankunnáttu sakir er ekki fær [um] minn rétt að sækja, þá óska ég að þér virðuglegi sýslumann Markús Bergsson hjálpið mér til réttar í þessu sem ég hér inn fyrir yður klaga.

1. Að ég hefi nú í sumar spurt að Sigmun[ður] Sæmundsson hafi anno 1724 þann 25. apríl framsent til upp[lest]urs á Tunguþingi eitt kaupbréf daterað Meirihlíð 1718, 24. mars, [hvar] inni standi að ég hafi selt honum 6 hundruð í Víðidalsá í Strandasýslu [fyr]ir 12 hundruð í lausafé ásamt kvittantiu uppá andvirði sömu 6 hundraða í Víði[dals]á undir mínu nafni og þriggja manna undirskriftum, nefn[ilega] Páls Narfasonar, Tómasar Jónssonar og Ólafs Þórðarsonar dateraða 17[18] dag 20. desember. Nú þó mig ranki við að þá ég var þénari Sigmundar Sæmundssonar hafi hann tilkomið mér að selja sér gre[ind] 6 hundruð, samt neita ég að Sigmundur Sæmundsson hafi greitt eður goldið mér til þessa dags nokkra fjármuni til betalings fyrir nefnd 6 hundruð í Víðidalsá, og þess vegna hefi ég ekki kunnað að gefa hann þar kvittan um og hef ekki gjört, og þar ég hafði ekki andvirðið [uppborið] og Sigmundur aldrei hafði mér það boðið var ég afhuga að hann vildi uppá nefnt kaup halda, inn til þess ég spurði með sanni að hann hefði þessi 6 hundruð burtu fengið. Hvers vegna ég óska að Sigmundi Sæmundssyni stefnist að forsvara greint kvittantiublað ásamt Páli Narfasyndi, Tómasi Jónssyni og Ólafi Þórðarsyni undir svarinn eið að staðfesta

með eiði eður fráganga að heyrta hafi af mér það er sa[ma] kvittantiublað uppá mig hermir. Svo og hvert þeir hafi skrifað eður skrifa látið sín nöfn þar undir og hvert þeir neita eður játa, [og] að vera tilþenkta til þeirra spursmála svara þessu viðvikjandi er þeir kunna hér úti aðspurðir að verða. Og ef mót von minni að þeir sanna eður bevísu að nefnt kvittantiublað sé af mér útgefið löglega, beiðist ég að Sigmundi sé tilhaldið að nefna þá aura [á] nafn er hann vill kalla ég meðtekið hafi, og ef hann þá nefnir að þingsókninni sé tilhaldið að vitna um það hvert vitað hafi ég haft hafi soddan aura meðferðis, svo sá okkar Sigmundur megi þá sverja sögu sína sem trúanlegri er. En ef honum bregst vitni að ádurgreindri kvittantiu þá óska ég dóms yfir honum fyrir sérhvað er þar úti finnst ólöglega gjört af hans álfu. Svo og óska [ég] honum stefnist dóm að þola hvert Sigmundur skuli ekki betala mér fullt andvirði 6 hundruða í Víðidalsá eftir sem kaupbréf heldur eður svara mér jörðunni aftur og ágóða af henni eður því, síðan 1718, ásamt kostnaði sem hann hefur orðsakað mér með þessu.

2. Klega ég fyrir yður að eftir sem Sigmundur Sæmundsson hefur og á ádurgreindu Tunguþingi látið upplesa eitt bréf daterað 1718, 24. mars, hvert hermir að ég hafi selt honum hundruð tuttugu og fimm álnir í Ytri-Veðrará fyrir tvö hundruð í lausafé. Nú hefur Sigmundur þetta hundruð 25 álnir í jörðinni að sér tekið en aungvu mér það fyrir betalað til þessa, hvers vegna ég óska honum stefnist dóm að þola hvert hann sé ei skyldugur að betala mér andvirðið með ágóða eður láta þetta 1 hundruð 25 álnir laust við mig í jörðunni, með því sem þar hefur afgangist síðan 1718.

3. Hefi ég séð og heyrta lesið eitt blað undir nafni Páls Narfasonar, Tómasar Jónssonar og Ólafs Þórðarsonar, hvar inni er hermt að ég hafi játað mig stolið hafa úr skemmu Sigmundar Sæmundssonar og mjólkað hans kýr og ég hafi látið mitt nafn þar undir skrifa, hvern greindan seðil dateraðan Meirihlíð 1718, 20. desember, að öllu leyti sem mig snertir ég yfirlýsi uppá mig ósannferðulega digtaðan. Hvers vegna ég óska að greindum mönnum sé stefnt að svara til nefnds seðils og ef þeir, einn eður fleiri, játa að hann útgefið hafi þá að vera tilþenkta að svara til alls þess sem af minni álfu verður framlagt greindum þeirra framburði til hnekkingar. En vilji þeir móti ganga, að þeir sverji þá að sín nöfn hafi ei verið sér vitanlega undirskrifuð. Svo og óska ég að Sigmundi Sæmundssyni sé stefnt til að fría sig frá með eiði ef getur, að þetta blað hafi ei skrifað eður skrifa látið og í aungvum ráðum þar með verið, eftir sem sjáanlegt er að honum hafi það viðkomið, og að alvarlega athugist hvers hönd á því sé, en hver af þessum mönnum, einn eður allir, verða sekir í þessu blaði, óska ég dóms yfir hverju þar fyrir skulu sekjast.

Uppá allt þetta sem ég þykist stórum vanhaldinn úti óska ég að sýslumaðurinn Markús Bergsson hjálpi mér til réttar um og setji mér talsmann til að

framfylgja þessari minni framanskrafaðri áklögun, bæði að láta stefna greindum mönnum þar um og þeim sem tilhlýðir, og síðan á þingi fyrir mínu máli að standa. En þeir eignist fyrir ómakið billega af því sem ég á hjá Sigmundi. Vilji og Sigmundur Sæmundsson lögsóknalaust hér um forlíkast og strax refjulaust betala allt það ég að honum á fyrir jarðarverðin eftir kaupbréfunum, og gefa mér erlegan vitnisburð, og aðrir sem þar að lúta, þá hefur minn talsmaður með sýslumannsins Markúsar ráði og samþykki fullan myndugleika til að forlíkast við Sigmund Sæmundsson um allt þetta hér innfært sem ég hefi honum titalað um. Öllu framanskrifuðu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn hér undir skrifað ásamt þeirra góðra manna er hér til sanninda undir skrifa uppá það að ég hefi mitt nafn óskað að láta undirskrifa, og að allt hér innfært sé rétt uppskrifað eftir minni bón og begering og ég vilji að þessu sé framfylgt.

Ögri dag 5. nóvember anno 1727, Jón Guðmundsson.

Viðstaddir vorum við undirskrifaðir þá Jón Guðmundsson beiddi að sitt nafn væri hér undirskrifað og að hann hefði óskað að sérhvað væri svo skrifað sem hér er innfært, hvar um til sanninda er okkar nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Sigmundur Þórðarson, Þórður Narfason.

[000000 u]ndirskrifaður Jón Guðmundsson og ljúflega játa, að ég Jón Guðmunds[son 0000] hvað sem framkemur og ljúflega játa nú í votta þessara viður[vist] að ég Jón Guðmundsson hefi oftsinnis stolið leynilega úr skemmu Sigmundar Sæmundssonar læstri, það án allrar þarfar minnar, svo og líka játa ég Jón Guðmundsson mig oftsinnis mjólkað hafa kýr Sigmundar Sæmundssonar með leynd og stelandi hendi í hans fjósi Meirihlíð, bæði nætur [og da]lga. Undir þessa mína ljúflega játun læt ég skrifa mitt nafn [hér undir] ásamt þessum vottum er sín nöfn hér undirskrifa Meirihlíð [dag 20. desem]ber anno 1718. Jón Guðmundsson handsalaði sitt nafn hér undir, [Tómas Jón]sson meh, Páll Narfason, Ólafur Þórðarson hs.

Hvar til lögréttumaðurinn monsieur Ólafur svaraði að Sigmundur Sæmundsson hefði lofað bréflega að svara andvirði téðra jarðarparta sem Jón uppátalar með 3 hundruðum í Geirastöðum og 7 hundruð í lausafé, hvar uppá hann framlagði svolátandi bréf sem eftir fylgir:

Uppá sáttarboð lögréttumannsins Ólafs Jónssonar sem talsmaður er settur Jóni Guðmundssyni í Dýrafirði, í því máli er hann kærir til mín og sjá má á hans útgefnum memorial, þá svara ég svo þar til að ég Sigmundur Sæmundsson fæ Jóni Guðmundssyni til fullkomlegrar eignar nú strax 3 hundruð í jörðunni Geirastöðum í Bolungarvík sem mín eign er og átta vertolla sem gjaldast eiga mér og minni kvennu Helgu Þorkelsdóttur á næstkomandi vori eftir þaug skip sem á minni og hennar lóð róa í Bolungarvík, og fimm hundruð í þarflegum landaurum sem að betalast skulu af mér í næstkomandi fardögum 1728. En ég

tilskil að eiga fyrstur manna lausn á 3 hundruðum í Geirastöðum, sem ég lofa í næstu fardögum skulu betalast með 24 rixdölum, annars séu þessi þrjú hundruð ævinleg eign Jóns Guðmundssonar. Skal þetta statt og stöðugt standa í allan máta og kvittera þaug jarðarhundruð sem Jón Guðmundsson kvartar um að hann hjá mér óbetöluð eigi. Ofan- og framanskriфуðu til meiri myndugleika og staðfestu skrifa ég mitt nafn undir ásamt undir set vanalegt signet, Meirihlíð dag 28. febrúar anno 1728, Sigmundur Sæmundsson LS.

Viðstaddir vorum við undirskrifaðir að Helga Þorkelsdóttir samþykkir og lofar að það sér viðkomi og hún eigi af þeim vertollum sem í Meirihlíðarlandi gjaldast eiga á næstkomandi vori séu eign Jóns Guðmundssonar sem ofanskriфуað bréf hermir, hvar uppá hún handsalar sitt nafn hér undir skrifa sama stað og dag sem fyrir ofan skrifað stendur, Helga Þorkelsdóttir, Björn Bjarnason, Jón Jónsson.

Hverju bréfi Sigmundur Sæmundsson viðgöngu veitti og játaði að hann vildi við það standa og að þessi 7 hundruð í lausafé og 3 hundruð í jörðunni Geirastöðum liggjandi í Bolungarvík eigi að vera andvirði greindra 6 hundraða í Víðidalsá og 1 hundraðs 25 álna í Veðrará eftir sem Sigmundur Sæmundsson hafi í kaupbréfunum fyrir þessum jörðum, dateruðum 1718, 24. mars og 4. apríl, lofað Jóni Guðmundssyni fyrir þær að betala. Þessu næst aðspurði sýslumaðurinn monsieur Ólaf hvað Sigmundur hefði lofað að svara fyrir ágóða af þessum 14 hundruðum í lausafé nú nær í 10 ár sem hann hefði innihaldið, þar Jón í sama bréfi eins eftir honum kalli sem andvirðinu. Hvar til sýslumaðurinn segist svo vel hafa sett monsieur Ólaf til að sækja hann sem höfuðstólinn, svo sá hinn fátæki þurfi í neinu að óforréttast. En þar Sigmundur vill ekki þessum ágóða svara, þá tilsegir sýslumaðurinn monsieur Ólafi uppá ný þetta með lögum sækja hið fyrsta af Sigmundi Sæmundssyni svo Jón mætti fá sinn rétt, og vill hafa sig afsakaðan ef þar úti skeður nokkur forsómun en undir og í ábyrgð monsieur Ólafs, en lofar að monsieur Ólafur skuli uppbera fyrir allan billegan kostnað sem hann kann fyrir þessu máli hafa.

Enn framur aðspurði sýslumaðurinn monsieur Ólaf hvað hann hefði drifið um þann seðil sem greindur Jón hefði yfirklagað í fyrrnefndri angefningu, að út væri genginn undir 3ja manna nöfnum í Bolungarvík og sínu nafni þar undirskriфуðu sér til minnkunar og vanæru, og beðið að styrkja sig þar til réttar um og sagðist monsieur Ólafur ekkert þar úti hafa gjört, heldur framlagði sama seðil dateraðan Meirihlíð, 20. desember 1718, með undirskriфуðu nafni Jóns Guðmundssonar, Tómasar Jónssonar, Ólafs Þórðarsonar og Páls Narfasonar, sem upplesinn var og hljóðar um að hann Jón hafi játað að hann hafi stolið úr skemmu Sigmundar og mjólkað hans kýr, og játar ekki Sigmundur né hinir 3 inntakinu og leggur Páll Narfason það til að hann sé ei forþenkur hér til að

svara í þetta sinn. Ólafur gengur aldeilis frá að hann hafi heyrt seðilsins inntak og þar monsieur Ólafur hefur undanfelld hér frekara hingað til dags eftir að sækja aðvarar sýslumaðurinn hann hér úti löglega að drífa og afhenti honum svo fyrir réttinum þennan seðil aftur til allrar ábyrgðar og vöktunar að ei fargist og skrifaði uppá hann að hér* hefði verið upplesinn. En þar þetta mál hefur ekki verið stefnt hingað til í dag og kann því ekki víðara um að gjörast, þá ábyrgir sýslumaðurinn þeim þá forsömun sem það hafi átt að gjöra, hvaða undandráttur, skaði og uppihald sem þar af orðsakast kann, og protesterar að hér við skuli ei kónglegrar majestatis interesse er viðliggja kunni neina þornun líða, heldur opið standa og ókvitt nær uppátalað verður og rannsakað þetta mál frammar. Framanskrifað er rétt uppskrifað eftir protocolnum, hvað vitnar Markús Bergsson mpp.

Dauðadómur sem gekk í hórdómsmáli Eysteins Jónssonar 1728.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, ásamt vér tilnefndir dómsmenn í þessu stórmæli, Jón Hannesson, Þórður Jónsson, Þorgrímur Ólafsson, Árni Sæmundsson, Jón Jónsson, Markús Jónsson, Jón Jónsson og Jón Jónsson, gjörum hér með vitanlegt að anno 1728 þann 24. apríl að settu héraðsþingi að Ögri kom fyrir réttinn Eysteinn Jónsson sem Valgerður Sveinbjörnsdóttir anno 1727 barn kenndi, hvar um process hefur gengið á Unaðsdalsþingstað 4. júní 1727, hver nú var opinberlega upplesinn, og þar greindur Eysteinn var um það skeið burthlaupinn úr sínum áthaga, þá var hann í sama dómi dæmdur rétttækur hvar sem hittast kynni til að færast í þessa sýslu og þá annaðhvert löglega að fría sig frá lýsingu Valgerðar eður endilegan dóm að líða. Nú nýlega fyrir tilhlutan sýslumannsins Markúsar var þessi Eysteinn uppleitaður og fundinn í Strandasýslu og færður á heimili sýslumannsins næstliðinn 16. apríl.

Var nú téður Eysteinn Jónsson aðspurður hvert hann hefði hórdómsverknað framið með Valgerði Sveinbjörnsdóttir og hvert hann væri faðir að því hennar barni sem hún hefði í heiminn fætt 14. dag apríl 1727, hverju Eysteinn Jónsson laus, liðugur og óneyddur játaði og viðgöngu veitti, að hann væri faðir að greindu barni Valgerðar, svo og játaði Eysteinn þessi að hann hefði áður barn átt framhjá konu sinni í hórdómi við liðugri persónu, þar eftir giftur fallið í hórdóm með giftri persónu og nú í þriðja sinn með giftri Valgerði Sveinbjörnsdóttur að sinni konu enn nú lifandi og í ektaskap við hana verandi, svo það allt satt væri sem uppá hann skrifað væri í áðurgreindum process er gekk að Unaðsdal 1727 dag 4. júní. Ekkert sagðist hann hafa sem sér til málsbóta

finnast kynni í sögðu stórmæli eður til neinnar afsökunar og öngva orðsök hefði sín ektakvinna gefið sér til sinna lösagtugheita, heldur breytt og búið við sig erlega sem góðri konu velsæmdi að breyta við duglegan mann, bæði með tryggð og dyggð og öllu atlæti og ætíð sem áður eftir sín brot tekið sig aftur til hjónabandsins. Ánægður kveðst hann og vera þó nú í dag á þessum stað gengi dómur á þetta sitt hórdómsbrot, því hann hefði ekki neitt til frelsið þar úti fram að leggja, heldur gæfi sig á guðs vald og manna að gjöra við sig sem þeim sýndist.

Hvers vegna svolátandi dómur var í þessu stórmæli af oss sameiginlega uppsagður sem eftir fylgir: Eysteinn Jónsson, sem einu sinni hefur fallið í einfaldan hórdóm og tvisvar í tvöfaldan hórdóm framhjá konu sinni, hefur þar fyrir lífið forbrotið eftir Stóradóms hljóðan sem confirmeraður var af kóng Friderich 2. háloflegrar minningar 1565 utan kóngur vilji meiri miskunn ágjöra. En þar eftir heimaþingsdómi óconfirmeruðum af æðra rétti má ei lífið taka af greindum Eysteini þá vísast þessum dómi undir veledla herra lögmansins norðan og vestan á Íslandi confirmation á næsta Öxarár alþingi sem haldið verður 1728. Dómurinn var upplesinn Eysteini Jónssyni áheyrandi sama stað, dag og ár sem fyrr segir, hvern vér staðfestum með undirskrifuðum nöfnum, Markús Bergsson mpp.

Eftirskrifað kaupbréf var upplesið á Auðkúlu manntalsþingi 1728 þann 19. maí:

Anno 1726 þann 17. apríl framfór og staðfestist svofelldur kaupmálagjörningur á milli þessara eftirskrifaðra manna af einni álfu séra Halldórs Pálssonar en af annarri velnefnds yngismanns Árna Bjarnasonar, faldist það og skildist undir þessara manna fyrnefndum skilmála að séra Halldór Pálsson selur velræmdum yngismanni Árna Bjarnasyni fimm hundruð úr jörðunni Hokinsdal liggjandi í Hrafnseyrarkirkjusókn og Ísafjarðarsýslu, með öllum þeim gögnum og gæðum er greindum jarðarparti fylgt hefur og fylgir, undan sér og sínum erfingjum en undir Árna Bjarnason og hans erfingja. Hér í mót geldur og greiðir velnefndur yngismann Árni Bjarnason þrjátígi rixdali in specie í andvirði þessa jarðarparts, um hvorn og hvörnig er að honum kominn skal hann af mér skýrslu fá ef áliggur. En á þessari stundu uppí andvirði svo að afgreiddum þrjátígi rixdölum segi ég að vera eign áðurnefnds Árna, með því hann að næstu fardögum til sín taki áðurnefndan part. En hvað kúgildum með áðursögðum parti viðkemur að næstkomandi fardögum kunnum við að forlíkast. Að þessu svo undirskrifuðu erum vér tilkallaðir uppá þennan gjörning sem hér fráskýrir, af degi og dato eftir sem fyrr segir, með hendi seljandi og kaupandi, Halldór Pálsson meh, Björn Halldórsson, Árni Bjarnason meh, Guðmundur Þorbjörnsson meh, Bjarni Úlfsson, Tómas Tómasson, Bjarni Jónsson hs.

Anno 1728 þann 19. maí að settu manntalsþingi að Auðkúlu var svolátandi bréf upplesið sem eftir fylgir:

Anno 1726 dag 18. apríl að Álftamýri við Arnarfjörð framfór svofelldur kaupgjörningur milli þessara manna, af einni álfu þess fróma heiðursmanns Guðmundar Þorbjörnssonar fyrir sig og bróður hans Jón Þorbjörnsson, en af annarri erlegs yngismanns Árna Bjarnasonar.

1. Selur áðurnefndur Guðmundur Þorbjörnsson fyrir sig og bróður sinn Jón Þorbjörnsson fyrrgreindum Árna Bjarnasyni hálf tveggja hundruð í jörðunni Hokinsdal liggjandi í Ísafjarðarsýslu og Hrafnseyrarkirkjusókn með öllum gögnum og gæðum, hlutum og hlunnindum til lands og vatns sem fyrrgreindu hálfu enu þriðja hundruði í áðurtéðri jörðu fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju, að öllu tilskildu en öngvu fráteknu, undan þeim og þeirra erfingjum en undir fyrrgreindan Árna Bjarnason og hans erfingja til ævinlegrar eignar og frjáls forræðis upp héðan.

2. Hér á móti í andvirði fyrir ofanefnt hálf tveggja hundruð í hérgreindri jörðu afgreiðir nú Árni Bjarnason fyrrnefndum dánumanni Guðmundi Þor[björns]syni fimmtán rixdali in specie og kvitterar hann [svo fyrir] sig og bróður sinn Jón Þorbjörnsson áðurnefndan Árna Bjarnason um betaling fyrir hálf tveggja hundruð í áður áminnstri jörðu.

3. Lofar Árni Bjarnason að halda þessu sínu kaupi til laga en Guðmundur Þorbjörnsson lofar að svara lagaríftingum ef kaupið að lögum aftur gengur.

Og uppá þetta allt ofanskrifað höfðu þeir fullkomin handsöl sín á milli í vorra hér undirskrifaðra viðurvist, hvar um til merkis þeir báðir undirskrifa sín nöfn ásamt vorum sama stað, ári og degi sem fyrr segir. Guðmundur Þorbjörnsson meh, Árni Bjarnason meh, Egill Bjarnason meh, Bjarni Úlfsson meh, Bjarni Sigurðsson meh.

Anno 1728 þann 22*. maí að settu manntalsþingi að Mosvöllum var svolátandi bréf upplesið sem eftir fylgir:

Anno 1727 þann 23. júní að Ögri við Ísafjarðardjúp vorum vér undirskrifadír viðstaddir og áheyrandi að Kolbeinn Magnússon seldi og til fullkomlegrar eignar fékk sýslumanninum Markúsi Bergssyni sex hundruð í jörðunni Ytri-Veðrará liggjandi í Önundarfirði og Holtskirkjusókn með öllum þeim gögnum og gæðum til lands og vatns er greindum 6 hundruðum í Veðrará fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju, undan sér og sínum erfingjum en undir ævinlega eign sýslumannsins og hans erfingja hér eftir, og þetta segist Kolbeinn gjöra til að betala með andvirði þessa parts þær skuldir sem hann sér til þarfa hafi orðið að gjöra við aðra menn. Hér í mót til andvirðis fyrir greind 6 hundruð í Veðrará betalaði sýslumaðurinn Markús Kolbeini Magnússyni 9 hundruð í

lausafé, sem var 24 rixdalir specie og þrjú hundruð í lausafé, með hvert andvirði Kolbeinn kveðst aldeilis ánægður vera og gefur sýslumanninn kvittan þar um, og tilsegir Kolbeinn að sýslumaðurinn Markús skuli sömu jörðu nú strax að sér taka ásamt þar standandi hús til alls ágóða og umráða uppfrá þessum degi. Framar tilskilur Kolbeinn að sýslumaðurinn Markús haldi þessu kaupi til laga ef nokkur átelja vilji, en hann lofar lagaríftingum svara og aðra jafngóða jörð sýslumanninum greiða ef kaupið að lögum aftur gengur ásamt allan skaða betala sem sýslumaðurinn þar af hlýtur ef jörðin af honum gengur. Og höfðu þeir sýslumaðurinn Markús og Kolbeinn fullkomin handsöl uppá ofanskrifuð kaup að stöðugt standa skyldi, hverju til styrkingar þeir ásamt okkur tilkölluðum vottum [setja] sín [nöfn hér] að neðan sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Markús Bergsson mpp, Kolbeinn Magnússon, Ólafur Jónsson, Sigmundur Þórðarson.

1729

Dómsprocess sem framfór um helgidagsbrot Jóns Loftssonar.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að þann 21. apríl innverandi árs 1729 settu manntalsþingi að Nauteyri nálægum hérgreindum þingvitnum, Jóni Bjarnasyni, Þorgrími Ólafssyni, Ara Jónssyni, Andrési Skúlasyni, Ólafi Bjarnasyni, Eiríki Pálssyni, Jóni Bjarnasyni og Jóni Jónssyni, var upplesin eftirskrifuð stefna:

Eftir sem ég undirskrifaður hefi spurt að Jón Loftsson á Brekku í Kirkjubólssókn á Langadalströnd hafi næstaflíðna hvítasunnuhátíð gengið framhjá Vatnsfjarðarkirkju og skilið sig frá þeim sem til kirkjunnar og embættisgjörðarinnar ferðudust, og verið svo á ferð þann sama dag. Hvers vegna ég Markús Bergsson stefni þér áður nefndur Jón Loftsson til Nauteyrarþingstaðar á þann 21. apríl fyrir réttinum að mæta anno 1729 dóm að líða um þetta þitt framferði, reisu og ferðalag á sjálfri hvítasunnuhátíðinni, ásamt kirkjunnar og embættisgjörðar forsómun af þér að sækja. Vertu árdegis kominn á sagðan stað og dag með þær málsbætur sem þú kannt hafa þér til forsvars fram að leggja í sögðu efni og bíð svo lengi á þinginu að dómur er hér á genginn. Þessa stefnu óska ég þér birti löglega Árni Sæmundsson og Hallur Jónsson, hverja ég staðfesti með undirskrifuðu nafni að Ögri anno 1729 dag 23. mars, Markús Bergsson mpp LS.

Þessi stefna var upplesin að Brekku í Langadal dag 26. mars Jóni Loftssyni áheyrandi og þar af gienpartur afhentur. Til vitnis undirskrifuð nöfn anno 1729, Hallur Jónsson, Árni Sæmundsson.

Var þessi greindur Jón Loftsson hér til staðar og játar téða stefnu hafi verið sér birta, svo sem hennar uppáskrift hljóðar.

2. Var þetta upplesið:

Það auglýsi ég undirskrifaður að ég hefi á næstliðnu sumri opinberlega afleyst Jón Loftsson fyrir helgibrot og kirkjunnar forsómun, þar hann á þann fyrsta dag hvítasunnuhátíðar yfir Mjóafjörð kom ásamt fólkinu frá Látrum sem ferðaðist þann dag til Vatnsfjarðarkirkju, gekk úr þeirra selskap framhjá kirkjunni og var hvorki þann dag við predikun eða lestur guðs heilagra orða. Til merkis undirskrifað nafn að Ögri dag 7. apríl anno 1729, Hjalti Þorsteinsson.

Þetta játar Jón Loftsson satt að vera og sagðist haf[nn ekkert] hafa sér til málsbóta hér úti fram að leggja, sem frelsi [sig] frá viðliggjandi sektum. Og að þessu efni yfirveguðu var svolátandi dómur þar um uppsagður: Jón Loftsson, sem játað hefur nú fyrir réttinum að hann sjálfa hvítasunnuhátíð um morguninn hafi ásamt Látramönnum sem til Vatnsfjarðarkirkju ferðuðust reist með þeim yfir Mjóafjörð og síðan skilið við þá og gengið framhjá kirkjunni og verið við aungva embættisgjörð þann dag heldur á ferð, skal fyrir forsómun að koma til kirkjunnar betala 3 lóð silfurs og fyrir sitt ferðalag hátíðisdaginn 2 lóð silfurs til kóngsins og skulu þessi 5 lóð vera betöluð í næstu fardögum eður Jón sé sekur um 3 lóð silfurs þar til, eður fái fullgildan borgunarmann. Dómurinn er byggður á Norsku lögum 6. bók, 3. capitula, articulum 1, 3; item 1. bók, 5. capitula, articula 15; 22. capitula, articula 14. Þessi dómur var upplesinn Jóni Loftssyni áheyrandi 21. apríl, hvern ég staðfesti með undirskrifuðu nafni, Markús Bergsson mpp.

Anno 1729 þann 21. apríl að settu manntalsþingi að Nauteyri var svolátandi kaupbréf upplesið sem hér segir:

Anno 1727 þann 4. október að Hvítanesi framfór svofelldur jarðaskiptagjörningur eftirskrifaðra manna í milli sem hér segir, að eruþrýddur hreppstjórinn Guðmundur Þorkelsson fær Árna Sæmundssyni 5 hundruð í Rauðamýri liggjandi á Langadalsströnd til fullkominnar eignar og eigindóms upp héðan, ásamt með þar fylgjandi tveimur innstæðukúgildum. Hér í mót fær sýslumaðurinn Markús vegna monsieur Árna Sæmundssonar greindum Guðmundi Þorkelssyni 6 hundruð í Heydal fyrir andvirði nefndra 5 hundraða í Rauðamýri til eigindóms og þar meðfylgjandi tvö kúgildi. Höfðu þeir sýslumaðurinn og Guðmundur fullkomin handsöl að þetta allt stöðugt standa skyldi og á í næstu fardögum hver fyrir sig að eignast það sem hann hefur hér inni keypt, hverju öllu til staðfestu er undirskrifaðra nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Markús Bergsson mpp, Guðmundur Þorkelsson, Ólafur Jónsson mpp, Jón Greipsson.

Process sem framfór á Mosvöllum um stefnumál
séra Sigurðar Sigurðssonar til Þorkötlu Jónsdóttur 1729.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að anno 1729 þann 27. apríl að settu manntalsþingi á Mosvöllum nálægum þessum þingheyrurum, Andrési Oddssyni, Gísla Jónssyni, Lífgjarni Jónssyni, Jóni Jónssyni, Þórði Eiríkssyni, Þorgilsi Pálssyni, Sigmundi Guðmundssyni, [0000] Eiríkssyni, komu fyrir réttinn heiðurlegur kennimaðurinn séra Sigurður Sigurðsson og Guðbrandur Sigurðsson og framlögðu eina stefnu sem upplesin var svohljóðandi sem hér segir:

Ég Sigurður Sigurðsson og ég Guðbrandur Sigurðsson stefnum yður Þorkatla Jónsdóttir á Sæbóli á Ingjaldssandi til Mosvalla á þann 27. apríl inniverandi árs 1729 fyrir virðulegan sýslumanninn í Ísafjarðarsýslu seigneur Markús Bergsson og hans tilnefnda þingheyrara til að hlýða og heyra uppá þá vitnisburði er þar þá teknir verða af þeim mönnum sem að eru Ólafur Jónsson, Guðmundur Gilsson og Ólafur Sigurðsson, og viðstaddir voru í Holti í Önundarfirði nú í vetur um nóttina millum þess 9. og 10. febrúar þessa árs, þá þar kaupgjörning gjöra létuð við okkar foreldra séra Sigurð Jónsson og Helgu Pálsdóttur á jörðunni Arnarnesi í Dýrafirði. Stefnum við yður Þorkatla Jónsdóttir á fyrrnefndan stað og dag að þér eður yðar löglega fullmegtugur séuð viðverandi á meðan þessi vitni fyrir réttinum yfirheyrast skulu, og hið sannasta bera kunna hvað til orða eða verka hefur framfarið í Holti þá þessi fyrrgreindur jarðakaupsgjörningur þar gjörðist. Komið árdegis á fyrr tiltekinn stað og dag og bíðið svo lengi yður rétturinn tilsegjandi verður. Til merkis okkar undirskrifuð nöfn að Mosvöllum við Önundarfjörð dag 4. mars* anno 1729, Sigurður Sigurðsson, Guðbrandur Sigurðsson.

Þessi stefna var upplesin af séra Sigurði Sigurðssyni til Þorkötlu Jónsdóttir á Sæbóli og þrisvar á hana áður kallað dag 19. mars og copian eftirskilin á pallinum hjá henni. Vitna undirskrifaðir, Steinþór Jónsson, Jón Bjarnason.

Mætti svo fyrir réttinum Magnús Snæbjörnsson og framlagði svolátandi fullmagtarbréf sem eftir fylgir:

Svo sem það er góðum mönnum kunnugt að mér hafa svo margar stefnur birtar verið á þessum vetri til þess 27. og 28. apríl á Mosvalla- og Mýraþing, einnig á þann 2. dag maí á Mýraþing, hvörjar allar, svo vel þær sem mér hafa birtar verið sem hinar allar er ég hefi mínum mótpörtum látið birta, mér er svo ómögulegt í eigin persónu að forsvara eður á þingin að komast, að ég vegna míns aldurdóms og uppáfallins veikleika er valla fær að komast milli skála og baðstofu, sem góðum mönnum vitanlegt er. Þess vegna, þar ég mestan hluta míns fjár í föstu og lausu hefi bebréfað og testamenterað eftir minn dauðlegan afgang til Snæbjörns Pálssonar og barna hans, og skilið mér þar í mót af honum

og þeim þénustu, styrk og forsvor eftir fremsta efli hans og þeirra, þá svo sem í þessu tilfelli sýnir að Snæbjörn og hans börn eigi að forsvora sitt fé þar sem mitt er, þá hefur hann og þaug af mér nú það uppálagt að forsvora og forsvora láta öll þaug mál í minn stað sem ég er ákærð um á fyrrnefndum stefnudögum, og það að ákæra þar jafnframt sem mér ber að ákæra. Skal svo Snæbjörn og hans synir í öllu þessu mínir fullmeztugir vera og hvar sem hann og þeir orka ei sjálfir til fulls mig þar úti aðstoða, þá skal Snæbjörn magt hafa sér aðstoð af öðrum þar til að fá uppá minn kostnað. Þessu ofanskrifuðu til merkis er mitt undirskrifað nafn og hjáþrykkt signet nærverandi tveimur vottum að Sæbóli dag 16. apríl anno 1729, Þorkatla Jónsdóttir LS.

Vottar að því velnefnd Þorkatla Jónsdóttir var játandi ofanskrifuðu bréfi og lét setja nafn sitt og signet þar undir erum við undirskrifaðir ár og dag sem fyrr segir, Ólafur Jónsson, Þorleifur Bjarnason.

Gekk svo Magnús í rétt hennar vegna og kveðst ánægður vera með stefnulesturinn og copiuunnar afhending. Þessu næst var upplestin svolátandi stefna sem hér segir:

Eftir sem við undirskrifaðir höfum heyrt og fyrir víst fornumið að þér Ólafur Jónsson, Guðmundur Gilsson og Ólafur Sigurðsson hafið verið viðstaddir og nærverandi að Holti í Önundarfirði nú í vetur þann 9. febrúar þessa árs, þá foreldrar okkar séra Sigurður Jónsson og Helga Pálsdóttir burtseldu Þorkötlu Jónsdóttur á Sæbóli jörðina Arnarnes í Dýrafirði, þar fyrir þá stefnum við, ég Sigurður Sigurðsson og ég Guðbrandur Sigurðsson, yður Ólafur Jónsson, yður Guðmundur Gilsson og [yður] Ólafur Sigurðsson til Mosvalla við Önundarfjörð á þann 27. aprílmánaðar innverandi árs 1729 fyrir virðuglegan sýslumanninn í Ísafjarðarsýslu seigneur Markús Bergsson og hans tilsetta þingheyrara, að þér fyrir þeim rétti sem þar þá haldinn verður berið sannferðugan vitnisburð um sérhvað eitt sem þér tilkvaddir og aðspurðir verðið í það sinn og fram hefur farið í yðar viðurvist að Holti á þeim tíma sem jörðin Arnarnes var seld Þorkötlu Jónsdóttir að Sæbóli. Stefnum við yður á tiltekinn stað og dag og bíðið svo lengi sem rétturinn yður tilsegjandi verður. Til merkis okkar undirskrifuð nöfn að Mosvöllum dag 12. mars anno 1729, Sigurður Sigurðsson, Guðbrandur Sigurðsson.

Þessa stefnu höfum við undirskrifaðir séð og yfirlesið dag 19. mars og copiu þar af meðtekið, Guðmundur Gilsson, Ólafur Sigurðsson.

Þessa stefnu hef ég undirskrifaður séð og yfirlesið dag 21. mars og copiu þar af meðtekið, Ólafur Jónsson.

Stefnuna játa téðir menn sér auglýsta hafa verið sem hennar uppáskrift útvisar og sögðust ánægðir með fyrirkallið og vilja eftir því vitna. Magnús Snæbjörnsson kveðst vel fornægður vera þó vitnin nú yfirheyrast og framsegi

hvað þeim er vitanlegt í téðu efni. Síðan aflögðu þeir svolátandi eið: Ég Ólafur Sigurðsson, ég Ólafur Jónsson, ég Guðmundur Gilsson, tek guð til vitnis að ég skal segja sannleikann um það sem ég er til stefndur af séra Sigurði Sigurðssyni um [áðurnefnda sölu] og leyna aungvu af svo mikið sem ég frekast minnist, [svo hjálpi] mér guð og hans heilaga evangelium.

Voru nú þessi vitni yfirheyrð og báru þeir Guðmundur Gilsson og Ólafur Sigurðsson soddan vitnisburð sem hér segir: Að þeir hafi verið viðstaddir að Holti þá madame Helga Pálsdóttir hafi selt Þorkötlu Jónsdóttur jörðina Arnarnes þann 9. febrúar næstliðinn, og þá til veleruverðugs séra Sigurðar Jónssonar hafi verið leitað samþykkis uppá greinda jarðasölu, þá hafi hann fyrst svarað þessum orðum: Ég bið ykkur hafa mig afsakaðan í þetta sinn, ég hefi ekki rænu á því. Ekki segist Ólafur Jónsson hafa heyrt þetta, en skömmu hér eftir bera* allir þeir að velnefndur séra Sigurður Jónsson hafi handsalað sinni konu það sem kaupbréfið útvísi, en hverki hafi greindur séra Sigurður eður Helga skrifað sitt nafn undir kaupbréfið eður látið skrifa, og ekki heldur beðið þar undir sitt innsigli setja. Framar spurði séra Sigurður Sigurðsson téða menn hvert móður sín Helga hefði verið ódrukkinn þá kaupin framfóru. Þar uppá svöruðu fyrrnefndir menn að þeir haldi hún hafi verið kennd af brennivíni en ei skert á rænu. Þessu næst aðspurði séra Sigurður Sigurðsson téða menn hvert greint kaupbréf hefði verið búið að skrifa þá faðir sinn hefði gefið áður innfært svar og beðið að afsaka sig að samþykkja kaupið, og sögðu þeir Ólafur Sigurðsson og Guðmundur Gilsson að greint velnefnds séra Sigurðar [Jónssonar sv]ar hefði framfarið þá það hefði verið honum lesið og búið hefði verið því nær það að fullskrifa. Frekara kvaðst hverki presturinn eður Guðbrandur hafa að spyrja þessa menn eftir í þessu efni og ekkert segjast þeir Ólafur eður Guðmundur kunna víðara vitna uppá sinn aflagðan eið.

Að allt þetta svo framfarið hafi sem hér fyrr segir staðfestir undirskrifaður með sínu nafni, Markús Bergsson mpp.

Process er gekk að Mýrum
um góss Snæbjarnar Pálssonar anno 1729.

Kónglegar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að anno 1729 þann 28. apríl að settu manntalsþingi að Mýrum við Dýrafjörð nálægum tilnefndum þingvitnum, Guðbrandi Sigurðssyni, Birni Jónssyni, Þormóði Magnússyni, Sveini Guðmundssyni, Jóst Jónssyni, Brandi Einarssyni, Teiti Ásbjörnssyni og Brynjólfi Nikulássyni, mættu fyrir réttinum göfugur sýslumaðurinn í Dalasýslu seigneur Ormur Daðason og Snæbjörn Pálsson, og var upplesin eftirfylgjandi stefna:

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að erugöfugur valdsmaðurinn í Dalasýslu seigneur Ormur Daðason hefur skriflega fyrir mér kært með einum memorial af dato 21. janúar anno 1729 að hann hafi ekki til dato fengið þær tildæmdu sektir hjá Snæbirni [Pálssyni sem] honum á næstliðnu Öxarár alþingi ályktaðar voru, bæði fyrir yfirréttinum og með arbitrarii dómi, og óskar því af mér að ég eftir minni embættisskyldu hjálpi sér til réttar uppá þann máta að halda eitt almennilegt inquisitions- og innförselsþing á Mýrum við Dýrafjörð þann næstkomandi 28. apríl þessa árs 1729, og sér þá með lagadómi úrskurða af fé Snæbjarnar þær sektir og fébætur er hann sýslumaðurinn að greindum Snæbirni ætti eftir originaldómum og documenter, svo vel sem fyrir sýslumannsins Orms þörfun með uppáfærðum kostnaði, að sækja þær með dómi á aðfararþingi. Þessu næst óskar sýslumaðurinn seigneur Ormur Daðason að ég fyrir réttinn kalli á greindan stað og dag fyrrnefndan Snæbjörn Pálsson til að gjöra fullkomna undirréttning um sína fémuni kvika og dauða, fasta og lausa, hvörslags þeir séu og hvar þeirra vænta sé, ítem hvörjum mönnum hann eigi réttar vitaskuldir að ljúka umfram sektafé.

Til sama þings og réttar beiðist téður sýslumaðurinn seigneur Ormur að stefnist Þorkatla Jónsdóttir á Sæbóli til að auglýsa með sannindarökum fyrir rétti hvört á hennar heimili* sé nokkurs að vænta eður ekki af Snæbjarnar lausafé, annaðhvört í geymslu eður samblandi að félagsskap með hennar eign, og að hún framfæri þá sitt löglegt tilkall ef hún vill kalla sig eiga nokkrar réttvísar skuldir að Snæbirni, og þola að síðustu endilegan dóm um betalinginn á þeim sömu, jafnt öðrum creditorer og sektaheimturum, hvörjir séu og viðbúnir ásamt téðri Þorkötlu Jónsdóttur að svara sér lögum uppá [kóng og] karl og sínar átölur, ef sér virðist þeirra skuldaheimtur skerða kónglegrar majestatis interesse og sinn rétt í nokkru eftir lögum. Þá eftir áður innfærðri beiðslu sýslumannsins Orms Daðasonar, svo vel sem vegna þess að veledla og velbyrðigur herra amtmaðurinn yfir Íslandi herra Niels Fuhrmann hefur mér bréflaga tilsað að hafa umsorgun fyrir að Snæbjarnar Pálssonar göss hvar sem það fyndist verði inndrifið og kónglegri majestat til reiknings fært nær allt bevísanlegt gjald er betalað, stefni ég Markús Bergsson yður Snæbjörn Pálsson til Mýra við Dýrafjörð á þann 28. apríl innverandi árs 1729 fyrir réttinum sem þar þá haldinn verður að mæta til auglýsingar og andsvara uppá áður innfært sem sýslumaðurinn Ormur Daðason uppákallar og af yður heimtir, ásamt löglega framtelja undanbragðalaust alla yðar fémuni, sem og viðstöddum vera svo lengi að yðar fé sem þér framvísið, eður bevísað verður að yður tilheyrt hafi þá félluð í búslóðarmálið, fast og laust, verður eftir dómi sundurdeilt og útskipt á milli kónglegrar majestatis í þær sektir er yður ber til hans að gjalda eftir gengnum

dómum, sem og til annarra löglegra skuldaheimtara, og síðan hvað í búslóðar-nafni af yðar fé kann til reiknings að færast.

Á sama stað, dag og ár stefnist þér Þorkatla Jónsdóttir búandi að Sæbóli á Ingjaldssandi, sem hýst hefur um nokkur ár greindan Snæbjörn Pálsson, þar fyrir réttinum þá að vera til staðar að auglýsa og framtelja fjármuni Snæbjörn-ar Pálssonar ef af vitið á yðar heimili vera, einninn vera forþenktar að svara til sérhvörs þess sem sýslumaðurinn [Ormur vill] að yður umstefnist og hér er áður innfært. Og þar þér Snæbjörn Pálsson eruð dæmdir í búslóðarstraff og þar fyrir utan eruð þér stórum sektum undirorpnir bæði til kóngsins, sýslumannsins Orms og annarra eftir gengnum dómum, þá svo framt að þér eður Þorkatla Jónsdóttir framvísið nokkra þá kaupgjörninga hafa skedd ykkar á milli sem hingað til dags hafa ei verið löglega auglýstir á því góssi sem yður Snæbjörn tilheyrði þá félluð í þetta búslóðarmál, þá stefnist þið bæði Snæbjörn Pálsson og Þorkatla Jónsdóttir í eigin persónu til staðar að vera fyrir réttinum á Mýra-þingi á fyrrsögðum tíma, að bevísa með löglegum vitnum nær þeir kaupgjörning-ar hafa framfarið og nær þeirra andvirði hefur betalast. Síðan verið tilþenkt með eiði að staðfesta að þar sé engin sviksemi undirfalinn kóng-legrar majestatis interesse eður skuldaheimtutum yðar Snæbjörn til afdráttar.

Verið bæði viðbúin að halda síðan lagasvörum fyrir sömu gjörninga og dóm þola um þeirra myndugleika og ásigkomulag. Komið árdegis fyrir réttinn á til-tekinn stað og dag með sérhvað sem þessu máli til hlýðir og ykkur snertir, og bíðið svo lengi sem rétturinn ykkur tilsegjandi verður og eigið þið bæði að þekkja þetta fyrirkall fyrir réttarins stefnu, hverja ég staðfesti með undirskrif-udu nafni og áþrykktu signeti á Ögri anno 1729 dag 17. febrúar, Markús Bergs-son mpp LS.

Þessi framan- og ofanskrifuð réttarins stefna var upplesin [af Guðb]randi Sigurðssyni Snæbirni Pálssyni áheyrandi og viðverandi dag 23. febrúar og copia honum afhent, líka sama dag var hún upplesin á heimili Þorkötlu Jóns-dóttur á Sæbóli og þrisvar á hana áður hrópað og copian upphengd fyrir bæjar-dyrunum. Vitnum við undirskrifaðir, Ólafur Sigurðsson, Steinþór Jónsson.

Snæbjörn Pálsson jatar sig fyrirkallið heyrta hafa og copiuna meðtekið. Síð-an var þrisvar hrópað á Þorkötlu Jónsdóttur eður hennar fullmegtugan og fram-gaf sig Magnús Snæbjörnsson til að mæta hennar vegna eftir þeirri fullmaga sem hann auglýsti og þannin er hljóðandi:

Svo sem það er góðum mönnum kunnugt að mér hafa svo margar stefnur birtar verið á þessum vetri til þess 27. og 28. apríl á Mosvalla- og Mýraþingi, einninn á þann 2. dag maí á Mýraþingi, hverjar allar, svo vel þær sem mér hafa birtar verið sem hinar allar er ég hefi mínum mótpörtum látið birta, mér er svo ómögulegt í eigin persónu að forsvara eður á þingin að komast, að ég vegna

míns aldursdóms og uppáfallins veikleika er valla fær að komast á milli skála og baðstofu, sem góðum mönnum vitanlegt er. Þess vegna, þar ég mestan hluta míns fjár í föstu og lausu hefi bebréfað og testamenterað eftir minn dauðlegan afgang til Snæbjörns Pálssonar og barna hans, og skilið mér þar í mót af honum og þeim þénustu, styrk og forsvar eftir fremsta efli hans og þeirra, þá svo sem í þessu tilferli sýnir að Snæbjörn og hans börn eigi að forsvara sitt fé þar sem mitt er þá hefur hann og þaug af mér það nú uppálagt að forsvara og forsvara láta öll þaug mál í minn stað sem ég er ákærð um á fyrrnefndum stefnudögum og það að ákæra þar jafnframt sem mér ber að ákæra. Skal svo Snæbjörn og hans synir í öllu þessu mínir fullmeztugir vera, og hvar sem hann og þeir orka ei sjálfir til fulls mig þar úti aðstoða þá skal Snæbjörn magt hafa sér aðstoð af öðrum þar til að fá uppá minn kostnað. Þessu ofanskriðu til merkis er mitt undirskrifað nafn og hjáþrykkt signet nærverandi tveimur vottum að Sæbóli dag 16. apríl anno 1729, Þorkatla Jónsdóttir I.S.

Vottar að því að nefnd Þorkatla Jónsdóttir var játandi ofanskriðu bréfi og lét setja nafn sitt og signet þar undir erum við undirskrifaðir, ár og dag sem fyrr segir, Ólafur Jónsson, Þorleifur Bjarnason.

Magnús Snæbjörnsson kveðst vilja til greindrar stefnu svara að öllu því leyti sem hún snerti Þorkötlu Jónsdóttur.

3. Var eftirskriðuð slutning af yferréttarins dómi upplestin svohljóðandi sem hér segir, uppsögð í landsins yferrétti föstudaginn þann 23. júlí 1728:

Sökin sem fyrir þennan rétt með yferréttarins stefnu af dato 25. júlí 1727 hefur verið hingað stefnd og appelleruð frá lögmannsins Benedikts dómi, er með arbitrarii dómi eftir partanna eigin voldgiefning af dato 20. júlí 1728 með endilegri ályktan uppsagðri í gær dag 22. júlí afgjört, fyrir utan það hans kónglegrar majestatis háa interesse concernerar, sem hér nú í yferréttinum á [fyrir að takast.] Því skal Snæbjörn Pálsson sem fyrir [þessum] rétti er yfirbevisaður að hafa yfirfallið sýslumanninn Orm Daðason í hans dómaraæti fyrir rétti með óviðurkvæmilegum orðum og gjörðum betala 40 lóð silfurs til dómarsins og hafa sína búslóð til kóngsins forbrotið eftir Norske lov 6. bók, 4. capitula, 18. articula. Actum anno, loco et die ut supra.

Að svoleiðis í málinu fyrir yferréttinum passerað, álituð, dæmt og afsagt sé uppá eigin og sameiginlega yferréttarins assessores vegna, testerar sub insulæ Islandie sigillo publico, Niels Fuhrmann I.S.

4. Var eftirskrifað velbyrðigs herra amtmannsins missive upplesið:

Kongelig majestæts sysselmand seigneur Marcus Bergsen.

Afsigten af den udi Snæbjörn Paalsens sag for oberretten den 23. juli indeværende års 1728 ergangne dom følger in originale indsluttet og til den ende her ved tilstillet, at herr sysselmanden derefter behørig besørger at

bemælte Snæbjörn Paalssens gods og midler hvor samme måtte forefindes ved execution vorder inddeven og hans kongelig majestæt, når all bevislig gæld der af først er betalt vorder beregnet, hvor om ellers herr landfogden Loxtorph communication må gives, om han derved på hans kongelig majestæts vegne noget måtte have at erindre. Jeg forbliver herr sysselmandens tjenstberedvillige. Ved Öxará den 27. juli 1728, Niels Fuhrmann.

5. Var upplesinn arbitrarii dómurinn sem næst fyrirfarandi yfirréttarins slutning nafngreindir, af hverjum slutningin hér alleinasta innfærist og er svohljóðandi sem eftir fylgir:

Ög að gegnumséðum gaumgæfleglega partanna munnlegum og bréflegum ástæðum í sókn og vörn, sem fram hafa farið í þessu vitluftuga máli, er vor endilegur arbitrarii dómur í þessari session, svo mikið sem voldgiefningin upphaflega innfærð inniheldur: Snæbjörn Pálsson hefur hvorki sýnt og ei heldur sést með nokkrum lögmatum rökum sú sakargift sé sönn sem hann hefur sagt að sýslumaðurinn Ormur Daðason hafi ei yfirheyrt sín vitni eftir stefnum innihaldi í því þingsvitni sem hann tók á Mýrum 1722, heldur bevisast af þremur processum að vitnin hafi borið sérhvað það sem þau voru tilstefnd af Snæbirni og þau afvissu í málinu að vitna að lögum. Contracten á Mýraþingi þann 30. ágúst 1723 gjörð af sýslumanninum Ormi við Þorkötu Jónsdóttur um allar þær præntioner sem til þess dags hafi upprisíð millum sýslumannsins Orms og Snæbjarnar á í allan máta að standa óröskuð og í fullu gildi, svo mikið sem í sýslumannsins valdi og honum leyfilegt var þá eftir að gefa fyrir sjálfs síns rétt í peningasökum. En kónglegrar majestatis hái réttur átti og á í því málefni aldeilis óþræjudiceraður að vera. En þar Snæbjörn hefur margvíslega ýft, neytt og fært sýslumanninn í stóran umkostnað síðan eftir nefnda contract með sínum óvirðingarskrifum, stefnum og innleggjum, hvers vegna sýslumaðurinn Ormur hefur stórkostlega orðsakast að verja æru sína og virðing fyrir ásókn Snæbjarnar. Því skal Snæbjörn betala til sýslumannsins Orms Daðasonar 120 rixdali í cronum á nefnds sýslumanns heimili innan sex vikna að heyrðum þessum arbitrarii dómi, en betali Snæbjörn þetta ekki í nefndan tíma skal hann gjalda fjórðungi meira og líði atföer og execution í hans besta lausafé eður góðri fastaeign eftir lögum með orðsökuðum umkostnaði. Öll óvirðingarorð Snæbjarnar Pálssonar til sýslumannsins Orms skulu vera sem ótöluð og hér með annuleruð, og er svo sýslumaðurinn Ormur skilinn við þetta mál með æru og respecte í allan máta.

Héraðsdómaranum Sigurði Sigurðssyni og hans meðdómsmönnum skal Snæbjörn betala 20 rixdali í cronum eftir sem lögmansins dómur í fyrria ákveður. Til lögréttumannsins Ólafs fyrir hans reisu hingað til lögþingis í ár sín vegna og Lífgjarns Jónssonar skal Snæbjörn betala 8 rixdali í cronum og til

herra lögmannsins Benedikts fyrir málsýfing og umkostnað 10 rixdali croner, og sé goldið til hér áðurnefndra manna heimila innan næstkomandi Sancte Michaelis messu og standi caution Þorsteins bróður Snæbjarnar óraskanleg til óhultari forsikkringar fyrir þeirri peningasummu er við dæmt höfum sýslumanninum Ormi þar til nefndir peningar eru að fullu betalaðir í ákveðið term-in. Þessum fyrrskrifuðum arbitrarii dómsact til fullkominnar staðfestu eru vor nöfn og hjáþrykkt signet á tvinnann.

Dómurinn var afsagður og upplesinn málspörtunum áheyrandi á Öxarár lögþingi þann 22. júlí anno 1728, Sigurður Sigurðsson eldri LS, Sigurður Jónsson LS, Markús Bergsson mpp LS, Nikulás Magnússon mpp LS.

6. Var eftirskrifuð fullmagt upplesin:

Með því að Snæbjörn Pálsson á næstliðna Öxarárþingi anno 1728 var fyrir yfirréttarins og arbitrariorum dómi dæmdur til kóngsins í búslóðarstraff og til contrapartsins sýslumannsins í Dalasýslu seigneur Orms Daðasonar í stórar fésektir fyrir hans grófu forseelser mótt velnefndum sýslumanni, samt annarra viðkomandi, hvar með mér voru og tildæmdir 10 rixdalir fyrir ýfing og málskostnað sem Snæbjörn hafði mér orðsakað með úttekinni yfirréttarins stefnu á móti þeim lögþingisdómi sem ég afsagði í lögréttu anno 1727 hans málefni viðvíkjandi. Og svo framt sem saksóknarinn sýslumaðurinn Ormur Daðason lætur gjöra innfærslu og execution á góssi Snæbjarnar fyrir hans tildæmdu sektir, hvert heldur það verður í föstu eður lausu góssi áður en hans tildæmt búslóðarstraff er exequerað, þá er mín þénustusamleg bón til velnefnds sýslumannsins seigneur Orms Daðasonar og honum hér með gef mína fullkomna fullmagt að innkrefja áðurnefnda mér tildæmda tíu rixdali hjá nefndum Snæbirni Pálssyni og fyrr execution er gjörð á hans búslóð fyrir dæmdar batur af honum, að ég eftir lögum fái udlæg fyrir mitt eftir áðursögðu, og þar það renderar ei af stærra importance en 10 rixdali þá kjöri ég mig heldur til gagnlegra lausafjáraura en hlotnast svo lítið qvantum í fastaeign, nema ef sýslumaðurinn seigneur Ormur Daðason tekur jarðagóss í sinn hluta, þá lyndir mér vel að þessir áðursagðir tíu rixdalir þar með fylgi. Vona ég og til treysti að sýslumaðurinn seigneur Markús Bergsson (eður skyldi í hans forföllum annar vera constitueraður að gjöra þessa execution) gjöri mér udlæg fullkomna satisfaction fyrir tildæmdar batur hjá Snæbirni eftir hérskrifaðri fullmagt til sýslumannsins seigneur Orms Daðasonar, hverja 10 rixdali eður þeirra virði hann minna vegna meðtekur. Þessari minni bón og fullmagt til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og hjáþrykkt signet, Rauðuskriðu dag 4. febrúar 1729, Benedikt Þorsteinsson.

7. Var eftirskrifað upplesid:

Eftir því sá hluti tildæmdra sekta sem mér sem héraðsdómara yfir máli

Snæbjarnar Pálssonar og sýslumannsins seigneur Orms Daðasonar tilkemur úr þeim 20 rixdölum í cronum, ásamt mínum meðdómendum, sem bæði eftir alþingisbókinni 1727 númer 10 og arbitrarii dómnum í sumar 1728, 22. júlí við Öxará, er ennþá minni persónu til dato ógoldinn og í þessara sekta útsvari því öngvu eftir fylgt af Snæbirni sem greinds arbitrarii dóms atkvæði uppástendur að tilteknu vissu laga termine. Hvar fyrir ég hefi beðið og þénustusamlega hér með bið göfugan sýslumanninn seigneur Orm Daðason þann hluta greindra sekta mér viðkomandi að innheimta og meðtaka af Snæbirni Pálssyni eftir sem lögin ákveða og til standa að gjört sé við soddan réttarins óskilsama yfirtroð-endur, hefur hér velnefndur valdsmaðurinn fullan og allan myndugleika hér úti laganna formi gjöra við Snæbjörn Pálsson í þessari skuldaheimtu svo sem ég í eigin persónu sjálfur til staðar væri. Þessa mína vafalaus fullmágt styrkjandi með mínu eigin handar undirskrifuðu nafni og hjáþrykktu venjulegu signeti, að Flatey á Breiðafirði þann 17. október anno 1728, Sigurður Sigurðsson I.S.

8. Var þetta upplesið:

Kónglegrar majestatis sýslumanninn seigneur Orm Daðason umbið ég vinsamlega mín vegna talsmann að vera mót Snæbirni Pálssyni á þann 28. apríl nú í hönd farandi á Mýrum við Dýrafjörð, eður hvörn annan dag sem þéanlegt þykir, að innkalla og meðtaka allt það sem mér ber af góssi Snæbjarnar eftir lögþingisdómunum sem þar um gengnir eru, svo og sektir og kostnað sem hann með sinni óhlýðni orsakað hefur. Ofanskrifuðu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og hjáþrykkt signet, Eyri dag 16. apríl 1729, Ólafur Jónsson I.S.

9. Hér til var upplesið eftir ósk sýslumannsins Orms sú grein af alþingisbókarinnar 1727 10. pósti sem skipar að Snæbjörn Pálsson skuli betala til vitnanna 10 rixdali í cronum og óskar þeirra vegna að það verði af hans góssi virt.

10. Framlagði séra Bjarni Jónsson synodalsslutning sem gjörðist í réttinum að Þingvöllum þann 17. júlí 1727 og innfært það einasta af henni hér sem hljóðar um þær sektir sem þar voru á Snæbjörn dæmdar og ekki eru enn betalaðar. Er sem eftir fylgir:

Prófastinum séra Hjalta Þorsteinssyni, sem ekki hefur sjálfur í eigin persónu hingað reist, heldur haft þann procuratorem hér fyrir rétti sem til lögþingisins var stefndur, skal Snæbjörn betala í málskostnað 12 rixdali eður 3 hundruð uppá landsvísu, en prestinum séra Bjarna Jónssyni, sem í eigin persónu hefur orðið hingað að reisa, ekki án stórs skaða sínu fátæka heimili, skal hann lúka 13 rixdali eður þrjú hundruð og 30 álnir í þarflegum landaurum, og skulu þessi peningaútlát vera goldin hálf innan Michaelsmessu en önnur hálf innan næstkomandi fardaga, ella betali fjórðungi meira. Þetta eftir Norsku laga libro 1,

capitula 5, articula 7. Collato cum capitulo 6, articulo 20; item capitulo 5, articulo 15. Svoleiðis dæmt og uppsagt in synodo generali. Testerar með nafni og signeti undir, Jón Árnason superintendent Skálholtsstiftis LS.

11. Auglýsti ég Markús Bergsson að Snæbjörn Pálsson væri eftir gengnum dómum dæmdur 1723 í sektir til kónsins sem óbatalaðar væri og lagði fram dómsslutningar in originale þar um, hverjar hljóða sem eftir fylgir:

Snæbjörn Pálsson, er anno 1720 þann 10. júní skaut til vitna um órélega höndlan Ólafs Jónssonar á hvalnum og hefur ei hingað til dags votta þar að framleitt, en hefur haft vel 6 vikna tíma frá því Ólafur honum stefndi inn til þessa, og hér um hafa tvö þing tilsett verið, á nú ei í sama máli að líðast uppá ný að skjóta til vitna, vide Norsku laga 1. bók, 13. capitula, articula 15, heldur átti hann nú í dag að leiða bevísingar að því er hann hefur uppá Ólaf borið í bréfinu. En þar hann hefur ekki ennú í dag það gjört, að leiða bevísingar að því er hann Snæbjörn hefur í sama bréfi Ólafi til óvirðingar innfært, skal hann Snæbjörn vera fyrir það sekur til Ólafs Jónssonar hundrað og þrjátíu álnir og kóngi 3 merkur, og tvöfaldist þetta hvert um sig eftir sem þetta var á þingi framlagt og hálf tannað hundrað í málskostnað, og þetta bréf skal aldrei koma Ólafi Jónssyni til óvirðingar í neinn máta hér eftir. Skal Snæbjörn þetta hafa betalað í næstu fardögum 1724 eður líði atför. Dómurinn er byggður á mannhelgi 19., 25. og 27. capitulum. Item Norsku lögum 1. bók, 5. capitula, articulum 7, 14; þingfararbálki 6. capitula. Þessi dómur var opinberlega uppsagður á Mýrabing 21. júní 1723. Testerar Markús Bergsson mpp.

Hin önnur dómsslutning sem upplesin var hlýðir sem eftir fylgir:

Orð þaug hin ósæmilegu og ótilbærilegu sem Snæbjörn Pálsson hefur 30. maí 1722 talað fjarlægum kaupmanninum seigneur Pétri Arfvidssyni honum til lasts og minnkunar, og með eiði vitnuð eru 22. september 1722 og Snæbjörn hefur ekki til dato viljað erklæra, ekki tilbærilegri forlíkun taka og allra síst lagaforsvar fyrir þaug leggja, skulu eftir þennan dag reiknast sem ótöluð og einkis aktandi, og aldrei koma kaupmanninum seigneur Pétri Arfvidssyni til neinnar hneisu, óvirðingar eður præjudits í nokkurn uppþenkjanlegan máta. En Snæbjörn skal fyrir þessi illmæli og óþarfa þrá í sökinni sér til skaða, en kaupmanni til mæðusamari process og peningatjóns gjalda kaupmanninum Pétri Arfvidssyni í fullrétti og málskostnað 140 rixdali í cronum og í sekt til kónglegrar majestatis 30 rixdali í cronum, hvörjar hér tildæmdar bætur Snæbjörn skal betalað hafa innan 6 vikna frá þessa dóms uppsögn hér að Mýrum, hvað ef hann forsómar á fyrir lögðu termine, eður setur ekki vissa borgun fyrir tildæmdar sektir, þá skal hann líða eftir Norsku laga 1. bók, 22. capitula, 13. articula og betala þar til sem sömu bókar 19. articuli fyrir mæli. Þetta er grundað á þingfararbálki 6. capitula, mannhelgi 25. capitula og 27. capitula; item á

Norsku laga 1. bókar 5. capitula, 15. og 24. articulum og 22. capitula, 3. articula.

Dómurinn var upplesinn monsieur Sigurði Sigurðssyni og Snæbirni Pálsyni viðverandi að Mýrum þann 26. ágúst sama dag og hann var dæmdur 1723. Og þar þessar sektir óbetaladar voru hafði ég eftir veleðla herra landfógetans resolution af dato 15. júlí 1727 seqvesterað ad interim 6 hundruð í Álfadal, eign Snæbjarnar, fyrir sömu bætur, hver 6 hundruð ég uppbaud þeim hæstbjóðandi á þinginu til lausnar fyrir greindar bætur eður vildi þeir meira fyrir gefa, að það kæmi þá til Snæbjarnar skuldaheimtara. En þóknadist öngvum svo mikil fyrir gefa vildi ég það uppá vantaði kóngsins vegna að betalaðist af annarri eign Snæbjarnar, og óskar hann ef nokkur tilgefur sig nefndan part að innleysa, að þeir það strax auglýsi fyrr en slutning gengur um góss Snæbjarnar á þessu þingi.

Greind resolution hljóðar þannin:

De 6 mark og 30 rixdaler specie som Snæbjorn Paulsen udi sigt til hans kongelig majestæt er dømt, haver sysselmanden seigneur Markus Bergsen derfor at gøre indførsel udi Snæbjorn Paulsens tilhørende jordegods, som til sagens uddrag in sequestro bliver om han kongelig oprejsning nyder. Hvis ikke at dette sker bliver for summen bøderne sig beløber sig af det sequestrede jordegods så meget til højstbydende solgt, at hans kongelig majestæt tilfaldne bøder der af betales kan. Actum ved Øxara den 15. juli 1727, Cornelius Wulf.

Nær svo var komið var gengið frá réttinum og tilsagt pörtunum að mæta tíðlega að morgni.

Þann 29. apríl þá rétturinn var sestur innkomu málspartarnir og óskaði sýslumaðurinn Ormur af sýslumanninum Markúsi og þessum héraðsrétti að sér og sínum sameigendum væri svo miklir fémunir úthlutaðir af góssi Snæbjarnar Pálssonar lausu eður föstu slíkt sem gengnir dómar hér fyrir réttinum í gær framvísaðir ákvarða, með tilhlýðilegri rentu og kostnaði til þessa þings, áður en mannsins búslóð væri til kóngsins upptekin, og lofaði sýslumaðurinn Ormur þar hjá að framleggja skriflegan reikning uppá sérhvað sem hann fyrir sig og sína sameigendur má að lögum pretendera, hvörn sinn reikning hann innstillir svo sem áður innfærða begieringu til réttarins yfirvegúnar og aðstoðar, óskandi þar hjá þénustusamlega að Snæbirni Pálssyni sé tilhaldið að framvísa sitt fé fast og laust sem hann frekar er eigandi að orðinn en meðfylgjandi arfaskiptapóstur sýnir, dateraður 28. ágúst 1720, og bevísað verður að hann hafi verið fullkominn eigandi að þá hann var dæmdur í fyrrgreint búslóðarmál 8. desember. Var svo upplesið téð skiptabréf að því leyti sem Snæbjörn snertir, hljóðar sem eftir fylgir:

Anno 1720 þann 28. ágúst að Mýrum við Dýrafjörð framfóru svofelld

jarðaskipti með náungasamlegri sameiningu meðal erfingja þeirra göfugu höfðingshjóna, nú í burtu kallaðra sællrar og loflegar minningar, Páls Torfasonar og Gróu Markúsdóttur, á fastaeign þeirri sem þau eftir sig létu og hlaut Snæbjörn Pálsson í sinn hlut þessar jarðir, Arnardal neðri 24 hundruð, fremri 12 hundruð, 12 hundruð í Breiðadal neðri, Kleifar 6 hundruð, í Hjarðardal neðri í Dýrafirði 21^{1/2} hundruð, í Bjarnastöðum 13^{1/2} hundruð. Summa alls þessa er 89^{1/2} hundruð*, Snæbjörn Pálsson meh, Teitur Pálsson, Þorsteinn Pálsson, Sigurður Sigurðsson.

Síðan var upplesið þingvitni daterað Tungu manntalsþingi anno 1725 þann 10. apríl, hvar inni þingsóknin hefur auglýst ásamt Arnardals ábúendum að Snæbirni Pálssyni ennþá tilheyrði 36 hundruð í Arnardölum með hálfu þrettánda leigukúgildi*. Þessu næst var upplesin eftirskrifuð ávísan Arnardals ábúenda:

Það auglýsum vér undirskrifaðir Arnardals ábúendur í Skutulsfirði að Snæbjörn Pálsson hefur næstliðið haust markað kúgildi á þessum Arnardölum undir mark eruprýddrar Þorkötlu Jónsdóttur að Sæbóli. En þangað til voru þaug undir hans eignarhaldi og forsjón ásamt Arnardölunum með ágóða af leigum og landskuldum sem hann Snæbjörn sjálfur allt meðtók. Til vitnis okkar nöfn að Arnardal anno 1729 dag 25. apríl, Sæmundur Helgason, Þorkell Jónsson.

Endilega framlagði sýslumaðurinn Ormur þetta um jarðir Snæbjarnar og er þannin hljóðandi af téðum Snæbirni sjálfum fyrrum á Mýraþingi 1724 fyrir réttinn lagt:

Og vil hafa þennan rétt samtlega fróðan gjört, að beri svo við að dómurinn falli mér í móti, þá vil ég frá þessum rétti hafa alvarlega appellerað til hærri réttar og set í caution fyrir mína persónu til málsins útdrags 24 hundruð í jörðu sem er 3 hundruð í Botni og 21^{1/2} hundruð í Hjarðardal í Dýrafirði, svo og í fyrrdæmdar sektir ef sýslumaðurinn Markús þar uppá þrætenderar á einn eður annan veg til þess að þetta mál er úttalað 2 hundruð í Kleifum og 6^{1/2} hundruð í Arnarnúpi, þó að hvörutveggju þessu svo fyrirskildu að þessir jarðarpartar séu í allri minni umsjón svo framvegis sem hingað til skeð hefur, begieri og hlutaðeigendurnir hærri caution af mér, þá vil ég við ofanskrifað auka. Til merkis á Mýrum 6. desember 1724, Snæbjörn Pálsson meh.

Hér til var upplesið af protocolnum í Ísafjarðarsýslu vottanleg auglýsing ábúenda í Dýrafirði á Hjarðardal dateruð 1728 þann 27. ágúst, Jóns Pálssonar, að Snæbjörn Pálsson hefði þangað til dags byggt sér 12 hundruð af sömu jörðu og skuldir meðtekið og ei vissi hann annað en jörðin væri Snæbjarnar eign, svo og hins ábúandans á 9^{1/2} hundruði að sér hefði sama jörð byggð verið af Jóst Jónssyni sem Snæbjörn hefði jörðina byggt, hvörju greindur Jóst nú nálægur jataði og vissi ei annað en hún væri hans eign.

Hér til var upplesin cautions slutning Snæbjarnar svoleiðis hljóðandi: Þá fyrir góðan vilja minn einasta af fríu geði skal ennþá framar þessi vissa forhækkast með svo miklu af minni eignarjörðu Innri-Hjarðardal sem að hún er dýr til, nefnilega 18 hundruð, liggur þessi Hjarðardalur í Önundarfirði. Þessu til merkis er mitt undirskrifað nafn að Sæbóli anno 1725 dag 16. júní, Snæbjörn Pálsson meh.

Hér til var upplesin ávísan Hjarðardals ábúenda, Bjarna Gíslasonar og Guðlaugs Jónssonar, dateruð 26. ágúst anno 1728, þess innihalds að Snæbjörn Pálsson hefði byggt sér Hjarðardal við Önundarfjörð 18 hundruð og þangað til dags [af þeim] skuldir uppborið.

Þessu næst var upplesin auglýsing hreppstjórans Þormóðar dateruð 1728 þann 27. ágúst, þess innihalds að Snæbjörn Pálsson hefði um nokkur ár hingað til dags byggt sér 3 hundruð í Botni og skuldir þar af meðtekið og sagðist hann ei annað heyrt hafa eður sannara vita en þessi 3 hundruð í Botni hefði til þessa verið eign fyrrnefnds Snæbjarnar.

Item var upplesið að Guðmundur Þorsteinsson hefði þann 26. ágúst 1728 að Núpi auglýst að Snæbjörn Pálsson ætti 10 hundruð í Alviðru sem hann ábyggi, og lagði þar fram sögu sinni til styrkingar byggingarbréf Snæbjarnar Pálssonar daterað 5. júní anno 1727 honum útgefið, hvört nú var upplesið.

Sömuleiðis var upplesin auglýsing Ísleifs Ásgrímssonar að Snæbjörn Pálsson hefði fyrir sig og hans samarfa byggt sér 9 hundruð í Alviðru, dateruð 1728, 26. ágúst, og undirréttaði nú Snæbjörn að sinn qvotur væri úr téðum 9 hundruðum 2 hundruð 30 álnir og þar með ætti hann tvær ær.

Item var upplesin auglýsing Þorkötlu Jónsdóttur á Sæbóli anno 1728 þann 25. ágúst, að Snæbjörn Pálsson ætti 6 hundruð í Álfadal, sama ávísaði ábúandinn Eiríkur að hann hefði byggt sér þau, hvör 6 hundruð að sýslumaðurinn auglýsir að hann hefði seqvesterað uppí sektir til kóngsins sem áður er umgetið.

Er svo upphæð á fastagóssi Snæbjarnar Pálssonar áðurgreindu sem vitnast hann átt hafi þá hann féll í búslóðarmálið, nefnilega 36 hundruð Arnardali, 18 hundruð í Hjarðardal í Önundarfirði, 21¹/₂ hundrað í Hjarðardal í Dýrafirði, 3 hundruð í Botni, 12 hundruð í Alviðru og 30 álnir, 6¹/₂ hundrað í Arnarnúpi, 13¹/₂ hundrað í Bjarnastöðum, 2 hundruð í Kleifum í Skötufirði, alls 112 hundruð og 90 álnir.

Skuldir eftir gengnum dómum á Snæbirni til sýslumannsins Orms og þeirra sem hann heimtir fyrir:

1. Til hans sjálfs höfuðstóllinn 1 hundrað 70 rixdalir, dómarans Sigurðar og hans dómsmanna 20 rixdalir, Ólafs og Lífjarns 8 rixdalir, lögmannsins herra Benedikts 10 rixdalir, summa 218 rixdalir. Hér umfram lagði sýslumaðurinn Ormur reikning hvar með hann innfærir greindan höfuðstól og þar með rentu

og umkostnað, alls 257 rixdalir í cronum 5 mörk 12 skildingar. Daterað að Mýrum þann 29. apríl anno 1729 með hans undirskrifuðu nafni og er þetta all-einasta hér af honum innfært en ei víðara til að stytta processen.

2. Heyrir til kónginum eftir gengnum dómum 38 rixdalir sem 6 hundruð í Álfadal er sequestrerað fyrir sem áður segir.

3. Séra Hjalta Þorsteinssyni 15 rixdalir, prestinum séra Bjarna 16 rixdalir 2 mörk.

Er því höfuðstóllinn eftir gengnum dómum in summa 287 rixdalir 2 mörk. Rentan og kostnaðurinn sem sýslumaðurinn Ormur pretenderar þar til 39 rixdalir 5 mörk.

Sömuleiðis var eftirskrifað uppleið um eftirspurn á lausafé Snæbjarnar, hljóðar sem hér segir: Anno 1728 þann 25. ágúst að Sæbóli á Ingjaldssandi vorum vér undirskrifaðir viðstaddir og áheyrandi að sýslumaðurinn Markús Bergsson á lögheimili Snæbjarnar Pálssonar upplás þann yfirréttardóm sem gekk á alþingi í sumar in originale 1728 fyrir madame Þorkötu Jónsdóttur ábúanda Sæbóls, sem hljóðar um það að Snæbjörn skuli sína búslóð til kóngsins hafa forbrotið, og óskaði sýslumaðurinn Markús af madame Þorkötu Jónsdóttur uppá kónglegrar majestatis vegna að auglýsa sér hvert hún vissi að Snæbjörn Pálsson ætti nokkurt lausafé í hennar höndum, húsum eður heimili, úti eður inni, lifandi eður dautt, og svaraði madame Þorkatla þar uppá svolátandi að hún vissi hann Snæbjörn aungva fjármuni eiga á sínu heimili það sem nokkuð áriði. Til merkis okkar nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Jón Jónsson, Tyrflingur Bjarnason.

Hér næst var eftirskrifað uppleið:

Kongelig majestæts amtmand over Island, velædle og velbyrdige herr Niels Fuhrmann, min højgunstige øvrighed.

Såsom sysselmanden udi Isefjords syssel seigneur Marcus Bergsson ved en missive de dato Ögri den 10. januar 1725 haver givet mig til kende at Snæbjörn Paalssens boslod skal ved dom være hjemfalden til kongen fordi han overfaldt dommeren med håndgerning i hans dommersæde, da hans egen sag var for retten, og såsom jeg fornemmer at Snebjörn er en bosløs mand som intet vist hjem har og venteligt (om han er selvrådig), at han sit gods monne spandere og ødelægge kongelig majestæt til skade, på den rettighed som deres majestæt kunne her udi tilkomme om dommen ved højere ret skulle blive confirmeret. Da sådant i tide at precavere, falder (på kongelig majestæts landfogeds ædle Corneli Wulfs vegne og udi hans absens) min tjenstydmyst begæring til deres velbyrdighed, at de på kongelig majestæts og høje embeds vegne ville behage sysselmanden at befale, det han på rettens vegne og efter embedspligt det all-erførste gør sin yderste flid så vidt muligt er, sig om Snebjörn Paulssens gods

(ihvor det findes eller hos hvem være kunne) at interim at forsikre, så er jeg tjenstydmygst deres velbyrdighed ombede, de med et par ord udi deres ordre her på ville befale almuen sysselmanden herudi at være assisterlig på det kongelig majestæts høje interesse, så vidt ske kan, ingen skade tilføjes. Jeg forventer her på deres velbyrdigheds gunstige resolution og næst guddommelig anbefaling, forbliver jeg stedse deres velbyrdigheds ringe ven og underdanig tjener. Nes den 1. mai 1725, Niels Kier mpp.

Ordre

I henseende til hvis udi modstående memorial anføres og på der om gjorde requisition beordres her med hans kongelig majestæts sysselmand udi Isefjords syssel, seigneur Marcus Bergssen, sig om Snæbjorns Paulsens gods og effecter at erkyndige og samme ihvor eller hos hvem forefindes, efter modstående memorials indhold, sig at interim ad forsikre til hvilken ende sysslets indbyggere udi hvis dennem i så måde af sysselmanden på embeds vegne anbefalet vorder hannem haver at til hånde gå, så vel som alle og enhver, som med noget Snæbjorn Paalsen tilhørende gods eller effecter som bemeldt måtte indesidde, sligt for sysselmanden at declarere og tilkendegive. Actum Bessested kongsgård den 4. mai 1725, Niels Fuhrmann LS.

Anno 1725 þann 16. júní voru þessar framanskrafaðar veðla og velbyrðigs herra amtmannsins orður upplesnar madame Þorkötlu Jónsdóttur áheyrandi að Sæbóli og afsagði hún að segja til eins fjórðungs virðis er Snæbjörn hjá sér ætti eður það útláta því hún ætti meira hjá honum. Til vitnis vor nöfn sama ár og dag sem fyrr segir, Gísli Jónsson, Þorgils Pálsson, Steinþór Jónsson, Lífjarn Jónsson, Jón Jónsson, Ólafur Sigurðsson.

Þessu næst var eftirfylgjandi upplesnið:

Erugöfuga höfðings kvinna Þorkatla Jónsdóttir.

Eruprýddir kóngsins þegnar í þessari sýslu, vinsamleg heilsan.

Yður öllum mun allareidu vitanlegt að næstliðinn 8. desember var uppsagður dómur yfir Snæbirni Pálssyni að Mýrum þingstað venjulegum, meðal annars þess innihalds að hann skyldi til kóngsins sína búslóð hafa forbrotið, hvers vegna ég gaf þetta til vitundar veðla og hávísu vicelögmánum herra Niels Kier, svo sem uppá kónglegrar majestatis eðla herra landfógetans vegna, hver sent hefur mér einn memorial er hans herradómur hefur inngengið til veðla og velbyrðigs herra amtmannsins hér um, með hans velbyrðigheita resolution þar uppá af dato 4. maí 1725, hver mér skikkar að grennslast eftir hvar Snæbjarnar tilheyrandi göss sé að finna og hjá hverjum, og ad interim vera viss um að það ekki eyðist. Svo og skikkar hans velbyrðigheit að sýslunnar innbyggjarar skuli vera mér hér úti hjálplegir ásamt þeir sem Snæbjarnar tilheyrandi göss mætti hjá vera mér það til vitundar gefa, etc. Eftir hvers hátt-

virðandi ordres ég undirskrifaður óska að þér göfuga höfðingskvinna og sérhverjir sem Snæbjarnar tilheyrandi góss kann hjá finnast gefi mér nú strax til vitundar hvað það sé og leyni aungvu af, svo það mætti nú uppskrifast og rigtuglega geymast og forvarast til sakarinnar útdrags, en aungvan veginn eyðast kónglegrar majestatis háa interesse til skaða það frekast mögulegt er, áminnandi einn og sérhvern með stærstu undirgefni nefndri hans velbyrðugheita skikkun með ljúflyndi hlýðugir vera. En ef mót von minni að nokkur vill þar ei eftirlifa, ábyrgi ég þeim allan skaða er þar af kann orðsakast. Ofanskrifuðu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og áþrykkt signet að Ögri anno 1725 þann 9. júní, Markús Bergsson mpp.

Anno 1725 þann 16. júní að Sæbóli var þetta upplesið madame Þorkötu Jónsdóttur áheyrandi ásamt veledla og velbyrðigs herra amtmannsins ordres þar uppá er sýslumaðurinn Markús útlagði fyrir henni á íslensku og afsagði hún að segja til eins fjórðungs virðis er Snæbjörn hjá sér ætti eður það útláta því hún ætti meira hjá honum. Til vitnis vor nöfn sama ár og dag sem fyrr segir, Gísli Jónsson, Lífjarn Jónsson, Steinþór Jónsson, Jón Jónsson, Ólafur Sigurðsson, Þorgils Pálsson.

Endilega var upplesið þingvitni tekið á Mýrum 5. maí 1725 er hlýðir þar um að þingmenn viti ei að Snæbjörn ætti lausafé í þessari sveit. Svo og var upplesin af alþingisbókarinnar 1725, númer 13, 15 póstar, sem hljóðar að landfógetinn aðvaraði að enginn keypti Snæbjarnar góss fast eður laust svo lengi sem um búslóðina væri ei úttalað.

Að þessu framförnu var eftirskrifað upplesið:

Vær undirskrifaðir þrír bræður* gjörum vitanlegt fyrir þessum rétti að vér vegna vor sjálfra og vorrar samborinnar systur lýsum því að vor arfur eftir vora sálugu móður er oss ekki ennþá afhentur af því góssi sem vor faðir Snæbjörn hefur undir höndum haft, og mikinn part er vort móðurfé, fyrir utan það sem ég Magnús Snæbjörnsson hefi í föstu og lausu meðtekið. Svo og eru þeir 70 rixdalir af vorum föður oss enn nú óafgreiddir er sálugi herra lögmaðurinn herra Páll Vídalín eftirgaf oss af þeim fémunum sem vor sáluga móðurmóðir eftir sig lét. Hér að auki er portio Mýrakirkju sem áfallin var þá biskupinn magister Jón Árnason visiteraði ólukin af vorum föður og sú sem síðan hefur að helmingi áfallið, og svo framt sem nokkuð innförsel gjörist í þetta enn samstandandi góss, þá óskum vér að allt þetta rigtuglega aftekið verði, fyrst í besta lausafé ef til er og þá í góðri fastaeign ef lausaféð ei til strekkir. Beiðum vér í öllu þessu aðgætist hvört prioritet vér höfum til jarðanna ef forbrjótast og vor fullkominn jöfnuður. Innstillum svo þetta til réttarins aðgjörða og forblífum réttarins auðmjúkir þénarar, Mýrum dag 29. apríl anno 1729, Magnús Snæbjörnsson, Markús Snæbjörnsson, Hákon Snæbjörnsson.

Hér til svaraði ég Markús Bergsson svoleiðis, að í þennan process sé ekki innfært utan þær jarðir sem Snæ[björn] Pálsson hafi sjálfur [000000000000 00000000000000000000] samanstandandi góss þeirra við hann gjörist [0000 000000000000] því hann viti ei hvar það sé, því bæði Þorkatla á [Sæbóli og] þingmenn hafi auglýst þeir vissi Snæbjörn ekkert [lausagóss] eiga, en í þeirra móður arfagóss sé enginn innfærður. En ég afsakaði mig í það sinn annarra réttarins erinda vegna sem dag eftir dag fyrirleggja að geta til komist að sýsla um þeirra lausafjár móðurarf og þá reikninga er þar að lúta, því ég tvisvar áður hafði gjört stórt ómak til að vilja það fá að rannsaka á hentugri tíð og hefi það ei fengið, þar til sé það í óhættum skuldastað, því Þorkatla á Sæbóli hefði lofað að svara til alls sem þar á vantaði. Hér uppá var eftirskrifað uppleið:

Ég Markús Bergsson kónglegrar majestatis sýslumann tilsegi yður Snæbjörn Pálsson að koma til Mýra á þann 1. desember anno 1724 að auglýsa mér þá hvað yðar börn eigi í sinn móðurarf og gjöra þar fyrir rigtugheit. En protestera í kröftugasta máta móti allri yðar forsómun þar úti sem og allri yðar mótsögn og áset hana að klaga á hærri stöðum. Til merkis mitt nafn að Eyri anno 1724 dag 9. nóvember, Markús Bergsson mpp.

Þetta var uppleið Snæbirni Pálssyni áheyrandi sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Þórður Jónsson, Jón Jónsson, Bjarni Eyjólfsson.

Anno 1724 þann 1. desember kom sýslumaðurinn [Markús Bergsson til Mýra] að yfirheyra og skoða [0000000000] Snæbjarnar Pálssonar sem innistendur [hans bö]rnum af þeirra móðurarfi hvað mikið það væri og hvar úti það stæði eftir veðla og velbyrðigs herra amtmannsins skikkan, og kom ekki Snæbjörn og enginn hans vegna það sama að auglýsa. Til merkis undirskrifuð nöfn sama stað, dag og ár sem fyrr segir, Ólafur Jónsson, Magnús Sigurðsson, Bjarni Halldórsson.

Hér til var þetta eftirfylgjandi uppleið:

Kónglegrar majestatis hábetruaði amtmann, veðla og velbyrðigi herra Niels Fuhrmann.

Minn háttvirðandi herra og patron.

Ég orðsakast með stærstu undirgefni að gefa yðar velbyrðigheitum til vitundar að ég næstliðinn 9. nóvember óskaði í erlegra votta viðurvist að Snæbjörn Pálsson auglýsti mér hvað mikið fé hans börn ætti hjá honum innistandandi af þeirra móðurarfi og hvar úti það stæði, og framvísaði þá undir eins yðar velbyrðigheita resolution in originale þar uppá, og afsagði nefndur Snæbjörn það að gjöra. Allt fyrir það tilsagði ég honum bréflaga að auglýsa mér þetta að Mýrum 1. desember 1724 í þeirri von að hann mundi um þann tíma besinna sig að forakta ei þannin yðar velbyrðigheita skikkan. Reisti ég svo þangað langan veg og örðugan, bjóðandi mig til uppá ný þetta [rann]saka, hvað ekki fékkst.

Óska ég því auðmjúklega [af] yðar velbyrðigheitum úrlausnar hvernin ég skuli hér [um] framvegis höndla. Ég forblíf veledla og velbyrðigs herra amtmannsins undirgefinn, auðmjúkur þénari, Ögri anno 1724 dag 28. desember 1724, Markús Bergsson mpp.

Resolution:

Dersom Snæbjorn Paalsen uvederheftig måtte eragtes så vel formedelst hans boslod ved dom kongen er henfalden som ellers og dog den forlangede rigtighed om hans børns moderne arv og midler, hvor og hvorudi de består, hvortil han efter loven er pligtig når påæskes ikke har vildet fremlægge, da bør de umyndiges næste fødte væрге, om nogen er, som der til vederheftig eragtes skriftlig advares sig at indstille til værgemålet at antage, såfremt de ikke ville svare til all den skade som de umyndige derover kunne lide, er ingen til, forordnes der til en anden bosat og vederheftig dannemand som børnegodset sikkerst kan betroes. Vil eller kan Snæbjorn Paalsen da for hans børns moderne arv og formynderskab som bemeldt ikke gøre rede og rigtighed, og han ikke heller derfor nøjagtig forsikring kan stille, da må både hans [penge] og gods arresteres når det forlanges og sagen derpå forfølges. Besseded kongsgård den 4. mai 1725, Niels Fuhrmann.

Item var þetta upplesið:

Virðuglegi og velforstandugi monsieur Þorsteinn Pálsson.

Af hér meðfylgjandi copiu af veledla og velbyrðigs herra amtmannsins resolution dateraðri Bessastöðum 4. maí 1725 sér yðar virðuglegheit hvernin hans velbyrðigheitum þóknast að með barna góss Snæbjarnar Pálssonar skuli hér eftir höndlast, og þar mér er vitanlegt að þér eruð föðurbróðir nefndra barna og vel tilfallnir að vera þeirra verjari ásamt séra Teiti Pálssyni, aðvara ég yður að innstilla yður til vergemálið að meðtaka nú strax á þessu sumri eftir lögnum og með það höndla sem rétt og forsvaranlegt er í allan máta, hvar um yður í aungvu efa. Þetta hefi ég gefið veleruverðugum séra Teiti Pálssyni til vitundar. Ég vil finnast jafnan yðar þénustu velviljaður, Öxará anno 1725 dag 9. júlí, Markús Bergsson mpp.

Ofanskrifað hefi ég yfirlésið, til merkis Öxará dag 13. júlí anno 1725, svo og hefi ég og copiu af þessu hér ofanskrifuðu meðtekið, einnin copiu af velbyrðugs herra amtmannsins ordre, sem hér fyrri umgetur, og svara ég þar einfaldlega uppá að svo lengi sem ég veit ei það að börn Snæbjarnar Pálssonar líða öngvan skaða á sínu móðurgóssi eður sínu skikkanlegu uppfóstri þá afsaka ég mig að falla inn í þetta efni ef ske mætti að börn bróður míns Snæbjörns kynnu þar af skaða að líða á góssi sínu og uppfóstri. Til merkis, Öxará dag 13. júlí 1725, Þorsteinn Pálsson.

Endilega var og upplesin caution Þorkötlu uppá móðurarf barna Snæbjarnar sem eftir fylgir:

Svo gjöri ég og svo hér með heyrum kunnugt að ég vegna Snæbjörns Pálssonar hefi lofað og hér með lofa að vera fullkominn cautionisti þar fyrir að hans móðurlausu ómyndugu börn skulu öngvan skaða líða af meðferð hans á þeirra móðurarfi meðan ég tilendist, og ef sem í mót von minni er, að hann skuli ei hafa svo mikið fé til sem þeim bæri þá þaug til lögaldurs koma, þá vil ég af mínu fé þeim fullnægja svo að þau aldeilis skaðlaus verði uppá þeirra móðurarf. Gjöri ég þetta til að spara mæðu vors virðuglega valdsmanns til þeirrar eftirsjónar í mörgum hans annríkjum og vil vona að réttvís yfirvöld virði þetta ei að ólögum gjört vera, svo sem lögin 1. bók, 21. capituli, 11. articuli og 3. bók, 19. capituli, 6. og 25. articular því samstemma, hvörju til merkis er mitt nafn og áþrykkt signet hér fyrir neðan á Sæbóli dag 1. desember anno 1724, Þorkatla Jónsdóttir L.S.

Það viðvikur skuldum sem greint bræðra bréf hermir er þeir eigi hjá sínum föður auk móðurarfsins tilbauð ég mig að heyra og framlögðu þeir visitatium magisters Jóns þar um svolátandi:

Portionis reikningur var síðast staðinn anno 1710. Síðan hefur fallið tíund af fastagóssi hér um 110 álnir á hvörju ári, en með því biskupinn sálugi Vídalín hefur gefið proprietarium og hans erfingja kvitta um sína tíð með þeim skilmála að þeir héldi kirkjunni og hennar inventario við góða hefð og magt, og þar eð biskupinn magister Jón Árnason formerkir að skilmálarnir hafi verið haldnir, lætur hann þar við blífa sem aftalað verið hefur, en reiknar einasta hvað kirkjunni goldist hefur síðan hann kom til stólsins í næstliðin 4 ár og verða það tvö hundruð tuttugu álnir auk víns og baksturs sem fastaeignin hefur af sér gefið. Þar við bætist lausafjártíundin 24 álnir, til samans 2 hundruð 44 álnir. Ljóstollar gjaldast kirkjunni í meðalári hér um 27. Þar af falla niður 6 eru eftir 21, hvör á 5 fiska. Er til samans að verðaurum í fjögur ár 1 hundruð 90 álnir. Svo þá verður skuld kirkjunnar hjá proprietario alls 4 hundruð 14 álnir og með legkaupum 4 hundruð 38 álnir. Hér um til merkis og meiri staðfestu eru undirskrifuð nöfn að Mýrum við Dýrafjörð þann 28. ágúst anno 1725, Jón Árnason, Teitur Pálsson, Sigurður Sigurðsson, Snæbjörn Pálsson meh.

Item var þetta upplesið:

Eftir ofanskrifuðum gjörningi læt ég Páll Vídalín þetta eftirskrifað vera statt og víst. Að til þess niðurslokunar verði þrætur allar millum okkar monsieur Snæbjarnar Pálssonar vil ég af hálfu ektakvinnu minnar unna systurbörnum hennar alls helmings af lausafjárarfi sem mín sæla tengdamóðir Ástríður sáluga Jónsdóttir eftirlét, svo að börn Kristínar sálugu Magnúsdóttur njóti jafnaðar í því. En með því registrationen yfir fyrrgreindan arf er í margan máta ófullkom-

in og fjarri því að vera nógu skýr eður lögmæt taxera ég allan þennan arf fyrir 35 lausafjórðungi. Þann helming arfsins sem ektakvinnu minni tilkemur skal monsieur Snæbjörn af mér leysa með 70 specie rixdölum eður cronum með uppgjaldi, og séu luktir heim til Víðidalstungu þann 14. september næstkomandi. Við Öxará dag 26. júlí 1722, Páll Vídalín.

Þessu næst kom þetta fram frá Þorkötlu og var upplesið:

Kennist ég undirskrifaður Sigfús Jónsson að erugöfug höfðingskvinna madame Þorkatla Jónsdóttir á Sæbóli hefur betalað til mín stórt hundrað og tuttugu rixdali in specie, hvörja stórt hundrað og tuttugu rixdali ég áður fyrr lánaði monsieur Snæbirni Pálssyni, hvar í mót hann mér í pant setti Arnardali við Skutulsfjörð, svo sem contracten þar um gjörð sér líkast hermir. Þar að auki betalaði göfug Þorkatla mér tveggja [0000000000] eftir ofanskrifaða peninga, framar þessu hefur madame Þorkatla betalað mér úti höndina þær 6 vættir danskildar fiska er ég anno 1728 Snæbirni Pálssyni lánaði og það með átta sléttum dölum. Til merkis mitt undirskrifað nafn að Súðavík dag 25. apríl anno 1729, Sigfús Jónsson.

Einnin var þetta framlagt:

Kennist ég undirskrifaður að ég var þá staddur á Mýrum við Dýrafjörð í fylgd með Eggert sáluga Sæmundssyni þar í baðstofunni stóru þegar Guðmundur Jónsson nú búandi í Lambadal ytri í sömu sveit afgreiddi Snæbirni Pálssyni þá peninga er göfug madame Þorkatla Jónsdóttir á Sæbóli þá Snæbirni lánaði uppí andvirði Innra-Hjarðardals í Önundarfirði, hvörja ég heyrði Snæbjörn telja sextíu að tölu uppí þrjár reisur. Þetta skeði áður jarðakaupin framföru millum Snæbjarnar og sáluga Jóns Pálssonar Vídalín. Ofanskrifuðu til frekari staðfestu er mitt nafn hér undir sett með eigin hendi að Sæbóli dag 23. apríl anno 1729, Þorleifur Jónsson.

Þegar svo var komið var gengið frá réttinum um sólarlag og tilsagt að mæta aftur á morgun. Þann 30. apríl nær rétturinn var settur mættu málspartarnir og er þess hér að gæta að um það leyti að menn ætluðu í gærkvöld að ganga frá réttinum auglýsti Snæbjörn Pálsson að hann hefði á alþingi 1723 afgreitt sjálfur lögréttuma[nninum] Sigfúsi 37 rixdali in specie uppí þá peninga sem áður[skrifuð] bréffleg meðkenning uppástendur að Þorkatla hafi betalað og hann átti hjá Snæbirni, til hvörs hans framburðar sýslumaðurinn Ormur gagnadist honum að vitni að satt væri. Frekara kveðst enginn af áðursögðum pörtum hafa fram að leggja, hvorki sín vegna eður þeirra er þeir hafa í rétt fyrir gengið. Og féll því sú ályktun á að svo skuli skiptast eign Snæbjarnar Pálssonar á milli kóngsins og allra skuldamanna sem uppá þær kalla sem eftir fylgir, þar lausafé finnst ei frekar en áður segir:

Eignir Snæbjarnar Pálssonar í föstu sem vitnast að hann átt hafi þá hann féll

í búslóðarmálið og hingað til hefur haldið, og enginn hefur enn löglega mótmælt, eru í þennan process innfærðar sem eftir fylgir: Arnardalir báðir í Skutulsfirði 36 hundruð með hálfu þrettánda kúgildi, 18 hundruð í Hjarðardal í Önundarfirði með tveimur kúgildum, 21^{1/2} hundruð í Hjarðardal í Dýrafirði, 3 hundruð í Botni, 12 hundruð og 30 álnir í Alviðru, 6^{1/2} hundruð í Arnarnúpi, 13^{1/2} hundruð í Bjarnastöðum, alls 112 hundruð og 90 álnir. Þar til 6 hundruð í Álfadal sem stendur seqvesterað til kóngsins fyrir 38 rixdali og uppboðið er sem áður segir. Skuldir á þessum eignum eru eftir gengnum dómum sem hér hafa verið upplesnir, til sýslumannsins Orms 170 rixdalir í cronum, herra lögmannsins Benedikts 10 rixdalir, dómarans Sigurðar og hans dómsmanna 20 rixdalir, lögréttumannsins Ólafs Jónssonar og Lifgjarns 8 rixdalir. Vitnanna [000 Bra]nds, Ísleifs og Guðmundar 10 rixdalir, þessi summa til samans 2 hundruð 18 rixdalir, fyrir hvorra allra hönd að sýslumaðurinn Ormur hefur uppá kallað. Hér til hefur sýslumaðurinn Ormur framlagt það er hann færir til rentu og kostnaðar að sækja þessa peninga 39 rixdali croner 5 mörk 12 skildinga, hver reikningur að nálægir þingmenn með mér hafa billegan álitid, og er því skuld Orms og ádurtaldra sem hann sækir fyrir 257 rixdali á fé Snæbjarnar.

2. Heyrir til kónginum eftir gengnum dómum 38 rixdali af fé Snæbjarnar sem 6 hundruð í Álfadal er seqvesterað fyrir sem áður segir.

3. Séra Hjalta Þorsteinssyni tilkemur að eignast af fé Snæbjarnar 15 rixdali og prestinum séra Bjarna Jónssyni 16 rixdali 2 mörk eftir synodalsdómi.

4. Hafa framkomið reikningar frá sonum Snæbjarnar að þeir eigi hjá föður sínum 21 hundruð 98 álnir.

5. Hefur Þorkatla Jónsdóttir látið hér upplesa tvo vitnisburði, annar hljóðar að hún í hennar ektamanns tíð hafi lánað Snæbirni Pálssyni 60 rixdali, önnur um það að Sigfús Jónsson jatar að Þorkatla Jónsdóttir hafi sér betalað vegna Snæbjarnar stórt hundruð og 20 rixdali specie fyrir þá peninga sem hann segist lánað hafa Snæbirni Pálssyni þá hann setti sér Arnardali í pant, hvorri útgefinni meðkenningu Sigfúsar Snæbjörn að nokkru leyti mótmælti, með því móti að hann yfirlýsti því fyrir réttinum að hann sjálfur á alþingi 1723 hefði betalað Sigfúsi 37 rixdali af téðum peningum og fékk þar strax vitni uppá sýslumanninn Orm Daðason. [0000000000000000] öllu þannin ásigkomnu er þannin af mér ályktað [um jarðagóss] Snæbjarnar og skuldir sem eftir fylgir:

1. Sýslumaðurinn Ormur Daðason, sem vegna sín og þeirra sem hann sækir fyrir og áður eru taldir á 257 rixdali í cronum í skuld á fé Snæbjarnar, skal til betalings fyrir þá sömu 257 rixdali í cronum uppbera og að sér taka 36 hundruð í Arnardölum í Skutulsfirði með hálfu þrettánda kúgildi og tvö hundruð í Kleifum við Skötufjörð til alls ágóða og umráða nú strax hér eftir, að

Því tilskildu að hann höndli með þetta jarðagóss eftir laga fyriræmælum sem ákveður Norsku laga 5. bók, 6. capituli, articuli 12 og þeir megi jarðagóssið innleysa ef vilja sem tilheyrir fyrir peninga, og standi honum frítt fyrir að láta virða jarðirnar og kúgildin eður öðrum sem hlut að eiga ef vilja.

2. Séra Hjalti Þorsteinsson og séra Bjarni Jónsson fyrir 31 rixdal og 2 mörk sem þeir eiga að Snæbirni skulu þar fyrir uppbera og að sér taka hálf sjetta hundrað í Arnarnúpi með sömu fyriræmælum öllum og á sýslumanninn Orm eru hér áðurskilin.

3. Fyrir þá 38 rixdali sem kónginum í sektir tilheyrta eftir gengnum dómum þá sé 6 hundraða partur í Álfadal í haldi fyrir, og sé erfingjum eður frændum í sjálfraði að leysa ef vilja fyrir 38 rixdali. En þar til sé hann í þess umráðum og haldi sem sakafé á í sýslunni uppbera og til kónsins reikning af standa.

4. Þeir synir Snæbjarnar, Magnús, Markús og Hákon, sem hafa framlagt reikning uppá 21 hundraðs 98 álna skuld á fé föður síns, skulu þar [fyrir að sér taka] 12 hundruð og 30 álnir í Alviðru og 3 hundruð í Botni við Dýrafjörð, [alls] 15 hundruð 30 álnir af greindu fastagóssi föður síns og standi þeim frítt að láta virða ef vilja.

5. Það viðvíkur þeim 1 hundrað og 80 rixdölum specie sem Þorkatla Jónsdóttir hefur látið bera hér fram um tveggja manna bréflaga meðkenning, annars að hún í síns ektamanns tíð hafi lánað Snæbirni 60 rixdali, hvar með þó ei fylgir neitt mótmæli að hún eður hennar ektamaður Eggert sálugi (sem þá lifði) hafi fyrir sömu peninga andvirði uppborið, og ei þó nema eins manns vitni, sem hér er ekki til staðar er þetta framber, og þar til er þessari peningaskuld svo ég viti aldrei lýst löglega hér til. Það snertir þann seðil er undir nafni lögréttumannsins Sigfúsar hér framborinn var og segir að Þorkatla Jónsdóttir hafi sér betalað vegna Snæbjarnar Pálssonar 1 hundrað 20 rixdali specie er ekki undir hans signeti og þar með efanlegur í nokkru gjörður af Snæbirni í þann máta að hann vænist sjálfur hafa betalað á alþingi Sigfúsi 37 rixdali uppí greinda summu og fyrir þessar taldar orðsakir vogast ég ei til að svo stöddu eftir soddan undirlagi að tileinka Þorkötlu af búslóð Snæbjarnar til betalings fyrir greinda peninga, heldur ef hún vill greinda peninga framvegis heimta þá sé hún skyldug að leida vitni sem með eiði löglega sanni þessar peningaskuldir sannar, bæði þeirra sem vitnisburðina hafa útgefið, svo og að hún afleggi eið um það að hún eður hennar ektamaður hafi ekkert fyrir greinda peninga [af] fé Snæbjarnar uppborið, og að því löglegu gjörðu á hún að uppbera sinn betaling fyrir þá sömu í þeim jörðum sem nú afgangur eru af fé Snæbjarnar, sem eru Hjarðardalur í Öndarfirði 18 hundruð og Hjarðardalur í Dýrafirði 21¹/₂ hundrað ásamt 13¹/₂ hundraði í Bjarnastöðum eftir sem af þeim virðast kann fyrir greinda peningasummu, annars eru þeir í seqvestro til kónsins þangað til uppí búslóð Snæbjarnar og skal

Þorkatla hafa þessu aflokið fyrir næsta alþing vilji hún ei hafa sínum rétti tapað til nefndra jarða. Framanskrifuð slutning var upplesin sýslumanninum Ormi Daðasyni, Magnúsi Snæbjörnssyni og Snæbirmi Pálssyni áheyrandi, hverja sem allt framanskrifað að svo framfarið hafi sem hér segir ég staðfesti með undirskrifuðu nafni, Markús Bergsson mpp.

Eiður Þorkötlu Jónsdóttur fylgir hér með.

Anno 1729 þann 9. dag maí að Sæbóli var sýslumaðurinn Markús Bergsson til staðar og óskaði madame Þorkatla Jónsdóttir [að] hann vildi nú taka af sér þann eið sem henni var á Mýraþingi þann 30. apríl 1729 tildæmt að vinna, þar hún vegna síns aldurdóms og veikleika kynni ei til þingsins að koma [og fram]lagði hún svolátandi eið sem eftir fylgir:

Til þess tek ég Þorkatla Jónsdóttir guð til vitnis að ég hefi aldrei fyrr eður síðar, og ekki minn sálugi ektamaður Eggert Sæmundsson, fengið eður uppborið betaling [af] Snæbirmi Pálssyni fyrir þá peninga sem ég honum lánaði uppí Hjarðardals andvirði í Önundarfirði anno 1718, ekki heldur hefur hann betalað mér, fengið eður afhent nokkra fémuni eður látið afgreiða fyrir þá peninga sem ég hans vegna hefi betalað lögréttumanninum Sigfúsi Jónssyni og ekkert andvirði hefi ég þar fyrir uppborið af Snæbirmi eður nokkrum hans vegna, eður af hans jörðum eður lausagóssi. Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium.

Að þetta svo framfarið hafi vitna undirskrifaðir, Eiríkur Guðmundsson, Konráður Oddsson, Jón Guðmundsson, Tyrfingur Bjarnason.

Þessi eiður Þorkötlu Jónsdóttur var þannin af mér undirskrifuðum tekinn sem áður segir. Til vitnis Markús Bergsson mpp.

Process sem gjörðist og framfór
í stefnumáli Guðbrands Sigurðssonar til
Snæbjarnar Pálssonar og hans sona.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að anno 1729 þann 2. maí að Mýrum við Dýrafjörð yfirstandandi manntalsþingi, nálægum þessum tilnefndum mönnum réttinum til þénustu, Birni Jónssyni, Bárði Nikulássyni, Birni Jónssyni, Jóni Guðmundssyni, Jóni Bjarnasyni, Konráði Oddssyni, Þórhalli Dagssyni og Teiti Ásbjörnssyni, mætti Guðbrandur Sigurðsson, Snæbjörn Pálsson og hans 3 synir Magnús, Markús og Hákon, og var upplesin svolátandi stefna sem svo segir:

Eftir því þú Snæbjörn Pálsson með þremur þínum sonum, Magnúsi, Mark-

úsi og Hákonni, réðst á mig fyrst, togaðir mig og hraktir með þessum þínum áðurgreindum sonum þá ég vildi stefnur birt hafa að Sæbóli á Ingjaldssandi næstliðinn 7. mars og þar að auki með hérnefndum þínum sonum togaðir mig og frá bænum hraktir langt fram á tún, svo ég ekki einasta kynni stefnur að birta að Sæbóli fyrir þínu og sona þinna ofurvaldi, heldur og einninn sá ég ekki annað mér vísara en skaða búinn af þínum og sona þinna tilverknaði, hefði ég mig ei aðgætt, þá stefni ég Guðbrandur Sigurðsson þér Snæbjörn Pálsson svo sem fyrirliða og foringja til þessarar atfarar á móti mér. Svo og stefni ég þér Magnús, Markús og Hákon Snæbjörnssynir sem voruð það sinn með yðar föður Snæbirni Pálssyni til Mýra við Dýrafjörð á þann 2. dag maí þessa árs 1729 fyrir sýslumanninn í Ísafjarðarsýslu seigneur Markús Bergsson til að heyra á meðferðina og allt ykkar áðurtéðra feðga framferði á móti mér á Sæbóli á fyrrtéðum degi sem vitni bera kunna ykkur öllum áðursögðum á móti og þar sama staðar viðstödd voru og uppá sáu, sem voru nefndir tilskikkaðir stefnuvottar, Ísleifur Ásgrímsson og Guðmundur Þorsteinsson, svo og einninn [að] þið allir fyrrgreindir feðgar líðið endilegan dóm, hvörju þið skulið hér fyrir sekir vera á fyr tilteknum stað og degi. Verið allir fyrrnefndir fjórir feðgar árdegis komnir á áðurtéðan stað og dag og bíðið svo lengi á þinginu að endilegur dómur er hér á genginn og rétturinn ykkur tilsegjandi verður. Til merkis mitt nafn að Gerðhömrum dag 18. mars 1729, Guðbrandur Sigurðsson.

Þessi stefna var upplestin á Sæbóli Snæbirni Pálssyni og hans þremur sonum áheyrandi dag 19. mars og ein copia öllum þeim afhent. Vitna undirskrafaðir, Ísleifur Ásgrímsson, Guðmundur Þorsteinsson.

Fyrrnefndir feðgar játuðu fyrirfallið sér birt eftir sem uppáskriftin útvísar og framlögðu þar á móti contrastefnu, svohljóðandi sem eftir fylgir:

Sökum þess þú Guðbrandur Sigurðsson hefur næstliðinn dag 19. mars að Sæbóli birt oss undirskrifuðum fjórum feðgum eina stefnu undir þínu nafni til þess annars dag maí næstkomandi, um það að vér höfum ráðist á þig, togað þig og hrakt þá þú segist hafa viljað stefnur birt hafa að Sæbóli næstliðinn dag 7. mars etc. Þess vegna stefnum vær, ég Snæbjörn Pálsson, ég Magnús Snæbjörnsson, ég Markús Snæbjörnsson og ég Hákon Snæbjörnsson, með þessari contrastefnu þér Guðbrandur Sigurðsson til Mýra við Dýrafjörð á þann 2. dag maí þessa árs 1729 fyrir virðuglegan sýslumanninn Markús Bergsson og hans tilnefnd þingsvitni um þetta eftirskrifað:

1. Stefnum vér þér að heyra á vitnan þessara manna, Ólafs Jónssonar, Jóns Ámundasonar, Sveins Bjarnasonar og Ragneidar Sumarliðadóttur, er við voru á Sæbóli á næstliðinn dag 7. mars þá vér spurðum þig eftir erindum þínum á það heimili, hvörju þú þar uppá svaraðir eður hvört þú þeim áheyrandi gjörðist til þín erindi að birta.

2. Þar sem þú skýtur til vitundar Ísleifs Ásgrímssonar og Guðmundar Þorsteinssonar, sem þú segir verið hafi þínir tilskikkaðir stefnuvottar, hvörjir einn með þér þann dag til Sæbóls komu og eftir þínum framburði, það stefnanna lestur áhrætt hefdi, álitast áttu (að vorri hyggju) sem villig vitni, þá eftir því þú stillir þína sókn og sakargiftir oss í móti á þann veg sem vér hefðum vitanlega mót lögum forséð oss í því að gjöra stefnanda vald og ofríki, þá stefnum vér þér með lögum það að forsvara að vitnan þinna förunauta eigi í þessari grein svo lögmæt að aktast sem vorra vitna, sem ekki áttu skylt við þínar stefnu-lesningar.

3. Þar sem þú Guðbrandur Sigurðsson stefnir oss með þvílíkum aðkvæðum sem vér hefðum gjört oss á aðra bæi til aðfarar við þig að sýna þér ofríki, þá stefnum vér þér til að forsvara það orð að lögum sem þú svo í þína stefnu sett hefur.

4. Segist þú Guðbrandur Sigurðsson í þinni stefnu ekki einasta ómögulega kunnað hafa stefnuna að birta á Sæbóli fyrir voru ofurvaldi, heldur og einninn hafir þú ei séð þér annað vísara en skaða búinn af vorum tilverknaði hefðir þú þig ei aðgætt, líka segir þú þá Ísleif og Guðmund verið hafa þína tilskikkaða stefnuvotta, allt þetta stefnum vér þér að bevísa með lögföstum skilríkjum satt að vera fyrir sýslumannsins dómi.

5. Þar sem þú stefnir oss til að líða endilegan dóm eftir þinnar stefnu hljóðan á sama degi sem vitnin ættu að forheyra, stefnum vér þér að forsvara það að vera eftir lögum gjört og ei til þess að hindra og tálman gjöra voru forsvari er vér annars mættum fá oss til varnar á móti þínum sakargifta áaustri oss í móti.

6. Þar sem vér viljum því ei mótmæla að þú Guðbrandur hafir til Sæbóls komið með þínum compánum og ef það bevísad verður að þú hafir ei viljad aðspurður birta þitt erindi, og ekki gjörst til að framvísa nokkuð merki eður passa, eftir hvörju eður hvörs erindis þú gjörðir þig á heimili þíns contraparts, þá stefnum vér þér að forsvara það að þú hafir ei með réttu næstliðna 7. dag mars átt að vera því undirgefinn sem mannhelgis 29. capituli talar um boðslettur.

Vertu Guðbrandur Sigurðsson á fyrrnefndan stað og dag í löglegan tíma kominn með allt þitt lögmætt forsvor er þú kannt að hafa fyrir réttinn fram að leggja í þessu máli og far ei fyrri burt af þinginu er dómur er uppsagður vor í milli. Þessari stefnu til merkis eru vor undirskrifuð nöfn hér fyrir neðan að Sæbóli dag 1. apríl anno 1729, Snæbjörn Pálsson meh, Magnús Snæbjörnsson, Markús Snæbjörnsson, Hákon Snæbjörnsson.

Þessi stefna var opinberlega lesin að Gerðhömrum sumu heimilisfólkinu nærverandi dag 5. apríl 1729, að Guðbrandi Sigurðssyni áður þrisvar upphrópuðum til að heyra á stefnulesturinn. Síðan gengum við með Magnúsi Snæ-

björnssyni í bæinn og tilbauð hann eiginkvinnu Guðbrands Ástríði að meðtaka stefnuopiuna. Sem hún vildi það ekki lét Magnús hana á eskjur sem stóðu þar á hillunni og sagðist þar leggja hana Guðbrandi til meðtöku þá heim kæmi. Til merkis að Sæbóli dag 6. apríl anno 1729, Eiríkur Guðmundsson, Ólafur Jónsson.

Þessari stefnu veitti Guðbrandur viðgöngu.

Hér til framlögðu þeir feðgar aðra stefnu til Guðmundar Þorsteinssonar og Ísleifs Ásgrímssonar svohljóðandi:

Eftir því oss undirskrifuðum skilst að Guðbrandur Sigurðsson hafi innréttað sína stefnu er hann birti oss næstliðinn dag 19. mars á þann veg sem vér hefðum gjörst til löglegum stefnanda 7. sama mánaðar vald og ofríki að gjöra, og þar sem hann vísar í sinni stefnu til vitnunar ykkar Ísleifs Ásgrímssonar og Guðmundar Þorsteinssonar í því er hann oss um klagar, segjandi ykkur sama sinn verið hafa sína tilskikkaða stefnuvotta, en vér meinum ykkur í svo ásigkominni sök aktast eiga sem villig vitni. Því stefnum vér, ég Snæbjörn Pálsson, ég Magnús Snæbjörnsson, ég Markús Snæbjörnsson og ég Hákon Snæbjörnsson, ykkur Ísleifur Ásgrímsson og Guðmundur Þorsteinsson til Mýrapiings á þann 2. dag maí þessa árs 1729 fyrir virðuglegan sýslumanninn Markús Bergsson og hans tilnefnd þingvitni til áheyrslu þeirra vitna Ólafs Jónssonar, Jóns Ámundasonar, Sveins Bjarnasonar og Ragneiðar Sumarliðadóttur, sem um það bera kunna hvört Guðbrandur Sigurðsson hafi þeim áheyrandi á Sæbóli næstliðinn dag 7. mars talað eður lýst því að hann hefði þá nokkra stefnu að birta. Og svo framt sem þið ásetjið nokkuð fyrir dómaranum á þeim degi oss í móti að vitna, þá verið báðir með ykkar góða kynning, helst þú Ísleifur Ásgrímsson frá Jóni Indriðasyni, Helga Halldórssyni og Einari Hákonarsyni, allt til þessa vors stefnudags dato, sem og ykkar framburð viðbúnir að koma undir réttarins virðing þar um að ykkar vitnan eigi að lögum meðtækileg að heita. Þessari framanskriafaðri stefnu til merkis eru vor undirskrifuð nöfn að Sæbóli dag 29. mars anno 1729, Snæbjörn Pálsson meh, Magnús Snæbjörnsson, Markús Snæbjörnsson, Hákon Snæbjörnsson.

Þessi stefna var lesin að Alviðru anno 1729 þann 5. apríl Ísleifi Ásgrímssyni og Guðmundi Þorsteinssyni áheyrandi á hvörs þeirra heimili, og báðum þeim copiur af stefnunni afhentar. Til merkis Sæbóli dag 6. apríl 1729, Eiríkur Guðmundsson, Ólafur Jónsson. Þessari stefnu veittu þeir Guðmundur og Ísleifur viðgöngu.

Item framsagði Guðbrandur þetta:

Svo sem heidursverðugur kennimaðurinn séra Sigurður Sigurðsson kallar bróður sinn monsieur Guðbrandur kunnir að þurfa að stefna Þorkötlu Jónsdóttur á Sandi og óskar ég skikki honum stefnuvotta þar til, þá tilsegi ég Ísleifi

Ásgrímssyni og Guðmundi Þorsteinssyni að Alviðru uppá réttarins vegna að vera vottar að þeim stefnum sem téður monsieur Guðbrandur vill birta Þorkötlu. Til vitnis Eyri 1729 dag 28. febrúar, Markús Bergsson mpp.

Guðbrandur Sigurðsson óskaði að beskikkelsesvitni sín Ísleifur og Guðmundur væri yfirheyrð og í eið tekin, og játaði Snæbjörn og hans synir að þeir hefðu ekki neitt fram að vísa sem greinda menn hindri að þeir mættu ei vitna, en óskaði að sín vitni mætti og yfirheyrast, sem var heimilisfólk að Sæbóli, Sveinn Bjarnason, Ólafur Jónsson og Jón Ámundason, svo ef þeirra vitnisburði mismunaði í nokkru að þá mætti metast hverjir líkari væri til sanninda, og voru svo öll vitnin sitt í hverju lagi yfirheyrð, hvert nokkuð mismunaði. Síðan aflögðu þaug að eiðsútpýðingunni heyrðri svolátandi eið: Það lofa ég Guðmundur Þorsteinsson, ég Ísleifur Ásgrímsson, ég Sveinn Bjarnason, ég Ólafur Jónsson, ég Jón Ámundason að ég vil segja sannleikann það framast sem mér er vitanlegt um þá misklíð sem framför að Sæbóli þann 7. mars 1729 og ég hefi verið tilkvaddur um að vitna og ég verð annaðhvert af dómaramum eður pörtunum aðspurður til sakarinnar upplýsingar og augvu af leyna, svo hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium, sagði hver um sig.

Og vitnaði Guðmundur Þorsteinsson skriflega sem eftir fylgir:

Það vitna ég Guðmundur Þorsteinsson uppá minn aflagðan sálhjálpareið að ég kom ásamt Guðbrandi Sigurðssyni og Ísleifi Ásgrímssyni að Sæbóli þann 7. marsmánaðar þessa árs uppá þá framkvæmd að auglýsa Þorkötlu Jónsdóttir réttarins stefnu, sem og líka þrjú önnur fyrirköll, og þegar ég heim á staðarhlaðið að bæjardyrnum gekk var enginn maður úti og hurðin afturlukt, og barða ég þrisvar og var ei upplokið hurðinni, og nokkrum tíma síðar kom Snæbjörn og hans þrír synir til ásamt nokkuð annað af heimafólkinu með honum, og las upp nokkurs konar blöð, og áður en hann endaði sinn blaðalestur auglýsti Guðbrandur Sigurðsson eiga að birta Þorkötlu Jónsdóttur stefnur, og sem Snæbjörn Pálsson endaði áður nefndan upplestur sagðist Guðbrandur eiga að birta Þorkötlu Jónsdóttur stefnur og tók upp veskið sem stefnurnar voru í. Þá talaði Snæbjörn Pálsson: Þú ert ekki myndugur til þess. Sama orð talaði Markús Snæbjörnsson strax eftir. Nú sem Guðbrandur Sigurðsson ætlaði að fara að lesa stefnurnar gekk Snæbjörn að honum og hans þrír synir, hrundu honum fram eftir hlaðinu mjög allt að læknum. Komst þá Guðbrandur upp að bæjardyrabilinu utan til út við vegginn og toguðu og hrundu þeir honum þaðan fram á hlaðið og í því harki hraut hann með annan fótinn ofan í lækinn. Hrundu þeir honum með þessum hætti fram eftir hlaðinu með veggnum allt að skrifhúspilinu. Vildi hann þar verjast og spyrndist þar við sem kunnir en þeir toguðu hann þaðan með sama hætti fram á hlað og síðan fram á tún. Hratt Snæbjörn honum fram eftir túninu eins á svelli sem auðri jörðu, þar til Guðbrandur sýndi sig

aftur að snúa, varnaði Snæbjörn honum heim að komast og fylgdu þeir feðgar Snæbjörn og hans synir Guðbrandi Sigurðssyni fram að húsum sem kallast Krókshús og hjáleiga er frá Sæbóli og skyldist þar við, en hafði þó vareygð á hvert Guðbrandur héldi áfram. Þessum mínum framanskriðuðum vitnisburði til frekari staðfestu er mitt nafn með eigin hendi að Mýrum dag 2. maí anno 1729, Guðmundur Þorsteinsson.

Rétt einshljóðandi vitnaði Ísleifur Ásgrímsson sem Guðmundur Þorsteinsson svo aungvu mismunandi utan því að Ísleifur sagði Guðmundur hefði barðið.

Fyrir þessu ofríki Snæbjarnar segist Guðbrandur ekki hafa getað auglýst að Sæbóli téðar stefnur fyrir en hann hefði sent inn í Ögur og öðlast skikkun til fólks úr tveimur sveitum að styrkja sig þar til og hefði hann svo orðið að fá 11 manns sér til fylgdar að Sæbóli að birta stefnurnar með stórum kostnaði og mæðu.

Ólafur Jónsson heimilismaður að Sæbóli vitnaði þetta:

Að allir hafi inni verið þá Guðbrandur og Ísleifur ásamt Guðmundur komu, því máltíð hafi yfirstaðið. Það segist hann meina að bærinn hafi lokaður verið. Eftir á þá bræður segist hann hafa útgengið. Snæbjörn hafi borið í hendinni stefnur út úr bænum og farið þær strax að lesa* Guðbrandi og fengið honum copiuna fyrir utan lækinn, en ei segist hann minnst hvar þeim Ísleifi og Guðmundi hafi þær fengnar verið. Ekki segist hann heyrt hafa Guðbrand segja annað en hann vildi finna Þorkötlu og tala við hana, því hann hefði ei hlustað þar eftir vegna þess hann hefði verið að lesa copiurnar á meðan. Á kveri eður veski sem líkt væri kveri sagðist hann séð hafa Guðbrand halda og játaði hann það væri það sama sem Guðbrandur nú upptók. Ekki segist hann grundað hafa að því hvert þar í hefði bréf verið, séð segist hann hafa að Snæbjörn hefði þá gengið að Guðbrandi og hrundið honum og nær þá strax hafi synir Snæbjarnar ráðist á Guðbrand en hann hafi hörfað undan þeim að þilinu framan til aðalbæjarðyrnar, og hafi þeir svo fært hann þaðan nauðugan fram að skrifhúsdýrunum, þaðan segir hann Snæbjörn og þeir hafi fært Guðbrand og fram á túnið nauðugan og ekki segir hann þeir hafi við hann skilist fyrri en fyrir framan Krókhúsin sem er hjáleiga frá Sæbóli. Aungva orðsök segir Ólafur að Guðbrandur né hans fylgjara hafi gefið Snæbirni til þessa framferðis hverki til orða né verka. Það segist hann heyrt hafa að eftir það þeir feðgar voru búnir að hrekja Guðbrand og færa hann frá bænum og í hlaðbrekkuna þá hafi þeir spurt Guðbrand hvert hann væri kominn með nokkur réttarins erindi, og hafi hann svarað að sig minni þá varðaði þar ei um. Frekara kveðst hann ekki hafa að bera.

Sveinn Bjarnason bar svolátandi vitni uppá sinn aflagðan eið að hann vissi að Guðbrandur Sigurðsson, Ísleifur og Guðmundur hefði komið að Sæbóli 7.

mars næstliðinn, en bæjardyrnar lokaðar og enginn úti, segist hann meina hann hafi verið að borða og hafi ei út komið fyrr en þeir feðgar Snæbjörn og hans synir hafi verið útgengnir, og þá hafi Snæbjörn verið búinn að fletta upp því blaði sem hann hefði lesið Guðbrandi, og þá hann hafi verið búinn að lesa það hafi hann strax fengið þeim copiurnar og þá segist Sveinn hafa strax burtu gengið af heimilinu ásamt Jóni Ámundasyni, en Guðbrandur og hinir hafi þá eftir verið. Ekki segist hann heyrt hafa svo hann myndi að Guðbrandur hefði annað sagt en hann vildi finna Þorkötu og tala munnlega við hana. Í burtu segist hann því hafa gengið að hann hefði verið uggandi um að þar mundi eitthvert slark verða. Öngvan ófrið til orða eður verka segist hann heyrt hafa Guðbrand eður hans fylgjara þar í frammi haft hafa. Frekara kveðst hann ekkert kunna að bera um þetta.

Vitnisburður Jóns Ámundasonar samstemmir aldeilis því sem greindur Sveinn hefur vitnað.

Fleiri vitni segist Snæbjörn ekki hafa að framvísa, var Snæbirni boðið og þeim feðgum að spyrja vitnin frekara ef vildu og spurðu þeir að aungvu víðara en hér er innfært, utan Snæbjörn aðspurði Guðmund og Ísleif hvert þeir vissu að hann hefði heyrt að Guðbrandur hefði yfirlýst að hann ætti stefnur að Sæbóli birta, hvar til þeir sögðu já, því Snæbjörn hefði þá til svarað (sem þeir hefði vitnað) við Guðbrand: Þú ert ekki myndugur til þess.

Um það skeið sem verið var að yfirheyra vitnin framlögðu þeir bræður Magnús, Markús og Hákon svolátandi seðil sem eftir fylgir:

Virðuglegur yfirdómari seigneur Markús Bergsson, samt réttarins bepéntir, þenustusamleg heilsan.

Við undirskrifaðir 3 bræður gjörum herra sýslumanninum og þessum virðuglega rétti það hér með opinbert að þar sem við erum fyrir þennan rétt stefndir um nokkur óhlýðileg samtök í mót monsieur Guðbrandi Sigurðssyni þann 7. mars er hann svo kallar, þá þar sem oss er lögmálið sem öðrum unglimum óljóst, hvað hér úti skal segjast eður hvort nokkrar sakir skuli hér við liggja ef eftir stefnunni bevisast kynnu, þá til að hafa oss undanþegið öllum kærum og átölum, framar en vor verk gjörð í framhleypni og af unglings óstöðugleika, viljum vér gjöranlega rétta fyrir oss af voru fé kóngi og kalli til þess allir sjá kunnir að vér höfum þetta ei gjört með upplögðu ráði, heldur sem sagt er af bráðræði og þeirri undirrot sem oss sómir ei að glósa. Byggjum við þetta á Norsku lögum 1. bók, 5. capitula, 11. articula, að ekkert lögmál sé yfir oss fellt heldur leggjum vort málefni undir gjörð og forlíkun bestu manna á þinginu og treystum herra sýslumanninum og þessum virðuglega héraðsrétti hér til, hvar í mót við finnstum þenustu reiðubúnir. Mýrum dag 2. maí 1729, Magnús Snæbjörnsson, Markús Snæbjörnsson, Hákon Snæbjörnsson.

Að þessu upplesnu aðspurði sýslumaðurinn Markús nálæga þingmenn sem nú voru fyrir utan þá sem réttinn sátu, hvern vitnisburð þeir vissu að synir Snæbjarnar hefðu forþénað, og játuðu allir með einu hljóði að þessir allir greindir bræður hefðu hagað sér til þess 7. mars næstliðins erlega, sómasamlega og vel, með meinlausri og góðri umgengni við sérhvern mann og aldrei orðið samþykkir í óróa síns föðurs að skaða aðra það þeir framast afvissu. Síðan svaraði ég uppá þeirra memorial svoleiðis: Upplesið fyrir réttinum sem haldinn var að Mýrum við Dýrafjörð þann 2. maí 1729 og er ég undirskrifaður samþykkur að velnefndir 3 bræður Snæbjarnarsynir afsóni sína yfirsjón með gjörð þeirra sem þeir sjálfir tilnefna vilja að óskertu kónglegrar majestatis interesse með samþykki contrapartsins monsieur Guðbrandar Sigurðssonar. Til merkis Markús Bergsson mpp.

Eftir þessu undirlagi kusu þeir synir Snæbjarnar Magnús, Markús og Hákon, gjörðarmenn og var þeirra gjörð upplesin sem þannin hljóðar:

Anno 1729 þann 2. maí voru þeir Magnús, Markús og Hákon Snæbjarnarsynir fyrir rétt kallaðir af monsieur Guðbrandi Sigurðssyni um nokkurskonar ágreininga þann 7. mars þessa árs sem Ísafjarðarsýslu protocol með sér ber, ásamt þeirra stefnuvitna eiðsvarinni vitnan, hvar á mót velnefndir bræður Snæbjarnarsynir með einum skriflegum seðli tilbuðu sig að þeir fyrir utan dóm að lagaleyfi mættu afsóna sína yfirsjón til kóns og þegns eftir gjörð bestu manna hér á þinginu, sem sýslumaðurinn seigneur Markús Bergsson með réttinum approperað hefur að sama gjörð mætti framfara að samþykki contrapartsins og óskertu kónglegrar majestatis interesse, hvert þeirra skrif með sýslumannsins Markúsar uppáskrift og svari fylgir Ísafjarðarsýslu protocol. Contrapartur þeirra monsieur Guðbrandur Sigurðsson vill og einnin þessu samþykkur vera. Og eftir þessu undirtali völdgáfu þessir málspartar ágreiningar þær sem til þessa þings og dags stefndar voru undir gjörð sýslumanna Teits Arasonar og Orms Daðasonar, og lofuðu það í tilkallaðra votta viðurvist að hafa og halda óátalið sem þeir gjörðu hér úti.

Að gegnumséðum þessa máls kringumstæðum eftir vottanlegri vitnan er þessi vor gjörð: Þeir ættgöfugu bræður Magnús, Markús og Hákon skulu betala til síns contraparts Guðbrands Sigurðssonar 34 rixdali croner og kónglegrar majestatis allir þessir bræður til samans velnefndir Snæbjarnarsynir 45 rixdali croner sem betalað skal vera á þessum stað innan 6 vikna 13. júní, og til frekari forsikringar fyrir ályktaðar bætur til kóns og þegns skulu þeir nú strax setja vissan pant af sinni fastaeign hér í sýslu, hvör laus skal vera að áminnstum peningum eður þeirra andvirði betöluðu, til að fyrirkoma allan process þessu peningaútsvari hér eftir. Actum Mýraþingi anno, die et loco ut supra í tilkall-

aðra votta viðurvíst sem við þessa gjörð nálægir verid hafa, Ormur Daðason LS, Teitur Arason LS, Ólafur Arngrímsson, Jóst Jónsson.

Því næst lagði Snæbjörn þetta fram:

Kónglegrar majestatis sýslumann, velforstandugir þingvitnismenn.

Sem ég undirskrafaður er tilstefndur á þessum degi að forsvarara þá óeining sem framför milli mín og Guðbrands Sigurðssonar á Sæbóli 7. mars 1729, þá svo framt sem sýnast kann nokkur mín yfirsjón skeð vera þar úti við Guðbrand tilbýð ég nú fyrir þessum rétti lögsóknaust fyrir mig að rétta og fá fullkominn cautionista af minni álflu til þess að bæta eftir góðu samkomulagi það mér kann í þeim sökum hafa áorðið. Ég forblíf réttarins auðmjúkur þenari. Mýrum dag 2. maí anno 1729, Snæbjörn Pálsson meh.

Guðbrandur Sigurðsson sagðist beiðast endilega að fá dóm yfir mótgjörðum Snæbjarnar við sig, hvað hann skuli fyrir þær sekur vera sem formaður og upphafsmaður til alls þess sem hann hafi þar liðið, ásamt fyrir mæðu, skaða og hrakning sem hann hafi þar með orðsakað sér. Sonur Snæbjarnar Magnús sem nú auglýsir sig að vera 24 ára kveðst vilja setja caution fyrir það faðir hans í þessu efni kynni sekur vera í peningasökum. Snæbjörn Pálsson aðspurður hvert hann hefði frekara sér til málsbóta að framvísa, kveðst ekkert hafa. Og var því svolátandi dómur uppsagður sem eftir fylgir:

Snæbjörn Pálsson, sem yfirbevísaður er að því fyrir þessum rétti með svörnum vitnum að hann þann 7. mars næstliðinn hafi hrakið og hrundið Guðbrandi Sigurðssyni á sínu heimili Sæbóli og með valdi drifið hann í burtu þaðan svo hann kunni ekki að birta þar þær stefnur sem hann meðferðis hafði, og sýnilegast að hann hafi leitt til þessa skaðsamlega ofurvalds syni sína sem þeir í frammi höfðu með honum við téðan Guðbrand í því að veita Snæbirni fylgi þar úti, og þar með hindruðu að Guðbrandur kunni ei á þeim stað og degi réttarins erindi að framkvæma fyrr en hann fékk sér til aðstoðar 11 manns, og því skal Snæbjörn Pálsson, sem var höfuðsmaður þessa skaðsamlega gjörnings, straffast og líða allt eftir sem réttarbót Christians kóns hin langa dateruð Kaupenhafn Sancte Katrínar dag 1450 ásamt Christians fjórða bréf útgefið í Kaupenhafn 23. nóvember 1622 hingað í landið fyrir lög inngæfin ákveður og tileinkar yfir soddan ofríkismönnum sem formenn eru þar til að hrekja, yfirfalla og hindra menn þá stefnur vilja birta, og skal Snæbjörn hafa eftirlifað þessum dómi að sex vikum hér frá liðnum eður líði eftir lögum. En þar allt Snæbjarnar fé fyrir hans óviðurkvæmilegar tilgjörðir til orða og verka er áður dæmt til kónsins og hans contraparta, svo hann er nú aldeilis félaus, þá kann Guðbrandi aungvar batur af Snæbirni dæmast, því óviðurkvæmilegt er að hans börn sem enn eru fyrir innan 25 ár betali fyrir hans misgjörðir. Það hans börn snertir í þessu efni þá er það með því sem voldgefningarmennirnir hafa ályktað, úttal-

að og áður er innfært. Þessi dómur var upplesinn Snæbirni Pálssyni áheyrandi þann 3. maí fyrir réttinum á Mýrum og sagðist Snæbjörn appellera frá þessum dómi, hvern ég staðfesti með undirskrifuðu nafni, Markús Bergsson mpp.

Process sem gjörðist á Mýrabíngi í stefnumáli Jóst
Jónssonar til sýslumannsins Teits Arasonar og
fyrirnefnds sýslumanns til Ólafs Arngrímssonar.

Kónglegrar majestatis sýslumann í Ísafjarðarsýslu, ég Markús Bergsson, gjöri hér með vitanlegt að anno 1729 þann 3. maí að nálægum þessum mönnum sem réttinum til þénustu tilnefndir voru, Guðbrandi Sigurðssyni, Birni Jónssyni, Jóni Guðmundssyni, Jóni Bjarnasyni, Konráði Oddssyni, Þórhalli Dagssyni og Bárði Nikulássyni, mætti fyrir réttinum sýslumaðurinn Teitur Arason og Jóst Jónsson og framlagði Jóst eftirfylgjandi stefnu:

Eftir því ég undirskrifaður Jóst Jónsson þykist stór[lega] vera vanhaldinn í því að ei fæ að njóta ágóða þeirra 12 hundraða í Gemlufalli við Dýrafjörð né þaug að mér taka er mér selt hafið, því stefni ég Jóst Jónsson yður Teitur Arason sýslumann í Barðastrandarsýslu til Mýra við Dýrafjörð á þann 3. dag maí anno 1729 fyrir virðuglegan sýslumanninn Markús Bergsson til að standa við yðar kaupgjörning við mig um sögð 12 hundruð í Gemlufalli, svo og að bevísa þar fyrir rétti að nefnd 12 hundruð hafi verið yðar eign, og þér hafið mátt mér þaug með heimild selja. Hér um til staðfestu er mitt undirskrifað nafn að Næfranesi þann 8. desember anno 1728, Jóst Jónsson.

Þessa stefnu hefi ég séð og yfirlesið og lofa til hennar svara á sögðum stað og degi eða á hverjum tíma öðrum sem sýslumanninum seigneur Markúsi Bergssyni er hentugt hér um þing halda í maí eða júní snemma 1729 og mín skilríki framvísa. Til vitnis Næfranesi dag 8. desember 1728, Teitur Arason.

2. Framlagði sýslumaðurinn Teitur svolátandi stefnu sem eftir fylgir:

Eftir því ég undirskrifaður þykist stórlega vera vanhaldinn af tilgjörðum yðar monsieur Ólafur Arngrímsson í þessu eftirskrifuðu, nefnilega:

1. Að þér hafið til leiglendings brúkunar og yrkingar á leigu selt þaug hálf fimmta hundrað í jörðunni Gemlufalli við Dýrafjörð er Jón Pálsson með samþykki konu sinnar mér seldi og mín fullkomleg eign var, eftir okkar Jóns þar um gjörðum bréfum og gjörningum.

2. Að þér hafið í nokkur umliðin ár afgangið uppborið og að yður tekið að mér óaðvörðum.

3. Að þér hafið byggt og til leiglendings brúkunar á leigu selt hálf ellefta hundrað í jörðunni áðurnefndu Gemlufalli og þaug (eftir sem heyrir lögfest)

eftir það þér voruð búnir mér þaug skriflega og vottanlega heimila til eignarráða, en hafið mig þar um aldrei aðvarað, því síður betalings þar fyrir óskað.

4. Og að síðustu að þér hafið mér til óvirðingar lýst yðar eign þann part í Gemlufalli er ég átti að óauglýstri yðar heimild þar til, með fleira er vil framfæra að mér til óvirðingar og despect gjört hafið.

Því stefni ég Teitur Arason yður monsieur Ólafur Arngrímsson til Mýrabingstaðar við Dýrafjörð á þann 3. dag maí mánaðar anni 1729 fyrir virðuglegan og velvísan kónglegrar majestatis sýslumann seigneur Markús Bergsson.

1. Til að forsvara allar yðar ofanskrifaðar gjörðir er í fjórum póstum fram sagt hefi og líða endilegan dóm fyrir sérhvað það er á móti lögum af yður hér úti gjört reynast kann.

2. Stefni ég yður að framleggja öll yðar skjöl og document sem hafið eða hafa kunnið, sem og vitni og bevísingar að yðar eign sé og verið hafi hálf ell efta hundrað í oftnefndu Gemlufalli við Dýrafjörð, og sé svo að yður þetta vanti stefni ég yður að líða dóm um það hvör maður þar eftir vera skulið, þar mitt að yður án dóms og laga tekið hafið þvert á móti mínum vilja og mér á laun, og þar á aungvar aðgjörðir haft þá fjarlægur í öðrum landsfjórðungum og annari sýslu verið hefi, anno 1728 og anno 1729, sem og hvörtu þér skuluð þar fyrir sekir vera, og að síðustu að betala mér allan kostnað, ómak, skaða og hindrun er mér þetta yðar allt áðurskrifað framferði orðsakar. Hér um til staðfestu er mitt undirskrifað nafn að Laugardal dag 26. mars anni 1729, Teitur Arason LS.

Þessa framan- og ofanskrifaða stefnu las ég Bjarni Guðmundsson fyrir bæjarðyrnum að Vaðsdal við Patríxfjörð heimili Ólafs Arngrímssonar þann 26. dag mars anno 1729. En áður en ég byrjaði að lesa var mér sagt að Ólafur væri ei heima, því hrópaði ég hann upp þrisvar sinnum áður en ég stefnuna las. Ég talaði og við kvinnu Ólafs og afsagði hún við copiunni taka. Hér um til staðfestu undirskrifað nafn að Laugardal þann 27. mars 1729, Bjarni Guðmundsson.

Ég Oddur Jónsson var viðstaddur og áheyrandi þegar Bjarni Guðmundsson þessa stefnu las og allt það framför sem hans uppáskrift hér næst fyrir ofan greinir. Til vitnis Oddur Jónsson.

Ólafur Arngrímsson veitir viðgöngu stefnunni og gengur hans vegna í rétt sýslumaðurinn Ormur Daðason sem segist fullmátt hafa þar til af tédum Ólafi. Sýslumaðurinn Teitur Arason afsagði að ganga í rétt við sýslumanninn Orm Daðason þessara orðsaka vegna, því hann sé sinn öfundumaður sem hann vilji seinna bevísa. Þessu svaraði sýslumaðurinn Ormur þar til að Magnús kóngur skipi sér í 19. capitula kaupabálks að sækja sök Ólafs Arngrímssonar, þar sem þessi sök hafi fyrst tilfallið undir sinni jurisdiction í Barðastrandasýslu og til-

býður hann í sömu fullmagt sýslumanninum Teiti annaðhvört að ofurgefa það veð sem hann hefur af Ólafi Arngrímssyni uppá hálf tallefta hundrad í Gemlufalli nú strax lögsóknaust ellegar að betala honum strax í dag hálf tallefta hundrad í fastaeign innan Barðastrandasýslu með eins duglegri jörðu, svo rétturinn þurfi ekki neitt um þetta mæðast, hvar uppá téður Ólafur veitti samþykki. Þar til svaraði sýslumaðurinn Teitur að hann vildi ekki neina eign Ólafs í Gemlufalli snerta.

3. Framlagði sýslumaðurinn Teitur þetta eftirskrifað:

Anno 1717* þann 20. júlí að Lambeyri við Tálknafjörð framfór svolátandi kaupgjörningur milli eftirskrifaðra manna af einni álfi sýslumannsins Teits Arasonar en annarri erlegs sæmdamanns Jóns Pálssonar með samþykki og fullkomnu leyfi hans ektakvinnu Hallgerðar Þórðardóttur. Í fyrstu seldi velnefndur Jón sýslumanninum Teiti hálf tallefta hundrad í jörðunni Gemlufalli við Dýrafjörð og í Mýrakirkju[sókn] liggjandi með einu málnytjukúgildi, og öllum þeim gögnum og gæðum til lands og sjóar sem greindu hálfu tallefta hundradi fylgir og fylgt hefur að fornu og nýju, eftir sem Jón Pálsson og hans ektakvinna Hallgerður Þórðardóttir eru framast eigandi að orðin, undan sér, sinni ektakvinnu og þeirra erfingjum en undir sýslumanninn og hans erfingja. Hér á mót lofar oftnefndur sýslumaður að betala velnefndum Jóni 30 vættir í honum þæglegum aurum óframfærðum og skulu þær 30 vættir betalast á 3 ára fresti, einar 10 á nú yfirstandandi ári 1717, aðrar 1718 og þær þriðju 1719. Í annan máta lofar sýslumaðurinn að halda þessu sínu kaupi til laga en Jón lofar að svara lagariftingum ef kaupid með lögum aftur gengur. Hér uppá hafði sýslumaðurinn handsöl við Jón Pálsson og Hallgerði Þórðardóttir í vor tilkallaðra votta viðurvist, hvörjir ásamt hlutaðeigendunum sín nöfn hér undirskrifa og skrifa láta anno, die et loco ut supra, Teitur Arason, Jón Pálsson, Hallgerður Þórðardóttir, Bjarni Jónsson, Jón Sveinsson, Árni Jónsson.

Aungvum segist sýslumaðurinn Teitur hafa þetta hálf tallefta hundrad selt utan Jóst Jónssyni til dato. Þessu kaupi lýst í lögréttu 1718, hvað alþingisbókin með sér færir.

4. Var þetta upplesið anno 1727 þann 14. júní að Lambeyri við Tálknafjörð:

Framfór svolæiðis kaupgjörningur eftirskrifaðra manna á milli af einni álfi sýslumannsins seigneur Teits Arasonar en annarri Jóns Arngrímssonar. Selur nú velnefndur Jón Arngrímsson sýslumanninum seigneur Teiti 6 hundrad í jörðunni Gemlufalli við Dýrafjörð og í Mýrakirkjusókn með þar fylgjandi einu málnytjukúgildi og öllum þeim gögnum og gæðum er nefndum 6 hundradum fylgir og fylgt hefur að fornu og nýju til lands og sjávar, undan sér og sínum erfingjum en undir sýslumanninn og hans erfingja. Hér á móti í betaling fær [sýslu]maðurinn Jóni Arngrímssyni til fullkominnar eignar 4 hundrad í jörð-

unni Ingunnarstöðum á Skálmarnesi og í Skálmarnessmúlakirkjusókn með fylgjandi einu kúgildi og öllum gögnum og gæðum til lands og sjóar sem oftnefndum 4 hundruðum fylgir og fylgt hefur að fornu og nýju, undan sér og sínum erfingjum en undir velnefndan Jón og hans erfingja. En þau 2 hundruð er fram yfir hafa í Gemlufalli lofar sýslumaðurinn að betala með þremur hundruðum í gagnlegu lausafé á þeim tíma sem þeim vel umsemur og báðum er að skaðlausu. Þessu öllu ofanskriðu til staðfestu höfðu þeir fullkomin handsöl í v[íður]vist hans ektavinnu Guðrúnar Tómasdóttur og okkar tilkallaðra votta er sín nöfn ásamt hlutadeigendunum hér undirskrifa sama stað, ár og dag sem fyrir segir, Teitur Arason, Jón Arngrímsson, Jón Þórólfsson, Erlendur Bjarnason.

Þessi sex hundruð segir sýslumaðurinn Teitur séu þaug sem hann Jóst selt hafi, auk þess hálfis fimmta hundraðs sem áður er umgetið. En það hálf tann hundrað sem hann hafi Jóst frekar selt segist hann hafa tekið til í myndugleika þess bréfs sem Ólafur Arngrímsson sér útgefið hafi 5. júní 1727 og fyrir [það] hálf tann hundrað tilbýður sýslumaðurinn Teitur strax nú promte betaling. Áminnst bréf hljóðar þannin:

Ég undirskrifaður heimila sýslumanninum Teiti Arasyni til fullkomlegrar eignar það hálf tann ellefta hundrað í jörðunni Gemlufalli við Dýrafjörð og 4 hundruð í Ingunnarstöðum á Skálmarnesi með þeim skilmála að hann fái mér aftur til eignar tólf hundruð í jörðunni Skriðnafelli á Barðaströnd og 4 hundruð í Skjaldendafossi. [Má því] sýslumaðurinn gjöra af þessu hálfu fimmtánda hundraði er þóknast sem hans sjálfs eign væri, en fullkominn kaupgjörningur skal ske áður en sýslumaðurinn reisir til alþingis. Til merkis okkar undirskriðu nöfn í nálægum votta víðurvist að Tungu í Örlogshöfn 1727 dag 5. júní, Teitur Arason, Ólafur Arngrímsson, Ormur Daðason, Ásbjörn Guðmundsson.

Upplesið fyrir réttinum sem haldinn var að Tungu í Örlogshöfn þriðjudaginn þann 4. maí 1728 monsieur Ólafi Arngrímssyni viðverandi og játar þetta framanskriðu með sínum vilja og vitorði gjört vera. Til merkis Ormur Daðason.

6. Var eftirskriðu lögfesta upplesin:

Ég undirskrifaður Ólafur Arngrímsson lögfesti eign mína hálf tann ellefta hundrað í Gemlufalli við Dýrafjörð og Mýrakirkjusókn liggjandi, akra og töður, holt og haga, vötn og veiðistöður og allar landsnyttjar sem greindri jörðu fylgir og fylgt hefur til ystu ummerkja þeirra sem aðrir menn eiga í móti og ei með lögum frákomið, fyrirbjóðandi einum og sérhverjum sem ei reglulega tiltalar til þeirrar jarðar hafa án míns leyfis og heimildar þessa áðurgreinda jörð að yrkja, hvorki til lands né sjóar, svo vítt minnar eignar upphæð til nær undir þær sektir sem lögmálið tiltekur og uppáhljóðar. Þessa mína lögfestu votta ég til nærverandi dánumanna, hvörja lögfestu ég bið Jón Ásbjörnsson búandi að Gemlu-

falli að láta upplesa í nálægri votta viðurvist og uppáskrifa að auglýst verði hafi. Hér um til merkis er mitt undirskrifað nafn að Vatnsdal við Patrexfjörð anno 1728 þann 21. september, Ólafur Arngrímsson LS.

Ofanskriðu lögfesta var upplesin að Mýrum við Dýrafjörð þann 27. september 1728 sem að var sá 18. [sunnu]dagur eftir heilaga þrenningarhátíð að endaðri heilagri þjónustugjörð í kirkjunni. Til merkis undirskriðu nöfn, Bjarni Guðmundsson, Guðmundur Ólafsson, Jón Pálsson, Guðmundur Jónsson, Þormóður Magnússon.

7. Var þetta upplesið:

Eftir því mér er fortalið, og ég meina að bevisanlegt sé, að þér Jóst Jónsson verandi að Næfranesi í Dýrafirði hafið lagt lögfestu fyrir tólf hundruðum í jörðunni Gemlufalli í Dýrafirði, hvorra áðurskrifaðra tólf hundraða hálfleudu ég lýsi mína eign vera. Item ef þér hafið útheimt þeirrar minnar jarðar afgjald af Jóni Ásbjörnssyni beiðist ég af yður að þér framvísið myndugleika þeim er þér hafið fyrir þessari lögfestu eður mér vottanlega auglýsið á hvörju þér hafið hana byggt, því í mót svo skeðum tilburðum fyrirbýð ég Ólafur Arngrímsson yður sem öðrum áður nefnda mína eign til nokkrar nytsemdar að brúka eður neinn ávöxt að hafa fyrir utan mitt leyfi, eigi heldur manningum neina ákæru að veita fyrir það skuldaútsvar vegna þessarar minnar jarðar allt svo lengi að ég er ei að lögum við hana skilin. Framanskriðu til staðfestu er mitt nafn undirskrifað að Gemlufalli við Dýrafjörð anno 1729 þann 7. mars, Ólafur Arngrímsson

Framanskriðu upplesið að Næfranesi við Dýrafjörð Jóst Jónssyni áheyrandi og viðverandi dag 7. mars 1729 vottum við undirskriðu, Illugi Bjarnason, Árni Pálsson.

Þessu næst framlagði sýslumaðurinn Ormur þetta eftirskrifað, hvar með hann vill bevisa eignarrétt Ólafs Arngrímssonar til hálfis ellefta hundraðs í Gemlufelli.

1. Var upplesið arfaskiptabréf foreldra Ólafs milli barna þeirra, af hvörju hér innfærisk þad einasta sem Ólaf snertir:

Í nafni heilagrar þrenningar.

Gjörum við undirskriðu vitanlegt, Arngrímur Jónsson og Ólöf Ólafsdóttir, og hér með góðum mönnum kunnugt í þessu okkar bréfi eftir því við bæði daglega væntum okkar burtfarar etc. Þá gjörum hér með þessi arfaskipti sem hér eftir fylgja og okkur sýnist óröskuð standa mega. Okkar yngra syni Ólafi Arngrímssyni tileignum við og gefum í sinn erfðapart jörðina alla Suðureyri í Tálknafirði með 6 vætta landskuld og 6 kúgildum að öllu svo fyrirsildu um eign og ítök jarðarinnar sem áður áskilið er um Lambeyri. Hér með tilleggjum við honum hálfu ellefta hundrað í jörðunni Gemlufalli með [því] eftirgjaldi

eftir rétttri tiltölu sem fyrr greinir etc. Daterað Suðureyri anno 1718* dag 19. september, Guðmundur Vernharðsson, Arngrímur Jónsson, Ólafur Arngrímsson, Ólöf Ólafsdóttir, Jón Arngrímsson, Finnur Nikulásson.

2. Framlagði sýslumaðurinn Ormur kaupmálabréf Ólafs Arngrímssonar, hvar inni faðir hans Arngrímur [gefur] Ólafi meðal annars hálf tveitja hundruð í Gemlufalli, og þar annað en þetta í kaupmálabréfinu kemur hér ei við þá fær-ist það ekki inn í þennan process. Það er daterað Geirseyri við Patríxíjörð 20. dag september 1718. Þessir menn eru þar undirskrifaðir, Halldór Pálsson, Teitur Arason, Þorvarður Magnússon, Jonas Jacobson Riis, Guðmundur Vernharðsson, Jón Jónsson, Jón Gunnlaugsson, Arngrímur Jónsson, Ívar Þórólfsson, Stulli Ívarsson, Ólafur Arngrímsson.

Síðast var þetta eftirskrifað upplesið:

Svo sem ég hefi áður lýst fyrir grönnum mínum og heimilisfólki þá lýsi ég hér ennþá þeim missir er ég ra[taði í] á heimili mínu Vatnsdal við Patríxíjörð föstudaginn næstan fyrir jólaföstu þann 26. nóvember þessa [árs] 1728, hverjum missir og skaðvænum boga svo hátt[aði] að ég úr skemmuhúsi mínu í Vatnsdal [00000]lit [000]ka bréfaskjóðu, hvar í voru þessi skjöl:

1. Kaupbréf [okkar] séra Halldórs Pálssonar fyrir jörðunni Vatnsdal 12 hundruð að dýrleika í mót Suðureyri í Tálknafirði.

2. Kaupbréf [ok]kar sýslumannsins Orms fyrir 4 hundruðum mínum í Skjaldendafossi fyrir 4 hundruð í Innra-Lambadal í Dýrafirði.

3. Vitnisburðir mínir er ég tók í Tálknafirði áður en giftist.

4. Vit[nisburð]ir þeir sem sýslumaðurinn Teitur tók minna vegna í Tálknafirði þá ég þaðan búferli færðist [og] hann hafði sjálfur undirskrifað, stílað og skrifað.

5. Vitnisburður séra Halldórs Pálssonar og hans sonar Björns Halldórssonar.

6. Kaupbréf míns sáluga föður og sýslumannsins Teits á hálfu fimmta hundruði í Gemlufalli, af hverju ég gaf sýslumanni Teiti copiu í [00000000000000000000] origi[nal 00000000000000000000 han]dlék ég þessi skjöl um [00000000000000000000] þeirri orðsök að sýslumaðurinn Teitur hafði [000000000000000000] til útskriftar, hvör saman við þessi skjöl lá [00000000000000000000] hvaðan ég hann tók á sama degi og skrifaði af [00000000000000000000] lagði ég svo téðan seðil og copiuuna innan í [bréfaskjóð]una en skjölduna í sinn stað þar í skemmuna [000000000000] að húsinu aftur hleindu. Að þessu gjörðu [kom sýslumað]urinn Teitur og hans meðreiðarmaður Jón [Loftsson og bað] sýslumaðurinn mig þá um greindan seðil, en [ég aftur á m]ót bað hann að stíga af baki og ganga með [mér inn í] skemmuna meðan ég seðilinn tæki, hvað hann [mér eft]irlét og settist þar niður

í skemmuhúsinu [og sýndi ég] honum þá strax greindan seðil, gekk ég svo inn í [00000000]narheit frá sýslumanninum og út aftur samstund[is og v]ar hann þá á hestbak kominn og kvaddi mig án víðari [000000] og reið svo sinn veg ásamt sínum meðfylgjara Jóni Loft[syni. G]lekk ég svo strax inn í skemmuhús mitt og tók copiuuna úr [vesk]inu. Vildi ég hafa lagt hana í greinda bréfaskjóðu [og var] hún mér þá horfin með öllum þeim skjölum [er] ég hefi áður nefnt og hana aldrei til þessa dags séð, [hver]nin sem ég hefi í mínum húsum og hirðslum leitað. Svo bið ég alla góða menn sem mína lýsingu heyra [eð]ur afspurn fá að kannast við þessi skjöl, ef augum [á] koma og mig viðvaran gjöra svo enginn hrekkjamaður geti þaug brúkað mér eður mínum til skaða eða sjálfum sér til nota. Þessari minni lýsingu til staðfestu er mitt un[dirskrifað] nafn og h[já]þrykkt] si[gnet Vatns]dal við Patríxjörð þann 29. nóvember [1728], Ólafur Arngrímsson LS.

Hér til svaraði sýslumaðurinn Teitur [Arason að sá] framburður sem kaupbréfið fyrir hálfu fimmta h[undraði í Gemlu]falli snerti og copiu þar af sé lygi fram[orin 00000] því kaupbréf milli föður Ólafs og sín hafi [aldrei fram]farið til þessa dags þar um og býður þar [sinn] eið á. Hér á mót biður Ólafur Arngrím[sson náðar]samlega réttinn að aðgæta, þótt sýslumaðurinn [Teitur] vilji segja að á milli föður síns og hans [hafi engin] kaupbréf gjörst, þá hafi þó sýslumaðurinn T[eitur gefið] föður sínum heimildarskjal fyrir því hálfu [fimmta] hundraði í Gemlufalli sem þrætan afrís og [hon]um af því sama heimildarskjali copiu með[deilt. Býð]ur hér á eið sinn og óskar að rétturinn vilji unna sér [að stað]festa þetta með sínum eigin eiði nú strax eður og [bjóða] sýslumanninum að gjöra hér um benegtelses[eid.] Sýslumaðurinn Ormur óskaði að interlocutorii dómur [dæmd]ist eftir þessu undirlagi og að sá sannaði sinn fram[burð] sem rétturinn álitu trúanlegri. Og að uppsögðum [þeim in]terlocutorii dómi að sýslumaðurinn mætti gjöra sinn [be]negtelseseið að hann hefði aungvum manni til eign[ar] fengið hálf fimm hundrað í Gemlufalli, hvorki Arngrími Jónssyni eður öðrum, aflagði sýslumaðurinn Teitur soddan eið sem eftir fylgir í viðurvist sýslumannsins Orms Daðasonar og Ólafs Arngrímssonar:

Það segi ég Teitur Arason [að 00000000000000000000] ég hefi eingvum manni til eignar fengið þau há[lft fimm]ta hund[rað] í Gemlufalli er Jón Pálsson mér seldi, hvorki [Arn]grími Jónssyni né öðrum utan Jóst Jónssyni, og eingva [copiu] hefi ég meðtekið af Ólafi Arngrímssyni af nokkru [eig]narskjali fyrir nefndu hálfu fimmta hundraði í Gemlufalli. Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium. Hér [með] til staðfestu er un[dirskrifað] nafn að Mýraþingi þann 3. maí 1729, Teitur Arason.

Þegar svo var komið játuðu þeir báðir sýslumaðurinn Teitur Arason og

Ólafur Arngrímsson að forlíkast uppá allt þetta fyrrskrifað, hvað gjörðist og framfór þeirra á milli með soddan skilmála, að sýslumaðurinn Teitur Arason lofar fyrir sig og sína erfingja [að] útvega Ólafi Arngrímssyni nú fyrir næstkomandi 30. júlí til fullkomins eigindóms 10 hundruð í Háf[afossi] í Otrardalskirkjusókn með 3 kúgildum, fyr[ir 10 hundruð í] jörðu sem sýslumaðurinn játar Ólafur að sér [taki og] skuli hann þá strax greindum Ólafi sömu 10 [hundraða jörð] afhenda til fullkomins eigindóms og á[n allra] undanbragða, en til frekari forsikringar á [því að] greind 10 hundruð í Háfafossi eru ei afgreidd pant[setur sýslumað]urinn Ólafi nú strax 10 hundruð í sinni eignarjörð [Ytri-Lamba]dal, hvar af Ólafur strax í vor og [0000 kom]andi skuli allan ágóða uppbera, bæði la[ndskuldir og leigur] Ólafur þar í móti ofurge[fur til sýslu] mannsins Teits allt það hann á og átt hefur og [000000]ir mundi tilheyra í jörðunni Gemlufalli við Dýrafjörð og hann um nokkur ár hefur haft eignarráð yfir, alls 10^{1/2} hundrað, svo hann skuli þar aldrei meir uppákalla, heldur skuli það fyrir sér vera frjáls eign þeirra sem sýslumaðurinn vill, bæði fyrir sér og sínum erfingjum ævinlega upp héðan og skuli allur peningareikningur vera upphafinn á báðar síður þeirra á milli.

Að þetta framfarið hafi vitnar Markús Bergsson mpp.

Anno 1729 þann 6. maí að settu manntalsþingi að Auðkúlu var eftirskrifað upplesið:

[Anno] 1727 föstudaginn þann 18. júlí á almennilegu Öxarár [alþingi fram] fór eftirskrifuð jarðakaup og lagagjörningur þann[in að 000000] erlegur og vellærður monsieur Páll Sveinsson fyrir [sig og sinna s]amarfa vegna fær sýslumanninum seigneur [Ormi Daða]syni til frjáls fullræðis, fullkomlegrar eignar [og forræði]s þessar eftirskrifadar háflendur á Vest[fjörðum við Ar]narfjörð í Ísafjarðarsýslu, nefnilega [hálf Lokinh]amra, tólf hundruðum, hálf Hrafna[björg 6 hundruð, hv]er 18 hundruð í jörðu liggja í Álftamýrar-kirkjusókn, [ásamt hál]fa Svalvoga 12 hundruð er liggja í Hraunskirkju[sókn í Dýraf]irði. Hér greind 30 hundruð í fastaeign að meðfylg[jandi 00 kúgild]um selur monsieur Páll Sveinsson fyrir [sína samar]fa undan sínu og þeirra eignarhaldi og allra [þeirra erfingja] en undir eignarhald sýslumannsins seigneur [Orms Daðasonar og] hans erfingja með öllum þeim gögnum og gæðum [og] ítökum sem fyrrgreindum þrjátigir hundruðum fylgir, [fylgt hefur] og með réttu fylgja ber til lands og sjávar, öllu til[skildu] en aungvu fráskildu. Hér í mót geldur og greiðir [sýslu]maðurinn Ormur Daðason monsieur Páli Sveinssyni [og hans] samörfum fyrir áminnstar háflendur og þrjátigir hund[raða f]astaeign til fullkomins andvirdis og betalings á kúgildum [alls] tíu tígir rixdali specie, nefnilega þá stórt hundrað og [00] rixdali in specie sem erugöfugur klausturhaldar-

inn [Sveinn] Torfasón lánaði af erugöfugri höfðings madame [000000]mundsdóttur hér á alþingi þann 21. júlí 1714. Svo og þá [000] rixdali in specie sem sýslumaðurinn seigneur Ormur fékk [heiður]liga höfðingja Sveini Torfasyni á alþingi 1721 og [00000] strax tuttugu rixdali in specie. Fyrir hvern beta[ling og] andvirði á oftnefndum kúgildum í leiguburði að [Páll] Sveinsson fyrir sig uppá sinna samarfa vegna [og] þeirra erfingja kvitterar fullkomlega sýslumanninn Orm Daðason og hans erfingja. Er tilskilið af monsieur Páli Sveinssyni fyrir hann og hans samarfa að sýslumaðurinn seigneur Ormur gangi nú strax að greindri fastaeign og [000]un án víðari afhendingar. Það leggur og sýslu[maður]inn Ormur til að þær útgefnu handskriftir áður[nefndar] af sáluga Sveini Torfasyni séu hér með að öllu leyti [rader]raðar og rentan af peningunum til dato óátalin [undan] sér og sínum erfingjum. Uppá fyrir- skrif[aðan] þennan gjörning höfðu þeir sýslumaðurinn Ormur Daðason og] monsieur Páll Sveinsson fullnaðarhandsöl með þeim skil]málum að sá skyldi halda sínu kaupum til laga er [keypti] en seljandi svari lagariftingum, og staðfestu síðan framanskri- að með sínum undirskriftuðum nöfnum og hjáþrykktum signetum í tilkallaðra votta viðurvist anno, die et loco ut supra, Ormur Daðason LS, Páll Sveinsson LS, Jens Madtsen Spendrup mpp, LS, Þorsteinn Sigurðsson, Einar Magnússon LS.

Sama stað og dag var þetta upplesið:

Öllum góðum mönnum sem þetta bréf sjá eður heyra senda Jón Einarsson, Snorri Hjálmsón, Jón Ívarsson prestar Skálholtsbiskupsdæmis, Ólafur Guðmundsson, Jón Árnason, Ellingur Gíslason, kveðju guðs og sína kunnigt gjörandi að þá er liðið var frá guðs burð m.v hundruð xxx og vij ár í Hrauni í Dýrafirði laugardaginn næsta fyrir Maríumessu hina fyrri um sumarið vorum vér í dóm nefndir af verðugum herra Ögmundi biskup í Skálholti að skoða og rannsaka og fullnaðardóm á að gjöra um þann áskilnað sem verið hafði millum séra Greips Jónssonar og Gunnars Eyjólfssonar, fyrst um það land er þar liggur í milli er kölluð er Stapahlíð. Kom presturinn þar fram með bréf innsiglalaust. Vændist hann vitnisburð tveggja manna að Kristín Sumarliðadóttir og Jón Björnsson hefði gefið fyrrgreint land til eignar eður beitar kirkjunni á Álftamýri. En í annarri grein komu þar fram 2 menn, Brunnmaður Tumasson og Ellingur Gíslason, hverjir að höfðu alist hjá fyrrnefndum mönnum Jóni og Kristínu, og sögðust það aldrei heyrta hafa og hjá verið þá séra Grímur Þorsteinsson hefði beðið þau gjafar á fyrrnefndu landi en þau höfðu neitað því þverlega. Því dæmdum vér fyrrnefndir dómsmenn með allra dómsatkvæði fyrrgreint land fylgja skyldi Lokinhömrum utan leidd yrði 2 lögleg vitni með svörðum eiðum að greint land hefði verið gefið eður gildið greindri Álftamýrarkirkju. Samþykkti þennan vorn dóm með oss verðugur herra biskup Ögmund-

ur og setti sitt innsigli með vorum fyrrnefndra dómsmanna innsiglium fyrir þetta dómsbréf er skrifað var á Álftamýri í Arnarfirði á sama ári degi síðar en fyrr segir.

Vér Árni Magnússon prófessor og kónglegrar majestatis archivecreterer, Þorleifur Arason skólameistari í Skálholti, Þorgils Sigurðsson heyrari í Skálholtsskóla og Páll Hákonarson gjörum góðum mönnum viturlegt að vér höfum séð og lesið dómsbréf in originali svohljóðandi orð eftir orð sem hér fyrir fram-an skrifað stendur. Var sagður dómur ritaður á kálfskinn óskorinn, óskafinn og í allan máta ófalsaður. Undir nefndu dómsbréfi hafa fyrrum verið sjö hangandi innsigli, nú eru sex þar af burtu frá bréfinu og ekki eftir nema það fyrsta, sem er þekktanlegt innsigli Ögmundar Skálholtsbiskups. Þessu öllu til sanninda merkis setjum vér með [00000000000000000000000000000000] transskriftarbréf sem [skrifað er í] Skálholti þann 1. dag júnímánaðar anno Christi 1712, Árni Magnússon, Þorleifur Arason, Þorgils Sigurðsson, Páll Hákonarson.

Item var þetta upplesið:

Svo sem ég hefi í dag ásett að lýsast skuli kaupi [mínu] fyrir hálfleundunum við Arnarfjörð næstkomandi föst[udag] á Auðkúlu manntalsþingi sem gjörðist 18. júlí 1727 [á] alþingi um hálf Hrafnabjörg, um hálf Lokinhamra [og] hálf Svalvoga, svo auglýsi ég hér með hver landeign[ar] landamerki séu téðra jarða eftir þeim skjölum [og doc]umentum sem ég í höndum hefi, nefnilega um Stapadals og Hrafnabjarga er Bjargáin sú s[yð]ri eftir [með]fylgjandi dómi biskups Ögmundar 1537. En á aðra [sí]ðu millum Hafnar og Svalvoga, Svaðshóll eftir máldagabók Vilkins biskups. Svo á og bænhúsið í Lokinhömrum skógarítak í Geirþjófsfirði í Botnslandi þar sem heitir Lokinhamratunga, en Hrafnseyrarkirkja á hvalreka fyrir Sléttanesi í greindra jarða landeign sem máldaginn greinir. Bið ég þénustusamlega göfugan sýslumanninn seigneur Markús Bergsson greindum skjölum og þessu skrifi á þinginu lýsa og uppá skrifa sem ber. Item þingsóknina eftirspyrja hvert hún veit nokkur tvímæli hér á vera*

Athugasemdir við texta

43

að Hóli í Bolungarvík – vantar í handrit
1710 – handrit: 1711

örðugrar – handrit: *örðugur* og strikað
yfir seinna errið

44

Nikulássonar – handrit: *Nikulás*
honum – handrit: *hann*

1. *júní* – handrit: 1. *maí*

48

fari – vantar í handrit

50

Arnarjörð – skrifari breytir úr: *Önund-*
arjörð

51

hefur beðið – skrifari breytir úr: *biður*

53

lcfaði hvör þeirra með handsölum –
skrifari breytir úr: *lcfuðu með sínum*
eid og handsölum

57

eður af falaust góss tilfallið – skrifari
endurtekur og setur innan sviga: *eður*
nokkurt af falaust góss tilfellur

59

Öxarárþingi – handrit: *Öxarþingi*

62

fylgsn – handrit: *filns*

65

nefnst – handrit: *nefnst*
sýslumaðurinn – handrit: *sýslumannin-*
um

68

sumarið – skrifari breytir úr: *haustið*

69

við séra Gísla – skrifari breytir úr: *við*
séra Teit

tilgengið – skrifari bætir við orðum milli
lína sem eru ólæsileg og að hluta
horfin vegna þess að skorið hefur
verið af spássíu, en hugsanlega: *að*
vistarráðið ei eftir, en merking er
óljós

70

1. *bók* – vantar í handrit

13 *aurar* – skrifari breytir úr: 12 *aurar*

30 *álnir* – skrifari breytir úr: 34 *álnir*

73

utan tíu merkur Jóns – skrifað fyrir ofan
línu

75

í dóm nefndir af sýslumanninum Mark-
úsi Bergssyni – skrifað milli lína
hingað – handrit: *hingdan*

77

uppað – getgáta og orðið næstum ólæsi-
legt fyrir krassi en jafnframt að ein-
hverju leyti skemmt við spássíu

78

staðfestu – skrifari breytir í annað orð
sem gæti verið *sönnunar* en er vart
læsilegt

81

Ósi – skrifari breytir úr: *Baulhúsum*

83

lúka – handrit: *lucka*

- 84
Ejarna Ejarnason – skrifari endurtekur svo en strikar yfir: *hönd á helga bók ... Ejarnason þessi eiður yfirvegaður* – skrifari breytir úr: *þessum eið yfirveguðum*
Já hér fullgjald þjár síns – skrifari breytir úr: *Já hér nokkra fjármuni fésektum en nefndum* – skrifari breytir úr: *fésekt fyrir þessum útfæra* – skrifari breytir úr: *mæta víji* – skrifari breytir úr: *hafi*
- 87
tekst – handrit: *tekt*
- 91
maí – handrit: *júni*
manntalsþingi – skrifari bætir við: *að Meðaldal*
- 92
Gunnlaug – handrit: *Guðlaug*
- 94
nána – skrifari breytir úr: *nánustu*
- 96
hönd á helga bók – skrifað fyrir ofan línu
- 98
að settu manntalsþingi að Auðkúlu – skrifari endurtekur síðan: *að settu manntalsþingi*
- 102
Ég Pétur Þorsteinsson var nálægur og heyrði þar uppá að Jón Sigurðsson – nýr skrifari endurtekur þessi orð
hvörju þeir neituðu – skrifað fyrir ofan línu
- 105
dag – vantar í handrit
- 111
Því brefti sem honum áheyrandi upp var lesið – skrifari breytir úr: *sem ég honum áheyrandi upplás*
- sjá upp löngu gilröndina* – skrifari breytir úr: *sjá í gilröndina er* – skrifari breytir úr: *sé*
- 114
hafi hér í sveit aungvar sakir – skrifari endurtekur og strikar yfir: *hér í sveit*
- 115
uppborið – skrifari breytir úr: *uppkomið*
Hestjörð hafi jafnaðarlega skipst – handrit: *Hestjörð muni hafi jafnaðarlega skipti*
og allt burtflutt – skrifað fyrir ofan línu
- 116
eður gagn af hafi – skrifað fyrir ofan línu
- 118
að hann væri með þessa copiuinnar afhending ánægður – handrit: *að hann væri ánægður með þessa copiuinnar afhending ánægður*
- 119
ekki hingað til þessum sinna yfirvalda áminningum hlýtt – handrit: *ekki hingað til hlýtt þessum sinna yfirvalda áminningum hlýtt*
- 120
Kára Þórðarsyni og Halldóri Guðmundssyni – handrit: *Kári Þórðarson og Halldór Guðmundsson*
Kári Þórðarson – handrit: *Guðmundsson*
- 121
vitnisburða – skrifari breytir úr: *stefnu um*
Sigurði Jónssyni – skrifari strikar síðan yfir: *áheyrandi*
- 123
27 – skrifari breytir úr: *26*
auglýstu samankomnir þingmenn að síðan Sancte Hans – skrifari endurtekur þessi orð strax á eftir ártalinu og setur í sviga
Meðaldal – vantar í handrit

125
að útvega sér mat – skrifari stríkar síðan
undir: *til Þjargræðis*

126
fyrir sitt fyrsta og annað hórdómsbrot –
skrifari breytir úr: *fyrir sitt hórdóms-
brot fyrsta og annað*

127
að settu héraðsþingi – skrifari breytir úr:
mannatalsþingi

128
grey – troðið á milli orða

129
Súðavíkur-, Aðalvíkur- og – skrifari
stríkar síðan yfir: *Áftajjarðar*

131
fyrir alvarlegt aðhald – skrifari stríkar
síðan undir: *Guðmundar*

134
hesta – Skrifari hefur fyrst endurtekið
hesti en breytti orðinu sem fyrir vikið
er ekki skiljanlegt, sjá mynd á bls. 35

136
að *Ögri* – vantar í handrit, sjá *Alþingis-
bækur X*, bls. 423

138
sleggju – fyrst skrifað en lagfært: *stefnu*

140
copiuna – skrifari bætir við yfir línu
17 – skrifari breytir úr: *16*
dag – vantar í handrit

141
jjölkynngis – handrit: *fiolkinkis*
hvers hann óskar – skrifað fyrir ofan
línu

142
Atlason – handrit: *Atla*

152
Jón Konráðsson – fornafnið vantar en
má ráða af fyrri þingum á sama stað

155
en óskar þó að þingheyjararnir segi hér
um ályktun sína – skrifari endurtekur
en setur sviga utan um

161
stokkinn og sáinn í Vigur, eftir því sem
Snæljörn nú hefur selt henni, tilsegir
hún lögmanninum – skrifari endur-
tekur en setur sviga utan um

165
*En ástæður mínar um aðra grein stefn-
unnar eru í öðru hér með fylgjandi*
innleggi skrifaðar, Páll Vídalín –
bara í aukaeintaki, sjá hér á bls. 33

168
og tilætlað að þaug skuli hér eftir fyrir
lagaskjöl – skrifað tvisvar

170
Stefni ég yður undir dóm uppá yðar eið
... þann 7. október næstliðinn – bara í
aukaeintaki og eru númer hér í fram-
haldinu lagfærð til samræmis

172
11 – handrit: *10*

174
lfs – bara í aukaeintaki

176
merkur – strax hér á eftir er
skammstöfun fyrir merkur með
bókstafnum *s* beint fyrir framan en
ekki fæst botn í merkingu út frá
sambengi
aðrar tstadahengjur – bara í aukaeintaki

184
Jónsson – handrit: *Ellendsson*, en það er
rangt miðað við sömu upptalningu
á bls. 246
álíst – handrit: *alits*

186

tí – handrit: *tí*

187

volds etc – hér eru í handriti afar óljóst *s* og sérkennilegt *c* sem með góðum vilja og út frá sambengi má túlka sem *etc*, en í texta Norsku laga frá 1687 stendur: „i Drabs, Volds, eller deslige Sager“; sjá *Kong Christian den Femtes Norske lov*. Osló 1904, bls. 37

189

á – vantar í handrit

þann – handrit: *hann*

4 – handrit: 3 og síðan 4 í næsta lið sem hér er breytt í 5

193

tvefaldabands – skrifað fyrir ofan línu
Árna – fyrst er skrifað *Narfa* en strikað undir

198

Þorvaldsson – handrit: *Jónsson*

199

Gjúfurá – handrit: *Glyivfa*

202

og aungvu skal ég þar af leyna – skrifað fyrir ofan línu

204

mjög – handrit: *mieg*

eður þar eftir – skrifað tvisvar

206

litliri – handrit: *littleri*

Gjörði – handrit: *Gierdi*

207

stagið – handrit: *stæed*

Jónsdóttur – handrit: *Ejarnadóttir*

213

articula – vantar í handrit

215

Sigmundi Sæmundssyni – handrit: *S.S.S.*

390

216

3 – númer á færslum í þessu máli eru afar ruglingsleg og er brugðið á það ráð að halda þeim óbreyttum

217

vitnisburða – handrit: *vitburða*

229

Sæmundsson – handrit: *S.S.S.*

afhenti – handrit: *afhendi*

232

um þetta hvalmál – skrifað tvisvar

sýslumaðurinn – skrifað tvisvar

233

Lit. C. – vantar í handrit

239

Guðríðar – handrit: *Guðrúnar*

manntalsþingi – skrifari breytir úr:

héraðsþingi

252

115 rixdaler – strax á eftir kemur tala og skammstafanir sem ekki skiljast í sambenginu en skrifari gæti hafa tekið þær eftir dálkum á kvittun kaupmanns: *3 fisker skillinger rixdaler*

4 – handrit: 5

258

Holtskirkjusókn – handrit: *Hólskirkjusókn*

hjá – skrifari breytir úr: *frá*

259

3 – handrit: 2 og síðan 3 og 4 í næstu liðum sem hér er breytt í 4 og 5

Framkemur – skrifari breytir úr: *Framlagði*

260

Téitur – síðan er skrifað *Pálsson* en strikað yfir

261

að Auðkúlu – vantar í handrit

262
Þormóði Magnússyni – skrifað á spássíu

263
sysseimanden seigneur Ormer Dadur-son dømte – skrifað fyrir ofan línu

267
betalaði eður – skrifað fyrir ofan línu

268
ásamt jörðina að sér taka – skrifað fyrir ofan línu

269
að – vantar í handrit
Jóhanna – síðan skrifað en strikað yfir: *sáluga föður*

273
1724 og 1725 – handrit: *1725 og 1725*

276
Gunnlaugi – handrit: *Guðlaugi Gunnarssyni* – handrit: *Gunnlaugssyni Ísleikssonar* – skrifari breytir í *Ísleifssonar* en hitt er rétt miðað við það sem á eftir kemur

278
Sevðisjörð – handrit: *Eyðisjörð*

283
Runólfur Ólafsson – skrifað fyrir ofan línu

285
og þess áfgang – síðan er skrifað en strikað yfir: *Cfan- og framanskrifað er rétt coperað. Testerar*

286
jjögur hundruð – skrifað tvisvar

293
stefnuvitnin – síðan er skrifað en strikað yfir: *áðurnefnd*

296
Uppáskriftina meðgengur téður Jón – yfirstrikað í handriti

297
maga – punktar eru undir og yfir bókstafnum *n* í lok orðsins þannig að það fellur út og hæfir líka betur vegna ríms

verst – vantar í handrit en er bætt við samkvæmt útgáfu á hjónavisum eignuðum Páli Vídalín. sjá hér á bls. 33 og mynd á bls. 35

mest – handrit: *misst*
fjflheimskur – handrit: *fill heimskur*, en hitt í ofangreindum hjónavisum

dugir – handrit: *dauger* eða *danger*, en hitt hjá Páli

bið – vantar í handrit en tilgáta Ólafs Halldórssonar og Kristjáns Eiríkssonar

299
eiga að taka – síðan er skrifað en strikað yfir: *þá skal þeim sem standa*

300
hérgreindum – síðan er skrifað en strikað yfir: *ítökum*

306
Sigfúsar Jónssonar á Áfadal – karlaröð lagfærð samkvæmt tölum í handriti

308
Vitanlegt – handrit: *Vitan*

311
ásamt ei segist Sveinn vita – orðaröð lagfærð samkvæmt tölum í handriti

312
hafi hann ásamt Ólafi undir Hálsi verið sendur – handrit: *hafi hann verið ásamt Ólafi undir Hálsi verið sendur og gengið jafnhátt og prestinum, og ei gefið prestsins áminningu gaur* – upphaflegur texti er: *og gengið jafnhátt og áminningu gaur*, en skrifari bætir við á spássíu með vísun inn á línu: *og prestinum annars vegar en gefið hins vegar, auk þess sem hér er ei bætt við svo að setningin nái réttri merkingu miðað við samhengi*

- 313
Sæbóli á – skrifað fyrir ofan línu
á tali saman – strax á eftir er skrifað en
 strikað yfir: *og hefði sér sýnst*
Snæljörn og prestur hefði verið á tali
saman
- 318
gjört þetta – skrifað fyrir ofan línu
- 319
óhlýðni og hindrun – skrifað á spássíu
- 320
142 – skrifari breytir úr: *172*
- 321
sjávar – handrit: *sia, far*
- 328
yrkt og nytkað – handrit: *irt og nydgad*
- 331
ekki – skrifað fyrir ofan línu
- 341
hér – handrit: *þeir*
- 343
22 – skrifari breytir úr: *19*
- 346
mars – handrit: *maí*
- 348
bera – skrifari breytir úr: *þetta*
- 349
heimili – handrit: *heitmele*
- 357
89^{1/2} hundrað – svo, þótt rétt sam-
 lagning sé *89 hundrað*
leigukúgildi – handrit: *leidukugillde*
- 361
Vær undirskrifaðir þrír bræður – skrifað
 tvisvar sitt á hvora blaðsíðuna
- 373
strax að lesa – skrifað tvisvar en strikað
 yfir síðara skiptið
- 379
1717 – skrifari breytir úr: *1727*
- 382
1718 – skrifari breytir úr: *1728*
- 386
 bókin búin og óvíst hversu margar
 blaðsíður vantar

Málaskrá

Skránni sem hér fylgir er ætlað að auðvelda aðkomu að þessari bók. Dómsmál eru flokkuð og síðan talin upp þannig að við einn lestur fæst yfirlit yfir viðfangsefni Markúsar Bergssonar sem sýslumanns. Yfirleitt er miðað við dagsetningu þings og ekki reynt að leita uppi allt um málin í öðrum heimildum en tínt til það sem fannst við athuganir vegna útgáfunnar.

Aðdróttanir

21. júní 1723 að Mýrum. Snæbjörn Pálsson dæmdur til að greiða sekt fyrir óvirðingarorð er hann þjófkendi Ólaf Jónsson, bls. 241-49.

30. september 1726 að Súðavík. Ólafur Jónsson kærir Snæbjörn Pálsson fyrir að ljúga því uppá sig að hann hafi ekki viljað afrit af réttarstefnu. Þorvaldur Narfason vitnar að Snæbjörn Pálsson hafi blekkst hann til að votta að svo hefði verið og ber fyrir sig að vera ólæs á fljótaskrift, bls. 292-95.

Ábýli og sambýli

1. júní 1711 að Hóli. Bjarna Nikulássyni dæmt áframhaldandi ábýli á Meiribakka andstætt kröfu séra Teits Pálssonar, bls. 43-44.

15. júní 1711 að Hesteyri. Einar Guðmundsson lofar að ábyrgjast leigufé sem hann fargaði fyrir Ólöfu Jónsdóttur í leyfisleysi, bls. 45-46 og 50.

5. apríl 1717 að Súðavík. Þingmenn finna að ójafnræði í aðgangi að kolagerð og raftviði í Hestfirði, bls. 115.

Blóðskömm

8. október 1720 að Reykjarfirði. Systkinin Guðrún Sigurðardóttir og Daði Sigurðsson dæmd til dauða samkvæmt Stóradómi fyrir barneign en málinu vísað til alþingis, bls. 190-92; sjá *Alþingisbækur XI*, bls. 7-9 og 181-82; Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi 1270-1870*. Reykjavík 1993, bls. 208 og 216. Eintak af héraðsdómi fylgir bréfi Markúsar til stiftamtmanns í PÍ. Stift. III-176. Bréf úr Ísafjarðarsýslu 1707-1780: 12. ágúst 1724. Undir dómnum eru innsigli og undirskriftir dómsmanna. Orðalag er ekki alveg eins og uppsetning gjörólík.

5. mars 1728 að Unaðsdal. Þorvör Bjarnadóttir og Jón Jónsson dæmd til dauða fyrir blóðskömm samkvæmt Stóradómi, en hún var systir eiginkonu hans. Málinu vísað til alþingis, bls. 335-37; sjá *Alþingisbækur XI*, bls. 438-40 og 546-47; Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi*, bls. 188-89 og 216.

Dulsmálsgrunur

19. maí 1721 að Auðkúlu. Orðrómur um að þykkt hefði horfið af Guðrúnu Jónsdóttur vinnukonu á Lokinhömrum sumarið áður. Ítarlegar og óhugnanlegar yfirheyrslur um veikindi hennar. Málinu lýkur ekki og það var ekki tekið fyrir síðar, bls. 201-210; sjá og *Dulsmál 1600-1900: jjórtán dómar og skrá*. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2000, bls. 250.

Eiðar

17. apríl 1719 að Auðkúlu. Skírlífiseiður Guðrúnar Jónsdóttur fyrir alla karlmenn vegna orðróms, bls. 140; sbr. Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi*, bls. 167.

4. júní 1727 að Unaðsdal. Eiríkur Þórðarson sver fyrir holdlegt samræði við eiginkonu sína Valgerði Sveinbjarnardóttur og að hann geti ekki verið faðir að barni hennar, bls. 304. Sjá og prestastefnastefnudóm að Eyri við Seyðisfjörð 23. september 1728 um beiðni Eiríks um skilnað í ÞÍ. Skjalasafn prófafa. Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi AC/2. Skjalabók 1484-1731, bl. 296r-300r; sbr. Bps. A-III, 3. Prestastefnubók 1698-1734, bls. 357-58.

9. maí 1729 að Sæbóli. Eiður Þorkóttu Jónsdóttur um um skuld Snæbjarnar Pálssonar við hana, bls. 368.

3. maí 1729 að Mýrum. Teitur Arason sver að hafa engum öðrum selt hálf fimmta hundrað í Gemlufalli en Jóst Jónssyni, bls. 383.

Embætti

16. apríl 1712 að Mýrum. Snæbjörn Pálsson útskýrir að hann geti ekki lengur sinnt starfi lögréttumanns vegna veikinda konu sinnar. Hann ítrekaði þetta ári síðar, bls. 58-59 og 73-74; sjá *Alþingisbækur X*, bls. 52.

15. apríl 1719 að Meðaldal. Andrés Þorláksson stefnir séra Jóni Þórðarsyni fyrir embættisafglöp en málinu vísað frá, bls. 139-40.

Eiðir

30. maí 1718 að Hóli. Sigmundi Sæmundssyni gert að skrifa upp dánarbú föður síns Sæmundar Magnússonar svo að sjá megi hvað komi í hlut Árna bróður hans, sem er ófullveðja, bls. 127.

10. júní 1720 að Mýrum. Erfðadeila Páls Vídalíns og Snæbjarnar Pálssonar vegna kvenna þeirra Þorbjargar og Kristínar, dætra Magnúsar Jónssonar í Vigur og Ástríðar Jónsdóttur á Mýrum. Deilt var um handrit fornsagna, meðal annars Grettlu, og eikarstokk í Ögri, sem og heimanfylgju þeirra systra. Ótal fylgiskjöl, bls. 153-67. Sjá einnig bréf Ástríðar Jónsdóttur 27. júní 1704 í ÞÍ. Einkaskjalasafn E 9. Páll Vídalín, sem og Snæbjarnar á alþingi í júlí 1707 í Lbs. 17 fol., bl. 175r-v; sbr. *Alþingisbækur XI*, bls. 126.

11. júní 1720 að Mýrum. Annar þáttur sömu erfðadeilu um arf eftir Ástríði, einkum vegna efasemda Páls um að Snæbjörn hefði vandað til skráningar á eftirlátnum eigum hennar, sem voru talsverðar, og fylgir sérlega nákvæm skrá yfir lausafé í ótal kistum og skápum, bls. 167-83.

Fjárnám

10. júlí 1724 að Mýrum. Dæmt um fjárnám í Klukkulandi, eignarjörð Snæbjarnar Pálssonar, að honum fjarverandi, vegna undanbragða við greiðslu á sekt til Péturs Arvidssonar kaupmanns vegna viðhafðra orða samkvæmt dómi Orms Daðasonar að Mýrum 26. ágúst 1723. Jörðin var boðin Snæbirni og erfingjum hans til kaups 16. júní 1727, bls. 262-69 og 320; sbr. *Alþingisbækur* XI, bls. 309-11, og hér á bls. 32.

28.-30. apríl 1729 að Mýrum. Upptaka á jarðeignum Snæbjarnar Pálssonar sem höfðu verið dæmdar konungi og ýmsum kröfuhöfum, einkum Ormi Daðasyni, en Snæbjörn hafði verið dæmdur til búslóðarmissis í yfirrétti fyrir margvíslegt misferli, bls. 348-69.

Framfærsla

22. apríl 1713 að Meðaldal. Séra Jón Þórðarson beiðist dóms á því hvar Guðrún Pálsdóttir, holdsveik, skuli eiga framfæri, bls. 72.

29. apríl 1713 að Tungu. Þingsóknarmenn taka Ingibjörgu Jónsdóttur, þriggja ára, til sveitar gegn því að sveitarmenn í Súðavíkurbhreppi lofa að barnið Puríður Jónsdóttir komi þeim ekki til þyngsla, bls. 77.

25. apríl 1715 að Nauteyri. Ari Jónsson beiðist dóms á því hvar Jón Jónsson, karlægur, skuli eiga framfæri, bls. 94-95.

13. maí 1716 að Hesteyri. Magnús Bjarnason beiðist dóms á því hvar Björg Jónsdóttir, karlæg, skuli eiga framfæri, bls. 107.

27. júlí 1716 að Súðavík. Ólafur Hannesson beiðist dóms á því hvar Kolfinna Jónsdóttir, þrotbjarga og sinnisveik ekkja með barn, skuli eiga framfæri, bls. 112.

7. ágúst 1718 að Súðavík. Guðmundur Jónsson beiðist dóms á því hvar unglingurinn Halldór Helgason skuli eiga framfæri, bls. 128-30.

5. september 1718 að Mosvöllum. Ólafur Jónsson beiðist dóms á því hvar sjúklingurinn Guðlaugur Hallsson skuli eiga framfæri, bls. 134-35.

23. apríl 1721 að Meðaldal. Löggjafarbréf Þórunnar Árnadóttur til Jóns Þorvaldssonar þar sem hún gefur honum fjórðung af fé sínu auk átta hundraða í Stóra-Hjarðardal vegna upphalds síðastliðin fjögur ár. Einnig próventugjörningur hennar við Jón, Halldóru Sigurðardóttur konu hans og börn þeirra, bls. 197-99.

Galdraáburður

2. september 1715 að Reykjarfirði. Jón Hannesson sver fyrir áburð um að hann hafi valdið veikindum Ingibjargar Jónsdóttur með galdri, bls. 99-100.

17. apríl 1719 að Auðkúlu. Magnúsi Jónssyni dæmdur eiður fyrir áburð Jóns Jónssonar um að hann eigi sök á veikindum Margrétar Sveinsdóttur, konu Jóns, með galdri. Eiðshæð sett til alþingis þar sem sýslumaður var ávitaður fyrir að senda slík mál þangað, bls. 141; sjá *Alþingisbækur* X, bls. 423-24.

Handalögmál

6. maí 1713 að Unaðsdal. Séra Gísli Hannesson sakar séra Teit Pálsson um að hafa veitt sér ákomur í andliti og rifið kjól sinn, bls. 78-79.

Helgidagsbrot

21. janúar 1722 að Ögri. Jón Jónsson dæmdur fyrir þjófnað og við það bætist helgidagsbrot úr því hann stal á jóladag og fór ekki til kirkju, bls. 212-13.

21. apríl 1724 að Reykjarfirði. Guðmundur Jónsson dæmdur fyrir þjófnað og við það bætist helgidagsbrot af því hann stal á aðfaranótt páskadags og fór ekki til kirkju, bls. 258-60.

21. apríl 1729 að Nauteyri. Jón Loftsson dæmdur í sekt fyrir að ganga úr hópi manna á leið til kirkju að morgni hvítasunnudags og vera ekki við embættisgjörð, bls. 344-45.

Hindrun réttarins

6. maí 1713 að Unaðsdal. Séra Teiti Pálssyni neitað um að lesa bréf á þingi réttinum til hindrunar, bls. 78.

4. júní 1716 að Nauteyri. Bjarni Gunnlaugsson og Páll Þorsteinsson dæmdir fyrir hindrun réttarins er þeir neituðu að samþykkja eða hafa skoðun á dómi sem þeir áttu sæti í, bls. 102, 107-109 og 114.

13. júní 1719 að Hóli. Bréf sem Sigmundur Sæmundsson las fyrir rétti fæst ekki skrifað í dóminn af því hann reif það úr höndum sýslumanns, bls. 150.

10. júní 1720 að Mýrum. Snæbjörn Pálsson neitar að láta sýslumanni í té gögn sem hann hafði lagt fyrir réttinn í erfðadeilu við Pál Vídalín, bls. 157-58.

25. júní 1722 að Vaðli á Barðaströnd. Teitur Arason kastar borði dómara um koll og viðhefur ljótan munnsöfnuð, bls. 232 og 234.

2. maí 1729 að Mýrum. Guðbrandur Sigurðsson sættist við Magnús, Markús og Hákon Snæbjörnssyni gegn greiðslu fyrir að hafa ásamt Snæbirni Pálssyni, föður sínum, hindrað stefnulestur með ofbeldi. Snæbirni eru dæmdar sektir en þar sem hann er eignalaus fær Guðbrandur ekkert í sinn hlut, bls. 368-77.

Hreppstjórakjör

26. október 1712 að Tungu. Bjarni Eyjólfsson nefndur til hreppstjóra, bls. 66.

22. apríl 1713 að Meðaldal. Jón Björnsson kosinn í stað Guðmundar Jónssonar, bls. 73.

25. apríl 1713 að Mosvöllum. Ólafur Jónsson og Bjarni Bessason nefndir í stað Gils Þorleifssonar og Magnúsar Jónssonar, bls. 74.

28. apríl 1713 að Hóli. Sigmundur Sæmundsson og Jón Jónsson nefndir í stað Sæmundar Magnússonar og Ketils Jónssonar, bls. 75.

29. apríl 1713 að Tungu. Bjarni Ketilsson nefndur í stað Þórðar Jónssonar, bls. 76.

1. maí 1713 að Súðavík. Guðmundur Jónsson kosinn í stað Sigfúsar Jónssonar, bls. 77.

31. ágúst 1713 að Auðkúlu. Jón Þorleifsson kosinn í stað ónafngreinds föður síns, bls. 82.

12. apríl 1714 að Suðureyri. Jón Jónsson og Sigurður Þorleifsson nefndir í stað Jóns Sigmundssonar og Þorsteins Jónssonar, bls. 90.

24. apríl 1715 að Unaðsdal. Jón Jónsson nefndur í stað Halldórs Þorkelssonar, bls. 94.

26. apríl 1715 að Reykjarfirði. Bjarni Jónsson nefndur í stað Gísla Pálssonar, bls. 95.

14. apríl 1717 að Auðkúlu. Egill Bjarnason nefndur í stað Jóns Þorleifssonar, bls. 120.

18. maí 1718 að Meðaldal. Jón Þorleifsson og Bjarni Jónsson nefndir til hreppstjóra, bls. 124.

Hvalreki og hvalveiðar

5. apríl og 7. maí 1717 að Súðavík. Kára Þórðarsyni og Halldóri Guðmundssyni gert að sverja eið um meðferð á háhyrningum sem rak í Hestfjirði, bls. 116-17 og 120.

15. júní 1720 að Hóli. Ólafur Jónsson stefnir Snæbirmi Pálssyni til að hlýða á vitnisburði um meðferð hans á hval sem rak á Óshlíð, en Snæbjörn hafði sakað hann um misferli. Áburði Snæbjarnar var hnekkkt með dómi að Mýrum 21. maí 1723, bls. 183-86 og 241-49.

8. maí 1721 að Reykjarfirði, 10. maí að Nauteyri og 12. maí að Unaðsdal. Bréf Eyjólfss Jónssonar og Guðmundar Þorbjörnssonar 2. janúar 1721 um að þeir veiti Ólafi Jónssyni umboð til að taka skotmannshluti sem þeim aflast við Ísafjarðardjúp og í Jökulfjörðum, bls. 200.

25. júní 1722 að Vaðli á Barðaströnd. Niels Fuhrmann amtmaður kærir meðferð á hval sem rak á Hamri, bls. 230-34, 236-39 og 249-51.

Jarðeignir

17. apríl 1721 að Tungu. Bréf 13. ágúst 1720 um sölu Jóns Magnússonar á 14 hundruðum og 40 álnum í Sandeyri til Jóns Jónssonar ásamt samþykki Ólöfar dóttur hins fyrrnefnda, bls. 194-95.

17. apríl 1721 að Tungu. Bréf 19. júní 1719 um sölu Sigmundar Sæmundssonar á fjórum hundruðum í Minnihlíð til Jóns Jónssonar, bls. 196.

24. apríl 1721 að Auðkúlu. Tilkynning Ástríðar Einarsdóttur frá 1680 um sölu á einu hundraði í Gljúfurá til Guðmundar Guðmundssonar, auk þriggja vitnisburða frá 1698 um sama efni og lögfestu Guðmundar árið 1700 fyrir jarðarpartinum, bls. 198-200.

12. maí 1721 að Unaðsdal. Runólfur Ólafsson gefur Sesselju Jónsdóttur systurdóttur sinni þrjú hundruð í Lónseyri í stað þriggja hundraða í Laxárþakka sem hann hafði áður gefið henni, bls. 200-201.

9. apríl 1722 að Tungu. Helga Þorkelsdóttir brigðar fjögur hundruð í Minnihlíð sem eiginmaður hennar Sigmundur Sæmundsson seldi án hennar vitundar, bls. 215.

28. maí 1722 að Auðkúlu. Bréf 27. ágúst 1721 um sölu Teits Arasonar sýslumanns á Innri-Veðrará og 12 hundruðum í Ytri-Veðrará til séra Páls Péturssonar ásamt vitnisburði um samþykki Margrétar Eggertsdóttur, konu Teits, bls. 227.

28. maí 1722 að Auðkúlu. Séra Páll Pétursson lögfestir Tjaldanes fyrir hönd Álftamýrarkirkju, bls. 228.

25. apríl 1724 að Tungu. Bréf 24. mars 1718 um sölu Jóns Guðmundssonar á sex hundruðum í Víðidalssá til Sigmundar Sæmundssonar, bls. 257-58. Einnig lesið að Hrófbergi í Strandasýslu 11. júní 1725, sjá PÍ. Sýsl. Dalasýsla III-1. Bréfabók 1717-1726, bls. 175-77.

25. apríl 1724 að Tungu. Bréf 4. apríl 1718 um sölu Jóns Guðmundssonar á einu hundraði og 25 álnum í Ytri-Veðrará til Sigmundar Sæmundssonar, bls. 258.

4. júní 1724 að Mosvöllum. Bréf 16. september 1723 um sölu Teits Arasonar sýslumanns á Tungu til séra Teits Pálssonar fyrir Bakka og 39 ríkisdali in specie, bls. 260-61.

14. apríl 1725 að Mosvöllum. Bréf 23. september 1724 um sölu Orms Daðasonar sýslumanns fyrir hönd Jóhönnu Snæbjarnardóttur á 10 hundruðum í Þorfinnsstöðum til séra Teits Pálssonar, bls. 269.

24. maí 1725 að Hesteyri. Bréf 27. október 1722 um sölu Tómasar Ásgrímssonar á níu hundruðum í Hóli til bræðranna Bjarna og Péturs Jónssona fyrir Garða, bls. 269-70.

24. apríl 1726 að Unaðsdal. Gjafabréf Runólfs Ólafssonar 23. apríl 1726 til Bergs Markússonar fyrir þremur hundruðum í Lónseyri, bls. 283.

26. apríl 1726 að Reykjarfirði. Bréf 19. september 1725 um sölu Sigurðar Jónssonar fyrir hönd Magnúsar Jónssonar á hálfum Heydal til Markúsar Bergssonar, bls. 283-84.

1. maí 1726 að Hóli. Bréf 22. nóvember 1725 um sölu séra Teits Pálssonar á fjórum hundruðum í Meiribakka til Markúsar Bergssonar, bls. 285-86.

1. maí 1726 að Hóli. Bréf 1. janúar 1726 um sölu Árna Sæmundssonar á hálfum Hóli, meðfylgjandi hálfum Geirastöðum, hálfum Grundarhóli og hálfum Innribúðum til Markúsar Bergssonar fyrir Ámúla og 132 ríkisdali, bls. 286-88.

6. maí 1726 að Mýrum. Bréf 31. ágúst 1725 um sölu Bjarna Guðmundssonar fyrir hönd Kristínar Sturladóttur á fjórum hundruðum í Innri-Lambadal til Jóns Jóstssonar auk lögfestu Jóns fyrir jörðinni, bls. 288-89.

6. maí 1726 að Mýrum. Bréf 12. júní 1725 um sölu Teits Arasonar á Lambadal ytri til séra Páls Péturssonar auk vitnisburðar um landamerki, bls. 289-90.

23. apríl 1727 að Hóli. Loforð Kolbeins Magnússonar 11. september 1726 um forkaupsrétt Markúsar Bergssonar að jörðum hans, bls. 295.

28. apríl 1727 að Mýrum. Bréf 24. júní 1726 um sölu Teits Arasonar á fjórum hundruðum í Innri-Lambadal til Jóns Jóstssonar, bls. 299.

29. apríl 1727 að Mýrum. Bréf 10. febrúar 1727 um sölu Orms Daðasonar á 10 hundruðum í Innri-Lambadal til Þorvalds Jónssonar fyrir 10 hundruð í Þorfinnsstöðum, bls. 299-301.

19. maí 1728 að Auðkúlu. Bréf 17. apríl 1726 um sölu séra Halldórs Pálssonar á fimm hundruðum í Hokinsdal til Árna Bjarnasonar, bls. 342.

19. maí 1728 að Auðkúlu. Bréf 18. apríl 1726 um sölu bræðranna Guðmundar og Jóns Þorbjörnssona á hálfu þriðja hundraði í Hokinsdal til Árna Bjarnasonar, bls. 343.

22. maí 1728 að Mosvöllum. Bréf 23. júní 1727 um sölu Kolbeins Magnússonar á sex hundruðum í Ytri-Veðrará til Markúsar Bergssonar, bls. 343-44.

21. apríl 1729 að Nauteyri. Bréf 4. október 1727 um sölu Guðmundar Þorkelssonar á fimm hundruðum í Rauðamýri til Árna Sæmundssonar fyrir sex hundruð í Heydal, bls. 345.

6. maí 1729 að Auðkúlu. Bréf 18. júlí 1727 um sölu Páls Sveinssonar á hálfum Lokinhömrum, hálfum Hrafnabjörgum og hálfum Svalvogum til Orms Daðasonar auk vitnisburða um landamerki og ítök jarðanna, bls. 384-85.

Landamerki og nyjar

17. og 18. júní 1727 að Mýrum. Eiðar um landamerki Sæbóls til móts við Brekku og Villingadal, sem og ítök Sæbóls í landi hinna jarðanna, vegna kæru Magnúsar Arasonar fyrir hönd Ara Þorkelssonar föður síns, sem var umboðsmaður konungsjarða. Magnús Snæbjörnsson svaraði fyrir hönd Þorkötlu Jónsdóttur sem hafði látið lesa lögfestu fyrir Sæbóli að Mýrum þremur árum áður. Lögð fram skjöl og teknir vitnisburðir, bls. 320-34.

6. maí 1729 að Auðkúlu. Bréf 11. ágúst 1537 um landamerki Lokinhamra, bls. 385-86; sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* X, bls. 114-15.

6. maí 1729 að Auðkúlu. Brot úr bréfi Orms Daðasonar sama dag um landamerki Svalvoga og Hrafnabjarga, bls. 386; sbr. *Alþingisbækur* X, bls. 618.

Legorðsbrot

28. apríl 1713, 19. september 1714 og 1. maí 1715 að Hóli. Barnsfaðernislýsing Ingveldar Magnúsdóttur uppá Jón Pálsson sem fær nefnd eiðvætti til sjöttareíðs en fellur á eiðnum, bls. 75-76, 92 og 96-97; sbr. *Alþingisbækur* X, bls. 116.

16. apríl 1716 að Dynjanda. Jón Tómasson og Ingibjörg Sigurðardóttir hýdd fyrir fyrsta einfalt hördómsbrot, bls. 106-107.

27. apríl 1716 að Mýrum. Bárður Nikulásson sver lýrittareið fyrir samræðis-áburð Valgerðar Jónsdóttur og orðróm um samræði þeirra, bls. 105-106.

7. ágúst 1716 að Mýrum. Jóni Jónssyni dæmdur lýrittareiður meiri fyrir samræði við Þorbjörgu Pálsdóttur um tiltekinn tíma, bls. 112-13.

12. apríl og 22. maí 1717 að Mýrum. Sigurði Jónssyni gert að mæta á þing vegna orðróms um sambúð við Guðrúnu Jónsdóttur, eiginkonu Jóns Egilssonar.

Lagðir fram vitnisburðir um málið og þeim bannað að búa á sama bæ, bls. 117-19 og 121.

6. apríl 1717 að Tungu. Valgerður Jónsdóttir hýdd fyrir fyrsta hórdómsbrot, bls. 116.

15. apríl 1717 að Mýrum. Þorbjörg Pálsdóttir hýdd fyrir fyrsta hórdómsbrot og frillulífisbrot, bls. 120.

27. apríl 1718 að Hóli. Ólöf Jónsdóttir hýdd fyrir hórdómsbrot með Jóni Arasyni og hann fyrir fyrsta og annað brot 31. maí að Hóli, en slapp með sex vandarhögg vegna burðaleysis, bls. 123 og 126.

2. júní 1718 að Æðey. Eysteinn Jónsson hýddur fyrir annað hórdómsbrot, bls. 127.

27. ágúst 1718 að Ögri. Halldóri Sumarliðasyni dæmdur tylftareidur fyrir barnsfaðernislýsingu Valgerðar Sveinbjarnardóttur. Halldór var strokinn og þingmönnum gert að handtaka hann. Hann var dæmdur til dauða 16. september fyrir þriðja hórdómsbrot samkvæmt Stóradómi, síðast með Valgerði. Dómnum vísað til alþingis, bls. 130-33 og 136-37; sjá *Alþingisbækur X*, bls. 423, og bréf Markúsar til stiftamtmanns um það hvað hann eigi að gera við Halldór þangað til konungur svari í Þí. Stift. III-176. Bréf úr Ísafjarðarsýslu 1707-1780: Ögri 11. ágúst 1721.

23. júní 1719 að Ögri. Valgerður Sveinbjarnardóttir hýdd fyrir fyrsta og annað hórdómsbrot, bls. 151.

4. júní 1727 að Unaðsdal. Valgerður Sveinbjarnardóttir dæmd til dauða fyrir þriðja hórdómsbrot samkvæmt Stóradómi en málið lagt fyrir alþingi. Eysteinn Jónsson er dæmdur rétttækur að svara fyrir þriðja hórdómsbrot sitt með Valgerði, bls. 301-305; sjá *Alþingisbækur XI*, bls. 408, 435-38, 540-41 og 577-78.

24. apríl 1728 að Ögri. Eysteinn Jónsson dæmdur til dauða samkvæmt Stóradómi fyrir þriðja hórdómsbrot með Valgerði Sveinbjarnardóttur en málinu vísað til alþingis, bls. 341-42; sjá *Alþingisbækur XI*, bls. 408, 435-38, 540-41 og 577-78.

Mannslát

28. maí 1711 að Mýrum. Fyrirspurn sýslumanns um það hversu hár hlutur konungs hafi verið af eignum Guðmundar Magnússonar sem svipti sig lífi árið 1704, bls. 42.

9. apríl 1722 að Tungu. Hjónin Jón Jónsson og Þórdís Þorkelsdóttir dæmd í sekt til fátækra fyrir yfirsjón er fimm ára barn þeirra druknaði, en réttarhald hafði frestast vegna vanlíðunar hennar, bls. 213-15.

26. apríl 1726 að Reykjarfirði. Jón Halldórsson í Heydal dæmdur saklaus af vanrækslu vegna andláts barns hans sem dó er hann bar það til skírnar að kirkju, bls. 284-85.

Manntalsþing

Sýslumaður spyr þingmenn hvort nokkur mál hafi borið til frá Jónsmessu árið áður sem konungur ætti rétt á, vogrek, arfalaust góss eða nokkrir sjaldgæfir gripir

(raritet) á borð við rostungstennur, hvítabjörnshúðir og hvalrafir. Er aðeins í fyrra bindinu, bls. 41-50, 55-59, 72-80, 85, 88-100, 103-107, 114-17, 119-25, 128, 137-48 og 151.

21. september 1714 að Súðavík. Halldóri Guðmundssyni gert að útskýra hvers vegna hann ekki kom á manntalsþing þrjú ár í röð og greiddi ekki lögboðna skatta, bls. 92-93.

Orðbragð og framferði

30. mars 1712 að Hesteyri. Vitnisburðir færðir um illmæli séra Einars Ólafssonar til Einars Guðmundssonar að Staðarkirkju í Aðalvík, bls. 51-54.

20. apríl 1716 að Súðavík. Valgerður Eiríksdóttir hýdd fyrir formælingar sem hún hafði í frammi í Súðavíkurfjöru, bls. 103.

25. júní 1720 að Hesteyri. Séra Þorleifur Þorláksson og Eggert Snæbjörnsson sættast um orð Eggerts til prests á Kirkjubóli í Langadal og ágreining um rekstur kirkjunnar, bls. 186-91.

28. apríl 1727 að Mýrum. Jóni Ketilssyni dæmdar sektir fyrir að snúa niðvísu uppá Eirík Guðmundsson. Vísan fylgir nokkuð afbökud, bls. 296-99.

16. og 17. júní 1727 að Mýrum. Séra Bjarni Jónsson kærir framferði og orðbragð Snæbjarnar Pálssonar í og við kirkju að Mýrum og Sæbóli. Ótal vitnisburðir sjónarvotta, bls. 305-20; sbr. ÞÍ. Bps. A-III, 3. Prestastefnubók 1698-1734, bls. 325-33.

Peningalán

16. júní 1721 að Hesteyri. Sigurður Jónsson sýslumaður setur 10 hundruð í Pverdal sem tryggingu fyrir láni Magnúsar Bjarnasonar og fær honum Skáladal fyrir hálfu Skjaldfönn, en lofar konu sinni Ólöfu Jónsdóttur jafngóðri eign, bls. 229-30.

5. apríl 1723 að Súðavík og 6. apríl að Tungu. Lánsbréf Sigfúsar Jónssonar 25. september 1722 til handa Snæbirni Pálssyni fyrir upphæð sem hann átti að greiða í sekt til Markúsar Bergssonar, bls. 235-37.

13. júní 1724 að Auðkúlu. Pantbréf Teits Arasonar sýslumanns 5. júlí 1723 fyrir 16 hundruðum og 80 álum í Ytri-Lambadal sem hann setur sem tryggingu fyrir 100 ríkisdala láni séra Páls Péturssonar, bls. 261.

13. júní 1724 að Auðkúlu. Bréf Halldórs Pálssonar 8. apríl 1717 og 31. maí 1723 um afhendingu fimm hundraða í Hokinsdal til Bjarna Guðmundssonar, bls. 261-62.

Sakeyrir

28. maí 1711 að Reykjarfirði. Jón Jónsson greiðir fyrir hórdómsbrot í ólíklegum varningi, bls. 47-48.

8. júní 1711 að Auðkúlu. Árangurslaus innheimta sektar fyrir frillulífisbrot eftir Ólaf heitinn Guðmundsson, bls. 50.

Strokufangaleit

8. júní 1712 að Hesteyri. Vitnisburður þingmanna úr Aðalvík og Grunnavík um leit að sakamanninum Magnúsi Benediktssyni, bls. 61-66; sbr. *Alþingisbækur X*, bls. 18-19, og harðort bréf Odds Sigurðssonar til Markúsar 27. febrúar 1712 í AM 410 fol., bl. 75-76.

Sýsluafgjöld

15. júní 1711 að Hesteyri. Fyrirspurn landfógeta um dánarbú Þorláks Guðbrandssonar Vídalíns fyrirverandi sýslumanns, bls. 44-45; sbr. *Alþingisbækur X*, bls. 153, og bréf landfógeta til Markúsar 29. apríl 1711 í AM 410 fol., bl. 108.

22. júní 1725 að Súðavík og 23. júní að Tungu. Nokkrum bændum dæmdar sektir vegna vangoldinna hospitalshluta eftir kvörtun biskups og amtmanns en aðrir sýknaðir, bls. 272-83; sjá frumrit einnar stefunnar í gögnum Markúsar Bergssonar í JS 98 fol.: Ólafur Jónsson 1. maí 1725.

Sættir

11. maí 1714 að Minnihlíð. Feðgarnir Sæmundur Magnússon og Sigmundur Sæmundsson sættast um kröfu Sigmundar fyrir jörðinni með samþykki Valgerðar Jónsdóttur eiginkonu hins fyrrnefnda, bls. 90-91 og 127.

27. apríl 1716 að Mýrum. Ólafur Jónsson og Þórður Jónsson sættast um sinn ágreining en Ólafur greiði Þórði 60 álnir í næstu fardögum, bls. 105.

7. maí 1717 að Súðavík. Sveitarmenn sættast við Kára Þórðarson og Halldór Guðmundsson sem lofa að taka á sig ómaga í eitt ár og við ábúendur við Seyðisfjörð sem lofa að taka Halldór Helgason að sér, bls. 120.

7. september 1718 að Mýrum. Snæbjörn Pálsson og séra Andrés Gíslason sættast eftir að Snæbjörn stefndi presti fyrir embættisafglöp, þar á meðal drykkjuskap. Þremur árum síðar sættust þeir aftur eftir stefnu séra Andrésar um ótilgreind orð, bls. 135-36 og 196-97.

16. apríl og 15. maí 1722 að Nauteyri. Teitur Arason sýslumaður og séra Þorleifur Þorláksson sættast um leiguskiðmála að Kirkjubóli í Langadal og orðbragð séra Þorleifs við Teit, bls. 215-27.

4. júní 1722 að Hóli. Sigmundur Sæmundsson sættist við Jón Jónsson og fær honum sex hundruð í Mýdal í stað fjögurra hundraða í Minnihlíð, bls. 228-29.

25. ágúst 1723 að Meðaldal. Þorkatla Jónsdóttir á Sæbóli sættist við Pétur Arvidsson kaupmann á Þingeyri um 11 ríkisdali sem hún fullyrti að hefði munað fyrir útvegum á konungsbréfi, bls. 251-53.

30. ágúst 1723 að Mýrum. Þorkatla Jónsdóttir sættir Orm Daðason sýslumann og Snæbjörn Pálsson með þeim tilkostnaði að hún lofar því að Ormur fái Sæból til eignar að henni látinni, bls. 253-56.

13. apríl 1728 að Hóli. Sátt Sigmundar Sæmundssonar og Jóns Guðmundssonar um greiðslu fyrir sex hundruð í Víðidalsá og eitt hundruð og 25 álnir í Ytri-Veðrará. Sigmundur hafði haldið greiðslunni fyrir Jóni í tíu ár og jafnframt látið falsa seðil þars sem Jón játaði stuld frá honum, bls. 337-41.

3. maí 1729 að Mýrum. Teitur Arason og Ólafur Arngrímsson sættast um eignarhald á Gemlufalli, bls. 377-84.

Umboðsfé

13. júní 1719 að Hóli. Sigmundur Sæmundsson gerir grein fyrir meðferð á umboðsfé Kolbeins Magnússonar, syni konu hans Helgu Þorkelsdóttur, bls. 148-50.

24. maí 1725 að Hesteyri. Ólafur Árnason skipaður fjárhaldsmaður Bjarna Tómassonar að beiðni Önnu Eiríksdóttur móður hans, bls. 271.

Upplestur

Lestur alþingisbókar og konungsbréfa vorið 1713 að Mýrum og víðar haustið 1718, bls. 73 og 152-53.

Lestur veitingarbréfs Markúsar Bergssonar fyrir sýslunni vorið 1711 að Meðaldal, Mýrum og Suðureyri, bls. 41-42.

Lesið úr embættisbréfi Niels Fuhrmanns amtmanns árið 1719, bls. 144-47 og 151-53.

Verslun

28. maí 1712 að Tungu. Þingsóknarmenn svara fyrirspurn sýslumanns um það hvort brýn nauðsyn hafi verið á vetursetu Jens Hanssonar undirkaupmanns á Skutulsfjarðareyri og fullyrða að hann hafi farið að lögum, bls. 59-61.

15. maí 1713 að Mosvöllum. Lesin nöfn manna sem skulduðu kaupmanni á Þingeyri, bls. 97-98.

15. apríl 1716 að Unaðsdal. Einar Guðmundsson lofar að borga skuld sína við kaupmanninn á Skutulsfjarðareyri, bls. 100.

2. september 1721 að Auðkúlu. Sýslumaður spyr um útistandandi skuldir fyrir hönd kaupmannsins á Þingeyri og fær margvísleg svör, bls. 210-12.

Vistarráð

26. október 1712 að Tungu. Séra Gísli Hannesson stefnir séra Teiti Pálssyni og Kristrínu Sigfúsdóttur vinnukonu fyrir að rjúfa vistarráð, en sakar Teit jafnframt um stuld á báti, bls. 66-71.

16. apríl 1716 að Nauteyri. Jón Sigurðsson krefst þess að Bjarni Jónsson vinnumaður séra Þorleifs Þorlákssonar efni vistarráð við sig, bls. 100-102 og 114.

6. maí 1719 að Nauteyri. Séra Þorleifur Þorláksson sakar Eyjólf Sigurðsson um að efna ekki vistarráð. Úrskurði er frestað vegna fjarveru Eyjólfss sökum ófærðar, bls. 142-43.

22. júní 1726 að Súðavík. Ólafur Jónsson sakar Hildi Narfadóttur um að efna ekki vistarráð, bls. 290-92.

Vitnisburðir

10. maí 1713 að Hesteyri. Jósef Jónsson fær vitnisburð um góða hegðun, bls. 80.

27. maí 1718 að Mosvöllum. Guðmundur Bjarnason fær vitnisburð um góða hegðun, bls. 124-25.

23. maí 1719 að Suðureyri. Sigmundur Þórðarson fær góðan vitnisburð fyrir utan barneign framhjá konu sinni. Hann hafði árið áður útskýrt hvers vegna hann kæmist ekki á alpingi vegna skilnaðardóms, bls. 125 og 146; sbr. ÞÍ. Bps. A-III, 3. Prestastefnubók 1698-1734, bls. 214-19 og 225-27.

16. apríl 1722 að Nauteyri. Vitnisburðir um gott framferði Jóns Sigurðssonar og Hákonar Sigmundssonar úr sóknnum Skálmarnessmúla og Gufudals, bls. 225-26.

27. apríl 1729 að Mosvöllum. Séra Sigurður og Guðbrandur Sigurðssynir taka vitnisburði af Guðmundi Gilssyni, Ólafi Sigurðssyni og Ólafi Jónssyni um sölu foreldra þeirra, Helgu Pálsdóttur og séra Sigurðar Jónssonar, á Arnarnesi til Þorkötu Jónsdóttur, bls. 346-49.

Vogrek

Þingmenn auglýsa fyrir sýslumanni vogrek í sýslunni samkvæmt konungsbréfi 20. maí 1595, sjá *Alþingisbækur* III, bls. 49-52, og *Lovsamling* I, bls. 133-34:

16. apríl 1712 að Mýrum. Fjögurra álna grenitré, bls. 58.

8. maí 1713 að Dynjanda. Álnarlangt eikartré, bls. 79-80.

17. maí 1714 að Meðaldal. Níu álna tré, bls. 91.

28. apríl 1716 að Meðaldal. Fjögurra álna tré, bls. 106.

27. apríl 1718 að Hóli. Tvær samfastar spýtur, bls. 123.

9. júní 1718 að Dynjanda. Stýrisgrey, bls. 128.

11. júní 1718 að Látrum. Útlenskt stýri, bls. 128.

22. maí 1719 að Hóli. Hluti af erlendu skipi sem var bjargað með erfiðismunum, hlemmur með járn, árarleggur og tunna. Þingmenn að Hesteyri auglýstu 2. júní að Sigmundur Sæmundsson hefði tekið stýri skipsins, járnhreinsað og flutt burt óvirk og óuppboðið, bls. 145 og 147-48.

1. júní 1719 að Dynjanda. Járnrekið tré, álnarlangt eikartré og löskuð fjöl, bls. 147.

2. júní 1719 að Hesteyri. Einbotnuð tunna með fáum svigum, bls. 148.

Þjófnaðir

21. apríl 1713 að Auðkúlu. Sigríður Þorbjarnardóttir sakar Bjarna Bjarnason um að hafa stolið tíu ríkisdöllum. Honum var dæmdur lýrirtareiður sem hann kom ekki fram og átti að borga sekt fyrir vikið, bls. 71-72, 80-84 og 92; sbr. *Alþingisbækur* X, bls. 172, og afrit af þessum dómum í Lbs. 3920 4to, bl. 38-41.

6. apríl 1714 að Reykjarfirði. Þorkell Torfason jatar stuld á veiðarfærum til hákarlaveiða með aðstoð skipverja sinna og Jóns Jónssonar meðan réttir eigendur voru í landi, bls. 85-88.

25. maí 1718 og 14. apríl 1719 að Mýrum. Páll Torfason lýsir hvarfi á sleggju og hefur Jón Grímsson grunaðan, sem er stefnt og síðan dæmdur í sekt, bls. 124 og 138-39.

30. maí 1718 að Hóli. Halldór Bjarnason dæmdur fyrir að skera þrjá faðma af hákarlastreng Sigmundar Sæmundssonar, bls. 126-127.

26. febrúar 1721 að Ögri. Jón Jónsson dæmdur og hýddur fyrir þjófnað frá Narfa Tómassyni og Árna Bjarnasyni, bls. 193-94.

21. janúar 1722 að Ögri. Jón Jónsson dæmdur til hýðingar og undir þjófamark fyrir þjófnað frá Halldóri Guðmundssyni og Tómasi Péturssyni, sem og helgidagsbrot, bls. 212-13.

25. júní 1722 að Vaðli á Barðaströnd. Teitur Arason fullyrðir að Jón Einarsson hafi stolið brjóstduk frá Balch kapteini, bls. 235.

20. maí 1723 að Meðaldal. Árni Auðunsson dæmdur í þriggja marka sekt fyrir að hýsa þjófinn Jakob Jónsson og njóta góðs af þýfinu. Kona hans Guðríður Þorbjarnardóttir sver að hún hafi hvergi komið nálægt stuldinum og ekkert þegið, bls. 239-41.

25. apríl 1724 að Tungu. Lesinn dómur 21. apríl 1724 að Reykjarfirði um hýðingu Guðmundar Jónssonar fyrir þjófnað á mat og fleiru frá Jóni bróður hans aðfaranótt páskadags, sem og helgidagsbrot, bls. 258-60.

11. apríl 1725 að Hóli. Jón Magnússon dæmdur til hýðingar fyrir að stela skyrtu frá Ólafi Þorlákssyni, bls. 270-71.

3. júlí 1727 að Hóli. Pétur Jónsson dæmdur og hýddur fyrir innbrot og stuld úr skrifhúsi Ólafs Jónssonar á Eyri og fyrir að strjúka úr vistinni, bls. 334-35.

Myndaskrá

- Bls. 23. Kort af þingstöðum og kirkjustöðum í Ísafjarðarsýslu.
- Bls. 29. ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla IV-1. Dóma- og þingbók 1711-1719:
23. apríl 1716. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Bls. 34. ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla IV-1. Dóma- og þingbók 1711-1719:
5. september 1718. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Bls. 35. ÞÍ. Sýsl. Ísafjarðarsýsla IV-2. Dóma- og þingbók 1720-1729,
bl. 180r. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Bls. 40. Þjóðminjasafn Íslands MMS 26. Ljósmyndari Ívar Brynjólfsson.

Heimildaskrá

Skammstafanir:

Alþingisbækur = *Alþingisbækur Íslands*. Sautján bindi. Reykjavík 1912-1990.

AM, sjá stofnanir Árna Magnússonar í Reykjavík og Kaupmannahöfn.

Amtm. = Skjalasafn amtmanns í Þjóðskjalasafni.

Annálar = *Annálar 1400-1800*. Sjö bindi. Reykjavík 1922-1998.

Bps. = Biskupsskjalasafn í Þjóðskjalasafni.

ÍBR, sjá handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafns.

Íslenzkt fornbréfasafn = *Íslenzkt fornbréfasafn*. Sextán bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857-1972.

Íslenzkar æviskrár = *Íslenzkar æviskrár*. Sex bindi. Reykjavík 1948-1976.

Jarðabók = *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Þrettán bindi.

Kaupmannahöfn og Reykjavík 1913-1990

JS, sjá handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafns.

Lbs., sjá handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafns.

Lovsamling for Island = *Lovsamling for Island*. Tuttugu og eitt bindi.

Kaupmannahöfn 1853-1889.

Rask, sjá stofnanir Árna Magnússonar í Reykjavík og Kaupmannahöfn.

Rtk. = Skjalasafn rentukammers í Þjóðskjalasafni.

Steph., sjá stofnanir Árna Magnússonar í Reykjavík og Kaupmannahöfn.

Stift. = Skjalasafn stiftamtmanns í Þjóðskjalasafni.

Sýsl. = Sýsluskjalasafn í Þjóðskjalasafni.

Sýslumannaæfir = Bogi Benediktsson, *Sýslumannaæfir*. Fimm bindi. Reykjavík 1881-1932.

ÞÍ = Þjóðskjalasafn Íslands.

Handrit:

Stofnanir Árna Magnússonar í Reykjavík og Kaupmannahöfn

AM 282 fol. Bréfabók Þormóðar Torfasonar 1664-1689 (Kh.).

AM 283 fol. Bréfabók Þormóðar Torfasonar 1689-1691 (Kh.).

AM 410 fol. Bréfasafn séra Hjalta Þorsteinssonar og Markúsar Bergssonar (Rv.).

AM 451 fol. Pappírar jarðabókarnefndarinnar XIV: bréf um stjórnýslu og réttarfar (Rv.).

Rask 57. Bréfabók Páls Vídalíns árið 1722 (Kh.).

Steph. 54. Jónsbók með hendi Markúsar Bergssonar árið 1711 (Rv.).

Handritadeild Landsbókaskafns-Háskólabókaskafns

Lbs. 17 fol. Bréf og skjöl frá 18. öld.

Lbs. 348. fol. Úrval úr bréfabókum Þormóðar Torfasonar með hendi Páls Eggerts Ólasonar.

Lbs. 1651 4to. Bréfabók Páls Vídalíns árið 1722 með hendi Páls Eggerts Ólasonar.

Lbs. 3920 4to. Skjöl úr Ísafjarðarsýslu að hluta með hendi Eggerts Sæmundssonar.

ÍBR 79 4to. Miscellanea frá 18. öld.

JS 98 fol. Bréfasafn frá 18. öld.

Þjóðskjalasafn Íslands

Rentukammer

Rtk. 3.5. Innkomin bréf 1708-1714.

Rtk. Y-9. Reikningar jarðabókarsjóðs 1687-1703.

Rtk. Y-11. Reikningar jarðabókarsjóðs 1705-1707.

Rtk. Y-14. Reikningar jarðabókarsjóðs 1709-1711.

Rtk. Y-15. Reikningar jarðabókarsjóðs 1710-1711.

Rtk. II.2. Manntalið 1703. Snæfellsnessýsla-Pingeyjarsýsla: Ísafjarðarsýsla.

Skjalasafn stiftamtmanns

Stift. III-49b. Bréf Odds Sigurðssonar til stiftamtmanns 1711-1717.

Stift. III-176. Bréf úr Ísafjarðarsýslu 1707-1780.

Stift. III-178. Bréf úr Strandasýslu 1720-1787.

Stift. III-222. Dómsskjöl yfirréttar 1722-1735. Dómar og skjöl í málum Snæbjarnar Pálssonar 1724-1729.

Skjalasafn amtmanns

Amtm. I-3. Bréfabók 1721-1724.

Biskupsskjalasafn

Bps. A-III, 2. Prestastefnubók 1675-1697.

Bps. A-III, 3. Prestastefnubók 1698-1734.

Bps. A-IV, 3. Bréfabók 1684-1689.

Skjalasafn prófesta

Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi AC/2. Skjalabók 1484-1731.

Skjalasafn yfirréttarins

Dómar og skjöl í málum Snæbjarnar Pálssonar 1720-1735.

Sýsluskjalasafn

Árnessýsla V-4. Dóma- og þingbók 1703-1705.

Dalassýsla III-1. Bréfabók 1717-1726.

Dalassýsla V-5. Þinglýsingabók 1729-1736.

Ísafjarðarsýsla IV-1. Dóma- og þingbók 1711-1719.

Ísafjarðarsýsla IV-2. Dóma- og þingbók 1720-1729.

Einkaskjalasafn

E 9. Páll Vídalín lögmaður.

E 10, nr. 5. Hákon Bjarnason kaupmaður á Bíldudal.

E 10, nr. 6. Jóhanna Kr. Bjarnason á Bíldudal.

Hannes Þorsteinsson, *Ævir lærðra manna*: Markús Bergsson.

Prentuð rit:

Alþingisbækur Íslands. Sautján bindi. Reykjavík 1912-1990.

Annálar 1400-1800. Sjö bindi. Reykjavík 1922-1998.

Arne Magnussons i AM. 435 A-B, 4to indeholdte håndskriffortegnelser.

Útgefandi Kristian Kålund. Kaupmannahöfn 1909.

Arne Magnussons private brevvexling. Útgefandi Kristian Kålund. Kaupmannahöfn 1920.

Árni Magnússon, *Embedsskrivelser og andre c,ffentlige aktstykker.* Útgefandi Kristian Kålund. Kaupmannahöfn 1916.

Bogi Benediktsson, *Sýslumannaæfir*. Fimm bindi. Jón Pétursson og Hannes Þorsteinsson gáfu út og bættu við. Reykjavík 1881-1932.

Bréf Árna Magnússonar til Íslands 1729 og fleiri skjöl hans í Ríkisskjalasafni Dana. Útgefandi Jón K. Margeirsson. *Opuscula* 5 (1975), bls. 123-80.

Dulsmál 1600-1900: fjórtán dómar og skrá. Útgefandi Már Jónsson. Reykjavík 2000.

Einar Bjarnason, *Lögréttumannatal*. Reykjavík 1952-1955.

Fimm gamlir legsteinar. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 2 (1957), bls. 99-101.

Guðrún Ása Grímsdóttir, Sýslumaðurinn í Ási. *Líndæla. Sigurður Líndal sjötugur*. Reykjavík 2001, bls. 195-211.

Gustafsson, Harald, *Mellan kung och allmoge. Ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island*. Stokkhólmi 1985.

Hjálmar Vilhjálmsson, Sýslumenn á Jónsbókartímabilinu. *Tímarit lögfræðinga* 15 (1965), bls. 1-44.

– Manntalsþing. *Afmælisrit helgað Ólafi Lárussyni prófessor*. Reykjavík 1965, bls. 117-32.

- Íslenzkar æviskrár*. Páll Eggert Ólason og Jón Guðnason tóku saman. Sex bindi. Reykjavík 1948-1976.
- Íslenzkt fornbréfasafn*. Sextán bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857-1972.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Prettán bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1913-1990.
- Jóhann Gunnar Ólafsson, Frá Ólafi á Eyri og Mála-Snæbirni. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 5 (1960), bls. 70-91.
- Jómsvíkinga saga*. Útgefandi Ólafur Halldórsson. Reykjavík 1969.
- Jón Þorkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla*. Útgefendur Gunnar Kristjánsson og Mördur Árnason. Reykjavík 1995.
- Jónsbók*. Útgefandi Ólafur Halldórsson. Kaupmannahöfn 1904 (ljósprentuð útgáfa, Óðinsvéum 1970).
- Katalog over den Arnemagnæanske håndskriftsamling*. Tvö bindi. Útgefandi Kristian Kålund. Kaupmannahöfn 1886-1894.
- Kjartan Ólafsson, *Firðir og fólk 900-1900. Vestur-Ísafljóðarsýsla*. Án útgáfustaðar 1999.
- Kong Christian den Femtes Norske lov af 15de april 1687*. Útgefandi P.I. Paulsen. Osló 1904.
- Kristjana Kristinsdóttir og Már Jónsson, *Skjalalestur. Sýnishorn heimilda*. Bráðabirgðaútgáfa. Reykjavík 2001.
- Lovsamling for Island*. Tuttugu og eitt bindi. Kaupmannahöfn 1853-1889.
- Magnús Snædal, Hve langt má orðið vera? *Íslenskt mál og almenn málfraeði* 14 (1992), bls. 173-207.
- Manntal á Íslandi árið 1703*. Reykjavík 1924-1947.
- Manntalið 1703*. Hagskýrslur II, 21. Reykjavík 1960.
- Már Jónsson, Jarðeignir og jarðeigendur í Vestur-Ísafljóðarsýslu 1658-1805. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1980. Landsbókasafn-Háskólabókasafn.
- *Blóðskömm á Íslandi 1270-1870*. Reykjavík 1993.
- Páll Sigurðsson, *Brot úr réttarsögu*. Reykjavík 1971.
- Stefán Ólafsson, *Kvæði*. Tvö bindi. Útgefandi Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn 1885-1886.
- Vísnaðver Páls lögmanns Vídalíns (1667-1727)*. Útgefandi Jón Þorkelsson. Kaupmannahöfn 1897.

